Stjórnartíðindi
1984 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 — 1984

23. júlí 1984 489 Nr. 335

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. ágúst 1984.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ..... kr. 3 500,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 575,00 að viðbættum kr. 1,35 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1 hér að framan, auk kr. 190,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Sú breyting verður þó á frá og með 1. febrúar 1984 að sé um að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en þess í stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

		Kr.
a. Lengd línuleiðar	0.5—1.0 km	kr. 149,00
b. Lengd línuleiðar	1.0—2.0 km	kr. 224,00
c. Lengd línuleiðar	2.0—4.0 km	kr. 373,00
d. Lengd línuleiðar	4.0—8.0 km	kr. 894,00
e. Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	kr. 1 192,00

3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1. Aukatalfæri með gaumskífu (blinker)	1 724,00	175,00
3.2. Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4)		178,00
3.3. Vatnsþétt talfæri		207,00
3.4. Hátalarasími		713,00
3.5. 2ja línu talfæri Siemens	4 301,00[2]	369,00
3.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	2 165,00[2]	294,00
3.7. Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri		307,00[3][4][5]
3.8. Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	3 847,00[2][3]	329,00[3]
3.9. Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri	10 482,00[2]	883,00
3.10. Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 842,00[2][3]	195,00[3]
3.11. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri		323,00[3][4][5]

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.12. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri		385,00[3][4][5]
3.13. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri		509,00[3][4][5]
3.14. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri		621,00[3][4][5]
3.15. Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri	7 329,00[2][3]	629,00[3]
3.16. Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri	5 311,00[2][3]	452,00[3]
3.17. Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri	4 969,00[2][3]	440,00[3]
3.18. Raðsímar, Reipos ²⁄₁₀, 2 línur, 7 til 11 talfæri	7 628,00[2][3]	662,00[3]
3.19. Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri		1 107,00[3]
3.20. Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 650,00[2]	294,00
3.21. Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	5 508,00[2]	642,00
3.22. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	5 508,00[2]	3 797,00
3.23. Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	2 152,00[2]	270,00
3.24. Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	5 508,00	1 561,00
3.25. Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	5 508,00	4 708,00

3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 5 022,00
3.27. Sjálfsalar, þriggja mynta. Árstekjutrygging kr. 7 323,00
3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 153,00
3.29. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 754,00
3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.

4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.1. L.M.E. 1+3	16 520,00	328,00
4.1.2. L.M.E. 2+6	26 539,00	656,00
4.1.3. L.M.E. 3+9	39 169,00	984,00
4.1.4. L.M.E. 4+16	61 739,00	1 640,00
4.1.5. L.M.E. 5+30	63 188,00	2 870,00
4.1.6. L.M.E. 6+40	70 105,00	3 772,00

Skýringar:

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.
3) Á hvert talfæri.
4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.
5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.7.	E.B. 6+30	64 347,00	2 952,00
4.1.8.	ADG 101 8+40	150 475,00	3 936,00
4.1.9.	ADG 101 16+80	198 017,00	7 872,00
4.2.	**Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).** Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.		
4.2.1.	Fyrir hvern númerabúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum		231,00
4.2.2.	Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í áður uppsettum einkasímstöðvum ..... Greiða skal ⅓ hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, ⅓ þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.		462,00
4.3.	**Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2.**		
4.3.1.	Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið ..		82,70
4.3.2.	Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið	969,00	120,00
4.3.3.	Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið	3 827,00	484,00
4.3.4.	Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	3 827,00	3 640,00
4.3.5.	Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	3 827,00	5 201,00
4.3.6.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	3 827,00	3 160,00
4.3.7.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	3 827,00	5 201,00
4.3.8.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	3 827,00	6 786,00

5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símkerfið.

		Kr.
5.1.	Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris	2 860,00
5.2.	Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu.	
5.3.	Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota ..... Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald.	286,00

6. Flutningsgjald.

	Kr.
6.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað .. (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).	1 750,00
6.2. Milli stöðvargjaldsvæða	2 375,00
6.3. Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.	
6.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.	

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 900,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1 120,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 970,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin lætur í té, er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

		Kr.
1.1.	Fyrir númer í miðstöð og línu	2 770,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum Stundir	kr.	2—3 notendur á sömu línu kr.	Yfir 3 notendur á sömu línu kr.
2	261,00	208,80	156,60
4	343,00	274,40	205,80
6	389,00	311,20	233,40
8	435,00	348,00	261,00
10	480,00	384,00	288,00
12	489,00	391,20	293,40
14	497,00	397,60	298,20
16	505,00	404,00	303,00
24	596,00	476,80	357,60

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.3. Almenn ákvæði.

Áðurnefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer upphæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

3. Flutningsgjald.

	Kr.
3.1. Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað ..	1 385,00
3.2. Milli stöðvargjaldsvæða	1 920,00

3.3. Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

3.4. Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi.

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 705,00.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 525,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 1 865,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

Stundir	Kr.
2	137,00
4	152,00
6	198,00
8	234,00
10	255,00
12	261,00
14	267,00
16	277,00
24	295,00

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða.

Annar viðhaldskostnaður en eðlilegt slit, að mati stofnunarinnar, greiðist eftir reikningi.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigandur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.

3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ávæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals

s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki

n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1,2,3, \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	360 sek.
1		60 sek.
2		18 sek.
3		12 sek.

1.2. Nætur og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
0	bæjarsímtöl	Ót. tími
1		120 sek.
2		36 sek.
3		24 sek.

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

		Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1. Um	0— 10 km línulengd	8,85	2,95
—	10— 25 km línulengd	14,55	4,85
—	25—100 km línulengd	19,50	6,50
Yfir	100 km línulengd	23,40	7,80

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 10,60. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 26,90 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 17,20 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 17,20 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 1,85 fyrir hvert teljaraskref.

4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 14,10 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 4,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.2. Strandargjald kr. 30,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 41,10 fyrstu 3 mín. og kr. 10,00 eða kr. 13,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.

4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.

4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV., kafla 2.

5. Bílasímaþjónusta.

Í bílasímaþjónustunni eru afgreidd samtöl til og frá bílastöðvum og handstöðvum með handvirkri afgreiðslu. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald á ársfjórðungi og viðskiptagjöld.

5.1. Stofngjald er kr. 3 500,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun bílasímanúmers.
5.2. Afnotagjald er kr. 575,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldareikningi.
5.3. Viðskiptagjöld eru afgreiðslugjald og mínútugjald. Afgreiðslugjald er kr. 3,90 fyrir hvert samtal og mínútugjald er kr. 7,80 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

6. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

V. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 26,90 og kr. 1,70 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 15,10 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 15,10 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 26,90. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landspítalasjóðs.
1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 17,20 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 26,90.
b. Línugjald kr. 1,70 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 2,00 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 15,10 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 10,00.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.

4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.

4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 kr. 40,00.

4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

4.2. Gjald fyrir móttöku.

4.2.1. Símnefni á ári kr. 317,00.

4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 350,00.

4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 80,00.

5. Stöðvartelex.

5.1. Gjald fyrir sendingu.

5.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.

5.1.2. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 30,00.

VI. KAFLI

Fjarritvélar.

1. Stofngjald.

		Kr.
1.1.	Númer í telexstöð	15 522,00
1.2.	Bæjarlína	3 857,00
1.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð	23 021,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
1.4.	Innbyggður endurgati	4 096,00
1.5.	Innbyggður vélsendir	4 096,00

		Kr.
1.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	9 444,00
1.7.	Afriðill	2 033,00
1.8.	Tengipúlt	3 020,00
1.9.	Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði.	
1.10.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður	2 033,00
1.11.	Breyting á telexheiti	1 077,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

		Kr.
2.1.	Númer í telexstöð	5 591,00
2.2.	Bæjarlína	1 077,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	9 027,00
	Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá.	
2.4.	Innbyggður endurgati	1 325,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	1 325,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	4 842,00
2.7.	Afriðill	1 077,00
2.8.	Tengipúlt	1 366,00
2.9.	Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.	
2.10.	Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.	
2.11.	Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.	

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1.	Milli húsa á svæði sömu símstöðvar	3 847,00
3.2.	Innanhúss	1 946,00
3.3.	Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	5 800,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 1,35 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 3,38 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu þess fjarritabúnaðar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

VII. KAFLI

Modem fyrir datasendingar.

Modem eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði og rekstrargjaldi, sem er 3,0% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum greiðist samkvæmt reikningi (efni og vinna). Ferðakostnaður vegna uppsetninga og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu modema, sem eru í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni. Upplýsingar um endurkaupsverð modema fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Greiða skal ⅓ hluta áætlaðs kostnaðarverðs, þegar modem er pantað, ⅓ þegar modemið kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst.

VIII. KAFLI

Sambönd og línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta innanbæjarlínu á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km. Stofngjöld fyrir línur milli gjaldsvæða ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Viðbótarstofngjald fyrir datasamband ef lína er bætt fyrir sendingarhraða 2 400 bits/sek, eða meira, er kr. 16 690,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Viðskiptagjald. Þetta gjald er tekið fyrir sambönd, sem Póst- og símamálastofnunin samþykkir að leigja notanda fyrir símaviðskipti, (þ. m. t. tal og dataviðskipti) og miðast gjaldið við 72 þúsund mínútna notkun á ári samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli hlutaðeigandi símamiðstöðva. Póst- og símamálastofnunin veitir afslátt á viðskiptagjöldum eftir því hver notkunin er, sbr. eftirfarandi.

2.1.1. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði skal nota margföldunarstuðul 0,694.

2.1.2. Fyrir samband milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðul 0,555.

2.1.3. Fyrir samband í fjölsímakerfi milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum, sem er notað eingöngu fyrir gæslu- og öryggismál en ekki fyrir venjuleg símaviðskipti skal nota margföldunarstuðul 0,347. Þar að auki er veittur 30% afsláttur, ef sambandið er eingöngu í aðra áttina. Fyrir sams konar samband, sem ekki er komið á með fjölsímakerfi, vísast til 2.2.

2.1.4. Fyrir ritsímarásir á milli einkasímabúnaðar sama notanda á tveimur gjaldsvæðum skal nota margföldunarstuðla eftir sendihraða rásarinnar samkvæmt eftirfarandi:

Sendihraði (baud)	50	75	100	200	300
Margföldunarstuðull	0,175	0,2	0,25	0,3	0,3

2.1.5. Fyrir samband þar sem sami notandi fær aðgang að rás á fleiri en tveimur stöðum, en þó þannig að rásin beri aðeins eina sendingu í einu, gildi eftirfarandi gjöld enda gefi uppbygging símakerfisins kost á beinni tengingu viðkomandi staða:

2.1.5.1. Þegar einungis er um að ræða tvö gjaldsvæði greiðist viðskiptagjald samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á og km-gjald milli þeirra staða innan gjaldsvæðis, þar sem notandi fær aðgang að rásinni.

2.1.5.2. Þegar um fleiri en tvö gjaldsvæði er að ræða er viðskiptagjald miðað við þá staði, sem hæst gjald er á milli og greiðist samkvæmt 2.1.1.—2.1.4. eftir því sem við á. Fyrir hvern aðgangsmöguleika notanda að rásinni á mismunandi gjaldsvæðum á leiðinni greiðist viðtengingargjald, sem er 12,5% ofan á viðskiptagjaldið.
Ef endakaflar rásarinnar eru innan sama gjaldsvæðis reiknast þeir samkvæmt kílómetragjaldi.

2.1.5.3. Þegar um afgreiningu frá rás er að ræða, er litið á hana eins og um aðskilda rás væri að ræða og gjöld fyrir hana reiknuð frá afgreiningarstað á sama hátt og í 2.1.5.1. og 2.1.5.2., en með 50% afslætti.

2.2. Innan hvers gjaldsvæðis er afnotagjald reiknað sem leiga á km (gjaldið reiknast í 500 m þrepum). Sama gildir um samband milli gjaldsvæða, þegar sambandi er ekki komið á með fjölsímakerfi og um er að ræða samband fyrir gæslu- og öryggismál.

Á ársfjórðungi er afnotagjaldið: Kr.

2.2.1.	Fyrir 2 víra tallínu í notendakerfi	242,00
	Fyrir 4 víra tallínu í notendakerfi	388,00
2.2.2.	Fyrir 2 víra datalínu í notendakerfi	307,00
	Fyrir 4 víra datalínu í notendakerfi	490,00
2.2.3.	Fyrir 2 víra tallínu í langlínukerfi	342,00
	Fyrir 4 víra tallínu í langlínukerfi	548,00
2.2.4.	Fyrir 2 víra datalínu í langlínukerfi	432,00
	Fyrir 4 víra datalínu í langlínukerfi	691,00
2.2.5.	Fyrir ritsímarás í tónritsíma	129,00

2.2.6. Skemmstur leigutími fyrir framangreindar línur er 6 mánuðir. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er gagnkvæmur. Leiga til annarrar notkunar en getið er að ofan ákvarðast af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ. e. a. s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í ársgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

IX. KAFLI

Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

X. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 317,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 63,70 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

XI. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 82,60. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 158,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 153,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

	Kr.
3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	149,00
3.2. Aukanafn í skrá	158,00
3.3. Aukalína í skrá, hver lína	82,60
3.4. Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 149,00 + 158,00	307,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 158,00 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.
Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 82,60. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 149,00. Auglýsingalína kostar kr. 82,60.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XII. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

		Kr.
1.1.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar).	
1.1.1.	Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	385,00
1.1.2.	Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött	848,00
1.1.3.	Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	183,00
1.1.4.	Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna	559,00
1.2.	Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni.	
1.2.1.	Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni)	183,00
1.2.2.	Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir	231,00
1.3.	Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu.	
1.3.1.	Starfsleyfi (gildir í 5 ár)	422,00
1.3.2.	Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi	340,00
1.3.3.	Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár)	287,00
	Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi	199,00
1.3.4.	Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna	287,00
1.3.5.	Bráðabirgðaleyfi útlendinga	200,00
1.4.	Önnur gjöld.	
1.4.1.	Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa)	360,00
1.4.2.	Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra	183,00
1.4.3.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum	153,00
1.4.4.	Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	82,60
1.4.5.	Fyrir skírteini loftskeytamanns	299,00
1.4.6.	Fyrir skírteini talstöðvarvarðar	149,00
1.4.7.	Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar	199,00
1.4.8.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi)	396,00
1.4.9.	Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins	296,00

2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

		Kr.
2.1.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt	2 862,00
2.2.	Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna	1 431,00

2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.

2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.

2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.

2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.

3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

	Kr.
Fyrir 1—5 báta	82,60
Fyrir 6—15 báta	153,00
Fyrir 16—30 báta	216,00
Fyrir 31 bát og fleiri	287,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 149,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 287,00.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 41,40.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	153,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	228,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	307,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	411,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

5. Sölu- og leigukjör á radíótækjum.

Fyrir þau radíótæki, sem Póst- og símamálastofnunin framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

	Gerð	Tæki	Söluverð eða stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör Afgreiðslugj. kr.	Leigukjör Ársleiga kr.
5.1.	FF — 3	Talsendir/viðtæki		4 045,00	820,00
5.2.	FF — 5	Talsendir/viðtæki		4 045,00	1 185,00
5.3.	FF —10	Talsendir/viðtæki		3 172,00	820,00
5.4.	FVT—20	Talsendir/viðtæki		2 928,00	820,00
5.5.	FVT—30	Talsendir/viðtæki		3 172,00	871,00
5.6.	FVT—40	Talsendir/viðtæki		4 977,00	1 309,00
5.7.	FT	Talsendir		4 659,00	1 309,00
5.8.	VFT	Viðtæki	10 932,00	1 494,00	654,00
5.9.	VKT	Viðtæki	6 833,00	936,00	406,00
5.10.	VKT—74	Viðtæki	4 326,00	590,00	261,00
5.11.	VTS—12	.....	11 845,00	1 620,00	847,00

Notuð viðtæki í leigu fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

Leigugjöld, sem tiltekin eru í lið 5.1. til 5.7. að ofan, gilda einungis um talsenda, sem settir voru upp fyrir 1. janúar 1973. Uppsetning senda af ofangreindum tegundum, sem senda út á báðum hliðarböndum burðarbylgju, er ekki lengur leyfð samkvæmt alþjóðasamþykkt.

6. Radíótæki á leigu.

6.1. Fram að 1. janúar 1973 leigði Póst- og símamálstofnunin notendum talsenda ásamt viðtækjum. Nýuppsetning senda af þeim tegundum, sem notaðar voru í þessu skyni eru ekki leyfðar eftir 1. jan. 1982, en þess í stað skal nota einhliðarbandstæki (SSB), sem Póst- og símamálastofnunin leigir ekki út, en hefur eingöngu til sölu. Allar leigutalstöðvar nema þær, sem eingöngu eru notaðar á tíðninni 2182 KHz, verða nú kallaðar inn. Fyrir hinar síðastnefndu og önnur radíótæki, sem stofnunin leigir út, skulu gilda eftirfarandi reglur:

6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörslu leigutaka, ber honum að greiða samkvæmt mati við afhendingu eftir leigu.

6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum, meðan þau eru í hans vörslu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.

6.4. Öll radíótæki á leigu frá Póst- og símamálastofnuninni skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni, og á Póst- og símamálastofnunin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki,

sem Póst- og símamálastofnunin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða Póst- og símamálastofnuninni samtímis með leigu, og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.

6.5. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talsenda/viðtæki greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár.

6.6. Ef nýr eigandi verður að farartæki, sem talsendir/viðtæki er í og óskar að verða leigutaki að þeim, skal hann greiða viðtökugjald, sem er helmingur afgreiðslugjalds sbr. grein 1 í þessum kafla.

6.7. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar þar til uppsagnarfrestur er liðinn.

6.8. Séu ársleiga, vátryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur Póst- og símamálastofnunin:

6.8.1. Innsiglað radíótækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur Póst- og símamálastofnunin tekið hin leigðu tæki í sína vörslu.

6.8.2. Ef um ólögboðin tæki er að ræða, getur stofnunin tekið þau í sína vörslu án undangenginnar innsiglunar.

Sama gildir, ef reikningur fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af Póst- og símamálastofnuninni eru ekki greiddar innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.

Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radíótækja- og viðskiptagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.

6.9. Póst- og símamálastofnunin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radíóstöðva á millibylgju á afskekktum bæjum, og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Gjöld fyrir slíka notkun eru samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Almenn ákvæði.

7.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

7.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

7.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

7.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

7.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

7.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

7.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

7.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

7.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

7.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

7.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

7.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

7.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

7.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

7.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

8. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

8.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrir-

tækjum og stofnunum leyfir til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum tyrir slíkar stöðvar.

8.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

8.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

8.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

8.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

8.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

8.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

XIII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIV. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Endurkaupsverð eldri búnaðar, sem Póst- og símamálastofnunin telur fært að endurkaupa.

a) Sjálfvirkar einkasímstöðvar afskrifast á 5 árum og skal reikna endurkaupsverð samkvæmt eftirfarandi meginreglu:

Aldur stöðva, ár	0—2	2—3	3—4	4—5
Endurkaupsverð, %	50	40	30	20

b) Telex og fjarritvélar, modem, handvirkar einkasímstöðvar og talfærakerfi afskrifast á 5 árum, og skal reikna endurkaupsverð samkvæmt eftirfarandi reglu:

Aldur búnaðar, ár	0—2	2—3	3—4	4—5
Endurkaupsverð, %	50	40	30	20

c) Ef nýr búnaður samkv. a) eða b) er settur upp í stað eldri búnaðar, er endurgreiðsla af kostnaðarverði eldri búnaðarins reiknuð út frá gildandi kostnaðarverði samkvæmt reglum í a) eða b), og kemur sú upphæð til frádráttar

kostnaðarverði nýja búnaðarins. Ef endurkeyptur er búnaður sem ekki er lengur til sölu hjá stofnuninni skal miða við síðasta skráð söluverð hans. Ef áðurnefndur frádráttur er hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, skal umreikna hann miðað við upprunalegt kostnaðarverð og sé hann enn hærri en kostnaðarverð nýja búnaðarins, endurgreiðir Póst- og símamálastofnunin þann mismun (sbr. d)).

d) Ef búnaði samkv. a) og b) er sagt upp, án þess að nýr búnaður komi í staðinn, er endurgreiðsla samkv. c) miðuð við upprunalegt kostnaðarverð.

1.2. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.3. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvað stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.5. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.6. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.7. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.8. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.9. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.10. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma og er þá heimilt að veita 25% afslátt af afnotagjaldi og fella niður atvinnusímaálag, ef það á við.

1.11. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa

verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef símí þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.12. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnuninnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.13. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarskiptavélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.14. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 200,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 85,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/84 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. ágúst 1984. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1984 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 585 28. júlí 1983, og gjaldskrá fyrir símatelex og stöðvartelex nr. 17 16. janúar 1984.

Samgönguráðuneytið, 23. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um starfrækslu talstöðva í landfarstöðvaþjónustu í metra- og desimetrabylgjusviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnunin (hér eftir skammstafað P og S) veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum heimild til að nota tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviðinu fyrir landfarstöðvaþjónustu.

Í landfarstöðvaþjónustunni fara fram þráðlaus fjarskipti milli fastastöðva (móðurstöðva) og farstöðva eða milli farstöðva. Farstöðvar þær, sem hér um ræðir, eru í farartækjum á landi eða eru burðar- eða handstöðvar. Fjarskipti milli fastastöðva í tíðnisviðum farstöðvaþjónustu eru óheimil.

Bylgjusvið þau, sem hér um ræðir, ná frá 153,5 til 174 og frá 453 til 470 MHz.

2. gr.

Í landfarstöðvaþjónustunni má velja um þátttöku á bílasímaþjónustu P og S eða uppsetningu eigin lokaðra farstöðvakerfa.

Í bílasímanum eru notaðar tíðnir í sviðinu 153,5—174 MHz. Gert er ráð fyrir samtímistali til þess að hægt sé að tengja farstöðvar við símakerfið um móðurstöðvar P og S og með aðstoð afgreiðslu, sem fyrst um sinn verður handvirk. Móðurstöðvarnar og farstöðvarnar nota mismunandi tíðnir fyrir sendingu og viðtöku og eru senditíðnir móðurstöðvanna milli 153,500 og 154,725 MHz en senditíðnir farstöðvanna milli 162,700 og 163,925 MHz.

Talstöðvareigendur sem ekki óska eftir tengingu við símakerfið eða umsvifa sinna vegna vilja reka eigið lokað farstöðvakerfi fá heimild til að nota fyrir starfsemi sína eina eða fleiri sértíðnir í metra- eða desimetrabylgjusviðinu.

Í einstaka tilfellum, þegar sýnt þykir að ákveðinni fjarskiptaþörf verður ekki mætt öðruvísi má heimila talstöðvaeiganda að nota sértíðni annars talstöðvareiganda og eiga viðskipti við hann. Í slíkum tilfellum skal liggja fyrir skriflegt samþykki þess aðila, sem fyrst fékk afnot af tíðninni. Þetta ákvæði gildir ekki, þegar sett eru ákvæði um að notendur verði að deila sömu sértíðni (sjá d-lið 17. greinar).

Heimilt er að veita opinberum aðilum, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, undanþágu til að nota tíðnir bílasímaþjónustu ásamt sértíðnum sínum. Þessi undanþága skal veitt til að koma í veg fyrir óþarfa fjárfestingu hins opinbera í móðurstöðvum víðs vegar um landið. Það er sett sem skilyrði að viðkomandi aðili hafi aðskildar sendi- og móttökutíðnir sem sértíðnir.

Einnig er heimilt í einstökum tilvikum að leyfa notendum í bílasímaþjónustunni að fenginni skriflegri umsókn að nota jafnframt skiptitalstíðni, sem P og S ákveður. Þessi skiptitalstíðni er eingöngu til afnota fyrir notendur í bílasímaþjónustunni þegar þeir eru á ferð utan þéttbýlis.

3. gr.

Væntanlegir notendur í bílasíma P og S og notendur sértíðna skulu fylla út umsóknareyðublöð P og S og senda stofnuninni. Á eyðublöðunum skulu vera reitir fyrir þær upplýsingar, sem umsækjendur verða að gefa til þess að hægt sé að gefa út leyfisbréf þeim til handa. Radíóeftirlitið gefur út leyfisbréf fyrir hverja talstöð, þegar kannað hefur verið, hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem sett eru í þessum reglum. Bílasímanúmeri er úthlutað um leið og leyfisbréf er gefið út. Útgáfa leyfisbréfs má ekki dragast að óþörfu eftir móttöku fullnægjandi umsóknar frá notanda. Bannað er að starfrækja far- og móðurstöðvar

nema fengist hafi til þess leyfisbréf. Þeim, sem selja talstöðvar sínar, er bent á að þeir bera alla ábyrgð á notkun þeirra og gjöldum þar að lútandi uns radíóeftirlitinu hefur verið tilkynnt um söluna og kaupanda stöðvarinnar.

4. gr.

Leyfisbréf til þátttöku í bílasíma P og S geta þeir fengið, sem eru íslenskir ríkisborgarar og náð hafa 17 ára aldri. Leyfisbréf til að nota sértíðnir geta þeir fengið sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa náð 20 ára aldri og hafa verslunarleyfi eða reka skráð fyrirtæki. Hægt er að veita útlendingum tímabundið leyfisbréf til að taka þátt í bílasíma P og S eða nota sértíðnir. Það skilyrði er sett fyrir slíkum leyfisveitingum að fyrir liggi skrifleg ábyrgð aðila með íslenskt lögheimili um greiðslu ófallinna gjalda vegna talstöðvanotkunar útlendingsins. Leyfisbréf útlendinga skulu aðeins gilda 1 ár í senn en önnur leyfisbréf að jafnaði í 5 ár. Verði breytingar á talstöðvarbúnaði notanda, eða sé skráningarnúmeri farartækis sem talstöð er í breytt, skal gefið út nýtt leyfisbréf. Gjald fyrir leyfisbréf greiðist samkvæmt gjaldskrá P og S.

5. gr.

Talstöðvar til notkunar í landfarstöðvaþjónustunni skulu hafa fengið viðurkenningu P og S. Prófun á talstöðvum fer fram hjá radíóeftirlitinu. Þegar óskað er eftir að taka í notkun nýja tegund talstöðvar skal framleiðandi afhenda radíóeftirlitinu eina stöð til prófunar. Sé talstöðin framleidd erlendis, heimilar P og S framleiðanda eða umboðsmanni hans innflutning einnar stöðvar með því skilyrði, að hún sé þegar í stað og án breytinga afhent radíóeftirlitinu til prófunar. Með hverri stöð, sem sett er í prófun, skal fylgja handbók með lýsingu á notkunarreglum stöðvarinnar, upptalningu á helstu eiginleikum hennar og stillingaraðferðum ennfremur teikningar af henni. Radíóeftirlitinu er heimilt að halda eftir þessum gögnum. Tveir kristallar skulu fylgja með talstöðinni fyrir tíðnir í sitt hvorum enda þess tíðnisviðs, sem talstöðin nær yfir án stillingar samkvæmt upplýsingum framleiðanda. Óski framleiðandi eftir að notaðir séu með stöðinni einhverjir fylgihlutir skulu þeir fylgja með henni í prófun og sömuleiðis til eignar nauðsynlegar mælisnúrur, sem ekki eru af almennri gerð.

6. gr.

Eiginleikar talstöðva eins og framleiðandi gefur upp í handbókum sínum og auglýsingabæklingum skulu mæta þeim kröfum, sem settar eru fram í viðauka A við þessar reglur. Þessar upplýsingar framleiðanda teljast jafngilda ábyrgðaryfirlýsingu af hans hálfu. Við tegundaprófun skal radíóeftirlitið með mælingum sannreyna að prufueintakið standist framangreindar kröfur. Talstöðvar, sem nota á í bílasímaþjónustunni, skulu jafnframt vera búnar þeim aukabúnaði, sem talinn er upp í viðauka B. Mæliaðferðir við tegundaprófun skulu vera hliðstæðar þeim aðferðum, sem notaðar eru hjá öðrum símastjórnum V-Evrópu.

Radíóeftirlitið skal gera skýrslu um prófunina og á grundvelli hennar ákveður P og S hvort stöðin fái viðurkenningu og skal framleiðanda eða umboðsmanni hans tilkynnt skriflega um niðurstöðuna. Þær talstöðvar, sem ekki öðlast viðurkenningu, skulu að vali framleiðanda eða umboðsmanns hans sendar úr landi eða afhentar P og S til ráðstöfunar. Sé seinni kosturinn valinn skal P og S geyma talstöðina í 2 ár, ef framleiðandi eða umboðsmaður hans skyldi skipta um skoðun og vilja senda stöðina úr landi. Skal P og S þá eins og fyrr greinir afhent ljósrit af útflutningsskýrslu. Að þessum 2 árum liðnum skal stöðin eyðilögð. Gjald fyrir tegundaprófun á talstöðvum og fylgihlutum þeirra greiðist af framleiðanda eða umboðsmanni hans í samræmi við gjaldskrá P og S.

7. gr.

Framleiðendum, umboðsmönnum þeirra, eða notendum er óheimilt að gera breytingar á viðurkenndum talstöðvum. Óski framleiðandi eða umboðsmaður hans að setja á

markaðinn breytta tegund skal setja hana í prófun eins og um nýja stöð væri að ræða. Jafnframt skal breyta tegundarheiti stöðvarinnar til aðgreiningar frá upphaflegri tegund. Nú koma í ljós talstöðvar af viðurkenndri gerð, sem hefur verið breytt í heimildarleysi. Skal þá radíóeftirlitið þegar í stað gera slíkar stöðvar upptækar og leyfisbréfið fellt úr gildi. Þyki hins vegar sannað að breytingar hafi verið gerðar hjá erlendum framleiðanda án vitundar umboðsmanns eða notenda skal umboðsmanni heimilt að fá stöðvarnar afhentar til sendingar úr landi enda sé P og S afhent gögn þar að lútandi. Sé um endurtekið brot að ræða, skal upphafleg viðurkenning falla úr gildi.

8. gr.

P og S skal heimila innflutning á viðurkenndum talstöðvum á vegum framleiðanda, umboðsmanns hans eða einstakra notenda með áritun á aðflutningsskýrslu. Þegar framleiðandi eða umboðsmaður hans flytur inn talstöðvar til ákveðinna kaupenda skal hann afhenda P og S umsóknir um starfræksluleyfi frá kaupanda um leið og áritunar er óskað á aðflutningsskýrslu. Liggi ekki fyrir, hverjir verða kaupendur stöðvanna skal framleiðandi eða umboðsmaður hans leggja fram umsókn um innflutning og komi þar fram upplýsingar um tegund stöðvanna, fjölda og framleiðslunúmer. Í þessu tilviki er framleiðandi eða umboðsmaður hans ábyrgur fyrir því að væntanlegir kaupendur fylli út umsóknir um starfræksluleyfi og að þær séu sendar P og S innan 10 daga frá því að sala hefur farið fram. Það er þó með öllu óheimilt að afhenda eða setja upp talstöðvar fyrir bílasíma nema kaupandi framvísi leyfisbréfi fyrir stöðinni með bílasímanúmeri því, sem honum hefur verið úthlutað.

Dragist á langinn hjá framleiðanda eða umboðsmanni hans að selja talstöðvar, sem hann er skráður fyrir, skal hann sýna þær starfsmönnum radíóeftirlitsins, hvenær sem þess er óskað.

9. gr.

Framleiðandi skal setja á hverja talstöð skilti þar sem fram kemur nafn hans, tegundarheiti stöðvarinnar og framleiðslunúmer hennar. Þar að auki skal framleiðanda eða umboðsmanni hans skylt, sé þess óskað að hálfu P og S, að setja á hverja talstöð límmiða með raðnúmeri P og S og/eða öðrum upplýsingum frá stofnuninni. Skal límmiðinn afhentur um leið og aðflutningsskýrsla er árituð og skal honum komið fyrir á áberandi stað á talstöðinni.

10. gr.

Notendur í bílasíma P og S sbr. 2. grein skulu við úthlutun bílasímanúmers greiða stofngjald samkvæmt gjaldskrá P og S. Þegar uppsetningu stöðvarinnar er lokið skal fara fram prófun á uppkalli í báðar áttir. Afnotagjald er reiknað frá þeim degi sem úthlutað er bílasímanúmeri. Greiðslur notenda skulu að öðru leyti vera í samræmi við gjaldskrá P og S. Ekki er hægt að framselja númer í bílasímaþjónustunni.

11. gr.

Í bílasímaþjónustunni fer fram handvirk afgreiðsla á samtölum milli farartækja og milli farartækis og fastra símnotenda. Stefnt er að því að veita þjónustu um byggð landsins og þjóðvegi. P og S ábyrgist ekki að alltaf sé hægt að afgreiða farstöðvar óháð staðsetningu þeirra innan framangreindra marka þar eð útbreiðsla á radíóbylgjum er háð landslagi og að auki breytileg með tíma.

12. gr.

Leyfileg fjarskipti á sértíðnum eru tal og gagnasendingar (data). Fyrst um sinn er hámarkshraði gagnasendinga 1200 bit/s. Fyrir tal má nota fastamótun eða tíðnimótun. Fyrir gagnasendingar er leyfileg hamin tíðnimótun (TFM) og lághlaupsmótun með Gauss- síu

(GMSK), en ekki aðrar mótunaraðferðir, sem hætta er á að valdi grannrásartruflunum. Notendur, sem ætla að nota sértíðnir fyrir gagnasendingar, skulu fá viðurkenningu P og S á búnaðinum áður en starfræksla hans hefst.

13. gr.

Framleiðandi eða umboðsmaður skal sjá til þess að í bílasímatalstöð séu þær tíðnir, sem taldar eru upp í tíðnilista P og S fyrir bílasímaþjónustuna og engar aðrar, nema þess sé sérstaklega getið í leyfisbréfi notanda. Eigandi stöðvar ber þó alla ábyrgð á því að stöð, sem komin er í notkun, hafi eingöngu tilskildar tíðnir.

Vilji eigandi stöðvar af einhverjum ástæðum breyta bílasímanúmeri sínu skal hann hafa samband við radíóeftirlitið. Breyti eigandi stöðvar sjálfur númeri sínu eða fái einhvern annan aðila til þess án heimildar radíóeftirlitsins, skal afgreiðslu við talstöðina hætt og leyfisbréfið afturkallað.

14. gr.

Umsækjendur um afnot af sértíðnum fyrir lokuð farstöðvakerfi skulu veita upplýsingar um svæði það, sem kerfi þeirra á að ná til og fyrirhugaða staðsetningu móðurstöðvar. Einnig skal taka fram, hvort óskað sé eftir einnar tíðni eða tveggja tíðna notkun. Þegar notuð er sama tíðni fyrir sendingu og móttöku í talstöðvum verður að nota skiptital. Farstöðvar geta með þessari tilhögun haft samband sín á milli án afskipta móðurstöðvar. Þegar notaðir eru aðskildir sendi- og móttökutíðnir fara öll viðskipti í gegnum móðurstöð, sem hefur þá stjórn á farstöðvakerfinu. Umsækjandi skal einnig gefa upp fyrirhugaðan fjölda farstöðva í kerfi sínu og rökstyðja þá tölu.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum gerir P og S athugun og útreikninga á hugsanlegri truflanahættu gagnvart þeirri farstöðvastarfsemi, sem fyrir er á svæðinu svo og gagnvart hinni fyrirhuguðu starfsemi umsækjanda og velur tíðnir í metra- og desimetrabylgjusviði fyrir hann. Í sumum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að velja móðurstöð nýjan stað. Oft er hægt að heimila notkun tveggja tíðna kerfis þegar einnar tíðni notkun er útilokuð vegna truflanahættu.

15. gr.

Að jafnaði er aðeins veitt leyfi fyrir einni móðurstöð á hverri sértíðni. Undanþága er veitt fyrir fleiri móðurstöðvum, ef þær tengjast allar sömu afgreiðslu með símalínum.

Í vissum tilvikum getur P og S heimilað rekstur móðurstöðvar með gegnumtali. Farstöðvar geta þá haft samband sín á milli um móðurstöð án afskipta afgreiðslu. Leyfi eru hins vegar ekki veitt til starfrækslu endurvarpsstöðva með aðgreindum tíðnipörum í sendingu og móttöku.

Opinberir aðilar, sem gegna hlutverki á sviði löggæslu, sjúkraflutninga, almannavarna og vega- og rafmagnsþjónustu, og fengið hafa leyfi til að starfrækja tveggja tíðna farstöðvakerfi geta fengið undanþágu til að nota senditíðni farstöðva sinna fyrir skiptital milli þeirra utan þéttbýlissvæða. Ekki er í þessum tilvikum heimilt að setja upp móðurstöðvar á senditíðnum farstöðvanna né heldur er heimilt að nota senditíðni móðurstöðvanna sem senditíðni í farstöðvunum.

Óheimilt er að flytja móðurstöðvar, nema að fenginni skriflegri heimild P og S.

16. gr.

Tenging lokaðra farstöðvakerfa á sértíðnum við símakerfið er ekki heimil. P og S er þó heimilt í tilraunaskyni að leyfa opinberum aðilum, sem taldir eru upp í 2. og 15. grein takmarkaðra tengingu við símakerfið í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Viðkomandi aðili skal hafa fengið úthlutun hjá P og S á tveggja tíðna rás í tíðnisviðinu 155—174 MHz og 450—470 MHz.

2. Notendur í farstöðvakerfi viðkomandi stofnunar mega eingöngu vera þeir, sem teljast starfsmenn hennar.
3. Eftirfarandi tengimöguleikar eru leyfðir:
   a) Handvirk tenging í afgreiðsluborði milli talstöðvarnotanda og símnotanda.
   b) Sjálfvirk tenging í afgreiðsluborði, þegar símnotandi hringir í símanúmer, sem tengt er afgreiðsluborðinu. Þetta símanúmer skal ekki vera skráð.
   c) Sjálfvirk hringing frá afgreiðsluborði í eitt eða fleiri símanúmer allt að fimm númerum, sem valin eru fyrirfram. Í þessu tilviki skal hringing í símanúmer sett í gang með tónaröð, sem er í samræmi við 5-tóna kóða CCIR. Tónaröðin er ákveðin af radíóeftirlitinu.
4. Áður en tenging samkvæmt 3. grein er framkvæmd skal hinn sérstaki búnaður, sem til hennar þarf, afhentur tæknideild P og S til prófunar og viðurkenningar. Deild sjálfvirkra stöðva annast prófunina. Gjald fyrir prófunina er samkvæmt gjaldskrá P og S.
5. Til að koma sem best í veg fyrir að suð og truflanir berist frá talstöðvakerfinu inn á símakerfið, skal eigandi talstöðvakerfisins í samráði við starfsmenn P og S stilla suðuloku („Squelch") viðtækis í móðurstöðinni þannig að það opni ekki fyrr en við hæfilegan viðtökustyrk. Ef truflun frá talstöðvunum berst engu að síður inn í símakerfið áskilur P og S sér rétt til að fella niður heimild til tengingar við símakerfið.
6. Tenging sú við símakerfið, sem hér um ræðir skal gerð af P og S einni og er öðrum aðilum óheimilt að framkvæma hana.
7. Umsóknir um tengingu við símakerfið samkvæmt reglum þessum skulu sendar tæknideild P og S.
8. Heimildir, sem veittar eru samkvæmt þessum reglum, gilda til 31. desember 1985 en fyrir þann tíma verður ákveðið hvort þær eru framlengdar.

17. gr.

Vegna mikillar eftirspurnar á sértíðnum er nauðsynlegt að setja takmarkanir á úthlutun þeirra. Reiknað er með að hver sértíðni geti staðið undir notkun 40—100 farstöðva allt eftir eðli starfseminnar. Fyrst um sinn verður stuðst við eftirfarandi reglur við veitingu sértíðna:

a) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 20 eða fleiri farstöðvar skulu fá afnot af eigin sértíðni.
b) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 60 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að tveimur eigin sértíðnum.
c) Umsækjendur, sem sýna fram á þörf fyrir 150 eða fleiri farstöðvar, skulu fá afnot af allt að þremur eigin sértíðnum.
d) Umsækjendur, sem hafa færri en 20 farstöðvar á talstöðvakerfi sínu, verða að eiga von á því að deila sértíðni með öðrum. Þegar tveir eða fleiri notendur deila sértíðni, skulu talstöðvar þeirra búnar tóntækjum í samræmi við viðauka D svo að hægt sé að kalla í talstöð án þess að það heyrist í stöðvum annarra. Óheimilt er að hafa viðskipti milli móðurstöðva mismunandi notenda. P og S getur einnig áskilið að notendur sömu sértíðnar komi sér saman um sameiginlega móðurstöð.

18. gr.

Tónvalsbúnaður talstöðva í bílasímaþjónustunni og á sértíðnum þar sem tónval er notað skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru fram í viðauka C. Tónvalsbúnaður skal ekki settur við talstöðvar nema viðurkenning á slíkri samtengingu frá P og S liggi fyrir.

Talstöðvar í bílasímaþjónustunni verða að geta skynjað eigið bílasímanúmer og hópkallsnúmer, ef því hefur verið úthlutað. Bílasímanúmer byrja á tölustafnum 0 en hópkallsnúmer á tölustafnum 9.

Notendur í bílasímaþjónustunni, sem fá undanþágu til að nota skiptitalstíðni samanber 2. grein, verða einnig að nota tónval við uppkall á þeirri tíðni. Velja má fjóra síðustu tölustafi númersins en sleppa upphafstölustaf, sem alltaf er núll. Hægt er að fá úthlutað sérstökum hópkallsnúmerum til notkunar á skiptitalstíðninni. Einnig má nota hópkallsnúmer, sem úthlutað hefur verið vegna uppkalla í bílasímaþjónustunni þó ekki númerið 90.000.

Notendur sértíðna, sem ekki deila þeim með öðrum, geta sjálfir ákveðið tónvalsnúmer sín en skulu tilkynna þau til radíóeftirlits.

Tónsendar talstöðva í bílasímaþjónustunni sbr. viðauka B skulu uppfylla kröfur í viðauka C að því er varðar sendingu bílasímanúmers.

19. gr.

Nothæf útbreiðsla radíóbylgja í metra- og desimetrabylgjasviðunum er að mestu leyti takmörkuð við sjónlínu. Það er því eðlilegt að takmarka útgeislað sendiafl talstöðvanna, sérstaklega þar sem slík takmörkun dregur úr truflunum og eykur möguleika þess að finna tíðnir fyrir alla umsækjendur. Í tíðnisviðinu 153,5—174 MHz er mesta leyfilega útgeislað afl 25 wött en 15 wött í tíðnisviðinu 450—470 MHz. Með mesta útgeislaða afli stöðvar er átt við útgeislað afl frá loftneti í þá stefnu, sem geislunin er mest. Útgeislað afl má finna með því að margfalda sendiafl talstöðvar með stefnuvirknisstuðli (mögnun) loftnets. Lýsing á mælingu sendiafls er að finna í viðauka A. Ef um verulegt tap er að ræða í fæðilínu frá sendi til loftnets er heimilt að taka tillit til þess að við ákvörðun útgeislaðs afls.

20. gr.

Hafi umsækjandi um sértíðni ekki tekið hana í notkun innan 8 mánaða frá dagsetningu skriflegrar úthlutunar fellur hún sjálfkrafa niður.

Opinberir aðilar, sem fá í samræmi við 2. grein undanþágu til að nota sértíðnir, jafnframt því að vera þátttakendur í bílasímaþjónustu P og S skulu greiða leyfisbréfa- og starfrækslugjöld til viðbótar gjöldum fyrir bílasíma samkvæmt gjaldskrá P og S. Hið sama gildir um undanþágur til að nota skiptitalsrás í bílasímatalstöðvum í samræmi við 2. grein.

Sé starfsemi leyfishafa, sem fengið hefur heimild til að nota sértíðni, þannig háttað að hann þurfi að flytja talstöðvar milli farartækja er radíóeftirlitinu heimilt að gera við hann samkomulag um sérstakt fyrirkomulag leyfisbréfa.

21. gr.

Óheimilt er að hlusta á tíðnir í landfarstöðvaþjónustunni nema til þess hafi verið gefið leyfi í formi leyfisbréfs. Notendum í landfarstöðvaþjónustunni er þó bent á að erfitt er að koma í veg fyrir slíka hlustun og getur P og S ekki tekið á sig ábyrgð um leynd þessara fjarskipta. P og S getur heimilað notendum að setja upp búnað, sem breytir sendingum í þeim tilgangi að halda efni þeirra leyndu fyrir öðrum. Búnaðinn skal afhenda radíóeftirlitinu til athugunar og samþykktar áður en uppsetning hefst.

Notendur eru bundnir þagnarheiti um þau viðskipti annarra notenda, sem þeir verða áskynja um.

22. gr.

Notendum talstöðva er skylt að veita radíóeftirlitsmönnum P og S aðgang að stöðvum sínum fyrirvaralaust, hvenær sem þess er óskað enda sýni radíóeftirlitsmenn viðeigandi skilríki.

23. gr.

Notendur talstöðva, sem verða fyrir utanaðkomandi truflunum, skulu þegar í stað snúa sér til radíóeftirlitsins sem skal eins fljótt og við verður komið koma í veg fyrir truflunina.

Verði truflun á fjarskipta- eða útvarpsþjónustu rakin til talstöðvar og starfsmenn radíóeftirlitsins telja líkur fyrir því að stöðin sé biluð eða uppfylli ekki þær kröfur, sem gerðar eru, skal notandi þegar í stað taka hana úr notkun, afhenda hana radíóeftirlitinu til athugunar og mælinga og láta síðan gera við hugsanlega bilun í samræmi við fyrirmæli radíóeftirlitsins. Radíóeftirlitið getur í ákveðnum tilvikum innsiglað talstöð til að tryggja að starfrækslu hennar sé hætt. Ekki mega aðrir en starfsmenn radíóeftirlitsins rjúfa innsiglið.

24. gr.

Réttindi til að setja upp talstöðvar og annast viðhald þeirra hafa, auk radíódeildar og radíóverkstæða P og S, þeir sem hafa fengið viðurkenningu til reksturs talstöðvarverkstæða.

Við uppsetningu talstöðva skal ganga þannig frá búnaði og lögnum að dregið sé sem mest úr truflanahættu.

Eingöngu starfsmenn P og S mega ganga frá tengingu talstöðva og stjórnborða við símalínur, sem P og S lætur á leigu. Þeir skulu tryggja að spennu- og aflmörk fyrir línur séu haldin.

Leyfisbréf eru ekki gefin út fyrir talstöðvar, sem settar eru upp af réttindalausum aðilum og telst starfræksla þeirra ólögleg. Slíkar stöðvar fá ekki afgreiðslu í bílasímaþjónustu P og S.

25. gr.

Innflutningur talstöðva, sem áður hafa fengið viðurkenningu en ekki uppfylla skilyrðin í viðauka A, verður heimilaður til 30. júní 1985. Starfræksla hinna sömu talstöðva verður heimiluð til 31. des. 1993.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73 28. maí 1984, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 733 19. október 1983 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 11. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI A.

Kröfur um tæknilega eiginleika talstöðva.

1. gr.

Við prófun á metrabylgjutalstöðvum skal gengið úr skugga um að smíði stöðvanna sé nógu sterk til að þola þær aðstæður, sem bíla- og handstöðvar eru notaðar við. Það skal sérstaklega athugað, hvort hætta sé á sveigju á plötum, sem mismunandi hlutir talstöðvarinnar eru tengdir við eða hætta á að hlutir losni úr festingum við hristing.

Á forplötu skulu vera allir rofar, styrkstillar og gaumljós, sem þarf til að notandi geti notað þá eiginleika stöðvarinnar, sem framleiðandi auglýsir.

Allir þessir hlutir skulu merktir á þann hátt að starfræksla stöðvarinnar sé leikmönnum ljós. Séu tákn notuð skal merking þeirra útskýrð í handbók með stöðinni.

Vinnutíðni talstöðvar skal ákvörðuð með kristalstýringu. Ef talstöðin er búin tíðnismiðju með möguleika á myndun margra tíðna, skal val á tíðnum vera ákveðið með forriti. Ekki er heimilt að nota víra-, viðnáms- eða díóðubretti eða ámóta aðferðir til að ákveða vinnutíðnir talstöðvar.

2. gr.

Ekki seinna en einni mínútu eftir að talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa og kveikt á henni, skal hún vera tilbúin til notkunar og mælinga. Ef einhver hluti talstöðvar t. d. sveifluvaki getur ekki náð eðlilegri starfsemi á þessum tíma, skal þannig gengið frá þessum hluta að hann fái spennu um leið og talstöðin hefur verið tengd við ytri spennugjafa jafnvel þó að notandi hafi ekki kveikt á henni.

3. gr.

Þar eð talstöðvar eru starfræktar í mismunandi umhverfi eru skilgreindar mismunandi aðstæður. Venjulegar aðstæður eru þær, sem reikna má með á mælingastofu þar sem hitastig er milli 15 og 35 gráður á Celcius og rakastig milli 20 og 75%. Ef ekki er annars getið eru eiginleikar talstöðva mældir við þessi skilyrði. Einstakir eiginleikar talstöðva eru mjög háðir umhverfishitastigi og eru þeir mældir, ef ástæða þykir til, við sérstakar aðstæður þ. e. a. s. ÷ 20 og +55 gráður á Celcius.

4. gr.

Þegar mælingar eru gerðar á talstöðvum, sem tengjast við hið almenna rafnet, skal netspennan vera innan þeirra marka, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur telur eðlilega og með tíðni 50 Hz ± 1 Hz þegar talstöðvar eiga að tengjast rafgeymum farartækja skulu mælingar gerðar við geymisspennu sem er 1,1 x nafngildi rafgeymis.

Þegar talstöðvar eiga að ganga á öðrum spennugjöfum en að framan greinir eins og t. d. innbyggðum rafhlöðum, skal hafa hliðsjón af þeim spennugildum, sem framleiðandi gefur upp.

Við mælingar á eiginleikum talstöðva við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr. þessa viðauka skulu þær gerðar innan eftirfarandi marka vinnuspennu:

Netspenna ± 10%.
Rafgeymar 0,9 til 1,3 sinnum nafngildi.
Þurrar rafhlöður 0,6 til 1,0 sinnum nafngildi.
Kvikasilfuroxíðrafhlöður 0,9 til 1,0 sinnum nafngildi.

Fyrir aðra spennugjafa skal miða lægstu spennu við upplýsingar framleiðanda.

5. gr.

Við mælingar á eiginleikum talstöðvar við mismunandi hitastig skal þess gætt að umhverfishitastig sé orðið stöðugt áður en mæling er gerð. Slökkt skal á talstöðinni á meðan hitastig er að breytast. Þegar talstöðin inniheldur búnað til að jafna áhrif mismunandi hitastigs, skal samt kveikt á þeim búnaði en mælingin ekki gerð fyrr en að þeim tíma liðnum sem þarf samkvæmt upplýsingum framleiðanda til að ná stöðugu hitastigi.

6. gr.

Nú auglýsir framleiðandi að talstöðina megi nota í stöðugri sendingu og skal hún þá standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sendirinn hefur verið í gangi í 30 mínútur og við lægstu hitastigsmörk eftir að hann hefur verið í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

Auglýsi framleiðandi að talstöðin þoli einungis slitrótta sendingu skal hún standast allar kröfur við hæstu hitastigsmörk eftir að sent hefur verið í 1 mínútu og stöðin síðan höfð í

viðtökustöðu í 4 mínútur. Tíðniskekkja skal þó mæld strax eftir lok sendingar. Við lægstu hitastigsmörk skal talstöðin standast allar kröfur eftir að hafa verið látin vera í viðbragðsstöðu í 1 mínútu.

7. gr.

7.1 Við mælingar á viðtæki talstöðvar skal nota merkisgjafa tengdan viðtækinu svo að riðstraumsviðnám mælt á inngangi viðtækis sé alltaf 50 ohm, jafnvel þó að um fleiri en einn merkisgjafa sé að ræða. Þegar mæling er gerð á inngangsstyrk viðtækis skal útkoman vera gefin sem frumspenna á þeim stað, sem tenging við viðtækið fer fram.

7.2 Suðulokar í talstöð skulu gerðir óvirkir á meðan mæling fer fram.

7.3 Við mælingu á lágtíðnisstyrk viðtækis skal nota venjulega mótun, sbr. grein 7.4 og með viðnámi í útgangi, sem er jafnstórt því gildi, sem framleiðandi auglýsir fyrir viðtækið.

7.4 Þegar mæling inniber mótuð merki, skal mótunartónn vera 1 KHz og tíðnifrávik vera 60% mesta leyfilegs fráviks.

7.5 Gerviálag sendis í mælingu skal vera 50 ohm án launviðnáms. Álagsviðnámið má ekki vera geislandi.

7.6 Talstöðvar með síum fyrir samtímistal skulu mældar með teningum við loftnetsúttak síunnar. Ef inngangur viðtækis og útgangur sendis hafa tengimöguleika, skal talstöðin einnig uppfylla allar kröfur án samtengingar við samtímistalssíuna.

7.7 Sófómælisía, sem notuð er í mælingum á talrás, skal vera í samræmi við staðal alþjóðafjarskiptastofnunarinnar, CCITT Recommendation P 53.

8. gr.

Tæknilegir eiginleikar sendis skulu á öllu tíðnisvæðinu 153,5—174 eða 453—470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

8.1 Tíðniskekkja sendis er skilgreind sem mismunur á mældri tíðni og nafngildi burðartíðni sendisins. Hæsta leyfilega skekkja á metrabylgju er ± 2KHz, en á desimetrabylgju ± 2,5 KHz. Mæliaðferð: Burðartíðni skal mæla án mótunar með sendinn tengdan við gerviálag. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

8.2 Burðartíðniafl er meðalafl sent út í gerviálag án mótunar og yfir eina hátíðniperíóðu. Framleiðandi talstöðvar skal gefa upp nafngildi burðartíðniaflsins.
Mesta leyfilega nafngildi burðartíðniafls á metrabylgjum er 25 wött, en 15 wött á desimetrabylgjum. Við mælingu er leyft eins desibils frávik frá þessum gildum.
Mæliaðferð: Ómótaður sendirinn er tengdur við gerviálag og aflið út í það mælt. Mælinguna skal gera við venjulegar aðstæður og endurtaka við sérstakar aðstæður, sbr. 3. grein.

8.3 Hámarkstíðnifrávik er mesti mismunur á augabragðstíðni mótaðrar burðarbylgju og tíðni ómótaðrar burðarbylgju. Hámarkstíðnifrávik skal ekki fara fram úr ± 5 KHz. Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gerviálag og tíðnifrávikið mælt á útgangi hans með tíðnifráviksmæli. Við mælinguna eru yfir og aukasveifluþættir sendisins ekki skertir með síun. Mótunartíðni skal breyta frá lægsta tón, sem sendirinn á að geta sent, upp í 3 KHz en styrkur tónsins er stilltur á 20 desibel hærra gildi en notað er við venjulega mótun.

8.4 Við mótun með tón hærri en 3 KHz eru gerðar kröfur um lækkaða svörun sendis í formi tíðnifráviks. Fyrir mótunartóna milli 3 og 6 KHz skal frávikið ekki fara fram úr gildinu 3 KHz mótunartón. Fyrir 6 KHz mótunartón skal tíðnifrávik ekki fara fram úr ± 1,5 KHz. Fyrir mótunartóna milli 6 og 25 KHz skal tíðnifrávikið ekki fara fram úr gildi, sem ákveðst af línulegu falli um 14 desibel á hverja áttund reiknað frá 6 KHz tóni og fráviki við þann tón, sem er 6 desibelum minni en frávikið við 1 KHz tón.

Mæliaðferð: Sendirinn er tengdur við gerviálag og mótaður í samræmi við gr. 7.4. Með óbreyttum mótunarstyrk skal breyta mótunartóninum frá 3 upp í 25 KHz og mæla tíðnifrávik með tíðnifráviksmæli.

8.5 Grannrásarafl er sá hluti sendiafls, sem við ákveðna mótun mælist í viðtæki, sem stillt er á grannrás öðru hvoru megin við sendirásina. Grannrásarafl er summa þess meðalafls, sem fram kemur við mótun og þeirra aflþátta, sem starfa frá dúrri og suði í sendingum. Hámarksafl í grannrás skal vera 70 desibelum lægra en sendiafl talstöðvarinnar, en þarf þó ekki í neinu tilfelli að fara undir gildið 0,2 mikrowatt.
Mæliaðferð: Við þessa mælingu skal sendirinn mótaður með 1250 Hz tón með styrk 20 desibelum hærri en þarf til að fá 1 KHz frávik. Sendirinn er tengdur tíðnirófsgreini með deyfiliðum og aðlögunarliðum þannig að sendirinn hafi 50 ohma álag og tíðnirófsgreinirinn fái hæfilegt merki. Hann er stilltur, svo að tíðnisvið hans nái yfir hverja rás fyrir sig og hlutfallið milli sýnds afls í grannrás og aðalrás mælt. Þess verður að gæta að velja tíðnirófsgreini, sem ekki hefur áhrif á mæliniðurstöðu.

8.6 Óæskilegar útsendingar teljast þau merki, sem sendirinn gefur frá sér á öðrum tíðnum en burðarbylgjutíðni hans og hliðartíðnum, sem fram koma við mótun í samræmi við gr. 7.4.
Hámarksgildi óæskilegrar útsendingar á hverri einstakri tíðni skal ekki fara fram úr 0.25 mikrówatti (fram til 31. desember 1984 er þó heimilt að samþykkja talstöðvar með óæskilegum útsendingum allt að 2,5 mikrówöttum).
Mæliaðferðir: Notaðar skulu mismunandi aðferðir til að mæla óæskilegar sendingar sem sendirinn sendir út í loftnet og óæskilegar sendingar, sem sendirinn geislar út um kassa eða grind. Fyrri mælingin er gerð á útgangi sendis, sem mótaður er í samræmi við grein 7.4. Tíðnirófsgreinir eða stilltur voltmælir er tengdur við sendinn með deyfilið, en einnig má tengja sendinn við gerviálag og taka út mælispennu. Mældir eru allir þættir sendingar frá 100 Khz upp í 2 GHz nema á rásinni, sem sendirinn vinnur á. Mælingin skal endurtekin án mótunar og einnig með sendinn í viðbragðsstöðu. Seinni mælingin er gerð með viðtæki og mæliloftneti, sem er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni. Þessi mæling er notuð ein, þegar um er að ræða handstöðvar með innbyggðu loftneti, sem ekki verður frátengt.

9. gr.

Tæknilegir eiginleikar viðtækja skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5—174 eða 453—470 MHz vera í samræmi við eftirfarandi:

9.1 Næmi viðtækis er minnsta frumspenna hátíðnimerkis á réttri viðtökutíðni og með mótun í samræmi við gr. 7.4, sem tengd við inngang viðtækisins gerir því kleift að uppfylla eftirfarandi:
— gefa a. m. k. 50% af nafngildi útgangsafls.
gefa merkis/suðshlutfall eigi minna en 20 desibel mælt á útgangi viðtækisins með sófómetriskri síu.

Merkis/suðshlutfall er hér skilgreint sem $\frac{S+B+D}{B+D}$ þar sem S

táknar styrk merkisins, B suðustyrk og D yfirsveiflubjögun. Næmi viðtækis skal eigi vera minni en 6 desibel miðað við eins mikróvolts frumspennu við venjulegar aðstæður og eigi minni en 12 desibel miðað við eins mikróvolts frumspennu við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein. Mæliaðferð: Hátíðnimerki á sömu burðarbylgjutíðni og viðtækið er stillt á, er sett á inngang þess. Merkið skal vera mótað í samræmi við gr. 7.4. Útgangur viðtækisins skal tengjast álagi með sama gildi viðnáms og framleiðandi gefur

upp og björgunarmæli með 1 KHz bandstoppsíu og sófómetriskri síu. Með styrkstilli viðtækisins er útgangsaflið stillt í 50% af uppgefnu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er aukinn uns merkis/suðshlutfallið er 20 desibel með útgangsaflið óbreytt í 50% gildinu. Aflestur á styrk hátíðnimerkisins er jafnframt næmi viðtækisins. Mælingin er gerð við venjulegar aðstæður og endurtekin við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein. Þegar mæling er gerð við sérstakar aðstæður, er heimilt að leyfa breytingar á útgangsafli um allt að ± 3 desibel. Fyrir stöðvar með samtímistali skal viðtækið standast þessar kröfur með sendingu og viðtöku í gangi samtímis.

9.2. Svörun styrktakmarkara viðtækis er skilgreind sem hlutfallið milli styrkgildis ákveðins mótaðs inngangsmerkis og styrkgildis á útgangi þess. Breyting á útgangsstyrkgildi má ekki vera meiri en 3 desibel, þó að inngangsstyrkur sé aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu.

Mæliaðferð: Hátíðnimerki mótað í samræmi við gr. 7.4 og með styrknum 6 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu er tengt við inngang viðtækisins. Útgangsstyrkur er minnkaður um 6 desibel frá venjulegu gildi. Styrkur hátíðnimerkisins er síðan aukinn upp í 100 desibel miðað við 1 mikróvolt frumspennu og breyting útgangsstyrks mæld með afl- eða spennumæli.

9.3 Truflanavernd á samrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á sömu tíðni. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflanastyrks og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðshlutfalli frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal vera milli 0 og mínus 8 desibel.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er stillt á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði ± 3 KHz.

Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmi viðtækisins sbr. 9.1. Kveikt er á truflunarvaka og tíðni hans stillt yfir ± 3KHz svið miðað við burðarbylgjutíðni viðtækisins til að finna þá truflunartíðni, sem verst áhrif hefur á merkis/suðshlutfall viðtækisins. Truflunarstyrkur er að lokum stilltur þannig, að merkis/suðshlutfallið á útgangi viðtækisins hefur lækkað úr 20 í 14 desibel.

9.4 Truflanavernd á grannrás er mælikvarði á möguleika viðtækis til að taka á móti mótaðri sendingu þrátt fyrir truflun á grannrás. Hún er skilgreind sem lægsta mælt hlutfall milli truflunarstyrks í efri og lægri grannrás og styrks þess merkis, sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðshlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera minna en 70 desibel mælt við venjulegar aðstæður og 60 desibel við sérstakar aðstæður sbr. 3. gr.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði ± 3KHz og tíðni þess stillt á efri grannrás. Í byrjun mælingar er slökkt á trufluninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmi viðtækisins sbr. gr. 9.1. Kveikt er á truflunarvaka og styrkur hans stilltur þannig, að merkis/suðshlutfallið lækki úr 20 í 14 desibel. Mælingin er endurtekin með truflanavakann stilltan á lægri grannrás. Mælingarnar eru endurteknar við sérstakar aðstæður sbr. 3. grein.

9.5 Almenn truflanavernd er mælikvarði á möguleika viðtækis til að greina á milli mótaðrar sendingar á gefinni tíðni og truflun á hvaða annarri tíðni, sem viðtækið gefur svörun við. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli truflanastyrks og styrks þess merkis sem verið er að taka á móti, þegar truflunin veldur lækkun á merkis/suðshlutfallinu frá 20 í 14 desibel. Þetta hlutfall skal eigi vera lægra en 70 desibel á neinni tíðni.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Truflunarmerkið er mótað með 400 Hz tón, svo að tíðnifrávikið verði ± 3 KHz. Í byrjun mælingar er slökkt á truflueninni og styrkur merkisins stilltur í samræmi við næmi viðtækisins sbr. gr. 9.1 Kveikt er á truflanavaka og styrkur hans hafður 86 desibel miðað við 1 mikróvolt, en tíðni hans síðan stillt yfir sviðið frá 100 KHz til 2 GHz. Á öllum tíðnum, þar sem einhver svörun fæst frá viðtækinu, er truflunarstyrkur stilltur þangað til að merkis/suðshlutfallið er fallið í 14 desibel mælt gegnum sófómetriska síu.

9.6 Millimótunardeyfing er mælikvarði á möguleika viðtækisins að koma í veg fyrir myndun nýrra merkja í rásinni, sem verið er að taka á móti, vegna návistar tveggja eða fleiri merkja. Hún er skilgreind sem hlutfallið milli styrks merkisgjafa, sem valda millimótun með merkis/suðshlutfall jafnt 20 desibelum sem afleiðingu og næmi viðtækisins. Millimótunardeyfing skal eigi vera minni en 70 desibel.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja tvo merkisgjafa A og B við viðtækið. Í byrjun er slökkt á B. Merkið frá A er haft á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Styrkur A, mældur á inngangi viðtækisins, er hafður jafn næmi þess og talan skráð. Tíðni A er nú hækkuð um 50 KHz og kveikt á B, en hann ekki mótaður. Tíðni B skal vera 25 KHz lægri en tíðni A. Styrkur A og B er hafður jafnmikill og aukinn þangað til að merkis/suðshlutfallið mælt gegnum sófómetriska síu er orðið 20 desibel. Tíðni A má stilla lítils háttar til að fá sem hæst gildi á merkis/suðshlutfallinu. Mælingin er endurtekin með tíðni A lækkaða um 50 KHz og tíðni B 25 KHz ofar A.

9.7 Girði er breyting, venjulega lækkun, á útgangsstyrk viðtækis eða lækkun á merkis/suðshlutfalli þess vegna návistar truflunarmerkis á annarri tíðni en viðtækið er stillt á. Girðispenna viðtækisins er truflunarstyrkur mældur á inngangi þess, sem veldur annað hvort þriggja desibela lækkun á útgangsstyrk eða lækkun á merkis/suðshlutfalli úr 20 í 14 desibel. Gildi girðisspennu skal eigi vera lægra en 90 desibel miðað við 1 mikróvolt nema á þeim tíðnum, þar sem viðtækið er næmt fyrir truflunum sbr. gr. 9.5.

Mæliaðferð: Notuð er samtengirás til að tengja merki og truflunarmerki við viðtækið. Merkið er á tíðni viðtækisins og mótað í samræmi við gr. 7.4. Í byrjun er slökkt á truflueninni, frumspenna merkisins höfð 6 desibel miðað við 1 mikróvolt á inngangi viðtækisins og útgngsafl þess stillt á helming venjulegs gildis. Truflunarmerkið er ekki mótað, en tíðni þess breytt milli + 1 og + 10 MHz og −1 og −10 MHz, allt miðað við nafngildi viðtökutíðni.

9.8 Óæskileg geislun viðtækis telst vera öll sending eða geislun á radíótíðnum frá því. Hámark óæskilegrar geislunar er 2 nanówött í tíðnisviðinu frá 30 MHz til 2 GHz.

Mæliaðferð: Sending radíótíðna frá viðtækinu er mæld á inngangi þess með tíðnisrófsgreini með 50 ohma viðnámi og allir spennuþættir mældir í framangreindu tíðnisviði. Geislun er mæld með aðstoð mæliloftnets og tíðnirófsgreini. Loftnetið er haft í 3 m fjarlægð frá talstöðinni.

10. gr.

Talstöðvar, sem gerðar eru fyrir samtímistal (duplex) og útbúnar eru með síu í þessum tilgangi, skulu á öllu tíðnisviðinu 153,5—174 og 453—470 MHz hafa eftirfarandi eiginleika:

10.1 Lækkun á næmi viðtækis við samtímis sendingu og viðtöku í talstöð stafar af leka á sendiafli inn á viðtæki. Lækkunin er skilgreind sem hlutfallið milli næmi viðtækisins með og án sendingar og skal eigi vera meiri en 3 desibel.

VIÐAUKI B.

Talstöðvar, sem nota á í bílasímaþjónustunni, skulu hafa eiginleika í samræmi við reglur þessar og viðauka A, en jafnframt skulu þær útbúnar sérstaklega á eftirfarandi hátt.

1. Talstöðvarnar skulu hafa möguleika á sendingu og viðtöku á minnst 20 rásum. Af þessum 20 rásum skulu 9 vera uppkallsrásir bílasímaþjónustunnar, sem eru nr. 33—41. Fyrst um sinn getur P og S þó heimilað notkun stöðva með allt niður í 9 rásir og skulu þær þá vera útbúnar kallrásum.
2. Talstöðvar skulu hafa innbyggðan rásaleitara á a. m. k. kallrásunum. Rásaleit skal alltaf vera í gangi þegar ekki er verið að nota stöðina til samtals.
3. Talstöðvarnar skulu vera gerðar fyrir samtímistal.
4. Auk venjulegs talfæris skulu stöðvarnar hafa hátalara. Á stöðvunum skal vera sérstakur uppkallshnappur og skal talstöðin senda bílasímanúmer sitt, þegar þrýst er á hnappinn.
5. Tónsendir og viðtæki skulu fylgja með hverri talstöð til að geta sent og tekið á móti bílasímanúmeri stöðvarinnar og þar að auki tekið á móti minnst einu hópkallsnúmeri, sem er þá 90 000. Óski eigandi talstöðvar eftir fleiri hópkallsnúmerum, fær hann úthlutun hjá P og S. Ekki má senda úr talstöðinni á rásum bílasímaþjónustunnar annað bílasímanúmer en henni hefur verið úthlutað. Tónsendirinn skal senda sjálfvirkt bílasímanúmer sitt um leið og viðtæki talstöðvarinnar hefur skynjað uppkall frá afgreiðslu sem því er ætlað.
6. Talstöðin skal senda út sjálfvirkt ein-tóns merki með tíðni 2110 Hz og 1,2 sekúndu á lengd, þegar talfæri er sett í höldu að loknu samtali.
7. Sé talstöðin útbúin handvirkum rofa til að hlusta rás, skal vera tímastýring á rofanum, svo að lokað sé fyrir hlustun innan 30 sekúndna. Þessi tímastýring skal vera óvirk, þegar talstöðin hefur rétt áður sent út eða tekið á móti bílasímanúmeri sínu.

Talstöðvar í bílasímaþjónustunni, sem búnar eru skiptitalstíðni, skulu skynja á henni bílasímanúmer sitt ásamt því hópkallsnúmeri, sem kann að hafa verið úthlutað sérstaklega fyrir skiptital og verður svörun að vera í samræmi við lið 5 í þessum viðauka. Rásaleitun skal hefjast sjálfvirkt strax að aflokinni notkun á skiptitalstíðninni.

VIÐAUKI C.

Nauðsynlegir eiginleikar tónvalsbúnaðar.

1. gr.

1.1 Tónvalsmerkið skal vera röð 5 tóna, sem eru látnir móta sendinn í móðurstöð. Nota skal tíðnimótun með forbjörgun sem nemur 6 desibel á áttund (óbein fasamótun). Frávikið fyrir töluna 6 (1540 Hz) skal vera 3 KHz.

1.2 Tölurnar eru táknaðar með tónum eins og sýnt er í töflunni

Tala	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Tónn (Hz)	1124	1197	1275	1358	1446	1540	1640	1747	1860
		0	Endurtekin						
		1981	tala						
			2110						

Sem dæmi er kallnúmerið 12133 táknað með tónröðinni 1124-1197-1124-1275-2110 Hz og kallnúmerið 22222 með 1197-2110-1197-2110-1197 Hz

1.3 Hver röð 5 tóna skal standa í 500 millisekúndur og endurtekin eftir 900 ± 100 millisekúndur.

2. gr.

2.1 Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflur innan 2%.

2.2 Mismunur á toppgildi tóna í ákveðinni röð má ekki vera meira en eitt desibel.

2.3 Lengd tóns mæld við hálft toppgildi tónsins skal vera 100 ± 10 millisekúndur. Milli tóna skulu vera 3 ± 2 millisekúndur mælt við sama styrk.

2.4 Ris- og falltími hvers tónpúls miðað við 10% og 90% af toppgildi skal vera 1,5 ± millisekúnda.
2.5 Mesta leyfilega tíðniskekkja tóns er ± 4 Hz.

3. gr.

3.1 Ekki er leyfilegt að endurtaka tónvalsmerki nema að 5 sekúndum liðnum.

4. gr.

4.1 Tónvalsskynjari viðtækis má vera annað hvort sérstök eining í tengslum við talstöð eða innbyggður í talstöðina. Ef hann er sérstök eining skal hann prófaður með öllum þeim talstöðum, sem framleiðandi hans eða umboðsmaður, hyggst nota hann við.

5. gr.

5.1 Tónskynjarinn skal gefa svörun við tón í öllum tilfellum þó að tímaskekkja tónsins sé allt að ± 0,5% frá réttri tíðni en skal ekki svara ef tíðniskekkja er ± 3% eða meira frá réttri tíðni. Þetta skilyrði skal uppfyllt þó að innspenna hafi breyst um ± 10 desibel frá uppgefnu gildi.

6. gr.

6.1 Tónskynjarinn skal í innspennusviðinu skilgreint í 5. gr. gefa fullnægjandi svörun við merkis/suðshlutfall jafnt 5 desibel og þar yfir mælt á inngangi tónskynjarans með suðbandbreidd 3 KHz.

7. gr.

7.1 Tónskynjarinn skal samþykkja tónpúlsa með allt að 25% bjögun.

8. gr.

8.1 Líði meira en 250 ± 40 millisekúndur milli tónpúlsa, sem skynjarinn fær frá viðtækinu skal hann sjálfkrafa stillast í byrjunarstöðu á ný.

9. gr.

9.1 Þegar tónskynjarinn hefur móttekið 5 tóna merki, sem samsvarar tónvalsnúmeri hans, skal hann gefa frá sér stutt hljóðmerki og kveikja á ljósi, sem á að lýsa þangað til að notandi stöðvarinnar slekkur á því.

VIÐAUKI D.

Talstöðvar notenda á sértíðnum, þar sem fleiri en einn notar sömu tíðnina, skulu útbúa talstöðvar sínar tónsendi og sítónsloka. Hver talstöð sendir frá sér tón, þegar kveikt er á öllum sendinum. Sítónslokinn skynjar þegar talstöðin tekur á móti réttum tón og opnar viðtækið. Í stað sérstaks sítónsloka má nota suðloka viðtækisins, en þá skal hann stýrast bæði af tóninum og mældu suðgildi. Notandi heyrir með þessari tilhögun eingöngu þær sendingar, sem honum eru ætlaðar. Radíóeftirlitið ákveður tóntíðni hvers notanda.

Tóngjafar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Tónarnir skulu vera sem mest sínuslaga með yfirsveiflu innan við 2%.
2. Mesta tíðniskekkja er ± 4 Hz.

Sítónslokar skulu hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Þeir skulu opna viðtækið í öllum tilfellum, þó að tíðniskekkja á mótteknum tón sé allt að ± 0,5%, en skulu ekki opna, ef tíðniskekkja er ± 3% eða meiri. Þessum skilyrðum skal fullnægt, þó að innspenna breytist um allt að ± 10 desibel miðað við venjulegt gildi.
2. Þeir skulu gefa fullnægjandi árangur svo framarlega sem merkis/suðshlutfall á útgangi viðtækis sé yfir 5 desibel.

REGLUGERÐ

um meðferð, geymslu og vinnslu rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

I. KAFLI

Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld til framleiðslu á hraðfrystri rækju til útflutnings.

1. gr.

Öll skip, sem leyfi hafa til rækjuveiða, skulu uppfylla þau almennu skilyrði um búnað veiðiskipa, sem tilgreind eru í 1. kafla reglugerðar nr. 55/1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl. Þau skulu öll hafa hæfnisvottorð gefið út af Ríkismati sjávarafurða, og þau veiðiskip sem fullvinna afla um borð skulu hafa til þess vinnsluleyfi Ríkismats sjávarafurða.

2. gr.

Veiðiskip og rækjuvinnslustöðvar í landi, sem hraðfrysta rækju, skulu uppfylla lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld við framleiðslu á hraðfrystri rækju til útflutnings, sbr. reglugerð nr. 56/1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

3. gr.

Veiðiskip, sem hraðfrysta rækju um borð, skulu búin hraðfrystibúnaði, sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Sé hraðfrysting framkvæmd með plötufrystitækjum, skulu tækin vera laus við ryð eða önnur óhreinindi, afþiljuð og einangruð frá öðrum vinnusvæðum skipsins. Staðsetja skal síritandi hitamæla er sýna hitastig kælimiðils við útstreymi úr tækjunum. Heimilt er einnig að koma hitanemum fyrir í miðri rækjublokk, sem frysta á hverju sinni.
2. Sé hraðfrysting framkvæmd með blæstri af köldu lofti, skal blásurunum komið þannig fyrir, að kæliloftið leiki um alla þá rækju, sem frysta á, og skal hitanemum tengdum síritum komið fyrir við inntak loftsins í kælibúnt.

Hitamælar skulu prófaðir og stilltir þegar þörf krefur og skal á hverjum sírita merkt, hvað aflestur táknar fyrir þá rækju, sem hægast frýs í tækinu að jafnaði.

Rækja telst hraðfryst, þegar frostbroddurinn færist að minnsta kosti um 1,5 cm á klukkustund. Rækja telst frosin, þegar hitastig hennar er −20 gráður á Celsius eða lægra.

Skilyrðum um hraðfrystingu telst ennfremur fullnægt þegar hitastig í miðju 6 cm þykkrar rækjublokkar mælist −20 gráður á Celsíus innan 2 klst. frá því að frysting hófst, eða ef hitastig í miðjum pakka lausfrystrar rækju er eigi hærra en −20 gráður á Celsíus eftir að rækjan hefur verið geymd í 2 klst. í frystigeymslu.

Óheimilt er að frysta rækju með öðrum hætti en þeim, sem að ofan greinir.

4. gr.

Frystigeymslur í veiðiskipum, sem hraðfrysta rækju um borð, skulu uppfylla þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis í landi, samkvæmt mati Ríkismats sjávarafurða.

5. gr.

Kassar til geymslu á ferskri rækju um borð í veiðiskipum og í landi skulu eigi vera dýpri en 20 cm.

6. gr.

Suðurker, síur, kælibakkar og önnur áhöld til suðu skulu vera viðurkennd af Ríkismati sjávarafurða.

7. gr.

Geymslur fyrir ísvarða rækju skulu varmaeinangraðar og kældar með loft- eða spíralkælingu á viðurkenndan hátt. Undanþegin þessu ákvæði eru skip, sem landa afla sínum daglega á tímabilinu frá 1. október til 15. maí.

II. KAFLI
Lágmarksákvæði um hollustuhætti, hreinlætistæki, klæðnað og aðbúnað starfsmanna, sem vinna að framleiðslu hraðfrystrar rækju um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

8. gr.

Um þessi efni vísast til gildandi ákvæða reglugerðar nr. 55/1970, um mat og eftirlit með ferskum fiski o. fl., og reglugerðar nr. 56/1953, um mat á frystum fiski til útflutnings.

III. KAFLI
Ákvæði um úthaldstíma veiðiskipa og dagmerkingar.

9. gr.

Togtími skal vera innan þeirra marka, að rækjan verði ekki fyrir óhæfilegu hnjaski af þeim sökum.

10. gr.

Rækja, sem geymd er fersk um borð í veiðiskipi, skal dagmerkt og auðkennd með skipaskrárnúmeri viðkomandi skips. Færa skal afla hvers veiðidags á þar til gerð lestarkort, sem afhenda skal ferskfiskmatsmanni við löndun.

11. gr.

Rækju, sem ísuð er um borð í veiðiskipi, skal landað eigi síðar en fjórum sólarhringum eftir að hún er veidd, og skal vinnsla rækjunnar hefjast innan sólarhrings frá löndun.

IV. KAFLI
Um ísun og geymslu á ferskri rækju, framleiðslu á pillaðri og ópillaðri rækju, hraðfrystingu, pökkun, meðferð og geymslu um borð í veiðiskipum og vinnslustöðvum í landi.

12. gr.

Að þvotti og hreinsun lokinni skal rækjan ísuð þannig, að ís blandist sem jafnast um alla rækjuna. Eigi skal fylla kassa þannig, að hætta sé á að rækja kremjist af þeim sökum. Ísmagn skal vera nægjanlegt í hverjum kassa, þannig að hitastig sé sem næst 0 gráðum á Celsius og fari ekki yfir +2 gráður á Celsius þar til vinnsla hefst.

Allri rækju, sem ekki er unnin strax, skal tafarlaust komið fyrir í viðurkenndum kæligeymslum.

13. gr.

Óheimilt er að hraðfrysta ópillaða rækju til endurvinnslu, sé meira en sólarhringur liðin frá því að hún var veidd.

Þegar hraðfryst rækja er þídd upp til endurvinnslu, skal uppþíðing vera það hröð, að hráefnið verði ekki fyrir skemmdum.

14. gr.

Ferska eða soðna ópillaða rækju, sem hraðfrysta á til útflutnings, má aðeins vinna um borð í veiðiskipum og skal þá hraðfrysting framkvæmd strax að hreinsun og þvotti hráefnis loknum.

15. gr.

Ópilluð rækja, sem soðin er til útflutnings, skal soðin í hreinu saltvatni eða hreinum sjó strax að þvotti og hreinsun lokinni. Skal rækja soðin í gegn, þannig að hún kreppist vel.

16. gr.

Öll notkun aukaefna, svo sem litarefna, rotvarnarefna eða annarra íblöndunarefna, er óheimil, nema með leyfi Ríkismats sjávarafurða og undir eftirliti þess.

17. gr.

Þegar pilluð rækja er pækluð, skal það gert með hreinu saltblönduðu vatni. Pækillinn skal kældur þannig, að hitastig sé sem næst −2 til +2 gráður á Celsius.

18. gr.

Rækja, sem tilbúin er til frystingar, skal hraðfryst strax.

19. gr.

Nettóvigt hverrar einingar er brúttóvigt að frádregnum umbúðum og íshúð, nema annars sé getið í sölusamningum og lög viðskiptalands heimili, enda sé Ríkismati sjávarafurða tilkynnt um slíka samninga.

20. gr.

Hver hraðfryst smásölueining skal auðkennd með eftirtöldum upplýsingum, nema frekari kröfur séu gerðar um það efni í landi kaupanda:

Tilgreina skal tegund vörunnar, nettóþyngd, seljanda vörunnar eða framleiðanda og framleiðsluland. Ennfremur skal auðkenna endurfrysta rækju.

Hver hraðfryst heildsölueining skal auðkennd með nafni framleiðanda, ári og framleiðsludegi. Framleiðanda, ár og framleiðsludag má tilgreina með dulmerki, sem tilkynna skal Ríkismati sjávarafurða, nema reglur viðskiptalands kveði á um annað.

21. gr.

Á ytri umbúðum skal tilgreina heiti vörunnar, einingafjölda og nettóþyngd, ár og framleiðsludag, nafn framleiðanda, nafn seljanda, framleiðsluland og hitastig í flutningi. Ennfremur skal auðkenna endurfrysta rækju. Framleiðanda, ár og framleiðsludag má tilgreina með dulmerki sem tilkynna skal Ríkismati sjávarafurða.

22. gr.

Rækja, sem fryst er um borð í veiðiskipum til endurvinnslu í landi, skal merkt með skipaskrárnúmeri skips og framleiðsludegi.

Ytri umbúðir skulu vera þannig, að rækjan verði ekki fyrir hnjaski í flutningi og sé vel varin fyrir utanaðkomandi áhrifum.

23. gr.

Þar sem fullvinnsla og hraðfrysting rækju fer fram, skal vera starfandi matsmaður við vinnsluna.

Matsmaður skal færa í löggilta dagbók allt sem máli skiptir varðandi vinnsluna, svo sem aldur hráefnis sem unnið er dag hvern, magn fullunninnar rækju, gæði hráefnis, stærðarflokka, hitastig í ferskri og fullunninni vöru, pakkningastærðir, magn landaðs hráefnis o. s. frv. Matsmaður staðfestir skráningar með undirskrift sinni.

V. KAFLI
Ákvæði um gæðaflokkun á ferskri rækju til vinnslu, svo og uppþíddri rækju til endurvinnslu og hraðfrystri rækju til útflutnings.

24. gr.

Rækja, ósoðin eða soðin, flokkast hæf eða óhæf til manneldis. Engir aðskotahlutir, önnur dýr eða botngróður skulu vera í rækjunni. Um ísun, kælingu og geymslu og magn í kössum skal fara eftir ákvæðum annarra greina reglugerðar þessarar.

25. gr.

Skylt er að gæða- og stærðarmeta allan rækjuafla.
Gæðamat skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Rækja, hæf til manneldis:
Rækjan skal vera ókramin og vel þvegin. Hún skal hafa eðlilegan lit og eða byrjandi litabreytingar á skel, sumar e. t. v. farnar að dökkna í haus. Hrogn blágræn eða farin að dökkna. Lykt má ekki bera vott um skemmdir af völdum gerla eða efnabreytinga.

Rækja, óhæf til manneldis:
Öll önnur rækja, svo sem illa þvegin eða kramin rækja, rækja, með ótvíræð skemmdareinkenni, miklar litarbreytingar á skel, rækja með dökkan haus (hrogn dökk), rækja með ammoníakslykt, svo og rækja, sem komist hefur í snertingu við olíu eða mengast af öðrum orsökum.

26. gr.

Heimilt er matsmönnum, að hafa hliðsjón af gerlagróðri rækju sem metin er. Ennfremur er þeim heimilt, að láta mæla og hafa hliðsjón af magni trímethylamíns (TMA) eða annarra efnasambanda í rækjunni.

27. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlög samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

28. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, til að öðlast gildi 1. ágúst 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma eru felld úr gildi ákvæði eldri reglugerða, sem brjóta í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Þorsteinn Geirsson.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna Garðakaupstaðar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðakaupstaðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961 með áorðnum breytingum.

2. gr.

Bæjarstjórn Garðakaupstaðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar til lykta ráðið, án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
   1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, ennfremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
   2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjármálastjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
   3. Hún hefur yfirumsjón með því að eigur bæjarins séu tryggilega varðveittar.
   4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.

B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún getur og gert heildaráætlun um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk eftir því sem ástæða þykir til.

C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur kýs bæjarstjórn fulltrúa kaupstaðarins á fundi samtaka sveitarfélaga, sem kaupstaðurinn er aðili að, svo og fulltrúa er kaupstaðnum kann að vera skylt að tilnefna samkvæmt lögum. Hún skipar einnig starfsmenn bæjarins, og semur um laun þeirra.

D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því sem þörf krefur o. s. frv.

II. KAFLI

Fundarsköp bæjarstjórnar.

3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnímánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmings bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal

varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þótt hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar, allar skriflegar tillögur skráðar, afgreiðslu mála, atkvæðagreiðslur og ályktanir.

Forseti sér um, að allt fari löglega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar, er sker þá úr.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

6. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar sem sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því að rétt sé fært til bókar.

Í forföllum fundarritara annast skrifarar bæjarstjórnar færslu gerðabókar í samráði við forseta.

Í gerðabók skal geta þess, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp gerðabók og skulu viðstaddir fulltrúar undirrita hana.

Hver sá fulltrúi, sem eigi er sammála hinum á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi annan hvern fimmtudag kl. 17, ef þörf krefur. Bæjarstjóri í samráði við forseta getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í janúar, júlí, ágúst og desember.

Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka fyrir kl. 20.00, nema meirihluti bæjarfulltrúa samþykki að halda fundi áfram.

8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda í samráði við forseta.

Á dagskrá skal taka:

1) Fundargerðir bæjarráðs og annarra lögmæltra nefnda, sem kunna þurfa staðfestingar bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2) Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr. samþykktar þessarar sbr. og 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjóra eða bæjarráði, lögmæltri nefnd eða bæjarfulltrúa að málið sé á dagskrá tekið.
3) Lögmæltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á að fjalla um að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu, fyrirspurn eða stuttri greinargerð eigi síðar en kl. 12.00 næsta þriðjudag fyrir fund. Heimilt er þó bæjarstjóra að verða við ósk um að mál sé tekið á dagskrá þótt síðar berist, enda hafi ósk um það borist áður en dagskrá er send bæjarfulltrúum.

Nú óskar þegn bæjarfélagsins, sem er utan bæjarstjórnar að erindi frá honum sé tekið á dagskrá bæjarstjórnar og skal þá bæjarstjóri vísa því til bæjarráðs eða þeirrar nefndar, sem það vegna efnis frekast heyrir undir og skal það tekið á dagskrá bæjarstjórnar, sem liður í fundargerð bæjarráðs eða nefndarinnar, nema erindið sé afgreitt með fullnaðarákvörðun bæjarráðs eða hlutaðeigandi nefndar.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar eigi síðar en kl. 20.00 næsta þriðjudag fyrir fund. Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá eftir því sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 7. gr., skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er forseta að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði verði afbrigði veitt með samþykki meirihluta bæjarfulltrúa.

9. gr.

Auglýsa skal fundi bæjarstjórnar um leið og dagskrá er borin út til bæjarfulltrúa á auglýsingatöflu á bæjarskrifstofunum.

Fundina skal auglýsa með dagskrá, nema um sé að ræða fundi fyrir luktum dyrum sbr. 10. gr.

10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði þegar þeir eru auglýstir.

Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðaukatillögur eða frávísunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um.

Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundarmönnum ráðrúm til að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur. Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti fellur það nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa frá með rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra eða nefnda eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fara fram tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer fram þannig, að bæjafulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal við hafa, ef forseti ákveður og ef bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar.

Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð.

Nöfnum varafulltrúa skal bæta inn í skrána í réttri stafrófsröð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala. Bæjarfulltrúi skal tala úr ræðustól, nema forseti leyfi annað.

Bæjarstjóri getur heimilað, ef ⅔ bæjarfulltrúa samþykkja, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

15. gr.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra um málefni, sem ekki er á dagskrá skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, þó er forseta heimilt að leyfa, að fyrirspurn sé borin fram á fundi, enda samþykki bæjarstjóri afbrigðin.

16. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ef bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann taka fram hvaða lið eða liði fundargerðar hann óskar að ræða og má ekki ræða nema eitt mál í einu.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

17. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum sé hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðum skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur um dagskrármál en tvo tíma meðan nokkur bæjarfulltrúa er á mælendaskrá (sbr. þó 7. gr.).

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir fulltrúar hið fæsta geta einnig borið fram slíkar tillögur og skulu þær líka afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

18. gr.

Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, sem hann vítir.

Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur slíta fundi.

19. gr.

Fundargerðir bæjarstjórnarfunda skal vélrita og senda bæjarfulltrúum og fyrstu varamönnum að fundi loknum, eða með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar sem haldinn er.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

20. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skylt að sækja fundi bæjarstjórnar og sitja þá til enda, nema lögmæt forföll hamli.

Honum er skylt er taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum t. d. forsetastörf, setu í nefndum o. s. frv.

Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Bæjarfulltrúum er skylt að koma prúðmannlega fram á bæjarstjórnarfundum og gæta þagnarskyldu um einkamál og hagi einstaklinga og félaga, sem þeir kynnu að fá vitneskju um sem bæjarfulltrúar. Þá er þeim og skylt að gæta hagsmuna og velferðar bæjarins út á við sem inn á við eftir sinni bestu getu og vinna og stuðla að friðsamlegri lausn deilumála.

21. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

22. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn. Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili.

23. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn af til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn. Hafi hann engan tilnefnt fer um varmenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

IV. KAFLI
Bæjarráð.

25. gr.

Á fyrsta bæjarstjórnarfundi í júní skulu kosnir 3 bæjarfulltrúar í bæjarráð og jafnmargir til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði, en ekki hefur hann þar atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn í ráðið.

Bæjarráð kýs sér formann og varaformann og má kjósa bæjarstjóra þótt hann sé ekki kjörinn í ráðið.

Bæjarráð skal halda fundi að jafnaði á þriðjudögum og fimmtudögum ef þörf krefur. Fundi bæjarráðs skal halda að jafnaði á tilteknum tíma dags, sem bæjarráð ákveður. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða tveir bæjarráðsmenn óska þess skriflega.

Bæjarstjóri undirbýr dagskrá bæjarráðsfunda í samráði við formann og sér um að fundarboð ásamt dagskrá og framlögðum gögnum berist öllum bæjarfulltrúum fyrir kl. 20.00 tveimur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé tilgreint á dagskrá, en skylt er þó að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, ef þess verður óskað.

Formaður sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum og úrskurðar um ágreiningsmál, sem rísa kunna út af fundarsköpum.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en í forföllum hans tilnefnir formaður bæjarráðs ritara í hans stað.

Í gerðabók skal greint frá því, hvar fundur sé haldinn og hvenær, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari. Þar skal greint frá framlögðum skjölum og efni þeirra í stuttu máli, svo og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Um fundarsköp bæjarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um bæjarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

26. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn málefna Garðakaupstaðar að því leyti, sem hún er ekki öðrum fengin samkvæmt lögum, reglugerðum eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarráð tekur samkvæmt heimild í 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 fullnaðarákvörðun um þau mál, sem til þess koma, nema um veruleg fjárhagsatriði sé að ræða eða málefni þar sem ákvörðun bæjarstjórnar er sérstaklega áskilin að lögum, enda sé eigi ágreiningur í bæjarráði né við bæjarstjóra um slíkar ákvarðanir.

Bæjarráð getur þó tekið lokaafgreiðslu í þeim málum, sem bæjarstjórn hefur vísað til þess til fullnaðarafgreiðslu.

27. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana og gerir tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins. Ennfremur hefur það eftirlit með allri starfsemi kaupstaðarins, sem ekki er falin öðrum samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar með þeim takmörkunum sem 47. gr. laga nr. 58/1961 setur. Í þeim tilvikum, að sérstökum nefndum bæjarstjórnar er falið að hafa með höndum tiltekna málaflokka, skal bæjarráð fjalla um fjárhagshlið málanna.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn hvernig varið skuli fé til verklegra framkvæmda, að því leyti, sem slíkt er ekki tekið fram í fjárhagsáætlun.

28. gr.

Óski bæjarfulltrúi, sem ekki er kjörinn í bæjarráð, að sitja fund í ráðinu vegna ákveðinna dagskráratriða, skal hann eigi síðar en degi næst á undan fundi bera þá ósk sína upp við bæjarstjóra, sem úrskurðar í samráði við formann ráðsins hvort við því skuli orðið. Bæjarstjóri skal í úrskurði sínum m. a. taka tillit til, hvort mál, er óskina varðar er til lokaafgreiðslu í bæjarráði. Bæjarfulltrúi, sem situr þannig fund ráðsins hefur málfrelsi í því máli einu, sem ósk hans um fundarsetu varðaði.

29. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs þegar til umræðu eru málefni, sem störf þeirra snerta og þess er óskað.

V. KAFLI

Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

30. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því sem lög mæla fyrir og samkvæmt sérstakri samþykkt bæjarstjórnar:

A. Til eins árs á fyrsta fundi í júní ár hvert.
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og jafnmarga til vara.
6. Þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð og jafnmarga til vara.
7. Kjörstjórnir:
   a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
   b) Þrjá menn í undirkjörstjórn og þrjá til vara.
8. Einn fulltrúa á aðalfund Hafnarsambands sveitarfélaga og einn til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar.
1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Garðakaupstaðar og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
2. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
3. Fimm menn í hafnarnefnd og fimm til vara.
4. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
5. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
6. Fjóra menn í heilbrigðisnefnd og fjóra til vara.
7. Þrjá menn í bókasafnsstjórn og þrjá til vara.
8. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara.
9. Þrjá menn í náttúruverndarnefnd og þrjá til vara.
10. Einn forðagæslumann.
11. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
12. Sex menn í áfengisvarnarnefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
13. Fimm menn í stjórn Tónlistarskóla Garðakaupstaðar og fimm til vara.
14. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
15. Tvo fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og tvo til vara.
16. Þrjá menn í umferðarnefnd og þrjá til vara.
17. Tvo menn í stjórn þinghúss og tvo til vara.
18. Einn mann í afréttanefnd og annan til vara.

19. Einn mann í fjallskilanefnd og annan til vara.
20. Einn mann í stjórn hjálparsjóðs Garðasóknar og annan til vara.
21. Tvo menn í almannavarnarnefnd Hafnarfjarðarumdæmis og sex til vara.
22. Fjóra menn í stjórn íþróttamannvirkja og fjóra til vara. Skólanefnd tilnefnir fimmta manninn í stjórnina.
23. Fimm menn í æskulýðsráð og fimm menn til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins. Að auki skipar bæjarstjórn tvo menn til eins árs í senn og tvo til vara að fenginni tillögu æskulýðsráðs samkvæmt tilnefningu frá starfandi tómstunda- og æskulýðsfélögum í bænum.

Bæjarstjórn hefur heimild til að endurskoða skipan nefnda á miðju kjörtímabili.

C. Aðrar nefndir vegna sérstakra samþykkta bæjarstjórnar.

Formenn skulu sjá um að nefndir séu boðaðar til fundar. Ef tveir nefndarmenn hið fæsta óska eftir að fundur sé haldinn í nefnd þeirri, sem þeir eiga setu í, geta þeir farið fram á það við nefndarformann og skal hann þá boða nefndina til fundar svo fljótt sem auðið er. Einnig getur bæjarstjóri boðað, að fundir skulu haldnir í nefndum, ef honum þykir ástæða til að ræða ýmis bæjarmál.

Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, sem starfa á vegum bæjarins, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykkt þessari.

31. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykktum bæjarstjórnar. Þar sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst er verkefnið er til lykta leitt eða ef bæjarstjórn leggur nefndina niður.

Fulltrúar starfsmanna eiga, ef þeir óska þess, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hjá þeim nefndum, sem fara með viðkomandi starfssvið.

Starfsmönnum bæjarins er skylt að mæta á fundi nefnda sé þess óskað.

32. gr.

Allar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

33. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur, nema annað sé tekið fram í lögum eða reglugerðum.

VI. KAFLI

Endurskoðendur.

34. gr.

Bæjarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn til að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til endurskoðunarstarfa.

Um framkvæmd endurskoðunarstarfa fer eftir ákvæðum d. liðar III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. maí ár hvert.

Kjörnir endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

35. gr.

Bæjarráð skal fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans og skal hann gæta þess að lögum og reglum um bókhald og endurskoðun sveitarfélaga sé fullnægt.

Senda skal hann bæjarráði skýrslu um niðurstöður sínar áður en bæjarráð gerir tillögur um afgreiðslu ársreikninga til bæjarstjórnar.

VII. KAFLI

Um bæjarstjóra.

36. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Nú næst ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að bæjarstjóri er í andstöðu við meirihluta bæjarstjórnar og getur þá ráðherra ákveðið að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

37. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn og bæjarráð gerir og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekið mál. Skylt er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtalstíma og sé hann auglýstur á skrifstofum bæjarins.

38. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og fastanefnda og hefur hann þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar. Ekki hefur hann þó atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar, nema hann sé bæjarfulltrúi og ekki á fundum bæjarráðs og nefnda, nema hann sé lögskipaður eða kjörinn nefndarmaður.

Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.

39. gr.

Samþykki bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, getur bæjarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn og skal þessi ákvörðun hans færð í gerðabókina.

Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má senda félagsmálaráðuneytinu skýrslu og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til ráðuneytisins.

Þá getur bæjarstjóri skotið til fullnaðarákvörðunar bæjarstjórnar ályktunum bæjarráðs sbr. 2. mgr. 27. gr.

40. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögboðin, samningsbundin eða leiða af fyrri samþykkt bæjarstjórnar eða fullnaðarákvörðun bæjarráðs, má ekki greiða nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

Ekkert gjald má greiða úr bæjarsjóði, nema bæjarstjóri ávísi því til greiðslu eða einhver sá, sem fengið hefur umboð hans eða bæjarráðs til slíks.

41. gr.

Bæjarritari gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans, nema bæjarstjórn feli öðrum. Bæjarstjóri getur falið honum meðferð tiltekinna málaflokka í umboði sínu, en þá samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur um það málefni.

Hann hefur með höndum umsjón með skrifstofum bæjarins og daglega stjórn á fjármálum bæjarsjóðs undir yfirstjórn bæjarstjóra, þar á meðal innheimtu tekna bæjarins.

VIII. KAFLI

Starfsmenn bæjarins.

42. gr.

Bæjarráð skipar fasta starfsmenn og veitir þeim lausn eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Fastar stöður skulu að jafnaði auglýstar til umsóknar, en heimilt er þó bæjarráði að skipa í stöðu án slíkrar auglýsingar. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í stöður hjá bænum, svo sem sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður. Um réttindi og skyldur starfsmanna bæjarstjórnar gilda ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt, nema annað sé sérstaklega ákveðið í samþykktum bæjarstjórnar. Bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar getur sett starfsmönnum erindisbréf og ákveðið þar starfssvið þeirra.

Skylt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

44. gr.

Uppsagnarfrestur fastra starfsmanna skal vera þrír mánuðir.

IX. KAFLI

45. gr.

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðakaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 76 5. mars 1976.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um náttúruminjaskrá.

Náttúruverndarráð hefur gengið frá nýrri náttúruminjaskrá, sbr. 28. gr. laga nr. 47/1971, svohljóðandi:

A. Friðlýstir staðir.

Eftirtaldir staðir eru friðlýstir samkvæmt lögum um náttúruvernd. Stærðartölur eru áætlaðar.

1. **Bláfjöll,** Grindavík, Kópavogi, Reykjavík, Selvogshr., Árn. Auk þess er Seltjarnarnes aðili að fólkvanginum. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 97/1973. Stærð 8 400 ha.
2. **Eldborg í Bláfjöllum,** Reykjavík. Fyrst friðlýst 1971. Lýst náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1974. Stærð 50 ha.
3. **Rauðhólar,** Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha.
4. **Reykjanesfólkvangur,** Hafnarfirði, Garðabæ, Grindavík, Kópavogi. Auk þess eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Keflavík, Njarðvík og Selvogshreppur aðilar að fólkvanginum. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Stærð 30 000 ha.
5. **Eldey,** Gull. Friðlýst með lögum 1940. Lýst friðland 1960. Friðlýsing endurskoðuð sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 119/1974. Stærð 2 ha.
6. **Ástjörn,** Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha.
7. **Hamarinn,** Hafnarfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1984. Stærð 2 ha.
8. **Tröllabörn í Lækjarbotnum,** Kópavogi. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5 ha.
9. **Víghólar,** Kópavogi. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1 ha.
10. **Borgir,** Kópavogi. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1981. Stærð 3 ha.
11. **Grótta,** Seltjarnarnesi. Lýst friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984. Stærð 5 ha.
12. **Laugarás,** Reykjavík. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982. Stærð 1 ha.
13. **Háubakkar við Elliðaárvog,** Reykjavík. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 347/1983. Stærð 2 ha.
14. **Varmárósar,** Mosfellshr., Kjós. Lýstir friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 453/1980. Stærð 10 ha.
15. **Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól,** Kjósarhr., Kjós. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha.
16. **Húsafellsskógur,** Hálsahr., Borg. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1974. Stærð 440 ha.
17. **Grábrókargígar,** Norðurárdalshr., Mýr. Friðlýstir sem náttúruvætti 1962. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1975. Stærð 34 ha.
18. **Eldborg í Hnappadal,** Kolbeinsstaðahr., Hnapp. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 309/1974. Stærð 150 ha.
19. **Búðahraun,** Staðarsv., Breiðuvíkurhr., Snæf. Lýst friðland 1977. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1979. Stærð 915 ha.

20. **Ströndin við Stapa og Hellna,** Breiðuvíkurhr., Snæf. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 355/1979. Stærð 75 ha.
21. **Bárðarlaug,** Breiðuvíkurhr., Snæf. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 445/1980. Stærð 50 ha.
22. **Melrakkaey,** Eyrarsveit, Snæf. Lýst friðland 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 118/1974. Stærð 9 ha.
23. **Hrísey í Barðastrandarsýslu,** Reykhólahr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 425/1977. Stærð 40 ha.
24. **Flatey,** Flateyjarhr., A-Barð. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 395/1975. Stærð 100 ha.
25. **Vatnsfjörður,** Barðastrandarhr. V-Barð. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Stærð 20 000 ha.
26. **Surtarbrandsgil,** Barðastrandarhr., V-Barð. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 103/1975. Stærð 150 ha.
27. **Fjallfoss,** Auðkúluhr., V-Ís. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 245/1981. Stærð 700 ha.
28. **Hornstrandir,** N-Ís. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 366/1975. Stærð 58 000 ha.
29. **Kattarauga,** Áshr., A-Hún. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 522/1975. Stærð 1 ha.
30. **Hrútey í Blöndu,** Blönduóshr., A-Hún. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 521/1975. Stærð 10 ha.
31. **Spákonufellshöfði,** Höfðahr., A-Hún. Friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 444/1980. Stærð 30 ha.
32. **Hveravellir á Kili,** Friðlýstir sem náttúruvætti 1960. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975. Stærð 170 ha.
33. **Miklavatn,** Skarðshr., Staðarhr., Skag. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1977. Stærð 1 550 ha.
34. **Friðland í Svarfaðardal,** Svarfaðardalshr., Eyf., Dalvík. Lýst friðland 1972. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Stærð 540 ha.
35. **Vestmannsvatn,** Aðaldælahr., Reykdælahr., S-Þing. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 30/1977. Stærð 600 ha.
36. **Mývatn og Laxá,** S-Þing. Svæðið er verndað með sérstökum lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, nr. 36/1974. Stærð 440 000 ha.
37. **Skútustaðagígar,** Skútustaðahr., S-Þing. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 399/1973. Stærð 28 ha.
38. **Herðubreiðarfriðland,** S-Þing. Friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 272/1974. Stærð 17 000 ha.
39. **Askja í Dyngjufjöllum,** S-Þing. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 194/1978. Stærð 5 000 ha.
40. **Jökulsárgljúfur,** Kelduneshr., N-Þing. Þjóðgarður stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stærð 15 100 ha.
41. **Álfaborg,** Borgarfjarðarhr., N-Múl. Stofnaður fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 71/1976. Stærð 10 ha.
42. **Hvannalindir í Krepputungu,** N-Múl. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 32/1973. Stærð 4 300 ha.
43. **Kringilsárrani,** N-Múl. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 524/1975. Stærð 8 500 ha.

44. **Fólkvangur Neskaupstaðar,** Neskaupstað. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1972. Stærð 300 ha.
45. **Helgustaðanáma,** Helgustaðahr., S-Múl. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 525/1975. Stærð 1 ha.
46. **Hólmanes,** Eskifjarðarhr., Reyðarfjarðarhr., S-Múl. Friðlýst sem fólkvangur og að hluta friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 393/1973. Stærð 260 ha.
47. **Teigarhorn** Búlandshr., S-Múl. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 518/1975. Stærð 120 ha.
48. **Díma í Lóni,** Bæjarhr., A-Skaft. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 523/1975. Stærð 8 ha.
49. **Lónsöræfi,** Bæjarhr., A-Skaft. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977. Stærð 32 000 ha.
50. **Ósland,** Hafnarhr., A-Skaft. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 427/1982. Stærð 15 ha.
51. **Esjufjöll** í Breiðamerkurjökli. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1978. Stærð 27 000 ha.
52. **Salthöfði,** Hofshr., A-Skaft. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 249/1977. Stærð 220 ha.
53. **Ingólfshöfði,** Hofshr., A-Skaft. Lýstur friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 388/1978. Stærð 90 ha.
54. **Háalda,** Hofshr., A-Skaft. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 519/1975. Stærð 5 ha.
55. **Skaftafell,** Hofshr., A-Skaft. Stofnaður þjóðgarður 1968. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 319/1984. Stærð 160 000 ha.
56. **Álftaversgígar,** Álftavershr., V-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3 650 ha.
57. **Dyrhólaey,** Mýrdalshr., V-Skaft. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Stærð 510 ha.
58. **Lakagígar,** V-Skaft. Friðlýstir sem náttúruvættir 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 215/1975. Stærð 16 000 ha.
59. **Friðland að Fjallabaki,** Rang. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Stærð 47 000 ha.
60. **Þjórsárver,** Árn., Rang. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 753/1981. Stærð 37 500 ha.
61. **Surtsey,** Vestmannaeyjum. Lýst friðland 1965. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 122/1974. Stærð 270 ha.
62. **Gullfoss,** Biskupstungnahr., Hrunamannahr., Árn. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 160 ha.

B. Náttúruminjar.

Hinni eiginlegu náttúruminjaskrá er skipt í tvo hluta. Í 1. hluta skrárinnar eru svæði sem stefnt er að því að friðlýsa svo fljótt sem unnt er og geta legið til þess ýmsar ástæður, svo sem sérlega mikil eða vel þekkt náttúruverðmæti, sérstakur vilji heimamanna o. fl. Einnig getur verið um að ræða verðmæt svæði sem eru í sérstakri hættu vegna umsvifa mannsins. Undirbúningur að friðlýsingu einstakra svæða er í nokkrum tilvikum langt á veg kominn. Í 1. hluta skrárinnar eru nú 36 svæði.

Undirbúningur að friðlýsingu svæða er oftast mikið verk og vandasamt. Því er ljóst að ekki verður unnt að friðlýsa nema hluta þeirra svæða, sem eru á náttúruminjaskrá á næstu árum. Í 2. hluta skrárinnar eru svæði, sem Náttúruverndarráð telur ekki ástæðu til eða hefur

ekki tök á að friðlýsa með jafn skjótum hætti og þau svæði sem talin eru í 1. hluta. Oft skortir frekari upplýsingar um þau svæði sem eru í 2. hluta skrárinnar, önnur svæði þar mega teljast sjálffriðuð, a. m. k. um sinn. Þá eru í 2. hluta svæði sem ekki búa yfir jafn miklum verðmætum að því er séð verður og svæði 1. hluta, en þetta kann að breytast með aukinni þekkingu. Rétt er að hafa í huga, að brýnt getur reynst að friðlýsa einhver þau svæði sem talin eru í 2. hluta áður en öll svæði 1. hluta hafa verið friðuð vegna breyttra aðstæðna. Í 2. hluta náttúruminjaskrárinnar eru nú 231 svæði og staðir.

Á skrá þessa eru færðar upplýsingar um víðáttu og náttúruverndargildi hvers svæðis um sig:

1) **Víðátta.** Hér eru mörk svæðis skilgreind eins og kostur er. Strandsvæði, eyjar, vatns- og árbakkar á skránni eru skilgreind á eftirfarandi hátt þar sem annað er ekki tekið fram:
   Fjörur eru þau svæði sem afmarkast annars vegar af efstu stórstraumsflóðamörkum og hins vegar af stórstraumsfjörumörkum.
   Með *grunnsævi* er hér átt við 250 m breitt svæði út frá neðri fjörumörkum.
   Með *strandlengju* er átt við 100 m breitt belti ofan við fjöru og/eða sjávarhamra.
   Fuglabjörg ná yfir björgin sjálf, fjöru og grunnsævi framan þeirra auk 100 m breiðrar landspildu ofan við bjargbrún. Ennfremur fellur hér undir 2 km breitt sjávarbelti, þar sem stefnt skal að banni við skotveiðum.
   Með einstökum *eyjum* er átt við landið, fjöruna og grunnsævið umhverfis eyna.
   Með *vötnum, tjörnum og ám* er átt við vatnið sjálft, eða farveg þess ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka og/eða gljúfrabrúna.
2) **Náttúruverndargildi.** Hér er t. d. getið um sérkenni og sérstöðu svæðisins og gildi þess almennt og fræðilega séð.

Fyrsti hluti

Fyrsti hluti náttúruminjaskrár er eins konar forgangsskrá yfir svæði sem stefnt er að því að friða svo fljótt sem unnt er.

1.1. **Eldborgir undir Geitahlíð,** Grindavík. (1) Stóra- og Litla-Eldborg ásamt hraunströðum og hrauni Stóru-Eldborgar norðan vegar. (2) Sérstæðar eldstöðvar frá nútíma. Stóra-Eldborg er af dæmigerðri eldborgargerð og á hún fáa sína líka.

1.2. **Straumsvík,** Hafnarfirði. (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

1.3. **Hvaleyrarlón og umhverfi,** Hafnarfirði, (1) Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. (2) Lífauðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.

1.4. **Fossvogsbakkar,** Reykjavík (1) Strandlengja í innanverðum Fossvogi frá botni hans að Nauthólsvík. (2) Setlög með skeljum frá síðasta hlýskeiði ísaldar.

1.5. **Elliðaárdalur,** Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.

1.6. **Myllulækjartjörn í Heiðmörk,** Reykjavík. (1) Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar. (2) Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Svæðið er innan Heiðmerkur, sem er umsjónarsvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur.

1.7. **Úlfarsá og Blikastaðakró,** Reykjavík, Mosfellshr., Kjós. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinnar, ennfremur Blikastaðakró og fjaran sunnan hennar að Geldinganesi ásamt um 50 m breiðu belti ofan fjöru. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.

1.8. **Deildartunguhver ásamt hverahól,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hverinn ásamt hverahólnum. (2) Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Einstætt gróðurfar.

1.9. **Vellir (Árhver),** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hverinn og nánasta umhverfi. Er á jarðamörkum Sturlureykja og Kjalvararstaða. (2) Goshver í miðri Reykjadalsá. Einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði.

1.10. **Barnafoss — Hraunfossar,** Hálsahr., Borg. Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Fossarnir og nánasta nágrenni þeirra í löndum Gilsbakka og Hraunsáss. (2) Hraunfossar spretta fram úr Hallmundarhrauni á norðurbakka Hvítár á alllöngum kafla neðan við Barnafoss. Mjög sérkennilegir og fagrir fossar.

1.11. **Tjarnir við Ytri-Garða,** Staðarsveit, Snæf. (1) Hofgarðatjörn og tjörnin Kúka ásamt votlendi umhverfis þær. (2) Gróðurmiklar tjarnir og votlendi, þar sem finnast sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf.

1.12. **Látrabjarg og Keflavíkurbjarg,** Rauðasandshr., V-Barð. (1) Fuglabjörgin frá Bjargtöngum allt austur að Brimnesi. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf.

1.13. **Seljalandsdalur og Tungudalur,** Skutulsfirði, N-Ís. (1) Dalirnir frá eggjum Eyrarfjalls, að hreppamörkum á Botnsheiði, um Austmannafall og Hnífa yfir Tunguá við Tunguskóg og þaðan á Skíðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, skógur, gil, ár og fossar. Ákjósanlegt útivistarsvæði.

1.14. **Húsavíkurkleif,** Kirkjubólshr., Strand. (1) Opna í millilag í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.

1.15. **Orravatnsrústir á Hofsafrétt,** Skag. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.

1.16. **Fossar í Bólugili,** Akrahr., Skag. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.

1.17. **Hólmarnir,** Akureyri, Öngulsstaðahr., Eyf. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

1.18. **Glerárgil,** Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli upp á móts við Hlífár á Glerárdal. (2) Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

1.19. **Tjörneslögin,** Tjörneshr., S-Þing. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir Breiðuvík. (2) Í sjávarbökkum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld með skeljum og surtarbrandi.

1.20. **Jökulsárgljúfur austan ár,** Öxafjarðarhr., N.-Þing. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Selfossi í suðri og norður að brú við Ferjubakka. Norðurmörk fylgja síðan þjóðvegi að Vaðkotsá og með henni suður á móts við Bjarnastaði. Þaðan sveigja mörk vestur fyrir ræktað land og upp með Landsá og til suðurs um Sjónþúfu, Reyði og Ytra-Norðmelsfjall og þaðan stystu leið í Jökulsá sunnan Selfoss. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

1.21. **Röndin við Kópasker,** Presthólahr., N.-Þing. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

1.22. **Votlendi í Hjaltastaðaþinghá,** Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Votlendissvæði milli Lagarfljóts og Selfljóts, frá Héraðsflóa suður undir Hjaltastað, auk Sandbrekkuness og mýrlendis vestan og norðan Kýrhöfða. Að vestan liggja mörk frá Bóndastöðum

um Torfatjörn og austan ræktaðs lands við Hrolllaugsstaði, Ásgrímsstaði, Móberg og Sand og þaðan í Lagarfljót. (2) Víðáttumiklir flóar með kílum og tjörnum, mikið til óframræst. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs.

1.23. **Hafrahvammagljúfur,** Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Gljúfur Jökulsár á Brú við Hafrahvamma frá Dysjará (Desjará) að Tröllagili og gljúfur Dysjarár upp fyrir foss. (2) Eitt hrikalegasta gljúfur landsins og gróðursælir hvammar meðfram því.

1.24. **Stóralda,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.

1.25. **Nýidalur (Jökuldalur) við Tungnafellsjökul.** (1) Nýidalur, frá botni og út fyrir Þvermóð. Að öðru leyti ráða vatnaskil til Jökuldalsár. (2) Einn gróskumesti dalur hálendisins.

1.26. **Dverghamrar,** Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Hamrarnir og nágrenni þeirra í landi Foss. (2) Mjög sérkennilegir stuðlabergshamrar, fornt brimklif.

1.27. **Kirkjugólfið við Kirkjubæjarklaustur,** Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Kirkjugólfið og næsta nágrenni þess. (2) Sérkennilegur sléttur stuðlabergsfláki í túni.

1.28. **Eldgjá,** V.-Skaft. (1) Eldgjá á Skaftártunguafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Hrikafagurt og fjölbreytilegt landslag.

1.29. **Skógafoss,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Skógafoss ásamt skógá með fossum upp að Þvergili. Er í landi Skóga. (2) Tignarlegur og fagur foss, um 60 m hár, margir smærri fossar.

1.30. **Drangurinn í Drangshlíð,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum, (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, áberandi einkenni í landslagi.

1.31. **Helgafell og Eldfell,** Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.

1.32. **Oddaflóð,** Rangárvallahr., Rang (1) Oddaflóð norður að Selalæk og Hólmaflóð austur undir bæinn Odda, ásamt Bökkum og Oddeyrum í Þverá. (2)Votlendi með einstæðu gróðurfari, mikið og sérstætt fuglalíf.

1.33. **Fjörur við Stokkseyri,** Stokkseyrarhr., Eyrarbakkahr., Árn. (1) Fjörur og grunnsævi frá Eyrarbakka austur að Baugsstaðasíki, ásamt landspildu milli fjöru og vegar, frá Gamla-Hrauni austur að ósi Skerflóðs. (2) Fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi, sérstætt lífríki.

1.34. **Ölfusforir,** Ölfushreppi Árn. (1) Ölfusforir, austan flotgröfuskurðar og vestan Ölfusár og Gljúfurár (Sandár), suður að Hrauni og norður að Vatnatjörn og Opnum. (2) Víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi.

1.35. **Hengilssvæðið,** Ölfushr., Grafningshr., Árn. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, jarðhiti.

1.36. **Herdísarvík og Stakkavík,** Selvogshr., Árn. (1) Jarðirnar Herdísarvík og Stakkavík. (2) Á svæðinu er að finna öll helstu lífsamfélög Reykjanesskaga.

Annar hluti

Í þessum hluta skrárinnar eru svæði, þar sem undirbúningsvinna friðlýsingar er af ýmsum ástæðum skemmra á veg komin en svæðanna á fyrsta hluta.

2.1. **Sprengigígasvæði við Krísuvík,** Hafnarfirði. (1) Grænavatn og Gestsstaðavatn ásamt Augum og öðrum sprengigígum. Hverir í nágrenni gíganna, Engjahver og Nýihver, ásamt hverasvæði við Seltún. (2) Merkilegt sprengigígasvæði, gróskumikill vatnagróður í Augum.

2.2. **Gígasvæði vestan í Vesturhálsi,** Vatnsleysustrandarhr., Gull., Grindavík. (1) Um 1 km breitt gígasvæði á vestanverðum hálsinum, liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngja til Selsvalla. (2) Mikið gígasvæði, a. m. k. 4 gígaraðir og stórir, fallegir gjallgígar klæddir mosakápu, þ. á m. Melhóll. Norðan við Selsvelli er Hverinn eini. Við Sogalækinn eru merkilegar selsrústir.

2.3. **Drykkjarsteinn,** Grindavík. (1) Stakur hraunklettur í skarðinu milli Slögu og Langahryggs ofan Ísólfsskála. (2) Tengdur fornum sögnum um ferðir vermanna til Grindavíkur.

2.4. **Hraunsvík og Festarfjall,** Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrólfsvík að Lambastapa, ásamt kríuvarpi austan Hraunsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Snotrir sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.

2.5. **Strandsvæði vestan Grindavíkur,** Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, snotur hraunkantur með sjávartjörnum.

2.6. **Reykjanestá og umhverfi,** Grindavík, Hafnarhr., Gull. (1) Norður- og austurmörk svæðisins liggja frá Lendingarmel norðan Stóru-Sandvíkur, með norðurjaðri Stampahrauns yngra, um Sýrfell og til sjávar í Mölvík. Sjávarströnd afmarkar svæðið að sunnan og vestan. (2) Sjávarhamrar, sérstæð volg sjávartjörn, allmikið hverasvæði og snotrar gígaraðir, Stampar. Vinsælt útivistarsvæði.

2.7. **Hafnaberg,** Hafnahr., Gull. (1) Fuglabjarg frá Lendingarmel að sunnan að eyðibýlinu Eyrarbæ að norðan. (2) Lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Einn aðgengilegasti staðurinn á Suðurlandi til skoðunar og rannsókna á bjargfugli.

2.8. **Ósar,** Hafnahr., Miðneshr., Gull. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, Vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

2.9. **Fjörur á Garðskaga,** Miðneshr., Gull. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Hvalnesi að Útskálum. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

2.10. **Látrar við Hvassahraun,** Vatnsleysustrandarhr., Gull. (1) Fjaran og strandlengjan frá Fögruvík að Stekkjarnesi suður að þjóðvegi ásamt ísöltum tjörnum og Hvassahraunskötlum sunnan vegar. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Sjávartjarnir með mismikilli seltu. Katlarnir eru reglulegar hraunkúpur, e. k. gervigígar, á sléttri klöpp í Hvassahrauni. Útivistarsvæði með mikið rannsókna- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli.

2.11. **Búrfell og Búrfellsgjá,** Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin, Búrfellsgjá og Selgjá, ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjárinnar. (2) Eldstöð frá nútíma, ein sérstæðasta hrauntröð landsins.

2.12. **Vífilsstaðavatn og Hraunsholtslækur,** Hafnarfirði, Garðabæ. (1) Vífilsstaðavatn ásamt 200 m spildu umhverfis vatnið. Hraunsholtslækur frá upptökum til ósa í Arnarnesvogi auk 200 m breiðrar spildu af Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. (2) Lítt raskað vatn með góðri veiði, snotur lækur milli hrauns og hlíðar. Vinsælt útivistarsvæði.

2.13. **Urriðakotsvatn,** Garðabæ. (1) Urriðakotsvatn allt. (2) Hraunjaðar, mýrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli.

2.14. **Bessastaðanes og fjörur á Álftanesi,** Bessastaðahr., Gull., Garðabæ, Hafnarfirði. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Vinsælt útivistarsvæði.

2.15. **Öskjuhlíð,** Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegar, Hlíðarfótar og Öskjuhlíðarskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum.

2.16. **Tjörnin og Vatnsmýrin,** Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.

2.17. **Valhúsahæð,** Seltjarnarnesi. (1) Kollur Valhúsahæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. (2) Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.

2.18. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes,** Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggarði. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum, ríkulegt fuglalíf. Jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeiði ísaldar og ísaldarlokum. Vinsælt útivistarsvæði.

2.19. **Vesturhorn Laugarness,** Reykjavík. (1) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, frá Kleppsvegi að sunnan norður á móts við Héðinsgötu. (2) Óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður.

2.20. **Grafarvogur,** Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu.

2.21. **Gufuneshöfði,** Reykjavík. (1) Vesturhluti Gufuneshöfða og fjaran framan hans. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjörið útivistarsvæði, gott útsýni.

2.22. **Viðey,** Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin og vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Vinsælt útivistarsvæði. Söguminjar.

2.23. **Eyjar á Kollafirði,** Reykjavík, Kjalarneshr., Kjós. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágar, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda.

2.24. **Leiruvogur og Varmá,** Mosfellshr., Kjós. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. Varmá frá upptökum til ósa. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi. Hluti svæðisins hefur þegar verið friðlýstur, Friðland við Varmárósa.

2.25. **Tröllafoss,** Mosfellshr., Kjalarneshr., Kjós. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Snotur foss í fallegu gljúfri á vinsælli gönguleið.

2.26. **Andríðsey,** Kjalarneshr., Kjós. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf, mesta varpeyjan við sunnanverðan Faxaflóa.

2.27. **Laxárvogur,** Kjósarhr., Kjós. (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Hvalfjarðareyrar. (2) Víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri.

2.28. **Þórufoss,** Kjósarhr., Kjós. (1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður.

2.29. **Brynjudalur og Botnsdalur,** Kjósarhr., Kjós., Hvalfjarðarstrandarhr., Borg. (1) Lönd Litla- og Stórabotns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi svo og Brynjudal og

Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins er í Botnsá.

2.30. **Leirárvogur,** Skilmannahr., Borg. (1) Fjörur og grunnsævi frá ósum Leirár og Súlueyri að norðan og Hvítanesi að sunnan. (2) Víðáttumiklar leirur með auðugu smádýralífi. Selalátur og fjöldi vaðfugla.

2.31. **Reykjadalsá,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Reykjadalsá frá Velli (Árhver) að mótum árinnar við Hvítá. (2) Lygn og gróðurmikil á, sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Vetrarstöðvar andfugla. Svigðumyndun árinnar er óvenju falleg.

2.32. **Jarðhitasvæði í Deildartungu,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hvera- og laugasvæði, sem nær frá Kársnesi norður að Deildartunguhver. Tilheyrir landi Deildartungu. (2) Samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum. Athyglisverður gróður og dýralíf.

2.33. **Sudda,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum dýjum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósködduðum laugum í Borgarfirði.

2.34. **Hægindakotshver,** Reykholtsdalshr., Borg. (1) Hver við bæinn Hægindi. (2) Hver í alfaraleið með allfjölbreyttu dýralífi. Nýttur til upphitunar íbúðarhúss, en er þó óskemmdur.

2.35. **Fossar í Rauðsgili,** Hálsahr., Borg. (1) Fossar í Rauðsgili ásamt nánasta umhverfi nálægt samnefndum bæ. (2) Einkar snotur fossaröð í fögru gili.

2.36. **Húsafell,** Hálsahr., Borg. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, Friðland í Húsafellsskógi.

2.37. **Hellar í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Surtshellir, Stefánshellir og Víðgelmir, svo og hraunið hið næsta þeim, Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.

2.38. **Arnarvatnsheiði og Tvídægra,** Mýr., V.-Hún. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk um Norðlingafljót frá Efri-Fljótsdrögum sunnan Bláfellstjarnar vestur á móts við Surtshelli. Þaðan liggja mörk vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell og Suðurmannasandfell í sýslumörk, sem afmarka austurhluta svæðisins. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Hvítár, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

2.39. **Grábrókarhraun og Hreðavatn,** Norðurárdalshr., Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði, Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimilsdal.

2.40. **Ferjubakkaflói — Ystatunga,** Borgarhr, Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Ferjubakkaflói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystutungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, Norðurá og síðan Hvítá að austan. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.

2.41. **Borgarfjörður utanverður,** Borg, Mýr. (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarvogi, Langárósi, ásamt utanverðum Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. Langárós upp að Skuggafossi. (2) Víðáttumikið grunnsævissvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars. Langárós er einn lengsti og frjósamasti árós landsins.

2.42. **Hjörsey — Straumfjörður,** Álftaneshr., Hraunhr., Mýr. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávartjarnir með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

2.43. **Löngufjörur,** Mýr., Hnapp. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá ökrum og Hvalseyjum í Hraunhreppi vestur fyrir Sauratjörn í Miklaholtshreppi svo og Laxárbakkaflói og Glámsflói. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

2.44. **Barnaborg og Barnaborgarhraun,** Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Barnaborg ásamt öllu Barnaborgarhrauni. (2) Úfið apalhraun frá nútíma, víða lyngi- og kjarrivaxið, runnið frá Barnaborg, eldvarpi í miðju hrauninu, kjörið útivistarsvæði.

2.45. **Gerðuberg,** Eyjahr., Hnapp. (1) Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, ásamt brekkum niður að þjóðvegi. (2) Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur.

2.46. **Gullborg og Gullborgarhellar,** Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Gullborg ásamt hrauni, þar sem eru Borgarhellir, Vegghellir og Flórhellir, auk tveggja nafnlausra hella. Tilheyrir landi Syðra-Rauðamels, Heggstaða og Hraunholta. (2) Gígur og sérkennilegir hraunhellar með töluverðum dropsteinsmyndunum.

2.47. **Rauðamelsölkelda,** Eyjahr., Hnapp. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum landsins.

2.48. **Ölkelda,** Staðarsveit, Snæf. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, snotur ölkelda.

2.49. **Lýsuhóll,** Staðarsveit, Snæf. (1) Laug og kalkútfellingar við bæinn Lýsuhól, ásamt hallamýri ofan þeirra að brekkurótum. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina.

2.50. **Bjarnarfoss,** Staðarsveit, Snæf. (1) Foss suðaustur af Mælifelli, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra. (2) Hár og tignarlegur foss, sem blasir við frá Búðum. Tilkomumiklir hamrar og sérstæður gróður.

2.51. **Undir Jökli,** Breiðuvíkurhr., Snæf. (1) Lönd býla vestan Snæfellsjökuls frá Dagverðará að sunnan að Skarðsvík og Gufuskálamóðu að norðan. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.

2.52. **Svöðufoss,** Neshr., Snæf. (1) Foss í Hólmkelsá, suðaustur af Ingjaldshóli svo og umgjörð fossins. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergshömrum beggja vegna.

2.53. **Búlandshöfði,** Fróðárhr., Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða. (2) Merk jarðlög með steingerðum skeljum.

2.54. **Stöð (Brimlárhöfði),** Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeiði á ísöld.

2.55. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn,** Helgafellssveit, Snæf. (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Hraunsfjarðarvatni, Baulárvallavatni og Selvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífauðugar fjörur, veiðivötn. Svæðið er kjörið til útivistar.

2.56. **Fjörur í Álftafirði, Vigrafirði og Hofsstaðavogi,** Helgafellssveit, Skógarstrandarhr., Snæf. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyjar, svo og í Hofsstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

2.57. **Helgafell,** Helgafellssveit, Snæf. (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.

2.58. **Elliðaey,** Stykkishólmshr., Snæf. (1) Öll eyjan ásamt Breiðhólma og Dýrhólma. (2) Sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið fuglalíf.

2.59. **Hrappsey og Klakkeyjar,** Klofningshr., Dal. (1) Hrappsey, Skarða, Dinvanarklakkar og Stekkjarey. (2) Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð berggerð í Hrappsey.

2.60. **Saltadý,** Haukadalshr., Dal. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.

2.61. **Tungustapi,** Hvammshr., Dal. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum.

2.62. **Skeljaleifar í Kaldrana,** Saurbæjarhr., Dal. (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar.

2.63. **Ásmóðarey,** Skarðshr., Dal. (1) Ásmóðarey, ásamt Svartbakaskeri út af Skarðsströnd. (2) Eyjar með fjölskrúðugu fuglalífi.

2.64. **Rauðseyjar,** Skarðshr., Dal. (1) Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker. (2) Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar. Fjölbreytt fuglalíf.

2.65. **Breiðafjarðareyjar,** Snæf., Dal., A.- og V.-Barð. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, selalátur, auðugar fjörur. Æskilegt að settar verði reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis, bæði frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, búsetu og hlunninda.

2.66. **Klofningur,** Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Sérstætt landslag, mikið og fjölbreytt fuglalíf.

2.67. **Diskæðarsker og Langey,** Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjarnar tilheyra Flateyjarlöndum. (2) Diskæðarsker er jarðfræðilega sérstætt. Gróskumikill gróður og fjölbreytt fuglalíf í Langey.

2.68. **Hergilsey,** Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Eyjan öll. (2) Óbyggð eyja, fjölbreytt að landslagi, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.

2.69. **Oddbjarnarsker,** Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Lítil eyja um 11 km vestur af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki, söguminjar.

2.70. **Sauðeyjar,** Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Eyjaklasi undan Vatnsfirði sunnan frá Flötuflögu norður fyrir Æðarsker, tilheyrir Haga. (2) Fagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.

2.71. **Borgarland — Berufjörður,** Reykhólahr., A.-Barð. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. Fjörur í Berufirði öllum út að Bjartmarssteini að austan og Börmum að vestan, ásamt Barmahlíð. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi. Lífmiklar þangfjörur og leirur, gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur í Barmahlíð.

2.72. **Norðurströnd Þorskafjarðar,** Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir ásamt skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar, milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Miklar fjörur og fjölbreytt landslag. Ofan strandar tekur við þéttur skógur. Mjög gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.

2.73. **Fjörur í Djúpafirði,** Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur í Djúpafirði öllum út að Grónesi og Hallsteinsnesi. (2) Mjög víðlendar, og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi.

2.74. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes,** Múlahr., A.-Barð., Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattarfjarðarár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.

2.75. **Seljárgil í Vaðalsdal,** Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Jarðlög með blaðförum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertíer.

2.76. **Bæjarvaðall,** Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. (2) Víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur með fjölbreyttu dýralífi.

2.77. **Hafnarvaðall,** Örlygshöfn, Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.

2.78. **Þórishlíðarfjall,** Ketildalahr., V.-Barð. (1) Setlög með blaðförum í Þórishlíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis á tertíer.

2.79. **Geirþjófsfjörður,** Suðurfjarðarhr., V.-Barð. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófæruness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

2.80. **Keldudalur,** Þingeyrarhr., V-Ís. (1) Keldudalur og Hraunsland. Afmarkast annars vegar af hæstu fjallseggjum og hins vegar af Dýrafirði. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjalllendi. Framhlaup og jökulminjar.

2.81. **Ketilseyri í Dýrafirði,** V.-Ís. (1) Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. (2) Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.

2.82. **Botn og Drangar í Dýrafirði,** Mýrahr., Þingeyrarhr., V.-Ís. (1) Lambadalur, Lambadalshlíð, Botnsland og Drangar. Að vestan liggja mörk um Bæjará og Lambadalsá að sýslumörkum í Lambadalsskarði. Að austan og sunnan ráða sýslu- og hreppamörk. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar.

2.83. **Holtsengi og Vöð í Önundarfirði,** Mosvallahr., V.-Ís. (1) Fjöru- og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og Bjarnardalsóss. (2) Fjölbreytt lífríki.

2.84. **Botn í Súgandafirði,** Suðureyrarhr., V.-Ís. (1) Ysti hluti Botnslands inn að Gyltuskarði, ásamt hlíðum. Að norðan ráða sýslumörk og hreppamörk að sunnan. (2) Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa. Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.

2.85. **Gil í Syðridal,** Bolungarvík, N.-Ís. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal, (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer. Fjölsótt útivistarsvæði.

2.86. **Fjörur í botni Skutulsfjarðar,** Ísafjarðarkaupstað. (1) Fjörur í botni Skutulsfjarðar frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. (2) Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.

2.87. **Arnarnes,** N.-Ís. (1) Strandlengjan ásamt fjörum, frá Stóra- BásІ í Skutulsfirði, um Arnarnes og inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

2.88. **Hestfjarðarbrúnir og Eiði,** Súðavíkurhr., N.-Ís. (1) Vestanverður botn Hestfjarðar sunnan frá hreppamörkum að Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar, ásamt Eiði. Að vestan fylgja mörkin 300 m hæðarlínu, en strönd Hestfjarðar að austan. (2) Sérstæðar sjávarrofsmyndanir. Birkikjarr.

2.89. **Mjóifjörður,** Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Vestanverður Mjóifjörður Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látrar, ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan um hreppamörk allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.

2.90. **Botn Ísafjarðar,** Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

2.91. **Reykjanes við Ísafjörð,** Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

2.92. **Vatnsfjarðarnes og Borgarey,** Reykjafjarðarhr., N.-Ís. (1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði ásamt Borgarey. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir. Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.

2.93. **Kaldalón,** Nauteyrarhr., Snæfjallahr., N.-Ís. (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi austan Lónseyrar og Kaldár upp að fjallsbrúnum allt að Votubjörgum og Jökulholti. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

2.94. **Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps hins forna,** Snæfjallahr., N.-Ís. (1) Svæðið sunnan Skorarheiðar að mörkum hins forna Grunnavíkurhrepps frá Geirólfsnúp að vatnaskilum í Drangajökli. Að vestan ráða vatnaskil og síðan Jökulsá til sjávar í Leirufirði. (2) Hrikaleg fjöll og sérstæð náttúrufegurð ásamt fjölskrúðugu lífi. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað friðlandinu á Hornströndum.

2.95. **Drangaskörð,** Árneshr., Strand. (1) Hrikalegur klettarani austur úr Drangahálsi norðan Drangavíkur ásamt undirlendi. (2) Stórskorinn klettarani með djúpum skörðum mótaður af rofi jökla frá ísöld.

2.96. **Veiðileysufjörður — Kaldbaksdalur,** Árneshr., Kaldrananeshr., Strand. (1) Fjallendið milli Veiðileysufjarðar og Kaldbaksdals. Að sunnan og austan ráða vatnaskil til Kaldbaksdals allt að Strýtu og síðan Bæjará í botn Veiðileysufjarðar. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag.

2.97. **Tröllatunga,** Kirkjubólshr., Strand. (1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.

2.98. **Mókollsdalur,** Fellshr., Strand. (1) Steingervingalög í Hrútagili í Mókollsdal, er í landi Þrúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.

2.99. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrútafirði,** Bæjarhr., Strand. (1) Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeldýraleifum frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu á miðbiki nútíma, fyrir 4—5000 árum.

2.100. **Hindisvík,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta selalátur á Norðurlandi.

2.101. **Hvítserkur,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Hvítserkur í vestanverðum botni Húnafjarðar. (2) Sérkennilegur brimsorfinn berggangur í sjó.

2.102. **Björg — Borgarvirki,** Þverárhr., V.-Hún. (1) Að vestan fylgja mörk vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á móts við Hrútatanga og síðan vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ráða hreppa- og sýslumörk allt norður í Bjargaós. (2) Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.

2.103. **Kerafossar,** Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjaá í Víðidal. (2) Fríðir fossar og flúðir, skessukatlamyndanir.

2.104. **Kolugil,** Þorkelshólshr., V.-Hún (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá. (2) Þröngt og djúpt gljúfur, víða gróðurríkt með fallegum fossum, Kolugilsfossum.

2.105. **Bakkabrúnir í Víðidal,** Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þykk setlög með steingerðum leifum plantna frá einu af hlýskeiðum ísaldar.

2.106. **Vatnsdalshólar,** Sveinsstaðahr., A.-Hún. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.

2.107. **Eylendið, Flóðið og Húnavatn,** Sveinsstaðahr., Torfalækjarhr., A.-Hún. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum, Eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa, Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmar og vötn með fjölbreyttu lífi.

2.108. **Kálfshamarsvík á Skaga,** Skagahr., A.-Hún. (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum, lón með varphólma.

2.109. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará,** Áshr., A.-Hún. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum, surtarbrandur.

2.110. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara,** Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Vötnin ásamt hólmum og bökkum. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í hólmum.

2.111. **Blöndugil og Rugludalur,** Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Árgljúfur Blöndu frá norðurenda Reftjarnarbungu niður undir Þröm ásamt Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.

2.112. **Botn Vesturdals (Hofsárdals),** Skag. (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá.

2.113. **Kotagil og Skeljungssteinn,** Akrahr., Skag. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur allangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.

2.114. **Malarásar í Sæmundarhlíð,** Seiluhr., Staðarhr., Skag. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.

2.115. **Austara-Eylendið,** Rípurhr., Viðvíkurhr., Skag. (1) Óshólmasvæði Austari-Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari-Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.

2.116. **Ketubjörg á Skaga,** Skefilsstaðahr., Skag. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.

2.117. **Drangey,** Skag. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnípt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri.

2.118. **Höfðavatn og Þórðarhöfði,** Hofshr., Skag. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.

2.119. **Reykjarhóll á Bökkum,** Haganeshr., Skag. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum.

2.120. **Ríplarnir á Ufsaströnd,** Dalvíkurhr., Eyf. (1) Hólsrípill og Sauðakotsrípill ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jökulurðir frá lokum ísaldar.

2.121. **Hraunsvatn — Vatnsdalur,** Öxnadalshr., Eyf. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, Hraundröngum.

2.122. **Leyningshólar og Hólahólar,** Saurbæjarhr., Eyf. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegar í innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og skógarleifum, fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði.

2.123. **Krossanesborgir,** Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi . Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.

2.124. **Hörgárósar,** Glæsibæjarhr., Arnarneshr., Eyf. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.

2.125. **Grímsey,** Eyf. (1) Grímsey norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum. (2) Miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

2.126. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda,** Grýtubakkahr., Hálshr., Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Látraströnd, Fjörður, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk eru um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. Kjörið útivistarsvæði til alhliða náttúruskoðunar.

2.127. **Lónin og Laufáshólmar,** Grýtubakkahr., S.-Þing. (1) Ósasvæði Fnjóskár og gilið upp fyrir Laufásfossa, Lónin í Höfðahverfi auk Nesmóa og Flæðiengja allt norður að Hólsá og Gljúfurá. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

2.128. **Melar við Illugastaði,** Hálsahr., S.-Þing. (1) Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.

2.129. **Bleiksmýrardalur,** Hálshr., S.-Þing. (1) Dalurinn upp að fjallsbrúnum frá Reykjum að Skarðsöxl sunnan Gönguskarðs. (2) Fjölbreytilegt landslag, berghlaup, jarðhiti við Reyki og birkiskógur í hlíðum.

2.130. **Tungnafellsjökull.** (1) Jökullinn norðan vatnaskila til Jökuldalsár ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurminjum.

2.131. **Gæsavötn við Gæsahnjúk,** S.-Þing. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsahnjúk og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin, um 920 m y. s.

2.132. **Laufrönd og Neðribotnar,** S.-Þing. (1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. (2) Gróðursælt umhverfi tjarna og lindavatna, 7—800 m y. s. Sérstætt fuglalíf.

2.133. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss.,** Bárðdælahr., S.-Þing. (1) Skjálfandafljót ásamt bökkum, frá og með Hrafnabjargafossi og upp fyrir Ingvararfoss. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið.

2.134. **Ljósavatn,** Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.

2.135. **Goðafoss,** Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Fossinn og gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.

2.136. **Þingey,** Ljósavatnshr., Reykdælahr., S.-Þing. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurríkar eyjar. Söguhelgi.

2.137. **Varastaðaskógur,** Reykdælahr., S.-Þing. (1) Skóglendi milli Ljótsstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár.

2.138. **Halldórsstaðir,** Reykdælahr., S.-Þing. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp í heiði.

2.139. **Gervigígaþyrpingar í Aðaldal,** Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlsstaði, Tjörn og Knútsstaði. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.

2.140. **Votlendi á Sandi og Sílalæk,** Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi.

2.141. **Þeistareykir,** Reykjahr., S.-Þing. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól, jarðhitaplöntur.

2.142. **Vítin á Reykjaheiði,** Reykjahr., S.-Þing. (1) Stóra- og Litlavíti á Þeistareykjabungu ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jarðeldamyndanir, formfagur hraungígur frá nútíma.

2.143. **Voladalstorfa (Tjörnestá),** Tjörneshr., S.-Þing. (1) Nesið milli Sandvíkur og Breiðuvíkur. (2) Lundabyggð og sérkennileg móbergshamraströnd.

2.144. **Mánáreyjar,** Tjörneshr., S.-Þing. (1) Háey og Lágey. (2) Allmiklar byggðir sjófugla.

2.145. **Votlendi við Öxarfjörð,** Kelduneshr., N.-Þing. (1) Um 3 km breið strandlengja vestan frá Lóni austur að hreppamörkum við Núpa, auk Litluár að Brunnum. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Starengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.

2.146. **Norðausturhorn Melrakkasléttu,** Presthólahr., Raufarhafnarhr., N.-Þing. (1) Norðausturhorn Sléttu. Að vestan liggja mörk frá Blikalóni með vesturjaðri Blikalónsdals suður á móts við Grænuás á Austursléttuheiði. Suðurmörk liggja um Grænur og þaðan sunnan Steinunnarvatns í Miðás við Glápavötn, Melrakkaás og austur í Bæjarvík norðan Raufarhafnar. (2) Víðáttumiklar mýrar, lóna- og straumvatnakerfi, sjávarfitjar. Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ, mikið fuglalíf. Sigdalur með miklu grunnvatnsstreymi, lindir.

2.147. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall,** Skeggjastaðahr., N.-Múl. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert gróðurfar.

2.148. **Fuglabjarganes,** Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes í Vopnafirði, frá Litluá að Hámundarstöðum. (2) Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.

2.149. **Nípslón og Skógalón,** Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Fjörur og grunnsævi í Nípslóni og Skógalóni inn af Nípsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

2.150. **Fagradalsfjöll — Kollumúli,** Vopnafjarðarhr., Hlíðarhr., N.-Múl. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Gróður með útnesjasvip.

2.151. **Hrafnabjörg,** Hjaltastaðahr., N-Múl. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stórurð og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup, fjölbreytt og sérstætt landslag.

2.152. **Loðmundarfjörður og Víkur,** Borgarfjarðarhr., N.-Múl. (1) Svæðið frá Hafnarbjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar. Að sunnan og vestan ráða hreppa- og sýslumörk norður að Hvannstóðseggjum, en þaðan fylgja mörk vatnaskilum. (2) Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum, líparíti og fjölskrúðugum og sérstæðum gróðri.

2.153. **Vestdalur og Vestdalseyri,** Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vestdalur, Vestdalsá ásamt Vestdalseyri frá Háubökkum og Hrútahjalla að Grýtuá. Að vestan og norðan ráða sýslu- og hreppamörk. (2) Grösugt dalverpi norðan undir Bjólfi og eyri með minjum um byggð.

2.154. **Austdalur,** Seyðisfjarðarhr., N.-Múl. (1) Vatnasvið Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.

2.155. **Stuðlafoss,** Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Stuðlafoss hjá samnefndum bæ á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss.

2.156. **Kverkfjöll — Krepputunga,** N.-Múl. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.

2.157. **Eyjabakkar,** Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal, frá Eyjabakkafossi inn að Eyjabakkajökli. (2) Óvenju grösugt votlendi í um 650 m y. s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell.

2.158. **Hengifossárgljúfur,** Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.

2.159. **Ranaskógur og Gilsárgil,** Fljótsdalshr., N.-Múl. Vallahr., S.-Múl. (1) Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur.

2.160. **Vatnsskógar, Skriðuvatn og Haugahólar,** Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Skriðuvatn og vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls milli Forviðarár og Stuttadalsár, í landi Vatnsskóga og Hauga. (2) Stórbrotið framhlaup og lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

2.161. **Þingmúli í Skriðdal,** Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá Hálsamótum út að ármótum. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup, steingervingar frá tertíer. Söguminjar.

2.162. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil,** Egilsstaðahr., S.-Múl. (1) Eyvindarárgil ofan brúar á Úthéraðsvegi. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju. Að vestan fylgja mörk Eyvindará, en fjallsbrúnum að austan. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaðakauptúns.

2.163. **Fjarðardalur,** Mjóafjarðarhr., S.-Múl. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, Klifbrekkufossar í Fjarðará.

2.164. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir,** Norðfjarðarhr., S.-Múl. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máríánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarrivaxnar hlíðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.

2.165. **Skrúður,** Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Eyjan Skrúður í landi Vattarness. (2) Gróin klettaeyja, miklar sjófuglabyggðir.

2.166. **Sandfell í Fáskrúðsfirði,** Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.

2.167. **Blábjörg við Berufjörð,** Beruneshr., S.-Múl. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hólmum utar. Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikrubergslagi sem mynda með tanga og hólum fallega heild.

2.168. **Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog,** Búlandshr., S.-Múl. (1) Hálsar og svæði ofan þjóðvegar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan á móts við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.

2.169. **Papey,** Búlandshr., S.-Múl. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi.

2.170. **Álftafjörður,** Geithellnahr., S.-Múl. (1) Grunnsævi og fjörur í Álftafirði, sunnan Brimilsness. (2) Víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri.

2.171. **Hofsdalur og Tunga (Hofstunga),** Geithellnahr., S-Múl. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Suðurár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir snotrir fossar, einkum í Hofsá.

2.172. **Lónsfjörður — Hvalnes,** Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.

2.173. **Þórisdalur,** Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðvegar. Að sunnan fylgja mörk Laxá og síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.

2.174. **Laxárdalur,** Nesjahr., A.-Skaft. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn, talsvert fuglalíf.

2.175. **Skarðsfjörður,** Nesjahr., Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.

2.176. **Baulutjörn,** Mýrahr., A.-Skaft. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið fuglalíf.

2.177. **Viðborðsdalur,** Mýrahr., A.-Skaft. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkisheiði frá Selhvammi að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2) Stórbrotið landslag með kjarrlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum.

2.178. **Steinadalur og Staðarfjall,** Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.

2.179. **Hrollaugseyjar,** Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði.

2.180. **Breiðamerkursandur,** Borgarhafnarhr., Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. (2) Jökulsáraurar og ýmsar jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Athyglisvert gróðurfar, mikið fuglalíf, selir.

2.181. **Eystrihvammur við Kvísker,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Hvammurinn allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Kjarrivaxinn hvammur með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf.

2.182. **Jökulöldur við Kvíárjökul,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul. (2) Einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu, við alfaraleið.

2.183. **Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Hamarbelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.

2.184. **Svínafellslögin,** Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeiði ísaldar.

2.185. **Núpsstaðarskógur og Grænalón,** Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Svæði frá Núpsá og Súlu að sýslumörkum á Skeiðarársandi, frá þjóðvegi norður og austur í jökul. (2) Sérstætt svæði um náttúrufar og fegurð.

2.186. **Fjaðrárgljúfur,** Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi.

2.187. **Grenlækur,** Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.

2.188. **Steinsmýrarflóð,** Leiðvallahr., V.-Skaft. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn, mikið fuglalíf.

2.189. **Syðsti hluti Reynisfjalls, Reynisdrangar og Hellnaskagi,** Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar, mikið fuglalíf, sögulegar minjar.

2.190. **Dyrhólaós,** Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Dyrhólaósi. (2) Sjávarleirur með sérstæðum lífsskilyrðum, mikið fuglalíf. Einu sjávarleirurnar á Suðurlandi.

2.191. **Skammadalskambar í Mýrdal,** Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á dreif um móbergið.

2.192. **Loftsalahellir,** Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Hellirinn ásamt nánasta umhverfi. (2) Sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafelli. Sögustaður.

2.193. **Eyjarhóll,** Mýrdalshr., V.-Skaft. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið jarðsilsbrekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna jarðsils.

2.194. **Kvernugil,** A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, Kvernufossi.

2.195. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi,** V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.

2.196. **Litli- og Stóri-Dímon,** V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Höfðarnir Litli- og Stóri-Dímon í landi Eyvindarkots. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.

2.197. **Nauthúsagil,** V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, snotur foss.

2.198. **Þórsmörk,** Rang. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.

2.199. **Bleiksárgljúfur,** Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur, fjölbreyttur gróður.

2.200. **Merkjárfoss (Gluggafoss),** Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.

2.201. **Elliðaey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

2.202. **Ystiklettur,** Vestmannaeyjum. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.

2.203. **Hellisey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikill bjargfugl.

2.204. **Súlnasker,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja, Mikill bjargfugl, bæði utan í og ofan á eynni.

2.205. **Skúmsstaðavatn,** V.-Landeyjahr., Rang. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Rangársands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð, mikið fuglalíf.

2.206. **Safamýri,** Ásahr., Djúpárhr., Rang. (1) Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Að sunnan liggja mörk um Þríkeldur og Hesthólma. (2) Gróðurmikil vötn og mýrlendi, mikilvægur viðkomustaður farfugla.

2.207. **Sauðholtsnes,** Ásahr., Rang. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðás og Kálfalæk að norðan. (2) Víðáttumiklar og lífríkar mýrar, mikið og fjölbreytt fuglalíf.

2.208. **Veiðivötn,** Rang. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra, Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungná ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m y. s. Vinsælt útivistarsvæði.

2.209. **Fossar í Fossá,** Gnjúpverjahr., Árn. (1) Hjálparfoss, Háifoss og Granni í Þjórsárdal, ásamt nánasta umhverfi þeirra. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði, Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins.

2.210. **Gjáin í Þjórsárdal,** Gnúpverjahr., Árn. (1) Gjáin öll ásamt Gjáfossi í Rauðá. (2) Sérstætt gljúfur, snotur foss og athyglisverðar bergmyndanir.

2.211. **Kerlingarfjöll,** Árn. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um bringur, en Kisubotna og Mosdal að austan. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.

2.212. **Þjófadalir og Jökulkrókur,** Árn. (1) Þjófadalir, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin um Rauðakoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra- Sandfell að sunnan. (2) Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul, grösug dalverpi í yfir 600 m y. s.

2.213. **Hvítárvatn og Hvítárnes,** Árn. (1) Vatnið ásamt Fróðárdal, Hvítárnesi og Tjarnheiði, vestan Kjalvegar hins forna. (2) Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. (2) Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár.

2.214. **Austurbakki Hvítárgljúfurs,** Hrunamannahr., Árn. (1) Bakkin, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag, skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins.

2.215. **Brúarhlöð,** Hrunamannahr., Biskupstungnahr., Árn. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá — Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinnar. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.

2.216. **Pollengi,** Biskupstungnahr., Árn. (1) Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts frá ármótum allt norður og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot ásamt Tunguey. (2) Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.

2.217. **Höfðaflatir,** Skeiðahr., Hrunamannahr., Árn. (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við Iðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfar, allmikið fuglalíf.

2.218. **Brúará og Brúarárskörð,** Laugardalshr., Biskupstungnahr., Árn. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður fyrir Brúarfoss. (2) Sérstæð á með óvenjulegum fossi, fjölskrúðugur gróður, tilkomumikið landslag.

2.219. **Laugarvatn,** Laugardalshr., Árn. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendi umhverfis það, að einhverju leyti undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.

2.220. **Tintron,** Laugardalshr., Árn. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóru-Dímon. (2) Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.

2.221. **Kerið,** Grímsneshr., Árn. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur sprengigígur í gjallgígaþyrpingu í þjóðbraut.

2.222. **Neðra-Sog,** Grafningshr., Grímsneshr., Hraungerðishr., Árn. (1) Neðra-Sog frá ármótum Hvítár ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins ásamt Þrastaskógi og eignarhluta Alviðrustofnunar í Öndverðarnesi I að austan. Að vestan ráða vatnaskil. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjörið útivistarsvæði.

2.223. **Varmá,** Ölfushr., Árn. (1) Varmá frá upptökum að Ölfusforum. (2) Óvenjulegt straumvatn, mikið vísindalegt gildi.

2.224. **Hraunbollar,** Selfossi, Árn. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma.

2.225. **Bæjarvatn,** Gaulverjabæjarhr., Árn. (1) Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn, sérstæður gróður.

2.226. **Hafnarnes við Þorlákshöfn,** Ölfushr., Árn. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

2.227. **Fjörumörk við Hjalla,** Ölfushr., Árn. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnullungafjara í um 55 m y. s.

2.228. **Raufarhólshellir,** Ölfushr., Árn. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.

2.229. **Eldborg undir Meitlum,** Ölfushr., Árn. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur í Kristnitökuhrauni.

2.230. **Eldborgir við Lambafell,** Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagrar eldstöðvar frá nútíma.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 58, 27. febrúar 1982.

Menntamálaráðuneytið, 2. júlí 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Þórarinsson.


FRIÐLÝST SVÆÐI
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
REYKJAVÍK 1984
0
50
100 km
HORNSTRANDIR
VATNSFJÖRÐUR
FJALLFOSS
SURTARBRANDSGIL
FLATEY
ÚRIÐEY
MELRAKKAEY
BÚÐAHRAUN
BARÐARLAUG
ELDBORG í Hnappadal
Ströndin við STAPA og HELLNA
GRÁBRÓKARGÍGAR
HÚSAFELLSSKÓGUR
SPÁKONUFELLS-HÖFÐI
FRIÐLAND í SVARFAÐARDAL
HRÚTEY í Blöndu
MIKLAVATN
KATTARAUGA
VESTMANNS-VATN
MÝVATNS- OG LAXÁRSVÆÐIÐ
HVERAVELLIR
ÞJÓRSÁRVER
STEÐJI
ÞINGVELLIR
GULLFOSS
GEYSIR
BLÁFJÖLL ELDBORG í Bláfjöllum
FRIÐLAND að FJALLABAKI
REYKJANES FÓLKVANGUR
ELDEY
VARMÁRÓSAR
GRÓTTA
LAUGARÁS
HAUÐHÓLAR
VÍGHÓLAR
BORGIR
TRÖLLABORN
HAMARINN
ÁSTJÖRN
JÖKULSÁR-GLJÚFUR
SKÚTUSTAÐAGÍGAR
HERÐUBREIÐAR-FRIÐLAND
ASKJA
HVANNALINDIR
KRÍNGILSÁR-RANI
ALFAÐORG
FÓLKVANGUR NESKAUPSTAÐAR
HELGUSTAÐANÁMA
HÓLMANES
TEIGARHORN
LÓNS-ÖRÆFI
DÍMA í Lóni
ÖSLAND
ESJUFJÖLL
HÁLEYJA
SALTHÖFÐI
INGÓLFSHÖFÐI
SKAFTAFELL
LAKAGÍGAR
ÁLFTAVERSGÍGAR
DYRHÓLAEY
SURTSEY
Fólkvangar
Þjóðgarðar
Friðlönd
Mývatn og Laxá
Náttúruvætti


NÁTTÚRUMINJASKRÁ
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
1984
0
50
100 km
1.hluti
2.hluti

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 24,50.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	Kr.
a) fyrir mæla til og með ¾″	126,00
b) fyrir mæla 1″ og stærri	281,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 180,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m³ (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 600 kr.	58 800,00
600—2 000 kr.	58 800,00 fyrir 600 m³ + 40,20 kr/m³ þar yfir
Meira en 2 000 kr.	115 300,00 fyrir 2 000 m³ + 34,70 kr/m³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 630,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 269,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 195, 24. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 23. júlí 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 36,20 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 0,75 kr/kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu á stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾″	205,00
b) Fyrir mæla allt að 2″	410,00
c) Fyrir mæla allt að 3″	821,00

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimhæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m³ (utanmál)	Kr.	
Allt að 400	33 600,00	
400 að 2000	33 600,00 fyrir	400 m³ + 26,80 kr/m³ þar yfir
2 000 að 6 000	76 400,00 fyrir	2 000 m³ + 22,70 kr/m³ þar yfir
6 000 að 10 000	167 300,00 fyrir	6 000 m³ + 20,30 kr/m³ þar yfir
Meira en 10 000	248 200,00 fyrir	10 000 m³ + 17,50 kr/m³ þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að ¾″	5 060,00
b) Fyrir mæli allt að 2″	10 110,00
c) Fyrir mæli allt að 3″	20 230,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum eða skrifstofu Rafveitu Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 410,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1984, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 124, 22. febrúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 23. júlí 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 342 19. júlí 1984

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um stjórn bæjarmála Bolungarvíkur, nr. 152 4. apríl 1975, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn Bolungarvíkur skal skipuð 7 (sjö) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

2. tl. í staflið A 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Hún skal hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins og/eða bæjarstofnana, eða með annarri ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Ennfremur að eignir bæjarins séu tryggilega varðveittar.

3. gr.

Stafliður C í 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra, kýs bæjarráð og aðrar nefndir eftir því sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Ennfremur skipar hún fasta starfsmenn skv. þeim reglum er um getur í 45. gr. og semur um laun þeirra.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn hefur reglulega fundi þriðja hvern fimmtudag og skulu fundir að jafnaði hefjast kl. 20.00. Þó er bæjarstjórn heimilt að fella niður fundi í júlí og ágústmánuði svo og að taka upp tímabundnar ákvarðanir um tíðni bæjarstjórnafunda innan marka sem sett eru í 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. mars 1961. Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar.

Aukafundi skal halda skv. ákvörðun bæjarstjóra, forseta bæjarstjórnar, eða ef 3 bæjarfulltrúar, hið fæsta, æskja þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni. Bæjarstjóri ákveður þá fundartíma og tilkynnir það bæjarfulltrúum með svo löngum fyrirvara, sem unnt er. Einu sinni á ári skal halda bæjarstjórnarfund, þar sem fundarmönnum (bæjarbúum) skal gefinn kostur á að taka til máls. Bæjarstjórn ákveður dagskrá og fundartíma.

5. gr.

3. málsgrein 10. gr. falli niður.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Einfaldur meirihluti þeirra, sem þátt taka í atkvæðagreiðslu hverju sinni ræður úrslitum mála, enda taki að minnsta kosti fimm bæjarfulltrúar þátt í atkvæðagreiðslu. Náist ekki fram þátttaka meirihluta bæjarfulltrúa skal atkvæðagreiðsla endurtekin, nafnakall viðhaft eða afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar nema annað sé sérstaklega áskilið í samþykkt þessari.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og á móti, fellur það, nema við kosningu, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra, nefnda eða með því að festa því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslu um tillögur skuli hagað.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram að bæjarfulltrúi réttir upp hönd.

Þó skal atkvæðagreiðsla vera leynileg ef bæjarstjórnarmaður óskar þess.

Nafnakall skal viðhafa, ef forseti ákveður, bæjarstjóri óskar, eða tveir bæjarfulltrúar, hið fæsta.

Við nafnakall er bæjarfulltrúa skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild.

Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr, án umræðna.

8. gr.

20. gr. orðist svo:

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér bækur, skjöl og bréf bæjarins og stofnana hans.

Með slík erindi skulu þeir snúa sér til bæjarstjóra, og skal hann sjá um að umbeðnar upplýsingar verði veittar.

9. gr.

2. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri ákveður það eða bæjarráðsmaður óskar þess.

10. gr.

4. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bæjarráð getur heimilað eftirfarandi:

a) Að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.
b) Að forseti bæjarstjórnar sitji fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

1. mgr. 26. gr. orðist svo:

Bæjarráð hefur umsjón og stjórn á fjárhag bæjarins, undirbúning fjárhagsáætlana, tillögur til úrskurðar á reikningum bæjarins, samning skýrslu um eignir og skuldir bæjarins,

svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað að undanskilinni 1. grein sem öðlast gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráuneytið, 19. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 343 11. júlí 1984

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 2.—6. ágúst 1984.

1. gr.

Frá og með 2. ágúst 1984 til og með 6. ágúst 1984 er bátum sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20 júlí 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu **um niðurfellingu manntalsþinga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum.**

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 5. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykktum sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslna um að leggja niður manntalsþing í sýslunum.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með að manntalsþing í Mýra og Borgarfjarðarsýslum verði lögð niður."

11. júlí 1984 Nr. 345

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Keflavíkur að lóðum og öðrum fasteignum innan kaupstaðarins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, hefur bæjarstjórn Keflavíkur gert samþykkt á fundi sínum 15. nóvember 1983 um að áskilja Keflavíkurbæ forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Keflavík:

Aðalgata:	1, 2, 6, 7a, 8, 11, 12, 13, 14, 15, 16a, 17, 18 og 19.
Hafnargata:	9, 13, 16, 18, 27a, 30, 34, 38, 39, 41, 42, 43, 44, 45, 46, 47, 48, 50, 51, 52, 53, 55, 56 og 57.
Kirkjuvegur:	1, 3, 5, 9a, 10, 11, 14, 15, 17, 18, 28, 34, 35, 36, 37, 40 og 48.
Klapparstígur:	3, 4, 5, 6 og 8.
Suðurgata:	1, 3, 5, 7, 9, 10, 11, 13, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 23a, 25, 27, 29, 31 og 33.
Skólavegur:	2.
Tjarnargata:	6 og 18.
Túngata:	5, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19 og 23.
Vallargata:	4, 6, 7, 9, 10, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28 og 31.
Vesturgata:	5, 11, 13, 14a og 15.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja og birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 74 frá 23. janúar 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af Álftanesi er sýnir legu Álftanesvegar og Skólavegar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 18. júlí 1984 staðfest uppdrátt af Álftanesi er sýnir legu Álftanesvegar og Skólavegar.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Bessastaðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 347 20. júlí 1984

AUGLÝSING

um bann við upprekstri hrossa á Eyvindarstaða- og Haukgilsheiðum.

Landbúnaðarráðuneytið hefur skv. heimild í 5. mgr. 23. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1982 ákveðið að banna upprekstur hrossa á Eyvindarstaða- og Haukgilsheiðum, þ. e. sameiginlegan afrétt Bólstaðarhlíðarhrepps, Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahreppa, Skagafjarðarsýslu. Bann þetta tekur til svæðis, sem afmarkast af Blöndu að vestan, að norðan og sunnan af afréttargirðingu, sem liggur frá Blöndu um Rugludalsbungu að Litlasandi og þaðan afréttarmörk að Hofsjökli og Hofsjökli að sunnan.

Bannið gildir frá og með 21. júlí n. k. og til ársloka 1984. Um brot gegn banni þessu fer eftir ákvæðum 42. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu sbr. 40. gr. laga nr. 10/1983.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júlí 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

24. tl. reglugerðarinnar (sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 334/1983 orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum, upplestri og fyrirlestrarhaldi, enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald, svo og aðgangseyrir að sýningum á íslenskum kvikmyndum og aðgangseyrir að útisamkomum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júlí 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

10. júlí 1984 Nr. 349

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess, að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem bæjarstjórn hefur tiltekið í leyfi sínu. Forðagæslumenn skulu fylgjast með því, að reglur þessar séu haldnar.
b) Bæjarstjórn getur ákveðið, að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins, og skal hún miðuð við, að bæjarsjóður beri ekki kostnað af búfjárhaldi í kaupstaðnum. Þar að auki skulu búfjáreigendur standa straum af öllum kostnaði, sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna búfjárins.
c) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
d) Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
e) Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, fellur undanþáguleyfið út gildi, og ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því.

2. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur bæjarstjórn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé, girða innan marka bæjarins né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Þó skal bæjarstjórn láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis þéttbýlishverfi kaupstaðarins og halda henni við.

3. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaður ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til búfjárhalds er bæjarstjórn heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki skipast við undangengna aðvörun.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi, eitt eða fleiri, telji hún þess þörf.

5. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan þann kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 8 4. janúar 1980 um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1984.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðisnefnd og merktur á þann hátt, sem hún ákveður.
b) Hundeigandi skal árlega greiða leyfisgjald fyrir hund sinn. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Skal gjaldið við það miðað að það standi undir kostnaði af hundahaldi bæjarbúa og kostnaði, sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna hundsins.
c) Minkaveiðihundur skal ávallt vera í öruggri gæslu.
d) Hundeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Vátryggingin skal ná til alls þess tjóns, er dýr hans kann að valda á mönnum og munum.
e) Hundeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun á auglýstum tíma hverju sinni. Skal hann þá framvísa vottorði um, að hundurinn sé tryggður og leyfisgjald greitt.
f) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum húss. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sjúkrastofnanir, sundstaði, almenningsfarartæki né matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.
g) Hundahald í sambýlishúsum er háð því, að þeir eigendur eða umráðamenn íbúða, sem fyrir eru, samþykki slíkt, og skal lagt fram skriflegt samþykki þeirra, þegar sótt er um leyfi til hundahalds.
h) Hundeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrífa eftir dýrið.
i) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, svo og hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
j) Ef breyting verður á eignarhaldi hunds, fellur undanþáguleyfið úr gildi, og ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því.

2. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi, eitt eða fleiri, telji hún þess brýna þörf.

3. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 7 daga, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

4. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd taka, að höfðu samráði við héraðsdýralækni, ákvörðun um það hvernig með skuli fara, sé talin ástæða til að aflífa hund.

5. gr.

Eftirlit með samþykkt þessari er í höndum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, sem sett er með stoð í 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 370 frá 28. júlí 1975 um takmörkun hundahalds í Ísafjarðarkaupstað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B, nr. 335—350. Útgáfudagur 30. júlí 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 — 1984

18. júlí 1984 577 Nr. 351

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar skulu hækka um 2% frá 1. júní 1984 frá því sem þær voru í maímánuði s.l.:

barnalífeyrir skv. 14. gr.

mæðra- og feðralaun skv. 15. gr. og tekjutrygging og heimilisuppbót skv. 19. gr.

Greiðslur skv. 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

24. júlí 1984 Nr. 352

AUGLÝSING

um flutning prestsseturs í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá Sauðanesi að Þórshöfn.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 35 9. maí 1970 um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð og að fenginni umsögn biskups Íslands, prófasts Þingeyjarprófastsdæmis, sóknarnefnda Sauðanessóknar og Svalbarðssóknar og setts sóknarprests í Sauðanesprestakalli, er hér með mælt svo fyrir, að prestssetur í Sauðanesprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi skuli flytja frá Sauðanesi að Þórshöfn.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júlí 1984.

Jón Helgason.

Þorleifur Pálsson.

B 74

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

4. gr. orðist svo: Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta horni efra byrðis en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

2. gr.

8. gr. orðist svo: Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.–5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

Þegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. mgr. við rækjuveiðar innan grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Ennfremur óheimilt við allar rækjuveiðar að nota net eða hvaðeina til þéttingar poka að aftan.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 552 2. september 1982, um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 354 26. júlí 1984

REGLUGERÐ

um reykköfun og reykköfunarbúnað.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til reykköfunar hjá slökkviliðum á öllu landinu, bæði hvað varðar búnað reykkafara, menntun þeirra, þjálfun og almennt öryggi við reykköfun.

Með reykköfun er í þessari reglugerð átt við athafnir í reykfylltu rými til björgunar á fólki úr eldsvoða eða vegna slökkvistarfs, þar sem loft undir þrýstingi er notað til öndunar.

Brunamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar, en sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með framkvæmd hennar, hver í sínu umdæmi.

2. gr.

Seljandi búnaðar fyrir reykköfun er skyldur að afla upplýsinga um eiginleika búnaðarins með hliðsjón af viðurkenndum stöðlum og rannsóknaraðferðum og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té.

Leggja skal fram tilskilin vottorð frá óháðum aðila, sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir.

Á grundvelli framlagðra gagna tekur Brunamálastofnun ákvörðun um hvort viðurkenna skuli búnaðinn til notkunar.

3. gr.

Seljandi reykköfunarbúnaðar skal ætíð hafa á boðstólnum nægar birgðir af varahlutum. Fara skal stranglega eftir leiðbeiningum framleiðanda svo sem um hámark leyfðs notkunartíma einstakra hluta tækjabúnaðarins.

Búnaðinn skal skoða og lagfæra eftir sérhverja notkun og minnst einu sinni árlega skal fara fram rækileg yfirferð á öllum tækjabúnaðinum. Á minnst tveggja ára fresti skal fara fram skoðun á reykköfunartækjunum hjá viðurkenndri prófunarstöð.

Allar nauðsynlegar leiðbeiningar um reykköfunarbúnaðinn skal þýða á gott íslenskt mál, er fylgi búnaðinum við sölu. Seljendur reykköfunartækja skulu kynna reykköfurum slökkviliða meðferð tækjanna og hvernig þeim skuli haldið við.

4. gr.

Koma skal á fót prófunarstöðvum með fullnægjandi búnaði fyrir þau reykköfunartæki, sem hlotið hafa viðurkenningu. Rekstur og búnaður prófunarstöðvanna er háður eftirliti Brunamálastofnunar ríkisins. Brunamálastofnunin hefur aðgang að spjaldskrá er hafa skal yfir öll tæki, sem í notkun eru á landinu. Reykköfunartæki skulu hafa skráningarnúmer, sem fylgi tækinu meðan það er í notkun.

Prófunarstöðin skal hafa öðlast viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins. Viðgerðarmaður á prófunarstöð skal hafa sérþekkingu á og reynslu í meðferð og notkun reykköfunartækja.

Eftirlitsmaður Brunamálastofnunar ríkisins má innsigla reykköfunartæki, sem óhæf eru til notkunar eða þarfnast viðgerðar. Tafarlaust skal senda búnaðinn til prófunarstöðvarinnar og enginn má rjúfa innsiglið nema fulltrúi stofnunarinnar eða viðgerðarmaður á prófunarstöð.

5. gr.

Reykköfunarbúnað skal ávallt geyma í góðu húsnæði og á þurrum stað, í lokuðum skáp, í góðum töskum eða á annan jafngóðan hátt.

Loftþjappa skal vera á þurrum og ryklausum stað, þar sem loftræsting er góð. Loft, sem sett er á hylki reykköfunartækja, skal vera hreint og ómengað.

Loftþjappa fyrir öndunarloft skal vera búin síum og skiljum, er hreinsi raka, olíu og önnur óhreinindi í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, þannig að öndunarloftið innihaldi ekki meira af skaðlegum efnum, heldur en svarar til eftirfarandi rúmmálshlutfalla, mælt við eina loftþyngd (1000 millibör):

Co_2 koltvíildi	300 ppm
Co kolilti	10 ppm
$NO+NO_2$ köfnunarefnisilti	0,5 ppm
Olía og rykagnir	2 mg/m^3

(pp — fjöldi efnisagna í hverri milljón agna).

Þjappan skal búin kælibúnaði til að draga úr myndun hættulegra efnasambanda við hita. Allar rafdrifnar lágþrýstiloftþjöppur skulu vera búnar afslætti á þjöppu en ekki drifmótor. Sogrör véldrifinnar loftþjöppu skal vera þannig að engar líkur séu á því, að hún geti dregið að sér útblástursloft aflvélarinnar.

Loftþjappa, uppsetning og aðstaða, skal vera viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Brunamálastofnun ríkisins gengst fyrir námskeiðum í reykköfun. Brunamálastofnunin setur nánari reglur um framkvæmd og tilhögun reykköfunarnámskeiða og ákveður um þau starfsréttindi, sem námskeiðin kunna að veita.

Þátttakandi, sem lokið hefur reykköfunarnámskeiði fær sérstakt viðurkenningarskjal og/eða prófskírteini.

Þátttakendur í reykköfunarnámskeiðum á vegum Brunamálastofnunar ríkisins skulu slysatryggðir af vinnuveitanda, hafa til umráða hlífðarfatnað til reykköfunar af viðurkenndri gerð og leggja fram læknisvottorð um heilbrigði sitt og færni.

7. gr.

Reykkafari skal fara árlega í sérstaka læknisskoðun. Setja skal nánari reglur um læknisskoðun og heilbrigðisvottorð í samráði við landlækni.

Skírteini um starfsréttindi í reykköfun, sem veitt eru samkvæmt ákvæðum 6. greinar, skal endurnýja eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Þá skal leggja fram tilskilin vottorð um heilbrigði og færni, ásamt vottorði frá slökkviliðsstjóra að æfingarskyldu hafi verið fullnægt.

8. gr.

Verklegar æfingar í reykköfun hjá slökkviliðum skulu vera minnst 25 klst. á hverju ári. Reykkafarar geta sótt æfingar hjá öðrum slökkviliðum, náist um það samkomulag. Slökkviliðsstjóri skal halda skrá um æfingar fyrir reykkafara.

Ofangreind ákvæði um reykköfunaræfingar breyta í engu almennri æfingarskyldu samkvæmt 7. grein brunamálalaganna nr. 74/1982.

9. gr.

Við reykköfun á eldstað skal m. a. gæta eftirfarandi öryggisatriða, eftir því sem framast verður við komið:

— að reykköfunartæki og allur búnaður sé í fullkomnu lagi
— að hlífðarfatnaður reykkafara verji hann á fullnægjandi hátt gegn eitruðum efnum, lofttegundum og hita, samkvæmt bestu vitneskju sem fyrir hendi er hverju sinni
— að eigi fari færri en tveir reykkafarar saman inn í reykhaf nema í ítrustu neyð
— að reykkafari sé ætíð í góðu talsambandi við stjórnanda björgunar- og slökkvistarfsins og sömuleiðis við þá reykkafara sem með honum starfa.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem stundað hafa reykköfun í slökkviliði í 2 ár eða lengur, þegar reglugerð þessi tekur gildi, halda þeim starfsréttindum og geta fengið skírteini Brunamálastofnunar ríkisins þar að lútandi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 74 frá 12 maí 1982 um brunavarnir og brunamál, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í sjó í Ólafsfirði.

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net í sjó í Ólafsfirði á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar, frá mörkum við Dalvíkurbæ að mörkum við Héðinsfjörð.

Allar netaveiðar fyrir silung eru þannig bannaðar í firðinum, tvo kílómetra út frá stórstraumsfjörumáli, á fyrrgreindu tímabili.

Þó skulu ábúendur á lögbýlunum Syðri- og Ytri-Gunnólfsá hafa rétt til að leggja hvor um sig, tvö net til veiði á göngusilungi í netlögum fyrir sínu landi, þ. e. 115 m út frá stórstraumsfjörumáli.

2. gr.

Um brot á ákvæðum þessarar auglýsingar fer eftir XVI. kafla laga nr. 76/1970.

Bann þetta er sett skv. heimild í 6. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. júlí 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

30. júlí 1984 Nr. 356

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 44 8. febrúar 1984, um stjórn botnfiskveiða 1984.

1. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 144 1984, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Við úthlutun meðalaflamarks til báta í ákveðnum flokki er heimilt að breyta magni einstakra fisktegunda ef sýnilegt þykir að þeir geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda raskist ekki við þessa breytingu heildaraflaverðmæti aflamarksins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 82 28. desember 1983, til öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

AUGLÝSING

um umferð í Hrísey.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að eftirtaldar götur verði aðalbrautir:

1. Norðurvegur norður fyrir gatnamót Sólvallagötu.
2. Austurvegur austur að Hafnarvík.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 27. júlí 1984.

Elías I. Elíasson.

Nr. 358 3. ágúst 1984

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Stekkjarbakka gagnvart umferð um Álfabakka frá og með 15. ágúst n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. ágúst 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 359 1. ágúst 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Þorlákshafnar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. júlí 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Þorlákshafnar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ölfushrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum.

I. KAFLI

Um endursendingar

1. gr.

Heimilt er að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollyfirvaldi skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé fullnægjandi trygging í peningum fyrir áföllnum gjöldum. Í stað peningatryggingar er tollyfirvaldi þó heimilt að taka við skuldarviðurkenningu nemi gjöld minnst kr. 15 000, enda liggi fyrir skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð banka á greiðslu gjalda og dráttarvaxta og annars kostnaðar verði vanefndir hjá skuldara.

   Ef upphaflegur farmflytjandi, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, sér um endursendingu skal falla frá kröfu um tryggingu, enda sé varan í hans vörslu. Sama skal gilda sé varan í tollvörugeymslu, enda annist sá sem tollvörugeymsluna rekur endursendingu vörunnar. Þeir aðilar skulu þó lýsa því yfir í beiðnum um endursendingu hverju sinni að þeir taki á sig fulla ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda ef ekki er unnt að framvísa staðfestingargögnum þeim sem um ræðir í 5. tl. þá skal flutningsmiðlurum jafnframt heimilt að annast endursendingu án setningar sérstakrar tryggingar hverju sinni ef þeir setja, í samráði við viðkomandi tollstjóra, heildartryggingu sem ætlað er að standi tiltekið tímabil.
3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða svo og flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar. Ef vara er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í útflutningsfar skal innsiglun hennar staðfest af tollgæslu. Við síðari flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar skal tollgæsla staðfesta að innsigli hafi reynst heil og órofin.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og láti fylgja til staðfestingar afriti af útflutningsfarmskírteini ásamt hleðslukvittun.
5. Framangreind staðfestingargögn séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför þess flutningfars sem flutti vöruna til útlanda, enda skal þá gerð upp fjártrygging sem sett var samkvæmt 2. tl. Séu framangreind staðfestingargögn eigi afhent viðkomandi tollyfirvaldi innan hins tilskilda frests má m. a. taka setta tryggingu upp í áfallin og ógreidd gjöld eða stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi sem hún var í er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu, viðurkenning (kvittun) viðskiptabanka um gjaldeyrisskil sé lögð fram og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3. og 4. tl. 1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að staðfestingargögn skv. 1., 3. og 4. tl. 1. gr. séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum og vélahlutum sem reynast gallaðir, enda hafi gallar komið fram við notkun og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 2. gr. eftir því sem við getur átt auk þess sem lögð sé fram viðurkenning seljanda um að hann taki vöruna aftur vegna framkominna galla.

4. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.-3. gr. skulu þeir sem endursenda vörur, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

II. KAFLI

Um eyðileggingu, skemmdir eða rýrnun.

5. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vörum sem hafa eyðilagst, skemmst eða rýrnað, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörurnar hafi eyðilagst, rýrnað eða skemmst á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörslum tollgæslunnar, viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í tollvörugeymslum.
2. Vörunum sé framvísað fyrir tollgæslumanni, sem gerð sé grein fyrir eyðileggingum, skemmdum eða rýrnun þeirra áður en þær eru fluttar úr nefndum geymslum.

   Sé um að ræða vörur sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist tollgæslumaður með heimflutningi og skoðun sé framkvæmd strax að honum loknum.
3. Sé um algera eyðileggingu að ræða skal vörunum fleygt undir tolleftirliti.

6. gr.

Beiðni um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda skv. 5. gr., svo og eyðileggingu ef við á, skal fylgja skýrsla tollgæslumanna svo og matsgerð vátryggjanda eða umboðsmanns hans ef um hana er að ræða.

III. KAFLI

Um vantanir

7. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld ef fram kemur vöntun á vörusendingu í heild eða að hluta, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Ef um sýnilega vöntun er að ræða skal sýnt fram á að gætt hafi verið ákvæða 42. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þ. e. farmflytjandi hafi afhent tollyfirvaldi skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars til landsins. Skrá um vöntun skal vera staðfest af tollgæslunni. Með sýnilegri vöntun er átt við að vörusending hafi annað hvort ekki komið fram við affermingu eða ekki þá verið sjáanlegt af ytri umbúðum að um vöntun hafi verið að ræða.

Hafi vara verið flutt undir innsigli tollgæslunnar milli geymslustaða má taka tillit til vöntunar, enda hafi varan verið sett undir innsigli innan nefndra tímamarka. Vöntun skal staðreynd í viðurvist tollgæslumanns, þegar innsigli er rofið.

2. Sé vöntun ekki sýnileg má taka hana til greina, án tillits til skilafrests skv. 1. tl. Skal sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að mati tollyfirvalds að varan hafi horfið erlendis, t. d. með skriflegri staðfestingu sendanda ásamt viðurkenningu banka um lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði

8. gr.

Tollstjórar, hver í sínum umdæmi, annast tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu sem endursend er til útlanda eða eyðilögð, skal greiða tollskoðunargjald.

9. gr.

Tollmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, skal fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars til landsins en innan þriggja ára hafi vara verið sett í tollvörugeymslu. Tollstjóri getur heimilað lengri frest ef um er að ræða varahluti í atvinnutæki sem geymdir eru í tollvörugeymslu.

Þrátt fyrir að frestur sé liðinn skal fallist á beiðnir um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari, enda séu þegar hafnar uppboðsaðgerðir því eigi til fyrirstöðu og viðkomandi greiði allan áfallinn kostnað þ. m. t. uppboðskostnað.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 132 5. september 1967, auglýsing nr. 270 11. september 1968 og reglugerð nr. 20 10. janúar 1984.

Fjármálaráðuneytið, 8. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

3. ágúst 1984 Nr. 361

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari helming ársins 1984, með gjalddaga 1. september nk., hafa verið ákveðin sem hér segir:

	Kr.
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	2 005
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	1 590
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	500

Menntamálaráðuneytið, 3. ágúst 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1983.

	kr.
IÐGJÖLD:	93 902 062,21
Iðgjöld framleiðenda 1983 skv. áætl.	25 897 000,00
Iðgjöld neytenda 1983 skv. áætlun	47 810 000,00
Iðgjöld framleiðenda 1982, viðbót	365 762,57
Eldri iðgjöld	– 42 741,34
Iðgjöld launþega	39 959,38
Iðgjöld vinnuveitenda	59 976,73
Réttindaflutningur	– 1 499,91
Framlag Ríkissjóðs Íslands v/líf.gr.	12 356 893,66
Framlag Stofnlánadeildar landb. v/líf	7 416 711,12
LÍFEYRISGREIÐSLUR:	– 57 082 224,47
Skv. I. kafla	– 13 799 838,00
Skv. II. kafla	– 43 282 386,47
IÐGJÖLD — LÍFEYRISGREIÐSLUR	36 819 837,74
FRAMLAG UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA	20 126 818,00
Framlag vegna eftirlauna	23 508 782,00
5% iðgjaldaframlag 1982, viðbót	– 131 964,00
5% iðgjaldaframlag 1983, áætlað	– 3 250 000,00
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD	– 15 993 943,33
Vaxtatekjur	8 893 314,30
Fjármagnsgjöld	– 15 139,63
Gjaldfærsla skv. 53. gr. skattalaga	24 872 118,00
SKRIFSTOFU OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR	– 1 408 464,71
Laun	– 570 158,00
Annar kostnaður	– 838 306,71
AFSKRIFTIR	– 10 832,00
TEKJUR TIL RÁÐSTÖFUNAR	39 533 415,70

Efnahagsreikningur 31. desember 1983.

Eignir:

VELTUFJÁRMUNIR:	
Handbært fé, bankainnistæður	7 096 799,63
Skammtímakröfur	23 617 488,17
Útistandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar	20 081 488,17
Ríkissjóður Íslands v/framl. neytenda	3 536 00,00
Veltufjármunir	kr. 30 714 287,80

FASTAFJÁRMUNIR:	506 865 396,00
Skuldabréf, vísitölutryggð	484 327 647,00
Spariskírteini ríkissjóðs	14 425 500,00
Skuldabréf, óverðtryggð	8 112 249,00
Fastafjármunir kr.	506 865 396,00
Eignir samtals kr.	537 579 683,80

Skuldir og eigið fé:

	kr.
SKAMMTÍMALÁN:	980 571,00
Umsjónarnefnd eftirlauna	980 571,00
EIGIÐ FÉ:	536 599 112,80
Iðgjaldareikningur sjóðfélaga staða við lok ársins 1982	45 902 697,11
Iðgjaldasjóður sjóðfélaga 1983, innh. áætluð	25 897 000,00
ENDURMATSREIKNINGUR:	
Staða 1. jan. 1983	185 614 530,60
Endurmat 1983	222 335 705,24
	407 950 235,84
ÓRÁÐSTAFAÐ EIGIÐ FÉ	56 849 179,85
Skuldir og eigið fé samtals kr.	537 579 683,80

Reykjavík, 17. febrúar 1984.
Þórólfur Kristján Beck, framkvæmdastjóri

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1983 og efnahagsreikning 31. desember 1983, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind skuldabréf og bankainnistæður eru fyrir hendi, sjá nánar í skýrslu til stjórnar.

Reykjavík, 17. febrúar 1984.
Vigfús Gunnarsson, lögg. endurskoðandi. Einar Sverrisson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessa sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 206,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald	
400—2 000 m^3 =	22 588,00 kr. fyrir	400 m^3 17,50 kr/m^3 þar yfir
2 000—6 000 m^3 =	51 104,00 kr. fyrir	2 000 m^3 15,25 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3 =	113 162,00 kr. fyrir	6 000 m^3 13,75 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3 =	170 966,00 kr. fyrir	10 000 m^3 11,30 kr/m^3 þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 9,25
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 86,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 191,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 388,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 248 24. maí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 15. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

ERINDISBRÉF

fyrir yfirkennara grunnskóla.

1. gr.

Yfirkennari skal gegna starfi sínu samkvæmt lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma. Yfirkennara er skylt að gæta algerrar þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna og önnur trúnaðarmál skóla. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

2. gr.

Þegar yfirkennari gegnir starfi skólastjóra sem staðgengill hans gildir erindisbréf skólastjóra. Með sama hætti gilda sömu reglur og eru í erindisbréfi fyrir kennara um kennslustarf yfirkennara og samskipti hans við nemendur.

3. gr.

Yfirkennari vinnur undir stjórn skólastjóra og skal hann m. a. vinna eftirtalin störf samkvæmt nánara samkomulagi við skólastjóra:

1. Í samstarfi við skólastjóra stjórnar hann daglegu starfi skóla.
2. Yfirkennari sinnir sérstökum verkefnum í samvinnu við skólastjóra.
3. Yfirkennari mætir á fundum sem staðgengill skólastjóra s. s. í fræðsluráði og hjá skólanefnd.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar yfirkennara að fenginni umsögn skólastjóra, kennararáðs og skólanefndar. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Yfirkennara við heimavistarskóla skal ekki skipa í stöðu fyrr en eftir tveggja ára reynslu við störf í slíkum skóla.

5. gr.

Forfallist skólastjóri gegnir yfirkennari starfi hans á meðan og gildir erindisbréf skólastjóra þá um starf hans.

6. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

Nr. 365 20. júní 1984

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð aldraðra, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 20. júní 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð aldraðra.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og nafn hans Styrktarsjóður aldraðra. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00, en það er framlag frá einstaklingi sem ekki vill láta nafn síns getið. Stofnfé sjóðsins ásamt 10% af ársvöxtum hans hverju sinni fram að því að stofnfé hefur tífaldast myndar höfuðstól, sem aldrei má skerða, sbr. og 5. gr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eftir þörfum og getu hvers konar gagnlegar framkvæmdir, starfsemi og þjónustu í þágu aldraðra með beinum styrkjum og hagkvæmum lánum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög og gjafir eldri borgara.
2. Dánargjafir.
3. Almennar minningargjafir og áheit.
4. Verðbætur og vextir.
5. Annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Við stofnfé leggst fyrst í stað 10% af því fé sem sjóðnum berst hverju sinni, svo og 10% af ársvöxtum hans. Að þessu undanskildu má þegar nota allt það fé sem sjóðnum berst samkvæmt tilgangi hans, samanber 3. gr. Þegar stofnfé sjóðsins hefur tífaldast, er heimilt að veita úr honum óskertar verðbætur, vexti og gjafafé sem kann að berast.

6. gr.

Heimilt er gefanda að ráðstafa gjöf sinni í samráði við stjórn sjóðsins til vissra staðbundinna framkvæmda eða starfsemi.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tilnefndir til 3ja ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Öryrkjabandalags Íslands og tveir af Samtökum aldraðra í Reykjavík. Tveir varamenn skulu einnig tilnefndir.

8. gr.

Sjóðstjórn semur árlega reikninga sjóðsins. Endurskoðendur Samtaka aldraðra endurskoða reikninga hans.

9. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins skulu allar eignir hans renna til stofnunar eða stofnana, sem sinna dagvistunarþörfum aldraðra, skv. nánari ákvörðun stjórna Öryrkjabandalags Íslands og Samtaka aldraðra.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og á breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, enda hafi þær verið samþykktar einróma af stjórn sjóðsins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skógræktarsjóð Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðuherra, 10. ágúst 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógræktarsjóð Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá bræðranna Einars Björnssonar, kaupmanns, Friðriks Björnssonar, læknis og Guðmundar M. Björnssonar, stórkaupmanns.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er fasteignin Skólavörðustígur 25, Reykjavík og jörðin Fjósar í Bólstaðahreppi, A-Hún. að fasteignamati 1. des. 1983 samtals kr. 6 054 000,00.

Stofnfé þetta má aldrei skerða meira en svo að eftir verði minna en helmingur stofnfjárins.

4. gr.

Verksvið sjóðsins er að rækta skóg í Húnavatnssýslu. Stjórn sjóðsins velur þá staði, sem teknir verða undir skógrækt.

5. gr.

Til að vinna að markmiði sjóðsins er stjórn hans heimilt að kaupa lönd eða jarðir til skógræktar eða taka lönd á leigu til langs tíma í sama skyni eða selja fasteignir.

Nota má eignir sjóðsins til þess að girða og friða þau landsvæði, sem sjóðurinn tekur til skógræktar, svo og til annarra framkvæmda vegna skógræktar.

6. gr.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins samkvæmt erfðaskrárákvörðun.

Stjórnin færir reikninga sjóðsins. Reikningsár hans er almanaksárið. Endurskoðendur Skógræktarfélags Íslands endurskoða reikningana og skulu þeir árlega lagðir fram á aðalfundi félagsins, ásamt skýrslu um starfsemi sjóðsins.

Meðan kvaðir þær, sem um ræðir í 8. gr. hvíla á sjóðnum, skulu ársreikningar hans sendir yfirfjárráðanda í Reykjavík.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins og arð af honum skal varðveita í fasteignum, tryggum verðbréfum, eða á þann hátt annan, sem stjórn hans telur öruggan, að því leyti sem honum er ekki varið til framkvæmda (sbr. 3. gr.).

Stjórn sjóðsins aflar honum annarra tekna eftir því sem unnt er á hverjum tíma.

8. gr.

Sjóðurinn tekur á sig og stendur undir þeim kvöðum, sem lagðar hafa verið á stofnfé hans samkvæmt erfðaskrá þeirri, sem mælir fyrir um stofnun hans.

REGLUR

um einfaldari tollmeðferð á vörum.

1. gr.

Til að flýta fyrir tollafgreiðslu á innfluttum vörum er tollstjórum heimilt samkvæmt reglum þessum að taka upp einfaldari tollmeðferð og heimila greiðslu aðflutningsgjalda þegar við móttöku tollskjala en láta endurskoðun þeirra fara fram eftir á.

2. gr.

Innflytjendur sem óska eftir einfaldari tollmeðferð skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Innflytjandi stundi atvinnurekstur og hafi til þess tilskilin leyfi, svo sem verslunarleyfi, sbr. lög nr. 41/1968, eða iðnaðarleyfi, sbr. lög nr. 42/1978.
b) Innflytjandi hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og hafi verið færður á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969.
c) Innflytjandi hafi tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína, enda sé hann ekki sérstaklega undanþeginn söluskattsskyldu, sbr. lög nr. 10/1960.
d) Innflytjandi hafi flutt inn vörur á næstliðnu 12 mánaða tímabili fyrir 16 mkr. að tollverði eða tollafgreiðslur verið minnst 200 að tölu á sama tíma. Viðmiðunartölur þessar skulu lækka um helming frá og með 1. janúar 1985.
e) Innflytjandi hafi að mati tollstjóra sýnt fram á við gerð og frágang aðflutningsskjala að hann hafi til að bera fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð innfluttra vara.

3. gr.

Innflytjandi sem um ræðir í 2. gr. skal sækja skriflega á þar til gerðu eyðublaði um einfaldari tollmeðferð til tollstjóra þar sem lögheimili hans er samkvæmt fyrirtækjaskrá. Í umsókn skal tilgreina eftirfarandi:

a) Nafn, aðsetur og starfsnúmer. Starfsnúmer innflytjanda skal vera nafnnúmer hans eða auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá, sbr. b-lið 2. gr.
b) Númer söluskattsskírteinis og vörusvið þess.
c) Innflutningsverðmæti á síðastliðnum 12 mánuðum og fjölda tollafgreiðslna á sama tíma.
d) Hverjir hafi umboð til þess að undirrita aðflutningsskýrslur fyrir hönd innflytjanda, riti hann ekki sjálfur undir þær, svo og rithandarsýnishorn.
e) Aðrar þær upplýsingar sem eyðublaðið gefur tilefni til. Innflytjandi skal þegar tilkynna tollstjóra allar breytingar sem verða á upplýsingum samkvæmt framanrituðu.

4. gr.

Innflytjandi skal einungis óska eftir einfaldari tollmeðferð á þeim vörum sem hann er viss um að séu rétt tollflokkaðar og rétt verðlagðar. Ennfremur sé hann viss um að öll tilskilin innflutningsleyfi og vottorð séu til staðar. Á meðfylgjandi vörureikningi séu tilgreind nöfn vörutegunda og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer í stað vörutegundaheita.

5. gr.

Innflytjandi skal gefa til kynna í aðflutningsskýrslu að óskað sé eftir einfaldari tollmeðferð.

6. gr.

Komi í ljós við móttöku tollskjala að aðflutningsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða frekari skýringa er talin þörf á einhverju atriði getur viðkomandi vörusending ekki hlotið einfaldari tollmeðferð.

Komi slíkir annmarkar í ljós við vöruskoðun skal tollafgreiðsla þegar stöðvuð og ekki heimiluð fyrr en úr hefur verið bætt.

Komi nefndir annmarkar í ljós við endurskoðun tollskjala skal skora skriflega á innflytjanda og bæta úr því innan ákveðins tíma og láta skriflega í té skýringar og þau gögn sem tollyfirvald telur þörf á að fá. Ef eigi er bætt úr nefndum annmörkum á fullnægjandi hátt skal tollyfirvald áætla tollverð vöru og aðflutningsgjöld samkvæmt meginreglum tollskrárlaga.

7. gr.

Komi í ljós við endurskoðun tollskjala eftir á að aðflutningsgjöld hafi verið ofgreidd, og öll skjöl og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir til að hægt sé að koma við leiðréttingu, skal tollstjóri þegar leiðrétta útreikning gjalda og endurgreiða ofgreidda fjárhæð, en skýra skal innflytjanda skriflega frá ástæðum leiðréttingarinnar.

Séu aðflutningsgjöld hins vegar vangreidd skal tilkynna það innflytjanda skriflega og tilgreina jafnframt ástæður. Gera skal kröfu um að vangreidd gjöld skuli greidd innan 15 daga frá dagsetningu kröfu. Séu gjöld ekki greidd innan frestsins skulu dráttarvextir innheimtir frá tollafgreiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

8. gr.

Heimild til einfaldari tollmeðferðar skal gilda við tollafgreiðslu í hvaða tollumdæmi sem er.

9. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík ákveður gerð eyðublaðs, sbr. 3. gr., og nánara fyrirkomulag einfaldari tollmeðferðar við önnur tollstjóraembætti.

Tollstjórar utan Reykjavíkur skulu tilkynna tollstjóranum í Reykjavík um þá innflytjendur sem þeir veita heimild skv. 3. gr. og skal fylgja afrit af umsókn innflytjanda. Jafnframt skulu þeir tilkynna tollstjóranum í Reykjavík um breytingar á upplýsingum, sbr. 2. mgr. 3. gr., svo og ákvörðun um sviptingu leyfis skv. 10. gr.

10. gr.

Tollstjóri getur að undangenginni aðvörun fellt niður heimild til einfaldari tollmeðferðar, tímabundið eða að fullu séu sakir miklar, ef innflytjandi

a) uppfyllir ekki lengur skilyrði þau sem um ræðir í 2. gr.,
b) sinnir ekki áskorun um greiðslu gjalda skv. 7. gr.,
c) afhendir ítrekað ófullnægjandi tollskjöl, sbr. m. a. 6. gr., eða
d) hefur af öðrum ástæðum að mati tollstjóra fyrirgert rétti sínum til einfaldari tollmeðferðar á vörum.

Ákvörðun tollstjóra samkvæmt þessari grein skal vera rökstudd skriflega og er fullnaðarákvörðun.

11. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 2. gr. og 78. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og 40. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi, en einfaldari tollmeðferð skal koma til framkvæmda 1. október 1984.

Fjármálaráðuneytið, 15. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins nr. 112, 6. apríl 1968.

1. gr.

17. gr. hljóði svo:

17. gr. **Lágmarksgjald.**

Ef gjald fyrir rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn, er Rafmagnsveitunum heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunum heimilt að taka mælinn niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

2. gr.

18. gr. hljóði svo:

18. gr. **Gjald fyrir raforku.**

Gjald fyrir raforku skal ákveða í gjaldskrá.

Notandi skal greiða Rafmagnsveitunum gjald fyrir raforkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á raforku skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Rafmagnsveiturnar mega grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar sem byggjast á staðreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar, en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á u. þ. b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra, og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar. Notandi getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjörs, miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda orkukaupanda á notkunarstað, eða annan stað, sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, mega Rafmagnsveiturnar áskilja sér og innheimta vanskilavexti, sem reiknist frá eindaga reiknings hverju sinni.

3. gr.

19. gr. hljóði svo:

19. gr. **Lokun fyrir veitu og enduropnun.**

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup verulega, mega Rafmagnsveiturnar stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni aðvörun, sem komið skal á framfæri við notanda annað hvort skriflega eða munnlega með þriggja daga fyrirvara. Sé aðvörunin munnleg, skal hún tímasett og skráð í sérstaka tilkynningabók.

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila Rafmagnsveitunum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á álestrarreikningum. Rafmagnsveiturnar bera enga ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við Rafmagnsveiturnar, þ. á m. fastagjald og aflgjald á lokunartíma.

Rafmagnsveiturnar hafa rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar, svo og opnun veitunnar.

Rafmagnsveiturnar mega stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti, sem henta þykir, með straumrofi í íbúð eða húsnæði notanda eða utanhúss. Rafmagnsveitunum er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá aðvörun um hana.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda geta Rafmagnsveiturnar ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

Enginn má rjúfa straum eða endurtengja veitu nema þeir, sem Rafmagnsveiturnar hafa veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt 65. gr. orkulaga nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 16. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 369 15. ágúst 1984

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 25.—31. ágúst 1984.

1. gr.

Frá og með 25. ágúst 1984 til og með 31. ágúst 1984 er bátum, sem eru minni en 10 brl., óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. ágúst 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kjartan Júlíusson.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 351—369. Útgáfudagur 23. ágúst 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1984

23. ágúst 1984 597 Nr. 370

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þess.

Hitaveitan lætur setja rennslismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 42,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðarverslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín. fyrir hverja 100 m^3, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín. fyrir hverja 100 m^3.

B 77

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast ..... kr. 958,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með ¾" ..... kr. 164,00
b) Fyrir mæla 1" til 2" ..... kr. 327,00
c) Fyrir mæla 3" eða stærri ..... kr. 647,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 194,00

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 ..... kr. 66 530,00
Fyrir hús stærri en 400 m^3 ..... kr. 66 530,00
að viðbættum ..... kr. 50,95
fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús sem er með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimæðagjöldum, sem hér segir:

a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e.
greiða skal ..... kr. 53 200,00
fyrir hvert hús, auk ..... kr. 40,90
fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsofnum er veittur 50%
afsláttur þ. e. greiða skal ..... kr. 33 260,00
fyrir hvert hús, auk ..... kr. 25,50
fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða ..... kr. 3 860,00
í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða ..... kr. 955,00
fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 290,00
Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.
Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.
Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 28 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1984.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

27. ágúst 1984 Nr. 371

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Siglufjarðar nr. 244 8. júní 1977.

2. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku

við það hámark sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemilsins og sér um viðhald og endurnýjun hans.

Einnig leggur hitaveitan til þrýstijafnara og slaufuloka fyrir hvert hitunarkerfi, en uppsetning og viðhald þessara loka er á kostnað húseiganda.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils samkvæmt ósk húseiganda, fyrstu þrjá mánuðina eftir að húsið hefur verið tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera einn mínútulítri.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils .. kr. 935,00

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Vatnsgjald skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 45,90

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast á Bæjarskrifstofunni Siglufirði eða á þeim greiðslustöðum sem tilgreindir eru á reikningi. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Tengigjöld Hitaveitu Siglufjarðar skulu vera sem hér segir:

a. Fyrir hverja hemlagrind skal greiða ..... kr. 8 300,00
b. Fyrir hvern rúmmetra húss miðað við utanmál skal greiða ..... kr. 36,00

Gjöld samkvæmt a. lið skulu greiðast eftir eignahlutfalli, sé um sameiginlegan hemil að ræða.

Gjöld samkvæmt b. lið skulu greiðast eftir eignahlutfalli.

Gjöld samkvæmt liðum a. og b. skulu þó aldrei vera lægri en ..... kr. 16 500,00

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa. Þegar um er að ræða hús, sem nýtt er til íbúðar og atvinnurekstrar, skal telja húsnæði, sem nýtt er til sérstaks atvinnurekstrar, sem eina íbúð.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m^3.

Gjaldendum skal gefinn kostur á að greiða heimæðargjaldið í þrennu lagi.

⅓ hl. greiðist strax við tengingu

⅓ hl. eftir eitt ár og

⅓ hl. eftir tvö ár.

Af lánsupphæðinni greiðast útlánsvextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við þá vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd. Tengigjöld skulu vera að fullu greidd áður en vatni er hleypt á hitunarkerfi.

IV. KAFLI

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annarra nota en til húshitunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga frjálsan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitunni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 665 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

21. ágúst 1984 Nr. 372

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 82 28. desember 1983.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á tímabilinu 1. september 1984 til 31. desember 1984 á eftirgreindum svæðum.

A. Í Héraðsflóa frá línu réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65° 37'8 N, 13° 55'3 V) utan línu sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B. Utan Breiðafjarðar norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65° 30'2 N, 24° 32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22° 40'0 V lgd., eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 82 28. desember 1983 um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1984

Halldór Ásgrímsson

Þórður Eyþórsson.

Nr. 373

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Greiðsluyfirlit ársins 1983.

Stofnfjárdeild.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983	
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands	443 007,68
Uppfærslur v/gengisbreytinga	278 120,00
Vaxtatekjur	56 211,61
	777 339,29

Gjöld:

Stjórnarlaun (ófl. á undirreikn.)	23 698,00
Opinber gjöld	5 001,00
Auglýsingakostnaður	1 416,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35209	747 224,29
	777 339,29

Deild fyrir frystar fiskafurðir.

Freðfiskur.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands	349 402,49

	Kr.
Uppfærsla v/gengisbreytinga	210 470,00
Vaxtatekjur	41 152,75
	601 025,24

Gjöld:

Stjórnarlaun	55 041,00
Auglýsingakostnaður	32 696,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35217	513 288,24
	601 025,24

Rækja.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35276 í Seðlabanka Íslands	254 197,19
Innborgaðar verðhækkanatekjur	9 400 659,70
Uppfærsla v/gengisbreytinga	319 070,00
Vaxtatekjur	272 127,39
	10 246 054,28

Gjöld:

Auglýsingakostnaður	8 590,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35276	10 237 464,28
	10 246 054,28

Humar.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35292 í Seðlabanka Íslands	35 380 214,30
Uppfærsla v/gengisbreytinga	22 684 684,00
Vaxtatekjur	4 625 509,35
	62 690 403,65

Gjöld:

Auglýsingakostnaður	1 400,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35292	62 689 003,65
	62 690 403,65

Hörpudiskur.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands	15 764 642,79
Innborgaðar verðhækkanatekjur	619 094,16
Uppfærsla v/gengisbreytinga	10 102 260,00
Vaxtatekjur	2 047 914,43
	28 533 911,38

Gjöld:	Kr.
Ferða- og uppihaldskostnaður	9 556,00
Auglýsingakostnaður	5 516,00
Greitt v/verðlækkana á hörpudiski framl. 1982	551 000,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35314	27 967 839,38
	28 533 911,38

Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).

Loðnumjöl og -lýsi.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35225 í Seðlabanka Íslands	2 097 234,68
Inneign loðnumjöls og -lýsis í gengishagnaði v/gengisbr. í janúar 1982, endanl. uppgjör	1 818 706,59
Uppfærsla v/gengisbreytinga	390 130,00
Vaxtatekjur	43 941,47
	4 350 012,74

Gjöld:

Stjórnarlaun	24 228,00
Greitt v/verðlækkana á loðnumjöli og -lýsi í framl. frá 11. október 1981. -loka vetrarvertíðar 1982	126 956,00
Greitt af láni teknu 1981 (eftirst. að meðt. vöxtum kr. 125 141 228,00)	3 800 000,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35225	398 828,74
	4 350 012,74

Síldarmjöl og -lýsi.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands	3 387 690,99
Uppfærsla v/gengisbreytinga	2 131 880,00
Vaxtatekjur	435 235,78
	5 954 806,77

Gjöld:

Greitt v/verðlækkana á síldarmjöli og -lýsi framl. haustið 1981	62 700,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35233	5 892 106,77
	5 954 806,77

Fiskmjöl.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35268 í Seðlabanka Íslands	62 024,97
Uppfærsla v/gengisbreytinga	39 770,00
Vaxtatekjur	8 211,32
	110 006,29

Gjöld:

Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35268	110 006,29
	110 006,29

Kolmunna- og spærlingsmjöl.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35330 í Seðlabanka Íslands	667 245,88
Uppfærsla v/gengisbreytinga	427 810,00
Vaxtatekjur	87 232,54
	1 182 288,42

Gjöld:

Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35330	1 182 288,42
	1 182 288,42

Deild fyrir saltsíldarafurðir.

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands	290 309,17
Uppfærsla v/gengisbreytinga	182 930,00
Vaxtatekjur	36 781,12
	510 020,29

Gjöld:

Stjórnarlaun	24 228,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35306	485 792,29
	510 020,29

Deild fyrir saltfiskafurðir.

Óverkaður saltfiskur og söltuð ufsaflök:

Tekjur:

Eignir 1. janúar 1983:	Kr.
Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands	78 606 349,83
Innborgaðar verðhækkanatekjur af óverkuðum saltfiski framl. frá 1. janúar—31. maí 1983	2 167 079,00

		Kr.
Inneign óverkaðs saltfisks í gengishagnaði v/gengisbr. í ágúst 1981 endanlegt uppgjör		1 110 344,15
Inneign óverkaðs saltfisks í gengishagnaði v/gengisbr. í janúar 1982, endanlegt uppgjör		3 584 808,07
Uppfærsla v/gengisbreytinga		48 466 420,00
Vaxtatekjur		7 816 867,41
		141 751 868,46

Gjöld:

Stjórnarlaun		35 196,00
Auglýsingakostnaður		14 866,00
Greitt v/verðlækkana á óv.saltfiski		
v/framleiðslu frá 1. júní—31. ágúst 1982	2 486 744,00	
v/framleiðslu frá 1. september—31. desember 1982	3 942 645,00	
v/framleiðslu frá 1. janúar—28. febrúar 1983	16 015 251,75	
v/framleiðslu frá 1. mars—31. maí 1983	67 953 000,00	90 397 640,75
Greitt v/verðlækkana á söltuðum ufsafl.		
v/framleiðslu frá 1. september—31. desember 1982	1 620 299,00	
v/framleiðslu frá 1. janúar—31. maí 1983	2 181 588,00	3 801 887,00
Eignir 31. desember 1983:		
Innstæða á hlr. 35241		47 502 278,71
		141 751 868,46

Verkaður saltfiskur.

Tekjur:

		Kr.
Eignir 1. janúar 1983:		
Innstæða á hlr. 35322 í Seðlabanka Íslands		21 841,93
Uppfærsla v/gengisbreytinga		13 990,00
Vaxtatekjur		2 855,44
		38 687,37

Gjöld:

Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35322	38 687,37
	38 687,37

Deild fyrir skreiðarafurðir.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands	122 428 411,47
Innborgaðar verðhækkanatekjur af skreið framleiddri á árinu 1982 (Ítalía)	234 515,00
Inneign skreiðar í gengishagnaði v/gengisbr. í ágúst 1981, endanlegt uppgjör	2 417 818,22
Inneign skreiðar í gengishagnaði v/gengisbr. í janúar 1982, endanlegt uppgjör	3 106 870,64

	Kr.
Uppfærsla v/gengisbreytinga	78 891 250,00
Vaxtatekjur	16 396 824,88
	223 475 690,21
Gjöld:	
Stjórnarlaun	24 228,00
Greiddar verðbætur á Nígeríuskreið framl. á árunum 1981, 1982 og 1983 fl. út frá og með 1. nóvember 1982, gert skv. sérst. ákv. stjórnar sjóðsins	103 400 862,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hrl. 35284	120 050 600,21
	223 475 690,21

Reykjavík, 27. júlí 1984.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Davíð Ólafsson,
formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit 1983 höfum við endurskoðað. Innstæður sjóðsins í árslok 1983 höfum við sannreynt. Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu.

Reykjavík, 19. júlí 1984.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði,
Seðlabanka Íslands.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

27. ágúst 1984 Nr. 374

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa, sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember—31. nóvember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða gjald:

A. Samkvæmt magnhemli (aflgjald) ..... kr. 1 180,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B. Samkvæmt vatnsmæli (orkugjald) ..... kr. 59,00
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks gjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina fyrir notkun og/eða með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagald af búpeningshús-

um á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósum) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 36\,200{,}00 + 39{,}30 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 54\,200{,}00 + 59{,}00 \times V$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

c) Af húseignum þar sem byggð er dreifð eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjárfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðagjald er reiknað samkvæmt A — eða B lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu, nema annað sé ákveðið:

$$H \leq S - \frac{T}{0{,}14}$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, S stofnkostnað lagna í krónum að viðkomandi húseign, en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseignar í þeim. T áætlaðar árstekjur hitaveitunnar af vatnssölu til viðkomandi húseignar í krónum (húshitunarkostnað með hitaveitu). Þetta heimæðagjald er við það miðað að árstekjur hitaveitunnar af áætlaðri vatnssölu til viðkomandi húseignar standi hið minnsta undir 14% ársvöxtum af stofnkostnaði lagna, vegna viðkomandi húseignar, að frádregnu heimæðagjaldi, og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðagjaldið skal þó aldrei vera lægra en samkvæmt a- eða b-lið eftir því sem við á.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðagjöldum, reiknuðum samkvæmt ofannefndri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal heimæðagjald þá reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{Hn}{36\,200{,}00 \times n + 39{,}30 \times Vn} \times (36\,200{,}00 + 39{,}30 \times V)$$

Hér táknar H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind, Hn samanlögð heimæðagjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði reiknuðum samkvæmt

fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi, n fjölda heimæða eða hemlagrind, Vn samanlagt rúmmál (utanmál) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði og V rúmmál (utanmál) einstakra húseigna í rúmmetrum reiknað fyrir hverja heimæð eða hemlagrind.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðagjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins, ef hitunarkerfi hússins er breytt og það tengt hitaveitu innan 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið.

Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðagjaldi fyrir tilsvarandi húsnæði. Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur heimæðagjald við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðagjöld, vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðagjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar gjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 186 10. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sóttvarnir nr. 229/1971, með síðari breytingum.

1. gr.

33. gr. orðist svo:

Þá er skip kemur að landi, lætur skipstjóri sóttvarnanefnd í té skriflega greinargerð um heilbrigðisástand í skipinu (sbr. þó 37. gr.). Heilbrigðisgreinargerð skal gerð úr garði, eins og sýnt er á 3. fylgiskjali með þessari reglugerð. Ef skipslæknir er á skipi, undirritar hann heilbrigðisgreinargerð ásamt skipstjóra.

Ef á skipi eru dýr, tamin og villt, skal sérstaklega gæta ákvæða reglugerðar nr. 290/1980, um varnir gegn hundaæði (rabies).

Skipstjóra og skipslækni er skylt að svara öllum eðlilegum fyrirspurnum sóttvarnayfirvalda, er varða heilbrigðisástand í skipi þeirra á leið þess.

2. gr.

35. gr. orðist svo:

Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 36. gr., eru skip, sem annast reglubundnar áætlunarferðir og fiskiskip, sem skráð eru á Íslandi og sigla undir íslenskum fána, undanþegin kvöð um heilbrigðisgreinargerð samkvæmt ákvæðum 33. greinar og að afla sér samskiptaleyfis, en þó getur sóttvarnanefnd krafist þess, að skipstjóri láti sóttvarnanefnd í té, áður en skipið hefur frjáls samskipti við land, skriflega yfirlýsingu um, að einskis hafi orðið vart, er bendi til þess að sótthættan stafi af skipi hans, og skal yfirlýsingin gerð úr garði, eins og sýnt er á 5. fylgiskjali með þessari reglugerð. Megi hins vegar ætla, að næm sótt sé í skipinu eða hafi gert vart við sig á leið þess, eru því óheimil frjáls samskipti við land, fyrr en sóttvarnalækni hefur gefist ráðrúm til að kynna sér heilbrigðisástand innan borðs og gera ráðstafanir til sóttvarna, eftir því sem ástæða kann að vera til.

Á sama hátt, og með sömu undantekningum, getur ráðherra eða í einstökum tilvikum sóttvarnanefnd undanþegið önnur skip kvöð um heilbrigðisgreinargerð.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt sóttvarnalögum nr. 34/1954, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

18. júlí 1984 Nr. 376

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148 18. mars 1982.

Stafliður g í 3. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir. Til fiskiskipa kr. 22,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 220,00. Til annarra skipa kr. 30,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 300,00.

Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 377 13. ágúst 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 120,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 1 440,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 295 13. maí 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. ágúst 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 — 1984

30. ágúst 1984 613 Nr. 378

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af kvikmyndafilmum og mynd- og hljóðböndum vegna atvinnustarfsemi.

1. gr.

Tollstjórum er falið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar að fella niður toll af neðangreindum vörum sem fluttar eru inn til framleiðslu á kvikmyndum á filmum eða myndböndum, hljómplötum og hljóðböndum:

Tollskrárnúmer	Vörulýsing
úr 37.02.02	Kvikmyndafilmur 16 mm og breiðari, þó ekki tvöfaldar 8 mm filmur.
37.07.01	Kvikmyndafilmur, einungis með hljóðbandi.
úr 92.12.19 og úr 92.12.29	Myndbönd 16 mm og breiðari, hljóðbönd 6,35 mm og breiðari, óátekin hljóðsegulbönd í rúllum (pancakes) til fjölföldunar efnis á hljómsnældur, mót („stampers“ eða „mothers“).

2. gr.

Niðurfelling tolls skv. 1. gr. er bundin því skilyrði að viðkomandi aðili reki kvikmynda- eða myndbandavinnustofu eða hljóðver til upptöku eða fjölföldunar efnis á filmur eða bönd.

Ákvæði auglýsingar nr. 8/1981 skulu gilda um tollívilnun samkvæmt auglýsingu þessari eins og við getur átt, sbr. einkum 3. gr. hennar.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalin tollskrárnúmer:

úr 85.15.60	Sjónvarpsmyndavélar fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda hafi vélarnar 400 línu myndupplausn eða meira (horizontal resolution, lines at center) og séu með BNC tengingum.
úr 85.15.82	Myndskjáir (monitors) án móttakara (tuner) með 400 línu myndupplausn eða meira, og með BNC tengingar og/eða RGB inntaki.
90.08.21 90.08.29	
úr 92.11.31 og 92.11.39	Mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki og hlutar til þeirra fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur, enda séu þau án móttakara (tuner) fyrir hljóð eða mynd og hafi XLR og/eða BNC tengingar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 85 31. desember 1983 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

Nr. 380 30. ágúst 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálft gjald, þ. e. kr. 60 og kr. 120 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgrein, fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 62 21. maí 1974 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. september 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 261/1984 um breyting á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982 og reglugerð um hámark einninga lyfjaávísana nr. 257/1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 381

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningar fyrir árið 1983.

Rekstrargjöld:		Kr.
Laun og launatengd gjöld		2 600 245,00
Annar rekstrarkostnaður		873 636,00
Gjaldfærð fjárfesting		102 553,00
		3 576 434,00
Rekstrartekjur:	**Kr.**	
Innheimtuþóknun	58 717,00	
Endurgreiddur innheimtukostnaður	296 510,00	
Vextir	1 760 628,00	2 115 855,00
Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		1 460 579,00
		3 576 434,00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1983.

Eignir:	
Óinnheimtar kröfur	187 068 982,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	1 460 579,00
Sjóður	1 541 008,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	2 255 716,00
	192 326 285,00

Skuldir:

Tryggingastofnun ríkisins	135 558 532,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	56 767 753,00
	192 326 285,00

Reykjavík, 1. júní 1984.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga:

Guðm. Vignir Jósefsson, form. Hallgrímur Dalberg. Steinþór Júlíusson.
Árni Guðjónsson.

Nr. 382 30. ágúst 1984

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 3% frá 1. sept. 1984 að telja frá því sem þær voru í ágústmánuði s. l.

Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1984

7. september 1984 617 Nr. 383

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 519/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Aftan við 19. gr. reglugerðarinnar bætist núverandi 20. gr., sbr. 2. gr. rg. nr. 31/1983, og verði 3. mgr. 19. gr.

2. gr.

Ný 20. gr. orðist svo:

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir í erlendum bönkum. Þeir skulu gera viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum. Notkun yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Verði yfirdráttur banka meiri en þessu nemur skal bankinn hafa komið yfirdrættinum í rétt horf innan viku.

Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og öðlast þegar gildi. Fullnægi einhver banki ekki skilyrðum 1. gr. við gildistöku þessarar reglugerðar skal hann eiga þess kost að semja við Seðlabankanum um aðlögunartíma að ákvæðum greinarinnar.

Viðskiptaráðuneytið, 7. september 1984.

Matthías Á. Mathiesen.

Þórhallur Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 42, nr. 383. Útgáfudagur 10. september 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 — 1984

Nr. 384 618 24. september 1984

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma.

Að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar og skv. heimild í 45. gr. l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956 eru hér með settar svofelldar reglur um varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu gegn útbreiðslu smitandi búfjársjúkdóma:

1. gr.

Reglur þessar taka til svæða sem afmarkast af eftirfarandi varnarlínum: **Sólheimasandslínu** vestan Jökulsár á Sólheimasandi í Sólheimajökul. **Mýrdalssandslínu** úr Blautukvísl austan Hafurseyjar á Moldheiði. **Skeiðarársandslínu.**

2. gr.

Skipuleggja skal slátrun og flutning sláturgripa með tilliti til smithættu og skulu sláturleyfishafar leggja áætlanir sínar um framangreind efni fyrir viðkomandi héraðsdýralækni til staðfestingar.

Slátrun sauðfjár úr Mýrdalshreppi, Álftavershreppi og Skaftártunguhreppi skal fara fram í Vík í Mýrdal og slátrun sauðfjár úr Leiðvallahreppi, Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi skal fara fram á Kirkjubæjarklaustri nema sauðfjársjúkdómanefnd samþykki annað.

Við slátrun í Vík í Mýrdal skal ekki slátra nema úr öðru varnarhólfinum sömu vikuna. Í síðustu viku slátrunar má víkja frá þessu að höfðu samráði við héraðsdýralækni.

3. gr.

Sláturgripabílar skulu hreinsaðir daglega, en sauðfjársjúkdómanefnd getur gefið fyrirmæli um frekari sótthreinsunaraðgerðir, þegar flutt er frá einstökum bæjum. Ekki má flytja lífgripi með sláturgripabílum.

Við sláturhúsin skal vera aðstaða til að þvo og sótthreinsa flutningstæki með heitu vatni og háþrýstidælu. Þar skal einnig vera aðstaða til sótthreinslunar á fótabúnaði og hlífðarfötum starfsfólks og allra þeirra sem koma í sláturfjárrétt. Festa skal upp leiðbeiningar um þessi atriði fyrir fjáreigendur og starfsfólk.

4. gr.

Algjört bann er við flutningi óverkaðra sláturafurða yfir varnarlínur til heimanotkunar. Óheimilt er að flytja óverkaðar sláturafurðir frá sláturhúsi til staða innan varnarhólfanna til vinnslu fyrir sölu nema með samþykki héraðsdýralæknis.

5. gr.

Búfjársýningar skulu háðar leyfi héraðsdýralæknis.

Öll sala eða hliðstæðir flutningar sauðfjár til lífs milli sveitarfélaga innan varnarhólfs eru bannaðir nema sveitarstjórn og héraðsdýralæknir, á þeim stað sem flytja á féð til, samþykki.

6. gr.

Flutningur til sýslunnar og milli varnarhólfa í sýslunni á heyi, heykögglum, hálmi, túnþökum, gróðurmold, sláturúrgangi og hrámeti til fóðurs eru bannaðir án samþykkis sauðfjársjúkdómanefndar.

Vélar, tæki og áhöld sem óhreinkast hafa af sauðfé, skal sótthreinsa áður en þau eru flutt til sýslunnar eða milli varnarhólfa. Héraðsdýralæknir skal staðfesta sótthreinsun með vottorði.

7. gr.

Um brot gegn auglýsingu þessari fer eftir 46. gr. l. nr. 23/1956, sbr. 25. gr. l. nr. 75/1982.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. september 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 — 1984

Nr. 385 620 20. júlí 1984

SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Borgarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í Reykjavík, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda/stjórnar húsfélags í húsinu fylgja umsókn.
c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til borgarsjóðs og setur borgarstjórn árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.
d. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur borgarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri.
   Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.
   Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.
e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957.
   Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypt skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda hans.
   Einnig skal við ólina festa merki, sem sýna að viðkomandi hundur hafi verið hreinsaður.
g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægingum eða óþrifandi né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss.
   Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem um ræðir í IX.—XV. kafla og í XVIII. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972, en þeir eru:
   1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar og tjaldbúðir), matsölur og aðrir veitingastaðir.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2. Skólar, kennslustaðir og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili og dagvistarheimili.
3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstaðir.
5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
6. Samkomuhús.
7. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
8. Húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.

Óheimilt er að fara með hunda í almenningsgarða borgarinnar á tímabilinu milli kl. 08.00 til kl. 21.00. Sama gildir um Bankastræti, Laugaveg að Rauðarárstíg, Lækjartorg og göngugötu Austurstrætis.

Ákvæði þessa starfliðar gilda ekki um hunda, sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra eða sjónskertra.

Ef brotin eru skilyrði þessarar greinar getur það varðað refsingu samkvæmt 7. gr.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkursvæðis, sem gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki borgarstjórnar.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Senda skal embætti lögreglugstjóra í Reykjavík afrit af leyfisbréfi.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. f. lið 2. gr., og eintak af samþykkt um hundahald í Reykjavík.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur borgarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur borgarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlitið eða aðilar á þess vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Reykjavík og getur það leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

Borgarstjórn setur reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu og hvaða starfsfólk annist þá þætti.

6. gr.

Hættulega hunda, óleyfilega eða hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hundahald í Reykjavík nr. 61/1924 og 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 1950.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Að liðnum 3 mánuðum frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla óskráða hunda skv. ákvæðum 6. gr.

II. Leitað skal eftir afstöðu borgarbúa til hundahalds í Reykjavík með því að bera mál þetta undir atkvæði allra atkvæðisbærra borgarbúa, þegar nokkur reynsla er fengin af framkvæmd samþykktar þessarar, þó ekki síðar en 4 árum eftir gildistöku hennar. Þeir einstaklingar, sem þá hafa leyfi til að halda hund, skulu sæta þeim ákvörðunum, sem teknar kunna að verða í framhaldi af slíkri atkæðagreiðslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 386 20. júlí 1984

SAMÞYKKT

um gjald vegna hundahalds í Reykjavík.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur sbr. samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, staðfest af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í dag, skal vera kr. 400,00 fyrir hvern mánuð eða brot út mánuði. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið frá því að leyfið er veitt og til 1. mars 1985.

2. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir innan Vatnsleysustrandarhrepps.

2. gr.

Vatnsveita Vatnsleysustrandarhrepps er eign Vatnsleysustrandarhrepps.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri hreppsins með sérstakt reikningshald.

Reikningar vatnsveitunnar skulu fylgja reikningum sveitarsjóðs til endurskoðunar og samþykktar.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Sveitarstjóri framkvæmir vald hennar. Á fyrsta hreppsnefndarfundi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar skal kjósa nefnd þriggja manna til að sjá um málefni vatnsveitunnar eftir því sem hreppsnefndin ákveður og mælt er í reglugerð þessari.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur einkasölu á vatni á því svæði sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vantsæðar, aðalæðar og götuæðar, um Vogakauptún og annars staðar í hreppnum, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Vatnsveitunni er óskylt að yfirtaka einkaveitur. Yfirtaka einkaveitu er þó heimil að fengnu samþykki hreppsnefndar og gerðu samkomulagi við eigendur.

6. gr.

Hver sá er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð er í, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu háð fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og tæki er nota vatn, önnur en heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Ef sýnt þykir að götuæðar þær sem fyrir hendi eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki, eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þáttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Í þéttbýli skal vatnsveitan á eigin kostnað koma fyrir nægilega mörgum brunahönum. Brunahana má eingöngu nota við slökkvistörf, nema með sérstöku leyfi vatnsveitunnar.

7. gr.

Sá er óskar eftir að leggja vatnsveituæð að húsi sínu, leggja nýlagnir, gera breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá vatnsveitunni.

Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem fást í skrifstofu sveitarstjóra og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að annast.

Með umsókninni fylgi uppdráttur af vatnslögninni í tvíriti og eigi minni mælikvarða en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af verkfræðingi eða iðnfræðingi, er hlotið hefur til þess löggildingu vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húsgeigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningarmeistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

8. gr.

Pípulagningameistarar, löggiltir af hreppsnefnd, hafa einir rétt til þes að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera og ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna, settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má hún svipta hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

9. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

10. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi og í því, eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra, skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseigenda.

Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum, ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar.

Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar.

Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki sáttir um slíkt.

Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart, getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

11. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss, og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir.

12. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vantsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

14. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal innheimta vatnsskatt af húseignum, er um ræðir í 2. mgr. og skal skatturinn miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni, enda sé vatn ekki selt samkvæmt mæli.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi hreppsins, sem standa við götu eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt skal leggja á alla er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavantsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður hreppsnefnd gjald fyrir hvern m^3.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 3. mgr. segir, og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins

mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að vatn til heimilisþarfa verði selt eftir mæli, og sett um það sérákvæði.

15. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert og ber að greiða skattinn til sveitarstjóra.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

16. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli (sjá 14. gr.), greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum, ber húseiganda að bæta.

Sá er rýfur innsigli vatnsmælisins án heimildar skal sæta refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og geiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi (sjá 7. og 10. gr.).

Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber tafarlaust að tilkynna vatnsveitunni um bilanir á vatnsmæli.

17. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Vatnsveitunni er heimilt að skammta vatn til annars en heimilisnotkunar. Ennfremur getur hún krafist þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

18. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

19. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Blöndunartæki skulu hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Óheimilt er að tengja saman vatnsveitu og hitaveitu, nema einstreymislokar séu settir á báðar æðar.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

20. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða lög. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 352 15. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. september 1984 Nr. 388

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í Vatnsleysustrandarhreppi sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar vatnsveitunnar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar eða lands skv. lögum um skráningu og mat fasteigna.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús í smíðum og eigi virt fasteignamatsvirðingu, skal, hafi smíðin staðið lengur en þrjú ár, reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingar fór fram samkvæmt bókun byggingarfulltrúans í Vatnsleysustrandarhreppi.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum, sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið verða 100% hærra pr. rúmmetra heldur en krafist er af almennum aukavatnsskattgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökunnar.

Um nánari atriði viðvíkjandi álagningu aukavatnsskatts vísast til ákvæða reglugerðar um Vatnsveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

3. gr.

Vatnssala til skipa.

Hreppsnefnd ákveður endurgjald hafnarsjóðs til vatnsveitunnar vegna vatnsafnota, en hafnarstjórn ákveður gjaldið, sem einstakir notendur verða að greiða vegna vatnstöku úr vatnsdreifikerfi hafnarinnar, ef til kemur.

Endurgjaldið, reiknast sem kr. pr. m^3 vatns, skal þó aldrei nema lægri upphæð, en krafist er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum að viðbættum 100%.

4. gr.

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0,15% (0,15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e.a.s. af samanlögðu mati mannvirkja og lóðar lands.

Aukavatnsskattur, sem krafinn er skv. 2. gr., skal vera kr. 3,00 fyrir hvern rúmmetra vatns, miðað við fasteignamat í desember 1983, en breytast á ári hverju í réttu hlutfalli við breytingu á fasteignamati.

5. gr.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Vatnsleysustrandarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn mánaðarlega.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og smþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 339 14. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Suðureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 10. september 1984 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Suðureyri við Súgandafjörð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Suðureyri nr. 12 24. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

25. september 1984 Nr. 390

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Árskógshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Árskógshrepps ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsagerðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á gólffermetra einbýlishúss, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	6,0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	5,0%
Iðnaðar-, atvinnu- og vöruhús	4,5%
Tvíbýlishús og parhús	3,5%
Rað- og keðjuhús tvær hæðir	2,0%
Rað- og keðjuhús ein hæð	2,5%
Fjölbýlishús allt að 5 hæðir	2,0%
Fjölbýlishús 5 hæðir eða meira	1,0%
Geymsluhús	1,0%

Af gólffleti á jarðhæð í kjallara og nýtanlegum gólffleti á rishæð allra húsa svo og bifreiðageymslum við íbúðarhús skal reikna 50% af gjaldstuðli viðkomandi húss.

Lágmarksstærðir íbúða við útreikning til gatnagerðargjalds, reiknuðu af gjaldstuðli hæða, skulu vera þessar nema bæjarráð ákveði annað við auglýsingu lóða:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu		140 m²
Tvíbýlishús og parhús		130 m² hver íbúð
Raðhús, keðjuhús og fjölbýlishús:		
Áætluð meðalstærð:	90 m²	60 m² hver íbúð
	90 m² og 120 m²	90 m² hver íbúð
	120 m²	120 m² hver íbúð

Þegar veittar eru lóðir fyrir verslunar-, iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði, skal áætla nýtingarhlutfall lóða 0,3—0,5 eftir nánara mati byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi og skal það flatarmál reiknast til lágmarksgjalds. Sé byggt umfram áætlaðan gólffllöt greiðist af því byggingargjald, þegar byggingaleyfið er notað og skal það greitt áður en útmæling er gerð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 3. grein breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar á sama tíma og sú vísitala breytist.

5. gr.

Gjalddagar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. grein skulu vera sem hér segir: Við lóðaveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðaveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingaleyfi er veitt og breytast samkvæmt ákvæðum 4. gr. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðaúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingaleyfi án undangenginnar lóðaveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaáfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingakostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingaleyfi eða breytingu á byggingaleyfi svo og önnur erindi afgreidd í byggingarnefnd sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingafrestur er 12 mánuðir, þ. e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest. Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir: 50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mán. Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mán. Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram. Vextir og/eða verðbætur reiknast ekki af endurgreiðslu.

8. gr.

Hafi byggingaleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ.e. 12 mán., nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi kröfur á hendur sveitarfélaginu vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er hreppsnefnd heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur hreppsnefnd ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald, sem er gjald til að ljúka frágangi götu umfram það sem segir í 3. gr., þ.e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miðað við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í einbýlishúsi, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	2,0%
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,0%
Tvíbýlis- og parhús	1,7%
Rað- og keðjuhús á einni hæð	1,4%
Rað- og keðjuhús á 2 hæðum	1,2%
Fjölbýlishús allt að 5 hæðir	1,2%
Fjölbýlishús 5 hæðir eða meira	0,8%
Iðnaðar-, atvinnu- og vöruhús	1,0%
Geymsluhús	0,8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miðað við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkvæmt 11. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu, sbr. þó 13. gr. Gjöld þessi skulu breytast samkvæmt byggingavísitölu á sama tíma og sú vísitala breytist.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt og skal gjaldið miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er þegar byggingarleyfið er veitt, og breytast samkvæmt henni.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

— 20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdaárinu. Hreppsnefnd ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

— 80% gatnagerðargjalda skal greiða með skuldabréfi.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign og ákveður hreppsnefnd við hverja álagningu, með hvaða lánskjörum skuldabréfin skulu vera.

Hreppsnefnd er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila. Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur verði samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

15. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

16. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkvæmt 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
b. Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 15. gr.
c. Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- og örorkulífeyrisþegar.

17. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um meiri háttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 391 31. ágúst 1984

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1.1. Til almennrar lýsingar. Orkugjald ..... 5,10 kr/kwh.
1.2. Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald ..... 6,35 kr/kwh.
1.3. Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... 6 820,00 kr/kw/ár
Viðhaldsgjald ..... 7 390,00 kr/kw/ár
Gjald alls ..... 14 210,00 kr/kw/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald ..... 4,10 kr/kwh.
2.2. Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum.
Orkugjald ..... 2,30 kr/kwh.

3. Vélar o. fl.

3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kw. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald ..... 1,50 kr/kwh.
Aflgjald ..... 5 530,00 kr/kw á ári.

4. Hitun

4.1. Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 2,31 kr/kwh.
4.2. Til húshitunar, roftími 2 * 90 mín. á dag.
Orkugjald ..... 0,88 kr/kwh.
4.3. Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... 3,30 kr/kwh.
4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... 0,85 kr/kwh.
4.5. Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.
Orkugjald næturtaxti 9 stundir ..... 1,10 kr/kwh.
Orkugjald dagtaxti 15 stundir ..... 6,10 kr/kwh.

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kw uppsetts afls hitunartækja.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b) Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim samkvæmt gjaldskrám.
d) Að hitunartæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Fastagjald

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu fyrir hvert tæki sem hér segir:

	kr.
Orkumælir, einfasa	1 800,00
Orkumælir, þrífasa	3 960,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	4 430,00
Orkumælir fyrir sumarhús	5 760,00
Aflmælir	4 230,00

	kr.
Aflmælar með straumspennum	4 700,00
Tvígjaldsmælir	4 250,00
Klukka	370,00

III Heimtaugargjald

Heimtaugargjald fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málmstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd Jarðstrengur (kr./m)	Loftlína (kr./stólpa)
1 × 63	22,800,00	742,00	6,080,00
3 × 63	24,700,00	742,00	10,500,00
3 × 100	39,200,00	1,140,00	13,300,00
3 × 200	77,500,00	1,880,00	
3 × 315	123,000,00	2,190,00	
3 × 400	157,000,00	Samkv. kostnaði	
3 × 710	279,000,00	Samkv. kostnaði	
3 × 1200	469,000,00	Samkv. kostnaði	

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir nýju heimtaugina að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 380,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3..

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 30 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 31. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

2. október 1984 Nr. 392

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 797 16. desember 1982 fyrir Vatnsveitu Eskifjarðar.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og gera má lögtak í hinu skattskylda húsi án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Sé vatnsskattur, aukavatnsskattur, tengigjöld og önnur vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka vatnsrennsli til gjaldenda."

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. október 1984 Nr. 393

REGLUGERÐ

um loðkanínurækt.

1. gr.

1.1 Loðkanínur (oryctolagus cuniculus) nefnast í reglugerð þessari kanínur, sem aldar eru vegna verðmætis ullar (angórakanínur).

1.2 Loðkanínubú nefnast hús og búr, þar sem loðkanínur eru hafðar í ræktun og vörslu.

2. gr.

2.1 Óheimilt er að flytja til landsins loðkanínur nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, skv. 1. gr. laga nr. 11 frá 23. apríl 1928. Þeir sem óska eftir að flytja

loðkanínur til landsins, skulu senda um það skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins ásamt upplýsingum um hvaðan dýrin verði keypt, fjölda þeirra, kyn, aldur og auðkenni. Ráðuneytið leitar umsagnar yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands um hverja umsókn.

2.2 Heimili landbúnaðarráðuneytið innflutning á loðkanínum, skulu eiganda dýranna sett sérstök fyrirmæli um hvaða varrúðarráðstafanir séu nauðsynlegar til að varna því að smitsjúkdómar berist með dýrunum og önnur atriði, er lúta að framkvæmd innflutnings, þ.m.t. sóttkví.

3. gr.

3.1 Áður en loðkanínubú er tekið í notkun, skal héraðsráðunautur kanna aðstöðu alla og sannreyna, að búnaður sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Ráðunautur skal afhenda eiganda búsins vottorð um skoðun á búinu en afrit af vottorðinu skal sent Búnaðarfélagi Íslands og landbúnaðarráðuneytinu. Búnaðarmálastjóri setur nánari reglur um úttekt loðkanínubúa.

4. gr.

4.1 Hús, sem notuð eru fyrir loðkanínubú, skulu einangruð og þannig útbúin, að loftræsting sé góð án þess að dragsúgur myndist. Ef vélknúið loftræstikerfi er notað, skulu afköst þess geta náð 2 m^3/klst. á kg. kanínu. Neyðarloftræsting verður að vera til staðar ef bilun verður.

4.2 Niðurfall, sem auðvelt er að hreinsa, skal vera í gólfi.

4.3 Hitastig skal vera á bilinu 10—20 °C og dagleg hitasveifla sem minnst.

4.4 Rakastig skal vera á bilinu 45—70%.

4.5 Ljósstyrkur skal vera á bilinu 10—20 lux, en 75—100 lux við gegningar. Ljós skulu vera slökkt í að minnsta kosti 8 stundir samfleytt á nóttu.

4.6 NH_3-magnið í lofti má ekki fara yfir 15 ppm/m^3.

4.7 Fóðurgeymslur skulu vera hreinar, þurrar og músa- og rottuheldar.

4.8 Á búum, sem halda fleiri en 1 000 loðkanínur, skal vera vararafstöð og eldsneyti á hana, sem dugar til eðlilegs rekstrar í a. m. k. 5 sólarhringa.

4.9 Viðvörunarkerfi skal vera tengt vélknúnum tækjum.

5. gr.

5.1 Búrasamstæður skulu ekki vera meira en 3 hæðir og auðvelt að fylgjast með kanínunum í þeim. Hæð frá gólfi að lægsta punkti á neðstu hæð búranna skal vera minnst 40 cm. Ekki skulu vera fleiri en 1 kanína á hvern rúmmetra hússins.

5.2 Einstaklingsbúr skulu hafa minnst 0,32 m^2 gólfflöt og fyrir fleiri kanínur minnst 0,25 á kanínu. Gotbúr skulu vera tvískipt og gólfflötur þá samtals 0,8 m^2 hið minnsta. Í stað tvískiptra gotbúra má nota búr með áföstum hreiðurkassa. Gólfflötur slíkra búra skal þá vera 0,60 m^2 hið minnsta og gólfflötur hreiðurkassans 0,12 m^2 minnst, stysta hlið 30 cm og lágmarkshæð 35 cm. Öll búr skulu vera minnst 43 cm á hæð, engin hlið styttri en 45 cm og í þeim mega ekki vera fleiri en þrjár þéttar hliðar.

5.3 Búr skulu vera þannig að gerð að auðvelt sé að þrífa þau og sótthreinsa og gólfnet þannig gerð að þau særi ekki fætur.

5.4 Ákvæði 5.2 um mál á búrum miðast við kanínur af kyni með meðalþungann 4 kg fullvaxnar. Málin breytast hlutfallslega, þegar um er að ræða kyn með öðrum meðalþunga.

6. gr.

6.1 Loðkanínur skal klippa á minnst 90 daga fresti.

6.2 Rottum, músum, flóm, flugum og fuglum skal útrýma úr loðkanínubúum, ef þeirra verður vart. Bannað er að hafa hunda og ketti í loðkanínubúum.

6.3 Saur og úrgang skal fjarlægja úr búrum það oft að ekki valdi raka eða ólofti.
6.4 Hræjum af loðkanínum skal eytt á þann hátt að frá þeim stafi ekki smithætta.

7. gr.

7.1 Komi upp smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm í loðkanínubúi skal umráðamaður eða eigandi þegar í stað gera viðkomandi héraðsdýralækni aðvart. Skal héraðsdýralæknir samstundis gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari útbreiðslu sjúkdómsins og tjón af hans völdum. Jafnframt skal hann hlutast til um að fá staðfesta sjúkdómagreiningu með því að senda nauðsynleg líffæri eða heil hræ til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Ennfremur skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og hafa samráð við hann um frekari sóttvarnaraðgerðir.
7.2 Ef kanínupestar (mysomatosis) verður vart á loðkanínubúi, er hvers konar samgangur, svo sem flutningur dýra eða ferðir manna milli þess bús og annarra, bannaður. Heimilt er héraðsdýralækni, í samráði við yfirdýralækni, að grípa til annarra varúðarráðstafana.

8. gr.

Ákvæði X. kafla búfjárræktarlaganna nr. 31 24. apríl 1973, um forðagæslu gilda um loðkanínubú og skal forðagæslumaður telja kanínur í búunum, athuga húsakost þeirra, hirðingu og fóðrun dýranna.

9. gr.

Um byggingu loðkanínubúa og breytingar á eldri húsum fyrir slík bú, fer eftir gildandi reglum um skipulags- og byggingarmálefni.

10. gr.

Loðkanínur teljast ekki loðdýr í merkingu 1. gr. laga nr. 53 29. maí 1981 um loðdýrarækt og gilda þau lög eða reglugerð nr. 444/1982 um loðdýr og innflutning loðdýra ekki um loðkanínur eða loðkanínubú.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 11 frá 23. apríl 1928 um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins og lögum nr. 77 frá 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi 8. mgr. 15. gr. reglugerðar um loðdýrarækt og innflutning loðdýra, nr. 444 frá 22. júlí 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Héraðsráðunautar skulu hver á sínu starfssvæði skoða þau loðkanínubú, sem starfandi eru við gildistöku þessarar reglugerðar fyrir 1. júní 1985 og sannreyna að búnaður þeirra sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Fullnægi loðkanínubú sem hafið hefur starfsemi sína fyrir gildistöku reglugerðarinnar, ekki ákvæðum hennar getur landbúnaðarráðuneytið að fenginni umsögn héraðsráðunautar og Búnaðarfélags Íslands veitt tímabundna undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar, þó ekki lengur en til 1. janúar 1987.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. október 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um meðalþunga, sem lagður er til grundvallar við hleðslu loftfara nr. 52 27. febrúar 1976.

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Meðalþungi fólks.

3.1. Við útreikningu á flugtaksmassa og hleðslu loftfars, sem hefur mesta leyfilegan flugtaksmassa meiri en 5700 kg, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) karl í áhöfn/karlfarþegi eldri en 12 ára ..... 85 kg
b) kona í áhöfn/kvenfarþegi eldri en 12 ára ..... 69 kg

eða

c) flugverji/farþegi eldri en 12 ára ..... 78 kg
d) barn 2—12 ára ..... 30 kg
e) barn yngri en 2 ára ..... 10 kg

Flugrekandi sem annast reglubundið áætlunarflug eða óreglubundið flug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega ef hann með nægilega stóru úrtaki eða á annan fullnægjandi hátt sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

3.1.1. Í meðalþunganum fyrir áhöfn og farþega er innifalinn aðeins léttur handfarangur allt að 10 kg., t.d. handtöskur, myndavélar og varningur keyptur í fríhöfnum eftir að farþegar hafa afhent annar farangur sinn. Þótt um engan handfarangur sé að ræða má ekki lækka ofangreindan meðalþunga í gr. 3.1. né eftirgreindan í gr. 3.2.
Allan annan farangur skal vega og færa inn á hleðslu- og jafnvægisskrá.

3.1.2. Þegar nauðsynlegt er talið, skal ganga úr skugga um raunverulegan þunga fólks með því að vigta alla, farþega og áhöfn, ásamt handfarangri. Athugasemd um þetta skal gerð í hleðslu- og jafnvægisskrá.

3.2. Við útreikninga á flugtaksmassa og á hleðslu loftfara, sem hafa mestan leyfilegan flugtaksmassa 5700 kg eða minni, skal leggja til grundvallar þann meðalþunga fólks sem hér greinir:

a) Karl í áhöfn/karlfarþegi eldri en 12 ára ..... 85 kg
b) Kona í áhöfn/kvenfarþegi eldri en 12 ára ..... 69 kg
c) Barn 2—12 ára ..... 30 kg
d) Barn yngra en 2 ára ..... 10 kg

Flugrekandi, sem rekur reglubundið áætlunarflug, getur fengið heimild flugmálastjórnar til þess að leggja til grundvallar annan meðalþunga fyrir áhöfn og farþega í lofförum sem hafa 15 eða fleiri farþegasæti ef hann með nægilega stóru úrtaki eða á annan fullnægjandi hátt sannar að meðalþungi sé annar en að framan greinir.

3.2.1. Í þessum þungatölum er aðeins innifalinn samskonar handfarangur og greinir í gr. 3.1.1.

3.2.2. Ef flugstjóri telur að raunverulegur þungi sé annar en sá sem hér er nefndur meðalþungi fólks, þá skal hann ganga úr skugga um hver sé hinn raunverulegi þungi fólks og farangurs.

2. gr.

4. gr. hljóði svo:

Handfarangur í farþegaklefa.

4.1. Þjónustuliðar í farþegaklefa, eða einhver tiltekinn aðili í áhöfn skal sjá svo um að allur farangur, sem farþegar flytja með sér í farþegaklefa, sé á öruggum stað við flugtak og lendingu, svo sem í farangurs- og vöruhólfi, undir farþegasætum eða á annan hátt tryggilega frá honum gengið.

4.2. Flugrekandi skal, annaðhvort með tilkynningaspjöldum eða áletrun á farmiða eða á annan handhægan og greinilegan hátt láta farþega vita um ákvæði þessara reglna um handfarangur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. september 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

29. október 1984 Nr. 395

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á Sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið,

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 5 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á Sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 2 000,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði af starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 734/1983 svo og 13. og 14. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á Sérlyfjaskrá nr. 451 31. desember 1976 og 6. gr. reglugerðar um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334 19. júlí 1979.

Bráðabirgðaákvæði.

Skráningargjöld innlendra lyfjaframleiðenda skulu til 1. júlí 1985 vera helmingur þeirra upphæða, er greindar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 396

AUGLÝSING

24. september 1984

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Grindavík:

Efstahraun nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Selsvöllum og Heiðarhrauni.

Baðsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Gerðavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautarréttur þessi er samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Grindavík, 24. september 1984.

Guðmundur Kristjánsson, ftr.

Nr. 397

20. ágúst 1984

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi nr. 619 18. ágúst 1983.

1. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, er verði 4. gr. og aðrar greinar færist til er því nemur:

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu á vegum Suðureyrarhrepps. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 10 daga meðan eiganda gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan hreppsins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan hreppsins innan 10 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, er heimilt að aflífa hundana þegar í stað.

2. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. ágúst 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

29. ágúst 1984 Nr. 398

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og læknum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1984, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	Kr.
I. flokkur	18 000,00
II. flokkur	16 000,00
III. flokkur	14 000,00
IV. flokkur	10 000,00
V. flokkur	7 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:
Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:
Apótek Austurbæjar
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:
Akureyrar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Kópavogs Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:
Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Stykkishólms Apótek

V. flokkur:
Apótek Austurlands, Seyðisfirði
Apótek Blönduóss
Borgarness Apótek
Dalvíkur Apótek
Egilsstaða Apótek
Hafnar Apótek
Mosfells Apótek
Nes Apótek, Neskaupstað
Norðurbæjar Apótek, Hafnarfirði
Patreks Apótek
Rangár Apótek, Hellu
Sauðárkróks Apótek
Siglufjarðar Apótek
Ölfus Apótek, Hveragerði
Nesapótek, Seltjarnarnesi.

3. gr.

Lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur:
Delta hf.
G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur:
Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes hf.

III. flokkur:
Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

4. gr.

Læknar, sem annast lyfjasölu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 271/1983 skulu greiða eftirlitsgjald skv. V. flokki.

5. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald skv. II. flokki, en önnur skv. V. flokki.

6. gr.

Eftirlitsgjald skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. október 1984. Gjaldið er lögtakskræft.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49/1978 og tekur gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu framleiðslu forskriftalyfja.

Frá og með 1. apríl 1984 var framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja og lyfja framleiddra samkvæmt óstöðluðum forskriftum óheimil:
Compressi sulfaguanidini 500 mg
Tablettae acetylsalicylicae 0,5 g NORD
Tablettae nitrofurantoini NORD og aðrir styrkleikar.
Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. september 1984.

Frá og með 1. júlí 1984 var framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
Injectabile B-combini NORD.
Injectabile morphini 2% NORD.
Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. desember 1984.

Frá og með 1. október 1984 er framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja og lyfja framleiddra samkvæmt óstöðluðum forskriftum óheimil:
Infundibile glucosi isotonicum NORD.
Infundibile natrii chloridi isotonicum NORD.
Injectabile natrii chloridi NORD.
Irrigabile natrii chloridi isotonicum NORD.
Tablettae phentytoini 100 mg DAK 63 og aðrir styrkleikar.
Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 31. mars 1985.

Frá og með 1. janúar 1985 er framleiðsla neðantalinna forskriftalyfja óheimil:
Injectabile ascorbicum 10% NORD.
Injectabile atropini 0,1% NORD.
Injectabile lidocain-adrenalini DAK 63, allir styrkleikar.
Injectabile lidocaini non vasoconstringens 1% NORD.
Injectabile lidocaini non vasoconstringens 2% NORD.
Injectabile methadoni 1% NORD.
Tablettae lithii citratis 0,5 g NORD.
Heimilt er að afgreiða viðkomandi lyf í smásölu til og með 30. júní 1985.

Auglýsing þessi er birt með stoð í reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 335/1979.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. september 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil ..... kr. 1 220,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli ..... kr. 61,10
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

Stærð húss	Stofngjald
250 m³	kr. 32 600,00
251— 500 m³	kr. 32 600,00 + 78,10 kr/m³ yfir 250m³
501—1500 m³	kr. 52 100,00 + 45,60 kr/m³ yfir 500m³
1501—6000 m³	kr. 97 700,00 + 29,30 kr/m³ yfir 1500m³
6000 m³	kr. 229 600,00 + 23,00 kr/m³ yfir 6000m³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ..... kr. 22 900,00 sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ..... kr. 1 220,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 246 21. maí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 401

GJALDSKRÁ

1. nóvember 1984

Hitaveitu Hvammstanga.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a.	Fastagjöld	kr.	248,00
	á mánuði fyrir hvern aðalhemil og	kr.	374,00
	á mánuði fyrir hvern mæli.		

b. Vatnsgjald ..... kr. 496,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á
hámarksstillingu hemils og ..... kr. 22,90
fyrir hvert tonn um mæli.

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A 1.00/1.0
B 0.95/1.3
C 0.90/1.7
D 0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A. Fyrir 300—2000 m^3:
Af fyrstu 300 m^3 að utanmáli ..... kr. 31 800,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir ..... kr. 24,75
B. Fyrir hús 2000 m^3 og stærri:
Af fyrstu 2000 m^3 að utanmáli ..... kr. 82 300,00
Af hverjum rúmmetra þar yfir ..... kr. 23,25
C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram
einn á sama inntak ..... kr. 7 310,00

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, í
hvert skipti ..... kr. 576,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrábreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi frá og með birtingardegi gjaldskrárinnar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 247 21. maí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1984.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir

Nr. 402 5. nóvember 1984

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Búðahreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu og ganga frá gangstétt.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á A-gjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands.

4. gr.

Álagning A-gjalda og B-gjalda, skal vera sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
1. Íbúðabyggingar:		
1.1. Einbýlishús	3,0%	3,0%
1.2. Tvíbýlishús á 2 hæðum og raðhús	2,0%	2,0%
1.3. Þríbýlishús á 3 hæðum og fjölbýlishús	1,5%	1,5%
2. Aðrar byggingar:		
2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir og opinberar byggingar	3,0%	3,0%
2.2. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnlustöðvar, orkuver, spennistöðvar, bensín-, olíu- og lýsisgeymar, sérbyggðar vöruskemmur	1,5%	1,5%
2.3. Geymsluskúrar og bílgeymslur	1,0%	1,0%

3. Jafnframt B-gjaldi og sem hluta þess skulu lóðarhafar greiða kr. 24 fyrir hvern fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á eða ekki.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð:

Einbýlishús	500 m^3
Tvíbýlishús á 2 hæðum og raðhús	400 m^3
Þríbýlishús á 3 hæðum og fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur. Sveitarstjórn úrskurðar flokkun bygginga í gjaldflokka.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Gatnagerðargjöld samkvæmt 4. gr. miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar gjaldið er lagt á.

6. gr.

Gjalddagar A-gjalds samkvæmt 4. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 30% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingunni. Eftirstöðvarnar skulu greiðast í tvennu lagi, 35% eftir 6 mánuði frá lóðarveitingu og 35% eftir 12 mánuði frá lóðarveitingu.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi, án undangenginnar lóðarveitingar, er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin, sbr. þó 6. gr. að því er gjaldfrest varðar.

8. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. .a. s. lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest. Framkvæmdir teljast hafnar, er undirstöður hafa verið steyptar.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, án vaxta, svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðist eftir 12 mánuði. Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar sú úthlutun fer fram og eftirfarandi byggingarleyfi.

9. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ.e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingafrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

10. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að lækka eða fella niður A gatnagerðargjald af fjölbýlishúsum. Þá er sveitarstjórn heimilt að lækka eða fella niður A gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur sveitarstjórn

ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun eða þegar sveitarstjórn þykir sérstök ástæða til.

11. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta B-gjald skv. 4. gr. af lóðarhöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt, enda sé eigi lengri tími en 5 ár síðan það var gert. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er lagt á.

12. gr.

B gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig, að 20% greiðast þegar gjaldið hefur verið lagt á. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Síðasta afborgun B gatnagerðargjalda sem lögð er á eftir þessari reglugerð gjaldfalla ekki fyrr en lagningu gangstétta er lokið.

Ársvextir skulu vera hinir sömu og vextir af lánum Byggðasjóðs (B-lán) til sömu framkvæmda. Vextirnir greiðast árlega eftir á. Gjalddagi vaxta og afborgana er 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50%, án frekari staðfestingar ráðuneytis.

14. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta álagningu B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, enda sé húsnæðið af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá.

Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt að forsendur frestunarinnar bresti.

Einnig er heimilt að víkja frá gjalddögum B-gjalds þegar greiða skal á sama tíma A-gjald og B-gjald.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, S-Múlasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 799/1983 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:
   1. Gróðurhús m^2 og stærri ..... kr. 292,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús ..... kr. 115,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús ..... kr. 68,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús ..... kr. 193,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin til greiðslu annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m^3 að utanmáli	kr. 22 000,00
Hús 300—2000 m^3 að utanmáli	kr. 22 000,00
fyrir 300 m^3 og á hvern rúmmetra þar yfir	kr. 16,34

Hús stærra en 2000 m^3 að utanmáli	kr.	50 000,00
fyrir 2000 m^3 og hvern rúmmetra þar yfir	kr.	13,61
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki		2 150,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 168 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 200,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskrá nr. 679, 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Stokkseyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

1.1 Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar:
Orkugjald ..... kr. 5,10 kWh

1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:
Orkugjald ..... kr. 6,35 kr/kWh

1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald ..... kr. 6 820,00 kWh/ár
Viðhaldsgjald ..... kr. 7 390,00 kWh/ár
Gjald alls ..... kr. 14 210,00 kWh/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

2. Heimili o. fl.

2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum:
Orkugjald ..... kr. 4,10 kWh

2.2 Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum:
Orkugjald ..... kr. 2,30 kWh

3. Vélar o. fl.

3.1 Til vélanotkunar:
Orkugjald ..... kr. 5,10 kWh

3.2 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskylt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili:
Orkugjald ..... kr. 1,50 kWh
Aflgjald ..... kr. 5 530,00 kW á ári

4. Hitun.

4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 2,31 kWh

4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 0,88 kWh

4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald ..... kr. 3,30 kWh

4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.
Orkugjald ..... kr. 0,85 kWh

4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra hliðstæðra nota.

Orkugjald næturtaxti 9 stundir	kr.	1,10 kWh
Orkugjald dagtaxti 15 stundir	kr.	6,10 kWh

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
d. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II. FASTAGJALD

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr.	1 800,00
Orkumælir, þrífasa	kr.	3 960,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	kr.	4 430,00
Orkumælir fyrir sumarhús	kr.	5 760,00
Aflmælir	kr.	4 230,00
Aflmælir með straumspennum	kr.	4 700,00
Tvígjaldsmælir	kr.	4 250,00
Klukka	kr.	370,00

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A)	Stofngjald (kr.)	Gjald af yfirlengd: Jarðstrengur kr/m	Gjald af yfirlengd: Loftlína kr/stólpa
1 × 63	22 800,00	742,00	6 080,00
3 × 63	24 700,00	742,00	10 500,00
3 × 100	39 200,00	1 140,00	13 300,00
3 × 200	77 500,00	1 880,00	
3 × 315	123 000,00	2 190,00	
3 × 400	157 000,00	Samkv. kostn.	
3 × 710	279 000,00	—	
3 × 1200	469 000,00	—	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði

rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 380,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra, við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 300,00.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., viðhaldsgjald, og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með birtingardegi gjaldskrárinnar. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá rafveitunnar nr. 694 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

5. nóvember 1984 Nr. 405

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 23. ágúst 1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 166/1984 orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til hreinna eða blandaðra grænmetis- og ávaxtasafa eða tilreiddra efna til slíkrar drykkjarvörugerðar, sælgætis, öls, gosdrykka eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um

vörugjald með áorðnum breytingum, sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær ekki heldur til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis, þótt það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum til þess að öðlast gildi frá og með 10. nóvember 1984.

Fjármálaráðuneytið, 5. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 406 26. september 1984

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 82 28. desember 1983.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á tímabilinu 1. október 1984 til 31. desember 1984 á eftirgreindum svæðum:

A. Í Héraðsflóa frá línu réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37′8 N, 13°55′3 V) utan línu sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B. Utan Breiðafjarðar norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30′2 N, 24°32′1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°40′0 V lgd., eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 82 28. desember 1983, um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. október 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 372 21. ágúst 1984, um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 82 28. desember 1983.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. september 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyjólfsson.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar á haustvertíð 1984 og vetrarvertíð 1985.

1. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu frá og með 1. október 1984 þar til annað verður ákveðið heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer	Skipskr.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn
Albert GK. 31	1046	3600
Beitir NK. 123	0226	4900
Bergur VE. 44	0968	3500
Bjarni Ólafsson AK. 70	1504	4500
Börkur NK. 122	1293	4500
Dagfari ÞH. 70	1073	3500
Eldborg HF. 13	1525	5300
Erling KE. 45	1361	3300
Fífill GK. 54	1048	3700
Gígja RE. 340	1011	3900
Gísli Árni RE. 375	1002	3700
Grindvíkingur GK. 606	1512	4500
Guðmundur RE. 29	1272	4200
Guðmundur Ólafur ÓF. 91	1020	3600
Guðrún Þorkelsdóttir SU. 211	1076	3900
Gullberg VE. 292	1401	3600
Hákon ÞH. 250	1059	4000
Harpa RE. 342	1033	3700
Heimaey VE. 54	1035	3500
Helga II RE. 373	1018	3500
Hilmir SU. 171	1551	4800
Hilmir II SU. 177	1044	3600
Hrafn GK. 12	1006	3700
Huginn VE. 55	1411	3600
Húnaröst ÁR. 150	1070	3700
Höfrungur AK. 95	1413	4100
Ísleifur VE. 63	1610	3800
Jón Finnsson RE. 506	1283	3600
Jón Kjartansson SU. 111	0155	4500
Júpiter RE. 161	0130	4800
Jöfur KE. 17	0965	3400
Kap II. VE. 4	1062	3800
Keflvíkingur KE. 100	0967	3500
Ljósfari RE. 102	0973	3600
Magnús NK. 72	1031	3500
Pétur Jónsson RE. 14	1069	4000
Rauðsey AK. 14	1030	3600
Sighvatur Bjarnason VE. 81	1061	3800
Sigurður RE. 4	0183	5000

Nafn skips og umdæmisnúmer	Skipskr.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn
Sjávarborg GK. 60	1586	3900
Skarðsvík SH. 205	1416	3600
Súlan EA. 300	1060	3900
Svanur RE. 45	1029	3800
Sæberg SU. 9	0252	3600
Sæbjörg VE. 56	0989	3700
Víkingur AK. 100	0220	4900
Víkurberg GK. 1	0979	3500
Þórður Jónasson EA. 350	0264	3500
Þórshamar GK. 75	1501	3600
Örn KE. 13	1012	3600

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

2. gr.

Skipum þeim er tilgreind eru í 1. gr. eru bannaðar allar loðnuveiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands og Jan Mayen. Íslenskum loðnuskipum er heimilt að veiða samtals 105 000 lestir af loðnu í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og mun ráðuneytið tilkynna hvenær veiðum líkur á því svæði.

3. gr.

Um jól og áramót eru allar loðnuveiðar bannaðar með eftirgreindum hætti: skipum er óheimilt að láta úr höfn til loðnuveiða eftir 17. desember 1984 og óheimilt er að hefja loðnuveiðar eftir áramót fyrr en á hádegi 4. janúar 1985.

4. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar m.a. til frystingar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

5. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

6. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskips.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

8. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Ríkismati sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

9. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. september 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

1. október 1984 Nr. 408

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum, kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum, kr.
1. október 1983	272 092	816 277
21. febrúar 1984	293 042	879 130
1. júní 1984	298 904	896 713
1. september 1984	307 871	923 614

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 1 440,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 120,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 604 8. ágúst 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. september 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 410 28. september 1984

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur með síðari breytingum.

1. gr.

2. og 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o. fl. til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. september 1984.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Stjórnartíðindi B 44, nr. 385—410. Útgáfudagur 9. nóvember 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1984

AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli í tollskrárnúmeri 49.01.09.

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að það hefur ákveðið samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, að hámarksfjárhæð tollverðs af söluskattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmeri 49.01.09 skuli vera kr. 500.

Niðurfelling söluskatts er bundin því skilyrði að um sé að ræða innflutning til eigin nota og varan sé ekki ætluð til endursölu. Þó tekur niðurfellingin ekki til sýnishorna, heldur fer um söluskatt af þeim samkvæmt leiðbeiningum til tollyfirvalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum. Auglýsing þessi tekur gildi frá og með 10. nóvember 1984.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219, 14. júní 1978, um stimpilgjald af vátryggingarskjölum.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Sjóvátryggingar á varningi, tryggingar á varningi fluttum með flugvélum eða landfarartækjum og farangurstryggingar, stimplast með krónum 0,24 af þúsundi eða broti úr þúsundi vátryggingarfjárhæðar sbr. þó 7. tl. 1. mgr. 10. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist nýr töluliður er verði 7. tl. og orðast svo:

Farmtryggingar vegna flutnings milli Íslands og annarra landa.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 36, 10. maí 1978 um stimpilgjald, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 411—412. Útgáfudagur 9. nóvember 1984.

REIKNINGUR

Útvegsbanka Íslands, árið 1983.

Efnahagsreikningur 31. desember 1983.

Eignir:

Sjóður og bankainnstæður:	Kr.
Sjóður	7 356 379
Viðskiptabankar	201 040
Seðlabanki, bundið fé	447 218 611
Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur	92 682 075
Sjóður og bankainnstæður alls	547 458 105
Erlendar eignir:	
Sjóður	13 601 632
Viðskiptabankar	173 956 910
Víxlar og annað	7 800 195
Skuldabréf	236 857 500
Erlendar eignir alls	432 216 237
Útlán:	
Innleystar ábyrgðir	22 420 941
Yfirdráttarlán	269 319 102
Víxillán	255 704 453
Almenn skuldabréf	234 190 511
Verðtryggð skuldabréf	662 470 764
Afurða- og rekstrarlán, endurlán	684 807 730
Viðbótarlán	288 810 946
	2 417 724 447
Endurlánað erlent lánsfé	1 539 645 309
Afskriftareikningur útlána (3)	(46 427 600)
Útlán alls	3 910 942 156

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Aðrar eignir:		Kr.
Áfallnir vextir og verðbætur		254 673 312
Langtímakostnaður		1 923 319
Hlutafé og annað áhættufé	(8)	2 461 329
Ýmsir eignaliðir		21 128 438
	Aðrar eignir alls	280 186 398
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir		293 174 996
Áhöld og búnaður		77 726 130
Bifreiðar		1 082 243
		371 983 369
Fyrningar alls	(1,9)	(98 237 911)
	Varanlegir rekstrarfjármunir alls	273 745 458
	Eignir alls	5 444 548 354

Skuldir og eigið fé:

Veltiinnlán:		Kr.
Hlaupareikningar og annað		275 425 908
	Veltiinnlán alls	275 425 908
Spariinnlán:		
Almennir sparisjóðsreikningar		582 931 625
Vaxtaaukareikningar		113 181 945
Verðtryggðir reikningar		620 789 296
	Spariinnlán alls	1 316 902 866
Gjaldeyrisinnlán		239 058 868
	Innlán alls	1 831 387 642
Seðlabanki Íslands:		
Viðskiptareikningur		61 078 917
Önnur lán		139 833 334
Endurseld lán		684 807 930
Endurlán		186 611 553
	Seðlabanki alls	1 072 331 734

		Kr.
Erlendar skuldir:		
Erlent endurlánað lánsfé		1 483 856 008
Skuldabréf		236 857 500
Viðskiptabankar		368 175 805
Erlendar skuldir alls		2 088 889 313
Ýmsir skuldaliðir:		
Viðskiptabankar og sjóðir		5 309 927
Innheimt fé fyrir aðra		21 224 348
Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir		12 879 839
Sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga	(4)	7 392 200
Ýmsir skuldaliðir	(11)	45 910 435
Ýmsir skuldaliðir alls		92 716 749
Skuldir alls		5 085 325 438
Eigið fé: Óskattlagt:		
Varasjóður		10 653 436
		10 653 436
Annað:		
Stofnfé		50 073 154
Varasjóður		12 575 980
Endurmatsreikningur		285 301 397
Óráðstafað		618 949
		348 569 480
Eigið fé alls	(12)	359 222 916
Skuldir og eigið fé alls		5 444 548 354
Utan efnahags:		
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	(13)	448 533 000
Seðlabanki Íslands, skuldbinding	(14)	45 212 000

Rekstrarreikningur ársins 1983.

Rekstrartekjur:		Kr.
Vextir og verðbætur af útlánum		1 033 299 061
Vextir og verðbætur af bundnu fé í Seðlabanka		135 427 648
Aðrar vaxtatekjur		23 335 804
		1 192 062 513
Þóknun og þjónusta		69 300 994
Aðrar tekjur		11 872 222
Rekstrartekjur alls		1 273 235 729
Rekstrargjöld:		
Vextir og verðbætur af innlánum		499 499 351
Vextir og verðbætur til Seðlabanka		298 055 093
Önnur vaxtagjöld og verðbætur		159 716 347
		957 270 791
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	(1)	37 359 597
		994 630 388
Laun og tengd gjöld	(16)	107 790 459
Aðkeypt þjónusta	(16)	25 149 650
Rekstur varanlegra rekstrarfjármuna	(16)	21 067 054
Önnur rekstrargjöld	(16)	17 709 381
Skattur af gjaldeyrissölu		21 768 334
Landsútsvar		2 430 914
Tillag í afskriftareikning útlána	(3)	25 084 528
Fyrning varanlegra rekstrarfjármuna		11 473 124
Skattur á innlánsstofnanir skv. lögum 65/1982		0
Rekstrargjöld alls		1 227 103 832
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi		46 131 897
Önnur gjöld:		
Tillag í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga	(4)	7 392 200
Tap á sölu varanlegra rekstrarfjármuna		2 652 212
		10 044 412
Hagnaður fyrir skatta		36 087 485
Tekju- og eignarskattur:		
Eignarskattur		4 240 300
Tekjuskattur		20 774 200
Tekju- og eignarskattur alls	(11)	25 014 500
Hagnaður (tap) til ráðstöfunar		11 072 985

Yfirlit yfir breytingu lausafjárstöðu 1983.

		Kr.
Til ráðstöfunar:		
Frá rekstri:		
Hagnaður (tap) til ráðstöfunar		11 072 985
Við bætist:		
Vextir verðbætur og gengismunur af innlánum		582 883 814
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	(1)	37 359 597
Annað, sem ekki breytir lausafjárstöðu	(3,4)	47 874 827
Frá dregst:		
Uppfærsla á útlán		(379 412 047)
Til ráðstöfunar frá rekstri		299 779 176
Annað:		
Aukning veltiinnlána án vaxta		97 791 196
Aukning spariinnlána án vaxta		144 517 003
Aukning gjaldeyrisinnlána án vaxta		28 950 732
Afborgun af skuldabréfum		484 008 403
Tekin ný lán		78 788 443
Söluverð seldra fastafjármuna		8 070 000
Aukning endursölu í Seðlabanka		324 844 199
Lækkun gjaldeyrisstöðu í Seðlabanka		17 920 287
Annað		4 396 530
		1 489 065 969
Ráðstöfun:		
Aukning yfirdráttarlána		96 380 293
Aukning víxillána		143 215 202
Aukning skuldabréfalána		165 194 468
Aukning verðtryggðra lána		450 476 032
Aukning afurða- og rekstrarlána		325 650 095
Aukning viðbótarlána		165 999 621
Aukning á bundnu fé í Seðlabanka		201 887 213
Afborganir af teknum lánum		47 565 246
Aukning innleystra ábyrgða		3 955 703
Fjárfesting á árinu	(9)	39 593 049
Stofnfé í Kreditkort sf		0
Aukning á gjaldeyrisstöðu í Seðlabanka		0
Annað		29 607 884
		1 669 524 806
Lækkun á lausu fé		(180 458 837)

Greining á breytingu lausafjárstöðu

	31. des. 1983	31. des. 1982	Breyting
	Kr.	Kr.	Kr.
Sjóðir	20 958 011	11 287 884	9 670 127
Viðskiptabankar og annað	181 958 145	102 306 918	79 651 227
Viðskiptareikningur í Seðlabanka	(61 078 917)	(56 973 499)	(4 105 418)
Viðskiptabankar	(365 630 806)	(140 530 194)	(225 100 612)
Aðrir liðir	(40 574 161)		(40 574 161)
Lausafjárstaða í árslok	(264 367 728)	(83 908 891)	(180 458 837)

Breytingar á eiginfjárstöðu 1983

	Skattalegur varasjóður	Stofnfé	Varasjóður	Endurm.reikn.	Óráðstafað	Alls kr.
Eigið fé 1. janúar 1983		50 073 154	12 575 980	133 054 735	199 400	195 903 269
Endurmat fastafjármuna				219 148 126		219 148 126
Endurmat mynt- og málverkasafns				52 297		52 297
Hlutdeild í endurmati Kreditkorta sf				273 485		273 485
Endurmetnar fyrningar				(80 614 143)		(80 614 143)
Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga				37 359 597		37 359 597
Jöfnunarhlutabréf				126 440		126 440
Varasjóðstillag, lög nr. 75/1981	10 653 436				(10 653 436)	
Tillag í afskriftareikning útlána				(23 562 400)		(23 562 400)
Bakfært gatnagerðargjald				(536 740)		(536 740)
Hagnaður ársins					11 072 985	11 072 985
	10 653 436	50 073 154	12 575 980	285 301 397	618 949	359 222 916

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

• Með lögum nr. 37/1983 um breytingu á lögum um Útvegsbanka Íslands, nr. 12/1961, var kveðið á um eftirfarandi sundurliðun á rekstrarkostnaði bankans.

Undirritun bankastjórnar og bankaráðs á ársreikninginn:

Reykjavík, 23. mars 1984

Bankastjórn:

Jónas G. Rafnar — Ármann Jakobsson — Halldór Guðbjarnason

Sverrir Matthíasson, aðalbókari

Með vísan til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 23. mars 1984.

Guðmundur Karlsson

Valdimar Indriðason — Jón Aðalsteinn Jónsson
Garðar Sigurðsson — Arnbjörn Kristinsson

Áritun endurskoðenda:

Ársreikning þennan fyrir Útvegsbanka Íslands höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning 31. desember 1983, rekstrarreikning fyrir árið 1983, skýringar nr. 1—16 og sérgreindan efnahagsreikning fyrir aðalbanka og útibú.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri bankans á árinu 1983 og efnahag hans 31. desember 1983 og breytingu lausafjárstöðu á árinu 1983.

Reykjavík, 27. mars 1984.

Haukur Harðarson — **Ingi R. Jóhannsson, lögg. endurskoðandi**

Með skírskotun til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast ársreikningurinn réttur.

Reykjavík, 28. mars 1984.

Matthías Á. Mathiesen

Nr. 414

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1983

Rekstrarreikningur 1983.

TEKJUR:		kr.
1. Af útflutningsgjaldi		111 834 296,00
2. Framlag ríkissjóðs		26 600 000,00
3. Lántökugjöld		8 075 730,00
4. Vextir:	kr.	
a) Ógreiddir vextir í lok árs	349 369 602,40	
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs	210 083 885,00	
c) Mismunur	139 285 717,40	kr.
d) Innheimtir vextir	444 282 192,65	583 567 910,05
		Alls 730 077 936,05

GJÖLD:

1. Kostnaðarreikningur:	kr.		
a) Keypt tæki og áhöld	187 688,54	kr.	
b) Annar kostnaður	16 443 142,01	16 630 830,55	
2. Lántökugjöld		6 629 999,52	
3. Framlag til afskriftareiknings útlána		130 000 000,00	
4. Vextir:	kr.		
a) Ógreiddir vextir í lok árs	112 452 697,00		
b) Ógreiddir vextir í byrjun árs	65 115 976,00		
c) Mismunur	47 336 721,00	kr.	
d) Greiddir vextir	442 761 024,93	490 097 745,93	
		kr.	
Tekjur umfram gjöld 1983		86 719 360,05	
Ráðstöfun tekjuafgangs:			
Fært á höfuðstól eigin fjár		86 719 360,05	
		Alls	0,00

EIGNBREYTINGAREIKNINGUR 1983

Verðbreyting eigna:	kr.		
1. Hækkun höfuðstóls útlána með gengisákvæði 1983	526 092 682,67		
2. Hækkun höfuðstóls útlána í erlendri mynt 1983	831 552 523,91		
3. Hækkun höfuðstóls útlána í reikningseiningum Fiskveiðisjóðs 1983	442 966 462,13		
4. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna útlána 1983	304 546 718,69		
		kr.	
		2 105 158 387,40	
Verðbreyting skulda:	kr.		
1. Hækkun höfuðstóls erlendra skulda 1983	1 394 289 942,59		
2. Hækkun höfuðstóls vísitölubundinna skulda 1983	285 137 570,17	kr.	
		1 679 427 512,76	
Verðbreytingar eigna umfram verðbreytingar skulda á árinu 1983		425 730 874,64	
Fært á verðtryggingarreikning eigin fjár		425 730 874,64	
			0,00

EFNAHAGSREIKNINGUR
31. desember 1983

EIGNIR:

1. Skuldabréf fyrir lánum út á:		kr.
a) Fiskiskip		4 961 352 392,92
b) Hraðfrystihús		572 764 418,77
c) Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur		85 797 557,25
d) Aðrar vinnslustöðvar		115 660 405,13
e) Skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir		3 827 181,40
f) Ýmsar fasteignir		55 111 759,40
		5 794 513 714,87
Afskriftareikningur útlána		(193 000 000,00)
		5 601 513 714,87
2. Skuldabréf vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs 1975:		kr.
a) Fiskiskip		371 805,00
b) Fasteignir		996 525,00
		1 368 330,00
3. Hagræðingarlán:	kr.	
a) Höfuðstóll	35 427 308,03	
b) Ógreiddir vextir	10 972 872,00	kr.
		46 400 180,03
4. Fyrirgreiðslur vegna:		kr.
a) Skipa		20 000 000,00
b) Fasteigna		85 859 322,04
		105 859 322,04
5. Lán til loðnuskipa úr gengismunasjóði:		68 783 013,00
6. Verðbréf:		2 923 278,62
7. Ýmsir skuldunautar:		10 731 498,84
8. Ógreiddir vextir:		349 369 602,40
9. Bankainnstæður:	kr.	
a) Fiskveiðasjóður	126 027 058,83	
b) Stofnfjársjóður	90 525 765,33	
c) Hagræðingarjóður	24 889 049,71	kr.
		241 441 873,87
		6 428 390 813,67

SKULDIR:		kr.
1. Innlendar skuldir		11 219 546,49
2. Innlendar skuldir háðar vísitölu		870 725 698,77
3. Skuldir í erlendri mynt		1 950 555 056,89
4. Framlagsreikningar Seðla-, Lands- og Útvegsbanka		1 753 930,00
5. Skuldir v/Lausaskuldalána		1 368 330,00
6. Skuld við Hagræðingarsjóð		71 289 229,74
7. Innstæður lántakenda		1 971 750 459,35
8. Stofnfjársjóður fiskiskipa		90 525 765,33
9. Viðskiptamenn		5 707 799,34
10. Skuld við gengismunarsjóð vegna loðnuskipa		68 783 013,00
11. Ógreiddir vextir og áfallnir vextir		112 452 697,00
12. Eigið fé:	kr.	
a) Höfuðstóll	498 110 223,08	
b) Verðtr. eigin fjár	774 149 064,68	1 272 259 287,76
		6 428 390 813,67

Reykjavík, 10. febrúar 1984.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Már Elísson. **Svavar Ármannsson.** **Gunnar P. Ívarsson.**

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikningsfærslur og bókhald sjóðsins á árinu, skv. góðum endurskoðunarvenjum og ekkert fundið athugavert. Framanskráðan ársreikning höfum við einnig yfirfarið og endurskoðað. Teljum við reikninginn og meðfylgjandi skýringar sýna glögga mynd af starfsemi sjóðsins á árinu 1983 og af stöðu hans í árslok. Að öðru leyti vísast til bréfs, sem við höfum sent stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og sjávarútvegsráðherra.

Reykjavík, 27. febrúar 1984.

Ásmundur B. Olsen. **Birgir Finnsson.**

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar sjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1983 rétta.

Reykjavík, 9. mars 1984.

Davíð Ólafsson.

Árni Benediktsson. Ármann Jakobsson.
Björn Guðmundsson. Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson.
Helgi Bergs. Óskar Vigfússon.

Með skírskotun til framanritaðra yfirlýsinga endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1983 hér með staðfestir.

Reykjavík, 3. apríl 1984.

Halldór Ásgrímsson.

Skýringar við ársreikning Fiskveiðasjóðs Íslands.

Reikningsskilavenjur.

Í aðalatriðum er fylgt sömu reikningsskilavenjum og gert var á fyrra ári. Útlán eru uppreiknaðar vaxtatekjur og verðbætur til áramóta. Á skuldir eru uppreiknuð vaxtagjöld og verðbætur á samsvarandi hátt.

Þau útlán og þær skuldir, sem verðtryggð eru miðað við vísitölu byggingarkostnaðar eru uppfærð samkvæmt vísitölu, sem tók gildi 1. október 1983, en þau útlán og þær skuldir, sem miðuð eru við lánskjaravísitölu eru uppfærð samkvæmt lánskjaravísitölu fyrir desember 1983.

Allar eignir og skuldir sjóðsins í erlendum gjaldeyri eða reikningseiningum eru uppfærðar um áramót og miðast við sölugengi á viðkomandi gjaldmiðli eða reikningseiningum í árslok.

Sú breyting er nú gerð á fyrri reikningsskilaaðferðum, að ógreiddir vextir hagræðingarsjóðs, sem hingað til hafa verið eignfærðir með ógreiddum vöxtum Fiskveiðasjóðs, eru nú færðir hagræðingarsjóði til eignar.

Skýringar við einstaka liði.

1. Ógreiddir og áfallnir vextir voru í árslok 1981 kr. 96 212 502,00. Þá voru allir gjaldfallnir vextir, dráttarvextir, reikningslegir vextir svo og verðbætur og gengismunur á alla vexti taldir að fullu til tekna og eigna. Sambærileg tala í árslok 1982 var kr. 225 083 885,00, en þá voru kr. 15 000 000,00 hvorki taldar til tekna né eigna vegna óvissrar innheimtu. Heildarfjárhæð ógreiddra og áfallinna vaxta er í árlok 1983 kr. 389 369 602,40. Ákveðið var að meta óvissuþátt á kr. 40 000 000,00. Ógreiddir vextir í árslok eru því taldir kr. 349 369 602,40.
   Án óvissuþáttar hefðu tekjur ársins orðið kr. 25 000 000,00 hærri og eigið fé í árslok kr. 40 000 000,00 hærra.
2. Húsbúnaður, vélar og tæki, keypt á árinu kr. 188 þús. (árið 1982 kr. 852 þús.) eru gjaldfærð að fullu eins og á undanförnum árum.
3. Á síðasta ári var myndaður afskriftareikningur útlána til að mæta þeirri almennu áhættu, sem fylgir útlánastarfsemi, og voru þá færðar á hann kr. 63 000 000,00, en það voru tæp 2% af útlánum sjóðsins í árslok 1982.
   Í ljósi þeirrar auknu óvissu, sem nú ríkir í sjávarútvegi var ákveðið, að framlag til afskriftareiknings útlána í ár yrði kr. 130 000 000,00 og eru þá kr. 193 000 000,00 á afskriftareikningi útlána, en það eru rúm 3,3% af útlánum sjóðsins í árslok.
4. Eins og á fyrra ári fylgir uppgjöri sjóðsins eignbreytingareikningur, sem sýnir allar hreyfingar á höfuðstól vegna gengis- og vísitölubreytinga. Um þennan reikning hafa frá upphafi verið færðar kr. 774 149 064,68 á verðtryggingarreikning eigin fjár. Þessi reikningsskilaaðferð kemur í stað þess að færa verðbreytingafærslur á rekstrarreikningi. Ef verðbreytingafærslur hefðu verið notaðar hefði sjóðurinn fært til gjalda a.m.k. kr. 1 013,1 milljónir reikningsárin 1979—1983 og afkoma hans þannig orðið mun lakari en reikningarnir sýna.
5. Ríkisstjórnin ákvað í júlí 1983, að veita eigendum 51 loðnuskips lán úr gengismunarsjóði fyrir milligöngu Fiskveiðasjóðs samtals að fjárhæð kr. 60 000 000,00.

Vaxtaafsláttur.

Fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar var í september 1982 og í október 1983 ákveðin tímabundin breyting á kjörum útlána sjóðsins til fiskiskipa. Þannig að sjóðurinn gefur eftir tiltekinn hundraðshluta vaxta, sem falla til geiðslu á skipalán. Í árslok 1982 nam

eftirgjöfin u.þ.b. 44 milljónum króna, en u.þ.b. 168 milljónum króna árið 1983, sem ella hefðu komið til tekna. Sú eftirgjöf vaxta, sem samkvæmt framansögðu kemur til framkvæmda á árinu 1984 er á verðlagi 31. desember 1983 áætluð 61 milljón króna og mun að sjálfsögðu rýra tekjur ársins 1984, en er hvorki færð til skulda né gjalda á árinu.

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.

Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð, er heitir „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild". Deild þessi var stofnuð til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi í útgerð og fiskiðnaði, með því að veita tilteknum fyrirtækjum lán til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Deildin tók í þessu skyni kr. 120 000 000,00 lán með sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, og hefur allri fjárhæðinni verið ráðstafað til útlána á árinu. Ársreikningur deildarinnar fylgir ársreikningi Fiskveiðasjóðs, en samkvæmt fyrrgreindum lögum skal fjárhagur hennar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins.

Nr. 415 16. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 21. nóvember til 31. desember 1984.

1. gr.

Frá og með 21. nóvember 1984 til og með 31. desember 1984 er bátum, sem eru minni en 10 brl., óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur, ljósmóður frá Þangbakka, fyrir árið 1983.

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1983.

Eignir:

Bankainnstæður í Söfnunarsjóði Íslands, bók nr. 726		Kr. 2 104,27
— í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Stykkishólmi í bók nr. 5202		— 2 306,39
		Kr. 4 410,66

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:		
Hrein eign pr. 1. jan. 1983	Kr. 3 108,51	
Hreinar tekjur árið 1983	— 1 302,15	— 4 410,66
		Kr. 4 410,66

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	Kr. 1 302,15
	Kr. 1 302,15

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	Kr. 1 302,15
	Kr. 1 302,15

Arnarstöðum, 7. september 1984.

Reikningsskil þessi höfum við endurskoðað með tilliti til skipulagsskrár sjóðsins. Eignir sjóðsins eru fyrir hendi.

Hólmfríður J. Hauksdóttir. **Ragnheiður Þorgeirsdóttir.** **Aðalheiður Bjarnadóttir.**

12. september 1984 Nr. 417

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Patreksfjarðar.

Hinn 21. mars 1984 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar að spilda undir Geirseyrarmúla, sem samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er ætluð fyrir iðnað, breytist í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvolsvallar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. ágúst 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvolsvallar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvolhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af Hvolsvelli, sem staðfestur var af ráðuneytinu 9. maí 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 419 25. september 1984

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu að lóðum og öðrum fasteignum innnan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps samþykkt að áskilja Rangárvallahreppi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan hreppsins.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.
Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 420 19. september 1984

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932 hefur hreppsnefnd Þingeyrarhrepps samþykkt að áskilja Þingeyrarhreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

19. október 1984 Nr. 421

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Egilsstaðakauptúni.

I. 1. Aðalbrautir eru:
1.1. Fagradalsbraut.
1.2. Tjarnarbraut, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
1.3. Skógarlönd, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Tjarnarbraut.
1.4. Árskógar.
1.5. Selás, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut.
1.6. Lagarás, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás.
2. Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um Vallaveg og Kaupvang.
3. Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð, Bjarkarhlíð og Lyngás víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.
4. Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
5. Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um Austurlandsveg.
6. Umferð um ónefnda götu við Eyvindará víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg.

II. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Selásss á milli Fagradalsbrautar og Skjólbrekku.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Skógarlanda.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á austurbrún Bláskóga.

III. 1. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf., er bönnuð.
2. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
3. Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg).

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð í Egilsstaðakauptúni.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 19. október 1984.

Bogi Nilsson.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður í Egilsstaðakauptúni:

Í íbúðarhverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 19. október 1984.

Bogi Nilsson.

Nr. 423 31. október 1984

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 157 900,00
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 11 300,00

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1984 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 424 2. nóvember 1984

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda sem verið hefir á framhaldi Suðurhlíðar (gamla Hafnarfjarðarveginum) við gatnamót Kringlumýrarbrautar í Fossvogi verður afnumin. Í staðinn kemur biðskylda.

2. Stöðvunarskylda verður á Bústaðavegi við Háaleitisbraut, þó þannig að á sérstakri akrein fyrir hægri beygju af Bústaðavegi inn á Háaleitisbraut verður áfram biðskylda.
3. Háaleiti verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Háaleitisbraut og Kringlumýrarbraut.
4. Bannað verður að stöðva eða leggja ökutækjum á ónefndri götu milli Vatnsmýrarvegar og Skógarhlíðar austan Miklatorgs beggja vegna götunnar.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. nóvember n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

24. október 1984 Nr. 425

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 24. október 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónlistarskóla Vesturbæjar.

1. gr.

Skólinn er stofnaður að frumkvæði Ölmu Hansen og annarra áhugamanna um stofnun tónlistarskóla.

2. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Vesturbæjar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Skólinn skal fullnægja ákvæðum laga nr. 22/1975 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

4. gr.

Markmið skólans er að efla almenna tónmennt í landinu en leggja sérstaklega áherslu á kennslu barna og unglinga á grunnskólaaldri. Nám og próftilhögun er skilgreind í námsskrá skólans.

5. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að starfa skv. 1. gr. laga nr. 22/1975.

6. gr.

Skólinn starfar frá 15. sept. til 15. maí ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í grunnskólum landsins.

7. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs við upptöku í skólann. Skólinn áskilur sér rétt til að synja nemanda um skólavist ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.

8. gr.

Nemendur skólans skulu taka þátt í tónleikum skólans eftir fyrirmælum skólastjóra. Að öðru leyti er nemendum óheimilt að koma fram opinberlega án leyfis skólastjóra.

9. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:

a) Rekstrarstyrk ríkissjóðs skv. lögum nr. 22/1975.
b) Rekstrarstyrk Borgarsjóðs Reykjavíkur.
c) Námsgjöldum nemenda skólans.
d) Hugsanlegum gjöfum, styrkjum eða framlögum úr sjóðum eða frá félagasamtökum.

10. gr.

Skólanefnd (stjórn skólans) skipa:

a) Tveir fulltrúar sem skólastjóri tilnefnir.
b) Einn fulltrúi kennara, kosinn á kennarafundi.
c) Einn fulltrúi Styrktar- og foreldrafélags Tónlistarskóla Vesturbæjar, kosinn á aðalfundi félagsins.
d) Einn fulltrúi tilnefndur af Borgarstjórn Reykjavíkur, skv. 2. gr. laga nr. 22/1975.

Fyrir hvern nefndarmann skal kosinn varamaður.

Fulltrúar skv. liðum a-c skulu kosnir og tilnefndir til tveggja ára í senn. Stjórnin kýs sér sjálf formann úr hópi fulltrúa undir liðum a-c. Í atkvæðagreiðslum ræður einfaldur meirihluti. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga skólans.

11. gr.

Skólastjóra og kennara skal ráða skv. 2. gr. laga nr. 22/1975. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og ræður stundakennara og annað starfslið skólans í samráði við stjórnina og sér um reikningshald fyrir skólann. Stjórnin heldur fundi er formaður eða skólastjóri telur þess þörf. Eigi síðar en 15. sept. ár hvert skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir síðastliðið reikningsár. Skýrslur þessar skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktar- og foreldrafélags Tónlistarskóla Vesturbæjar. Þegar ný stjórn hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu stjórn á fund og gangast fyrir kosningu formanns.

12. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun fyrir lok aprílmánaðar. Skilafrestur er tilgreindur 1. maí árlega skv. 4. gr. laga nr. 22/1975. Auk venjulegrar endurskoðunar kjörinna félagsendurskoðenda lætur stjórnin löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga skólans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Tónlistarskóla Vesturbæjar 30. júlí 1984.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Áslaugar Eyjólfsdóttur og Guðmundar Eyjólfssonar frá Miðbæ í Vestmannaeyjum.

Rekstrarreikningur ársins 1983.

Tekjur:

	Kr.
Vextir af vaxtaaukareikningi nr. 300556	2 114,30
Vextir af sparisjóðsbók nr. 38166 í Ú. Í.	27,43
	2 141,73

Gjöld:

Vextir af lánum nemenda	2 893,00
	2.893,00
	(751,27)

Efnahagur pr. 31. desember 1983.

Eignir:

	Nafnverð Gkr.	Kr.
Sparisjóðsbók nr. 38166 í Útvegsbanka Íslands		98,18
Vaxtaaukareikningur nr. 300556 í Útvegsbanka Íslands		4 461,92
Sparisjóðsskírteini ríkissjóðs:		
1972 — 2. fl.	100 000,00	
1979 — 1. fl.	80 000,00	
1979 — 1. fl.	500 000,00	
1980 — 1. fl.	200 000,00	
1980 — 1. fl.	50 000,00	
	930 000,00	173 021,94
Eignir samtals		177 582,04

Eigið fé:

	Kr.
Frá fyrra ári	103 727,32
Hækkun verðgildis spariskírteina	74 605,99
Skv. rekstrarreikningi ársins	751,27
Eigið fé samtals	177 582,04

Ég hef samið meðfylgjandi rekstrar- og efnahagsreikning eftir fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum stjórnarmanna sjóðsins o. fl. Verðgildi spariskírteina ríkissjóðs er metið skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands pr. 31. desember 1983.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 1983.
Atli Aðalsteinsson,
Endurskoðandi reikninga
Sjómannadagsráðs Vestmannaeyja.

Föstudaginn 5. október 1984.

Björn Guðmundsson Hilmar Rósmundsson. Kristinn Pálsson

REGLUR

um orlof kennara og skólastjóra við framhaldsskóla.

1. gr.

Um orlofsumsókn.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði, sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

a) Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar er um að ræða reglulegt nám. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið eða annars konar námsdvöl, skal gera ítarlega grein fyrir tilhögun námsins.
b) Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
c) Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
d) Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof, en ekki fengið.
e) Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur skipta máli.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu orlofs.

Umsækjandi sem æskir orlofs, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum:

a) Hafa gegnt kennaraembætti í 10 ár samtals, miðað við fullt starf, til að fá orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum. Ekki skiptir máli á hvaða skólastigi viðkomandi hefur kennt. Gegni kennari tímabundinni námstjórn á vegum menntamálaráðuneytisins telst sá tími jafngilda starfstíma við kennslu.
b) Hafa gegnt kennaraembætti í 5 ár samtals, miðað við fullt starf, til að fá allt að hálfu orlofi með föstum embættislaunum.
c) Sá sem gegnir eða hefur gegnt hlutastöðu, þó eigi minna en hálfu starfi, þann árafjölda sem tilskilinn er í a- og b-liðum (10 ár og 5 ár), á rétt á að sækja um orlof. Ef orlof er veitt verða launin á orlofstímanum í hlutfalli við starfstímalengd, annars vegar miðað við fullt starf í 10 ár (a-liður), hins vegar miðað við fullt starf í 5 ár (b-liður).
d) Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa að skólamálum eða kennslu á vegum ríkisins a. m. k. þrjú ár að orlofi loknu.
e) Innan 6 mánaða frá því að orlofi lauk skal orlofsþegi senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skýrslan skal miðuð við að unnt sé að birta hana síðar, og hefur ráðuneytið til þess fulla heimild.

Enginn getur á starfsævi sinni fengið hærri fjárhæð í orlofslaun en nemur tveggja ára embættislaunum enda sé ekki öðruvísi kveðið á í lögum um viðkomandi skólastofnun.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Stefnt skal að því að afgreiðsla orlofsumsókna vegna næsta skólaárs fari fram fyrir lok desembermánaðar ár hvert.

Réttur ráðuneytisins til endurheimtu fyrnist á einu ári frá því að ráðuneytinu var tilkynnt um brottför úr starfi.

4. gr.

Orlof í sérstöku skyni.

Menntamálaráðuneytið getur auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig sérstakt, tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða styrkja.

Umsækjendur um slík orlof og/eða styrki skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 2. gr., liðum b—e.

5. gr.

Um styrki veitta af orlofsfé.

Ef fé er veitt til í fjárlögum getur ráðuneytið veitt styrki þeim sem orlof hafa fengið. Umsóknir um slíka styrki skulu hafa borist ráðuneytinu fyrir 15. mars, og skal þar greina ástæður fyrir umsókninni, t. d. kostnað vegna ferðalaga, skólagjöld, húsnæðiskostnað o. fl. Menntamálaráðuneytið lýkur afgreiðslu þeirra styrkumsókna fyrir 15. apríl.

6. gr.

Um missi orlofsfjár eða endurgreiðslu.

a) Vanræki orlofsþegi að skila skýrslu um nám sitt og starf á orlofstímanum sbr. 2. gr., e-lið, og/eða hafi orlofi ekki verið varið eins og lög og reglugerð mæla fyrir um, getur það varðað launamissi fyrir orlofstímabilið, svo og endurgreiðslu styrkja. Ef menntamálaráðuneytið ákveður að endurheimta laun og/eða styrk orlofsþega, skal krafa um það gerð innan 1½ árs frá lokum orlofstímabils.

b) Nú hættir orlofsþegi störfum að kennslu eða öðrum skólamálum áður en 3 ár eru liðin frá lokum orlofs og án þes að knýjandi ástæður séu fyrir hendi og getur þá menntamálaráðuneytið krafist endurgreiðslu á orlofslaunum og/eða styrkjum í hlutfalli við, hve lengi orlofsþeginn hefur starfað að orlofi loknu. Áður en ákvæði þessu er beitt, leitar ráðuneytið eftir rökstuddri greinargerð orlofsþega um ástæður fyrir því að hann hætti störfum og einnig skal leita umsagnar nefndar þeirrar er starfar samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar.

Ef kennari sem veitt hefur verið orlof hættir við að nýta orlofið eftir að lokið er tilkynningarfresti sem ráðuneytið setur og gildum forföllum að mati ráðuneytisins er ekki til að dreifa, getur það varðað hann missi orlofsréttar allt að fimm næstu árum.

7. gr.

Um úthlutun orlofs og styrkja.

Fimm manna nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, gerir tillögur til ráðuneytisins um úthlutun orlofs og styrkja. Nefndin skal þannig skipuð: Tveir skipaðir af ráðuneytinu án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir skv. tilnefningu Hins íslenska kennarafélags og einn samkvæmt tilnefningu Kennarasambands Íslands úr hópi kennara sem kenna á framhaldsskólastigi. Skipunartímabil nefndarinnar er 4 ár. Nefndin skal m. a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) Hvers konar nám umsækjendur stunda og hversu það muni nýtast viðkomandi stofnun eða skólakerfinu í heild. Orlof skal einungis veitt til náms sem tengist kennslusviði umsækjanda eða öðrum greinum sem hann kann að hafa kennsluréttindi í, sbr. þó 4. gr.

b) Hvort umsækjandi hafi áður lagt fram fullgilda orlofsumsókn, en ekki fengið eða getað notað sér orlofið.

c) Nefndin metur í hverju einstöku tilfelli, hvort starfsaldur skuli ráða röð annars jafngildra umsókna. Ennfremur hvort tekið skuli tillit til stundakennslu sem viðkomandi kann að hafa innt af hendi áður en hann hlaut fastráðningu.

d) Stefnt skal að því að orlof dreifist eðlilega milli skólastofnana.

e) Nú sækja hjón, sem bæði fullnægja orlofsskilyrðum, um orlof samtímis samkvæmt 2. gr., a-, b- eða c-liðum. Má þá veita báðum orlof, enda meti ráðuneytið gild rökin fyrir því að bæði hljóti orlof samtímis.

8. gr.

Yfirlitsskýrsla um orlofsveitingar.

Að loknu hverju orlofsári gerir menntamálaráðuneytið skýrslu um orlofsveitingar og skulu þar m. a. koma fram eftirfarandi upplýsingar um orlofsþega:

a) Nafn, starfsaldur við kennslu og vinnustaður.
b) Lengd orlofs.
c) Áður fengið orlof.
d) Hvar og hvernig orlofinu var háttað.
e) Tölulegar upplýsingar um heildarfjárveitingu til orlofs og styrkja, svo og fjöldi orlofsumsókna á orlofsárinu.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

Nr. 428 13. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um sérstakt línusvæði út af Melrakkasléttu.

1. gr.

Á tímabilinu 20. nóvember 1984 til 31. janúar 1985 eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkasléttu, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a. 66°59′6 N	15°53′5 V
b. 67°06′8 N	15°50′5 V
c. 67°00′4 N	15°37′5 V
d. 67°07′4 N	15°34′0 V

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um útungunarstöðvar og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum smitsjúkdómum alifugla.

1. gr.

Útungunarstöðvar nefnast í reglugerð þessari þeir staðir, ásamt nauðsynlegum húsakynnum og búnaði, þar sem stunduð er útungun á eggjum alifugla í vélum, þ. m. t. eggjum hænsna, gæsa, æðarfugla og anda, hvort heldur ungarnir eru ætlaðir til sölu eða til nota á eigin búi.

2. gr.

2.1. Allir þeir sem stunda útungun á eggjum alifugla með vélum, í því augnamiði að selja eða afhenda á annan hátt unga eða afurðir, skulu hafa til þess skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

2.2. Umsókn um leyfi til þess að reka útungunarstöð fyrir hænuegg, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, ásamt vottorði um að hænsnabú það sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar hafi staðist blóðpróf gegn kjúklingasótt (salmonellois pullorum) sbr. 3. gr. og umsögn viðkomandi héraðsdýralæknis. Í umsókn dýralæknis skal upplýst um heilsufar fugla á búi eða búum þeim sem láta af hendi útungunaregg til stöðvarinnar. Skal það stutt vanhaldaskýrslum búanna, og skýrslu viðkomandi alifuglasláturhúss um vanmetafugla og sjúka fugla frá búinu undanfarna 6 mánuði. Ennfremur skal fylgja umsókninni lýsing á stærð og gerð húsnæðis búsins, útungarvélum og afkastagetu þeirra, sem og öðrum búnaði. Tilgreina skal tegund hænsnfugla á búi því sem lætur af hendi útungunaregg til stöðvarinnar.

2.3. Umsókn um leyfi til útungunar á eggjum annarra alifugla en hænsna skal senda landbúnaðarráðuneytinu ásamt upplýsingum um stærð og gerð húsnæðis, útungunarvéla og aðstöðu. Tilgreina skal tegund fugla á búum þeim sem láta af hendi útungunaregg. Umsókninni skal fylgja umsögn viðkomandi héraðsdýralæknis, þar sem m. a. er upplýst um heilsufar fugla á búi því eða búum, sem láta egg af hendi til útungunar, undanfarna 6 mánuði. Krefjast má sérstakra sýkla- og blóðprófana á fuglum frá þessum búum, ef héraðsdýralæknir eða yfirdýralæknir telja ástæðu til. Ekki má nota til útungunar egg fugla, sem haldnir eru smitsjúkdómum eða bera varhugavert smit, t. d. salmonella sýkla, eða frá búum þar sem fuglar hafa fundist með slíkt smit.

2.4. Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til starfrækslu útungunarstöðva, að fenginni umsögn yfirdýralæknis, til allt að þriggja ára í senn. Leyfi má afturkalla án fyrirvara ef ástæða þykir til t. d. vegna sjúkdóma eða brota á settum reglum, án þess að bætur komi fyrir.

3. gr.

3.1. Á búum þeim sem láta af hendi útungunaregg eða selja unga til lífs skulu fara fram blóðprófanir vegna kjúklingasóttar á hænsnum eldri en 6 mánaða. Sýni blóðprófun að í hænsnastofninum leynist smitberar skal stöðva afhendingu útungunareggja eða sölu unga frá búinu, en eiganda skal gefinn kostur á nýrri blóðprófun að þremur mánuðum liðnum. Þau hænsni sem svara jákvætt skulu fjarlægð án tafar úr hænsnabúinu og slátrað jafnskjótt og kostur er.

Að lokinni blóðprófun skal sá sem hana framkvæmir gefa eiganda eða umboðsmanni hans vottorð um árangur prófana.

3.2. Vottorð skoðunarmanns gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi, en fellur að þeim tíma liðnum úr gildi uns prófað hefur verið að nýju og er útungun óheimil þann tíma.

3.3. Hafi hænsni í búi sýnt neikvæða útkomu við blóðprófanir tvisvar í röð með eins árs millibili er skoðunarmanni leyfilegt að gefa út vottorð er gildi í tvö ár frá útgáfudegi.

Sýni hænsnastofn búsins framvegis neikvæða útkomu, er eiganda eigi skylt að láta prófa hænsni sín nema annað hvert ár. Er þá nægjanlegt að prófa hluta af hænsnastofni búsins (10%) en þó þannig að sem jöfnust hlutfallstala sé tekin úr hverjum hóp eða aldursflokki. Aldrei skal þó prófa færri fugla en 100, en alla fugla skal prófa á búum þar sem fuglar eru færri en 100.

4. gr.

4.1. Óheimilt er að flytja egg eða fugla í hænsnabú sem hlotið hafa rétt til að selja útungunaregg og unga til lífs frá búi, þar sem blóðpróf hafa ekki verið framkvæmd.

4.2. Útungunarstöð er óheimilt að taka við ungum sem hefur verið ungað út í búi, þar sem eru smitberar, jafnvel þótt eggin hafi komið frá búi með jafn heilbrigðum eða heilbrigðari hænsnastofni en fyrir er á útungunarstöð.

4.3. Ennfremur er óheimilt að flytja í útungunarstöð fullorðin hænsni nema frá búum sem reynt er að hafi heilbrigð hænsni samkvæmt blóðprófunum.

5. gr.

5.1. Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum framleiðir eða útvegar nauðsynleg efni til rannsókna á útbreiðslu kjúklingasóttar. Dýralæknar eða aðrir aðilar, sem yfirdýralæknir ákveður framkvæma blóðprófanir með aðferð sem Tilraunastöðin ákveður.

5.2. Að prófun lokinni skulu allir fuglar sem sýna jákvæð blóðpróf fjarlægðir og þeim slátrað jafn skjótt og kostur er. Þegar jákvæðir fuglar finnast, skal sýking staðfest með sýklarannsókn. Hænsnahús, hreiður, hænsnagarðar, búr og útungunarvélar, skulu þá sótthreinsaðar á þann hátt sem skoðunarmaður telur tryggilegan.

5.3. Skylt er hænsnaeiganda að veita skoðunarmanni nægilega aðstoð við blóðprófun endurgjaldslaust, og fullan aðganga að öllum þeim húsum þar sem hænsni eru geymd. Ef skoðunarmaður telur nauðsynlegt, er hænsnaeiganda skylt að veita fullkomnar upplýsingar um hverjum hann hafi afhent unga og egg til útungunar síðastliðið ár.

6. gr.

Sá sem framkvæmir prófanir vegna kjúklingasóttar tekur þóknun fyrir af hænsnabúseiganda, samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur.

7. gr.

7.1. Nú verður vart óeðlilega mikilla vanhalda að mati héraðsdýralæknis í útungunarstöð eða í búum sem láta af hendi egg til útungunarstöðva og er eiganda þá skylt, ef héraðsdýralæknir krefst, að senda fugla til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, ásamt ítarlegum upplýsingum um einkenni sjúkdómsins. Ennfremur skal umráðamaður útungunarstöðvar hlutast til um að fuglar séu sendir til rannsóknar á sama hátt og að framan greinir, ef óeðlilega mikil vanhöld koma fram í ungum seldum frá útungunarstöð hans.

7.2. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm að dómi héraðsdýralæknis í fuglum á útungunarstöð eða á búi sem afhendir útungunarstöð egg, skal héraðsdýralæknir hlutast til um að nauðsynleg sýni séu send til rannsóknar án tafar. Er honum heimilt að stöðva sölu á ungum frá stöðinni fyrirvaralaust uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir smitdreifingu frá búinu. Eiganda eða umráðamanni er skylt að veita nauðsynlega aðstoð við sýnatöku og láta sýni af hendi endurgjaldslaust.

8. gr.

8.1. Á útungunarstöð skal halda nákvæmar dagbækur um rekstur útungunarvéla, sölu unga og vanhöld. Skal héraðsdýralækni heimil aðgangur að þeim, óski hann eftir því.

8.2. Óheimilt er að halda gæsir, æðarfugla, endur eða aðra sundfugla á hænsnaútungunarstöð eða á búum sem afhenda egg til útungunarstöðva. Ennfremur er óheimilt að unga út eggjum þessara fuglategunda ásamt með hænueggjum.

8.3. Húsnæði það sem útungun og geymsla unga fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir. Húsnæði skal þannig úr garði gert að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa. Þar skal vera góð aðstaða til að þrífa eggjabakka og annan búnað og áhöld. Þar skal vera hreinlætisaðstaða og aðstaða til fataskipta. Gólf skulu vera úr steinsteypu, gallalaus, með fullkomnum niðurföllum. Húsnæði, búnaði og áhöldum skal halda hreinum og þrifalegum og þar má ekki geyma hluti sem eru starfseminni óviðkomandi. Þeir sem vinna við útungun, afgreiðslu unga og ungageymslu skulu nota sérstök hlífðarföt og skófatnað sem ekki er notaður við önnur störf. Óviðkomandi er bannaður aðgangur að útungunarstöðvum nema gætt sé sérstakra varúðarráðstafana. Óheimilt er að hafa heimilisdýr (hunda, ketti) eða dúfur á útungunarstöðvum. Útungunarstöðvar skulu þannig búnar að þangað komist hvorki rottur eða mýs.

8.4. Til flutnings á daggömlum ungum skal nota hreinar, áður ónotaðar umbúðir. Eldri unga skal flytja í þar til gerðum umbúðum, og skal þvo þær og sótthreinsa eftir hverja notkun. Umbúðir skulu greinilega merktar „Lifandi ungar“ og skal þess gætt að sem best fari um ungana meðan á flutningi stendur og leitast skal við að flutningar á ungunum séu eins beinir og greiðir og kostur er.

8.5. Kyngreining á ungum má ekki fara fram í herbergi þar sem útungun fer fram. Þeir sem kyngreina unga skulu halda áhöldum sínum vel hreinum, og sótthreinsa þau eftir því sem við á að loknu starfi í útungunarstöðinni. Þeir skulu hafa sérstök hlífðarföt og skófatnað við vinnu sína, sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa, og í öllu starfi skulu þeir gæta þess að bera ekki smitefni milli búa eða stöðva. Unga, sem deyða þarf að lokinni kyngreiningu skal aflífa með jafn skjótum og sársaukalitlum hætti og kostur er.

8.6. Fúlegg úr útungunarvélum, eggjaskurn, sjálfdauða unga eða unga sem eru deyddir skal hirða jafnóðum og brenna eða grafa á tryggilegan hátt. Útungunarvélar, ungageymslur, eggjabakkar, búnaður og áhöld skulu hreinsuð og sótthreinsuð iðulega og útungunarvél og klekjara í hvert sinn sem útungun hefst á ný. Samráð skal hafa við héraðsdýralækni um sótthreinsun. Þess skal gætt að hún skaði hvorki egg eða unga. Öll sótthreinsunarefni skal geyma undir lás þar sem óviðkomandi ná ekki til.

8.7. Til sótthreinsunar skal nota formalín óblandað (36%) og kalíumpermanganat.

Nota skal 30 ml af formalíni og 20 g af kalíumpermanganati fyrir hvern kúbikmetra í útungunarvélinni.

Sótthreinsun fer fram á eftirfarandi hátt:

Neðst í vélinni er komið fyrir skál með hæfilegu magni af kalíumpermanganati. Þá er hæfilegu magni af formalíni hellt í skálina. Loftopum verður fyrst að loka.

Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina er hurðum vélarinnar lokað. Strax og formalíni hefur verið hellt í skálina kemur fram hiti og formaldehýð gufur myndast.

Vélin er látin standa lokuð í ca. 20 mín. Þá eru loftrásir opnaðar. Þess skal gætt að loftraki í vélinni sé mikill, það eykur á verkun sótthreinsunarefnisins.

Útungunarvélar skal sótthreinsa rétt eftir að egg hafa verið sett í þær.

Ef sótthreinsun fer fram eftir að útungun er hafin, skal nota helming af því sótthreinsunarefni sem að ofan er talið hæfilegt.

9. gr.

Nú kemur upp alvarlegur smitsjúkdómur áður óþekktur hér á landi í útungunarstöð eða í búi sem afhendir egg á útungunarstöð eða rökstuddur grunur um slíkan sjúkdóm, og er þá héraðsdýralækni rétt að fengnu samþykki yfirdýralæknis að gera hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins eða uppræta hann. Jafnframt er eigandi eða umráðamanni skylt að upplýsa hvaða aðilum hafi verið afhentar afurðir frá búinu, um tiltekinn tíma eða hvaða samgangur hafi verið við önnur alifuglabú.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar missi réttinda til útungunar og til þess að afhenda unga eða útungunaregg eitt ár eða lengur, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 77/1981 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur út gildi reglugerð um útungunarstöðvar og ráðstafanir gegn kjúklingasótt og öðrum smitsjúkdómum hænsnfugla, nr. 7/1983.

Þeir aðilar sem þegar hafa hlotið leyfi til sölu á ungum og útungunar á eggjum halda leyfum sínum, þar til gildistími þeirra rennur út. Um endurnýjun leyfa fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. nóvember 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.

Nr. 430 14. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

1. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda skulu vera allir bændur og makar þeirra. Bóndi í þessu sambandi, þ. m. t. aðili að félagsbúi, telst sá er stundar búskap á lögbýli þar sem hann á lögheimili, enda hafi hann náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan. Búi bóndi í óvígðri sambúð eiga bæði rétt á sjóðsaðild ef þau eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt eða eiga von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega.

Launþegar, er stunda störf við landbúnað, skulu vera sjóðfélagar, enda hafi þeir náð 16 ára aldri og eigi ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Ennfremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbýli ef um er að ræða verulegan búrekstur sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá getur sjóðstjórn heimilað sjóðsaðild mökum, sambúðarkonum eða sambúðarmönnum, sbr. 1. mgr., þeirra aðila er um ræðir í þessari málsgrein.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

Við ákvörðun um, hverjir skuli teljast bændur á lögbýlum, skal að jafnaði farið eftir jarðaskrá.

Nú færir maður rök að því, að ekki sé um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða í jarðaskrá á atriðum, er máli skipta í sambandi við réttindi hans eða skyldur, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um aðild hans að sjóðnum með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla skráningu ófullnægjandi eða ranga.

Stjórnin tekur ákvörðun um, hvort breytt skráning skuli gilda um liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Reikna skal vexti af vangreiddum iðgjöldum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 6. gr. og 7. gr.

Skylt er félagsbúi að senda lífeyrissjóðnum tilkynningu um, hverjir séu aðilar að búinu og hvernig tekjum þess sé skipt milli þeirra. Á sama hátt skulu allar breytingar í þessu efni tilkynntar sjóðnum jafnóðum og þær eiga sér stað. Sjóðstjórnin ákveður, hvort leiðrétting á skiptingu iðgjalda skuli gerð fyrir liðinn iðgjaldagreiðslutíma, ef tilkynning hefur verið vanrækt.

3. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga vegna búrekstrar skulu innheimt af búvöruverði og vera 1,25% af verði til framleiðenda, þar með töldum gjöldum til sjóða og kostnaði, er sölufélög greiða vegna framleiðenda. Skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga og innheimt á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 40/1982. Ekki skal þó greiða hærra iðgjald en sem svarar 4,2% af þreföldum viðmiðunarlaunum samkvæmt 8. gr. laga nr. 50/1984 um Lífeyrissjóð bænda vegna bænda sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð og maka þeirra, sambúðarkvenna eða sambúðarmanna, sbr. 1. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald allt að hálfum öðrum viðmiðunarlaunum. Mörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti af verði til framleiðenda sbr. 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn þannig að heildarfjárhæð mótframlags verði 50% hærri en samanlögð iðgjöld framleiðenda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Ráðherra ákveður hundraðshlutann að fengnum tillögum sjóðstjórnar fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo að það nemi 1,60% af heildarverðmæti búvara á almanaksárinu.

4. gr.

Nú hefur sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald samkvæmt 1. mgr. 3. gr., atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði og skal þá greiða iðgjöld af slíkum tekjum til þessa sjóðs iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld launþega, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skulu vera 10% af launum. Teljast 4% vera iðgjald sjóðfélaga en 6% framlag vinnuveitanda. Reki lögaðili búskap skal þó gjald samkvæmt 2. mgr. 3. gr., meðan til hrekkur, teljast mótframlag vegna forstöðumanns búsins og maka hans, sambúðarkonu eða sambúðarmanns. Séu laun greidd í fóðrun, fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum skulu þau reiknuð til peningaverðs í samræmi við skattmat.

5. gr.

Aðilar, sem taka búvörur bænda til sölu, vinnslu eða endursölu, svo sem mjólkurbú, sláturhús, verslanir og veitingahús, skulu innheimta iðgjöld samkvæmt 1. mgr. 3. gr. eftir fyrimælum sjóðstjórnar. Sama gildir um framlög samkvæmt 2. mgr. 3. gr., nema ráðherra ákveði að greiða þau úr ríkissjóði í sambandi við niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Heimilt er söluaðila að innheimta iðgjöld jafnóðum og greiðslur til bænda fara fram, en skil til sjóðsins skulu við það miðuð, að innheimta eigi sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal gjalddagi fyrri árshelmings vera 1. ágúst, en gjalddagi síðari árshelmings 1. mars næsta ár. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, að gjalddagi skuli einungis vera einn á ári fyrir afurðir, sem aðallega eru lagðar inn til söluaðila síðari hluta árs. Skilagrein fyrir síðari árshelming skal fylgja sundurliðun á iðgjöldum ársins eftir nöfnum og nafnnúmerum iðgjaldsgreiðenda. Ennfremur skal tilgreina heimilisfang, ef sjóðstjórn óskar þess. Hafi skilagrein ekki borist að nefndum fresti liðnum, er stjórn sjóðsins heimilt auk dráttarvaxta samkvæmt 7. gr. að beita dagsektum fyrir hven dag frá því, er ábyrgðarbréf um dagsektir berast söluaðila, til þess tíma, er skilagrein berst sjóðstjórn.

Með búvöruframleiðslu bónda reiknast einnig búvörur, sem lagðar eru inn á nafn maka hans, sambýliskonu eða sambýlismanns, sbr. 1. gr. Heimilt er söluaðila í samráði við

sjóðstjórn að takmarka innheimtu iðgjalda vegna hvers einstaks bónda við fjárhæð sem svarar hámarksiðgjaldi því, sem kvæntum manni ber að greiða samkvæmt 1. mgr. 3. gr.

Bændur skulu standa skil á iðgjöldum og framlögum samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr., ef sala á sér stað beint til neytenda. Gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um gjalddaga iðgjalda skv. þessari málsgrein.

Við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt 1. mgr. njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum þrotabúsins.

6. gr.

Iðgjöldum launþega samkvæmt 2. mgr. 4. gr. ber launagreiðanda að halda eftir af launum og standa sjóðnum skil á þeim ásamt eigin framlagi. Gjalddagi iðgjalda og framlaga hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Sé um að ræða sumarfólk, sem einungis starfar á tímabilinu maí-september, er þó heimilt að gera skil í einu lagi fyrir sumarið með gjaddaga 10. október. Skilagrein skulu fylgja nöfn og nafnnúmer launþega ásamt greiðslutímabilum.

Sjóðfélagar bera sjálfir ábyrgð á, að iðgjöldum og framlögum samkvæmt 1. mgr. 4. gr. sé skilað til sjóðsins. að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um slíkar greiðslur.

7. gr.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalda og framlaga samkvæmt 5. og 6. gr. lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga, skulu vangoldin iðgjöld og framlög innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga.

8. gr.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs, er hann nær 69 ára aldri.

Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga sem hafið hafa töku ellilífeyris eða náð 70 ára aldri, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Telji sjóðstjórn endurgreiðslurétt ótvíræðan og upplýsingar um móttakanda fullnægjandi, skal hún sjá um endurgreiðslu, annað hvort til söluaðila eða beint til iðgjaldagreiðanda, án þess, að krafa sé gerð. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 1. mgr. 3. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

9. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Framleiðsluráð landbúnaðarins um, að það annist innheimtu fyrir sjóðinn hjá söluaðilum og öðrum, sem gera eiga skil við hann á iðgjöldum og framlögum samkvæmt 5. og 6. grein.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 27. gr. laga nr. 50/1984 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 515/1975 um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í stað þeirra gjalddaga iðgjalda og framlaga, sem nefndir eru í 6. gr., skal gjalddagi vegna ársins 1984 vera einn, 10. janúar 1985.

Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun á Stokkseyri.

1. gr.

Stokkseyrarhreppur annast eða býður út sorphreinsun frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum og opinberum þjónustubyggingum innan skipulagðra svæða á Stokkseyri. Hreinsun sorps og úrgangs frá atvinnuhúsnæði og húsnæði utan skipulagðra svæða annast húseigendur sjálfir á sinn kostnað nema annað sé sérstaklega ákveðið af hreppsnefnd. Sorphreinsun fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sorp, sem fellur til daglega skal láta í sérstaka poka sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til gerðum sorpskáp eða öðrum sorpílátum með viðeigandi frágangi og loki yfir. Húseigandi ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpskápa, sorpgrinda eða annarra sorpíláta og ber að sjá um að þau séu í góðu ásigkomulagi. Sorphirslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum, sorpgrindum og sorpskápum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægjanlega mörg sorpílát, sem endurnýjuð skulu eftir þörfum. Skal hverju húsi fylgja a. m. k. sitt ílát fyrir hverja íbúð. Húseiganda ber að skipta um poka fyllist þeir milli tæminga og ganga þannig frá þeim, að sorp hrynji ekki úr þeim.

4. gr.

Í sorppoka má setja venjulegt heimilissorp, en gæta skal þess sérstaklega að offylla þá ekki né ofþyngja á þann hátt að erfitt verði að loka þeim eða að hætta sé á að þeir rifni. Sorp skal láta vel ofan í poka, varast að það hangi yfir pokarönd eða dreifist umhverfis sorphirslur og valdi óþrifum. Öllu blautu sorpi svo og oddhvössum hlutum skal pakkað vel inn áður en slíkt er sett í sorpílát. Mold, möl og svipuð efni má ekki setja í sorppoka, heldur skal flytja þau á ákveðið svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Á sama hátt má ekki setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvorki laust né í umbúðum. Sorphreinsunarmönnum er heimilt að skilja eftir poka, sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

5. gr.

Hreinsun sorps skal að jafnaði fara fram einu sinni í viku. Hreinsunarmenn afhenda nýja poka í stað þeirra sem þeir taka. Fjöldi afhentra poka skal miðaður við reynslu, þannig að nægi að jafnaði milli hreinsana. Húseigendur eiga rétt á að fá poka gegn greiðslu umfram framangreint magn.

6. gr.

Sorphreinsunarmenn annast hreinsun á öllu sorpi sem er í pokum, einnig tilfallandi eðlilegum úrgangi, svo sem umbúðum af heimilistækjum og hlutum, sem rúmast illa í pokum, enda séu þessir hlutir auðveldir í meðförum fyrir einn mann. Allt umfangsmeira sorp, svo sem frá byggingum og málmiðnaði, bílhræ og allt brotajárn, skal hver hlutaðeigandi fjarlægja á eigin kostnað á ákveðið afmarkað svæði, samkvæmt nánari

fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni, sem geta mengað jarðveg. Skal slíku sorpi brennt eða eytt á annan hátt, eftir því sem kostur er og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Einu sinni á ári skal fara fram flutningur á garðsorpi og öðrum úrgangi, sbr. 4. gr. og 6. gr., húseigendum að kostnaðarlausu. Skal sá flutningur fara fram að vori og skal sveitarstjórn auglýsa rækilega fyrirkomulag og tímasetningu flutninganna.

8. gr.

Við flutning á hvers konar sorpi, úrgangi, jarðefnum og öðrum lausum efnum skal þess gætt, að þannig sé um flutninginn búið að eigi sé hætta á að fjúki eða falli af flutningstæki.

9. gr.

Allur kostnaður við almenna sorphreinsun greiðist úr sveitarsjóði. Fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað á skipulögðu svæði skal þó greiða eitt sorphreinsunargjald á ári. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir og skóla, skal fara eftir mati á umfangi sorphreinsunar frá þessum stöðum. Mat þetta skal gert af sveitarstjórn í samráði við húseiganda. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

10. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til skrifstofu Stokkseyrarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

11. gr.

Brjóti húseigandi gegn ákvæðum samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu hreinsunarmenn tilkynna það skrifstofu Stokkseyrarhrepps. Skulu heilbrigðisfulltrúi eða heilbrigðisnefnd hlutast til um að húseiganda verði gert að ráða bót á slíku innan tiltekins frests og geta sorphreinsunarmenn neitað að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim muni.

12. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húseigendur á Stokkseyri skulu útvega sér ílát fyrir sorppoka sem allra fyrst. Skulu allir hafa fengið sér slík sorpílát eigi síðar en 31. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 413—431. Útgáfudagur 20. nóvember 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 — 1984

16. nóvember 1984 693 Nr. 432

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. desember 1984.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976 sbr. l. 40/1984 um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

12. nóvember 1984 Nr. 433

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana á Akranesi.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverslunar á Akranesi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþyktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07:00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23:30 alla daga vikunnar sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23:30 til kl. 07:00 að morgni.

B 89

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b) Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15:00.

4. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m. a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

7. gr.

Fyrir leyfi til rýmri sölutíma skv. 4. mgr. og 2. gr. skal árlega greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 — 1984

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 24. nóvember 1984 skal gjald þetta nema kr. 5,72 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 24. nóvember 1984. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 323/1984 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 24. nóvember 1984 skal greiða kr. 0,15 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 24. nóvember 1984 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 24. nóvember 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 323/1984 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 14% frá 1. nóvember 1984 að telja frá því sem þær voru í október s. l.

Barnalífeyrir, mæðra- og feðralaun skulu þó hækka um 17%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 50 og kr. 100 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgrein, fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D,R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðihjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 hverrar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúkling um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 800 krónum, en síðari ferðir að frádregnum 400 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði samlagslækna.

Samlagsmenn skulu greiða 30 kr. fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis í hverri vitjun.

Greiðslur þessar dragast frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjanda hans þegar reikningur er greiddur til sjúkrasamlags.

Þetta snertir ekki greiðslur samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á númerasamningi.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1984. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 260/1984, reglugerð nr. 262/1984 og reglugerð nr. 281/1984 sbr. reglugerð nr. 88/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 437

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning 1983.

Efnahagsreikningur 31. desember 1983.

Eignir:	kr.
Í bankabók	11 358,51
Spariskírteini ríkissjóðs	1 100,00
Happdrættislán ríkissj.	10,00
	12 468,51

Skuldir:	
Höfuðstólsreikningur:	kr.
Höfuðstóll 1. jan. 1983	9 248,98
Tekjur umfram gjöld árið 1983	3 219,53
	12 468,51

Reykjavík, 2. mars 1984.

Ólöf Sigurjónsdóttir.

Við undirritaðar höfum lesið reikninginn og teljum hann rétt færðan, bankainnstæða og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 2. mars 1984.

Vigdís Jónsdóttir. **Guðrún Markúsdóttir.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 — 1984

13. nóvember 1984 699 Nr. 438

REGLUGERÐ

um dragnótaveiðar.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er sjávarútvegsráðherra heimilt í veiðileyfum að ákveða að veiðar í dragnót á ákveðnum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva.

3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—2. gr. reglugerðar þessarar, þó skal ekki teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forðast eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

4. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri möskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina, sem gæti komið í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 81, 31.maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 264, 20. maí 1980 um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalið tollskrárnúmer:
90.08.39

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:
Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 5 000,00 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1 6. gr. laga nr. 85 31. desember 1983, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 440 19. nóvember 1984

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárbæi, Þorkelshólshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárbæja. Heimili og varnarþing er í Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á svæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur eftirtalinna býla: Stóru-Ásgeirsár, Litlu-Ásgeirsár, Víðihlíðar, Víðigerðis, Auðunnarstaða I, Auðunnarstaða II, Birkihlíðar, Brúnar, Brunaskúrs við Víðigerði.

4. gr.

Stofnkostnað og viðhaldskostnað af vatnsveitu þessari greiða stofnendur á eftirfarandi hátt:

I. Stofnkostnaður af vatnsveitu frá vatnsinntaki í landi Stóru-Ásgeirsár að vatnstanki fyrir Ásgeirsárbæi, greiða Ásgeirsárbæir 50% og bæir Víðihlíðarhverfis 50.%

II. Vatnstank fyrir Ásgeirsárbæi og kostnað af leiðslum frá tanki til Ásgeirsárbæja greiða Ásgeirsárbæir sjálfir. Þessi kostnaður og kostnaður sem kemur í hlut Ásgeirsárbæja af I. lið og viðhaldskostnað af þessum atriðum, skiptist þannig að Litla-Ásgeirsá greiðir 2/3 hluta en Stóra-Ásgeirsá greiðir 1/3 hluta.

III. Stofnkostnað af vatnsveitu frá tanki fyrir Ásgeirsárbæi, fyrir Víðihlíðarhverfi, greiða eftirtalin býli í Víðihlíðarhverfi í neðangreindum hlutföllum:

Víðihlíð	20%
Víðigerði	20%
Auðunnarstaðir I	20%
Auðunnarstaðir II	20%
Birkihlíð	8%
Brún	8%
Brunaskúr	4%
	100%

IV. Stofnkostnað og viðhaldskostnað af leiðslum frá aðalleiðslu Víðihlíðarhverfis til hvers býlis fyrir sig, greiðir hvert býli fyrir sig.

V. Viðhaldskostnað af aðalleiðslu frá vatnsuppsprettu til enda greiða býlin í eftirtöldum hlutföllum:

Stóra-Ásgeirsá	14,3%
Litla-Ásgeirsá	14,3%
Víðihlíð	14,3%
Víðigerði	14,3%
Auðunnarstaðir I	14,3%
Auðunnarstaðir II	14,3%
Birkihlíð	6,0%
Brún	6,0%
Brunaskúr	2,2%
	100,0%

5. gr.

Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárbæja greiðir ekki sérstakt gjald nú né síðar til landeiganda Stóru-Ásgeirsár, sem leggur til vatnið í vatnsveitu félagsins.

6. gr.

Nýja félagsmenn má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður skal greiða stofngjald sem stjórn félagsins ákveður. Sjálfur skal hinn nýi félagsmaður kosta allar framkvæmdir, sem gerðar eru sérstaklega fyrir hann til að hann geti notað mannvirki félagsins.

7. gr.

Allt vatn í fjós, þvottahús, verkstæði, bílaplön og önnur þau hús, sem viðkomandi býlum kann að fylgja, telst undir sama stofngjald.

8. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana af stofnkostnaði aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds. Gjöld þessi má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum ber að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

9. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur er ¾ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

12. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórn saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn mæti. Færa skal gjörðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

13. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast bókhald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

14. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárbæja í Þorkelshólshreppi í V.-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir óverkaðan saltfisk, framleiddan á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir óverkaðan saltfisk framleiddan á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984:

Óverkaður saltfiskur:	S.D.R. per lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 409,00
Millifiskur nr. 1	2 212,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	1 967,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	1 819,00
Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur):	
Stórfiskur nr. 1	2 120,00
Millifiskur nr. 1	1 947,00
Smáfiskur nr. 1 (40/60)	1 731,00
Smáfiskur nr. 1 (60/100)	1 601,00

Verðbil verður 2% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

16. nóvember 1984 Nr. 442

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum framleiddum á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum framleiddum á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember 1984:

Söltuð ufsaflök:	D.M. pr. lest cif.
1650/up FF	5 200,00
1250/1650 FF	4 750,00
1100/1250 FF	4 450,00
1000/1100 FF	4 150,00

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 443 31. október 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1984.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju framleiddri á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1984:

Vélskelflett rækja:	**SDR pr. lb. cif.**
Færri en 350 st. í lb.:	
Blokkfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,052
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,556
Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,912
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,228
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Kristín Magnússon.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessa sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ..... kr. 211,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald	
400—2 000 m^3 =	23 200,00 kr. fyrir	400 m^3 18,00 kr/m^3 þar yfir
2 000—6 000 m^3 =	52 400,00 kr. fyrir	2 000 m^3 16,50 kr/m^3 þar yfir
6 000—10 000 m^3 =	116 000,00 kr. fyrir	6 000 m^3 14,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000 m^3 =	175 200,00 kr. fyrir	10 000 m^3 11,50 kr/m^3 þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera	kr. 9,50
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:	
Fyrir mæla 3/4"	kr. 88,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	kr. 196,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 398,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 363 15. ágúst 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það mark, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. sept.—31. ágúst þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A. Samkvæmt magnhemli kr. 692,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

B. Samkvæmt vatnsmæli kr. 28,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna) þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað að því umframmagni sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu skv. mati hitveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum (fjósum) sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald.

Heimæðargjöldin eru miðuð við þátttöku húseigenda í stofnkostnaði heildarveitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

a) Af húsnæði sem tengist hitaveitunni eftir að það hefur verið tekið í notkun skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: (Húsnæðið hefur verið hitað með vatnskerfi) $H_a = F_a + B_a \times V$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. V táknar rúmmál (utan) viðkomandi húsnæðis í m^3. F táknar fastagjald í krónum. B_a táknar gjald á hvern rúmmetra í krónum.

Miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í júlí 1982 verður F_a = 26 500,00 kr., B = 27,60 kr./m^3.

b) Af nýju húsnæði og breytingu/endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, skal reikna heimæðargjald samkvæmt jöfnu í a-lið, en samkvæmt byggingarvísitölu reiknast F_b = 30 100,00 kr., B_b = 38,80 kr./m^3 í þessum gjaldskrárlið.

c) Af húseignum þar sem byggð er dreift eða fjarlægð mikil frá vatnsæðum hitaveitunnar, þannig að ekki næst tilskilin arðsemi af fjáfestingu hitaveitunnar í stofnkostnaði lagna vegna viðkomandi húseignar, þegar heimæðargjald er reiknað samkvæmt a og b lið (eftir því sem við á), skal reikna heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{H = S - k - 0{,}02 \times S}{0{,}08}$$

H táknar hér heimæðargjald fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind. S táknar stofnkostnað lagna að viðkomandi húseign en ef þær nýtast fyrir fleiri húseignir skal áætla hlutdeild viðkomandi húseigna í þeim.

K táknar áætlaðan sparnað í kyndingarkostnaði viðkomndi húsnæðis og 0,02 × S er reksturs- og viðhaldskostnaður viðkomandi lagna. Þetta heimæðargjald er við það miðað að arðsemi allrar viðbótarfjárfestingar hitaveitunnar sé minnst 8% og er þá ekki reiknað með kostnaði við vatnsöflun né afskriftum af stofnkostnaði viðkomandi lagna. Heimæðargjald skal þó aldrei vera lægra en segir í a og b lið.

Nú er um að ræða fleiri húseignir á tilteknu svæði, og er þá heimilt að jafna samanlögðum heimæðargjöldum, reiknuð samkvæmt ofangreindri jöfnu, á viðkomandi húseignir innan svæðisins og skal þá heimæðargjald reiknað samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = \frac{H_n}{F_a \times n + B_a V_n} \times (F_a + B_a \times V)$$

H_n táknar samanlögð heimæðargjöld allra húseigna á hinu tiltekna svæði, reiknuðum samkvæmt fyrri jöfnu um tilskilda arðsemi. N táknar fjölda heimæða eða hemlagrinda. V_n samanlagt rúmmál (utan) allra húseigna í rúmmetrum á hinu tiltekna svæði.

H og V tákna eins og um er getið í a og b lið.

8. gr.

Af húsnæði, sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% heimæðargjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar heimæð hefur verið lögð inn fyrir húsvegg. Að því er varðar íbúðarhús með þilofna- eða rafgeislahitun er heimilt að fella niður eftirstöðvar gjaldsins ef hitunarkerfi hússins er breytt og tengt hitaveitu inna 5 ára frá lagningu heimæðar og tengingu kranavatns við veitukerfið. Að þeim tíma liðnum gjaldfalla eftirstöðvar gjaldsins og reiknast þá sem 50% af gildandi heimæðargjaldi fyrir tilsvarandi húsnæði samkvæmt b lið 7. gr.

Heimilt er þó hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins og tengja hitunarkerfi hússins eða fella niður skyldu um tengingu. Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% heimæðargjalds við lóðaveitingu eða veitingu byggingarleyfis. Eftirstöðvar skal greiða við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma. Gjaldfrestur eftirstöðva verði þó ekki lengri en tvö ár frá útgáfu byggingarleyfis.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði um heimæðargjöld vegna dreifðrar byggðar eða fjarlægðar frá lögnum veitukerfis hitaveitunnar eða sérsamningar við aðrar sveitarstjórnir, gjaldfellur heimæðargjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum við húseigendur eða í sérsamningum við sveitarstjórnir.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera sem svarar orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. desember 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, sbr. auglýsingu nr. 587 28. júlí 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 21. nóvember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 446 22. nóvember 1984

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39,80 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.
Skal notkunargjaldið þá vera 0,82 kr/kWh miðað við hitafall 40° C.
Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu á stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾″	225,00
b) Fyrir mæla allt að 2″	450,00
c) Fyrir mæla allt að 3″	900,00

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimhæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m^3 (utanmál)	Kr.	
Allt að 400	37 000,00	
400 að 2000	37 000,00 fyrir	400 m^3 + 29,50 kr/m^3 þar yfir
2 000 að 6 000	84 000,00 fyrir	2 000 m^3 + 25,00 kr/m^3 þar yfir
6 000 að 10 000	184 000,00 fyrir	6 000 m^3 + 22,30 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000	273 000,00 fyrir	10 000 m^3 + 19,30 kr/m^3 þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að ¾″	5 560,00
b) Fyrir mæli allt að 2″	11 120,00
c) Fyrir mæli allt að 3″	22 240,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin er greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum eða skrifstofu Rafveitu Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 450,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 1984, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er út gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 341, 23. júlí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 447 15. nóvember 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Grindavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. nóvember 1984 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Grindavík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Grindavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landsnotkun á staðgreinireit 1.246.118, sem afmarkast af Stangarholti og íbúðabyggð við Skipholt og Nóatún verði íbúðar- og stofnanasvæði (dagvistarheimili) í stað útivistarsvæðis.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reyjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

15. nóvember 1984 Nr. 449

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest uppdrátt er sýnir þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á hluta staðgreinireits 1.132.0 á milli Ægisgötu og Norðurstígs breytist úr iðnaðar- og vörugeymslusvæði í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

20. nóvember 1984 Nr. 450

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki um 25% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1.25.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

3. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1983, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og Yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1984.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 766 frá 17. nóvember 1983.

Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 451 21. nóvember 1984

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 507 18. desember 1979 um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða, sbr. reglur nr. 551 13. október 1980 og nr. 332 1. júlí 1982 um breytingu á þeim.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Ráðuneytið endurgreiðir toll af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða og breytinga á skipum og bátum, þó ekki skemmtibátum, sbr. 1. gr., enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðsla nemi minnst kr. 20 000,00.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 332/1982.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 180/1962 um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

1. gr.

2. málsliður 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tilkynna skal fulltrúum í verðlagsráði með a. m. k. 2 daga fyrirvara, hvenær fundir skuli hefjast um hverja verðákvörðun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. nóvember 1984.

Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REIKNINGUR

Nr. 453

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1983.

A. Rekstrarreikningur.

Gjöld:		kr.
Almenn framlög til sveitarfélaga skv. 13. gr.		499 881 945
Aukaframlög til sveitarfélaga skv. 15. gr.		26 643 000
Patrekshreppur, styrkir v/snjóflóða		2 800 000
Fólksfækkunarframlög til sveitarfél. skv. 16. gr.		7 816 900
Samband ísl. sveitarfélaga, framlag, 1% af alm.t.		5 970 537
Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag, 1% af alm. t.		5 970 537
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekj.		29 854 459
Húsfriðunarsjóður, framlag		1 035 993
Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag		1 460 579
Afskrifaðar kröfur vegna barnsmeðlaga		234 605
Eftirlaunasjóður aldraða í stéttarfélögum		5 693 462
Afgangur fluttur á höfuðstól		9 727 160
	Alls kr.	597 089 177

Tekjur:		kr.
Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu		434 972 047
Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu		93 013 411
Landsútsvör:		
Bankar		9 691 697
Aðrir	79 137 368	
÷ hluti sveitarfélaga	19 760 809	59 376 559
Sérstakur tekjuskattur:		
Kísiliðjan hf. og Johns Manville	3 904 735	
÷ til Húsavíkurkaupstaðar	2 433 080	
÷ til Skútustaðahrepps	1 471 655	—
	Almennar tekjur	597 053 714
Vaxtatekjur		35 463
	Vergar tekjur	597 089 177

B. Efnahagsreikningur.

Eignir:		kr.
Greiðslufjárreikningar:		114 522 994
Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs		67 599 789
Ríkissjóður, viðskiptareikningur		46 417 391
Sveitarfélög, viðskiptareikningar		4 099
Gjaldendur landsútsvara		—
Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík		195 177
Tryggingastofnun ríkisins v/Eftirlaunasjóðs aldraðra í stéttarfélögum		306 538
Lánareikningar:		56 917 753
Innheimtustofnun sveitarfélaga		56 767 753
Sauðaneshreppur		150 000
Skútustaðahreppur		—
	Alls kr.	171 440 747

Skuldir:			kr.
Greiðslufjárreikningar:			146 777 034
Samband íslenskra sveitarfélaga			570 537
Lánasjóður sveitarfélaga			1 854 459
Innheimtustofnun sveitarfélaga			1 460 579
Landshlutasamtök sveitarfélaga			570 537
Sveitarfélög, viðskiptareikningar			50 120
Ríkissjóður			194 024
Framlagsfé til sveitarfélaga:			
Af óinnheimtum tekjum:		kr.	kr.
Í ársbyrjun		41 731 272	
Af rekstrarreikningi		25 868 517	67 599 789
Af innheimtum tekjum:			
Í ársbyrjun		40 749 917	
Af rekstrarreikningi		511 273 328	
	Samtals kr.	552 023 245	
Úthlutað á árinu 1983		477 546 256	74 476 989
Eiginfjárreikningar:			24 663 713
Höfuðstóll í ársbyrjun			14 936 556
Endurmat greiðslufjárreikninga			÷ 3
Tekjuafgangur			9 727 160
		Alls kr.	171 440 747

Reykjavík, 2. nóvember 1984

Hallgrímur Dalberg

Lára Hafliðadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 — 1984

28. nóvember 1984 717 Nr. 454

REGLUGERÐ

um afnám reglugerða 282/1984 og 651/1983.

1. gr.

Frá og með 1. desember 1984 er felld úr gildi reglugerð nr. 282 frá 19. júní 1984 um bann við togveiðum á Hornbanka og Strandagrunni og reglugerð nr. 651 frá 10. október 1983 um bann við togveiðum út af Húnaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

28. nóvember 1984 Nr. 455

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 4. desember 1984 til 15. maí 1985 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið 23°42'0 V og að norðan 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

B 92

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 456 22. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld á Blönduósi nr. 582/1981.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Jafnframt B. gjaldi og sem hluta af því skulu lóðarhafar atvinnu- og verslunarlóða greiða kr. 25,oo fyrir hvern fermetra lóðar hvort sem bygging er þar á eða ekki. Ofangreint gjald er miðað við byggingarvísitölu 168.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduóshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 50, nr. 454—456. Útgáfudagur 30. nóvember 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 — 1984

29. nóvember 1984 719 Nr. 457

REGLUGERÐ

um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra.

1. gr.

Fatlaðir að 18 ára aldri sem dvelja í heimahúsum eða njóta takmarkaðrar þjónustu en þarfnast sérstakrar umönnunar og gæslu að dómi svæðisstjórnar eiga rétt á aðstoð. Aðstoð sú sem hér um ræðir er í formi fjárhagslegs stuðnings við framfærendur hins fatlaða svo sem nánar er kveðið á um í 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Svæðisstjórn skal stuðla að því að fötluðum að 18 ára aldri, sem eiga kost á þjónustu utan heimilis, sé ekki haldið heima að nauðsynjalausu.

3. gr.

Um greiðslu til framfærenda fer sem hér segir:

1. Hámarksgreiðslu samkvæmt 3. mgr. 10. gr. fyrir 175 klst. á mánuði samkvæmt 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar skal greiða fyrir fatlaðan einstakling að 18 ára aldri, dvelji hann eingöngu í heimahúsum og njóti ekki þjónustu af hendi hins opinbera að undanskilinni heilbrigðisþjónustu og ýmiss konar heimangönguþjónustu, sem ekki hefur í för með sér vistun af neinu tagi, t. d. ráðgjöf. Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 12 768 á mánuði.
2. Fyrir einstakling sem dvelur 2 til 3 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 131 klst. á mánuði.
   Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 9 557 á mánuði.
3. Fyrir einstakling, sem dvelur 4 til 5 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 87 ½ klst. á mánuði.
   Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 6 384 á mánuði.
4. Fyrir einstakling, sem dvelur 6 til 7 klst. utan heimilis á dag og nýtur þjónustu á vegum hins opinbera skal greiða 40 klst. á mánuði.
   Greiðslur samkvæmt þessum tl. nema kr. 2 918 á mánuði.

4. gr.

Svæðisstjórn getur gert tillögur til félagsmálaráðuneytis um hærri greiðslur en samkvæmt 2., 3. og 4. tl. 3. gr., sé um að ræða óhagræði framfærenda vegna óreglulegs vistunartíma hins fatlaða á þjónustustofnunum ríkisins.

Félagsmálaráðuneyti er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn svæðisstjórnar að hækka greiðslur allt að hámarki, samanber 1. tl. 3. gr., mæli brýnar ástæður með.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. gr.

Barnaörorka samkvæmt lögum um almannatryggingar fellur niður vegna þeirra barna og unglinga, sem falla undir reglugerð þessa.

Framfærendur fatlaðra 16—18 ára, þeirra sem njóta örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar eiga rétt á greiðslum samanber 3. gr. reglugerðarinnar sem nemur þeim mismun, sem kann að vera á upphæðum þeirra og greiðslum samkvæmt reglugerðinni.

6. gr.

Umsóknir framfærenda um greiðslur samkvæmt reglugerð þessari skulu sendar hlutaðeigandi svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa og svæðisstjórnir afhenda.

Svæðisstjórn skal ásamt hlutaðeigandi greiningar- og ráðgjafaraðila kanna vandlega aðstæður hins fatlaða. Meti svæðisstjórn framfæranda hæfan til að annast þessa þjónustu og uppfylli hann sett skilyrði, sendir svæðisstjórn félagsmálaráðuneytinu umsóknina ásamt mati sínu og tillögum um greiðslu.

Hafi félagsmálaráðuneytið ekki athugasemdir við tillögur svæðisstjórnar, úrskurðar ráðuneytið í málinu og sendir til Tryggingastofnunar ríkisins, sem annast greiðslur.

Greiðslur hefjast frá 1. degi þess mánaðar, sem umsókn berst til svæðisstjórnar. Félagsmálaráðuneyti er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn svæðisstjórnar að greiða allt að 6 mánuði aftur í tímann.

7. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með högum hins fatlaða og framfærenda hans með reglubundnu eftirliti (heimsóknum) eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti. Verði breyting á högum viðkomandi, sem kunna að leiða til breytinga á forsendum fyrir greiðslum skal svæðisstjórn þegar í stað tilkynna þær skriflega til félagsmálaráðuneytis.

Framfærendum, sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt reglugerð þessari er skylt að tilkynna svæðisstjórn um aðstæður sem kunna að hafa í för með sér breyttar forsendur fyrir greiðslum.

Svæðisstjórnir skulu afhenda framfærendum, sem njóta aðstoðar samkvæmt þessari reglugerð sérprentað eintak af reglugerðinni og kynna þeim efni hennar rækilega.

8. gr.

Svæðisstjórnir ásamt greiningar- og ráðgjafaraðilum skulu endurmeta árlega forsendur greiðslna séu þær ekki bundnar fyrirfram til ákveðins tíma.

Svæðisstjórnir skulu í aprílmánuði ár hvert gera ráðuneytinu skriflega grein fyrir endurmati. Að öðrum kosti falla greiðslur niður nema þær séu bundnar fyrirfram til ákveðins tíma, samanber 1. mgr. þessarar greinar.

Dvelji fatlaður, sem undir reglugerð þessa fellur á sjúkrahúsi eða í skammtímavistun falla greiðslur niður einum mánuði eftir að vistun hefst. Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að víkja frá þessu mæli ríkar ástæður með, t. d. yfirseta framfærenda.

9. gr.

Um ágreining vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar fer samkvæmt 3. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Húsbyggingasjóð aldamótakynslóðarinnar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóvember 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húsbyggingasjóð aldamótakynslóðarinnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Húsbyggingasjóður aldamótakynslóðarinnar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Páli Helgasyni, Hrafnistu, Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans, hjónin Helga Eyjólf Jónsson og Sigríði Eggertsdóttur Briem, sem síðast bjuggu að Bókhlöðustíg 7, Reykjavík, fósturforeldra hans, Ragnheiði Helgadóttur frá Vogi og Ásgeir Bjarnason, bónda í Knarrarnesi á Mýrum, og Maríu Þórðardóttur frá Hofsstöðum í Gufudalssveit, sambýliskonu stofnandans, sem fædd var 15. ágúst 1904 og andaðist hinn 13. júlí 1980.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að byggingu íbúðahverfis fyrir aldraða á Reykjavíkursvæðinu, er verði í nánum tengslum við heilsugæslustöðvar, eina eða fleiri, sem veiti fullkomna heilsugæslu og læknisþjónustu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200 000,00 — tvö hundruð þúsund krónur — gefið af stofnanda hans, Páli Helgasyni.

Tekjur sjóðsins verða framlög frá einstaklingum og félagasamtökum, minningargjafir og áheit og vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum áskotnast. Gjafafé og önnur framlög ásamt helmingi vaxta skal leggja við stofnfé a. m. k. þar til sjóðurinn hefur fimmfaldast. Stofnfé skal verðtryggt og myndar það höfuðstól sem aldrei má skerða. Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan hátt með hæstu ávöxtun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, kosnum til eins árs í senn, af félagi er verði stofnað af ellilífeyrisþegum og hafi að markmiði að byggja íbúðahverfi fyrir aldraða á Reykjavíkursvæðinu.

Þar til félagið hefur verið stofnað og stjórn kosin fyrir sjóðinn, fer þriggja manna nefnd með málefni sjóðsins. Í nefndinni skulu vera stofnandi sjóðsins, Páll Helgason, Hrafnistu, Hafnarfirði, Erlingur Viggósson, verkstjóri, Gnoðavogi 82, Reykjavík og Hallgrímur Pétursson, formaður Verkamannafélagsins Hlífar, Hafnarfirði. Missi einhvers nefndarmanna við úr nefndinni tilnefna hinir tveir mann í hans stað.

6. gr.

Fé úr sjóðnum skal, eftir því sem þurfa þykir, varið til útbreiðslu og kynningar á þeim markmiðum er að baki félagsstofnunar skv. 5. gr. liggja, en að því frátöldu til allra þeirra hluta er orðið geta framangreindu félagi til framdráttar og vegsauka, allt skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún semur árlega efnahags- og rekstursreikning sjóðsins, sem skal endurskoðaður af tveimur endurskoðendum kjörnum á sama hátt og stjórnin. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Verði ekki af stofnun félags með framangreindu markmiði, sbr. 5. gr., skulu eignir sjóðsins renna til Styrktarsjóðs aldraðra og verða þar sérsjóður fyrir Reykjavík.

Allar ákvarðanir um að leggja niður sjóðinn eða breyta markmiðum hans eru háðar samþykki a. m. k. ⅘ hluta stjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 459 28. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 407 frá 26. september 1984, um loðnuveiðar á haustvertíð 1984 og vetrarvertíð 1985.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu 1. október 1984 til 15. apríl 1985 heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrn.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn:
Albert GK 31	1046	11 100
Beitir NK 123	0226	15 000
Bergur VE 44	0968	10 600
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	13 700
Börkur NK 122	1293	13 900
Dagfari ÞH 70	1073	10 700
Eldborg HF 13	1525	16 300
Erling KE 45	1361	10 200
Fífill GK 54	1048	11 200
Gígja RE 340	1011	11 800
Gísli Árni RE 375	1002	11 200
Grindvíkingur GK 606	1512	13 700
Guðmundur RE 29	1272	12 700
Guðmundur Ólafur ÓF 91	1020	11 000
Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	1076	11 800
Gullberg VE 292	1401	11 100
Hákon ÞH 250	1059	12 100
Harpa RE 342	1033	11 300
Heymaey VE 54	1035	10 700
Helga II RE 373	1018	10 800

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskr.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn:
Hilmir SU 171	1551	14 800
Hilmir II SU 177	1044	10 900
Hrafn GK 12	1006	11 400
Huginn VE 55	1411	11 100
Húnaröst ÁR 150	1070	11 300
Höfrungur AK 95	1413	12 500
Ísleifur VE 63	1610	11 600
Jón Finnsson RE 506	1283	11 100
Jón Kjartansson SU 111	0155	13 700
Júpíter RE 161	0130	14 800
Jöfur KE 17	0965	10 200
Kap II VE 4	1062	11 500
Keflvíkingur KE 100	0967	10 600
Ljósfari RE 102	0973	10 900
Magnús NK 72	1031	10 700
Pétur Jónsson RE 14	1069	12 200
Rauðsey AK 14	1030	10 900
Sighvatur Bjarnason VE 81	1061	11 500
Sigurður RE 4	0183	15 300
Sjávarborg GK 60	1586	11 800
Skarðsvík SH 205	1416	11 100
Súlan EA 300	1060	12 100
Svanur RE 45	1029	11 500
Sæberg SU 9	0252	11 100
Sæbjörg VE 56	0989	11 200
Víkingur AK 100	0220	14 900
Víkurberg GK 1	0979	10 700
Þórður Jónasson EA 350	0264	10 500
Þórshamar GK 75	1501	11 100
Örn KE 13	1012	11 000

2. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1984.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Stöðvarhreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn Stöðvarhrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í sveitarfélaginu eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar, varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á m^3 eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands.

4. gr.

Álagning B-gjalds skal vera sem hér segir:

1. Íbúðabyggingar:
   - 1.1. Einbýlishús 3,0%
   - 1.2. Tvíbýlishús á 2 hæðum og raðhús 2,0%
   - 1.3. Þríbýlishús á 3 hæðum og fjölbýlishús 1,5%
2. Aðrar byggingar:
   - 2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir og opinberar byggingar 3,0%
   - 2.2. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnslustöðvar, orkuver, spennistöðvar, bensín-, olíu- og lýsisgeymar, sérbyggðar vöruskemmur 1,5%
   - 2.3. Geymsluskúrar, bílgeymslur o. fl. 1,0%
3. Jafnframt B-gjaldi og sem hluta þess skulu lóðarhafar greiða kr. 20.00 fyrir hvern fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á eða ekki.

Við álagningu gatnagerðargjalda skal miða við að stærð húss, samkvæmt samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð:

Einbýlishús ..... 500 m^3
Tvíbýlishús á 2 hæðum og raðhús ..... 400 m^3
Þríbýlishús á 3 hæðum og fjölbýlishús ..... 300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3—0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur. Sveitarstjórn úrskurðar flokkun bygginga í gjaldstiga.

5. gr.

Gjöld samkvæmt 4. gr. breytast í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar. Miðast þau við þá vísitölu, sem í gildi er þegar gjaldið er lagt á.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin.

7. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ. e. lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest. Framkvæmdir teljast hafnar þegar undirstöður hafa verið steyptar.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi — án vaxta — sem hér segir: 50% gatnagerðargjalds endurgreiðist eftir 6 mánuði. Eftirstöðvar endurgreiðist eftir 12 mánuði. Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar sú úthlutun fer fram og eftirfarandi byggingarleyfi.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ. e. 12 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að lækka gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Ennfremur getur sveitarstjórn ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun eða þegar sveitarstjórn þykir sérstök ástæða til.

10. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta B-gjald samkvæmt 4. gr. af lóðarhöfum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt slitlag og gangstétt. Í slíkum tilvikum skal miða gjaldið við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar gjaldið er lagt á.

11. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 4. gr. greiðist þannig: 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið og álagning hefur farið fram. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Byggðasjóðs í samræmi við kjör þau, er lánveitingar til varanlegrar gatnagerðar miðast við. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

12. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 4. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

13. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

14. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld af fasteignum þeirra eigenda, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma eða

örorku að stríða. Verði fasteign, sem afslátt hefur fengið eða niðurfellingu á gatnagerðargjaldi, seld eða á annan hátt skipt um eiganda, skal sveitarstjórn heimilt að leggja gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum vísitölubreytingum, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum kröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingafjárhæðar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð frá 25. október 1983 um gatnagerðargjöld í Stöðvarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið 23. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 461 29. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79, 5. mars 1982, um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílastjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 20, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagna Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu og sýslunefndar sömu sýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um búnaðarfræðslu.

I.

Hlutverk, skipulag og stjórnun búnaðarfræðslu.

1. gr.

Markmið búnaðarfræðslu er:

a) að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað. Fræðslan skal við það miðuð, að búfræðingar verði hæfir til að annast fjölþættan búrekstur og geti jafnframt veitt forustu í félagsmálum landbúnaðarins og hinna dreifðu byggða.

b) að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa, með námskeiðum, fræðslufundum, útgáfu fræðslurita og birtingu tilraunaniðurstaðna. Leggja ber áherslu á síbreytileg viðhorf og framfarir á sviði landbúnaðar og hagnýtt gildi þeirra.

c) að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar. Með þjálfun í hagkvæmum og skipulögðum vinnubrögðum, verklegum og fræðilegum, sjálfstæðum eða í samvinnu við aðra, skal stefnt að því, að búfræðikandidatar verði virkir í störfum og sinni þeim af alúð og skyldurækni.

Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, sbr. II. kafla Ennfremur getur hún að hluta eða öllu farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, á námskeiðum og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmur þykir og samþykktur er af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum og reglugerðum um búnaðarfræðslu og setur skólunum námsskrár. Búnaðarfræðslan og öll starfsemi búnaðarskólanna heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

3. gr.

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Hún skal gera tillögur til ráðherra um setningu reglugerða með stoð í lögum um búnaðarfræðslu.

Búfræðslunefnd skal samþykkja námsskrá námsbrauta í búfræði í almennum framhaldsskólum og hafa eftirlit með slíkum námsbrautum. Búfræðslunefnd gefur og ráðherra umsögn um námsskrár í búvísindadeild og bændadeildum búnaðarskólanna. Búfræðslunefnd ákveður, hvort og hvenær almennir framhaldsskólar geta útskrifað búfræðinga.

Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi, fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu, en landbúnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar.

Formaður boðar fundi í búfræðslunefnd tvisvar á ári hið minnsta, við upphaf og endi hvers skólaárs. Æski aðili að nefndinni eftir því, skal formaður boða til aukafundar.

Búfræðslunefnd kýs sér ritara úr sínum hópi.

Nefndarmenn starfa á kostnað þeirrar stofnunar, sem þeir eru fulltrúar fyrir, þó greiða búnaðarskólarnir kostnað við störf fulltrúa búfræðikennara.

4. gr.

Á skólastöðunum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengni.

5. gr.

Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu. Með slíku skipulagi skal komist hjá tvíverknaði, enda hafi stofnanir á sviði búnaðarrannsókna með sér samvinnu um stærri rannsóknaverkefni.

Rannsóknir við skólana skulu vera til styrktar kennslunni og er nemendum og kennurum rétt og skylt að taka þátt í þeim eftir því sem aðstæður leyfa.

Heimilt er með samþykki landbúnaðarráðherra að sérhæfa rannsóknastarfsemina við hvern búnaðarskóla.

II.
UM BÚNAÐARNÁM.
Stjórnun og starfslið.

6. gr.

Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjá búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum.

Á búnaðarskólunum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla þætti almenns búrekstrar, svo og um aukabúgreinar eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu milli skólanna, hvað varðar námstilhögun og fjölbreytni í búrekstri.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólastjóra. Skólastjóri hefur yfirumsjón með gerð námsskrár, kennslu, prófum, skólabúi, rannsóknastarfsemi og annarri starfsemi skólans. Hann er æðsti fulltrúi skólans innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því, að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við landbúnaðarráðherra, landbúnaðarráðuneyti og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna rekstrar og framkvæmda við skólastofnunina. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerðum. Skólastjóri ræður lausráðið starfsfólk skólans.

Skólastjóri heldur kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til eða þegar meirihluti fastráðinna kennara óskar þess. Á kennarafundum skal ræða framvindu skólastarfsins og annað, sem við kemur starfsemi skólans. Nánar skal kveða á um störf skólastjóra í erindisbréfi, sem ráðherra setur.

8. gr.

Skólastjóri setur í upphafi skólaárs reglur um samskipti nemenda og skólastofnunar, sem staðfestar skulu af landbúnaðarráðuneytinu. Vanræki nemandi nám sitt eða brjóti skólareglur, ber skólastjóra að vanda um við hann. Víkja má nemanda úr skóla um stundarsakir eða að fullu ef um alvarlega vanrækslu eða brot er að ræða. Skólastjóra ber að leita álits kennarafundar, áður en nemanda er vikið að fullu úr skóla.

9. gr.

Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina.

Skólanefnd Bændaskólans á Hólum skal skipuð einum manni og einum til vara frá hverju búnaðarsambandi á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra.

Skólanefnd Bændaskólans á Hvanneyri skal skipuð einum manni og einum til vara frá hverju búnaðarsambandi á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Búnaðarsambönd, sem starfa í landshlutum þar sem búnaðarskólar eru ekki, eiga þess kost að tilnefna einn mann hvert í skólanefnd við þann búnaðarskóla sem stjórn búnaðarsambandsins ákveður. Hver skólanefnd kýs sér formann, varaformann, ritara og vararitara. Fundargerðir skólanefndar skulu sendar til landbúnaðarráðuneytisins í afriti.

Skólastjóri kveður skólanefnd til fundar í samráði við formann skólanefndar a. m. k. einu sinni á ári. Á þeim fundi greinir hann nefndinni frá störfum, áformum og fjárhag skólans. Ef þrír fulltrúar eða fleiri í skólanefnd óska eftir aukafundi í nefndinni, skal til hans boðað með a. m. k. einnar viku fyrirvara.

Fundir skólanefndar eru ályktunarhæfir ef rétt er til þeirra boðað og minnst helmingur skólanefndarmanna er viðstaddur.

Skólanefndir eru ólaunaðar og ber hvert búnaðarsamband útlagðan ferðakostnað fulltrúa síns að hálfu á móti viðkomandi skóla.

10. gr.

Hlutverk skólanefndar er að efla tengsl búnaðarsambandanna og bændaskólanna og stuðla að auknum áhuga á búnaðarnámi. Í þeim tilgangi skal skólanefnd í samráði við skólastjóra leitast við að kynna starfsemi skólanna í fjölmiðlum, með fræðslufundum eða á annan hátt.

Einnig skulu skólanefndirnar fjalla um uppbyggingu skólasetranna og þann þátt í starfi skólanna, sem getið er um í b-lið 1. gr. hér að framan.

11. gr.

Ráðherra skipar fasta kennara við skólanna að fenginni umsögn skólastjóra. Skipa má fastan kennara í starf yfirkennara við bændadeild. Hann skal sjá um gerð stundaskrár og önnur þau atriði, er varða framkvæmd kennslunnar í bændadeild, skv. nánari ákvörðun skólastjóra.

Kennarar við hvern skóla skulu eigi vera færri en sex, auk skólastjóra, og skulu þeir hafa kandidatspróf í búfræði eða hliðstæða menntun. Ef sérstakir kennarar eru ráðnir til kennslu í almennum námsgreinum framhaldsskólastigsins, skal gera til þeirra sömu menntunarkröfur og kennara í almennum framhaldsskólum. Kennari í vélfræði og meðferð og hirðingu búvéla skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða á annan hátt aflað sér fullnægjandi þekkingar og starfsþjálfunar.

Umsækjendur, sem auk tilskilins fagnáms hafa lagt stund á uppeldis- og kennslufræði í námi sínu eða á námskeiðum, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um kennarastöður.

12. gr.

Af föstum kennurum skal einn hafa umsjón með verknámi nemenda á bændabýlum og öðrum búum. Skal hann í samráði við skólastjóra semja leiðbeiningar um framkvæmd verknámsins. Hann skal fyrir hönd skólans gera samning við bændur eða bústjóra um verknámið. Hann skal hlutast til um, að samkomulag verði gert um kjör nemenda, meðan á verknámi stendur. Kennari þessi skal einnig fylgjast með framvindu verknámsins, eftir því sem við verður komið, með heimsóknum á verknámsbúin. Ennfremur ber honum að sjá til þess, að nemendur færi dagbók meðan á verknámi stendur.

Ef henta þykir, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að í fyrstu skipuleggi einn kennari verkþjálfun nemenda frá öllum búnaðarskólunum.

13. gr.

Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf, er dreifist jafnt á almanaksárið, þó getur skólastjóri heimilað kennara að ljúka starfsskyldu sinni á skemmri tíma.

Um ráðningarkjör þeirra fer eftir kjarasamningum starfsmanna ríkisins hverju sinni.

14. gr.

Kennarar skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem aðstæður leyfa, og gegna öllum störfum sínum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

Störf fastráðinna kennara skiptast milli kennslu, stjórnunar, rannsókna og ritstarfa. Nú hefur fastráðinn kennari ekki fullt starf við þessi verkefni og ber honum þá að vinna önnur störf í þágu stofnunarinnar í samráði við skólastjóra. Telji skólastjóri hentugra, að kennari við bændadeild fullnægi starfsskyldu sinni við aðrar deildir skólans, skal hann hlíta því.

Skólastjóri getur falið einum eða fleiri kennurum að leiðbeina nemendum í frístundum þeirra, svo sem í söng, leiklist, handavinnu og fleiru.

Við hvern skóla skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna starfsmatsnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa skólastjóri, fulltrúi tilnefndur af kennurum og fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins. Nefnd þessi skal meta störf kennara til vinnustunda.

Nánar skal kveða á um störf kennara, hvað varðar aðalkennslugreinar og umfang einstakra starfshátta, í erindisbréfi.

15. gr.

Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjör og kennarar, enda hafi þeir sömu menntun.

Bústjóri skal sjá um daglegan rekstur búsins og hafa umsjón með mannvirkjum, sem tilheyra búrekstri, og landi búsins svo og öðrum eignum skólans eftir ákvörðun skólastjóra. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans, sem nota gögn og gæði skólabúsins við rannsóknir og kennslu, skulu hafa um það samráð við bústjóra.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

16. gr.

Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

Í bændadeild skal leggja áherslu á:

— að auka nemendum þekkingu og víðsýni og búa þá þannig undir að bregðast rétt við nýjum aðstæðum í síbreytilegu þjóðfélagi.
— að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnframt því sem þeim skal kennt að vinna saman í hópum að afmörkuðum verkefnum.
— að þjálfa nemendur í nútímavinnubrögðum í landbúnaði á skólasetrunum og á verknámsbúum, og þá undir eftirliti skólanna.
— að efla félagsþroska nemenda.

Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi og fullnægt lágmarkskröfum um einkunnir til inngöngu í framhaldsskóla eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi skólastjóra.
2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.

Skriflega beiðni um inntöku, studda gögnum, er sýni að inntökuskilyrðum sé fullnægt, skal senda skólastjóra fyrir 10. júní ár hvert.

17. gr.

Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur námstími skal eigi vera skemmri en 27 vikur og skiptist hann á tvær námsannir, þannig að sem næst jafnlangur kennslutími, auk prófa, falli á hvora önn.

Námsleyfi skulu veitt í samræmi við reglugerð um leyfi í skólum.

Ef henta þykir, má nám falla að einhverju leyti utan reglulegs skólatíma.

Námið skiptist í eftirtalda meginþætti:

1. Grunnnám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólasetrunum og á bændabýlum, og þá undir eftirliti skólans. Nemendur geta ekki stundað samningsbundið verknám á heimilum sínum, nema veigamiklar ástæður séu fyrir slíku. Lengd verkþjálfunar nemenda á samningsbundnum verknámsbúum skal svara til einnar námsannar.
3. Búfræðinám og sérsvið þess.

Tengja skal saman, eftir því sem kostur er á, hina bóklegu og verklegu þætti námsins.

18. gr.

Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, að fenginni umsögn búfræðslunefndar. Námsskráin skal liggja fyrir við upphaf hvers skólaárs. Í námsskránni skal getið um námsmarkmið, einingafjölda hverrar námsgreinar, próf og námsmat.

19. gr.

Námsgrein skal minnst vera ein námseining, þ. e. 26 kennslustundir. Fyrir íþróttir skal gefa einkunn. Hið sama gildir um einkunn fyrir ástundun, er gefin skal eftir reglum, sem skólastjóri setur. Geti nemandi ekki stundað íþróttir sakir vanheilsu eða af öðrum gildum ástæðum, getur skólastjóri veitt honum undanþágu frá tímasókn og prófi í þessari grein.

20. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10.

Meðaleinkunn 9,0—10,0 telst I. ágætiseinkunn.

Meðaleinkunn 7,3— 8,9 telst I. einkunn.

Meðaleinkunn 6,0— 7,2 telst II. einkunn.

Meðaleinkunn 5,0— 5,9 telst III. einkunn.

Námsárangur skal meta til einkunna eftir námsverkefnum og/eða prófum. Próf eru haldin í lok hverrar námsannar eftir því sem ákveðið er í námsskrá. Próf geta verið munnleg, verkleg eða skrifleg. Við skrifleg próf skal ætla nemendum a. m. k. eina klukkustund til úrlausnar verkefnis fyrir hverja námseiningu. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Geti nemandi ekki gengist undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, getur skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma.

21. gr.

Til þess að nemandi standist burtfararpróf skal hann hljóta að minnsta kosti 5,0 í meðaleinkunn og lágmarkseinkunnina 3 í námsgrein.

Fái nemandi 0 í einhverri námsgrein, útilokar það burtfararpróf. Heimilt er að endurtaka próf einu sinni, fái nemandi undir lágmarkseinkunn í allt að tveimur námsgreinum á fyrstu námsönn og allt að tveimur námsgreinum á síðari námsvetri, enda sé vegin meðaleinkunn allra námsgreina 4,5 eða hærri.

Til þess að geta hafið nám í síðari námsvetri þarf nemandi að fá meðaleinkunnina 5,0 eða hærri á fyrstu námsönn og hafa lokið verknámi á tilskilinn hátt.

Nái nemandi ekki tilskilinni lágmarkseinkunn til þess að hefja nám á síðari námsvetri, eða tilskilinni einkunn til burtfararprófs, á hann rétt á að endurtaka próf í allt að tveimur námsgreinum.

22. gr.

Að afloknu búfræðiprófi skal afhenda nemendum sem standast próf, prófskírteini með árituðum einkunnum og fjölda námseininga.

Þeir einir, sem lokið hafa prófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingar.

23. gr.

Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um inngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá skólastjóri meta til eininga það af fyrra námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna er því nemur. Nemandi getur áfrýjað mati skólastjóra til landbúnaðarráðuneytisins. Leitast skal við að minnkun námsskyldu leiði til styttri námstíma.

24. gr.

Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar. Búfræðslunefnd getur ákveðið, hvort hluti námsins fari fram við búnaðarskóla. Nefndin ákveður, hvort eða hvenær almennir framhaldsskólar geti útskrifað búfræðinga.

25. gr.

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, bútæknanámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólunum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

Framhaldsnám þetta skal miðað við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum bútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði, og standi eigi skemur en 30 vikur.

Námsefni til bútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð, þegar ákveðið hefur verið að hefja bútæknanám.

26. gr.

Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins á skólasetrunum eða annars staðar þar sem henta þykir. Skulu skólarnir leitast við að koma til móts við óskir bændasamtaka og stofnana landbúnaðarins um námskeiðahald. Skólastjórarnir gera áætlanir um þau námskeið, sem skólarnir halda. Starfsmenn skólanna skulu leiðbeina á námskeiðunum eftir því sem ástæður leyfa. Sé þess ekki kostur skal fá hæfa menn, innlenda eða erlenda, til að leiðbeina á námskeiðunum. Námskeið fyrir sérhæfða starfsmenn landbúnaðarins skal skipuleggja í samráði við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

III.
UM BÚVÍSINDANÁM.

27. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun á sviði landbúnaðar.

Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

Skólastarfið í búvísindadeild skal við það miðað:

a) að nemendur öðlist fræðilega og verklega þekkingu á sem flestum þáttum búvísinda og geti unnið sjálfstætt,
b) að þjálfa nemendur í skipulögðum vinnubrögðum.
c) að efla með nemendum vilja til símenntunar,
d) að efla félagsþroska nemenda.

28. gr.

Nemendum búvísindadeildar ber að vinna samkvæmt markmiðum hennar með námi sínu.

Skólastjóri setur, í samráði við deildarstjórn, reglur um samskipti nemenda og skólastofnunar. Vanræki nemandi nám sitt eða brjóti skólareglur, skal skólastjóri áminna hann. Beri slík áminnig ekki árangur, getur skólastjóri vísað nemandanum úr skóla. Skólastjóri skal leita álits deildarstjórnar sbr. 29. gr., áður en hann víkur nemanda að fullu úr skóla.

29. gr.

Skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri er yfirmaður búvísindadeildar, sbr. 7. gr. Deildarstjórn er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna. Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum, sbr. 36. gr., auk skólastjóra, og tveir fulltrúar nemenda við deildina. Bústjóri og yfirkennari bændadeildar skulu einnig taka sæti í deildarstjórn, þegar fjallað er um málefni, er varða starfsvettvang þeirra.

Fulltrúa í deildarstjórn skal kjósa í byrjun október til tveggja ára í senn, fulltrúar nemenda skulu kosnir árlega. Kjörgengir eru fastráðnir kennarar við búvísindadeildina, en kosningarétt hafa allir starfsmenn skólans, er kenna við búvísindadeild. Nýkjörin deildarstjórn kýs sér deildarstjóra og deildarritara til tveggja ára. Deildarstjóri fer með umboð deildarstjórnar milli funda og skal honum sett erindisbréf.

Deildarstjóri boðar til funda minnst fjórum sinnum á ári, þó skal hann boða til fundar ef meirihluti fulltrúa, fulltrúar nemenda eða skólastjóri æskja þess.

Fundi skal að öðru jöfnu boða með eigi skemmri fyrirvara en tveggja daga.

30. gr.

Verksvið deildarstjórnar er að fjalla um námsskrá og námsmat í búvísindadeild, fjórða árs verkefni nemenda, vera til ráðuneytis um fjárhagsáætlun skólans, gera tillögur um ráðningu aðstoðarkennara, fjalla um umsóknir um nám við búvísindadeild, ef meta þarf fyrra nám til samræmis við inntökuskilyrði. Einnig skal deildarstjórn fjalla um almenn samskipti nemenda deildarinnar og skólans.

Ályktanir deildarstjórnar skal skrá í fundargerðarbók og þurfa a. m. k. ⅔ fulltrúa að vera mættir til að fundur sé ályktunarhæfur.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara og þeir.

Skipa skal a. m. k. fimm aðalkennara, einn á hverju námssviði, og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytis, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar. Aðstoðarkennarar skulu að jafnaði ráðnir að námssviði, sbr. 36. gr. Skólastjóri ræður stundakennara. Kjör þeirra skulu vera eftir almennum kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Kennarar skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem ástæður leyfa, og gegna öllum störfum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

32. gr.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

Séu tveir eða fleiri aðalkennarar ráðnir að námssviði, skal annar/einn þeirra skipaður til að hafa umsjón með sviðinu.

Meginviðfangsefni hvers námssviðs eru:

1. Skipulagning og framkvæmd kennslu í búvísindadeild, sem tilheyrir viðkomandi námssviði.
2. Skipulagning og framkvæmd þeirra rannsóknaverkefna, sem tengd eru viðkomandi námssviði.
3. Umsjón með kennslu í bændadeild og samningu kennslubóka á viðkomandi námssviði.

33. gr.

Störf aðalkennara og aðstoðarkennara skulu skiptast milli kennslu, stjórnunar og rannsókna. Að jafnaði skal kennsla svara til 50—60% úr ársstarfi, stjórnun svara til 10—20% úr ársstarfi og rannsóknir til 30—40% úr ársstarfi. Nú eru þessi verkefni ekki fullt ársstarf og getur þá skólastjóri falið kennara önnur verkefni í þágu skólans. Þannig er m. a. heimilt að fela kennara aukin stjórnunarstörf, ritstörf og/eða rannsóknastörf í stað kennslu. Náist ekki tilskilinn stundafjöldi í kennslu við búvísindadeild, er kennara skylt að fullnægja kennsluskyldu sinni við aðrar deildir skólans.

Nánar skal kveðið á um réttindi og skyldur fastra kennara í erindisbréfi, sem ráðherra setur. Meta skal störf kennara til vinnustunda, sbr. 4. málsgrein 14. gr.

34. gr.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu stjórnar Félags íslenskra búfræðikandidata, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Dómnefnd skal hefja störf þegar er skipun hennar hefur farið fram og skila rökstuddu áliti til landbúnaðarráðherra innan mánaðar.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

35. gr.

Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

a) að umsækjandi hafi lokið búfræðiprófi með I. einkunn,
b) að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi á raungreinasviði eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með. Stúdentar af öðrum sviðum en raungreinasviðum verða að afla sér frekari undirstöðuþekkingar, eftir ákvörðun deildarstjórnar.

Skrifleg beiðni um inntöku ásamt afritum af prófskírteinum skal berast skólastjóra fyrir 10. júní ár hvert.

Berist eitthvert ár fáar fullgildar umsóknir um inntöku í búvísindadeild, er skólastjóra heimilt, að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, að fella niður kennslu á fyrsta hluta búvísindadeildar næsta skólaár.

36. gr.

Námsefni búvísindadeildar skiptist í námsgreinar. Efni hverrar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir, að fenginni umsögn búfræðslunefndar. Nám skal metið til eininga og svarar eining til einnar viku vinnu.

Í námsskrá skal námsgreinum, sem kenndar eru í búvísindadeild, skipað á eftirtalin fimm námssvið:

a. Undirstöðugreinar.
b. Búfjárfræði.
c. Jarðræktarfræði.
d. Bútækni.
e. Búnaðarhagfræði og félagsfræði.

37. gr.

Árlegur námstími búvísindadeildar skal, að meðtöldum prófum, eigi vera skemmri en 34 vikur. Hefst hann síðari hluta september.

Auk þess er heimilt milli námsvetra að nota tvívegis allt að einum mánuði að sumri í verklegt nám, svo sem mælingar, tilraunastörf, náttúruskoðun o. fl.

Námsleyfi eru 14 daga jólaleyfi og 10 daga páskaleyfi. Auk þess er heimilt að gefa leyfi 1. desember og fyrsta sumardag.

Árlegum námstíma skal skipt í tvær annir, haustönn og vorönn, og eru haldin próf í lok hvorrar annar eftir því sem ákveðið er í námsskrá.

38. gr.

Námstími búvísindadeildar er 3 ár og þurfa nemendur að hafa lokið 90 námseiningum til prófs. Auk þess skal gefa nemendum kost á sérhæfðu námi og rannsóknaþjálfun á fjórða námsári, 30 einingum, sem aðalkennari á viðkomandi námssviði skipuleggur í samráði við deildarstjórn. Slík rannsóknaverkefni má skipuleggja í samráði við aðrar kennslu- og rannsóknastofnanir.

Að afloknu lokaprófi frá búvísindadeild skal afhenda nemendum skírteini með árituðum einkunnum, fjölda eininga í hverri námsgrein, meðaleinkunn úr hverjum hluta og fullnaðareinkunn. Prófskírteini þetta veitir rétt til að nota titilinn búfræðikandidat og skal á skírteini tilgreindur sá einingafjöldi, sem nemandi hefur lokið.

39. gr.

Þegar hagkvæmt þykir, skal hafa samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu í undirstöðugreinum við búvísindadeild eftir því sem kennslukraftar og kennsluaðstaða gefa tilefni til.

Við skipulagningu slíkrar samvinnu skal taka mið af eðlilegri námslengd búvísindadeildar og nýtingu kennslukrafta og kennsluaðstöðu, sem fyrir hendi er við Bændaskólann á Hvanneyri.

Um þessa samvinnu og annað samstarf skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands, sem kveði á um framkvæmd hennar og kostnað við hana.

40. gr.

Námsárangur skal meta til einkunna eftir námsverkefnum og/eða prófum. Próf geta verið verkleg, munnleg eða skrifleg. Við skrifleg próf skal miða við að nemendur hafi a. m. k. eina klukkustund til úrlausnar verkefnis fyrir hverja námseiningu. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

Geti nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annarra gildra forfalla, getur skólastjóri leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma.

41. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0—10.

Til þess að nemandi standist próf, má vegin meðaleinkunn á hverjum áfanga ekki vera lægri en 5.0. Sá stenst ekki áfangapróf, sem fær minna en 3 í námsgrein. Nemandi, sem ekki hefur náð prófi í einni eða tveimur námsgreinum, á rétt á því að þreyta próf í þeim að nýju, en við útreikning á meðaleinkunn skal þó reikna með þeirri einkunn, sem fyrst var gefin. Hafi nemandi ekki náð lágmarkseinkunn í þremur eða fleiri námsgreinum eða hlotið einkunnina 0 í námsgrein, fellur hann á viðkomandi áfangaprófi.

Fullnaðareinkunn er vegið meðaltal allra samtalinna einkunna.

Fullnaðareinkunn 9.0—10.0 telst ágætiseinkunn.

Fullnaðareinkunn 7.3— 8.9 telst I. aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn 6.0—7.2 telst II. aðaleinkunn.

Fullnaðareinkunn 5.0— 5.9 telst III. aðaleinkunn.

42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara, að fengnum tillögum deildarstjórnar, til að meta úrlausnir nemenda.

43. gr.

Við búvísindadeild skal starfrækja fræðilegt kennslugagna- og bókasafn, einkum varðandi landbúnaðarmál. Skal það vera kennurum og nemendum til afnota svo og, eftir því sem ástæður leyfa, fyrir þá sem vinna að rannsóknum og leiðbeiningum innan landbúnaðar.

Það er hlutverk deildarinnar að koma á framfæri efni úr ritum safnsins, sem haft getur þýðingu fyrir íslenskan landbúnað.

44. gr.

Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja efnarannsóknastofu. Hlutverk hennar er að skapa kennslu- og rannsóknaaðstöðu fyrir skólann. Yfirmaður rannsóknastofunnar skal vera fastráðinn kennari við búvísindadeild, sbr. 31. gr.

Annist rannsóknastofan þjónustu utan skólans, skal sú þjónusta greidd eftir verðskrá, sem landbúnaðarráðuneytið staðfestir.

Ýmis ákvæði.

45. gr.

Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

46. gr.

Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Heimilt er að veita öðrum aðilum leyfi til að reisa byggingar á lóðum í landi skólanna. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Gera skal samning milli skóla og byggingaraðila hverju sinni, er kveða á um lóðarleigu, forkaupsrétt og önnur þau atriði, er bygginguna varða. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingarsamningi, byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

47. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin svo úr garði, að þau geti gegnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og rekstrarkostnaður og kostnaður við tilraunastarfsemi og námskeiðahald á vegum skólanna greiðist úr ríkissjóði. Rekstur skólabúanna skal miðast við að þau þjóni sem best tilraunum og verklegri kennslu búnaðarskólanna.

Verði halli á rekstri skólabúanna greiðist hann úr ríkissjóði.

48. gr.

Skólarnir sjái um að nemendur geti fengið fæði og þjónustu á kostnaðarverði í sameiginlegu mötuneyti. Einnig skulu þátttakendur á námskeiðum, sem haldin eru í skólunum, fá fæði og húsnæði á kostnaðarverði.

49. gr.

Ákvæði 12. greinar laga nr. 55/1978 skulu taka gildi frá og með skólaárinu 1980—1981. Það skólaár má jafnframt gefa kost á eins vetrar búfræðinámi við bændaskólana, samkvæmt 36. gr. laga nr. 55/1978.

50. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 34. gr. laga nr. 55/1978 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 525/1979.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. desember 1984.

Jón Helgason.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

11. desember 1984 Nr. 463

REGLUGERÐ

um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna endursendingar, eyðileggingar, skemmda, rýrnunar eða vöntunar á innfluttum vörum.

I. KAFLI

Um endursendingar.

1. gr.

Heimilt er að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafgreiddri vöru í vörslu farmflytjanda sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á og endursend er til útlanda, enda sé við endursendingu fullnægt eftirtöldum skilyrðum:

1. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollstjóra skrifleg beiðni á þar til gerðu eyðublaði um tollskoðun á þeirri vöru sem senda á til útlanda, svo og viðurkenning eða skrifleg beiðni hins erlenda seljanda um endursendingu hennar, ásamt nauðsynlegum tollskjölum hafi þau ekki þegar verið afhent.
2. Sett sé fullnægjandi trygging í peningum fyrir áföllnum gjöldum. Í stað peningatryggingar er tollyfirvaldi þó heimilt að taka við skuldarviðurkenningu nemi gjöld minnst 20 000 kr., enda liggi fyrir skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð banka á greiðslu gjalda og dráttarvaxta og annars kostnaðar verði vanefndir hjá skuldara.

   Ef upphaflegur farmflytjandi, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, sér um endursendingu skal falla frá kröfu um tryggingu, enda sé varan í hans vörslu. Sama skal gilda sé varan í tollvörugeymslu, enda annist sá endursendingu vörunnar sem tollvörugeymsluna rekur. Þeir aðilar skulu þó lýsa því yfir í beiðni um tollskoðun hverju sinni að þeir taki á sig fulla ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda ef ekki er unnt að framvísa staðfestingargögnum þeim sem um ræðir í 5. tl. Flutningsmiðlurum skal jafnframt heimilt að annast endursendingu án þess að setja sérstaka tryggingu hverju sinni ef þeir setja í samráði við viðkomandi tollstjóra heildartryggingu sem ætlað er að standa tiltekið tímabil.

3. Tollgæslan staðfesti skriflega skoðun vöru og umbúða svo og flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar. Ef vara er eigi þegar að skoðun lokinni flutt um borð í útflutningsfar skal innsiglun hennar staðfest af tollgæslu. Við síðari flutning hennar undir tolleftirliti um borð í útflutningsfar skal tollgæsla staðfesta að innsigli hafi reynst heil og órofin.
4. Farmflytjandi staðfesti skriflega útflutning vörunnar og láti fylgja til staðfestingar afrit af útflutningsfarmskírteini ásamt hleðslukvittun.
5. Framangreind staðfestingargögn séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför þess flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda, enda skal þá gerð upp fjártrygging sem sett var samkvæmt 2. tl. Séu framangreind staðfestingargögn eigi afhent viðkomandi tollyfirvaldi innan hins tilskilda frests má m. a. taka setta tryggingu upp í áfallin og ógreidd gjöld eða stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi sem hún var í er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu, viðurkenning (kvittun) viðskiptabanka um gjaldeyrisskil sé lögð fram og fullnægt sé að öðru leyti þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1., 3. og 4. tl. 1. gr.

Endurgreiðsla samkvæmt þessari grein er jafnframt bundin því skilyrði að staðfestingargögn skv. 1., 3. og 4. tl. 1. gr. séu afhent viðkomandi tollstjóra innan mánaðar frá brottför flutningsfars sem flutti vöruna til útlanda.

3. gr.

Heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum og vélahlutum sem reynast gallaðir, enda hafi gallar komið fram við notkun og ekki fyrr verið hægt að ganga úr skugga um þá.

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda skv. 1. mgr. skal því aðeins heimil að fullnægt sé skilyrðum 2. gr. eftir því sem við getur átt auk þess sem lögð sé fram viðurkenning seljanda um að hann taki vöruna aftur vegna framkominna galla.

4. gr.

Auk þeirra skilyrða sem sett eru samkvæmt 1.—3. gr. skulu þeir sem endursenda vörur, eftir því sem við á, uppfylla almenn skilyrði um útflutning skv. ákvæðum VIII. kafla laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tilleftirlit með áorðnum breytingum.

II. KAFLI

Um eyðileggingu, skemmdir eða rýrnun.

5. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af vörum sem hafa eyðilagst, skemmst eða rýrnað, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Vörurnar hafi eyðilagst, skemmst eða rýrnað á leið hingað til lands, við affermingu eða við geymslu í vörslu tollgæslunnar, viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda eða í tollvörugeymslum.
2. Vörunum sé framvísað fyrir tollgæslumanni, sem gerð sé grein fyrir eyðileggingu, skemmdum eða rýrnun þeirra áður en þær eru fluttar úr nefndum geymslum.
   Sé um að ræða vörur sem verulegum vandkvæðum er bundið að skoða í framangreindum geymslum má skoðun þó fara fram heima hjá innflytjanda, enda fylgist tollgæslumaður með heimflutningi og að skoðun sé framkvæmd strax að honum loknum.
3. Sé um algera eyðileggingu að ræða skal vörunum fleygt undir tolleftirliti.

6. gr.

Beiðni um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda skv. 5. gr., svo og eyðileggingu ef við á, skal fylgja skýrsla tollgæslumanna svo og matsgerð vátryggjanda eða umboðsmanns hans ef um hana er að ræða.

III. KAFLI

Um vöntun.

7. gr.

Heimilt er að lækka, fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld ef fram kemur vöntun á vörusendingu í heild eða að hluta, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Ef um sýnilega vöntun er að ræða skal sýnt fram á að gætt hafi verið ákvæða 42. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þ. e. farmflytjandi hafi afhent tollyfirvaldi skrá um vöntunina innan 16 daga frá komu flutningsfars til landsins. Skrá um vöntun skal vera staðfest af tollgæslunni. Með sýnilegri vöntun er átt við að vörusending hafi annað hvort ekki komið fram við affermingu eða ekki verið sjáanlegt þá af ytri umbúðum að um vöntun hafi verið að ræða.

   Hafi vara verið flutt undir innsigli tollgæslunnar milli geymslustaða má taka tillit til vöntunar, enda hafi varan verið sett undir innsigli innan nefndra tímamarka. Vöntun skal staðreynd í viðvist tollgæslumanns, þegar innsigli er rofið.
2. Sé vöntun ekki sýnileg má taka hana til greina, án tillits til skilafrests skv. 1. tl. Skal sýnt fram á með fullnægjandi gögnum að mati tollyfirvalds að varan hafi horfið erlendis, t. d. með skriflegri staðfestingu sendanda ásamt viðurkenningu banka um lækkun eða niðurfellingu hinnar erlendu kröfu.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrir hverja vörusendingu, sem endursend er til útlanda eða eyðilögð, skal greiða tollskoðunargjald.

9. gr.

Tollmeðferð samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar skal fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars til landsins en innan þriggja ára hafi vara verið sett í tollvörugeymslu. Tollstjóri getur heimilað lengri frest ef um er að ræða varahluti í atvinnutæki sem geymdir eru í tollvörugeymslu.

Þrátt fyrir að frestur skv. 1. mgr. sé liðinn skal fallist á beiðni um tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari, enda séu þegar hafnar uppboðsaðgerðir því eigi til fyrirstöðu og viðkomandi greiði allan áfallin kostnað, þ. m. t. uppboðskostnað.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 360 8. ágúst 1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265/1984 um skuldbreytingarlán úr Fiskveiðasjóði Íslands.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Afgreiðslu skuldbreytingarlána samkvæmt reglugerð þessari skal lokið fyrir 1. janúar 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44/1976, sbr. l. nr. 40/1984 um breyting á lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftibreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. desember 1984.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 465 5. desember

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður verða bannaðar við Fífusel, húsagötu Flúðasels, Fljótasel og Fjarðarsel.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. þ. m.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. desember 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 466 30. nóvember 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Vopnafjarðarkauptúns.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Stjórnartíðindi B 50—51, nr. 454—466. Útgáfudagur 14. desember 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 — 1984

14. desember 1984 741 Nr. 467

REGLUGERÐ

um verðlagningu félagslegra íbúða, sem byggðar voru fyrir 1. júlí 1980.

1. gr.

Þegar stjórn verkamannabústaða hefur samþykkt að neyta forkaupsréttar að íbúð samkv. 62. gr. l. 60/1984 skal hún sjá um að útreikningur á greiðslu til seljanda verði gerður samkv. 63. gr. sömu laga og reglugerð þessari.

2. gr.

Upphaf eignarhaldstíma seljanda miðast við afhendingu íbúðar til hans, dagsetningu afsals eða kaupsamnings, eftir því hvað eðlilegast verður talið í hverju tilviki.

Vextir, 1% einfaldir ársvextir, reiknast af stofnframlagi seljanda fyrir hvert heilt eignarhaldsár.

Hlutföll upphaflegra lána, þ. e. 1/26, 1/33 og 1/42, reiknast fyrir jafnmörg ár og seljandi hefur átt íbúðina ásamt 1% einföldum ársvöxtum frá hverju greiðsluári. Hluta úr ári skal sleppt. Lánshlutföll reiknast þó eigi fyrir þau ár eignarhaldstímans, sem eru umfram lánstímann.

Verðbætur á stofnframlag seljanda ásamt vöxtum reiknast frá upphafi eignarhalds til söludags. Skulu þær miðast við byggingarvísitölu þar til birting lánskjaravísitölu hófst hinn 1. júní 1979. Eftir þann tíma skal reikna verðbætur eftir lánskjaravísitölu.

Verðbætur á hlutföll upphaflegra lána ásamt vöxtum reiknast frá þeirri vísitölu sem var í gildi, þegar eitt ár, tvö ár, þrjú ár o. s. frv. voru liðin af eignarhaldstímanum.

Fyrning, ½% fyrir hvert heilt ár eignarhalds, reiknast af upphaflegu kaupverði íbúðar eins og það er framreiknað með verðbótum frá upphafi eignarhalds til söludags.

3. gr.

Þrátt fyrir framangreindar reglur 2. gr. skal seljandi íbúðar ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma, ásamt reglum um 0,5%—1% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 1. júlí 1984.

Stjórn verkamannabústaða tekur að sér að greiða áhvílandi eftirstöðvar upphaflegra stofnlána miðað við að lánin séu í skilum. Áfallna vexti frá síðasta gjalddaga til söludags greiðir seljandi. Önnur lán eða veðbönd, sem hvíla á íbúðinni, skal seljandi leysa af við sölu.

B 95

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Framangreindar verðlagningarreglur gilda einnig þegar íbúð, sem verðleggja ber eftir 1. málsgrein. 63. greinar l. nr. 60/1984, er seld á nauðungaruppboði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 468 12. desember 1984

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 536 31. ágúst 1982.

1. gr.

9. töluliður í staflið B í 36. gr. fellur niður.

2. gr.

2. málsliður 2. mgr. 47. greinar orðist svo:
Auk þess fer ráðið með barnaverndunarmál.

Breyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi að loknum næstu bæjarstjórnarkosningum.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1984

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
a) Umsóknargjald	1 100,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	4 300,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	250,00
d) Forgangsréttarskjal	450,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	350,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	250,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	450,00

3. gr.

	Kr.
Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984	8 000,00

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	Kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	3 500,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	13 500,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	27 000,00

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 788, 16. desember 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	Kr.
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	1 900,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	450,00

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	1 900,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	450,00

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	
a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	3 200,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	450,00

4. gr.

Önnur gjöld eru:	
a) Innritun í vörumerkjaskrá	350,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	250,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	250,00
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	350,00

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15 maí 1984 ..... 8 000,00

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki sbr. lög nr. 31/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 789, 16. desember 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endurseldar eru til útlanda.

1. gr.

Heimilt er að falla frá innheimtu aðflutningsgjalda af ótollafgreiddum vörum svo og endurgreiða aðflutningsgjöld af þegar tollafgreiddum vörum sem endurseldar eru til útlanda.

2. gr.

Eftirtalin skilyrði eru sett fyrir því að heimild skv. 1. gr. verði beitt:

1. Varan sé ónotuð.
2. Endurútflutningur eigi sér stað innan árs frá komu flutningsfars til landsins, en innan þriggja ára sé varan geymd í tollvörugeymslu. Tollstjóri getur heimilað lengri frest ef um er að ræða varahluti í atvinnutæki sem geymdir eru í tollvörugeymslu.
3. Lögð sé fram hjá viðkomandi tollstjóra skrifleg beiðni um niðurfellingu eða eftir atvikum endurgreiðslu aðflutningsgjalda innan sex mánaða frá brottför þess flutningsfars er flutti hina endurseldu vöru úr landi.
4. Sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að viðkomandi vara hafi verið seld úr landi.
5. Endurgreiðslufjárhæð nemi minnst 5 000 kr. eða 160 SDR einingum.

3. gr.

Beiðni skv. 2. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Samrit/afrit aðflutningsskjala þeirrar vöru er beiðni lýtur að, s. s. aðflutningsskýrslu, vörureiknings og farmbréfs.
2. Samrit/afrit útflutningsskýrslu með staðfestingu tollgæslunnar um magn hinnar endurútfluttu vöru.
3. Samrit/afrit útflutningsfarmskírteinis eða -fylgibréfs yfir útflutningsvöruna.
4. Listi er tilgreini tegund, tölu og magn hinnar endurútfluttu vöru, svo og útflutningsfar og brottfarardag ásamt staðfestingu gjaldeyriseftirlits (t. d. á vörureikningi) um skil á andvirði hins selda í erlendum gjaldeyri.
5. Útflutningsleyfi, ef um það er að ræða.

4. gr.

Hvers konar aðvinnsla hinnar endurseldu vöru er óheimil hér á landi að undanskilinni umpökkun eða skiptingu einstakra vörusendinga.

5. gr.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast tollmeðferð samkvæmt reglugerð þessari.
Fyrir hverja vörusendingu, sem endurseld er til útlanda, skal greiða tollskoðunargjald.

6. gr.

Tollyfirvöld skulu jafnan hafa heimild til að láta fyrirvaralaust rannsaka vörubirgðir umsækjanda, bókhald hans og önnur göng er varða innflutning og endurútflutning hans á vörum.

7. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum reglugerðar

þessarar, svo og önnur misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum hennar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 46 30. maí 1984 um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1984.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akraneskaupstað

Nr. 472 4. desember 1984

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætlað er til almenningsafnota, s. s. leikvelli, sölutorg, bryggjur, íþróttavelli, útivistarsvæði o. s. frv.

Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þ. á m. við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að halda uppi röð og reglu.

3. gr.

Skipulagðar skrúðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýða fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili eða annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur. Viðstadda eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr að glugga húsa né heldur hringja dyrabjöllu, hringa í dyrasíma eða hafast neitt að sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

Bannað er að hafast að nokkuð það sem raskar næturró manna að óþörfu.

6. gr.

Á götum og vegum, eða þar sem hætta stafar af, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða,- sleða- eða rennibrautir á alfaravegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp. Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka nema á sérstökum æfingasvæðum sem séu rækilega merkt og lögreglustjóri hafi samþykkt þau.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði er sérstaklega stendur á, s. s. um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

8. gr.

Bannað er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri s. s. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eðe gera þarfir sínar á hneykslanlegan hlátt.

Lögreglustjóra er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni, s. s. olíuskip.

9. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir sterkum áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri, skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt heppilegt eða nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsiábyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagafyrirmælum.

10. gr.

Óheimilt er að villa á sér heimildir og er hver sá, sem er staddur á almannafæri, skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til getur lögregla krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, eftir almennum reglum.

12. gr.

Enginn má, nema brýna nauðsyn beri til, taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra og tæknideildar bæjarins.

II. KAFLI

Sala utan sölubúða, öryggi vegfarenda, frágangur bygginga og byggingasvæða.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein. Blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða o. þ. h. má selja á almannafæri. Þó getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað slíka sölu ef ástæða þykir til. Lögreglustjóri getur veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss, til farandsölu og til starfrækslu á útimörkuðum að uppfylltum skilyrðum um verslunaratvinnu og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrir berast á húsalóðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húsalóðir né heldur fara inn í hýbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi.

Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa og ganga frá vettvangi.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akbrautum, torgum eða gangstéttum nema þar sem það er sérstaklega heimilað.

Á alfaravegi má ekki, nema leyfi lögreglustjóra komi til, vinna neina vinnu sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega.

16. gr.

Húsráðendur eða umráðamenn húseigna skulu hreinsa snjó og klaka af tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum eins og kostur er svo og hreinsa snjó af húsþökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlýta fyrirmælum lögreglu um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að það tálmar útsýni við gatnamót.

17. gr.

Eigi má hengja sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar.

Leyfi byggingarnefndar og umferðarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar á almannafæri eða ef þær sjást þaðan. Hæð undir

gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt, skal minnst vera 2.70m.

Uppfestar auglýsingar skal hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því eigi sinnt geta bæjaryfirvöld fjarlægt þær á kostnað auglýsenda.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

18. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kaupstaðarins eða alfaravegi hvar sem er né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi löglegu og hlutaðeigandi yfirvalda, s. s. tæknideildar bæjarins, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma.

Skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé að. Þá skal því, sem raskað var, aftur komið í samt lag og því haldið við í eitt ár.

Dragist frágangur úr hófi geta bæjaryfirvöld eða lögreglustjóri eða báðir aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að vinna. Til tryggingar því, að skilmálum ofangreinds leyfis verði fullnægt, geta bæjaryfirvöld krafist bankatryggingar.

Þeir sem stjórna verki skulu ætíð gæta þess að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða endurskinsmerkjum. Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og pósti og síma.

Að öðru leyti geta bæjaryfirvöld og lögreglustjóri gert ráðstafanir, er þurfa þykja, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

19. gr.

Þegar hús er byggt, því breytt eða það rifið að fengnu leyfi byggingarnefndar og húsið eða einhver hluti þess liggur að almannafæri er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjórinn setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, möl, grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt að geyma á svæði sem er innan 15 m frá brunahana.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

20. gr.

Nú er ástand húss eða mannvirkis, þ. á m. steinveggja eða annarra girðinga, svo hrörlegt að hætta er á að það hrynji eða hætta geti stafað af á annan hátt. Getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað notkun þess, gert eigendum að rífa það eða endurbæta svo sem þörf gerist innan tiltekins tíma. Að öðrum kosti mega bæjaryfirvöld láta vinna verkið á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

21. gr.

Vinnupalla sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra, Slíkir vinnupallar skulu fjárlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða á húsum, við málun, gluggaþvott eða þ. h., skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Við húsbyggingar og aðrar þess háttar framkvæmdir skal þess gætt að endi á steypustyrktarjárni standi ekki upp í loftið þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Beygja skal járnin niður eða byrgja.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess er verkið vinnur eða annast eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

III. KAFLI

Um umferð bifreiða, bifhjól o. fl.

22. gr.

Fasta afgreiðslu fólksflutningabifreiða, leigubifreiða og vöruflutningabifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota að fengnum tillögum lögreglustjóra.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi í óákveðinn tíma eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfi þeim skilyrðum er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef ástæður breytast verulega að hennar dómi getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð telst hættuleg eða er til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Einnig getur lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

23. gr.

Bifreiðastjórum er algjörlega bannað að nota flautur bifreiða sinna að ástæðulausu. Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða á annan hátt, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber að sjá um að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með neinum hávaða er valdi ónæði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað eða för þess flýtt skyndilega, að af stafi óeðlilegur hávaði.

24. gr.

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, tankabifreiðum, sorpbifreiðum, sendiferða- eða fólksflutningabifreiðum sem eru 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðarhverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slysahættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa. Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum. Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum er háð leyfi lögreglu. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkt á kostnað eiganda. Bæjarstjórn getur ákveðið í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar mega standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þær.

25. gr.

Allur akstur á bifreiðum og bifhjólum er óheimill utan vega eða vegaslóða þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur bifhjóla er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, í skrúðgörðum og á öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum útivistarsvæðum.

Að öðru leyti gilda um umferð ákvæði umferðarlaga, þar á meðal ákvæði um hámarkshraða ökutækja.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

26. gr.

Mannvirki og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má skemma girðingar sem eru við almannafæri, klifra yfir þær eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

27. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum, má enginn rífa upp, færa burtu, spilla, eða saurga á nokkurn hátt. Skepnum má eigi beita eða sleppa í kirkjugarðinum.

V. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

28. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita álits bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð að lögreglumenn og eða slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum samkomutímann og er leyfishafa skylt að hlýta fyrirmælum þeirra til að halda uppi góðri reglu, velsæmi og hreinlæti. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. öðrum reglum. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti sem því verður við komið.

29. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að halda uppi góðri reglu og velsæmi. Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegt hámark og að loftræsting og hreinlæti séu í góðu lagi.

30. gr.

Allir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23:30—06:00 og allir gestir, sem eigi hafa þar gistingu, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er ef þeir fá gistingu á veitingastaðnum eftir lokunartíma. Að fengnu leyfi lögreglustjóra er heimilt að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma eða til kl. 01:00 en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00.

Allir staðir, þar sem rekin er veitingasala, spilakassar, knattborð, leiktæki og því líkt og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingar, rekstur spilakassa, knattborða og annarra leiktækja.

Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

31. gr.

Kvikmyndahús má starfrækja í bænum að fengnu leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar með þeim skilyrðum sem bæjarstjórn setur um aðstöðu gesta og aðbúnað. Bæjarstjórn ákveður gjald er renni í bæjarsjóð fyrir leyfið annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

32. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Slíkt leyfi má einungis veita þeim sem hefur veitingaleyfi skv. l. nr. 53/1963. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Það skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði er hann hefur þegar leyfið er veitt. Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Knattborð, spilakassa eða leiktæki má reka frá kl. 09:00—23:30. Þó getur lögreglustjóri heimilað rekstur þeirra meðan veitingastaðurinn er opinn. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Börnum innan 15 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum nema í fylgd með forráðamönnum. Miða skal aldur við fæðingarár en ekki fæðingardag.

VI. KAFLI

Um útivistartíma barna og unglinga o. fl.

33. gr.

Um útivistartíma barna skal fara eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

34. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur að dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20:00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Eftir kl. 20:00 er ungmennum yngri en 18 ára óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga til lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða forráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér félagsmálaráð ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar þannig stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri.

35. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir sem að dómi félagsmálaráðs eru siðspillandi. Gildir þetta um ljósmyndir, veggaug-

lýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða félagsmálaráð bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðinn aldur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

36. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnabrak, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér með talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

37. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum.

Ef einhvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar að auk skjólborða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins þegar flutt eru efni eða varningur sem hætt er við að hrynji úr.

38. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a. m. k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi hvar sem er innan bæjarlandsins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllu rusli áður en staður er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi lögreglustjóra.

40. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí.

41. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er húseigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi né öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist út af lóð hans.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ eða þ. u. l. á lóðum þannig að það snúi að almannafæri.

Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar eða önnur ökutæki á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum eða sérstakri áskorun sé vitneskja um eiganda.

Þó skulu bæjaryfirvöld bera ábyrgð á vörslu á ofangreindum tækjum og eignum í allt að 7 daga. Tilkynna skal eiganda um töku eignanna og vörslustað og skal hann vitja þeirra innan framangreinds tíma. Ella er bæjaryfirvöldum heimilt að selja ofangreindar eignir fyrir kostnaði eða farga þeim.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að hreinsa lóðir á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum, sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur.

Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

VIII. KAFLI

Um hundahald.

42. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

43. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að tvo sólarhringa, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan tveggja sólarhringa frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

44. gr.

Hunda, sem ráðast á menn og skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, tekur ákvörðun um hvernig með skuli fara og má hann ákveða afturköllun leyfis eða aflífun hunds.

IX. KAFLI

Um búfjárhald og fleira.

45. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, loðdýra og alifugla) er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

46. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

47. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörlsum þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

48. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

49. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

50. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu sektir renna í ríkissjóð. Hagnað af broti, sem enginn á löglegt tilkall til, má gera upptækan í ríkissjóð.

51. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað, nr. 57 21. mars 1963.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Akraneskaupstað.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, loðdýra og alifugla) er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem bæjarstjórn hefur tiltekið í leyfi sínu. Forðagæslumenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.

b) Bæjarstjórn getur ákveðið, að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins, og skal hún miðuð við, að bæjarsjóður beri ekki kostnað af búfjárhaldi í kaupstaðnum. Þar að auki skulu búfjáreigendur standa straum af öllum kostnaði, sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna búfjárins.

c) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.

d) Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.

e) Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, fellur undanþáguleyfið úr gildi, og ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því.

2. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur bæjarstjórn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé, girða innan marka bæjarins né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Þó skal bæjarstjórn láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis þéttbýlishverfi kaupstaðarins og halda henni við.

3. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaður ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til búfjárhalds er bæjarstjórn heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki skipast við undangengna aðvörun. Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi, eitt eða fleiri, telji hún þess þörf.

5. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan þann kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

4. desember 1984 Nr. 474

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við vegi og svæði, sem almenningur fer um og ætluð eru til almenningsafnota. Um samkomuhús og opinberar stofnanir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri í því skyni að sinna lögmætum erindum, skal raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu, og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að viðhalda góðri reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópgöngur, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópgöngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugðum gönguleiðum, og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða annars konar háttalag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu. Óheimilt er að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt, að það valdi ónæði og truflun. Í kirkjugörðum ber að virða grafarhelgi í hvívetna og fara þar hljóðlega um.

5. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að hann misbjóði almennu velsæmi.

6. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

7. gr.

Á götum bæjarins eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum eða skautum eða vera að leikjum, þannig að truflað geti umferð eða valdið hættu. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um göturnar. Bannað er að kasta snjókúlum, grjóti eða öðru, ef það veldur óþægindum eða tjóni.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum innan marka kaupstaðarins nema á tilteknum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri heimilar, eða með sérstöku samþykki hans hverju sinni. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

10. gr.

Í kaupstaðnum má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum né bera þar logandi blys eða kyndla nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né þar, sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður eða samþykktir.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa í þágu réttarvörslu. Lögreglu er heimilt að vísa hverjum þeim brott af almannafæri, sem brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar um reglu og velsæmi. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, orkuveitu, slökkviliðs eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almannavarna, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra. Þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár og aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi umfram það, sem nauðsynlegt kann að vera vegna verklegra framkvæmda eða vöruflutninga. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja slíkar tálmanir á kostnað eigenda. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglu-

stjóra, hvar á vegum bifreiðar og vinnuvélar megi standa og getur sett reglur um notkun stöðureita og ákveðið gjald fyrir þá. Þá er lögreglustjóra heimilt að láta fjarlægja á kostnað eigenda ökutæki, er standa án skráningarnúmera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða opnum svæðum.

15. gr.

Á almannafæri má ekki leggja né setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa.

16. gr.

Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan leitast við að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu fyrir vegfarendur. Þakrennum og frárennslum frá þeim skal jafnan haldið þannig við, að ekki stafi af þeim hætta né vatnsrennsli eða önnur óþægindi. Gangstígum fyrir framan hús og að húsum skulu húseigendur og umráðamenn einnig leitast við að halda þrifalegum og fjarlægja svo sem kostur er snjóbreiður, svellbunka eða annað það, er vegfarendum getur stafað hætta eða óþægindi af.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætta er við því, að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað notkun hússins og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur og aðra. Hinu sama gegnir, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri nokkru því, sem er til óþrifa eða getur valdið vegfarendum hættu. Umráðamenn og eigendur lóða eða lendna skulu gæta þess, að á þeim safnist eigi fyrir neitt það, sem fokið getur og valdið tjóni eða er til óþrifnaðar eða lýta fyrir umhverfið. Eigi má hafa á opnum svæðum óbyrgða brunna, safnþrær, skúra eða forir, sem börnum eða öðrum vegfarendum getur stafað hætta af.

III. KAFLI

Um umferð

19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð.

Hámarkshraði bifreiða og bifhjóla í kaupstaðnum skal vera 35 km miðað við klukkustund með eftirfarandi undantekningum:

a) Ökuhraði á Hnífsdalsvegi frá grindahliði að Túngötu má vera 45 km á klukkustund. Frá grindarhliði að Leiti í Hnífsdal má ökuhraði vera 70 km á klukkustund og aftur frá Heimabæjarvör.
b) Ökuhraði á Skutulsfjarðarbraut að Menntaskólanum á Ísafirði má vera 60 km á klukkustund og 45 km á klukkustund þaðan að Hafnarstræti.

20. gr.

Þeir sem flytja vörur um götur bæjarins skulu gæta þess að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningum ræður, hreinsa það upp þegar í stað.

21. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Þá getur lögreglustjóri og takmarkað umferð bifreiða innanbæjar að næturlagi.

IV. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og auglýsingar.

22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld til að tákna húsaröð, og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

24. gr.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utan á hús. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brottnám þess háttar muna, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar, krota í þær eða skemma á annan hátt.

V. KAFLI

Um umgengni og friðun almenningseigna.

26. gr.

Umráðamönnum lóða, lendna og athafnasvæða, bæði einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana, er skylt að gæta þess jafnan, að þeim sé haldið hreinum og þrifalegum.

Úr vanrækslu í þessum efnum getur bæjarstjórn látið bæta á kostnað þess, er ábyrgð ber á því svæði, sem um er að ræða.

27. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, sem valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óprýði á lóðir eða opin svæði né heldur í höfnina eða svo nærri landi, að það berist á fjörur. Innan bæjarins má ekki kveikja í rusli eða sorpi nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

28. gr.

Bannað er að eyða eða spilla gróðri í almenningsgörðum og á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra er veitt getur leyfi á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí.

29. gr.

Mannvirki, girðingar og hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

VI. KAFLI
Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

30. gr.

Allir veitingastaðir og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn.

Veitinga- og greiðasölu má einungis hafa um hönd í húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar og bæjarstjórn hefur samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

31. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessu efni, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að gefinni viðvörun.

32. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi, og háðar eru sérstöku eftirliti. Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

33. gr.

Öllum veitinga- og gististöðum skal lokað eigi síðar en kl. 23.30, og skal að minnsta kosti vera lokað fram til kl. 06.00 að morgni. Allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu vera á brott innan hálfrar stundar frá því, að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess, að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til kl. 23.30.

34. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn og er óframseljanlegt. Það skal bundi við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfi er veitt. Leyfi má einungis veita í því húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum skal einungis heimill frá kl. 15.00 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrra degi stórhátíða þjóðkirkjunnar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágur frá ákvæðum um opnunartíma.

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar um aldursmörk varðar sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn þeim eða reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

35. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds í bæjarsjóð, og tiltekur bæjarstjórn þá fjárhæð þess.

36. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtanir eða aðrar samkomur, skal sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu, sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

37. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfninni, ef sérstök ástæða þykir til.

38. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Um hundahald.

39. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

40. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 7 daga, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

41. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, bæjarstjóri og dýralæknir taka ákvörðun um það í sameiningu, hvernig með skulu fara, og mega þeir ákveða afturköllun leyfis eða aflífun hunds.

IX. KAFLI

Um búfjárhald og fleira.

42. gr.

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar.

43. gr.

Ef búfé gengur laust í kaupstaðnum, skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk bæjarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum bæjarins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

44. gr.

Sé búfé haldið án heimildar skal búfjáreigandi sviptur vörslum þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan þann kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

45. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

X. KAFLI

Um gildi samþykktarinnar, refsingar og kostnað.

46. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir er í kaupstaðnum.

47. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á þessari samþykkt, skal farið að hætti opinberra mála.

48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

49. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem af þessu leiðir vegna þeirra ráðstafana, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af viðkomandi eða ef hann er ekki fær um það úr ríkissjóði.

50. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 12 24. janúar 1949 og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykkt fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 26,45.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	Kr.
a) fyrir mæla til og með ¾″	136,10
b) fyrir mæla 1″ og stærri	303,50

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 194,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m^3 (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 600 kr.	63 500,00
600—2 000 kr.	63 500,00 fyrir 600 m^3 + 43,40 kr/m^3 þar yfir
Meira en 2 000 kr.	124 500,00 fyrir 2 000 m^3 + 37,50 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 000,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirrætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 290,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 340, 23. júlí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli ..... kr. 760,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli ..... kr. 38,00
pr. tonn.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 140,00
b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... kr. 280,00
c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... kr. 560,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m^3)		Heimæðargjald	
Allt að	400	43 700,00	
400—	2000	43 700,00	fyrir 400m^3 + 35,20 kr/m^3 þar yfir
2000—	6000	100 000,00	fyrir 2 000m^3 + 30,10 kr/m^3 þar yfir
6000—	10000	220 200,00	fyrir 16 000m^3 + 26,20 kr/m^3 þar yfir
Meira en	10000	325 500,00	fyrir 10 000m^3 + 22,80 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 300,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur ..... kr. 280,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 309, 20. júní 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Njarðvíkur.

1. gr.

Af hverri fasteign, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar.

Álagningarstofn vatnsskattsins skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,20% af framangreindu mati.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Af vatnsmælum greiðist stofngjald kr. 1.500 og fastagjald kr. 500 á ári.

3. gr.

Öll framtalin gjöld, nema vatnsskattur, eru miðuð við byggingarvísitölu 1. okt. 1984, 168 stig og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. okt. ár hvert.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framtalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 árin eftir gjalddaga þess með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu vatnsskatta fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Njarðvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytini öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Njarðvíkur nr. 93 14. febrúar 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:	Kr.
1. Áfrýjunarleyfi	660
2. Nóvaleyfi	660
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	330
4. Lögskilnaðarleyfi	660
5. Ættleiðingarleyfi	330
6. Leyfisbréf til heildsölu	32 250
7. Leyfisbréf til umboðssölu	16 200
8. Leyfisbréf til smásölu	7 950
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	6 600
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	330
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	6 600
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	3 300
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	2 330
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	330
15. Leyfi til tækifærisveitinga	360
16. a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur	8 400
b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	14 400
c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tvegga ára	28 050
17. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	370
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	50
18. Iðju- og iðnaðarleyfi	3 300
19. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	4 800
20. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	930
21. Leyfi til að stunda almennar lækningar	930
22. Leyfi til að stunda sérlækningar	4 800
23. Leyfi til að stunda tannlækningar	930
24. Sérfræðileyfi til tannlækninga	4 800
25. Leyfi til fasteignasölu	1 600
26. Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa	180
27. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	90
28. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	330
29. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum	330
30. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	4 800
31. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	1 600
32. Endurnýjun á söluleyfi skv. 33. tl.	330
33. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	330
34. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	90
35. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	660

		Kr.
36.	Leyfi til þorskfisknetaveiða:	
	a) Frá 1. janúar til 15. maí	1 880
	b) Frá 15. maí til 20. desember	630
37.	Leyfi til dragnótaveiða	1 880
38.	Leyfi til humarveiða	1 880
39.	Leyfi til rækjuveiða innan fjarða	1 880
40.	Leyfi til úthafsrækjuveiða	1 880
41.	Leyfi til skelveiða	1 880
42.	Leyfi til loðnuveiða skv. reglugerð	1 880
43.	Leyfi til síldveiða:	
	a) Í hringnót	1 880
	b) Í reknet	1 880
	c) Í lagnet	630
44.	Leyfi til grásleppuveiða	630
45.	Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða	1 880
46.	Leyfi til hrefnuveiða	1 880
47.	Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða	630
48.	Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu	32 250
49.	Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	330

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	330
2.	Vegabréf til útlanda fyrir aðra	180
3.	Ökuskírteini bifreiðastjóra	180
4.	Skírteini til aksturs bifhjóls	180
5.	Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar	330
6.	Ökuskírteini, alþjóðlegt	330
7.	Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	330
8.	Meistarabréf	1 600
9.	Sveinsbréf	330
10.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml. hvert skírteini	180
11.	Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml. hvert skírteini	510
12.	Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini	660
13.	Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini	180
14.	Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini	330
15.	Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini	510
16.	Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini	660
17.	Flugnema- og svifflugmannsskírteini	180
18.	Einkaflugmannsskírteini	330
19.	Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl.	510
20.	Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl.	940
21.	Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl.	1 600
22.	Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini	940

	Kr.
23. Skírteini til kvikmyndasýninga	
a) staðbundin skírteini	180
b) sveinsskírteini	180
c) meistaraskírteini	330
24. Naglabyssuskírteini	180
25. Skírteini fyrir suðumenn	180

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Skráning samvinnufélags	2 330
2. Skráning útibús	1 200
3. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	1 560
4. Skráning firma eins manns	940
5. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	1 600
6. Skráning breytinga á eldri skráningu	2(
7. Tilkynning um prókúru, sérstök	260
8. Afturköllun prókúru	180
9. Skráning bifreiðar, nýskráning	1 110
10. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	560
11. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	1 110
12. Skráning eigendaskipta að bifreið	560
13. Skráning bifhjóls, nýskráning	560
14. Skráning bifhjóls, umskráning	280
15. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	280
16. Skráning og umskráning létts bifhjóls	280
17. Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli	280
18. Skráning og umskráning beltabifhjóls	280
19. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	280
20. Skráning og umskráning dráttarvélar	280
21. Skráning eigandaskipta að dráttarvél	280
22. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	560
23. Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum	560
24. Skráning loftfars til atvinnuflugs	1 700
25. Skráning loftfars til einkaflugs	700
26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	700
27. Skráning kaupmála	330

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 90 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 580 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 800 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 9,50 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 11 kr. af hverri nettórúmlest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

	Kr.
1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.	1 600
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.)	330

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða	260
2. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar	180
3. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann	180
4. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð)	45
5. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna	60
6. Fyrir veðbókarvottorð	90
7. Fyrir önnur embættisvottorð	60
8. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann	25

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu	25
Hluti úr síðu telst heil síða.	
Lægstu ritlaun eru	60

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 6,80 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1984. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 796/ 1983 og reglugerð nr. 235/1984.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson

Lárus Ögmundsson.

20. desember 1984 Nr. 479

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 240,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 100,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 804 29. desember 1983 um skoðunargjald ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1985.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1985. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,4% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1984.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1985 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1983 og 1984, að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1984 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1983 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 50%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1985 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson

Lárus Ögmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Úr upptalningu tollskrárnúmera í A lið 2. gr. reglugerðarinnar falli brott tilvísanir við tollskrárnúmerin 07.02.00 og 20.02.09 í neðanmálsgreinar, þannig að kartöflur, soðnar, frystar eða tilreiddar verði framvegis gjaldskyldar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum öðlast gildi frá og með 1. janúar 1985.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

19. desember 1984 Nr. 482

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 4 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 1 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 3 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 4 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 1 000 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 2 000 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

	Áfengi, ekki yfir 47% styrkleika	Áfengi, undir 21% styrkleika	Öl	Tóbak
1. Ferðamenn	1,0 l	1,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	1,0 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	1,5 l	3,0 l	Ekkert	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
eða	1,5 l	Ekkert	24 l (erlent) eða 32 l (innlent)	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
3. Skipverjar á erlendum skipum og íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0,75 l	1,5 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	0,75 l	Ekkert	12 l (erlent) eða 16 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
4. Flugáhafnir (þ. m. t. aukaáhafnir)	0,375 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	0,375 l	0,75 l	Ekkert	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
5. Flugáhafnir, aðrar (þ. m. t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útivist en 20 daga	1,0 l	0,75 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast með vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir skv. 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Ekki er þó heimilt að veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eigandi skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhring.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollívilnunar hvers ferðamanns skv. 1. mgr. 1. gr. Tollívilnun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti munarins sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Radíósendar, talstöðvar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
5. Lifandi dýr.
6. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t. d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
7. Smjör, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.
8. Ósoðin mjólk.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi, sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

	kr./l
A. Áfengi:	
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	160
2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar undir 21% styrkl.	250
3. Vermút og aperitívar, þ. m. t. bitterar	400
4. Íslenskar áfengistegundir	550
5. Koníak, brandy whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar (ót. a.), svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a.	850

B. Tóbak:		
1. Reyktóbak		630 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar		500 kr./200 stk.
3. Smávindlar		70 kr./10 stk.
Meðalstærð		300 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir		350 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX.kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Þó öðlast ákvæði 4. mgr. 7. gr. ekki gildi fyrr en 1. maí 1985. Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 313 13. maí 1983 og reglugerðir nr. 594 8. ágúst 1983, nr. 811 23. desember 1983 og nr. 170 30. mars 1984 um breytingar á henni.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

		Kr.
A.	Fyrir héraðsdómi:	
	1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	40,00
	2. Gjald fyrir þingfestingu	300,00
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	60,00
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	100,00
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	100,00
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	80,00
	7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	360,00
	8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	725,00
B.	Fyrir Hæstarétti:	
	1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	60,00
	2. Gjald fyrir þingfestingu	480,00
	3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	100,00
	4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	125,00
	5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	125,00
	6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	100,00
	7. Útivistargjald	480,00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Kyrrsetning á manni	360,00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjald fyrir það vera eftir 2. gr. aukatekjulaga:	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	360,00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	360,00
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	360,00
Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.	

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 125,00 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 125,00 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 360,00 kr. fyrir árangurslaust uppboð.
3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 360,00 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 250,00 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 250,00 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 110,00 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 150,00 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	125,00
2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrá	190,00
3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	125,00
4. Dráttur í happdrætti	480,00
5. Úrdráttur skuldabréfa	250,00

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:	Kr.
1. Almennt bifreiðastjórapróf	400,00
2. Próf í akstri bifhjóla	300,00
3. Próf í akstri léttra bifhjóla	100,00
4. Próf í akstri dráttarvéla	200,00
5. Ökukennarapróf	1 500,00

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:	Kr.
1. Leyfi til að stýra léttu bifhjóli	100,00
2. Leyfi til að stýra dráttarvél	100,00
3. Löggilding ökukennara	300,00

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 1 200,00 kr.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 1 800,00 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 125,00 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13.maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:	Kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	250,00
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	125,00
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	80,00

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 802 28. desember 1983 um dómsmálagjöld o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 484 30. nóvember 1984

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Sauðárkróks og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	29 450	3000—3199	39 550
2000—2199	31 130	3200—3399	41 230
2200—2399	32 820	3400—3599	42 915
2400—2599	34 580	3600—3799	44 600
2600—2799	36 180	3800—3999	46 285
2800—2999	37 860		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
allt að 2000	38 285	3000—3199	51 410
2000—2199	40 470	3200—3399	53 600
2200—2399	42 660	3400—3599	55 790
2400—2599	44 955	3600—3799	57 975
2600—2799	47 035	3800—3999	60 170
2800—2999	49 220		

c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	1,58	15,0—15,9	3,56
5,0— 5,9	1,68	16,0—16,9	3,63
6,0— 6,9	1,82	17,0—17,9	3,89
7,0— 7,9	1,91	18,0—18,9	4,13
8,0— 8,9	1,99	19,0—19,9	4,44
9,0— 9,9	2,08	20,0—20,9	4,68
10,0—10,9	2,21	21,0—21,9	4,95
11,0—11,9	2,29	22,0—22,9	5,26
12,0—12,9	2,58	23,0—23,9	5,51
13,0—13,9	2,82	24,0—24,9	5,76
14,0—14,9	3,12	25,0—25,9	6,04

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ. e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem á sér stað vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn skal miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðabók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 1,58 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

e. Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið skv. c-lið þessarar greinar fyrir 25 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við að veittur sé 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km.

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið þótt eigendaskipti verði.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h., gilda ákvæði reglugerðar um ökumæla nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar og gjaldskyldu sker fjármálaráðherra úr.

4. gr.

Nú er bifreið eða festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfður heildarþungi nýtist ekki til fulls og á þá eigandi rétt á að gjaldskylda sé miðuð við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Slík þyngd er hér eftir nefnd skráð þyngd. Skráð þyngd, sem skattur er greiddur af, skal aldrei vera minni en 13 000 kg sé um bifreið að ræða, en 6000 kg sé um vagn að ræða. Skráð þyngd, sem greiðsla er miðuð við, má og aldrei vera minni en eigin þyngd bifreiðar eða vagns og ekki skal slík skráning vera til skemmri tíma en 12 mánaða. Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hver sé skráð þyngd samkvæmt þessari grein.

Bifreiðaeftirlit ríkisins færir upplýsingar um skráða þyngd í skráningarskírteini. Að lokinni færslu í skráningarskírteini og álestri á ökumæli bifreiðar miðast þungaskattur við hina skráðu þyngd. Nú verður uppvíst að heildarþyngd bifreiðar er meiri en hin skráða þyngd og skal þá heimild til notkunar skráðrar þyngdar þegar afmáð úr skráningarskírteini og skal notkun skráðrar þyngdar þá ekki heimiluð næstu fjögur árin.

5. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr. svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. a-lið 3. gr. með eftirtöldum skilyrðum:

a. Þeir lýsi því yfir að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.
b. Þeir sanni með vottorði hlutaðeigandi skattstjóra, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri. Heimilt er þó að víkja frá ákvæði þessa stafliðar ef heildartekjur samkvæmt landbúnaðarframtali næstliðins árs eru hærri en tekjur vísitölubús.

6. gr.

Gjalddagi skatts, sem um ræðir í a- og b-liðum 3. gr., er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreiðin er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heilan mánuð þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa) án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c- og d-lið 3. gr. skal innheimtur ársþriðjungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársþriðjung þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Í lok hvers ársþriðjungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársþriðjungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársþriðjungs skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a- og b-liðum 3. gr. að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður en hálfum mánuði eða minna skal sleppt.

7. gr.

Eigi skal endurgreiða skatt af bifreið sem greiddur hefur verið af henni út árið þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið hver sem eigandi hennar er eða hvert sem hún er flutt á landinu.

8. gr.

Viðurlög ef gjöld skv. a- og b-liðum 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skráningargjald og vátryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra. Lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

Þungaskattur af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt. Bifreiðin skal vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

9. gr.

Viðurlög skv. c- og d-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar viðurlög sem nema þungaskatti af allt að 10 000 km akstri á mánuði, þó aldrei minna en sem nemur 5 000 km akstri á mánuði, en 15 000 km akstri á mánuði við ítrekað brot. Viðurlög miðast við c- og d-liði 3. gr. eftir því sem við á og innheimtast eins og um venjulegan álestur væri að ræða.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn samkvæmt því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis, rof innsiglis á honum eða ítrekuð vanræksla samkvæmt framansögðu varðar sektum allt að 5 000 kr. auk viðurlaga samkvæmt reglugerð þessari nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið sína á tilskildum tíma og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skal þá lögreglustjóri stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmerki hennar til geymslu uns ökumælir hefur verið settur í bifreiðina.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, taka af bifreiðinni skráningarmerki til geymslu svo sem að framan segir.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c- og d-lið 3. gr., til álestrar ársþriðjungslega ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borist viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á

tilskildum tíma skal innheimtumaður leggja viðurlög á eiganda eða umráðamann bifreiðar, er nemi 45 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 4. mgr. 6. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

Heimilt er innheimtumanni þó að fella niður sekt þessa hafi sérstakar ástæður orðið til þess að ekki var komið með bifreið til álestrar á réttum tíma, enda hafi fullnægjandi greinargerð borist innheimtumanni um orsök tafarinnar innan tveggja vikna frá lokum þess tímabils er tilgreint er til álestrar ökumæla. Að öðru leyti er niðurfelling sekta samkvæmt þessari grein óheimil nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðast við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

11. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annan orkugjafa en bensín, skal talin vera slík hvað skatti viðkemur þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) að hún noti þar eftir bensín sem orkugjafa.

Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar sem setur í bifreið sína hreyfil er notar annan orkugjafa en bensín skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós að bifreið notar annan orkugjafa en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun nema eigandi eða umráðamaður sanni að svo hafi ekki verið.

12. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri. Bensíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalds af bensíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu af birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur.

13. gr.

Eftirlitsmönnum með ökumælum er heimilt að stöva bifreiðar, sem gjaldskyldar eru samkvæmt reglugerð þessari, í því skyni að kanna hvort fyrirmæli reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum séu haldin.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 og lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1985. Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. c-lið 3. gr., tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álestrartímabili en því lýkur á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar 1985. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum

tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 795/1983 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. svo og reglugerð nr. 52/1984 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 486 12. desember 1984

AUGLÝSING

um að jörðin Auðsholt II í Biskupstungnahreppi skuli framvegis tilheyra Hrunamannahreppi.

Samkvæmt beiðni eigenda jarðarinnar Auðsholts II í Biskupstungnahreppi og að fengnu samþykki hreppsnefnda Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps og meðmælum sýslunefndar Árnessýslu, vill ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 tilkynna eftirfarandi:

Jörðin Auðholt II í Biskupstungnahreppi skal hér eftir tilheyra Hrunamannahreppi og skulu hin nýja hreppamörk milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps vera í samræmi við landskiptagerð Auðsholtsjarða frá 9. júlí 1957, sbr. breytingu á henni 27. ágúst 1977.

Félagsmálaráðuneytið, 12 desember 1984.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og til upphitunar húsinu, enda séu hitagjafar (ofnar) þess nægilega stórir að mati veitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í desember, enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. janúar til 31. desember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Óski notandi eftir breytingu á stillingu hemils, skal hann greiða fyrir breytta stillingu kr. 225,00 í hvert skipti.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot hitaveituvatnsins eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil fyrir hvern mínútulítra á mánuði. ..... kr. 248,00
b) Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns 12,50

Gjöld fyrir vatnsnotkun um magnhemil miðast við hámarksstillingu hemils þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Magnsskammtar skulu vera margfeldi af 0,5 úr mínútulítra þó ekki minni en 1,0 mínútulítrar.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarks vatnsþörf.

Þegar um afnot á hitaveituvatni til annars en húshitunar er að ræða, sbr. 2. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾" ..... kr. 38,00
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" ..... kr. 38,00
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri ..... kr. 38,00

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða auka hemla ef þess er óskað.

6. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna).

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 20% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, skv. mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir heimil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið. Misnoti notandi kranavatn að dómi veitustjóra getur hann án fyrirvara lokað fyrir rennsli til viðkomandi.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik sé innan 5% frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 225,00.

7. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4., 5. og 6. gr. má krefja mánaðarlega. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr. er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

8. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

9. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli	kr.	22 545,00
og á m^3 þar yfir	kr.	28,30

Ef skipulagsmálar eru þess eðlis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 56,40.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitafélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

10. gr.

Gjald samkvæmt 3., 6., 9. og 13. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1. október 1984, 186 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 4. gr. og 5. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá Veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Nú er tengingu heimæða lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 450,00.

14. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 26 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 32,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

a) fyrir mæla til og með ¾" ..... kr. 340,00
b) fyrir mæla til 1" og 2" ..... kr. 680,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 200,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðagjald	
Allt að 500 m^3	kr. 25 900,00	+ 51,90 kr/m^3 þar yfir
500—2000 m^3	kr. 52 000,00	fyrir 500m^3 + 34,80 kr/m^3 þar yfir
2 000—6000 m^3	kr. 105 000,00	fyrir 2000m^3 + 26,10 kr/m^3 þar yfir
Meira en 6000m^3	kr. 208 000,00	fyrir 6000m^3 + 20,70 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta ..... kr. 4 500,00

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni ..... kr. 350,00

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 199, 24. apríl 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsókna fyrir heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaganna er kr. 350,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónstu skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 92/1984, um breytingu á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 490 3. september 1984

REGLUGERÐ

um öldungadeildir við mennta- og fjölbrautaskóla.

1. gr.

Stofnun og rekstur öldungadeilda.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað rekstur öldungadeilda við menntaskóla eða fjölbrautaskóla ef skilyrðum um nemendafjölda og aðstöðu til kennslunnar er fullnægt að mati ráðuneytisins.

2. gr.

Nemendur öldungadeilda.

Öldungadeild er skipulagt námskeiðahald eða/og kvöldskóli fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans, en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans.

Nemendur skulu vera orðnir 21 árs. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri undirbúningsmenntun þeirra en heimilt er að meta fyrra nám sem hluta af námi í öldungadeild.

3. gr.

Námskröfur og kennsla.

Gera skal sömu námskröfur til nemenda í öldungadeild og annarra nemenda skólans. Fjöldi kennslustunda í hverjum námsáfanga skal vera u. þ. b. helmingur þess, sem annars er í skólanum.

Nemendur skulu skráðir á ákveðna námsbraut og skulu þeir leggja stund á a. m. k. 9 eininga nám á önn. Á fyrstu önn skulu a. m. k. 6 einingar vera nám í kjarnagreinum ef námsframboð leyfir. Þó er heimilt að taka inn nemendur sem þurfa að ljúka námi í tilteknum áföngum til þess að öðlast réttindi til framhaldsnáms eða til starfa.

4. gr.

Deildarstjórn.

Allar námsgreinar sem kenndar eru við öldungadeild viðkomandi skóla skulu heyra undir deildarstjóra eða/og sviðsstjóra eftir því sem við á í þeim skóla. Miðað skal við að sömu kennarar annist deildarstjórn í dagskóla og öldungadeild. Geti enginn deildarstjóri í greininni við dagskólann tekið að sér deildarstjórn við öldungadeildina skal leitað til annarra kennara. Fyrst skal þá leitað til þeirra sem kenna viðkomandi grein bæði við dagskólann og öldungadeildina.

5. gr.

Skipting kennslu.

Við skiptingu kennslu skal sem mest við það miðað að kennarar við öldungadeild kenni einnig, eða um sömu mundir, hliðstætt námsefni við dagskólann.

6. gr.

Umfang og skipan heimaverkefna.

Færri kennslustundir má m. a. vega upp með því að skipuleggja heimaverkefni sem nemendur leysa og kennari fer síðan yfir og skilar aftur með greinargóðum athugasemdum. Deildarstjóri hverrar greinar skal í upphafi annar sjá um skipulagningu allra heimaverkefna á önninni. Skipulag þetta skal liggja fyrir þegar kennsla hefst.

Heildarumfang heimaverkefna í öldungadeild skal að jafnaði ekki vera meira en 50% umfram það sem gerist í dagskóla.

7. gr.

Um skólasókn og námshraða.

Skólasóknarreglur dagskóla taka ekki til öldungadeilda. Nemendur ráða sjálfir námshraða sínum. Þó skal við það miðað að námstími þeirra verði að jafnaði ekki lengri en 7 skólaár.

8. gr.

Námslok.

Brautskráning lokaprófsnemenda úr öldungadeildum fer fram á sama tíma og úr dagskóla. Kjósi nemandi í öldungadeild að hætta námi áður en komið er að lokaprófi þá á hann rétt á skírteini frá skólanum er sýni hve langt námi hans var komið.

9. gr.

Um námsráðgjöf o. fl.

Nemendur öldungadeildar skulu njóta námsráðgjafar og almennrar þjónustu skólans.

10. gr.

Námskeiðsgjöld.

Námskeiðsgjöld skulu vera þau sömu fyrir allar námsbrautir og óháð þeim fjölda námsáfanga sem nemandinn leggur stund á.

Gjöldin skulu innheimt við skráningu sem skal að jafnaði lokið 1 mánuði fyrir upphaf námsannar. Heimilt er að endurgreiða námskeiðsgjöld ef það mikil breyting verður á högum nemanda að hann geti ekki hafið námið.

Menntamálaráðuneytið ákveður upphæð námskeiðsgjalda með hliðsjón af kennsluáætlunum og skulu þau vera hin sömu á öllu landinu.

11. gr.

Starfstími.

Starfstími öldungadeilda skal vera sá sami og starfstími dagskóla.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 82/1984 um breyting á lögum nr. 12/1970 um menntaskóla og lögum nr. 85/1984 um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla og tekur gildi frá og með skólaárinu 1984—1985.

Menntamálaráðuneytið, 3. september 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

Nr. 491 27. desember 1984

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. janúar 1985:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 118 22. febrúar 1984 (smásala) og nr. 194 24. apríl 1984 (heildsala).

Orkugjöld (Taxtar A4, A5, C1, C2, D1 og D2) hækki um	17,0%
Fastagjöld hækki um	18,2%
Aðrir liðir hækki um	21,98%
Heimtaugagjöld hækki um	19,45%
Lokunar- og enduropnunargjald hækki úr kr. 710,00 í kr. 850,00.	
Innheimtugjald vegna vanskila (nýtt gjald) verði kr. 425,00.	
Gjaldskrá heildsölu hækki um	14,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 685 5. september 1983.

Liðir A1, A2, og A3 hækki um	19,9%
Liðir A4, C1, C2, D1 og D2 hækki um	17,0%
Liður A5 hækki um	17,9%
Liður B1 hækki um	10,0%
Lokunargjöld hækki um	19,2%
Heimtaugagjöld hækki um	17,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 660 5. september 1983.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	17,0%

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrám rafveitna.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. janúar 1985.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 162 28. mars 1984. Allir liðir, sem söluskattur og verðjöfnunargjald er lagt á hækki um 12,0%
Aðrir liðir hækki um 14,0%
Mælaleiga hækki um 17,5%
Heimtaugagjöld hækki um 5,0%
Sumartaxti hækki um 18,0%

Gjöld samkvæmt 8. gr. hækki úr kr. 271,00 í kr. 384,00.
Gjöld samkvæmt 9. gr. og 10. gr. hækki úr kr. 509,00 í kr. 722,00.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 701 5. september 1983. Allir liðir sem söluskattur og verðjöfnunargjald er lagt á hækki um 12,0%
Aðrir liðir hækki um 14,0%
Aðalheimtaugagjöld hækki um 5,0%
Enduropnunargjöld samkvæmt lið 3.1 og 3.2 hækki um 27,8%

Rafveita Keflavíkur, nr. 203 24. apríl 1984.
Allir liðir hækki um 14,0%

Rafveita Miðneshrepps, nr. 202 27. apríl 1984.
Allir liðir hækki um 14,0%

Rafveita Njarðvíkur, nr. 204 27. apríl 1984.
Allir liðir hækki um 14,0%

Rafveita Gerðahrepps, nr. 200 26. apríl 1984.
Allir liðir hækki um 14,0%

Rafveita Grindavíkur, nr. 201 25. apríl 1984.
Allir liðir hækki um 14,0%

Rafveita Eyrarbakka, nr. 198 24. apríl 1984.
Allir taxtar hækki um 14,0%

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps, nr. 250 21. maí 1984.
Allir taxtar hækki um 14,0%

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b- lið 1. málsgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 6. gr. laga nr. 66 1. júní 1984, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurkjördæmi	18 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	11 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	7 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 494 20. desember 1984

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 metrum mestu lengd	1 000
Fyrir skip minni en 25 brl. og báta 8 metrar og lengri	1 800
Fyrir skip 25 brl. til 100 brl.	2 700
Fyrir skip 101 brl. til 250 brl.	3 600
Fyrir skip 251 brl. til 500 brl.	4 900
Fyrir skip 501 brl. til 1.600 brl.	8 000
Fyrir skip 1.601 brl. og stærri	9 500

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi skal greitt hálft gjald fyrir árlega aðalskoðun skv. þessari grein.

2. gr.

Aukaskoðun

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði.

Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði.

3. gr.

Eftirlit með nýsmíði

1. Bátar sem eru 6 metra langir og allt að 8 metrum:
   A. Fyrir samþykkt á teikningum, hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu kr. 5 000,00
   B. Fyrir samþykkt á reiða seglbáta ..... kr. 3 000,00
   C. Fyrir eftirlit með smíði, samþykkt á innfluttum bátum, fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala ..... kr. 5 000,00
2. Skip 8 metrar og lengri:
   A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ. m. t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:
   Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m ..... 0,30% af lokaverði skips.
   Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m ..... 0,26% af lokaverði skips.
   Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þ. e. meðtalin fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).
   Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðasjóð, sé um fiskiskip að ræða og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.
   B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A- og C- lið þessarar málsgreinar.
   C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.
3. Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir:
   20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði.
   30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða. 20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður.
   Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C-lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastofnun ríkisins er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn, þó ekki á dagpeninga og fargjöld.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

Hleðslumerki

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	Kr.
Skip allt að 500 brl.	1 296,00
Skip 501 brl. allt að 1000 brl.	1 686,00
Skip 1001 brl. allt að 2000 brl.	2 244,00
Skip 2001 brl. allt að 5000 brl.	2 982,00

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 240,00.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 150,00 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 504,00 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skjala

	Kr.
1. Útgáfa þjóðernisskírteinis	360,00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs	432,00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	144,00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	216,00
5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta	72,00
6. Einkaleyfi á skipsnafni	12 000,00

7. gr.

Mæling skipa

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

	Kr.
Opinn bátur	720,00
Þilfarsskip minni en 25 brl.	3 600,00
Þilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl.	5 040,00
Þilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl.	7 920,00
Þilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl.	12 240,00
Þilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl.	17 280,00
Þilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl.	23 040,00

Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálft gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Útgáfa vottorða og umsagnir

	Kr.
Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá	144,00
Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða	72,00
Umsögn um vélaskipti	360,00

9. gr.

Rannsóknir

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ. e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda, greiðist kr. 368,00 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 135,00 á hverja mynd.

2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar, átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu, kr. 234,00 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina.

10. gr.

Önnur þjónusta

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- og eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 266 5. júní 1984.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar

Fiskmjöl:	kr.
Vatn	110
Salt	140
Prótein (Kjeldahl)	450
Fita	230
Aska	200
Ammoníak	120
Sandur	210
Kalcium	210
Fosfór	335
Meltanlegt prótein	470
Lysin, nýtanlegt	930
DMNA gasgreining	865
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	335
Nítrít í bræðsluhráefni og fiskmjöli	365
Lýsi og harðfeiti:	
Vítamín A, bein mæling	230
Vítamín A, með sápun	665
Óbundnar fitusýrur	120
Sýrutala	120
Joðtala	240
Sáputala	210
Eðlisþyngd (pyknometer)	135
Slip-point	270
Mæling á vítamín D_3 í lýsi	2 000—2 650
Ósápanlegt	335
Peroxydtala	200
Litarmæling (Lovibond)	135
Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð)	135
Ljósbrot við 20°C	120
Natríumsápa	165
Fitusýrugreining	1 050—2 140
Vatnsmæling með toluol	200
Gerlarannsóknir o. fl.:	
Undirbúningur sýnis	175
Talning við ræktun, eins konar	165
Talning við ræktun, tvenns konar	230
Kólígerlar, MPN,	165
Staphylococcus aureus, forpróf	105

	kr.
Staphylococcus aureus, staðfestingarpróf	105
Ger- og myglusveppir	90
Sulfit afoxandi Clostridia/hitað	105
Clostridium perfringens	145
Salmonella, forpróf	160
Salmonella, staðfestingarpróf	195
Roðagerlar	85
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	105

Lagmeti:

Framleiðslusýni (allt innifalið):	
Niðursoðið lagmeti	700
Niðurlagt lagmeti	1 000
Endursýni tekið skv. sýnatökuáætlun II	750
Endursýni tekið skv. 99% reglu	1 500

2. gr.

Fyrir vottorð sem framleiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 115 og fyrir útflutningsvottorð kr. 150.

3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil, gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni eða fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

4. gr.

Gjald fyrir efna-og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast. Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

Salt:	kr.
Klóríð (titer)	140
Kalcium	210
Magníum	210
Súlfat	210
Óleysanlegt í vatni	210
Raki og bundið vatn	170
Járn	175
Kopar	230

Síld:

Undirbúningsvinna:	kr.
Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð	510

Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldа sýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast ¾ gjalds. Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá.

Aðrar efnagreiningar:	kr.
Vatn, salt, fita, prótein o. fl. samkvæmt gjaldskrá fyrir mjöl	
Trimethylamin (TMA)	285
TVB	285
Kvikasilfur í matvælum	375
Ákvörðun á málmum með atom absorption	400
Frítt klór í vatni	80
Skynmat	250
Rotvarnarefni m. gasgreiningu	530—930
Skordýraeitur m. gasgreiningu	1600—2660
Thiamin (B_1 vítamín)	665—1065
Riboflavin (B_2 vítamín)	665—1065
Niacin	1065—2000
C-vítamín í matvælum	665—1330
Drop (drip)	265
Nítrat í matvælum	665
Nítrit í matvælum	800
Hexametylentetramín í lagmeti	530
Vigtun og talning á rækju o. fl.	210
Mæling á sykrum í síld	330—600
Sýrustig pH	135
Arsen	470
Histamín	500—575

5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum Ríkismats sjávarafurða skal greiða kr. 250 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna. Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	Dagvinna kr./klst.
Sérfræðingar með reynslu	455
Rannsóknamaður með háskólapróf	390
Rannsóknamaður án háskólaprófs með starfsreynslu	350
Rannsóknamaður án háskólaprófs með litla starfsreynslu	280

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 20. desember 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast nr. 176/1984.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1984.

Þorsteinn Geirsson.

Ingimar Einarsson.

REGLUGERÐ

Styrktar- og lánasjóðs til öflunar atvinnuréttinda á skipum.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir styrktar- og lánasjóður til öflunar atvinnuréttinda á skipum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnun sjóðsins.

Sjóðurinn er stofnaður með tilvísun til 21. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim yfirmönnum fjárstyrk, sem starfað hafa samkvæmt undanþágu án tilskilinna atvinnuréttinda og fara í nám til öflunar atvinnuréttinda.

Einnig er sjóðnum heimilt að veita lán þeim er stunda stýrimanna- eða vélstjórnarnám. Skulu sjóðnum settar nánari reglur varðandi slíkar lánveitingar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Undanþágugjöld er viðkomandi undanþáguhafar greiða til sjóðsins,
b) Vaxtatekjur og verðbætur,
c) Aðrar tekjur eða framlög er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Innheimta undanþágugjalds.

Fyrir hverja veitta undanþágu skal undanþáguhafi greiða ákveðið gjald, nú kr. 1 000,00 fyrir hvern byrjaðan mánuð þess tíma sem undanþágan gildir.

Greiðsla undanþágugjalds skal fylgja umsókn um undanþágu. Synji undanþágunefnd umsókn um undanþágu eða veiti undanþágu til styttri tíma en umsóknin gerir ráð fyrir, skal greiðslan öll eða sá hluti hennar sem umfram er endursendur.

Þeir nemendur Stýrimannaskóla og Vélskóla sem starfa á undanþágu milli námsára eiga rétt á endurgreiðslu undanþágugjalds haldi þeir áfram námi á næsta námsári gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um.

Eigi skal innheimta undanþágugjald af þeim er lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs, sé þeim veitt undanþága til starfs.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Undanþágunefnd, eins og hún er á hverjum tíma skal skipa stjórn sjóðsins, sbr. 21. gr. laganna um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laganna um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Stjórnin skal annast úthlutun styrkja og lána úr sjóðnum, svo og vörslu hans og ávöxtun. Skal stjórnin á hverjum tíma kappkosta að ávaxta fé hans á sem hagkvæmastan hátt.

7. gr.

Umsóknir um styrki.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda að umsækjandi sé við nám.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Þeir sem starfað hafa samkvæmt undanþágu og fara í sérstakt nám fyrir undanþágumenn til öflunar atvinnuréttinda, skal veittur styrkur úr sjóðnum.

Fjárhæðir styrkja skulu hverju sinni ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni. Miða skal við vikufjölda í námi.

Eftirfarandi hlutfallstölur, sem taka mið af fjölskyldustærð skulu lagðar til grundvallar þegar styrkur er veittur.

Vegna námsmanns	10,0	
Vegna maka	1,0	
Vegna 1. barns	1,0	
Vegna 2. barns	1,5	
Vegna 3. barns	2,0	
Börn fleiri en 3	2,0	stig, fyrir hvert barn.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til búsetu umsækjanda og þess aukakostnaðar, sem því fylgir að sækja nám fjarri sínu heimili.

9. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Afgreiðsla styrkja fer fram samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Skal miða við að styrkirnir greiðist mánaðarlega á meðan á námi stendur, nema stjórn sjóðsins ákveði annað.

Við móttöku styrkja úr sjóðnum mánaðarlega skal styrkhafi sýna fram á framvindu náms með vottorði frá viðkomandi skóla.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en heimilt er stjórn sjóðsins að fela viðurkenndri bankastofnun vörslu hans.

10. gr.

Reikningsskil.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem skipaðir eru af ráðherra til tveggja ára í senn, skv. tilnefningu Landsambands íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga fyrra almanaksárs fyrir samgönguráðherra eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 27. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með síðari breytingum.

1. gr.

11. gr. orðist þannig:

Innheimta skal við tollafgreiðslu gjald af innfluttu kjarnfóðri til 1. júní 1985.

Gjaldið skal vera 60% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar í innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-03-00	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-10	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-20	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-30	23-04-90
10-04-00	11-01-22		23-04-40	23-06-00
10-05-00	úr 11-01-29	blandað hænsnakorn	23-04-50	23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39	valsað bygg í lausu		

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Gjald sem tekið hefur verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til manneldis, endurgreiðist skv. reglum, sem Framleiðsluráð setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er ennfremur heimilt að undanþiggja gjaldtöku fóður fyrir gæludýr. Þá heimild skal þó aðeins veita samtökum um ræktun þeirrar dýrategundar sem um ræðir og skulu þau annast innflutning þess fóðurs, sem er undanþegið gjaldtöku. Samtökin skulu rökstyðja beiðni um undanþágu gjaldskyldu með upplýsingum um starfsemi sína og áætlun um notkun fóðurs fyrir dýr félagsmanna.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. og öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi reglugerð nr. 318/1984 um breytingu á reglugerð nr. 465/1983, skv. lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1985 skal Framleiðsluráð landbúnaðarins greiða til Áburðarverksmiðju ríkisins hluta kjarnfóðurgjalds, er nemur kr. 2 700 á tonn af innfluttu kjarnfóðri, sem gjaldskylt er. Hagstofa Íslands reiknar út við ákvörðun búvöruverðs á þessu tímabili, hverju þessi greiðsla nemur af verði þeirra fóðurtegunda sem verð í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er fundið eftir, skv. þeim reglum sem Hagstofan áætlar kjarnfóðurverð við verðlagningu landbúnaðarafurða. Þessi hluti kjarnfóðurverðsins skal teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarafurða á áðurnefndu tímabili og koma fram í afurðaverði.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Eðvarðs Sigurðssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 11. desember 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Eðvarðs Sigurðssonar.

Sjóðurinn er stofnaður skv. ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands á fundi 21. júlí 1983 til minningar um Eðvarð Sigurðsson.

Skipulagsskrá hans er samþykkt á fundi sambandsstjórnar ASÍ í desember 1983.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000,00 — ein milljón krónur $^{00}/_{100}$ — Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

Sjóðinn skal ávaxta ef unnt er í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða á annan jafntryggan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast, og tekjur sem stjórn sjóðsins kann að afla honum á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er m. a. að styrkja verkafólk til að afla sér fræðslu um málefni og starf verkalýðshreyfingarinnar.

Meðal hlutverka sjóðsins skal vera að stuðla að því að saga Dagsbrúnar verði skrifuð og gefin út.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn skipaðir af miðstjórn ASÍ. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil stjórnar minningarsjóðsins er það sama og kjörtímabil miðstjórnar ASÍ og skal miðstjórn ASÍ skipa sjóðsstjórn í upphafi kjörtímabils síns.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnar. Þó má sjóðsstjórnin aldrei ráðstafa árlega meiru en 1/5 hluta sjóðsins án sérstakrar samþykktar miðstjórnar ASÍ.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Alþýðusambandsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki sambandsstjórnarfundar ASÍ.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Stjórnartíðindi B 52—53, nr. 467—498. Útgáfudagur 31. desember 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 — 1984

28. desember 1984 809 Nr. 499

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

1. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að viðvörun um skaðsemi vörunnar sé skráð á umbúðir hennar.

2. gr.

Viðvörunin skal vera samkvæmt fyrirmynd er birtist sem fylgiskjal með reglugerð þessari. Stærð merkingarinnar skal vera 30×40 mm. Ekki er heimilt að setja merkingar á glært plast eða aðrar ytri umbúðir.

Á sígarettum skulu merkingarnar vera á framhlið eða bakhlið hvers pakka. Í hverri sígarettusendingu sem kemur til landsins skulu allar merkingar notaðar jafnt á hverri tegund.

Á vindlum, reyktóbaki (píputóbaki), skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða. Skulu báðar merkingarnar notaðar jöfnum höndum. Á neftóbaki og munntóbaki skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Tóbaksvarnarnefndar, breytt merkingunum. Ákvörðun um slíkt skal birt eigi síðar en 6 mánuðum fyrir gildistöku.

3. gr.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari reglugerð.

4. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74, 28. maí 1984 og öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef ekki vinnst tími til merkinga einstakra tóbakstegunda fyrir 1. janúar 1985 getur innflytjandi sótt um frest. Skulu slíkar umsóknir sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 31. desember 1984 og er ráðuneytinu heimilt að veita frest á merkingu til 1. júlí 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

B 103

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Fylgiskjal

SÍGARETTUR:

Nr.1

Pant. Process Blue

Nr.2

Pant. Red 032

Nr.3

Pant. Purple

Nr.4

Pant. nr.172 (orange)

Nr.5

Pant. Reflex Blue

Nr.6

Pant. Process Black 26

VINDLAR OG REYKTÓBAK:

Nr.7

Pant. Reflex Blue

Nr.3

Pant. Purple

NEFTÓBAK OG MUNNTÓBAK:

Nr.8



Pant. Red 021

Pant.= Pantone

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 21. gr. staflið a) bætist eftirfarandi setning. Árið 1985 skal fjárhæð láns vegna náms á Íslandi fylgja þróun meðaltals ráðstöfunartekna skv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 1. janúar til 31. desember 1985.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

20. desember 1984 Nr. 501

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum og nafnbreytingum á árinu 1984:

Hafnarfjörður:

Hraunborg á loðdýrabúi í landi Óttarsstaða, Hafnarfirði.

Kjósarsýsla:

Árvellir á smábýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.
Enni á smábýli (loðdýrabúi) í landi Móa, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Tunguhlíð á garðyrkjubýli í landi Deildartungu I, Reykholtsdalshreppi.

Dalasýsla:

Magnússkógar II á nýbýli í landi Magnússkóga, Hvammshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Ytri-Brekkur II á nýbýli í landi Ytri-Brekkna — Akrahreppi.
Lautarhús I á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.
Lautarhús II á þjónustubýli í landi Hóla, Hólahreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Eyrarvík á iðnaðarbýli í landi Dagverðareyrar, Glæsibæjarhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Hellur á þjónustubýli í landi Sílalækjar, Aðaldælahreppi.

Norður-Þingeyjarsýsla:

Ártunga á fiskræktarbýli í landi Krossdals og Árdals í Kelduneshreppi.

Suður-Múlasýsla:

Vattarnes á sameinuðum jörðunum Vattarnesi I–VIII, Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Austur-Skaftafellssýsla:

Baldurshagi. Nafnið fellt niður og jörðinni skipt milli Borgar og Nýpugarða í Mýrahreppi.

Vestur-Skaftafellssýsla:

Hemrumörk á skógræktarbýli í landi Hemru, Skaftártunguhreppi.

Rangárvallasýsla:

Breiðibakki á skógræktarbýli í landi Árbæjar, Holtahreppi.
Vatnahjáleiga í stað Syðri-Vatnahjáleiga, Austur-Landeyjahreppi.
Jafnframt var nafnið Syðri-Vatnahjáleiga fellt niður.

Árnessýsla:

Kvistholt á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.
Eyjarland á fiskræktarbýli í landi Úteyjar II, Laugardalshreppi.
Lækjarteigur á smábýli (iðnaðarbýli) í landi Kjarrs, Ölfushreppi.
Árlundur á smábýli í landi Tungu, Gaulverjabæjarhreppi.
Laugarströnd á garðyrkjubýli í landi Laugarvatns, Laugardalshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 20. desember 1984.

F. h. r.
Knútur Hallsson.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 502 31. desember 1984

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

Í stað „10. janúar“ í 9. gr. komi: 12. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 54, nr. 499—502. Útgáfudagur 4. janúar 1984.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 — 1984

28. desember 1984 813 Nr. 503

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði til almennrar umferðar eða til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefur aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

3. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns, svo haldið verði uppi góðri reglu.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misbjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

5. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, boga eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimum efnum. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæma með sérstöku leyfi lögreglustjóra og bera þá stjórnendur verksins og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn að fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um útivist barna o. fl.

8. gr.

Í kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 300 íbúa og fleiri mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 22, tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum. Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, tímabilið frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 23, tímabilið frá 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annari viðurkenndri æskulýðsstarfssemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum, gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

III. KAFLI

Umferðareglur.

A. Almenn ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni.

Ökutæki fatlaðra, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðaleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, svo og skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum leyfðum hópgöngum.

11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn svo og umferðarmerkjum, sem lögregluyfirvöld og vegamálastjórn setja, samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema á brott umferðarmerki. Hver sá sem veldur því eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færist úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjóli.

Sleða-skíða-eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur eða fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hafa fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafleiðslur eða síma.

14. gr.

Eigi má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörunarmerkjum. Á ljósatíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingaefni. Enginn má skilja eftir á vegi neitt þar sem það getur haf í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim sem verður valdur að því, að slíkt fellur á veg, ber skilyrðislaust skylda til að hreinsa það, er niður hefur fallið, þegar í stað.

15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hverskonar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmáli til dagmála. Á almannafæri má eigi vinna neina vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

16. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda, má engin láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í sölueríndum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Engin má grafa í gangstéttir, götur vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slíkt leyfi. Skal sá er raski hefur valdið, setja í samt lag aftur það sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbót hefir verið lokið og hún samþykkt af þeim, sem leyfið hefir gefið. Þegar slík verk eru unnin, skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmar greinilega merktir með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa til að afstýra hættum. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gegnir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert er við þau eða þau rifin, skal þess ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannafæri, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki eða það er tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá á staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað, svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnbindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess falli og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eigendur þess að endurbæta það, innan tiltekins tíma til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur og þeir sem nota hann skuli vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm. brík að minnsta kosti og handriði í brjósthæð, lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða, eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætta á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir, þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannafæri, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp, eða renna niður, varningi eða öðru, á eða við almannafæri, skal vera nægilega traust og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, skal svo umbúið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

B. Ákvæði um akstur og ökutæki.

23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á, vegna annarar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ekki má snúa ökutæki á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess þegar stórar bifreiðar eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inná eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð, frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inná.

Ökumönnum ber að draga úr hraða, eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

26. gr.

Ökuhraða skal ávalt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að akstur valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 35 km. miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðalaga.

27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar miðað við akstursstefnu. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi flutt þau úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar að það valdi eigi hættu eða óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta akstursstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á, eða á annan greinilegan ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu ökuljós, en annars með því að rétta upp hönd, eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið að breyting á akstursstefnu eða hraða valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ekki ökumann undan varúðarskuldu.

30. gr.

Ljósmerki ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósatíma gilda einnig í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum, ef ryk er á vegum, eða ef skyggni er takmarkað, af einhverjum öðrum orsökum.

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á eftir fer.

Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vellýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendrað stöðuljós. Önnur ökutæki sem þannig eru skilin eftir, skulu greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

31. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt áður en hann ekur af stað, að hreinsa móðu, hrím, eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur. Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki eða valdi óþrifnaði eða óþarfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrífa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði laga gilda að öðru leiti um hámarksbreidd- og hæð ökutækis og farms.

C. Sérreglur um bifhjól.

32. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut. Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttar og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á því að það falli þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára og eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðaverkstæði, eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

D. Sérreglur um reiðhjól.

33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa báðar hendur á stýri og báðar fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól. Ekki má skilja eftir reiðhjól á almannafæri nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun fyrir umferð.

Barni yngra en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðin sautján ára, flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um það búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðameiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðamerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumann létts bifhjóls.

E. Umferð gangandi vegfarenda.

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, er fram úr ganga.

Ef ekki er gangstígur eða gangstétt meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún, og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávalt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Þar mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópferðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn einhesta, ríða samhliða, né ríðandi maður teyma fleiri en tvö hross, má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðalaga.

G. Um rekstur búfjár.

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búféinu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

IV. KAFLI

Um búfjárhald o. fl.

37. gr.

Í þéttbýli er allt búfjárhald bannað. Ef gripir ganga lausir í þéttbýli, sem er afgirt gripheldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til lúkningar skaðabóta. Sveitarstjórn skal hafa til vörslumann og forsvaranlegt geymslupláss fyrir slíka lausa gripi.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni, skal í samráði við lögreglu gera ráðstafanir, sem duga til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa, og að fenginni undanþágu frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli skulu aflífaðir.

V. KAFLI

Ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.

39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu eins og þau eru nú eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum eða matjurtagörðum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skulu bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

VI. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfrækt eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparsveita, eða annara þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstaka plöntur, hvort, sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg veiðifugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengni.

43. gr.

Viðkomandi heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði, skulu hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, eða síðar kunna að verða settar.

44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfssemi skal haga þannig að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og dræsur á almannafæri.

50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þörf, að banna óþarfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggju og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

VIII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

53. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið, eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef þurfa þykir.

54. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda. Slíkar auglýsingar verða þó að vara innan velsæmismarka.

55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

IX. KAFLI

Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.

56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkta, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistisölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við almennt velsæmi og góða reglu.

58. gr.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

59. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

60. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

61. gr.

Sérhver sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hætta af ónæðinu.

62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi sem greiða skal í sveitarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið til sveitarsjóðs.

63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningu þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.

64. gr.

Samþykkt þessi gildir í Vestur-Barðastrandarsýslu í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.

65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðaleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180 4. nóvember 1941.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi, torg, bryggjur og brýr eða önnur svæði til almennrar umferðar eða til almenningsnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvelli, afgreiðslusvæði bifreiða og flugvalla. Um hvers konar samkomuhús, skeiðvelli, fjárréttir, verslanir, opinberar skrifstofur og aðra þá staði, sem almenningur hefur aðgang að, gilda ákvæði samþykktar þessarar, eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri er bannað að efna til uppþota eða óspekta. Ekki mega menn þyrpast þar saman svo að til tálma eða óþæginda sé fyrir vegfarendur.

3. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar sem þjónusta fer fram, skulu menn raða sér svo, að þeir sem fyrstir koma, fái afgreiðslu fyrst. Við slík tækifæri skal öllum skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu eða umsjónarmanns, svo haldið verði uppi góðri reglu.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, hafa frammi hávaða, klæðast eða hegða sér þannig að valdi ónæði, misbjóði almennu velsæmi eða raski allsherjarreglu.

5. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða síma eða aðhafast neitt, sem valdið getur ónæði eða ótta.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum, boga eða öðrum skotvopnum á almannafæri. Þar má heldur eigi kveikja í neins konar eldfimum efnum. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á og skulu þá leyfin bundin við sérstök svæði. Sinubruni skal með öllu bannaður eftir 1. maí ár hvert. Öll meðferð eða notkun hvers konar hvellsprengja er bönnuð. Nauðsynlegar sprengingar vegna gerðar mannvirkja má aðeins framkvæma með sérstöku leyfi lögreglustjóra og bera þá stjórnendur verksins og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að fyllstu varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma þar sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögregla krefst þess.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til, getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga menn að fullum bótum frá lögreglustjóra fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða á fatnaði eða limum við slíka aðstoð, en lögreglustjóri á aðgang að þeim sem tjóni veldur. Ella greiðist tjónið úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um útivist barna o. fl.

8. gr.

Í kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 200 íbúa og fleiri mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 22, tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum. Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, tímabilið frá 1. september til 1. maí og eftir kl. 23, tímabilið frá 1. maí til 1. september nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annari viðurkenndri æskulýðsstarfssemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum, gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Úrdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

III. KAFLI

Umferðareglur.

A. Almenn ákvæði.

9. gr.

Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni.

Ökutæki fatlaðra, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttar, þar sem aðstæður leyfa.

10. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðaleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við gangbrautir, svo og skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðra.

Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum leyfðum hópgöngum.

11. gr.

Vegfarendum er skylt að fara eftir fyrirmælum og merkjum lögreglu, sem hún notar við umferðarstjórn svo og umferðarmerkjum, sem lögregluyfirvöld og vegamálastjórn setja, samkvæmt heimild í lögum. Skylt er að stöðva samstundis ef lögregla gefur merki um það. Bannað er að skemma eða nema á brott umferðarmerki. Hver sá sem veldur því eða verður þess var, að umferðarmerki laskast eða færist úr stað, skal lagfæra merkið tafarlaust, svo sem unnt er og tilkynna síðan um það til lögreglunnar.

12. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess, eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Farþega má aðeins flytja í farartæki, ef það er leyft samkvæmt lögum og þess getið í skoðunarvottorði. Farþega má aldrei flytja á léttu bifhjóli.

Sleða-skíða-eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða truflun fyrir umferð geti hlotist af, nema á vegum eða götum, sem merktar eru leikgötur eða fengnu leyfi lögreglustjóra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar gagnvart börnum og þar mega ekki aðrir fara með ökutæki, en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra.

13. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim á neinn hátt, nema hafa fengið til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta brunaboða, nema til þess að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafleiðslur eða síma.

14. gr.

Eigi má, án leyfis lögreglunnar, skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri slíka bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni sem unnt er. Ef talið er að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur með viðurkenndum viðvörunarmerkjum. Á ljósatíma skal merkja greinilega með ólituðum ljósum hve langt hluturinn eða tækið nær inn á veginn. Þetta gildir einnig um vegagerðar- og byggingaefni. Enginn má skilja eftir á vegi neitt þar sem það getur haf í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu. Þeim sem verður valdur að því, að slíkt fellur á veg, ber skilyrðislaust skylda til að hreinsa það, er niður hefur fallið, þegar í stað.

15. gr.

Enga atvinnu má reka á almannafæri, þar sem það tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hverskonar varningi bönnuð, nema til komi sérstakt leyfi lögreglustjóra. Blöð og bæklinga er heimilt að selja á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt að dómi lögreglustjóra. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá náttmáli til dagmála. Á almannafæri má eigi vinna neina vinnu, sem hindrar umferð eða gerir hana hættulega. Sjá þó 17. gr.

16. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda, má engin láta fyrirberast á húslóðum, húsriðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða húslóðir, né fara inn í híbýli hans í sölueríndum. Auk þess getur lögregla bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu.

17. gr.

Engin má grafa í gangstéttir, götur vegi eða torg, né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda og samþykki lögreglustjóra. Heimilt skal að taka gjald fyrir slíkt leyfi. Skal sá er raski hefur valdið, setja í samt lag aftur það sem raskað var og halda því við í þrjá mánuði eftir að umbót hefir verið lokið og hún samþykkt af þeim, sem leyfið hefir gefið. Þegar slík verk eru unnin, skal þess ætíð gætt, að þau taki sem skemmstan tíma, að sem minnstur farartálmi sé að og ætíð séu vegfarendur aðvaraðir um farartálmann með greinilegum aðvörunarmerkjum. Frá því að dimma tekur að kvöldi þar til birtir að morgni skulu slíkir farartálmar greinilega merktir með ljósum. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, sem honum þykir þurfa til að afstýra hættum. Ef verk dregst úr hófi fram, eftir að það er hafið, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja raskið í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma. Sama gegnir ef ekki er fullnægt viðhaldsskyldu.

18. gr.

Þar sem hús eru byggð, gert er við þau eða þau rifin, skal þess ávallt gætt, ef það er á eða í nálægð við almannafæri, að af verkinu stafi ekki hætta eða að það tálmi umferð. Nú brennur hús eða mannvirki eða að það tekið burt, án þess að annað sé gert í staðinn og er þá eiganda eða verktaka, skylt að ganga svo frá á staðnum að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af. Til að afstýra hættu getur lögreglustjóri fyrirskipað sérstakan umbúnað, svo sem girðingar um hættusvæðið. Slíkan umbúnað skal fjarlægja samstundis, ef lögreglan krefst þess. Sérstakrar varúðar skal gætt við byggingarverk, vegna opinna grunna, sem vatn safnast í, járnbindingar og vinnupalla. Hús í byggingu skulu ætíð lokuð, svo ekki sé greiður aðgangur í þau fyrir óviðkomandi.

19. gr.

Nú er hús eða mannvirki svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess falli og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og lagt fyrir eigendur þess að endurbæta það, innan tiltekins tíma til þess að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri gert aðrar ráðstafanir á kostnað eiganda sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Þessi ákvæði ná einnig til þess ef steinvegg eða trévegg eða öðru slíku liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þess konar, sem notaður er við byggingar og viðgerðir á mannvirkjum, skal vera nægilega traustur og þeir sem nota hann skuli vera gætnir og áreiðanlegir menn. Slíkir pallar skulu að utanverðu vera með 20 cm. bríkum að minnsta kosti og handriði í brjósthæð, lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða, eða annars á húsum, skulu vera nægilega traustir og kjálkar þannig útbúnir að neðan, að ekki sé hætta á að þeir falli. Slíkir stigar skulu felldir, þegar þeir eru ekki í notkun. Þar sem umbúnaður, sem hér á undan er getið, er notaður á almannafæri, skal gæta ýtrustu varúðar. Brot á grein þessari er á ábyrgð þess, sem verkið annast, byggingarstjóra eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð verkeiganda.

21. gr.

Vindur, áhöld og umbúnaður þess, sem notaður er til þess að hefja upp, eða renna niður, varningi eða öðru, á eða við almannafæri, skal vera nægilega traust og þeir, sem nota tækin, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

22. gr.

Um þakrennur og rennsli frá húsum, skal svo umbúið, sem mælt er fyrir í byggingarsamþykkt.

B. Ákvæði um akstur og ökutæki.

23. gr.

Þar sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

24. gr.

Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á vegi eða akbraut, eftir því sem við verður komið og þörf er á, vegna annarar umferðar.

Þar sem útsýni er slæmt, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er slæmt, skal ávallt aka við hægri brún vegar eða akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er. Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega er þeir beygja á vegi, eða aka frá vegarbrún, að það valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða móti koma.

Ekki má snúa ökutæki á vegi eða aka þeim afturábak, nema unnt sé að gera það án hættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

Gæta skal þess þegar stórar bifreiðar eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær.

25. gr.

Þegar tveir ökumenn stefna svo að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inná eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomið útsýni yfir veginn.

Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð, frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

Þeir sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstéttar, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inná.

Ökumönnum ber að draga úr hraða, eða nema staðar, ef nauðsyn krefur, vegna gangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

26. gr.

Ökuhraða skal ávalt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að akstur valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur, né geri þeim óþarfa tálmanir.

Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutækinu og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýni yfir.

Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 35 km. miðað við klukkustund.

Um ökuhraða utan þéttbýlis gilda ákvæði 50. gr. umferðalaga.

27. gr.

Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

28. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja þannig, að það valdi öðrum vegfarendum óþarfa hættu eða óþægindum. Leggja ber ökutæki utan vegar ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar miðað við aksturssstefnu. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.

Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum. Þegar ökumaður yfirgefur ökutæki skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa, né óviðkomandi flutt þau úr stað.

Þess skal vandlega gætt, þegar dyr ökutækis eru opnaðar að það valdi eigi hættu eða óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og er fólk fer í eða úr ökutæki.

29. gr.

Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar bendingar, til þess að vekja athygli vegfarenda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.

Skylt er að gefa merki um breytta aksturssstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merkin skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, sem hafa skulu þau tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því sem við á, eða á annan greinilegan ótvíræðan hátt.

Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma greinilega merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu ökuljós, en annars með því að rétta upp hönd, eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.

Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.

Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið að breyting á aksturstefnu eða hraða valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra.

Merkjagjöf leysir ekki ökumann undan varúðarskuldu.

30. gr.

Ljósmerki ökutækja skal vera frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði um ljósatíma gilda einnig í þoku, dimmviðri, snjókomu, steypiskúrum, ef ryk er á vegum, eða ef skyggni er takmarkað, af einhverjum öðrum orsökum.

Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er á eftir fer.

Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.

Þegar ekið er um vellýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.

Ef ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendrað stöðuljós. Önnur ökutæki sem þannig eru skilin eftir, skulu greinilega auðkennd með glitaugum af viðurkenndri gerð að framan og aftan.

31. gr.

Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram, til hliðar eða aftur, né hindri notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun. Ökumanni er skylt áður en hann ekur af stað, að hreinsa móðu, hrím, eða annað slíkt af rúðum ökutækisins, ljóskerum og númeraspjöldum og gæta þess að

halda þessu hreinu, meðan á akstri stendur. Ganga skal svo frá farmi að hann raskist ekki eða valdi óþrifnaði eða óþarfa hávaða. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og valdi eigi skemmdum.

Ef farmur eða hluti farms, fellur á veg, skal ökumanni skylt að þrífa slíkt upp þegar í stað.

Ef farmur nær aftur, fram eða út fyrir ökutæki, skal til viðvörunar festa greinilegt merki á ystu brún farmsins.

Ákvæði laga gilda að öðru leiti um hámarksbreidd- og hæð ökutækis og farms.

C. Sérreglur um bifhjól.

32. gr.

Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri samhliða á sömu akbraut. Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttar og gangstíga.

Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig gengið frá því, að eigi sé hætta á því að það falli þótt við það sé komið.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega 12 ára og eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðaverkstæði, eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.

D. Sérreglur um reiðhjól.

33. gr.

Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa báðar hendur á stýri og báðar fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

Heimilt er að aka reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól. Ekki má skilja eftir reiðhjól á almannafæri nema því sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun fyrir umferð.

Barni yngra en sjö ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðin sautján ára, flytja barn yngra en sjö ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um það búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðameiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðamerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

Reglur þessar gilda einnig fyrir létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum og ekki má flytja á því farþega. Ákvæði 32. gr. um notkun hlífðarhjálma gildir einnig fyrir ökumann létts bifhjóls.

E. Umferð gangandi vegfarenda.

34. gr.

Gangandi vegfarendur skulu nota gangstéttar og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim framhjá sér á vinstri hönd, er fram úr ganga.

Ef ekki er gangstígur eða gangstétt meðfram vegi, skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún, og aldrei fleiri en tveir samhliða.

Þar sem merkt gangbraut er yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávalt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

F. Umferð ríðandi manna og hestvagna.

35. gr.

Í þéttbýli skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegar eða götu. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Í þéttbýli má aldrei ríða hraðar en á hægu brokki. Þar mega aldrei ríða tveir menn eða fleiri samhliða og einn maður ríðandi má aldrei teyma fleiri en einn lausan hest. Hópferðir ríðandi manna í þéttbýli eru háðar leyfi lögreglustjóra.

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa framfyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn einhesta, ríða samhliða, né ríðandi maður teyma fleiri en tvö hross, má þá enginn annar ríða samhliða honum.

Taglhnýting hesta er bönnuð á vegum. Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

Bannað er að skilja eftir lausa hesta á vegi eða fyrir vagni eða sleða. Um akstur hestvagna gilda almenn ákvæði umferðalaga.

G. Um rekstur búfjár.

36. gr.

Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búféinu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar. Þá getur lögreglustjóri auglýst umferðartafir á einstökum vegum vegna reksturs sauðfjár.

IV. KAFLI

Um búfjárhald o. fl.

37. gr.

Í þéttbýli er allt búfjárhald bannað. Ef gripir ganga lausir í þéttbýli, sem er afgirt gripheldri girðingu, er skylt að handsama þá og koma þeim í geymslu á kostnað eiganda. Tjón, sem slíkir gripir valda á eignum manna skal að fullu bætt úr hendi eiganda gripanna og skal vera heimilt að selja gripina til greiðslu kostnaðar við handsömun og geymslu og til lúkningar skaðabóta. Sveitarstjórn skal hafa til vörslumann og forsvaranlegt geymsluplass fyrir slíka lausa gripi.

Ef sannað er að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni, skal í samráði við lögreglu gera ráðstafanir, sem duga til að koma í veg fyrir slíkt. Skal þá heimilt að lóga slíkum grip, ef með þarf.

38. gr.

Allt hundahald í þéttbýli er bannað, nema til sérþarfa, og að fenginni undanþágu frá lögreglustjóra.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns skal handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja daga og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slíkum dýrum, ef enginn vill hirða þau. Hundar sem ítrekað ganga lausir í þéttbýli skulu aflífaðir.

V. KAFLI

Ákvæði um fjallskil og ágang búfjár.

39. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Barðastrandarsýslu nr. 466. frá 7. júlí 1981, eins og þau eru nú eða síðar kynnu að verða. Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfjár síns, geitpenings, nautgripa, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum túnum, ökrum eða matjurtagörðum annarra. Eigandi eða umráðamaður gripa, sem tjóni valda, skulu bæta slíkt ásamt áföllnum kostnaði. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerð.

VI. KAFLI

Um friðum almenningseigna.

40. gr.

Mannvirki eða hlutir, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða til prýði á almannafæri, má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má, án sérstakrar heimildar, hrófla við leiðslum, stöðvum eða öðrum búnaði, sem starfrækt eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitu, rafveitu eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann tilkynna það þegar í stað lögreglu og hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að trufla eða tálma starfsemi lögreglu, slökkviliðs, hjálparsveita, eða annara þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

41. gr.

Enginn má troða eða skemma á nokkurn hátt ræktaða bletti, tún, engi, matjurtagarða, skrúðgarða manna eða einstaka plöntur, hvort, sem er girt eða ógirt. Enginn má heldur skemma girðingar eða klifra yfir eða upp þær.

42. gr.

Enginn óviðkomandi má hagnýta eða tileinka sér nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg veiðifugla eða fiska eða önnur hlunnindi án heimildar landráðanda. Þó mega ferðamenn notfæra sér hagabeit og berjatöku til neyslu á staðnum um stundarsakir, meðan á áningu eða hvíld stendur.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og umgengni.

43. gr.

Viðkomandi heilbrigðisnefndir, hver á sínu svæði, skulu hafa eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda, eða síðar kunna að verða settar.

44. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði, eða þar sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að hreinsa vandlega slíka staði að öllum óhroða og rusli, og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn. Gler má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi.

45. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess vandlega gætt, að skólpi eða öðru, sem óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

46. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri, í læki eða ár, hafnir innan hafnargarða, né fjörur, neins konar rusli eða úrgangi. Ekki má heldur skilja eftir á almannafæri grjót, möl, timbur eða annað byggingarefni, né neins konar rusl eða úrgang.

47. gr.

Eigi má hafa á almannafæri neitt það, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur. Allri atvinnustarfssemi skal haga þannig að gufa, reykur eða óþefur valdi almenningi ekki óþægindum.

48. gr.

Skepnum má aðeins slátra í húsum inni og skal þess vandlega gætt að aðrar skepnur sjái ekki til. Sláturstaður skal hreinsaður strax að slátrun lokinni. Bannað er að láta hund komast á blóðvöll, þegar slátrað er. Brot á þessu ákvæði er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landeiganda. Að öðru leyti vísast til laga nr. 30/1966 um slátrun og búnað sláturhúsa o. fl.

49. gr.

Í þéttbýli er bannað að setja upp girðingar úr gaddavír eða öðru slíku, sem getur valdið vegfarendum hættu eða óþægindum.

Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum, portum og öðrum umráðasvæðum sínum og hafa slíkt hreint og vel um gengið á hverjum tíma. Bannað er að hafa þakjárn, spýtnarusl eða annað slíkt, sem fokið getur laust úti. Bera eigendur ábyrgð á tjóni eða meiðslum sem af því geta hlotist. Þá ber landeigendum skylda til að taka upp lélegar girðingar, nælonnet og dræsur á almannafæri.

50. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þörf, að banna óþarfar samgöngur við skip, sem í höfn eru.

51. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað umferð ökutækja um bryggju og hafnarsvæði, eftir því sem þurfa þykir.

52. gr.

Lögreglustjóri getur, í samráði við barnaverndarnefnd, bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og bólvirki og ferðir út í skip og báta í höfn, ef þurfa þykir.

VIII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

53. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur setja upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem sveitarstjórn hefur látið, eða lætur festa á hús, til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef þurfa þykir.

54. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum eða öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöng og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með leyfi hlutaðeigandi húsráðanda. Slíkar auglýsingar verða þó að vara innan velsæmismarka.

55. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær, þeim óviðkomandi, óhreinka þær eða gera ólæsilegar á annan hátt.

Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar og aðrar lýsingar, sem valdið geta hættu eða óþægindum fyrir umferð.

IX. KAFLI

Um gisti- og veitingahús, samkomustaði og almennar skemmtanir.

56. gr.

Allir gisti- og veitingastaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku leyfi og eftirliti lögreglustjóra, enda sé gætt ákvæða heilbrigðissamþykkta, svo sem þær eru á hverjum tíma. Lögreglu skal heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru við reksturinn. Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

57. gr.

Hverjum sem hefur veitinga- og gistisölu á hendi, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem brýtur í bága við almennt velsæmi og góða reglu.

58. gr.

Á veitinga- og gististöðum má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða taka þátt í áhættuspili.

59. gr.

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

60. gr.

Skemmtanir sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun, sem fram á að fara á almennum skemmtistað, félagsheimili eða veitingahúsi eigi hún að standa lengur en til kl. 23.30. Að öðru leyti gildir ákvæði reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, eins og hún er nú eða síðar kann að verða.

61. gr.

Sérhver sem sjúkling hefur á heimili sínu, getur farið fram á að bannað sé að halda almennar samkomur, sem háreysti geta valdið nærri húsi hans, ef hinum sjúka getur stafað hætta af ónæðinu.

62. gr.

Kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir slík leyfi sem greiða skal í sveitarsjóð. Lögreglustjóri getur veitt leyfi, til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið til sveitarsjóðs.

63. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi hvort sem það eru kvikmyndir eða skuggamyndir, getur lögreglustjóri bannað sýningu þeirra. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft slæm áhrif eða valdið ótta.

X. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, refsingar, kostnað o. fl.

64. gr.

Samþykkt þessi gildir í Austur-Barðastrandarsýslu í þéttbýli og dreifbýli, eftir því sem við á.

65. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála. Brot skulu varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Sektir álagðar samkvæmt samþykktinni renna í ríkissjóð.

66. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir, til að hindra að aðgerðaleysi valdi tjóni. Allan kostnað, sem leiðir af aðgerðum lögreglustjóra, til að hindra brot á samþykktinni, greiðir hinn seki.

67. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykktinni, sem eigi verður greiddur af einstökum mönnum, skal greiða úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um umferð á Flateyri.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Flateyrarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er eftirfarandi ákveðið:

Einstefnuakstur skal vera á Bárugötu frá Brimnesvegi að Grundarstíg.

31. desember 1984.
Lögreglustjórinn á Flateyri.

Pétur Kr. Hafstein.

28. desember 1984 Nr. 506

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n.k. til 31. ágúst 1985:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 st. í lb.:	**SDR pr. lb. cif.**
Blokkfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,912
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,052
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,556

Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,783
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,912
500 g vatnshúðuð, sérfryst	3,228
200 g vatnshúðuð, sérfryst	3,391

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðlagsgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n. k. til 31. ágúst 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n. k. til 31. ágúst 1985:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	**U.S. $ pr. lb. cif.**
Færri en 60 st. í lb.	3,40
Fleiri en 60 st. í lb. og óflokkað	3,15
Hálfhreinsaður	1,55
Rauður og brotinn	1,90

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1984.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

Nr. 508 21. desember 1984

SAMÞYKKT

um hundahald á Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Hundahald er bannað á Grenivík nánar tiltekið frá Grenivíkurhólum að Grenjá.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1984.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugleiðum hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Reykjavík — Patreksfjörður — Reykjavík
2. Reykjavík — Þingeyri — Reykjavík
3. Reykjavík — Ísafjörður — Reykjavík
4. Reykjavík — Sauðárkrókur — Reykjavík
5. Reykjavík — Akureyri — Reykjavík
6. Reykjavík — Húsavík — Reykjavík
7. Reykjavík — Raufarhöfn — Reykjavík
8. Reykjavík — Þórshöfn — Reykjavík
9. Reykjavík — Egilsstaðir — Reykjavík
10. Reykjavík — Neskaupstaður — Reykjavík
11. Reykjavík — Hornafjörður — Reykjavík
12. Reykjavík — Fagurhólsmýri — Reykjavík
13. Reykjavík — Vestmannaeyjar — Reykjavík

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Patreksfjörður — Ísafjörður — Patreksfjörður
2. Þingeyri — Ísafjörður — Þingeyri
3. Sauðárkrókur — Húsavík — Sauðárkrókur
4. Akureyri — Húsavík — Akureyri
5. Egilsstaðir — Hornafjörður — Egilsstaðir
6. Hornafjörður — Fagurhólsmýri — Hornafjörður

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

28. desember 1984 Nr. 510

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Ernir hf., Ísafirði, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á leiðinni Ísafjörður — Hólmavík — Gjögur — Ísafjörður, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Ísafjörður — Reykjanes — Arngerðareyri — Melgraseyri — Bæir — Ísafjörður
2. Ísafjörður — Reykjanes — Reykhólar — Ísafjörður
3. Ísafjörður — Þingeyri — Ísafjörður
4. Ísafjörður — Súgandafjörður — Ísafjörður
5. Ísafjörður — Flateyri — Ísafjörður
6. Ísafjörður — Bíldudalur — Ísafjörður
7. Ísafjörður — Patreksfjörður — Ísafjörður
8. Ísafjörður — Ingjaldssandur — Ísafjörður
9. Ísafjörður — Stykkishólmur — Ísafjörður
10. Patreksfjörður — Stykkishólmur — Patreksfjörður

Samgönguráðuneytið, 28. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 511 31. desember 1984

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Arnarflugi hf., Reykjavík, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vorur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Reykjavík — Rif — Reykjavík
2. Reykjavík — Grundarfjörður — Reykjavík
3. Reykjavík — Stykkishólmur — Reykjavík
4. Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík
5. Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík
6. Reykjavík — Bíldudalur — Reykjavík
7. Reykjavík — Flateyri — Reykjavík
8. Reykjavík — Suðureyri — Reykjavík
9. Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík
10. Reykjavík — Gjögur — Reykjavík
11. Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík
12. Reykjavík — Blönduós — Reykjavík
13. Reykjavík — Siglufjörður — Reykjavík

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir
3. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir
4. Egilsstaðir — Djúpivogur — Höfn — Egilsstaðir

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir
2. Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir
3. Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólsmýri — Höfn — Egilsstaðir
4. Egilsstaðir — Breiðdalsvík — Höfn — Breiðdalsvík — Egilsstaðir
5. Egilsstaðir — Breiðdalsvík — Reykjavík — Breiðdalsvík — Egilsstaðir

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

31. desember 1984 Nr. 513

AUGLÝSING

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1989:

1. Akureyri — Ísafjörður — Akureyri
2. Akureyri — Siglufjörður — Akureyri
3. Akureyri — Grímsey — Akureyri
4. Akureyri — Kópasker — Akureyri
5. Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri
6. Akureyri — Þórshöfn — Akureyri
7. Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri
8. Akureyri — Egilsstaðir — Akureyri
9. Akureyri — Mývatn — Akureyri
10. Akureyri — Mývatn — Reykjavík — Mývatn — Akureyri
11. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Akureyri — Húsavík — Akureyri
2. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri
3. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 514

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tónlistarsjóð Ármanns Reynissonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 18. júní 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

Mín hæsta sorg og mín æðsta gleði
þær hittast á söngvanna hæðum.
E.B.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónlistarsjóð Ármanns Reynissonar.

Ég undirritaður, Ármann Reynisson, nnr. 0442-3208, Smáragötu 5, Reykjavík, stofna hér með skipulagsskrá þessari sjóð:

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Tónlistarsjóður Ármanns Reynissonar. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tónskáld til að semja ný tónverk og styrkja flutning tónlistar innan lands eða utan.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 —eitt hundrað þúsund—. Höfuðstóllinn skal vera óskertur, en heimilt er að veita við fyrstu styrkveitingu allt að kr. 60 000,00. Vöxtum af höfuðstól ásamt síðari fjárframlögum má verja að hluta til styrkveitinga.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt sem formaður telur réttast hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og skal stofnandi sjóðsins, Ármann Reynisson, vera formaður stjórnar svo lengi sem hann kýs, en hafa rétt til að tilnefna mann í sinn stað, ef hann af einhverjum ástæðum getur ekki gegnt störfum í sjóðstjórn. Aðrir stjórnarmenn

skulu vera eitt ár í senn í stjórn sjóðsins. Sá sem hlýtur starfslaun úr sjóðnum skal taka sæti í stjórn næsta ár á eftir. Stjórn sjóðsins hverju sinni tilnefnir þrjá meðstjórnendur fyrir næsta ár. Utan formanns skal enginn sinna stjórnarstörfum lengur en eitt ár í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal úthluta einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum árlega og skal stefnt að því, að fjárhæð hverrar styrkveitingar sé að raunvirði a. m. k. jafn há og fjárhæð fyrstu úthlutunar. Stjórn sjóðsins skal leita umsagnar minnst tveggja sérfróðra manna um umsóknir.

7. gr.

Áliti stjórnin engan umsækjanda hæfan eða aðrar forsendur úthlutunar ekki fyrir hendi, leggst úthlutunarupphæðin inn á höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Styrki úr sjóðnum skal auglýsa til umsóknar minnst tveim mánuðum fyrir úthlutun og skal stefnt að því að úthlutunin fari fram í júníbyrjun ár hvert. Í tilefni stofnunar sjóðsins er heimilt að úthluta styrk úr sjóðnum án umsóknar fyrir árið 1984.

9. gr.

Þegar stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun um styrkveitingu, sem ætluð er til samningar tónverks eða flutnings, skal gerður samningur við listamann. Áskilið er, að á titilblaði tónverksins skuli frá því greint, að við samningu þess hafi listamaðurinn notið styrks frá sjóðnum og í tónleikaskrá þegar verkið er flutt. Þegar styrkur er veittur til flutnings tónlistar skal geta þess í tónleikaskrá að flutningurinn hafi notið styrks úr sjóðnum.

10. gr.

Falli Ármann Reynisson frá skal um val formanns sjóðsstjórnar farið eftir fyrirmælum hans, ef þeim er til að dreifa, en ella skal lögmaður hans tilnefna formann og skal formaður einnig vera fjármálastjóri sjóðsins.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum hans innan tveggja mánaða frá lokun almanaksársins og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til byggingar tónlistarhúss eða eflingu þess ef byggingu slíks húss er lokið á því tímamarki.

13. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi má þó aldrei breyta.

14. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1984.
Ármann Reynisson.

Vottar:
Baldvin Tryggvason
Ólöf Pálsdóttir
Áskell Mason.

GJALDSKRÁ

vegna geislavarnaeftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins fyrir árið 1985.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1985, sem Hollustuvernd ríkisins innheimtir og falla í gjalddaga 1. febrúar 1985 með eindaga 31. mars 1985, verða sem hér segir:

	Kr.
1. **Röntgenskoðunartæki** (diagnostik)	
a. Föst tæki — myndataka	3 030,00
b. Föst tæki — skyggning	4 040,00
c. Aukalampar	910,00
d. Móbíltæki	2 495,00
e. Tannröntgentæki	2 495,00
2. **Röntgenlækningatæki** (terapi)	
Geislalækningatæki	6 750,00
3. **Röntgentæki í iðnaði**	
Iðnaðartæki	3 030,00
4. **Geislavirk efni**	
Fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð	2 495,00
5. **Önnur tæki**	
Nifteindatæki	7 000,00
Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1—4	2 495,00
6. **Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.**	
a. Filmumælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	610,00
b. TLD mælingar vegna starfsfólks, fyrir hvern starfsmann	1 220,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í lögum nr. 85/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum sbr. lög nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra hefur aðstoðarmann til að vinna að sérstökum verkefnum.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur sem skrifstofustjórar stýra undir stjórn ráðuneytisstjóra og er einn þeirra staðgengill hans. Í hverri skrifstofu starfa deildir sem deildarstjórar stýra undir stjórn skrifstofustjóra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Háskóla- og menningarmálaskrifstofa.

Skrifstofan fjallar um almenn menningarmál sem heyra undir ráðuneytið og um vísinda- og háskólamálefni. Til almennra menningarmála telst m. a. stuðningur við listir og útgáfustarfsemi, safnamál, útvarps- og sjónvarpsmál, íþrótta- og æskulýðsmál, náttúruverndarmál. Einnig annast skrifstofan lögfræðileg málefni, þ. á m. höfundaréttarmál, svo og barnaverndarmál og mál er varða námslán og námsstyrki. Skrifstofan fjallar um norrænt og alþjóðlegt menningarsamstarf í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m. a. Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi, opinber söfn, þ. á m. almenningsbókasöfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og ýmsar vísindastofnanir, opinberir sjóðir til stuðnings menningarstarfsemi, Náttúruverndarráð, Barnaverndarráð Íslands, Kvikmyndaeftirlit.

Skólamálaskrifstofa.

Skrifstofan fer með öll skólamál að háskólastigi, m. a. þróunarmál, námstjórn og annað faglegt eftirlit, námskrárgerð, skipulagsmál og starfsmannahald skóla. Einnig safnar skrifstofan og gefur út upplýsingar um skólastarf og gerir tillögur um aðbúnað og uppbyggingu á því sviði.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m. a. fræðsluskrifstofur, forskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, sérskólar, skólar fyrir börn og unglinga með sérþarfir, dagvistunarstofnanir, Námsgagnastofnun og Iðnfræðsluráð. Ennfremur fellur undir verksvið skrifstofunnar almenn fræðslustarfsemi, t. d. fullorðinsfræðsla.

Fjármálaskrifstofa.

Skrifstofan fjallar um öll fjármál sem undir ráðuneytið heyra. Undir verksvið hennar fellur m. a.: Áætlanagerð vegna rekstrar- og stofnkostnaðar með tilliti til fjárlagagerðar, árlegar greiðslu- og framkvæmdaáætlanir, svo og langtímaáætlanir, m. a. um gerð skólamannvirkja, samningsgerð um byggingar og rekstur skóla.

Ennfremur endurskoðar skrifstofan reikninga vegna rekstrar- og stofnkostnaðar og úrskurðar þá og hefur á hendi fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnana er undir ráðuneytið heyra, hefur umsjón með greiðslum, bókhaldi og reikningsskilum fyrir ráðuneytið og sjóði á þess vegum og veitir upplýsingar um stöðu fjárveitinga.

Þá hefur skrifstofan ennfremur umsjón með ýmsum þjónustuverkefnum í ráðuneytinu, svo sem skjala- og símavörslu, upplýsinga- og tölvuþjónuustu, svo og almenna umsjón með eignum og tækjum í eigu ráðuneytisins.

Deildir.

Þessar deildir skulu starfa innan hverrar skrifstofu:

Háskóla- og menningarmálaskrifstofa:

Háskóla- og alþjóðadeild.
Safna- og listadeild.
Íþrótta- og æskulýðsmáladeild.

Skólamálaskrifstofa:

Grunnskóladeild.
Skólaþróunardeild.
Verk- og tæknimenntunardeild.
Framhaldsskóladeild.

Fjármálaskrifstofa:

Áætlana- og fjármáladeild.
Byggingadeild.
Greiðslu- og bókhaldsdeild.
Í erindisbréfum fyrir deildir og/eða deildarstjóra komi fram verkaskipting milli deilda.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Hver skrifstofa hefur forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá og um að koma upplýsingum til ráðherra og ráðuneytisstjóra. Gert er ráð fyrir nánu samráði milli skrifstofustjóra og deildarstjóra innan hverrar skrifstofu.

Alþjóðleg samskipti í skóla- og menningarmálum eru í höndum háskóla- og menningarmálaskrifstofu, en samráð skal haft við aðrar skrifstofur ráðuneytisins eftir eðli samskiptanna hverju sinni.

Gerð námsefnis fyrir grunnskóla flyst til Námsgagnastofnunar.

Felld er úr gildi tilkynning um „Menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur“ frá 7. maí 1971, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Innheimtustöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

1. Nafn og aðsetur.

1.1 Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga, skammstafað IHM. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

2.1 Innheimtumiðstöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 11. gr. 3. og 4. mgr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu.

2.2 Innheimtumiðstöðin hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:

1. Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundarlaganna og skipta þeim milli aðildarfélaganna.
2. Að annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
3. Að samhæfa kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og gera samninga á þessu sviði.

3. Aðild.

3.1 Aðilar að samtökum þessum eru: STEF, samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda og Rithöfundasamband Íslands. Önnur félög geta sótt um aðild enda teljast þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði.

4. Skipulag.

4.1 Stjórn samtakanna skipa fimm menn, tveir tilnefndir af STEFi, tveir frá SFH og einn frá Rithöfundasambandinu. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í 2 ár.

4.2 Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna. Fundi skal halda með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða einn stjórnarmanna óskar þess.

4.3 Hver stórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar formaður og tveir meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.

4.4 Fulltrúaráð samtakanna skipa tveir menn og einn til vara tilnefndir til tveggja ára af hverju aðildarsambandi svo og stjórnarmenn samtakanna. Varamenn taka sæti aðalfulltrúa í ráðinu í forföllum.

4.5 Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:

1. Að ákveða í aðalatriðum störf og stefnu Innheimtumiðstöðvarinnar.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi hennar.
3. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.

Ákvörðun skv. 4.5.1 og 4.5.3 verður því aðeins tekin í fulltrúaráðinu að ¾ greiði því atkvæði sitt.

4.6 Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í maímánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.
Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál:
1. Skýrslu stjórnar.
2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
3. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
4. Skýrt frá tilnefningu stjórnar og varamanna sbr. 4.1.
5. Kosningu tveggja endurskoðenda.
6. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.
7. Önnur mál.

Fulltrúaráðið skal einnig koma saman á hausti hverju eigi síðar en 1. desember. Sá fundur skal fjalla um fjárhagsáætlun næsta árs. Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a. m. k. 1 aðildarsamband óskar þess.
Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

4.7 Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið.

5. Meðferð fjármála.

5.1 Eftir að lagt hefur verið til hliðar fé til greiðslu rekstrarkostnaðar skal skipta rekstrarafgangi félagsins, að frádregnu 15% framlagi í menningarsjóð, á milli aðildarfélaganna sbr. 11. gr. höfundalaga 4. mgr. Fénu skal skipt milli félaganna í þessum hlutföllum: STEF 39 hundraðshluta, SFH 54 hundraðshluta og Rithöfundasamband Íslands 7 hundraðshluta. Hvert aðildarsamband ráðstafar sínum hluta samkvæmt reglum, sem í gildi eru í hverju félagi fyrir sig. Úthluta skal einstaklingsbundið til rétthafa þar sem því verður við komið. Endurskoða skal skiptingu milli aðildarfélaga þegar aðildarfélögin eru orðin fleiri en þrjú. Einnig þegar eitthvert aðildarsamtakanna krefst þess. Náist ekki samkomulag þeirra allra, skal gerðardómur skv. 6.1 og 6.2 skera úr ágreiningi.
Stjórn IHM fer jafnframt með stórn menningarsjóðs ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

5.2 Samtökin geta falið annarri innheimtustofnun höfunda innheimtu gjalda skv. 1. gr. þessarar samþykktar, ef slíkt telst hagkvæmt gegn hæfilegum innheimtulaunum sem samkomulag verður um.

6. Gerðardómur.

6.1 Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst til, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem séfróðir eru á sviði höfundaréttar.

6.2 Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verð fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Öðru leyti gilda reglurnar í lögum á meðferð einkamála í héraði.

Aðildarfélögin tilnefna tvo menn í gerðardóm. Þriðji gerðardómsmaður skal skipaður af menntamálaráðherra skv. tilnefningu höfundaréttarnefndar.
Nái aðildarfélögin ekki samkomulagi um skipan gerðardómsmanns eða gerðardómsmanna skal hann eða þeir skipaðir af borgardómara í Reykjavík.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

7.1 Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, ¾ hluta atkvæða á fundi, þar sem minnsta kosti ⅘ hlutar aðildarfélaganna eru mættir.

7.2 Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af ¾ hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir rétthafa.

F. h. Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar.
Sig. Reynir Pétursson.

F. h. Rithöfundasambands Íslands.
Ragnar Aðalsteinsson.

F. h. Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda.
Sverrir Garðarsson.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með.

Menntamálaráðuneytið, 10. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

14. desember 1984 Nr. 518

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagsuppdrætti af hluta Suður-Seláss í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 14. desember 1984 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af hluta Suður-Seláss í Reykjavík, sjá fylgiskjal, með þeim fyrirvara að jarðvegsgarður meðfram Suðurlandsvegi verði hvergi nær miðlínu endanlegs vegar en 30 metrar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem Skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1984.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.


SUÐUR-SELÁS
BREYTING Á DEILISKIPULAGI SEM VAR STAÐFEST 4. X. 1977
EINBÝLISHÚS
RAÐHÚS
KEÐJUHÚS
FJÖLBÝLISHÚS
BÍLASTÆÐI/HÚS
ÚTIVISTARSVÆÐI
BORGARSKIPULAG REYKJAVÍKUR
1:1000

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 615/1980 fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. samþykkt nr. 496/1981 um breyting á þeirri samþykkt.

1. gr.

3. mgr. A-liðs 4. gr. hljóði þannig: Hlutafé er allt jafn rétthátt.

2. gr.

2. tl. 1. mgr. B-liðs 4. gr. falli niður.

3. gr.

2. ml. 2. mgr. D-liðs 4. gr. falli niður.

4. gr.

2. mgr. 5. gr. falli niður.

5. gr.

3. mgr. 5. gr. hljóði þannig:

1) Í hlutafélagi skal greina: Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
2) Nafnverð þess og töluröð.
3) Nafn hluthafa.
4) Útgáfudag hlutabréfs.

6. gr.

2. tl. 6. gr. hljóði þannig:
Nafnverð þess og töluröð.

7. gr.

9. gr. hljóði þannig:

Nú glatast hlutabréf og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf til eiganda, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali. Bankaráð skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráð telur nægilega sannað að bréfið hafi glatast. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður ekki villst um tölu þess eða efni, getur bankaráð gefið út til aðila, á hans kostnað, nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

8. gr.

2. ml. 17. gr. falli niður.

9. gr.

1. mgr. 18. gr. hljóði þannig:

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og skal til hans boðað með auglýsingu er birt sé í Lögbirtingablaði lengst fjórum vikum og skemmst tveimur vikum fyrir fund, talið frá birtingu.

10. gr.

1. mgr. 20. gr. hljóði þannig:

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu á aðalfundi hluthafa ár hvert, aðalmenn fyrst, en varamenn síðar. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir, þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast.

11. gr.

31. gr. hljóði þannig:

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi. Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst ⅔ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst ⅔ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á aðalfundinum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf. hinn 26. apríl 1984.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands hf.

Davíð Scheving Thorsteinsson **Sveinn Valfells** **Gunnar Guðmundsson**
Sigurður Kristinsson **Brynjólfur Bjarnason**

Framangreindar breytingar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Á. Matthiesen.

Björn Líndal.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1984

15. ágúst 1984 853 Nr. 520

REGLUR

um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

EFNISYFIRLIT

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr. Skilgreiningar.
2. gr. Gildissvið.
3. gr. Undanþágur.
4. gr. Almenn aðgæsla.

2. KAFLI

Reglur um varnir gegn olíumengun.

1. Hluti: Almenn ákvæði.
   1. gr. Skilgreiningar.
   2. gr. Gildissvið.
   3. gr. Teikningar og eftirlit.
   4. gr. Olíumengunarvarnaskírteini.
2. Hluti: Eftirlit með mengunarvörnum.
   5. gr. Varnir gegn olíumengun, sem er afleiðing af rekstri skipa.
   6. gr. Um kjölfestu og hreinsun farmgeyma olíuflutningaskipa.
   7. gr. Hreinsun og meðhöndlun olíugeyma frá farmgeymum olíuflutningaskipa.
   8. gr. Búnaður til söfnunar og meðhöndlunar á olíuúrgangi og olíukenndum blöndum um borð.
   9. gr. Búnaður til losunar á olíu og olíuúrgangi í landi.
   10. gr. Skiptigeymar og stafngeymar.
3. Hluti: Ráðstafanir til að takmarka olíumengun frá olíuflutningaskipum við árekstur eða strand.
   11. gr. Takmörkun á stærð og fyrirkomulagi farmgeyma.
   12. gr. Um vatnsþétt skilrúm og stöðugleika.
4. Hluti: Olíudagbók.
   13. gr. Skip, sem færa skulu olíudagbók.
   14. gr. Notkun olíudagbókar.
   15. gr. Færslur olíudagbókar.

3. KAFLI

Refsingar og gildistaka.

1. gr. Refsingar.
2. gr. Gildistaka.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er:

1.1. „Mengun sjávar" skilgreind sem losun efnis í sjó, ef slík athöfn getur stofnað heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt þokka umhverfisins eða raskað lögmætri nýtingu hafsins.

1.2. „Skip" skilgreint sem sérhvert fljótandi far, þar með talin skíðaskip, svifskip, kafbátar og fastir eða fljótandi pallar.

1.3. „Losun" skilgreind sem sérhver athöfn, er leiðir til þess að efni eða efnasambönd fari í sjó frá skipum, án tillits til tegundar og eðlis efnisins eða efnanna, ástæðna eða aðstæðna (þ. e. losun, leki, óhöpp o. s. frv.)

1.4. „Viðurkennt" skilgreint sem viðurkennt af Siglingamálastofnun ríkisins.

1.5. „Samningurinn" skilgreindur sem „Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum" frá 1973 ásamt bókun frá 1978. (Marpol 1973/1978).

1.6. „Hím" skilgreint sem „hlutar í milljón", þ. e. magn efnis í efnablöndu mælt í milljónustu hlutum blöndunnar.

2. gr.

Gildissvið.

2.1. Reglur þessar ná til allra íslenskra skipa og þeirra erlendu skipa, sem eru í mengunarlögsögu Íslands, nema í þeim tilvikum, er um getur í 3. grein.

3. gr.

Undanþágur.

Undanþegin frá ákvæðum 2. greinar hér að ofan eru:

3.1. Skip, sem gegna störfum í opinberri þjónustu, í þeim tilvikum, að störf þeirra séu þess eðlis, að reglur þessar valdi umtalsverðum óþægindum eða séu vart framkvæmanlegar í reynd.

3.2. Skip, sem stödd eru í yfirvofandi hættu eða sem taka þátt í björgunaraðgerðum.

3.3. Skip, sem orðið hafa fyrir óhöppum eða áföllum, þegar öllum tiltækum ráðum, bæði fyrir og eftir óhappið, hefur verið beitt til þess að draga úr mengunarhættu, eða takmarka afleiðingar fyrirsjáanlegrar mengunar.

4. gr.

Almenn aðgæsla.

4.1. Allir þeir, er reglur þessar varða, skulu sýna fyllstu aðgæslu í störfum og gera það, sem í þeirra valdi stendur til að fyrirbyggja mengun sjávar frá skipum og jafnframt leitast við að draga úr umfangi og áhrifum mengunar, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

2. KAFLI

Reglur um varnir gegn olíumengun.

1. HLUTI:

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1.1. „Olía" merkir jarðolíu í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, brennsluolía, sori, olíuúrgangur og unnin olía svo og efni þau, sem skráð eru í fylgiskjali 1 við 1. viðauka samningsins.

1.2. „Olíukennd blanda“ er blanda, sem inniheldur olíu.
1.3. „Eldsneytisolía“ er sérhver olíutegund, sem notuð er sem eldsneyti til að drífa gangvélar skipsins.
1.4. „Nýtt skip“ merkir í kafla þessum:
1.4.1. Skip, sem samið hefur verið um smíði á eftir 31. desember 1975, **eða**
1.4.2. Skip, sem hafin er smíði á eftir 30. júní 1976, án smíðasamnings **eða**
1.4.3. Skip, sem afhent er eftir 31. desember 1979, **eða**
1.4.4. Skip, sem gerðar hafa verið á umtalsverðar breytingar, ef um þær hefur verið samið eftir 31. desember 1975, eða þær hafnar eftir 31. júní 1976, án smíðasamnings, **eða** þeim lokið eftir 31. desember 1979.
1.5. „Gamalt skip“ merkir skip sem er ekki nýtt skip.
1.6. „Olíuflutningaskip“ merkir skip, með farmrúm byggt eða útbúið sérstaklega til þess að flytja olíufarm, og er þá einnig átt við „efnaflutningaskip“ eins og það er skilgreint í 2. viðauka samningsins, þegar það flytur olíu.
1.7. Varðandi geyma í skipum fyrir olíuúrgang eða olíukennda blöndu gilda eftirfarandi skilgreiningar:
1.7.1. „Dregggeymir“ er geymir sérstaklega ætlaður fyrir oíluúrgang og olíublandaðan vökva frá farmeymum olíuflutningaskipa.
1.7.2. „Söfnunargeymir“ er geymir sérstaklega ætlaður fyrir úrgangsolíu, sem fellur frá í vélarúmum skipa, við eðlilega starfrækslu.
1.7.3. „Sorageymir“ er geymir sérstaklega ætlaður fyrir úrgang (sora) frá skilvinduhreinsun á eldsneytisolíum og smurolíum.
1.7.4. „Skiptigeymir“ er geymir, sem notaður er jöfnum höndum fyrir eldsneytisolíu skipsins og sjó til aukinnar kjölfestu.
1.8. „Aðskilin kjölfesta“ merkir vatnskjölfestu, sem dælt er í geymi, sem ekki er tengdur við farm- eða eldsneytisgeyma skipsins og eingöngu ætlaður til flutnings á kjölfestu eða farmi, öðrum en olíu og skaðlegum efnum.
1.9. Þar sem er í reglunum er minnst á „sérhafsvæði“ er átt við eftirfarandi hafsvæði, sem afmarkast nánar tiltekið samkvæmt 10. reglu í 1. viðauka samningsins:
a) Miðjarðarhaf.
b) Eystrasalt.
c) Svartahaf.
d) Rauðahaf.
e) Persaflói.

2. gr.
Gildissvið.

2.1. Reglur þær, sem um getur í þessum kafla, skulu gilda fyrir öll skip, nema annað sé tekið fram.
2.2. Skip, önnur en olíuflutningaskip, sem búin eru sérstökum farmgeymum til olíuflutninga, sem nema 200 m^3 eða meiru, skulu í þeim atriðum er varða smíði, búnað og notkun slíkra geyma, uppfylla ákvæði reglna 9, 10, 14, 15 (1), 15 (2), 15 (3), 18, 20 og 24 (4) í 1. viðauka samningsins. Í þeim tilvikum að geymarnir eru minni en 1000 m^3 er heimilt að láta ákvæði greinar 15 (4) í 1. viðauka gilda í stað greinar 15 (1), 15 (2) og 15 (3).
2.3. Þegar farmur, sem fellur undir ákvæði 2. viðauka samningsins, er fluttur í olíuflutningaskipi, skulu viðeigandi ákvæði þess viðauka gilda.
2.4. Þegar um er að ræða svifskip, kafbáta eða aðra farkosti, sem gerðar sinnar vegna eða með hliðsjón af notkun, þykir óeðlilegt og óréttmætt að láta ákvæði

samningsins ná til, getur Siglingamálastofnun ríkisins gefið undanþágu frá ákvæðum kafla II og III í 1. viðauka samningsins, eftir því sem við á.

2.5. Allar upplýsingar um veittar undanþágur frá ákvæðum samningsins, skulu skráðar á skírteini það, sem um getur í 4. gr. þessa kafla. Sé eigi skylt að hafa um borð í skipi alþjóðlegt mengunarvarnaskírteini, sbr. 4. gr. skal undanþágunnar getið á haffærisskírteini skipsins.

3. gr.

Teikningar og eftirlit.

3.1. Búnaður til notkunar við varnir gegn olíumengun sjávar skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins. Senda skal stofnuninni teikningar af búnaði hvers nýs skips og skips sem fyrirhugað er að gera verulegar breytingar á, til samþykktar í þremur eintökum. Teikningar skulu sýna eftir aðstæðum:

3.1.1. Stærð, gerð og staðsetningu olíu-vatnsskiljara og dælubúnaðar við skiljarann.

3.1.2. Staðsetningu, stærð og gerð dregggeyma og röralagna til og frá þeim.

3.1.3. Stærð söfnunar- og sorageyma ásamt röralögnum.

3.1.4. Fyrirkomulag til losunar á innihaldi söfnunar-, sora- og dregggeyma frá borði til móttökustöðva í landi.

3.1.5. Fyrirkomulag kjölfestugeyma olíuflutningaskipa og skiptigeyma annarra skipa.

3.2. Skoðanir og eftirlit með því, að reglunum sé framfylgt eru í umsjá Siglingamálastofnunar ríkisins, og skal sérhvert olíuskip 150 brl. og stærra, svo og sérhvert annað skip 400 brl. og stærra, vera háð eftirtöldum skoðunum:

a) **Upphafsskoðun mengunarvarnabúnaðar** áður en skipið er tekið í notkun eða áður en alþjóðlegt mengunarvarnaskírteini, skv. 4. grein þessarra reglna, er gefið út í fyrsta sinn til skipsins.

b) **Aðalskoðun mengunarvarnabúnaðar,** sem framkvæmd er eigi sjaldnar en einu sinni á 5 ára fresti, til að endurnýja alþjóðlegt meðgunarvarnaskírteini skv. 4. gr.

c) **Aukaskoðun mengunarvarnabúnaðar,** sem framkvæmd er á milli aðalskoðana. Eigi má líða lengri tími en 3 ár frá síðustu aðalskoðun til aukaskoðunar, né 3 ár frá síðustu aukaskoðun til næstu aðalskoðunar.

4. gr.

Olíumengunarvarnaskírteini.

4.1. Öll íslensk olíuflutningaskip 150 brl. og stærri og öll önnur íslensk skip 400 brl. og stærri, sem sigla til erlendra hafna, skulu hafa um borð alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini (IOPP-skírteini). Skírteini þessu skal fylgja viðfest skrá um mengunarvarnabúnað skipsins. Ákvæði þetta tekur strax gildi, að því er varðar ný skip, en ekki fyrr en 2. október 1984, hvað varðar gömul skip. Útgáfa skírteinis er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins. Útgáfa skírteinis og afhending fer fram að undangenginni upphafs- eða aðalskoðun á mengunarvarnabúnaði skipsins og því aðeins, að gildandi reglum sé fullnægt. Skírteinið skal endurnýja á 5 ára fresti miðað við útgáfudag. Áritun þess efnis að aukaskoðun hafi farið fram, og búnaður skipsins reynst í lagi, skal gerð á skírteinið.

4.3. Mengunarvarnaskírteini fellur úr gildi, ef

4.3.1. aukaskoðun mengunarvarnabúnaðar er ekki framkvæmd á tilsettum tíma.

4.3.2. umtalsverðar breytingar eru gerðar á skipinu, búnaði þess og öryggiskerfi.

4.3.3. viðkomandi skip er tekið út af íslenskri skipaskrá.

4.4. Skipstjórum íslenskra og erlendra skipa ber að kröfu starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins, hafnarstarfsmanna eða starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands að leggja fram mengunarvarnaskírteini það, er hér um ræðir, þegar þess er óskað og þegar skipið er statt innan íslenskrar mengunarlögsögu.

4.5. Skipstjórum íslenskra skipa ber einnig að fylgja ákvæðum greinar 4.4. hér að ofan gagnvart erlendum yfirvöldum.

2. HLUTI
Eftirlit með mengunarvörnum.

5. gr.
Varnir gegn olíumengun, sem er afleiðing af rekstri skipa.

5.1. Öll losun olíu eða olíukenndrar blöndu í sjó frá skipum er stranglega bönnuð.

5.2. Undanþegin ákvæðum greinar 5.1. eru:

5.2.1. Olíuflutningaskip, að öðru leyti en um getur í grein 5.2.2. og að því tilskildu, að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt.
- a) Skipið er ekki statt á sérhafsvæði.
- b) Skipið er meira en 50 sjómílur frá landi.
- c) Skipið er á ferð.
- d) Olíumagn það, sem losað er í sjó, er minna en, sem nemur 60 lítrum á hverja siglda sjómílu.
- e) Ef um gamalt skip er að ræða, má heildarmagn losaðrar olíu í sjó í hverri ferð skipsins ekki vera meira en 1/15000 af farmi skipsins. Ef um nýtt skip er að ræða, má heildarmagnið, sem losað er í hverri ferð ekki vera meira en 1/30000 af farmi skipsins.
- f) Skipið er búið viðurkenndum olíumagnmæli og stjórnbúnaði til varnar olíumengun í samræmi við reglur þessar og dregggeymi fyrir olíuúrgang samkvæmt 7. grein þessa kafla.

5.2.2. Olíuflutningaskip, þegar um er að ræða austur úr vélarúmi, og að því tilskildu, að öllum skilyrðum greinar 5.2.3. sé fullnægt.

5.2.3. Skip, önnur en olíuflutningaskip, 400 brl. og stærri, að því tilskildu, að öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- a) Skipið er ekki statt á sérhafsvæði.
- b) Skipið er meira en 12 sjómílur frá landi.
- c) Skipið er á ferð.
- d) Olíumagn í blöndunni, sem losuð er í sjóinn er minna en 100 hím.
- e) Skipið er búið viðurkenndum olíumagnmæli og stjórnbúnaði til varnar olíumengun, olíu-vatnsskiljara, olíusíubúnaði samkvæmt 8. grein.

5.3. Skip, önnur en olíuflutningaskip, minni en 400 brl., sem sigla utan þeirra sérhafsvæða, sem um getur í reglu 10 í 1. viðauka samningsins, skulu eftir því sem við verður komið, fullnægja skilyrðum greinar 5.1 og 5.2.3 um losun í sjó eða að öðrum kosti losa olíuúrgang og olíukenndar blöndur til móttökustöðva í landi.

5.4. Losun olíuúrgangs og olíukenndrar blöndu frá öllum olíuflutningaskipum og frá öðrum skipum 400 brl. og stærri, er bönnuð innan sérhafsvæða þeirra; sem getið er um í reglu 10 í 1. viðauka samningsins sbr. þó ákvæði greinar 5.5. Skip undir 400 brl. skulu á sérhafssvæðum hlýta þeim ákvæðum, er um getur í grein 5.2.3, liðum b, c og d.

5.5. Ákvæði greina 5.1. og 5.4. hér að ofan gilda ekki um losun aðskildrar kjölfestu. Þá gilda ákvæði greina 5.2.2., 5.2.3. og 5.4. ekki um olíukenndar blöndur, sem

innihalda minna olíumagn en sem nemur 15 hím, enda hafa þær ekki áður verið viljandi þynntar út með það fyrir augum að minnka styrk olíunnar.

5.6. Óheimilt er að setja efni eða efnasambönd saman við olíukenndar blöndur í þeim tilgangi að lækka olíuinnihald þeirra.

5.7. Olíuúrgangi, sem ekki má losa í sjóinn samkvæmt greinum 5.1., 5.2. og 5.3. hér að ofan, skal safnað saman, varðveita um borð í skipunum og losa til móttökustöðva í landi, nema fyrir hendi sé viðurkennd aðferð og tækjabúnaður til að eyða olíuúrgangi um borð.

6. gr.

Um kjölfestu og hreinsun farmgeyma olíuflutningaskipa.

6.1. Um þau atriði er varða aðskilda kjölfestu, hreina kjölfestu og hreinsun farmgeyma í hráolíuflutningaskipum í nýjum olíuflutningaskipum 20 000 dwt. og stærri, er flytja hráolíu í nýjum olíuflutningaskipum 30 000 dwt. er flytja unnar olíutegundir og í gömlum olíuflutningaskipum 40 000 dwt. og stærri, skulu gilda ákvæði í reglu 13, 13A, 13B, 13C, 13D og 13E í 1. viðauka samningsins.

7. gr.

Hreinsun og meðhöndlun olíuúrgangs úr farmgeymum olíuflutningaskipa.

7.1. Öll olíuflutningaskip, 150 brl. og stærri, skulu hafa um borð búnað til hreinsunar á farmgeymum og til dælingar á olíublandaðri kjölfestu og úrgangsolíu frá öllum farmgeymum í sérstakan dregggeymi um borð. Dregggeymir skal uppfylla ákvæði reglu 15 í 1. viðauka samningsins.

7.2. Olíuflutningaskip, 150 brl. og stærri, skulu vera búin sérstökum olíumagnmæli og stjórnbúnaði til varnar gegn olíumengun, sem hlotið hefur viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins skv. grein 7.4. Ný olíuflutningaskip skulu búin slíku kerfi frá gildistöku reglnanna, en önnur olíuflutnigaskip eigi síðar en 3 árum eftir gildistöku reglnanna.

Að auki skulu þessi skip hafa um borð tæki, sem gera kleyft að ákvarða skil milli olíu og vatns í dregggeymum og í öðrum þeim geymum, þar sem unnt er að hleypa undan og losa úr beint í sjó.

7.3. Heimilt er siglingamálastjóra að veita olíuflutningaskipum, er sigla einvörðungu innanlands og sigling milli einstakra hafna tekur aldrei lengri tíma en 72 klst., undanþágu frá ákvæðum greina 7.1. og 7.2. með því að öll olíublönduð kjölfesta og olíuúrgangur séu losaður til móttökustöðva í landi.

7.4. Olíumagnmælar og annar stjórnbúnaður skipa til varnar gegn olíumengun, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.

7.4.1. Þennan búnað skal prófa í samræmi við gildandi samþykktir, sem gerðar eru um prófun og viðurkenningu á slíkum búnaði hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni. (Nú: Ályktun A. 393 (X) frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni).

8. gr.

Búnaður til söfnunar og meðhöndlunar á olíuúrgangi og olíukenndum blöndum um borð.

8.1. Öll ný skip, 300 brl. og stærri, skulu hafa um borð búnað til hreinsunar á olíuúrgangi og olíukenndri blöndu úr austri og söfnunargeymi í samræmi við ákvæði greinar 8.9.1. Hreinsibúnaðurinn skal annað hvort vera olíu-vatnsskiljari viðurkenndur fyrir 100 hím (100 hím hreinsibúnaður) eða olíusíubúnaður viðurkenndur fyrir 15 hím (15 hím hreinsibúnaður).

8.2. Öll gömul skip 400 brl. og stærri skulu uppfylla ákvæði greinar 8.1.
8.2.1. Hafi skip fyrir 7. nóvember 1978 verið búið hreinsibúnaði, sem ekki hefur fengið viðurkenningu samkvæmt grein 8.8., en Siglingamálastofnun ríkisins samþykkt sem fullnægjandi á grundvelli reglugerðar nr. 399/1978 er skipum heimilt að nota þennan búnað í stað viðurkennds búnaðar skv. grein 8.8. til 2. október 1986.
8.3. Öll skip 10 000 brl. og stærri, skulu til viðbótar ákvæðum greina 8.1.1 og 8.2. vera búin annað hvort:
8.3.1. Viðurkenndum olíumagnmæli og stjórnbúnaði sbr. reglu 16 (5) í 1. viðauka samningsins, **eða**
8.3.2. 15 hím hreinsibúnaði með viðurkenndu viðvörunarkerfi.
8.4. Ný skip, minni en 300 brl. og önnur skip minni en 400 brl., skulu hafa um borð söfnunargeymi í samræmi við ákvæði greinar 8.9.1.
8.5. Heimilt er að veita gömlum skipum undanþágu frá ákvæðum greina 8.2. og 8.9.1., ef aðstæður eru þess eðlis, að nauðsynlegar aðgerðir hafi í för með sér verulega röskum á fyrirkomulagi í vélarúmi. Skal stærð söfnunargeymis þó aldrei vera minni en sem nemur heildar smurolíumagni á aðalvél skipsins.
8.6. Gömul skip, minni en 10 000 brl. en stærri en 400 brl., sem búin eru skiptigeymum, skulu, auk ákvæða greinar 8.2., uppfylla eftirfarandi kröfur fyrir 1. janúar 1986:
8.6.1. Skipin skulu búin 15 hím hreinsibúnaði með viðurkenndu viðvörunarkerfi, eða jafngildum hreinsibúnaði.
8.6.2. Skipin skulu búin söfnunargeymi í samræmi við grein 8.9.3.
8.7. Ný skip, sem búin eru skiptigeymum en falla ekki undir ákvæði greinar 10.1., skulu uppfylla ákvæði greinar 8.6. frá gildistöku þessara reglna.
8.8. Olíu-vatnsskiljarar og olíusíubúnaður skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.
8.8.1. Búnað þennan skal prófa í samræmi við reglur gefnar út af Alþjóðasiglingamálastofnuninni. (Nú: Ályktun A 393 (X), Recommendation on international performance and test specifications for oily-water separating equipment and oil content meters).
8.8.2. Við prófanirnar skal nota þá stærð af hreinsibúnaði, sem reglurnar kveða á um.
8.8.3. Uppsetning og tenging hreinsibúnaðar skal gerð samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins. Skal koma fyrir leiðbeiningum um meðferð og notkun búnaðarins á áberandi stað í námunda við hann.
8.8.4. Olíu-vatnsskiljarar og olíusíubúnað, sem viðurkennd eru af réttum yfirvöldum annarra landa, má viðurkenna til notkunar í íslenskum skipum, án þess að ný prófun fari fram, ef fullnægjandi skýrslur um prófanir ásamt afriti af viðurkenningu hinna erlendu aðila liggja fyrir.
8.8.5. Eigendur skipa og skipstjóri, skulu sjá svo um, að hreinsibúnaði sé vel viðhaldið og hann starfi eðlilega.
8.9. Söfnunargeymar skulu geta tekið við olíu, sem skilin hefur verið frá austri, óhreinni olíu og olíu vegna smurolíuskipta á vélum skipsins.
8.9.1. Heildarstærð söfnunargeyma skal í hverju skipi vera a. m. k. eins og hér greinir:

Skip	50—	100 brl	0,2 m^3
Skip	101—	150 brl	0,3 m^3
Skip	151—	200 brl	0,4 m^3
Skip	201—	300 brl	0,5 m^3
Skip	301—	500 brl	1,0 m^3
Skip	501—	1 000 brl	2,0 m^3
Skip	1001—	3 000 brl	3,0 m^3
Skip	3001—	10 000 brl	5,0 m^3

Stærð söfnunargeymis fyrir skip 10 000 brl og stærri skal ákveða sérstaklega í hverju einstöku tilviki.

8.9.2. Í skipum 501 brl. og stærri, sem útbúin eru til að eyða olíu eða olíuúrgangi, sem safnast í söfnunargeyma skipsins í venjulegum rekstri, er heimilt að samþykkja minni heildarstærð söfnunargeyma með hliðsjón af aðstæðum og áætluðum þörfum skipsins.

8.9.3. Þegar um er að ræða skip búin skiptigeymum, skal stærð söfnunargeymis aukin um a. m. k. sem svarar 2% af heildarrúmmáli skiptigeyma.

8.9.4. Mögulegt skal vera að hella olíu beint úr íláti á söfnunargeymi.

8.10. Allan úrgang frá skilvinduhreinsun á eldsneytis- og smurolíum skal losa í sorageymi, sbr. þó grein 8.10.2.

8.10.1. Heildarstærð sorageyma fyrir olíuúrgang frá skilvindum skal í hverju skipi ekki vera minni en sú stærð, sem ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$S = \frac{2{,}10 \times P \times K}{100.000} \quad [m^3]$$

Þar sem S = stærð geymis í m^3
Þar sem P = afl aðalvélar skipsins í hö
Þar sem K = dagfjöldi lengstu hugsanlegrar siglingar.
Séu olíuskilvindur sjálfhreinsandi, skulu sorageymar vera þannig útbúnir, að hægt sé á auðveldan hátt að hleypa vatni undan þeim.

8.10.2. Sé sorageymir ekki um borð, skal auka stærð söfnunargeymis skv. grein 8.9.1. um sem nemur stærð sorageymis skv. grein 8.10.1.

8.11. Röralagnir að austurskilvindu, söfnunargeymi og öðrum mengunarvarnabúnaði, skulu lagðar þannig, að sem minnstar líkur verði á mistökum og óhöppum við dælingu. Óheimilt er að tengja lagnir hreinsibúnaðar við sjó- og brunalagnir skipsins, svo og eldsneytislagnir.

9. gr.

Búnaður til losunar á olíu og olíuúrgangi í land.

9.1. Öll skip skulu þannig útbúin, að þau geti dælt olíu eða olíuúrgangi frá sora-, söfnunar- eða dregggeymum til móttöku í landi.

9.2. Búnaður þessi skal vera dæla og lögn frá geymunum upp á efra þilfar skipsins og á enda lagnarinnar staðlaður flans, eins og greint er frá í eftirfarandi töflu:

Lýsing.	Stærð.
Ytra þvermál	215 mm.
Innra þvermál	Samkvæmt ytra þvermáli röralagnar
Þvermál hrings í miðju á boltagötum	183 mm.
Boltagöt og raufar	6 boltagöt, 22 mm að þvermáli. Skulu þau vera með jöfnu millibili innbyrðis, staðsett á hring, sem hefur ofanritað þvermál og skorin út úr ytri brún flansins. Þvermál raufa 22 mm.
Flansþykkt	20 mm.
Boltar og rær: fjöldi, þvermál.	6. stk., 20 mm að þvermáli og nægilega langir.
Flansinn er hannaður til að taka við rörum með innra þvermál allt að 125 mm og skal hann vera úr stáli eða jafngildu efni og með flatan tengiflöt. Flansinn, ásamt pakkningu úr olíuþolnu efni, skal vera hæfur til notkunar við 6 kg/cm² þrýsting.	



Flans.

9.3. Heimilt er að viðurkenna annað fyrirkomulag á hinum staðlaða flansi skv. grein 9.2., ef ljóst er, að það hamlar ekki móttöku olíunnar í landi.

10. gr.

Skiptigeymar og stafngeymar.

10.1. Notkun skiptigeyma í nýjum olíuflutningaskipum, 150 brl. og stærri, og í öðrum nýjum skipum, 400 brl. og stærri, er óheimil. Geri aðstæður það nauðsynlegt að dæla sjó í eldsneytisgeyma, skal kjölfestunni dælt til móttökustöðva í landi eða hún hreinsuð í samræmi við reglur þessar. Hreinsibúnaðurinn skal í þeim tilvikum vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.

10.2. Óheimilt er í skipum, sem byggð eru eftir gildistöku þessara reglna, að nota geyma framan við stafnþil undir olíu eða önnur efni, sem talin eru hættuleg lífríki sjávar.

3. HLUTI:

Ráðstafanir til að takmarka olíumengun frá olíuflutningaskipum við árekstur eða strand.

11. gr.

Takmörkun á stærð og fyrirkomulagi farmgeyma.

11.1. Ný olíuflutningaskip skulu uppfylla ákvæði reglna 22, 23 og 24 í 1. viðauka samningsins með tilliti til þeirra afleiðinga, sem strand eða ásigling kynni að hafa í för með sér og þeirra tiltæku ráðstafana, sem ætla má að geti dregið úr olíumengun við slík óhöpp.

12. gr.

Um vatnsþétt skilrúm og stöðugleika.

12.1. Ný olíuflutningaskip skulu fullnægja settum kröfum um vatnsþétt skilrúm og stöðugleika fyrir lekt skip í reglu 25 í 1. viðauka samningsins.

12.2. Gömul olíuflutningaskip skulu fullnægja ákvæðum greinar 12.1. að því marki, sem ákvæði samningsins ná til eldri skipa.

4. HLUTI:

Olíudagbók.

13. gr.

Skip, sem færa skulu olíudagbók.

13.1. Öll olíuflutningaskip 150 brl og stærri og önnur skip 300 brl og stærri, skulu færa olíudagbók. Olíudagbókin skal færð í samræmi við ákvæði 15. greinar.

14. gr.

Notkun olíudagbókar.

14.1. Olíudagbækur skulu vera viðurkenndar og áritaðar af Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum þeim, sem hún veitir umboð til þess. Blaðsíður olíudagbókar skal setja í töluröð, gegnumdraga og innsigla.

14.2. Olíudagbókina skal varðveita á vísum stað, þannig að unnt sé að leggja hana fram til skoðunar hvenær sem þess er óskað. Olíudagbókina skal varðveita um borð í skipinu í minnst 3 ár eftir að síðasta færsla er gerð. Sé skip selt úr landi, áður en umrædd 3 ár eru liðin, skal fyrri eigandi skipsins varðveita bókina.

14.3. Að kröfu Siglingamálastofnunar ríkisins eða fulltrúa hennar, landhelgisgæslu, hafnaryfirvalda, tollstjóra eða annarra réttra yfirvalda, er skipstjórum skylt að leggja olíudagbókina fram til skoðunar hvenær sem þess er óskað.

14.4. Skipstjórum íslenskra skipa ber skylda til að fylgja ákvæðum greinar 14.3. gagnvart erlendum yfirvöldum, þegar skip þeirra eru stödd í höfn erlends ríkis.

15. gr.

Færslur olíudagbókar.

15.1. Allar færslur olíudagbókar skulu vera skýrar og auðskiljanlegar. Óheimilt er að fjarlægja síður eða hluta úr bókinni. Þá er óheimilt að afmá eða torkenna þær upplýsingar, sem ritaðar hafa verið í bókina.
Allar leiðréttingar á færslum skulu gerðar í formi athugasemda.

15.2. Olíudagbókin skal færð af 1. vélstjóra, og skal hann sjálfur undirrita allar þær færslur, sem hann gerir í bókina. Skipstjóri ber ábyrgð á að bókin sé færð. Skal hún færð undir hans umsjá, og undirrituð af honum því til staðfestingar.

15.3. Allar færslur í olíudagbókina skulu vera á íslensku, en að auki skal í þeim skipum, sem ber að hafa alþjóðlegt mengunarvarnarskírteini, olíudagbókin færð jafnframt á ensku.

15.4. Þegar olíudagbækur eru fullskrifaðar eða glatast, ber skipstjóra að sjá til þess að útvega nýja olíudagbók. Í gömlu olíudagbókina skal færa inn upplýsingar um hvenær nýja olíudagbókin hafi tekið gildi. Sé gamla olíudagbókin glötuð, skal ástæðan fyrir því tilgreind í nýju bókinni.

15.5. Upplýsingar þær, sem færa skal í olíudagbók samkvæmt grein 15.7., má færa í minnisbækur í stuttan tíma.

15.6. Séu færslur olíudagbókar fyrst færðar í minnisbækur, skulu minnisbækur færðar á sama hátt og olíudagdagbækur. Færsla upplýsinga úr minnisbók í olíudagbók, skal þó ekki gerð síðar en að einni viku liðinni, en þó alltaf áður en komið er í næstu höfn.

15.7. Í olíudagbókinni skal hver geymir færður sérstaklega. Færa skal í olíudagbók eftirfarandi atvik:

15.7.1. Varðandi olíuflutningaskip:

a) Lestun olíufarms.
b) Flutning farms milli farmgeyma.
c) Opnun eða lokun ventla eða annars lokunarbúnaðar farmgeyma hvort heldur er fyrir eða eftir lestun og losun farms.
d) Opnun og lokun ventla, sem tengja sjólagnir við lagnir til notkunar við lestun og losun farms.
e) Opnun og lokun síðuventla hvort heldur er fyrir, eftir eða á meðan á lestun og losun farms stendur.
f) Losun olíufarms.
g) Kjölfesta tekin í farmgeyma.
h) Hreinsun farmgeyma.
i) Losun kjölfestu, nema þegar um er að ræða losun á aðskilinni kjölfestu.
j) Losun vatns úr dregggeymum.
k) Afdrif olíuúrgangs hvort heldur er um að ræða losun til móttökustöðva, eyðingu um borð, losun á sjó eða annað.
1) Losun austurs úr vélarúmi, sem orðið hefur til meðan skipið var í höfn og venjuleg losun austurs úr vélarúmi.

15.7.2. Varðandi önnur skip en olíuflutningaskip:

a) Kjölfesta er tekin í eldsneytisgeyma eða farmgeyma, ennfremur hreinsun eldsneytisgeyma eða farmgeyma.
b) Losun kjölfestu eða olíukenndrar blöndu í sjó, sbr. a-lið þessarar greinar.
c) Afdrif olíuúrgangs hvort heldur er losun til móttökustöðva, eyðingu um borð, losun í sjó eða annað.
d) Losun austurs úr vélarúmi, sem orðið hefur til meðan skipið var í höfn og venjuleg losun austurs úr vélarúmi.

15.8. Í þeim tilvikum, að olíuúrgangur rennur í sjó við atvik, sem um getur í 3. grein 1. kafla, lið 2 og 3, sakir óhappa eða bilana, eða annarra orsaka, skulu orsakir fyrir atvikinu og allar þær upplýsingar, sem gildi kynnu að hafa við rannsókn málsins færðar í olíudagbókina.

3. KAFLI

Refsingar og gildistaka.

1. gr.

Refsingar.

1.1. Bort gegn reglum þessum skulu varða sektum.

2. gr.

Gildistaka.

2.1. Reglur þessar sem eru settar skv. lögum nr. 14 frá 21. apríl 1984 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur um búnað skipa vegna varna gegn olíumengun sjávar, nr. 399/1978.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 520. Útgáfudagur 29. mars 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 — 1984

15. ágúst 1984 865 Nr. 521

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

Hluti P

Reglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

1. **Gildissvið.**

1.1. Reglur þessar gilda um skráningarskylda báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

1.2. Reglurnar gilda um báta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku reglnanna. Eldri bátar skulu uppfylla ákvæði um búnað, sem varar við eldi, við fyrstu aðalskoðun á vélbúnaði, sem gerð er á bátnum eftir 1. janúar 1986. Að öðru leyti skulu þeir fullnægja þeim reglum, sem í gildi voru fyrir 1. maí 1985, nema að samsvarandi ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

1.3. Við endurnýjun aðalvélar skal austurbúnaði eldri skipa breytt til samræmis við ákvæði þessara reglna.

2. **Samþykkt báta.**

2.1. Umsókn um heimild til smíði báta skv. reglum þessum, skal gera skriflega til Siglingamálastofnunar ríkisins, áður en smíði hefst. Umsókninni skulu fylgja öll gögn, sem nauðsynleg eru til samþykktar á viðkomandi bátum.

2.2. Bátar, sem falla undir reglur þessar, skulu samþykktir af Siglingamálastofnun ríkisins skv. ákvæðum í meðfylgjandi Norðurlandareglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, svo og öðrum þeim reglum, sem varða báta minni en 15 metra.

2.3. Samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins er byggt á því, að smiður bátsins ábyrgist, að báturinn sé smíðaður skv. samþykktum teikningum og smíðalýsingum, við viðurkenndar aðstæður, úr efni og með verklagi skv. ákvæðum Norðurlandareglnanna varðandi viðkomandi bátsgerð.

3. **Samþykkt úr gildi.**

3.1. Ef smiður báts fer ekki í einu og öllu eftir settum reglum við smíðina, má fella úr gildi allar samþykktir veittar viðkomandi bátasmið.

3.2. Samþykktir á smíði bátsgerða skv. eldri reglum, falla úr gildi við gildistöku þessara reglna.

3.3. Við endurnýjun samþykktar, skal fara að sem um samþykkt báta í fyrsta sinn.

4. **Refsingar.**

4.1. Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

5. **Gildistaka o. fl.**

5.1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit sem skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. maí 1985 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði gr. 14.121. í meðfylgjandi Norðurlandareglum öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. sept. 1985. Jafnframt gildistöku þessara reglna falla úr gildi eftirgreindar reglur:

— Reglur um smíði og búnað skemmtibáta, Stj.tíð. B, nr. 450/1978.
— Reglur um smíði skarsúðaðra tréskipa, Stj.tíð. B, nr. 59/1960.
— Reglur um legufæri og festar fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni, Stj.tíð. B, nr. 64/1979.
— Reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni, Stj.tíð. B, 18/1980.

Ennfremur falla úr gildi þau ákvæði eftirgreindra reglna, sem varða báta með mestu lengd allt að 15 m.

— Reglur um smíði tréskipa, Stj.tíð. B, nr. 260/1947 og 159/1967.
— Reglur um smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m lengd, Stj.tíð. B, nr. 327/1977.
— Reglur um eldvarnir í fiskiskipum, Stj.tíð. B, nr. 260/1969.
— Reglur um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, Stj.tíð. B, nr. 11/1953.

Norðurlandareglur um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

Efnisyfirlit

PI. **Skemmtibátar.**

1. Samþykkt báta 00
2. Eiginleikar 00
3. Stýri-, vél- og rafbúnaður 00
4. Annar búnaður 00
5. Segl og reiði 00
6. Bátar úr glertrefjastyrktu pólýester 00
7. Bátar úr hitamýkjandi plasti 00
8. Álbátar 00
9. Stálbátar 00
10. Trébátar 00
11. Bátar úr járnbentri steinsteypu 00
12. Hráefni til báta 00
13. Kanúar 00

PII. **Vinnubátar.**

14. Bolur 00
15. Vélbúnaður 00
16. Vistarverur 00
17. Rafbúnaður 00
18. Annar búnaður 00

ÍSLENSK SÉRÁKVÆÐI

Í íslensku útgáfu Norðurlandareglnanna eru ákvæði, sem eru ekki, eða eru á annan veg, í reglum hinna Norðurlandanna.

Íslensku sérákvæðin eru:

3.500. Rafbúnaður skal vera skv. íslenskum reglum í hluta G, þó með frávikum fyrir báta minni en 10 m mesta lengd.
4.230. Legufæri í skemmtibátum.
15.520. Viðvörun um eld í vistarverum.
15.531. Lágmarks þrýstingur 3 kp/cm^2 í stað 4 kp/cm^2.
17. Sjá 3.500.
18.131. Þyngd á akkerum 33% meiri í bátum 8 m mesta lengd og lengri.

Skoðunarskyldir bátar á Norðurlöndunum.

Bátar, sem eru stærri en tilgreint er í eftirfarandi töflu, eru skoðunarskyldir:

BÁTSGERÐ	DANMÖRK	FINNLAND	ÍSLAND	NOREGUR	SVÍÞJÓÐ
Skemmtibátar					
Nýsmíði	20 Brl.	—	Allir	50 BRL.	20BRL.
Árleg skoðun	20 BRL.	—	Allir	50 BRL.	100 BRL.
Bátar til leigu					
Nýsmíði	Allir	—	Allir	Allir	20 BRL.
Árleg skoðun	Allir	5,5 m	—	10 m	100 BRL.
Farþegabátar					
Nýsmíði	Allir	Allir	6 m	Allir	12 farþ.
Árleg skoðun	Allir	Allir	Allir	Allir	12 farþ.
Fiskibátar					
Nýsmíði	5 BRL.	8,5 m	6m	10.67 m	20 BRL.
Árleg skoðun	20 BRL.	8,5 m	Allir	10,67 m	100 BRL.
Aðrir vinnubátar					
Nýsmíði	5 BRL.	Allir	6 m	25 BRL.	20 BRL.
Árleg skoðun	20 BRL.	Allir	Allir	50 BRL.	100 BRL.
Lífbátar					
Nýsmíði	Allir	Allir	Allir	Allir	Allir
Árleg skoðun	Allir	Allir	Allir	Allir	100 BRL. Farþ.bátar

BRL. = Brúttórúmlestir skv. mælingu.
6 m = mælt á milli stafna.

Tákn sem notuð eru í reglunum.

Tákn	Eining	Stærð
A	m^2, A	Flatarmál
a	mm^2	Flatarmál
B	m	Breidd
b	mm	Breidd
C	m^3	Rúmmál
c	c	Senti
D	m	Dýpt
d	m	Djúprista
d_v	mm	Þvermál
E	MPa	Sveigjufjaðurstuðull
e	m	Segláslengd stórsegls
F	m	Meðal fríborð
f	m	Fríborð
G	kg	Eiginþyngd
g	kg	Kjalarþungi
H	m	Hæð
h	m	Hæð
I	mm^4	Tregðuvægi
i	m	Hæð forþríhyrnu
J	J,Nm	Júl
j	m	Lengd forþríhyrnu
K	Nf	Kraftur
k	k	Leiðréttingarstuðull kiló
L	m	Lengd vatnslínu
L_m	m	Mesta lengd
l	mm	Spennilengd
M	Nm	Vægi
m	m	Metri, milli
N	N	Newton
n	fjöldi	Menn
O	—	—
o	gráður	Gráður Celsíus
P	kg, N	Kraftur/þyngd/álag
p	MPa, kW	Þrýstingur, vélarafl
Q	m^3/mm	Afköst
q	N	Þrýstingur á siglu
R	mm	Radíus
r	sn./sek.	Snúningar
S	cm, mm	vægisarmur
s	mm	Millibil styrkinga
T	m	Sigluhæð
t	mm	Þykkt
U	N	Brotþol á vanti og stögum
u	m	Siglulengd stórsegls
V	hnútur	Ganghraði
v	kg/m^3	Eðlisþyngd
W	mm^3, W	Mótstöðuvægi, Watt
w	m	Lengd á óstöguðum siglutoppi
α	gráður	Geiri
ß	Gráður	Geiri
σ	MPa	Spenna
△	kg	Særými

Einingar sem notaðar eru í reglunum.

Í reglum þessum eru notaðar einingar hins alþjóðlega einingakerfis „Systeme International d'Unites" skammstafað SI.

Helstu SI-einingar í reglunum eru:

Stærðir	SI-einingar	Tákn
Lengd	metri	m
Massi	kílógramm	kg
Kraftur	newton	N
Þrýstingur	pascal	Pa.
Afl	vatt	W

Helstu yfir- og undireiningar eru myndaðar með:

Stærðir	Nafn	Tákn
Milljón	mega	M
Þúsund	kíló	k
1 hundraðasti	senti	c
1 þúsundasti	milli	m

Gildi SI-eininga:

SI-einingar	Gildi	Eldri einingar
1 N	1 kg m/s^2	0,1020 kp
1 Pa	1 N/m^2	0,1020 kp/m^2
1 kPa	1 kN/m^2	0,0102 kp/cm^2
10^5 kPa	1 bar	1,0200 kp/cm^2
1 MPa	1 N/mm^2	10,2000 kp/cm^2
10 MPa	10 N/mm^2	1,0200 kp/mm^2
1 W	1 J/sek	0,8600 kcal/h
1 kW	3,6 MJ/h	1,3600 hö
1 hö	0,7355 kW	
1 hnútur = 1 sjóm./klst. = 1,85 km/klst. = 0,514 m/sek.		

Helstu breytingar frá fyrri reglum.

Reglunum er skipt í tvo hluta, hluta I fyrir skemmtibáta, sem jafnframt eru grunnreglur fyrir vinnubáta, og hluta II, sem eru viðbótarkröfur fyrir vinnubáta. Í þessu felst að vinnubátar skulu uppfylla ákvæði bæði í hluta I og hluta II.

Breytingar í einstökum köflum eru í stórum dráttum, sem hér segir:

1.151. Reglurnar eru ekki miðaðar við báta, sem ætlaðir eru til ferða í ís.

1.200. Skilgreining á skemmtibátum og vinnubátum. Til vinnubáta teljast fiskibátar, farþegabátar og bátar til vöruflutninga.

2.135. Við ákvörðun á leyfilegri hámarks hleðslu telst innanborðsvél með þyngd á bol bátsins, en utanborðsvél reiknast með hámarks hleðslu.

2.136. Í nytjahleðslu skal aðeins gera ráð fyrir 30 kg af farangri fyrir hvern mann á bátum með yfirbyggingu.

2.320. Kröfur um lágmarks fríborð aukast úr 0,4 m í 0,5 m eða 4 × △ í 4,5 × △

2.1. Skilgreining á ganghraða.

2.2. Hámarks særými opinna báta.

3.100. Nýr útreikningur á stýri.

3.224. Krafa um öryggisbúnað við stjórntæki í opnu rými á bátum, sem ganga hraðar en 15 hnúta.
3.500. Rafbúnaður skal vera skv. reglum um raforku og raflagnir í hluta G. Þó mega bátar, minni en 10 m mesta lengd, hafa einpóla veitukerfi, ef spennan fer ekki yfir 50 V.
4.110. Breyting á kröfum um handslökkvitæki.
4.121. Heimilt að hafa halon 1211 í vélakassa í opnu rými og í vélarúmi sem er of lítið til að rúma mann og er auk þess loftþétt aðskilið frá íverustöðum.
4.123. Sjálfvirkur búnaður, sem opnar fyrir slökkvimiðilinn við 75° hita.
4.414. Breytt ákvæði um eldvörn við eldavél.
5. Lítilsháttar breytingar á líkingum.
6.311. Krafa um meira beygjubrotþol. Hækkar úr 1200 kp/cm^2 í 1300 kp/cm^2.
6.340. Nýmæli. Ákvæði um samlokusmíði.
7. Nýmæli. Kafli um smíði báta úr hitamýkjandi plasti.
8. Nýmæli. Kafli um smíði báta úr áli.
9. Stálbátar. Reglurnar ná yfir minni báta en fyrri reglur og bátahönnuður fær frjálsari hendur um efnismál með hliðsjón af millibili styrkinga.
10. Trébátar. Reglurnar ná yfir minni báta en fyrri reglur og bátahönnuður fær frjálsari hendur um efnismál með hliðsjón af millibili styrkinga. Að öðru leyti eru helstu nýmæli þau, að ákvæði eru um laglímda báta, krossviðarbáta og báta með listasúð. Ennfremur leiðréttingá á efnismálum með hliðsjón af efnisgæðum.
11. Nýmæli. Kafli um smíði báta úr járnbentri steinsteypu.
13. Nýmæli. Kafli um smíði kanúa.
14.111. Leiðréttingarstuðlar, sem nota skal við ákvörðun á efnismálum vinnubáta.
14.121. Krafa um vatnsþolnari pólýester til smíði vinnubáta úr trefjaplasti.
14.122. Krafa um gæði efnis til smíði vinnubáta úr áli.
14.232. Krafa um stöðugleika með hliðsjón af fiskveiðibúnaði.
14.235. Krafa um stöðugleika með hliðsjón af lyftibúnaði.
14.240. Ákvæði um stöðugleika opinna báta.
14.270. Ákvæði um frárennsli af þilfari opinna báta.
14.311. Krafa um vatnsþétt vélarúm vinnubáta.
14.320. Ákvæði um vatnsþétt vélarúmsskilrúm.
14.411. Lágmarks hæð á lúgukarmi lækkar úr 400 mm í 380 mm.
14.412. Krafa um að lúgur séu á lömum eða festar með keðju.
14.421. Hurðir mega ekki opnast inn.
14.423. Lágmarks hæð á þröskuldum lækkar úr 400 mm í 380 mm.
14.432. Ekki heimilt að nota gúmmílista í gluggum til rýmis undir þilfari á þilfarsbátum.
14.513. Lágmarks hæð á skjólborðum og handriðum hækkar úr 600 mm í 750 mm. Ennfremur ákvæði um millibil rima á handriðum.
15.111. Hærri öryggisstuðull í útreikning á stýri vinnubáta, en er í líkingu fyrir skemmtibáta í 3.133.
Vinnubátastuðullinn 3 í stað 2 fyrir skemmtibáta.
15.120. Ákvæði um neyðarstýri á vinnubátum.
15.211. Óheimilt að nota bensínvélar í vinnubátum.
15.212. Aðalvélar yfir 100 kW skulu hafa tegundarviðurkenningu frá flokkunarfélagi.
15.222. Krafa um mæla við stýri vegna vélar.
15.250. Breytt líking vegna útreiknings á skrúfuás. Ákvæði um sveigjutengi og fría lengd á ás aftan við vél.
15.262. Nýmæli. Ákvæði um millibil lega á skrúfuás.
15.264. Nýmæli. Ákvæði um efnismál á ásbera.

15.410. Breytt ákvæði um austurbúnað. Vélknúin austurdæla í bátum yfir 8 m. Dælunni sé stjórnað úr stýrishúsi. Búnaðurinn skal eingöngu gerður fyrir austur á bátnum.
15.521. Krafa um viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna, ef eldur kemur upp.
15.530. Nýmæli. Krafa um fastan halon slökkvibúnað í vélarúmi vinnubáta yfir 8 m lengd.
15.540. Breytt ákvæði um handslökkvitæki.
15.610. Breytt ákvæði um loftrás til vélar.
Krafa um lokunarbúnað á loftrás.
15.620. Nýmæli. Ákvæði um loftrás til rafhlöðurýmis.
16.110. Nýmæli. Ákvæði um fyrirkomulag í stýrishúsi.
16.120. Breyting á kröfum um vistarverur farþega.
16.130. Breyting á kröfum um salerni.
Allir vinnibátar, yfir 8 m mestu lengd, skulu búnir minnst einu salerni.
16.220. Breytt ákvæði um loftrás í vistarverur. Krafa um sérstaka loftrás til salerna.
17. Rafbúnaður skal vera skv. reglum um raforku og raflagnir í hluta G. Sjá 3 500.
18.124. Krafa um öryggisloka við vindu á öllum bátum með línuvindu til netaveiða en ekki aðeins í bátum yfir 15 brl.
18.131. Breytt ákvæði um legufæri. Ekki krafa um jafn þung akkeri og í fyrri reglum.
18.210. Krafa um prófun á lyftibúnaði og merkingu, þar sem fram kemur leyfilegt hámarks álag.

1. SAMÞYKKT BÁTA.

1.100. Almenn ákvæði.
100. Gildissvið.
120. Endurskoðun á reglunum.
130. Hugtök á reglunum.
140. Jafngildi reglnanna og viðbótarkröfur.
150. Takmarkanir á notkun báts.

1.200. Bátsgerðir.
210. Skemmtibátar.
220. Vinnubátar.
230. Fiskibátar.
240. Farþegabátar.
250. Þilfarsbátar.
260. Opnir bátar.

1.300. Viðurkenning á bátsgerðum.
310. Fullsmíðaðir bátar.
320. Umsókn um viðurkenningu.
330. Smíðalýsing.
340. Prófun á prufubát.
350. Eftirlit vegna viðurkenningar.
360. Viðurkenningarskírteini fyrir bátsgerðir.

1.400. Viðurkenning á bátum.
410. Viðurkenningarskilti.
420. Eftirlit með smíði raðsmíðaðra báta.
430. Eftirlit með smíði einstakra báta.
440. Bátsskírteini.
450. Skírteini vegna vinnubáta.

1.500. Eiginsmíði.
510. Grunnstaðall.
520. Viðurkenning á bátum til eiginsmíði.
530. Viðurkenning á fullsmíðuðum bát.
1.600. Afturköllun viðurkenningar.
610. Forsendur viðurkenningar.
Viðauki: Leiðbeiningar um smíðalýsingu.

1. SAMÞYKKT BÁTA.

1.100. **Almenn ákvæði.**

1.110. **Gildissvið.**

111. Reglur þessar eru gerðar í samvinnu á milli siglingamálastofnana í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð ásamt Det norske Veritas og gilda fyrir báta með mestu lengd allt að 15 metrum.

112. Viðurkenning á bátum er veitt af siglingamálastofnunum í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð eða af Det norske Veritas.

1.120. **Endurskoðun á reglunum.**

121. Reglurnar munu verða endurskoðaðar, þegar ástæða þykir til, með tilliti til þróunar við smíði báta. Drög að reglunum eru unnin af fulltrúum samstarfsaðilanna.

122. Drögin að reglunum eru samræmd í tillögu að sameiginlegum Norðurlandareglum af nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar samstarfsaðila.

123. Tillögur að reglunum eru lagðar fram til umsagnar í hverju einstöku aðildarlandi, áður en þær taka gildi og eru umsagnir síðan ţeknar til umfjöllunar hjá samnorrænu nefndinni.

124. Hver samstarfsaðili ákveður fyrir sitt leyti gildistöku reglnanna.

1.130. **Hugtök í reglunum.**

131. Með KRÖFU er átt við reglubundna kröfu, sem framsett er í reglunum með „skal“ eða „skal ekki.“

132. Með ÆSKILEGT er átt við ábendingu, sem taka verður tillit til, en samsvarandi útfærsla getur þó komið í stað ábendingarinnar. Ábending er framsett í reglunum með „á“ eða „á ekki“.

133. Með BÁTSGERÐARVIÐURKENNINGU er átt við, að einn eða fleiri bátar af viðkomandi bátsgerð hafi verið skoðaðir og prófaðir og að raðsmíði bátsgerðarinnar sé háð skyndiskoðunum. Hver bátur af viðkomandi básgerð, skal vera merktur með viðurkenningarskilti.

134. Með BÁTSVIÐURKENNINGU er átt við, að hver bátur sé háður sérstakri skoðun og prófun. Hver bátur skal vera merktur með viðurkenningarskilti.

1.140. **Jafngildi reglnanna og viðbótarkröfur.**

141. Bátur, sem smíðaður er við aðrar aðstæður, úr öðru efni, með öðrum aðferðum, með annarri tegund styrkinga, með annan búnað eða annan frágang á vél, en reglur þessar segja fyrir um, getur að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktur, ef hann telst uppfylla kröfur reglnanna.

142. Ef nauðsynlegt er talið, má gera viðbótarkröfur við reglur þessar til að ná því marki, sem reglunum er ætlað.

1.150. **Takmarkanir á notkun báts.**

151. Reglurnar eru miðaðar við eftirgreindar takmarkanir á notkun báts:
— að ekki sé látinn meiri þungi í bátinn, en hann er viðurkenndur fyrir;
— að ekki sé sett kraftmeiri vél í bátinn, en hann er viðurkenndur fyrir;
— að báturinn sé notaður af kunnáttu, sérstaklega með hliðsjón af staðsetningu manna og búnaðar ásamt aðgáti í slæmu veðri;
— að reiði sé settur upp á öruggan hátt.
— að báturinn sé ekki notaður til ferða í ís.

1.200. **Bátsgerðir.**

1.210. **Skemmtibátar.**

211. Bátar, sem eru smíðaðir skv. ákvæðum í köflum 2—13, skulu skilgreindir sem skemmtibátar á viðurkenningarskírteini.

1.220. **Vinnubátar.**

221. Bátar, sem eru smíðaðir skv. ákvæðum í köflum 2—18 skulu skilgreindir sem vinnubátar á viðurkenningarskírteini.

222. Á viðurkenningarskírteini báts, sem ætlaður er til vöruflutninga, skal tilgreindur sá þungi, í kg/m^2, sem lagður er til grundvallar við ákvörðun á efnismálum þilfarsins.

1.230. **Fiskibátar.**

231. Vinnubátar, sem skilgreindir eru sem fiskibátar á viðurkenningarskírteini, skulu uppfylla ákvæði í köflum 2—18.
Hvað varðar sérkröfur fyrir fiskibáta, sjá eftirtaldar greinar:
— Stöðugleiki með hliðsjón af álagi vegna fiskveiðibúnaðar, gr. 14.236.
— Skilrúm á þilfari, gr. 14.265.
— Öryggisbúnaður við netaspil, gr. 18.124.
— Aukin efnismál, gr. 14.111.
— Viðbótarstyrkingar vegna fiskveiðibúnaðar, gr. 14.132.

1.240. **Farþegabátar.**

241. Bátar, sem ætlaðir eru til fólksflutninga, skulu skilgreindir sem farþegabátar á viðurkenningarskírteini. Á viðurkenningarskírteini farþegabáta skal tilgreina leyfilegan hámarksfjölda farþega með tilliti til:
— Fjölda sæta inni.
— Hámarks fjölda farþega á þilfari.

242. Vinnubátar sem skilgreindir eru sem farþegabátar á viðurkenningarskírteini, skulu uppfylla ákvæði í köflum 2—18.
Hvað varðar sérkröfur fyrir farþegabáta, sjá eftirtaldar greinar:
— Stöðugleiki með hliðsjón af fjölda farþega, gr. 14.234.
— Varnir gegn leka, gr. 14.312.
— Hæð á skjólborðum, gr. 14.512.
— Landgangur, gr. 14.531.
— Austurlagnir, gr. 15.413.
— Einangrun í vélarúmi, gr. 15.510.
— Handslökkvitæki, gr. 15.542.
— Vistarverur farþega, gr. 16.120.
— Salerni, gr. 16.132.
— Neyðarútgangur, gr. 16.143.
— Loftrásir, gr. 16.220.
— Aukin efnismál, gr. 14.111.

1.250. **Þilfarsbátar.**

251. Þilfarsbátur er hver sá bátur, sem hefur þilfar eða yfirbyggingu yfir hleðsluvatnslínu, sem loka má veðurþétt. Hvað varðar kröfur til þilfarsbáta sjá eftirgreind ákvæði:
— Efnismál þilfars og yfirbygginga, gr. 2.216.
— Fríborð, gr. 14.210.
— Lúgur á bol, gr. 14.220.
— Stöðugleika, gr. 14.230.
— Austurop, gr. 14.260.
— Lúgur, gr. 14.410.
— Dyr, gr. 14.420.
— Gluggar, gr. 14.430.
— Loftháfar, gr. 14.442.
— Loftpípur, gr. 14.450.
— Viðvörun vegna bruna, gr. 15.223.

1.260. **Opnir bátar.**

261. Opinn bátur er hver sá bátur, sem ekki er þilfarsbátur.

1.300. **Viðurkenning á bátsgerðum.**

1.310. **Fullsmíðaðir bátar.**

311. Bátsgerð er skilgreining á bátum, sem hafa sömu lögun, stærð, fyrirkomulag og búnað.

312. Bátsgerð getur fengist samþykkt með mismunandi útfærslu t. d. stjórntækjum, gleri í gluggum, yfirbyggingum o. s. frv., sem auðveldlega má koma fyrir í bátunum.

313. Bátsgerð skal lýst í smíðalýsingu eins og bátarnir fara frá bátasmíðastöðinni. Ef bátar sömu gerðar fara ekki allir frá bátasmíðastöðinni með sömu útfærslu, skal það tilgreint í smíðalýsingu. Ef útfærsla báta er mismunandi, geta takmarkanir á notkun bátanna einnig verið mismiklar.

314. Bátar af viðurkenndri gerð, skulu vera fullsmíðaðir og með allan fastan búnað, þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni. Þær takmarkanir, sem eru á notkun bátanna, miðast við bátana í því ástandi, sem þeir eru þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni.

315. Viðurkenndar bátsgerðir skulu kynntar undir nafni, sem ekki er hægt að taka fyrir aðra bátsgerð eða aðra útfærslu á sömu bátsgerð.

1.320. **Umsókn um viðurkenningu.**

321. Umsókn um viðurkenningu, skal gera skriflega af bátasmiðnum eða fulltrúa hans.

322. Með umsókn um viðurkenningu skuldbindur umsækjandi sig til að:
— undirbúa komu skoðunarmanns á smíðastað, auðvelda honum og aðstoða að gera þær skoðanir og prófanir, sem nauðsynlegar eru;
— láta eftirlitsaðila í té nákvæmar upplýsingar um þau atriði, sem þýðingu hafa vegna viðurkenningarinnar.
— greiða kostnað og gjöld vegna viðurkenningarinnar.

1.330. **Smíðalýsing.**

331. Þegar sótt er um viðurkenningu á bát/bátsgerð, skal leggja inn til samþykktar nákvæma smíðalýsingu og teikningar í þremur eintökum.

332. Með smíðalýsingu er átt við lýsingu ásamt tilheyrandi teikningum á því, hvernig

bátarnir eru smíðaðir og hvaða takmarkanir bátarnir munu hafa. Smíðalýsing skal lögð fram sem heildarupplýsingar um bátana.

333. Að lokinni samþykkt á smíðalýsingu er eitt eintak hennar endursent umsækjanda.

334. Smíðalýsing skal vera í því formi sem tilgreint er í viðauka í lok þessa kafla.

1.340. **Prófun á prufubát.**

341. Við prófun á prufubát skal athuga stöðugleika hans, flothæfni og hleðslu og ennfremur skal bátnum reynslusiglt.

342. Niðurstöður prófana á prufubát skulu skráðar á þar til gerð eyðublöð.

1.350. **Eftirlit vegna viðurkenningar.**

351. Smíðaverkstæði skal uppfylla kröfur reglna áður en smíði á samþykktum bátum hefst.

352. Við eftirlit með smíði báta, skal athugað hvort verklag sé sem skyldi og smíði skv. samþykktri smíðalýsingu.

353. Bátasmiðir skulu leggja fram gögn, sem staðfesta að efni og búnaður uppfylli ákvæði reglna.

354. Framleiðendur á búnaði til báta, geta fengið framleiðslu sína prófaða til staðfestingar á, að viðkomandi búnaður uppfylli ákvæði reglna.

355. Viðurkenning á búnaði til báta, skal veitt af einhverri siglingamálastofnun Norðurlandanna eða af Det norske Veritas og hljóða sem hér segir:
Það staðfestist hér með, að prufustykki af .....
framleitt af .....
uppfyllir ákvæði reglna varðandi .....
með eftirgreindum takmörkunum .....

1.360. **Viðurkenningarskírteini fyrir bátsgerðir.**

361. Á viðurkenningarskírteini er tilgreint nafn bátsgerðarinnar, aðalmál bátsins og aðrar upplýsingar, svo sem hvernig hann er knúinn áfram og hvaða takmarkanir báturinn hefur. Ennfremur skal vera á skírteininu eftirgreind yfirlýsing:
Hér með er staðfest, að ofangreind bátsgerð er smíðuð skv. gildandi Norðurlandareglum. Allir bátar af þessari gerð skulu merktir með viðurkenningarskilti, sem staðfestir, að hver bátur samsvari samþykkt á viðkomandi bátsgerð. Bátsgerðarviðurkenning þessi gildir þar til nýjar reglur taka gildi.

362. Á viðurkenningarskírteini skal ennfremur tilgreina, hvort báturinn er smíðaður sem skemmtibátur, vinnubátur, fiskibátur eða farþegabátur ásamt því, hvort báturinn er þilfarsbátur eða opinn bátur.
Ákvæði reglna um skilgreiningu báta er í gr. 1.200.

1.400. **Viðurkenning á bátum.**

1.410. **Viðurkenningarskilti.**

411. Bátasmiður skal sjá til þess, að hver viðurkenndur bátur, sem hann smíðar sé merktur með viðurkenningarskilti, sem skal varanlega fest í bátinn. Bátasmiðurinn staðfestir þar með, að hver einstakur bátur samsvari hinum samþykkta prufubáti.

412. Allir samþykktir bátar skulu merktir varanlega með smíðanúmeri.

413. Á viðurkenningarskilti skal koma fram nafn og merki þess aðila, sem viðurkennir bátinn.

1.420. **Eftirlit með smíði raðsmíðaðra báta.**

421. Raðsmíðaðir bátar eru háðir skyndiskoðunum.

422. Tímabil á milli skyndiskoðana er ákveðið af skipaskoðunarmönnum, með tilliti til þess fjölda báta, sem smíðaðir eru á hverjum stað.

1.430. **Eftirlit með smíði einstakra báta.**

431. Stórir bátar og bátar sem eru margbrotnir í smíði, skulu skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig.

432. Bátarnir skulu skoðaðir eftir þörfum, þó minnst einu sinni meðan á smíði stendur og síðan að smíði lokinni.

1.440. **Bátsskírteini.**

441. Bátar með bátsviðurkenningu, skulu merktir með skilti eins og bátsgerðarviðurkenndir bátar.

422. Að lokinni fullnaðarskoðun á hverjum einstökum báti sem hlotið hefur bátsviðurkenningu, er honum veitt bátsskírteini, þar sem fram kemur nafn bátsgerðar og smíðanúmer. Ennfremur skal vera á skírteininu eftirgreind yfirlýsing:
Hér með er staðfest, að ofangreindur bátur uppfyllir ákvæði í núgildandi Norðurlandareglum.

443. Á bátsskírteini skal ennfremur tilgreint, hvort báturinn er smíðaður sem skemmtibátur, vinnubátur, fiskibátur eða farþegabátur ásamt því, hvort báturinn er þilfarsbátur eða opinn bátur.
Ákvæði um skilgreiningu báta er í gr. 1.200.

1.450. **Skírteini vegna vinnubáta.**

451. Bátar, sem samþykktir eru skv. ákvæðum í köflum 2—18, skulu skoðaðir sérstaklega hver fyrir sig og fá bátsskírteini að smíði lokinni.
Bátarnir skulu skilgreindir með hliðsjón af ákvæðum í gr. 1.200.

452. Hver bátur skal prófaður skv. ákvæðum reglna um viðurkenningu á viðkomandi bátsgerð.

453. Takmarkanir, sem tilgreindar eru á bátsskírteini, skulu ákveðnar með tilliti til búnaðar viðkomandi báts, en skulu þó vera innan marka bátsgerðarviðurkenningarinnar.

1.500. **Eiginsmíði.**

1.510. **Grunnstaðall.**

511. Með „bátar til eiginsmíði" er átt við báta, sem fara frá bátasmíðastöðinni í því ástandi, að kaupandinn verður sjáfur að fullsmíða bátinn, áður en hægt er að taka hann í notkun.

512. Bátar til eiginsmíði, skulu vera á því smíðastigi, þegar þeir fara frá bátasmíðastöðinni, að allir þeir hlutir, sem beint varða styrk bátsins, séu fullsmíðaðir. Bátarnir mega þó vera án slithúðar að innan. Eiginsmíðin er því aðeins fólgin í frágangi, sem skoðunarmenn geta skoðað og metið, þegar báturinn er fullsmíðaður.

513. Í bátum úr stáli eða áli, skal allri suðu og hnoðun vera lokið hjá bátasmíðastöðinni. Bátar úr stáli skulu vera ryðvarðir við afhendingu.

514. Trébáar skulu afhentir fúavarðir og grunnmálaðir.

515. Allir bátar, sem samþykktir eru til eiginsmíði, skulu afhentir kaupanda með fullsmíðaðar undirstöður fyrir stýri, vél, geyma og styrkingar vegna reiða.

516. Vatnsþétt og loftþétt skilrúm skulu sett í bátana hjá bátasmíðastöðinni. Ef bátarnir eiga að vera með flotholtum, skulu þau sett í bátana hjá bátasmíðastöð-

inni eða fylgja bátunum í því formi, að kaupandi geti sett flotholtin í bátinn sjálfur svo fullnægjandi sé.

1.520. **Viðurkenning á bátum til eiginsmíði.**

521. Viðurkenning á bátum til eiginsmíði er í því fólgin, að fullsmíðaður bátur af viðkomandi gerð sé prófaður og niðurstaðan sýni, að báturinn uppfylli í alla staði kröfur reglna.

522. Eftirlit með smíði báta til eiginsmíði fer fram með sama hætti og annarra samþykktra báta. Bátar til eiginsmíði skulu merktir með skilti, sem sýnir að bátarnir séu af viðurkenndri gerð til eiginsmíði, ásamt smíðanúmerinu.

523. Bátum, sem framleiddir eru til eiginsmíði, skal fylgja samþykkt smíðalýsing, þar sem greinilega er útskýrt, hvernig báturinn skal búinn, til að hann uppfylli kröfur reglna. Ennfremur skal þess getið, hvaða vélar og tæki eru samþykkt í bátinn.

1.530. **Viðurkenning á fullsmíðuðum bát.**

531. Þegar kaupandi hefur fullsmíðað bátinn, óskar hann eftir skoðun. Ef báturinn uppfyllir kröfur, fær hann viðurkenningarskilti.

1.600. **Forsendur viðurkenningar.**

611. Ef bátar eru ekki í einu og öllu skv. kröfum reglna, þegar þeir eru afhentir kaupanda, fellur viðurkenningin á bátsgerðinni úr gildi.

612. Ef gerðar eru breytingar varðandi efni, efnisuppbyggingu, festingu á vél og tækjum eða öðru, sem snertir smíði bátanna, án þess að það hafi verið samþykkt sérstaklega, fellur viðurkenningin á bátunum úr gildi.

613. Ef bátasmiður fer ekki eftir þeim ábendingum, sem fram koma við skoðun meðan á smíði stendur, getur viðurkenningin á bátsgerðinni fallið úr gildi.

614. Ef viðurkenning báta er afturkölluð vegna misgerða, getur það verið þess valdandi, að tilkynning þar að lútandi verði birt opinberlega. Við endurnýjun viðurkenningar skal fara að sem um viðurkenningu báta í fyrsta sinn.

615. Þó smíði viðurkenndra báta sé hætt um stundar sakir, gildir bátsgerðarviðurkenningin áfram.

616. Skilti og viðurkenningarskírteini, sem gefin hafa verið út skv. eldri reglum, sem felldar hafa verið úr gildi, gildir áfram fyrir viðkomandi báta.

VIÐAUKI
LEIÐBEININGAR UM SMÍÐALÝSINGU.

Forsíða:
SMÍÐALÝSING FYRIR .....

Bátsgerð: (tilgreina allar útfærslur gerðarinnar).
Smíðanúmer.
Bátasmíðastöð.
Heimilisfang.
Sími.
Áætlað framleiðslumagn.

EFNISYFIRLIT:

1. Almennt.
2. Bátasmíðastöð.
3. Bolur, þilfar og yfirbyggingar.
4. Fyrirkomulag.

5. Loftrásir.
6. Vélbúnaður.
7. Eldsneytisbúnaður.
8. Stýri og stýrisbúnaður.
9. Austur- og hreinlætislagnir.
10. Rafbúnaður.
11. Annar búnaður.
12. Segl og reiði.

Eftirfarandi yfirlýsing skal undirrituð af forsvarsmanni bátasmíðastöðvarinnar:
Sem ábyrgur fyrir starfsemi fyrirtækisins, staðfesti ég hér með, að allir bátar af ofangreindri bátsgerð verða smíðaðir skv. eftirfarandi smíðalýsingu og hugsanlegum síðari breytingum, sem þá verða samþykktar sérstaklega og er mér ljóst, að bátsgerðarviðurkenningin getur fallið úr gildi að öðrum kosti.

staður, dags.

forsvarsmaður bátasmíðastöðvar.

Eftirfylgjandi síður:

1. ALMENNT.

Í smíðalýsingu skal tilgreina hvort báturinn óskast skilgreindur sem skemmtibátur, fiskibátur eða farþegabátur og ennfremur hvort hann verður opinn bátur eða þiljaður.
Almenn lýsing á bát/bátsgerð ásamt auglýsingabæklingum og teikningum til útskýringar, t. d. línuteikningu og fyrirkomulagsteikningu. Eftirgreinar upplýsingar skulu almennt vera í þeim mælieiningum sem hér segir:

1.1. **Aðalmál.**

Mesta lengd á bol með hlífðarlistum ..... m
Breidd á bol með hlífðarlistum ..... m
Þyngd á bát án hleðslu ..... kg
Þyngd á hlasskili ..... kg
Fríborð að framan ..... m
Fríborð miðskips ..... m
Fríborð að aftan ..... m
Djúprista ..... m
Mesta hæð ofan vatnslínu, sigla meðtalin ..... m

1.2. **Stærð og fjöldi.**

Rúmmál geyma, eldsneyti, vatn o. s. frv. l
Rúmmál flotholta l
Viðbótar hleðsla ..... kg

Stærð og fjöldi sæta/koja.

Staðsetning	fjöldi-lengd-dýpt	hæð að þaki	karmhæð
Stjórnklefi			
Káeta			
Lúkar			
Annað			

Fyrir vinnubáta skal tilgreina fjölda svefnstaða.
Fyrir farþegabáta skal tilgreina fjölda sæta innan dyra ásamt fjölda farþega á þilfari.

1.3. **Framdrif.**
Aðalframdrif og hjálparframdrif
Hámarks vélarafl ..... kW
Stórsegl ..... m^2
Forsegl ..... m^2
Genúa ..... m^2
Önnur segl ..... m^2
Lengd á árum ..... m

1.4. **Eiginleikar.**
Hámarks hraði bátsins með þeirri vél, sem óskast viðurkennd í bátinn. Fyrir vinnubáta skal tilgreina takmarkanir á hleðslu með hliðsjón af sjólagi og ganghraða.

1.5. **Leiðbeiningar.**
Ef leiðbeininga er þörf við notkun bátsins skal eintak af leiðbeiningunum fylgja innsendum gögnum. Fyrir vinnubáta skal ennfremur fylgja yfirlit um notkun neyðarútganga, slökkvitækja og öryggisbúnaðar.

2. BÁTASMÍÐASTÖÐ.

2.1. **Ábyrgðarmenn.**
Tilgreina ábyrgðarmenn og framleiðsludeildir.

2.2 **Framleiðslusalur.**
Staðsetning og lýsing á framleiðsluhúsnæði, þar með taldar upplýsingar um upphitun og loftræstingu. Einnig skal fylgja með uppdráttur, sem sýnir framleiðsluskipulag.

2.3. **Verkfæri við framleiðsluna.**
Listi yfir þau verkfæri og tæki, sem notuð eru við framleiðsluna.

2.4. **Framleiðslueftirlit.**
Upplýsingar um innra eftirlit með gæðum framleiðslunnar.

3. BOLUR, ÞILFAR OG YFIRBYGGINGAR.

3.1. **Efni.**
Tilgreina smíðaefni, sem notað er ásamt eiginleikum efnisins.

3.2. **Mót.**
Tilgreina þau mót, sem notuð eru.

3.3. **Uppbygging.**
Nákvæm smíðalýsing af uppbyggingu bols, þilfars og yfirbygginga, þar sem fram koma öll efnismál, verklag og hersla.

3.4. **Styrkingar.**
Smíðalýsing og teikningar af þverskurði og langskurði, þar sem fram koma styrkingar og undirstöður ásamt tengingu á milli bols og þilfars og festingar á skilrúmum, bekkjum o. þ. h.

3.5. **Festingar.**
Nákvæm lýsing á festingu búnaðar.

4. FYRIRKOMULAG.

4.1. **Skilrúm og innréttingar.**
Efni, efnismál og festing á innréttingum og klæðningu.

4.2. **Lúgur, dyr og gluggar.**
Tegund, staðsetning, efnismál og festing.

4.3. **Flotholt.**
Tegund, staðsetning, stærð, utanmál og festing.

5. LOFTRÁSIR.

5.1. **Loftrásir til vélar og geyma.**
Tegund loftræstingar og afköst bæði á loftrás með eðlilegum súg og vélknúinni loftrás.

5.2. **Loftrás til vistarvera.**
Staðsetning, þvermál og tegund loftræstingar.

6. VÉLBÚNAÐUR.

6.1. **Vél.**
Tilgreina vélartegund/gír/drif/skrúfugerð.
Fyrir vinnubáta skal leggja inn til samþykktar teikningu af skrúfubúnaði ásamt upplýsingum um hugsanlegar hjálparvélar.

6.2. **Útblástur.**
Lýsing á lögnum, tegund þeirra og hljóðeinangrun.

6.3. **Einangrun.**
Tegund og staðsetning einangrunar ásamt upplýsingum um einangrun á sérstaklega heitum hlutum.

6.4. **Kælivatn.**
Gera grein fyrir kælivatnslögn, staðsetningu sjóinntaks og aðvörunarkerfi vegna hita vélar og útblásturs.

7. ELDSNEYTISBÚNAÐUR.

7.1. **Geymar.**
Upplýsingar um geyma, undirstöður þeirra, staðsetningu, tengingar og möguleika til eftirlits. Teikning af geymi, þar sem fram kemur efnistegund og efnismál, skal fylgja.

7.2. **Lagnir.**
Upplýsingar um lagnir, tegund þeirra og möguleika til eftirlits ásamt upplýsingum um loka og síur. Ef eldsneytislagnir liggja til fleiri en eins geymis, skal tengimynd fylgja.
Útskýra skal jarðtengingu bensínlagna.

8. STÝRI OG STÝRISBÚNAÐUR.

8.1. **Stýri.**
Teikning af stýri, þar sem fram koma efnisgæði og efnismál.

8.2. **Stýrisbúnaður.**
Tegund og fyrirkomulag stýrisbúnaðar.
Útskýra möguleika á neyðarstýringu.

9. AUSTUR- OG HREINLÆTISLAGNIR.

9.1. **Austurbúnaður.**
Dælur, staðsetning og afköst. Austurop brunna ásamt hæð á þröskuldum og frárennslisopum.

9.2. **Hreinlætisbúnaður.**
Vatnsveita til vaska, sturtu og salernis.
Teikning sem sýnir staðsetningu opa á byrðing og lagnir tengdar þeim.

10. RAFBÚNAÐUR.

10.1. **Teikning.**
Tengimynd, sem sýnir lagningu og þverflatarmál einstakra greina. Tilgreina skal staðsetningu, gerð og stærð, rofa, vara o. s. frv.

10.2. **Búnaður.**
Tilgreina þéttleikastaðal búnaðar á mismunandi stöðum í bátnum.

10.3. **Siglingaljós.**
Tilgreina tegund, staðsetningu, hlífar, vör og rofa.

11. ANNAR BÚNAÐUR.

11.1. **Slökkvibúnaður.**
Tegund, stærð og staðsetning handslökkvitækja og fasts slökkvibúnaðar.

11.2. **Festartæki.**
Tegund, staðsetning og festing festartækja og festarleiðara.

11.3. **Handrið, handföng, björgunarstigi, hálkuvörn.**
Tegund, staðsetning og festing.
Tilgreina hæð björgunarstigans frá lægstu vatnslínu.

11.4. **Eldunar-, hita- og kælibúnaður.**
Tegund, staðsetning og eldvörn.

11.5. **Siglingatæki.**
Fyrir vinnubáta skal fylgja fyrirkomulagsteikning af stýrishúsi og upplýsingar um tegund siglingatækja.

12. SEGL OG REIÐI.

12.1. **Fyrirkomulag.**
Réttindi vægi við 30° halla. Segla- og reiðateikningu.

12.2. **Efnismál.**
Efnismál og festingar á reiðabúnaði.

12.3. **Vindur.**
Fyrir vinnubáta skal tilgreina togkraft á vindum.

2. EIGINLEIKAR.
2.100. Almennt.
110. Aðalmál.
120. Bátsgerðir.
130. Þyngdir.
2.200. Takmarkanir.
210. Efnismál vegna álags.
220. Sæti og útsýni frá stjórntækjum.
230. Hámkarkshleðsla og fjöldi manna.
240. Hámarks vélarafl.
2.300. Fríborð, stöðugleiki og flothæfni.
310. Almennt.
320. Fríborð við hámarkshleðslu.
330. Stöðugleiki.
340. Flothæfni vatnsfylltra báta.
350. Stöðugleiki vatnsfylltra báta.
360. Flotholt.
2.400. Reynslusigling.
410. Athugun á sjóhæfni.
420. Athugun á meðfærileika.
430. Vélbátar.
440. Seglbátar.

2. EIGINLEIKAR.

2.100. **Almennt.**

2.110. **Aðalmál.**

Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

L_m: Mesta lengd bátsins í metrum, þar með taldir hlífðarlistar og aðrir hlutir fastir við bolinn, þó ekki stýri aftan á skut.

d: Djúprista í metrum.

B_m: Mesta breidd í metrum, þar með taldir hlífðarlistar.

B: Mesta breidd bolsins í metrum mæld á útsíðu súðar.

D: Dýpt í metrum á miðri mestu lengd, mæld frá efri brún á borðstokk eða þilfari að útsíðu botnsúðar, miðskips á flatbotna bátum, en við hlið kjalar á bátum með kjöl.

F: Meðalfríborð $= \frac{f_f + f_m + f_a}{3}$

f_f: Fríborð fremst.

f_m: Fríborð á miðri mestu lengd.

f_a: Fríborð aftast, mælt að lægsta punkti eða þar sem vatn kemur til með að renna fyrst inn í bátinn.

2.120. **Bátsgerðir.**

121. Segljúlla:
Seglbátur með eiginþyngd, G, undir 300 kg.
Kjölseglbátur:
Seglbátur með kjölfestu og/eða hlasskjöl, sem hefur eiginþyngd 300 kg eða meira.
Vélbátur með hjálparsegl:
Bátur, sem aðallega er knúinn áfram með fastfrágenginni vél, en er búinn seglum, sem hafa takmarkað flatarmál með tilliti til ákvæða í reglum.

2.130. **Þyngdir.**

131. Þyngd á bensínutanborðsvél er gefin upp á mynd 2.3.

132. Þyngd á búnaði er gefin upp á mynd 2.4.

133. Leiðrétting á niðursökktum þunga er gefin upp á mynd 2.5.

134. Eiginþyngd, G, er þyngd á báti með innréttingum og föstum búnaði. Fyrir báta með segl, skal sigla og reiði reiknast með.

135. Hámarkshleðsla er sú þyngd, sem heimilt er að setja í bátinn umfram það, sem telst til eiginþyngdar. Hámarkshleðsla er gefin upp á viðurkenningarskírteini og eru eftirgreindar þyngdir þar meðtaldar:
Hámarks fjöldi manna og telst hver maður 75 kg.
Hámarks innihald geyma í kg.
Þyngd á utanborðsvél skv. mynd 2.3.
Þyngd á búnaði skv. mynd 2.4.
Viðbótarþyngd.

136. Til viðbótarþyngdar skal telja:
Þyngd nytjahleðslu.
Í bátum með yfirbyggingu, skal gera ráð fyrir 30 kg af farangri fyrir hvern mann, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

137. $\triangle$ er heildarþyngd bátsins í kg með hámarkshleðslu eða summan af eiginþyngd G + hámarkshleðslu.

2.200. **Takmarkanir.**

2.210. **Efnismál vegna álags.**

211. Efnismál á bol, þilfari og yfirbyggingum miðast við álag sjávar og skulu ákveðin með tilliti til stærðar bátsins, ganghraða og hæð yfir vatnslínu. Auk þess skulu efnismál þilfars og yfirbygginga metin með hliðsjón af umgangi manna eða hleðslu, ef hún veldur meira álagi en sjórinn.

212. Eftirfarandi línurit sýnir álag sjávar við hámarks hraða bátsins með lágmarks hleðslu. Fyrir seglbáta skal $V = 3\sqrt{L}$.



213. Efnismál báta, sem hlaða má mikið og jafnframt eru knúnir með miklu vélarafli, skal auka með því að margfalda álag sjávar með:

$$k = \frac{\triangle \; V}{330 \; L_m^{\,2} \; B^{1,5}}$$

k minnst 1,0

$\triangle$ = þyngd bátsins í kg með hámarkshleðslu.
V = ganghraði bátsins í hnútum með hámarkshleðslu.
L_m = mesta lengd bátsins í metrum.
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.
Ef k gefur hærra gildi, þegar reiknað er með annarri þyngd bátsins en að ofan greinir við hámarks ganghraða, skal það gildi notað.

214. Álag sjávar er mismikið langskips, eins og sýnt er á eftirfarandi myndum. Þegar botnris miðskipa er minna en 12°, skal 1,0 p haldast alla bátslengdina.

215. Álag sjávar á síður er mismikið eftir hæð síðanna frá hleðsluvatnslínu, eins og sýnt er á eftirfarandi myndum.
Álagið er ákveðið með tilliti til lágmarks fríborðs, sem krafist er fyrir viðkomandi bát skv. 2.321 (b).

216. Við ákvörðun á efnismálum þilfars, sem ætlað er að bera farm, skal setja eftirgreinda álagsstuðla í líkinguna:
p_{farm} = 0,08 þyngd á farmi í tonnum/m^2.
p_{farm} = 0,03 þyngd manna.

217. Álagsstuðullinn p skal aldrei vera minni en:
$p_{minnst} = 0{,}004\ L_m$.

218. Álagið, sem lagt er til grundvallar við ákvörðun á efnismálum, skal aldrei vera minna en það álag, sem hæst er af eftirgreindu álagi:
$p = k\ p_{sjo}$
$p = p_{farm}$
$p = p_{minnst}$

Bátar með ganghraða V, á bilinu: $10\sqrt{L} - 5\sqrt{L}$



Bátar með ganghraða, V, á bilinu: $5\sqrt{L} - 3\sqrt{L}$



Bátar með ganghraða, V, minni en: $3\sqrt{L}$



L = lengd vatnslínu í metrum.

B 112


Pminnst
Phlass
1,0 F
1,0 Psjó
1,5 F
1,0 Psjó

2.220. **Sæti og útsýni frá stjórntækjum.**

221. Bátar skulu búnir fullnægjandi sætum fyrir alla þá sem báturinn er viðurkenndur fyrir. Með fullnægjandi sætum er átt við föst sæti, sem eru minnst 0,5 m að breidd með minnst 0,9 m hæð ofan við sætið og um það bil 0,75 m rými fyrir fætur, mælt fram frá sætisbakinu.
Lausa stóla eða þóftur má ekki hafa í bátum, sem ganga hraðar en 20 hnúta.

222. Kjölseglbátur með þilfari skal ekki viðurkenndur fyrir fleiri menn, en sem nemur fjölda fullnægjandi sæta í sætabrunni og að auki, sem nemur einum manni á hvern 0,5 m^2 gólfrými í brunninum. Þessi fjöldi þarf þó ekki að vera minni en helmingur þess, sem krafist yrði skv. 2.221.

223. Ekki skulu vera neinar óvarðar skarpar rendur, sem valdið geta meiðslum.

224. Aftursæti í bátum með utanborðsvél skulu þannig staðsett, að menn verði ekki fyrir meiðslum þó vélin sveiflist upp.

225. Fullnægjandi útsýni skal vera frá stjórntækjum bátsins. Gluggatjöld, sem hindrað gætu útsýni frá stjórntækjum, skulu sett upp á þann veg, að hægt sé að víkja þeim til hliðar, ef nauðsyn krefur við stjórn bátsins.
Á planandi bátum skal það vera tryggt, að útsýni frá stjórntækjum sé fullnægjandi, þegar báturinn lyftir sér upp á plan.
Segl, sem byrgja útsýni, skulu vera búin gegnsæjum reit.

2.230. **Hámarkshleðsla og fjöldi manna.**

231. Hámarkshleðsla er ákveðin út frá eftirgreindu:
a) Hve mikið má hlaða bátinn með tilliti til lágmarks fríborðs.
b) Hámarks fjölda manna (75 kg + hugsanlega 30 kg) + hugsanleg nytjahleðsla og búnaður.
c) Þeim takmörkunum, sem nauðsynlegar teljast vegna styrks bátsins.
d) Þyngd opinna báta með hámarkshleðslu á ekki að vera meiri en:
$\triangle = (11\ L_m\ B)^{1,5}$ kg.

232. Hámarks fjöldi manna er ákveðinn út frá eftirgreindu:
a) Hve marga menn má setja í bátinn með tilliti til lágmarks fríborðs, ef hver maður vegur 75 kg.
b) Hve marga menn má setja í bátinn með tilliti til stöðugleika hans.
c) Hve marga menn má setja í bátinn með tilliti til flothæfni á vatnsfylltum báti.
d) Hve mörg sæti eru í bátnum eða önnur aðstaða fyrir menn.

2.240. **Hámarks vélarafl.**

241. Hámarks vélarafl er ákveðið út frá eftirgreindu:
a) Hámarks vélarafli, sem fram kemur við reynslusiglingu.
b) Þeim hámarks hraða, sem efnismál bátsins eru byggð á.
c) Styrk afturgafls.
d) Þeirri hámarks þyngd á utanborðsvél, sem samþykkt er með tilliti til lágmarks fríborðs að aftan.
e) Þeirri hámarks þyngd á utanborðsvél, sem uppfyllir kröfur um flothæfni.
f) Undirstöðum og festingum vélar.

2.300. **Fríborð, stöðugleiki og flothæfni.**

2.310. **Almennt.**

311. Fyrirkomulag báta skal vera á þann veg, að með eðlilegri notkun og góðri sjómennsku sé ekki hætta á, að þeir fyllist af sjó. Ef ætla má að fyrirkomulagið eitt nægi ekki til að tryggja öryggi bátanna, skulu þeir búnir flotholtum skv. reglum.

312. Seglbátar, sem ekki verða réttir snögglega með því, að menn færi sig til í bátunum, skulu almennt hafa þröm, sem varnar að vatn renni inn í bátinn við halla. Á opnum kjölseglbátum, skal samanlagt flatarmál opa í þilfarinu ekki fara yfir 30% af heildarflatarmálinu.
313. Athugun á hleðslu, stöðugleika og flothæfni skv. 2.320, 2.330, 2.340 og 2.350 skal gerð við raunhæfar aðstæður á vatni, sem skoðunarmaður telur fullnægjandi. Fyrir stærri báta geta útreikningar komið í stað ofangreindra athugana.

2.320. **Fríborð við hámarkshleðslu.**

321. Bátar, sem falla undir eftirfarandi upptalningu, skulu búnir flotholtum:
a) Bátar með L_m minni en 5,5 m.
b) Bátar með minna meðalfríborð, F, en hið hærra af:

$$F = \frac{4{,}5\ \triangle}{1000\ L_m\ B}\ \text{m eða}$$

$F = 0{,}5$ m
c) Opnir seglbátar.

322. Bátar, sem skv. 2.321 skulu búnir flotholtum, mega ekki hafa minna meðalfríborð en hið hærra af:
$F = 0{,}2\ B$ m eða
$F = 0{,}2$ m.
323. Á opnum bátum, skal fríborð að aftan ekki vera minna en 80% af meðalfríborði.
324. Opnir bátar, sem óskast samþykktir fyrir utanborðsvél, skulu hafa lágmark 100 mm fríborð með utanborðsvélina og 75 kg staðsett á öftustu þóftu.
325. Bátar, sem hafa minna fríborð en krafist er skv. 2.321 b) og hafa ekki fullnægjandi flotholt, skulu búnir sem þilfarsbátar. Þilfarsbátar skulu almennt ekki hafa minna fríborð, en krafist er skv. ákvæðum í 2.322. Fríborð má þó vera minna, ef útreikningar sýna fram á, að báturinn hafi fullnægjandi stöðugleika.

2.330. **Stöðugleiki.**

331. Við eiginþyngd skal bátur uppfylla kröfur um stöðugleika, sem tilgreindar eru í 2.337, þegar 20 n kg, þó minnst 40 kg, eru staðsett á $B_m/2$ frá miðlínu.
n er sá hámarks fjöldi manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
Eiginþyngd er skilgreind í 2.134.
332. Hallalóð skal staðsett í borðstokkshæð við mestu breidd bátsins.
333. Stöðugleika við mestu hleðslu skal athuga skv. ákvæðum í 2.334 og 2.335, ef ætla má, að slík athugun skeri úr um þann hámarks fjölda manna, sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir.
334. Kjölseglbátur með þilfari, skal vera stöðugur með allt að 90° halla og skal ekki renna vatn inn í bátinn við þann halla.
335. Til að fyrirbyggja að báturinn leggist á hliðina við að allir skipverjar flytji sig til sömu síðu, skal báturinn við mestu hleðslu uppfylla kröfur um stöðugleika, sem tilgreindar eru í 2.337, þegar þungi sem nemur 75 n kg er staðsettur á gólfi bátsins eins nærri útsúð og mögulegt er, en þó aldrei nær miðlínu en $B_m/4$.
336. Við athugun á stöðugleika við mestu hleðslu, skulu hallalóð staðsett á gólfi bátsins og vera deilt niður langskips á þá staði, sem ætlaðir eru mönnum. Annar þungi skal staðsettur á sínum ákveðna stað um borð. Þungi, sem nemur þunga búnaðar, skal vera á gólfi og ef sá búnaður hefur ekki ákveðinn stað um borð skal hann, ef mögulegt er, vera aftast.
337. Við athugun á stöðugleika, skal ekki renna vatn inn í bátinn. Á bátum, þar sem almennt þarf að ganga eftir þröm til sæta, má báturinn ekki halla meira en 15°.

338. Segljullur skulu, við eiginþyngd og með fallkjöl uppi, vera það stöðugar, að vatn renni ekki inn í bátinn, þegar 75 kg eru staðsett á móts við siglu í $B_m/4$ fjarlægð frá miðlínu, eða þar sem eðlilegast er að stíga um borð í bátinn. Á þilfarsbátum skal staðsetja hallalóðin á þilfari, en í opnum bátum á þóftum eða gólfi.

2.340. **Flothæfni vatnsfylltra báta.**

341. Með vatnsfylltum bát er átt við bát, sem ekki er hægt að setja meira vatn í án þess að það renni út yfir lægsta hluta á borðstokk, afturgafli eða önnur op á bátnum.

342. Vatnsfylltur bátur búinn þunga, sem nemur þunga vélar, rafhlöðu, tækja og búnaðar skv. myndum 2.3 og 2.4, ásamt 25 kg viðbótar þyngd fyrir hvern mann, sem báturinn skal viðurkennast fyrir, skal ekki sökkva, en fljóta sem næst láréttur.

343. Viðbótarþungi skal aldrei vera minni en:
$P = 50 + 50\ (L_m - 2{,}5)$ kg.
P minnst 75 kg.
Þunginn skal hækkaður upp í næstu 5 kg tölu.

344. Vegna báta, sem hafa hlutfall á milli lengdar og breiddar 3,2 eða meira, eru viðurkenndir fyrir hámark þrjá menn og hámark 2,2 kW utanborðsvél skal viðbótarþungi ekki vera minni en:
$P = 50 + 40\ (L_m - 2{,}5)$ kg.
P minnst 75 kg.

345. Þungi, sem nemur þunga vélar og búnaðar, skal ef mögulegt er, vera á sínum ákveðna stað. Annar þungi skal staðsettur á gólfi og vera deilt niður á þá staði, sem ætlaðir eru mönnum. Þungi búnaðar, sem ekki hefur ákveðinn stað, skal staðsettur aftast.

346. Halla- og viðbótarþungi er miðaður við allt að 15% minnkun þungans í vatni. Ef notað er efni með minni eðlisþyngd en járn, skal leiðrétta þungann skv. mynd 2.5.

2.350. **Stöðugleiki vatnsfylltra báta.**

351. Vatnsfylltur bátur búinn þunga sem nemur þunga vélar, rafhlöðu, tækja og búnaðar skv. myndum 2.3 og 2.4, skal vera það stöðugur, að hann leggist ekki á hliðina, ef hann er hlaðinn hallaþunga sem nemur:
$P_k = 10 + 5\ n$ kg.
P_k minnst 25 kg.
n er sá hámarksfjöldi manna, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

352. Hallaþungi skal staðsettur með þyngdarpunkti í borðstokkshæð og skal kröfu, sem tilgreind er í 2.351 fullnægt, hvar svo sem þunginn er staðsettur eftir endilöngum borðstokknum.

353. Þungi sem nemur þunga vélar og búnaðar, skal ef mögulegt er, vera á sínum ákveðna stað.

354. Flotholt skulu þannig staðsett, að vatnsfylltur bátur fullbúinn, sé stöðugur með allt að 60° halla.

355. Seglbátur með flotholt skv. reglum skal, við eiginþyngd með uppsettan reiða en án segla, ekki halda áfram að velta, þegar siglutoppur snertir vatnið.

356. Stöðugleiki vatnsfylltra segljulla við eiginþyngd skal athugaður með fallkjölinn uppi.

2.360. **Flotholt.**

361. Flotholt mega vera úr frauðplasti, hvort heldur sem er í tilbúnu formi eða búin til á staðnum. Sérstakir loftgeymar eða tvöfaldur bolur án frauðplastsfyllingar getur, að undangenginni sérstakri athugun, fengist samþykktur sem flotholt, að því tilskyldu, að framleiðandi hafi nákvæmt eftirlit með framleiðslunni, og að hver

geymir/bolur sé þéttiprófaður. Prufuþrýstingur á að vera 8 kPa (0,08 kp/cm²) yfirþrýstingur, sem má ekki minnka meira en niður í 7 kPa (0,07 kp/cm²) á einni mínútu. Stóra geyma, sem aflagast við þrýsting, má prófa með lægri þrýstingi, en þá skal prófunin vara í hlutfallslega lengri tíma.

362. Allir lokaðir geymar skulu hafa frárennsli. Loftgeymar, sem reiknast sem flotholt, skulu vera þannig gerðir, að ekki sé hægt að nota þá fyrir geymslu. Lokuð rými, sem ekki reiknast sem flotholt, en eru tóm eða innihalda frauðplast að einhverju leyti, skulu vera opin við athugun á flothæfni.

363. Frauðplast skal vera í föstu formi og vera varið á þann veg, að það verði ekki fyrir hnjaski. Frauðplast, sem búið er til á staðnum, skal samþykkja í hverju einstöku tilfelli.

364. Frauðplast skal vera úr viðurkenndum efnum, sem þola bensín. Frauðplastið skal rannsaka skv. sænskum staðli SIS 88 22 21 gr. 7 og má breyting á burðarþoli ekki vera meiri en 5%. Frauðplastið má ekki drekka í sig meira en 8 rúmmálsprósent af vatni við að vera niðurstökkt í 8 sólarhringa, skv. ISO 2896-1974.

365. Víkja má frá kröfum í 2.364, ef frauðplastið er varið á þann veg, að það geti ekki komist í snertingu við bensín.

2.400. **Reynslusigling.**

2.410. **Athugun á sjóhæfni.**

411. Bátum skal reynslusiglt í viðurvist skipaskoðunarmanns. Í reynslusiglingu skulu bátarnir vera fullsmíðaðir og með allan búnað.

412. Reynslusigling skal fara fram við sem næst þær aðstæður, sem báturinn hugsanlega verður notaður við og með því hámarks vélarafli sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir. Markmiðið með reynslusiglingunni er að athuga hvort sjóhæfni bátsins er fullnægjandi við þær aðstæður, sem gert er ráð fyrir, að báturinn verði notaður við. Bátnum á að reynslusigla bæði við eiginþyngd og með hámarkshleðslu.

2.420. **Athugun á meðfærileika.**

421. Vegna prófunar á meðfærileika bátsins, skal eftirgreint athugað:
   a) Útsýni frá stýri og aðgangur að stjórntækjum.
   b) Beygjueiginleikar bæði á SB og BB.
   c) Bökkunareiginleikar.
   d) Ganghraði á fullri ferð og eiginleika planandi báta á plani.
   e) Stefnustöðugleika á fullri ferð. Prófað skal með stýri lagt í bæði borð og með tilfærslu á þunga.
   f) Stefnustöðugleika á hægri ferð.
   g) Stöðvunareiginleika.
   h) Varpa og lyfta akkerum.
   i) Möguleiki til að draga bátinn.

2.430. **Vélbátar.**

431. Hraðgengir vélbátar skulu prófaðir á fullri ferð með því að leggja stýri snögglega frá borði í borð, minnst þrisvar sinnum í hvort borð. Skal þetta gert í beinu framhaldi hvað af öðru.

432. Athuga skal halla vélar og áhrif mismunandi tegunda af skrúfum á hraða bátsins.

2.440. **Seglbátar.**

442. Seglbátum skal reynslusiglt við sem næst 6—8 m/sek. vindhraða. Sigla skal bát í allar áttir og athuga sérstaklega reiða, segl, stýri, fallkjöl og þess háttar.

MYND 2.1.

Ganghraði skal ekki vera meiri en svo að ef:

- L er minni en 3, skal báturinn hafa fullt særými á hámarks hraða.
- L er á bilinu 3 til 5, má báturinn ná hálfplanandi hraða.
- L er lengri en 5, má báturinn plana.

L = lengd vatnslínu á metrum.



MYND 2.2.

Hámarks særými opinna báta.

$\triangle = (11\ L_m \cdot B)^{1,5}$ kg, sjá 2.231.



MYND 2.3.

Þyngd á bensínutanborðsvélum.
Þyngdin skal hækkuð upp í næstu 5 kg tölu.



Þyngd á rafhlöðu og fullum bensíngeymi:

Vélarafl kW	Bensíngeymir kg	Rafhlaða kg
- 3,6	-	-
3,7 -15,0	15	-
15,1 -26,0	30	-
26,1 -	30	20

MYND 2.4.

Þyngd á búnaði, þar með talið akkeri, akkerisfesti, dráttartóg, árar, bátshaki, handslökkvitæki og þess háttar.

Þyngdin skal hækkuð upp í næstu 5 kg tölu.



MYND 2.5.

Stuðullinn f, til leiðréttingar á þyngd efnis í vatni með hliðsjón af eðlisþyngd efnisins.

Til að ná þyngdinni P í vatni skal margfalda hana með stuðlinum f: P í vatni = f P kg.



3. STÝRI, VÉL OG RAFBÚNAÐUR.
3.100. Stýrisbúnaður.
110. Almennt.
120. Álag á stýrisbúnað.
130. Stýrisásar.
140. Stýring með vír og kastblokk.
150. Barkastýrisbúnaður.
160. Vökvastýrisbúnaður.
170. Stýrishjól.

3.200. Vélbúnaður.
210. Almennt.
220. Fyrirkomulag vélbúnaðar og stjórntæki.
230. Utanborðsvélar.
240. Vélarúm.
250. Útblásturslagnir.

3.300. Eldsneytisbúnaður.
310. Almennt.
320. Búnaður vegna gasolíuvéla.
330. Búnaður vegna bensínvéla.
340. Færanlegir eldsneytisgeymar.
350. Eldsneytislagnir.
360. Þéttiprófun.

3.400. Loftrásir.
410. Loftrás til vélarúms.
420. Loftræsting á bensínvélarúmi.
430. Skilrúm vegna bensínvéla.

3.500. Rafbúnaður.
510. Almennt.
520. Rafhlöður.
530. Raflagnir.
540. Vifta fyrir vélarúm.

3. STÝRI, VÉL OG RAFBÚNAÐUR.

3.100. **Stýrisbúnaður.**

3.100. **Almennt.**

111. Stýrisbúnaður skal vera þannig byggður, að auðvelt sé að stjórna bátnum á þeim hámarkshraða, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.

112. Bátar, sem viðurkenndir eru fyrir utanborðsvélar með meira vélarafli en 15 kW (20 hö), skulu búnir stýrishjóli. Gera má kröfu um stýrishjól á öðrum bátum, ef nauðsynlegt er talið af öryggisástæðum.

113. Á litlum hraðgengum bátum, skal stýrisbúnaður vera þannig uppbyggður, að stýrisfjöður leggist frá borði til borðs við tvo snúninga stýrishjólsins.

114. Ef bátum er ekki stjórnað með stýrissveif, sem fest er beint á stýrisásinn, skal stýrisásinn vera þannig lagaður eða hafa búnað, sem gerir mögulegt að koma fyrir neyðarstýringu. Ennfremur skal vera stoppari við stýrið.
115. Stjórnborð og annar búnaður vegna stýris, skal hafa nægilegan styrk og vera það vel fest við bolinn, að búnaðurinn þoli það álag, sem á hann reynir, þar með talinn þann kraft, sem stjórnandi bátsins gæti valdið í veltingi eða við aðrar hreyfingar bátsins.
116. Göt á vélarbrunni fyrir stýristaugar, skulu þétt á fullnægjandi hátt.
117. Stýrisbúnað, sem ekki er getið um í þessum reglum, má viðurkenna að undangenginni sérstakri prófun.

3.120. **Álag á stýrisbúnað.**

121. Stýrisbúnaður báts með utanborðsvél eða hálfutanborðsvél, skal með mest 450 N kraft í tangensstefnu á minnsta stýrishjóli fyrir viðkomandi stýrisbúnað, geta valdið eftirgreindum krafti K við vélarfestinguna:
K = 10 sinnum hámarks vélarafl í kW N, sjá 3.122.
122. Stýrisbúnaður báts með stýri, skal með mest 450 N krafti í tangensstefnu á minnsta stýrishjóli fyrir viðkomandi stýrisbúnað, geta valdið eftirgreindum krafti K við vélarfestinguna:

$$K = \frac{P\ Sv}{Sa}$$

K = stýriskraftur í N.
S_a = stýrisarmur í mm.
$P = 104\ A\ V^2$.
A = flatarmál á stýrisfjöður í m^2. Fyrir hringstýri skal
A = 1,75 sinnum flatarmál hliðarmyndar stýrisins.
V = mesti ganghraði bátsins í hnútum. Fyrir seglbáta skal
$V = 3\sqrt{L}$, þó minnst 5 hnútar.
S_v = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að snúningslínu stýrisins, mælt hornrétt frá snúningslínunni. Plötustýri hefur þrýstimiðju 80% af lengdinni frá framkanti á stýrisfjöður að miðju flatarmáls, mælt frá framkanti, en tvöfalt stýri 70% af framangreindri lengd.
S_b = lengd í mm frá þrýstimiðju stýrisfjaðrarinnar að skutlegu.
123. Stýrisbúnaðurinn, með fast stýrishjól, skal þola eftirgreint álag á viðkomandi vél eða festingu stýrisarmsins:
3,5 K á barkastýrisbúnað.
2,0 K á vökvastýrisbúnað.

3.130. **Stýrisásar.**

131 Stýrisásar, sem fest er í hællegu að neðan, hafa snúningsvægið:

$$M = \frac{P\,S_b}{4} + \frac{P}{2}\sqrt{S_b + 2\,S_v^2}$$



132. Stýrisásar á sparðastýri hafa snúnings- og beygjuvægið:

$$M = \frac{P\,S_b}{4} + \frac{P}{2}\sqrt{S_b^2 + 2\,S_v^2}$$



133. Þvermál á stýrisás skal ekki vera minna en:

$$d_v = 1{,}75 \sqrt[3]{\frac{k\,M}{Rp\ 0{,}2}}$$

$k = 2$

$Rp\ 0{,}2$ = flötmörk stýrisássins

134. Holur stýrisás skal hafa þvermál skv. eftirfarandi líkingu:

$$d_v = \sqrt[3]{\frac{d_1^4 - d_2^4}{d_1}}$$

d_v = þvermál á gegnheilum stýrisás.
d_1 = ytra þvermál á hola stýrisásnum.
d_2 = innra þvermál á hola stýrisásnum.

135. Legur við stýrisás og festingar leganna við bolinn, skulu þola kraftinn P.
Fyrir spaðastýri gildir þessi krafa, ef bilið á milli leganna er $\geq S_b$.
Ef bilið á milli stýrisarms og skutlegu er meira en 6 sinnum þvermálið á stýrisásnum, skal sett burðarlega efst á stýrisásinn.

136. Þvermál á boltum í stýrisástengi, má ekki vera minna en:

$$d_b = \frac{0{,}65 d_v}{\sqrt{n}} \text{ mm}$$

d_v = þvermál á stýrisás í mm.
d_b = þvermál á boltum í mm.
n = fjöldi bolta, boltar skulu ekki vera færri en 4.



Millibil bolta í láréttu stýrisástengi, skal ekki vera minna en sem nemur þverináli ássins.
Þykkt á stýrisástengi skal ekki vera minna en þvermál bolta.
Breidd á stýrisástengi utan við boltana, skal ekki vera minna en þvermál bolta.
Boltar í stýristengingu skulu festir á þann veg, að þeir losni ekki við titring.

137. Stýrisfjöðrum sem eru auðlosanlegar skal þannig fest að þær geti ekki hrokkið af eða losnað.

Stýrisfjaðrir, sem ná niður fyrir kjöl, eiga að vera þannig, að hægt sé að fella upp þann hluta stýrisfjaðrarinnar, sem nær niður fyrir kjölinn.

138. Stýrisáspípa á að ná minnst 350 mm upp fyrir hleðsluvatnslínu og vera búin þéttihring. Ef þessu verður ekki við komið, skal vera á stýrisáspípunni fullnægjandi þéttidós.

3.140. **Stýring með vír og kastblokk.**

141. Víralögn á milli stýrishjóls og stýrisfjaðrar skal vera þannig, að ekki geti komið slaki á vírinn undir nokkrum kringumstæðum.

142. Allar samsetningar búnaðarins skulu vera ryðvarðar.
Á endum stýrisvíra skal vera kósi. Augað utan um kósann skal vera splæst eða klemmt saman með minnst tveim víraklemmum. Gengið skal tryggilega frá öllum endum.

143. Stýrisvírinn skal lagður þannig, að hann verði ekki fyrir áverkum. Ef Vírinn er plasthúðaður, skulu hjól í kastblokkum vera úr nylon eða samsvarandi efni.

144. Víralögnin skal hafa sem allra minnstu stefnubreytingu. Blokkarhjól skulu hafa rauf, sem hæfir vírnum og skal þvermál hjólsins vera 12 sinnum þvermál vírsins, þó ekki minna en 50 mm. Blokkir skulu hafa stýringu, sem hindrar að vírinn fari út af hjólinu.

145. Allur stýrisbúnaðurinn fullfrágenginn, skal prófaður með togkrafti skv. 3.120. Búnaðurinn skal prófaður með álagninu í bæði borð. Stýrisbúnaðurinn skal vera óskemmdur eftir prófunina. Stýrisbúnaðurinn skal uppfylla kröfur í 3.155.

3.150. **Barkastýrisbúnaður.**

151. Barkastýrisbúnaður er sá búnaður, þar sem stýrisvírinn rennur til í þar til gerðum barka.

152. Barkastýrisbúnaður skal vera sérstaklega viðurkenndur.

153. Efnið, sem notað er í búnaðinn, skal henta vel til sinna nota og vera ryðvarið.

154. Búnaðurinn skal prófaður með krafti, sem tilgreindur er í 3.120.

155. Stýrisbúnaður skal vera skv. eftirfarandi mynd við prófun. Fjöðrunina í fullgerðum stýrisbúnaði skal prófa með lengsta barka, sem framleiðandi mælir með.
Með fastan barkarendann skal stærsta stýrishjól, sem viðurkennt er fyrir viðkomandi búnað, ekki leggjast meira en 300 mm í hvort borð við álag á stýrishjólið skv. 3.120.



156. Barkastýrisbúnaði skal komið fyrir í bátnum skv. leiðbeiningum framleiðanda. Sérstaklega gildir þetta um festingu á stýrishjóli, hámarksbeygju barkans, staðsetningu og festingu að aftan, ásamt því að hæð festingarinnar sé rétt með tilliti til vélarfestingarinnar og að úrtak úr vélarbrunnunum sé af réttri stærð og rétt staðsett.

3.160. **Vökvastýrisbúnaður.**

161. Vökvastýrisbúnaður skal vera sérstaklega viðurkenndur. Búnaðurinn skal prófaður með hliðsjón af mesta stýrisálagi. Sjá 3.123.

162. Stýrisbúnaðurinn skal vera úr hæfu efni. Stýrisbúnaðurinn skal vera ryðvarinn að utan.

163. Stýrisbúnaðurinn skal settur upp skv. leiðbeiningum framleiðanda. Vökvaslöngum og pípum skal fest vandlega með klemmum, sem ekki hafa meira en 300 mm millibil.

164. Vökvaslöngur og pípur skulu lagðar þannig, að slöngurnar/pípurnar geti ekki komið í snertingu við útblásturslagnir eða aðra heita hluti. Ennfremur skulu stýrislagnir varðar fyrir hnjaski.

165. Vökvaáfylling og loftaftöppun skal vera vel aðgengileg.

166. Allur stýrisbúnaðurinn fullfrágenginn skal þéttiprófaður.

3.170. **Stýrishjól.**

171. Stýrishjól skal prófað við stofuhita með 700 N tog-/þrýstiálagi, sem lagt er á 100 mm af veikasta hluta stýrishjólsins. Við þessa prófun, skal stýrishringurinn ekki breyta varanlega lögun og vera óskemmdur á eftir.

172. Stýrishjól, sem er framleitt úr plastefni án berandi málmkjarna, má ekki hafa þannig öldrunareiginleika, að styrkur stýrishjólsins minnki svo nokkru nemi við xenonljósöldrun, sem svarar til fjögurra ára eðlilegrar öldrunar. Falla má frá kröfum um öldrunarprófun á svörtum stýrishjólum.

3.200. **Vélbúnaður.**

3.210. **Almennt.**

211. Ef einhver hlutur í vélbúnaði telst ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði, má krefjast breytinga á honum eða endurnýjunar.

3.220. **Fyrirkomulag vélbúnaðar og stjórntæki.**

221. Vél, lokar á eldsneytisgeymum, eldsneytislagnir og þess háttar, skal vera vel aðgengilegt til skoðunar og viðgerða.

222. Þeir hlutir í vélbúnaðinum, sem einhverja þýðingu hafa fyrir öryggi bátsins, skulu gerðir úr efni, sem best þolir það álag, sem hluturinn verður fyrir.

223. Öll stjórntæki vélarinnar sem nota þarf við siglingu bátsins, skulu vera vel aðgengileg frá stýri hans.

224. Bátar, sem eru með stjórntæki í opnu rými og ganga meira en 15 hnúta, skulu hafa öryggisbúnað við stjórntækin sem stoppar vélina, ef stjórnandi bátsins fellur fyrir borð.

3.230. **Utanborðsvélar.**

321. Utanborðsvél sem staðsett er í lokuðu rými, skal fullnægja kröfum um vélar í vélarúmi.

232. Utanborðsvél sem er kraftmeiri en 15 kW (20 hö), skal fest við afturgafl með gegnumgangandi boltum.

233. Bátar sem eru viðurkenndir fyrir kraftmeiri utanborðsvél en 15 kW (20 hö), skulu hafa vélarbrunn með frárennsli til sjávar, sem er ekki minna en 15 mm í þvermál.

234. Göt á vélarbrunni fyrir stjórnbarka og eldsneytislagnir, skulu vera þétt.
235. Vélarbrunnur skal vera það stór að hægt sé að reysa upp stærstu vél, sem báturinn er viðurkenndur fyrir.
236. Afturgafl, sem ætlaður er fyrir utanborðsvél, skal búinn hlífðarplötum beggja megin vegna festiskrúfa vélarinnar. Plötunum skal vel fest við gaflinn og á efri rönd innri plötunnar skal vera minnst 5 mm hár kantur, sem varnar því að festiskrúfur vélarinnar renni upp af gaflinum.

3.240. **Vélarúm.**

241. Fyrirkomulag í vélarúmi skal vera þannig, að rýmið sé ekki notað til annarra hluta en því er ætlað. Geymslurými skal aðskilið frá vélarúmi með skilrúmi.
242. Efni til einangrunar í vélarúmi, skal hafa minnst ildisstuðulinn 21 skv. ASTM D 2863.
243. Einangrun skal klædd olíuheldu efni.

3.250. **Útblásturslagnir.**

251. Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg og þeim fest þannig, að lagnirnar leki ekki. Ef útblásturslagnir eru tengdar saman með hosuklemmum, skulu vera tvær hosuklemmur á hverri tengingu og skulu tengistútarnir vera riffluðir. Hosuklemmur skulu vera úr sýruheldu efni. Ekki má vera frárennslisloki á útblásturslögn í lokuðum vistarverum.
252. Ef yfirborðshiti útblásturslagna fer yfir 65°C fyrir málm og 80°C fyrir gúmmí skulu lagnirnar einangraðar eða sett yfir þær hlíf. Útblásturslagnir skulu ennfremur vera þannig lagðar, að nærliggjandi efni hitni ekki meira en 65°C.
253. Í bátum með sjókælda útblástursslöngu skal vera viðvörunarkerfi eða mælir, sem gefur til kynna ef kælivatn fer af slöngunni eða ef slangan hitnar of mikið.
254. Útblástursslöngur skulu gerðar úr innragúmmíi, styrkingu og ytragúmmíi. Innragúmmí skal vera olíuhelt.
255. Að lokinni varmaöldrun á útblástursslöngum í 70 klst. við 100°C heitt loft, skal togþol ekki minnka meira en 20%, brotlenging 50% og harka minnka um hámark 10° IRH. Prófað skal skv. ISO/R 188—1976, ISO/R 48—1979 og ISO/R 37—1977 eða samsvarandi stöðlum.
256. Útblástursslöngur skulu ekki vera eldfimari en 2 skv. SIS 16 22 22. Prufustykki skal vera 300 mm × 50 mm.

3.300. **Eldsneytisbúnaður.**

3.310. **Almennt.**

311. Eldsneytisbúnaður skal hafa þann styrk og vera þannig festur að búnaðurinn þoli það álag sem á hann getur reynt, án hættu á leka.
312. Eldsneytisbúnaðurinn skal gerður úr efni, sem þolir það eldsneyti og vökva, sem hann að öllu jöfnu getur komist í samband við, svo og það hitastig, sem ríkt gæti á staðnum.
313. Geymir sem rúmar meira en 50 l skal hafa skoðunarlúgu og nauðsynleg skvettisskilrúm. Skoðunarlúgan má vera lúga fyrir eldsneytismælir, en skal vera þannig staðsett, að auðvelt sé að ná af geyminum vatni og öðru. Skvettiskilrúm skulu hafa fullnægjandi op á milli hólfa.
314. Stútar vegna tenginga á slöngum, skulu vera riffluðir og nægilega langir til að hægt sé að koma fyrir á þeim tveim hosuklemmum.
315. Geymar skulu standa á traustum undirstöðum og skal geymunum tryggilega fest. Geymar skulu ekki vera staðsettir þannig, að loftrás í kringum þá sé rofin.

316. Allar tengingar við eldsneytisgeyma skulu vera á toppi geymanna, þó með frávikum skv. ákvæðum í 3.321.

3.320. **Búnaður vegna gasolíuvéla.**

321. Á vel aðgengilegum gasolíugeymum, þar sem hægt er að fylgjast með geymunum reglulega, getur eldsneytislögn verið frá botni geymanna, en þá skal vera viðurkenndur loki við geymana, ennfremur má hafa tengingar á milli gasolíugeyma, en þá skal vera viðurkenndur loki við hvert geymisop.
Heimilt er að hafa aftöppunarloka á vel aðgengilegum stað á botni geymanna, sem gerir mögulegt að tappa vatni undan eldsneytinu.

322. Eldsneytisgeymir staðsettur ofan á vél og með fallrennsli til hennar er aðeins viðurkenndur, ef öruggt er að enginn hætta sé því samfara.

323. Gasolíugeymar skulu vera sterkbyggðir og vel festir við bátinn. Efnisþykkt geymanna skal ekki vera minni en, sem hér segir:

	mm
Ál	2,0
Hreinál skal varið gegn tæringu	
Ryðfrítt stál	1,0
Stál ryðvarið að utan	1,5
Pólýetýlen	5,0
Glertrefjastyrktur pólýester	4,0

Geymar skulu þola 40 kPa (0,4 kp/cm^2) þrýsting án þess að fram komi leki. Við þrýstiprófun á geymum úr glertrefjastyrktu pólýester, skulu hliðar geymanna ekki bogna út meira en sem nemur 1,5 sinnum veggþykktinni.
Smíði innbyggðra geyma er metin sérstaklega til samþykktar í hverju einstöku tilfelli. Geymar úr glertrefjastyrktu pólýester skulu húðaðir að innan með olíuheldri húð.

3.330. **Búnaður vegna bensínvéla.**

331. Bensíngeymar skulu vera úr ryðfríu stáli, sjóþolnu áli eða öðru heppilegu efni. Bensíngeyma má ekki staðsetja í vélarúmi eða í lokuðum vistarverum.

332. Allir málmhlutir í bensínkerfi, frá áfyllingaropi til vélar, skulu vera jarðtengdir.

333. Bensíngeymar skulu vera sterkbyggðir og vel festir við bátinn. Efnisþykkt geymanna skal ekki vera minni en sem hér segir:

	mm
Sjóþolið ál	2,0
Ryðfrítt stál	1,0

Geymar skulu þrýstiprófaðir með 40 kPa (0,4 kp/cm^2) þrýstingi án þess að fram komi leki.

334. Á bensíngeymum má ekki vera aftöppunarloki.

335. Áfyllingarpípur geyma skulu ná eins langt upp á móts við áfyllingarop, sem mögulegt er með hliðsjón af tengingu, titringi o. s. frv. Hosur skulu vera eins stuttar og mögulegt er.

336. Bátar með innanborðsbensínvél, skulu hafa fasttengdan eldsneytisbúnað.

3.340. **Færanlegir eldsneytisgeymar.**

341. Bátar, sem eru viðurkenndir fyrir kraftmeiri utanborðsvél en 4 kW (5,5 hö), skulu hafa festingar fyrir færanlega geyma. Festingarnar skulu vera þannig, að auðvelt sé að festa geyminn.

342. Festingar skulu einnig vera fyrir varageyma skv. 3.341.
343. Geymar, sem rúma meira en 25 l, skulu skoðast sem fastir geymar og frágangur þeirra vera skv. því.

3.350. **Eldsneytislagnir.**

351. Hver fastur geymir á að hafa sérstaka áfyllingarpípu og aðra loftpípu. Þannig skal frá pípunum gengið, að yfirfall við áfyllingu eða olíuloft vegna uppgufunar, fari ekki inn í bátinn.
Áfyllingarop á að vera svo langt frá loftpípuopi og útblástursopi, sem mögulegt er og ekki nær þeim en einn metra. Loftpípuop skal hafa loganet og vera þannig staðsett á bátssíðuna, að vatn geti almennt ekki gengið inn í geyminn. Áfyllingarpípan skal ekki hafa minna þvermál að innan en 38 mm og loftpípan ekki minna þvermál að innan en 12 mm.
352. Lagnir frá bensíngeymi til vélar skulu vera úr glóðuðum kopar, koparnikkel eða samsvarandi. Gasolíulagnir mega vera úr slöngum. Eldsneytislögnin skal tengd vélinni með stuttri hosu, sem er með skrúfuðum tengjum.
353. Ef hugsanlegur leki á eldsneytislögn gæti valdið því, að eldsneytisgeymirinn tæmdist, skal vera loki á lögninni eins nærri geyminum og mögulegt er.
354. Á eldsneytislögnum skal vera vatnsskiljari, sem gerir mögulegt að hleypa vatni undan eldsneytinu. Vatnsskiljarinn skal vera á vel aðgengilegum stað.
355. Eldsneytislagnir skulu tryggilega festar og þær varðar, þannig að þær verði ekki fyrir áverkum, sliti eða öðru slíku. Eldsneytislagnir skulu lagðar með nægilega stórum lykkjum, vegna hugsanlegra hreyfinga á lögninni. Ekki má tengja saman ólíkar efnistegundir, sem gæti valdið tæringu. Þeir hlutir í eldsneytislögnum, sem tengjast saman, skulu vera í sama gæðaflokki.
356. Slöngur skulu festar tryggilega. Ef notaðar eru hosuklemmur til festingar, skulu vera tvær klemmur á hverri tengingu og skulu tilheyrandi stútar vera riffluðir. Hosuklemmur skulu vera úr sýruheldu efni.
357. Slöngur skulu vera eldsneytisheldar.
Við prófun á gúmmíslöngum, skv. ISO/R staðli 1817—1975, þar sem sýni er látið liggja í vökva C í 72 klst. við stofuhita, skal rúmmál á innra gúmmíi ekki breytast meira en 30% og rúmmál á ytra gúmmíi ekki meira en 100%.
Plastslöngur skulu prófaðar á sama veg og gúmmíslöngur. Að lokinni ofangreindri prófun, skulu plastslöngur ekki léttast meira en um 8%, né rúmmál þeirra breytast meira en 20%, við að þorna til stöðugs þunga við 40°C og síðan kólna við stofuhita.
Slöngur fyrir bensín í rými fyrir fasttengdar bensínvélar, skulu auk ofangreindra ákvæða standast prófun skv. ISO/DIS 7840.
358. Að lokinni varmaöldrun á slöngum í 70 klst. við 100°C heitt loft, skal togþol ekki minnka meira en 35%, brotlenging 50% og harka minnka um hámark 10° IRH.
359. Þrýstiþol eldsneytisslangna skal ekki vera minna en 0,5 MPa (5 kp/cm^2) við 60°C. Fyrir þrýstiprófun skulu slöngur hafðar fullar af vökva C skv. ISO/R 1817—1975 í minnst 7 sólahringa.

3.360. **Þéttiprófun.**

361. Fullfrágengin eldsneytisbúnaður skal þéttiprófaður með 20 kPa (0,2 kp/cm^2) yfirþrýstingi. Þéttiprófun má gera með lofti og sápuvatni.

3.400. **Loftrásir.**

3.410. **Loftrás til vélarúms.**

411. Loftrás til vélarúms skal vera með hliðsjón af nauðsynlegu loftstreymi til vélar og skv. leiðbeiningum vélaframleiðanda.
Sjá ennfremur 15.610.

3.420. **Loftræsting í bensínvélarúmi.**

421. Loftræstilagnir skulu vera þannig, að sérstök loftrás sé fyrir innstreymi og önnur fyrir útstreymi. Loftrásirnar skulu helst staðsettar hvor sínu megin í rýminu. Op útstreymisloftrásarinnar skal vera í neðri hluta rýmisins.

422. Öll lokuð rými, sem ætluð eru fyrir vélar eða fasta eldsneytisgeyma, skulu hafa fullnægjandi loftræstingu.

423. Vélarúm vegna bensínvéla, skal auk loftræstingar með eðlilegum súg, hafa vélknúna viftu. Viftan skal vera skv. kröfum í 3.540. Í bátum með vélknúna loftræstingu, skal vera skilti við stjórntæki, sem gefur til kynna, að setja skuli viftuna í gang minnst 2 mínútum á undan vélinni.

424. Loftrásir fyrir eðlilegan súg, skulu ekki hafa minna þverskurðarflatarmál, hvor rás, en sem hér segir:
$A = 4000\ C\ mm^2$, þó minnst $4500\ mm^2$.
C = loftræsta rýmið í m^3.
Ef rýmið er óreglulega lagað og ef loftrásirnar eru langar, getur þurft að auka þverskurðarflatarmál þeirra eða hafa sérstaka gerð loftháfa.

425. Rými fyrir færanlega geyma skal loftræsta með tveim loftrásum út í opið rými, sem hvor um sig er ekki minni en $2000\ mm^2$ að flatarmáli.

426. Í vélknúinni loftrás skal afkastageta viftunnar ekki vera minni en sem hér segir:
$Q = 1{,}5\ C\ m^3/mín$, þó minnst $1{,}5\ m^3/mín$.
C = loftræsta rýmið í m^3.

3.430. **Skilrúm vegna bensínvéla.**

431. Bátar með innanborðsbensínvél skulu hafa skilrúm, sem kemur í veg fyrir að eldfimt gas breiðist um bátinn.

432. Bensínvél, bensíngeymir og vistarverur skulu aðskilin hvert frá öðru með skilrúmum.

433. Loftþétt skilrúm skulu ná frá botni bátsins og upp að bekkjum, föstu gólfi eða öðru slíku, þannig að hólfin séu aðeins opin út í opið rými.



3.500. **Rafbúnaður.**

3.510. **Almennt.**

511. Rafbúnaður skal vera skv. hluta G um raforku og raflagnir ásamt ákvæðum eftirfarandi greina.
Heimilt er þó, að bátar minni en 10 m mesta lengd séu búnir tvítauga kerfi, það er með annan pólinn til jarðar, en ekki skipsbolinn sem leiðara, enda sé spennan ekki yfir 50V.

512. Reglurnar fjalla ekki um rafbúnað vélar í bátum undir 10 m. Ef einhver hlutur í rafbúnaði vélarinnar telst hins vegar ófullnægjandi frá öryggissjónarmiði, má krefjast breytinga á honum eða endurnýjunar.

3.520. **Rafhlöður.**

521. Rafhlöðu má ekki staðsetja í sama rými og bensíngeyma eða bensínvélar, né í vistarverum.

522. Við rafhlöður skulu vera rofar á vel aðgengilegum stað, sem næst rafhlöðunni. Gasvara, þjófabjöllu og sjálfvirkar austurdælur má tengja framhjá rofanum.

3.530. **Raflagnir.**

331. Rofa og vör má ekki staðsetja í sama rými og bensíngeyma eða bensínvélar.

322. Siglingaljós á bátum minni en 8 m mega vera á einum rofa, en vör skulu vera fyrir hvert ljósker.

333. Rafstrengi má ekki festa með trefjaplasti.

3.540. **Vifta fyrir vélarúm.**

541. Hreyfanlegir hlutar viftunnar skulu vera úr efni, sem ekki gefur frá sér neista og hafa hlíf skv. IP 44.

542. Viftuhreyfill, sem staðsettur er þar, sem sprengihætta er til staðar, skal uppfylla kröfur í Underwriters Laboratories UL standard 1128 test nr. 273 (Ignition Protection), eða samsvarandi staðli.

4. ANNAR BÚNAÐUR.

4.100. Eldvarnir.
110. Handslökkvitæki.
120. Fastur slökkvibúnaður.

4.200. Dráttarbúnaður og legufæri.
210. Festartæki.
220. Styrkur og festing.
230. Legufæri.

4.300. Handrið, hálkuvörn og björgunarstigi.
310. Handrið.
320. Hálkuvörn.
330. Björgunarstigi.

4.400. Eldstæði.
410. Eldavélar.
420. Tæki.

4.500. Ræði.
510. Styrkur.

4.600. Dyr, op og gluggar.
610. Op á þilfarsbátum.
620. Neyðarútgangur.
630. Gluggar.

4.700. Austurbúnaður og op á súð.
710. Handdæla.
720. Austurop.
730. Op á súð.
740. Lokar.

4. ANNAR BÚNAÐUR.

4.100. **Eldvarnir.**

4.110. **Handslökkvitæki.**

111. Bátar, sem samþykktir eru fyrir utanborðsvél með meira vélarafli en 25 kW (35 hö), allir bátar með innanborðsvélar, bátar með eldunaraðstöðu, hitunartæki eða önnur föst tæki með opinn eld, skulu búnir viðurkenndu AB eða ABE handslökkvitæki, sem inniheldur minnst 2 kg af slökkvimiðli.
Bátar með $L_m \geq 10$ m, skulu búnir tveimur 2 kg handslökkvitækjum.

4.120. **Fastur slökkvibúnaður.**

121. Bátar með innanborðs bensínvél, skulu búnir föstum halonslökkvibúnaði í véla- og geymarými.
Slökkvibúnaðurinn skal vera af viðurkenndri gerð og geymir slökkvimiðilsins skal innihalda minnst 1 kg af slökkvimiðli.

122. Í véla- og geymarými skal vera minnst 0,6 kg af slökkvimiðli á hvern m^3 rýmisins. Í rými minna en 2,0 m^3, skal þó ekki vera minna en 1 kg af slökkvimiðli.

123. Handfang til að opna fyrir slökkvimiðilinn skal staðsett utan við véla- og geymarýmin, en auk þess skal opnast sjálfvirkt fyrir slökkvimiðilinn við 75°C hita.

4.200. **Dráttarbúnaður.**

210. **Festartæki.**

211. Bátar skulu búnir festartækjum, sem gerir mögulegt að draga bátana.

212. Allir bátar skulu hafa minnst eitt festartæki að framan og annað að aftan. Bátar, sem eru lengri en 4 m mesta lengd, skulu hafa minnst tvö festartæki að aftan. Þegar tvö festartæki eru að aftan, skulu þau vera hvort sínu megin í bátnum, sem næst útsúðum bátsins. Á bátum með afturstefni má vera eitt festartæki að aftan, en þá skulu vera tveir festarleiðarar, einn á hvorri hlið bátsins.

213. Fyrir stærri báta er hægt að krefjast fleiri festartækja, en tilgreint er í 4.212.

4.220. **Styrkur og festing.**

221. Festartæki skulu vera sterkbyggð og vel fest við bátinn. Þau skulu þola láréttann kraft, P, skv. eftirfarandi líkingu:
$P = 4300\ L_m - 5400$ N.
L_m = mesta lengd bátsins í metrum.

222. Fullnægjandi styrking skal vera vegna festingar festartækja.

223. Festartæki og festarleiðarar á bátum úr glertrefjastyrktu pólýester, hitamýkjandi plasti, járnbentri steinsteypu og tré, skulu boltaðir fastir með gegnumgangandi

ryðvörðum boltum. Undir rærnar að innan skal setja skífur með þvermáli, sem er ekki minna en þrisvar sinnum þvermál boltans. Rær skulu læstar. Í bátum úr járnbentri steinsteypu, áli og stáli mega festartæki vera sambyggð bol eða þilfari.

4.230. **Legufæri.**

231. Hver bátur skal búinn legufærum samkvæmt kafla 18.

4.300. **Handrið, hálkuvörn og björgunarstigi.**

4.310. **Handrið og handföng.**

311. Á þilfari af þeirri stærð og lögun, að vænta megi þar umgangs, skal vera handrið eða fullnægjandi handföng.

312. Bátur, sem gengur meira en 15 hnúta, skal hafa karm við sæti þeim megin, sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Karmurinn skal vera minnst 150 mm á hæð mælt frá efri brún á sæti.

313. Bátur, sem gengur minna en 15 hnúta, skal hafa karm við sæti þeim megin, sem snýr að síðu bátsins eða afturgafli. Karmurinn skal vera minnst 100 mm á hæð mælt frá efri brún á sæti.

314. Allir bátar skulu búnir handföngum til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir meiðslum eða falli fyrir borð. Þilfarsseglbátar skv. ákvæðum í 2.325 skulu búnir líflínu.

315. Bátar, sem reglum skv. skulu búnir flotholtum, skulu hafa búnað, sem gerir mögulegt að halda sér í bátana á hvolfi. Almennt eiga að vera handföng beggja megin á afturgafli, eins nærri vatnslínu og við verður komið, nema báturinn hafi minnst 100 mm háan kjöl, sem hægt er að ná til af manni í sjónum. Einnig má hafa minnst tvö handföng á hvorri síðu bátsins, sem eru sýnileg, þegar báturinn er á hvolfi. Ef notaðar eru línur í stað handfanga, skulu þær vera úr efni sem flýtur.

4.320. **Hálkuvörn.**

321. Á þilfari og þröm, þar sem vænta má umgangs, skal vera fullnægjandi hálkuvörn, t. d. með rifflum í þilfarinu/þröminni eða annarri sérstakri hálkuvörn. Á þröm telst það fullnægjandi hálkuvörn, ef þar er 25 mm hár fótlisti út við síðuna.

322. Í opnum bátum, sem eru minni en 5,5 m mesta lengd, skal botninn að innan vera með hálkuvörn.

4.330. **Björgunarstigi.**

331. Opnir bátar með $L_m \geq 5{,}5$ m skulu búnir föstum stiga með lægsta þrep minnst 300 mm neðan við vatnslínu eða öðrum heppilegum búnaði, sem gerir mögulegt fyrir mann, sem fallið hefur í sjóinn að komast aftur um borð.

4.400. **Eldstæði.**

4.410. **Eldavélar.**

411. Eldavélar skulu standa á bekk eða kassa, sem staðsettur er á heppilegum stað.

412. Á skástrikaða svæðinu, sem snýnt er á eftirfarandi mynd, er aðeins heimilt að hafa óbrennanlegt efni.

413. Allir fletir innan þeirra fjarlægða frá opnum eldi, sem sýndar eru á óstrikaða svæðinu á eftirfarandi mynd, skulu klæddir eldvörn úr efni, sem samþykkt er skv. NT Fire 004 kúrfu 1.

414. Eldfim efni má ekki hafa innan þeirra fjarlægða frá opnum eldi, sem sýndar eru á lóðrétt strikaða svæðinu á eftirfarandi mynd.



4.420. **Tæki.**

421. Gastæki skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

422. Hitunartæki skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

423. Öll tæki, sem hafa opinn eld, skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

4.500. **Ræði.**

4.510. **Styrkur.**

511. Ræði skulu þola 1700 N láréttann kraft án þess að brotna og 700 N kraft í stefnu, sem er 15° upp frá láréttri stefnu, án þess að átaksarmurinn renni upp úr ræðinu.



512. Ræði úr plasti skulu fyrir prófun á styrk reynd með xenonljósöldun skv. DIN 53387, sem svarar til fjögurra ára eðlilegs aldurs.

4.600. **Dyr, op og gluggar.**

4.610. **Op á þilfarsbátum.**

611. Eftirfarandi kröfur gilda fyrir báta, sem skv. 2.325 skulu vera búnir sem þilfarsbátar.

612. Op til rýmis undir þilfari, skulu varin með veðurþéttum dyrum eða lúgum, sem ekki opnast inn.

613. Úthliðar yfirbygginga og sætisbrunna, skulu vera nægilega sterkar til að þola ágjöf. Þröskuldar á dyrum eða lúgum, sem ligja til rýmis undir þilfari, skulu ekki vera lægri en 300 mm. Dyraþröskuldar mega vera á lömum, en þá skal vera hægt að festa í uppréttri stöðu.

614. Lúgur á þilfari skulu uppfylla sömu kröfur og gilda um þilfarið. Þétti- og skálkbúnaður skal samþykktur sérstaklega í hverju einstöku tilfelli.

615. Loftrásum til rýmis undir þilfari, skal þannig fyrirkomið, að einungis óverulegt vatnsmagn geti átt leið niður um þær.

4.620. **Neyðarútgangur.**

621. Lokuð yfirbygging með sætum fyrir fjóra eða fleiri eða löng yfirbygging, skal hafa neyðarútgang.

622. Neyðarútgangur skal vera eins langt frá aðalinngangi og mögulegt er. Neyðarútgangurinn skal ekki vera minni en 450 × 450 mm og vera þannig lagaður og staðsettur, að hann sé heppilegur í neyðartilfellum.

623. Neyðarútgangur skal vera opnanlegur innanfrá.

4.630. **Gluggar.**

631. Litað gler eða rúður úr efni, sem auðveldlega rispast, má ekki hafa við stýri nema hægt sé að horfa framhjá glerinu í slæmu skyggni.

632. Gluggar á bátshlið, skulu aldrei staðsettir neðar en 500 mm yfir hleðsluvatnslínu og skal glerið vera minnst 20 mm innan við úthlið síðunnar. Sjónmál glugganna skal ekki vera stærra en 200 × 300 mm.

633. Glugga skal festa tryggilega einkum með tilliti til þess, að glerið prýstist ekki inn. Glerið í gluggunum skal vera af þykkt skv. eftirfarandi töflu, með hliðsjón af því álagi, sem glerið getur orðið fyrir.

634. Gler í gluggum opinna báta, sem er staðsett það ofarlega, að glerið verði ekki fyrir álagi sjávar, skal vera af þykkt skv. dálki 1 í eftirfarandi töflu.

635. Gler í gluggum þilfarsbáta ásamt gleri í gluggum opinna báta, sem staðsett er það neðarlega, að glerið verður fyrir álagi sjávar skv. ákvæðum um álag á síðu í 2.215, skal vera af þykkt skv. dálki 2 í eftirfarandi töflu.

636. Gler í láréttum gluggum og lúgum, sem geta orðið fyrir álagi, skal vera af þykkt skv. dálki 3 í eftirfarandi töflu.

GLERÞYKKT

Hæð mm	200	300	400	500	600	700
Breidd mm	1 - 2 - 3	1 - 2 - 3	1 - 2 - 3	1 - 2 - 3	1 - 2 - 3	1 - 2 - 3
200	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 5	4 5 5
300	4 5 5	4 5 5	4 5 7	4 5 7	4 5 7	5 6 7
400	4 5 5	4 5 5	4 5 7	5 6 8	5 6 8	5 7 8
500	4 5 5	4 5 7	5 6 8	5 7 8	5 7 10	5 8 10
600	4 5 5	4 5 7	5 6 8	5 7 10	5 8 10	6 8 10
700	4 5 5	5 6 7	5 7 8	5 8 10	6 8 10	6 8 12
800	4 5 -	5 6 -	5 7 -	6 8 -	6 9 -	6 9 -
900	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 8 -	6 9 -	6 10 -
1000	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 8 -	6 10 -	6 11 -
1100	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 10 -	6 12 -
1200	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 10 -	6 12 -
1300	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 12 -	6 12 -
1400	4 5 -	5 6 -	6 8 -	6 10 -	6 12 -	6 12 -

Þykktin er miðuð við hert gler, sem fest er í ramma.
Ef gler er fest með gúmmílistum, skulu þeir vera af tegund, sem er þannig löguð, að glerið geti ekki þrýstst inn. Ef gler er fest með gúmmílistum, skal auka þykktina um 20% frá því, sem tilgreint er í töflu.
Ef notað er gler, sem hefur minni styrk en hert gler, skal auka þykktina með tilliti til efnisgæða á viðkomandi gleri.

4.700. **Austurbúnaður og op á súð.**

4.710. **Handdæla.**

711. Alla báta skal vera hægt að þurrausa. Bátar með mestu lengd yfir 5,5m skulu hafa fasta handdælu.

712. Í bátum með vatnsþétt skilrúm, skal vera hægt að ausa úr hverju hólfi fyrir sig.

713. Austurbúnaður skal vera þannig, að vatn geti ekki runnið úr einu hólfi til annars

gegnum austurbúnaðinn. Á litlum vatnsþéttum hólfum má vera frárennsli yfir í annað hólf, en frárennslisopinu skal vera hægt að loka með örygglega föstum tappa.

714. Handdæla skal staðsett á heppilegum og vel aðgengilegum stað.

715. Sogleiðslan skal ná eins djúpt og mögulegt er og vera með sigti. Á vel aðgengilegum blöðkudælum, sem auðvelt er að opna, er ekki nauðsynlegt að hafa sigti á sogleiðslunni.

716. Afkastageta dælunnar skal ekki vera minni en tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Lm í metrum	Lítri í slagi	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
5,5— 8,0	0,5	0,7
8,0—10,0	0,7	1,0
10,0—	0,9	1,25

4.720. **Austurop.**

721. Ef þilfarsbátur hefur það stóran brunn, að vatnsfylling brunnsins gæti stofnað bátnum í hættu, skulu vera austurop á báðum síðum bátsins og skal samanlagt flatarmál opa á hvorri síðu ekki vera minna en:
A = 0,02 sinnum rúmmál brunnsins í m^3
A = Austurop á hvorri síðu í m^2

4.730. **Op á súð.**

731. Við op á súð seglbáta, þar sem vatn gæti komist inn í bátinn við halla, svo og við op á súð annarra báta, sem eru neðar en 100 mm yfir hleðsluvatnslínu, skal vera loki. Ef pípur eða slöngur, sem eru tengdar við op á súð, eru opnar að innan og liggja neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu, skal vera einstefnuloki við súðina. Vatnssalerni, sem er neðar en 350 mm yfir hleðsluvatnslínu, skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli.

732. Slöngum, sem tengdar eru við op á súð, sem eru 350 mm eða 0,6 F yfir hleðsluvatnslínu, þar sem F er fríborð skv. 2.321 (b), skal fest með tveimur hosuklemmum úr sýruheldu efni í báða enda. Ef slangan er lögð á fullnægjandi hátt og innri endi slöngunnar er ofar en 350 mm eða 0,6F yfir hleðsluvatnslínu, nægir að festa ytri endanum með tveimur hosuklemmum.

733. Útblástursop í eða undir hleðsluvatnslínu skal búið loka eða fastri pípu, sem nær 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna. Ekki er krafa um loka, ef útblástursopið er ofar en 100 mm yfir hleðsluvatnslínu. Útblásturslögn skal ávallt lögð á þann veg, að hluti hennar sé minnst 350 mm yfir hleðsluvatnslínu með fallrennsli til opsins.

4.740. **Lokar.**

741. Lokum skal þannig fyrirkomið, að þeir séu vel aðgengilegir. Þeir skulu vera af heppilegri tegund og þola það álag, sem á þá kann að reyna við notkun.

742. Handföng á skrúfuðum lokum skal ekki losna við notkun.

5. SEGL OG REIÐI.

5.100. Gildissvið.
110. Almennt
120. Efni.
130. Skilgreiningar.
140. Réttandi vægi.
150. Flatarmál segla.
160. Flatarmál segla á vélbáti með hjálparsegl.
5 200. Reiði með siglu án staga.
210. Leyfileg notkun.
220. Sigla án staga.
5 300. Reiði með einfalt stagaða siglu.
310. Leyfileg notkun.
320. Fyrirkomulag á vanti og stögum.
330. Brotþol á vanti og stögum.
340. Fyrirkomulag siglu og þverskurður.
5 400. Reiði með stagaðan siglutopp.
410. Fyrirkomulag á vanti og stögum.
420. Brotþol á vanti og stögum.
430. Fyrirkomulag siglu og þverskurður.
5 500. Reiði með siglutopp stagaðan að hluta.
510. Fyrirkomulag á vanti og stögum.
520. Brotþol á vanti og stögum.
530. Fyrirkomulag siglu og þverskurður.
5 600. Reiðabúnaður.
610. Stórseglsás.
620. Reiðaslá og fiðlublokk.
630. Búnaður.
640. Reiðajárn og vantstrekkjarar.

5. SEGL OG REIÐI.

5.100. **Gildissvið.**

5.110. **Almennt.**

111. Við viðurkenningu á bátum með seglabúnað, skal leggja til grundvallar þær kröfur reglnanna, sem við eiga með tilliti til stöðugleika, þunga, kjalarþunga og annað það er einhverju varðar.

112. Fyrirkomulag og seglastærð ásamt efnismálum á siglu og reiða, skal vera skv. eftirfarandi reglum. Seglabúnað, sem er á annan veg en tilgreint er í reglunum má viðurkenna, ef búnaðurinn jafngildir ákvæðum reglnanna.

113. Reglur varðandi segljullur gilda fyrir báta með eiginþunga minni en 300 kg. Bátar með eiginþunga 300 kg eða meira, búnir sem segljullur, skulu metnir sérstaklega fyrir viðurkenningu.

114. Reglur um reiða, gilda með þeim skilyrðum að:

dæmi $\frac{i}{e} \frac{j}{u} < 1,6$

i, j, e og u eru skilgreind í 5.151.

115. Við ákvörðun á efnismálum siglu, er ekki gert ráð fyrir miklu beygjuvægi vegna vants eða staga.

5.120. **Efni.**

121. Málmur, sem notaður er í reiða, skal vera úr ryðfríu efni.

122. Hluti úr messing eða öðrum koparblöndum má ekki nota í reiða úr léttmálmi, nema að einangrun á milli efnanna sé fullnægjandi.

123. Ál í siglum og seglásum á að vera málmblanda skv. SIS 4104, 4107, 4212 eða samsvarandi tæringarþolnu efni.
Togþol á ekki að vera minna en:
$\sigma_{0,2}$ = 210 MPa og brotþol ekki minna en:
σ_B = 245 MPa.

124. Ryðfrítt stál, sem notað er í reiða, á ekki að hafa minni tæringarvörn en skv. SIS 2343 eða samsvarandi. Togþol á ekki að vera minna en:
σ 0,2 = 220 MPa og brotþol ekki minna en:
σ_B = 550 MPa.

5 130. **Skilgreiningar.**

131. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
G: Eiginþyngd bátsins í kg, það er þyngd á báti með innréttingu ásamt búnaði, sem telst hluti af bátnum, þegar hann er fullbúinn til siglingar. Fyrir báta með segl, skal sigla og reiði reiknast með.
$\triangle$: Heildarþyngd bátsins í kg. með hámarkshleðslu.
g: Þyngd á kili í kg.
B: Mesta breidd á bol í metrum.
L: Lengd á vatnslínu bátsins í metrum.
A_S: Flatarmál segla í m^2
M_R: Réttandi vægi í Nm.
M_{RS}: Mesta réttandi vægi í Nm með allt að 30° halla bátsins við eiginþyngd hans,
M_{R1}: Réttandi vægi í Nm við 1° halla bátsins við eiginþyngd hans, G.
n: Sá fjöldi manna, sem báturinn óskast viðurkenndur fyrir.

5.140. **Réttandi vægi.**

141. Réttandi vægi bátsins M_R er:
— fyrir kjölseglbáta og vélbáta með hjálparsegl, miðast mesta vægi við allt að 30° halla bátsins með hámarkshleðslu. M_R má ákveða með hallaprufu eða stöðugleikaútreikningum.
Ef ætla má að menn halli sér út fyrir bátinn á siglingu, skal taka tillit til þess við ákvörðun á M_R.
— Fyrir segljullur miðast mesta réttandi vægi við allt að 30° halla jullunnar með 37,5 sinnum n kg gagnstæða þyngd, þó minnst 150 kg staðsett á borðstokk jullunnar. Ennfremur skal taka tillit til þess þunga, sem bætist við, ef menn halla sér út fyrir julluna á siglingu.
Einnig má ákveða vægi skv. eftirgreindri líkingu:
$M_R = 1{,}5B\,(300\,n + G)$.

142. Ef réttandi vægi bátsins er ákveðið með hliðsjón af M_{RG} sem fundið er með hallaprófun, skal:

$$M_R = M_{RS}\,\frac{\triangle}{G}$$

Ef viðbótarþungi er í bátnum við hallaprófun, skal hann nákvæmlega tilgreindur.

143. Ef réttandi vægi bátsins er ákveðið með stöðugleikaútreikningum, skal hleðsla skv. 2.230, menn, búnaður og viðbótarþungi staðsettur á sínum ákveðna stað um borð, þó skal þungi sem nemur þyngd manna vera á lægstu plittum. Þyngdarpun-

ktur bátsins við eiginþyngd, Vcg, skal ákveðinn með hallaprófun eða skv. eftirgreindri líkingu:

$$Vcg = L\ (0,1-0,28\ \frac{g}{G})$$

Þar sem Vcg er fjarlægðin frá þyngdarpunkti að vatnslínu bátsins.
Sjá 5.131 varðandi L, g og G.

144. Ef réttandi vægi bátsins er ákveðið með hliðsjón af M_{R1} sem fundið er með hallaprófun, skal:

$$M_R = 27\ M_{R1}\ (\frac{\Delta}{G})$$

M_R minnst 29 M_{R1}.

5.150. **Flatarmál segla.**

151. Á einmastra bátum með Bermudareiða, skal flatarmál segla A_s vera:
$A_s = 0,5\ (i\ j + u\ e)\ m^2$
i = hæð á forþríhyrnu í metrum.
j = lengd á lárétta kanti forþríhyrnu í m.
u = lengd á siglukanti stórsegls í m.
e = lengd á segláskanti stórsegls í m.



152. Ef fyrirkomulag segla og reiða er á annan veg en tilgreint er í 5.151, skal ákvarða flatarmál segla í hverju einstöku tilfelli.

5.160. **Flatarmál segla á vélbáti með hjálparsegl.**

161. Flatarmál segla á vélbáti með hjálparsegl á ekki að vera meira en:

$$A_S = \frac{M_R}{128\ l_a} \quad m^2$$

M_R = sjá 5.131.

l_a = lengd í metrum frá þyngdarpunkti segla að vatnslínu við eiginþyngd G, sjá mynd í 5.151.

5.200. **Reiði með siglu án staga.**

5.210. **Leyfileg notkun.**

211. Á segljullum og kjölseglbátum er heimilt að hafa reiða með siglu án staga.

5.220. **Sigla án staga.**

221. Festing siglu við bolinn, skal hafa nægilegan styrk til að þola það álag, sem siglan veldur.

222. Þverskurður siglu við festingu í þóftu eða þilfari, skal ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$$W = k\ M_R\ \frac{100\ l_d}{l_a} \quad mm^3$$

k = 0,043 fyrir tré og 1,25/σ0,2 fyrir ál.

l_d = lengd í metrum frá þyngdarpunkti segla að festingu í þóftu eða þilfari.

l_a = lengd í metrum frá þyngdarpunkti segla að vatnslínu við eiginþyngd, g.

σ0,2 = togspenna í MPa við 0,2% lengingu.

Fyrir kjölseglbáta með G > 1000 kg skal margfalda W með 1,15.

223. Mótstöðuvægi siglunnar má minnka til toppsins skv. eftirfarandi líkingu:

$$W_v = W\ (1 - \frac{v}{T})$$

W_v minnst 0,1 W.

W_v = mótstöðuvægi siglunnar í hæðinni v, mælt í metrum frá þóftu eða þilfari.

W = mótstöðuvægi skv. 5.222.

T = lengd siglunnar mæld í metrum frá þóftu eða þilfari.

5.300. **Reiði með einfalt stagaða siglu.**

5.310. **Leyfileg notkun.**

311. Á segljullum og kjölseglbátum með G< 1000 kg. er heimilt að hafa einfalt stagaða siglu.



5.320. **Fyrirkomulag á vanti og stögum.**

321. Reiðinn má vera með stutta reiðaslá. Reiðasláin má ekki vera lengri en 1,1 sinnum lengdin frá siglu að vanti, ef reiðinn væri án reiðaslár.

322. Vantur af þessari reiðagerð skal vísa aftur um minnst 5°. Sjá ∝ á mynd í 5.311.

323. Ef siglan situr í sérstöku sæti í botni bátsins, á að festa siglunni í þilfar eða þóftu.

5.330. **Brotþol á vanti og stögum.**

331. Brotþol vantsins miðast við P , sem er hámarkskraftur á reiðajárn vegna hliðarátaks segla.
P skal ekki vera minna en:

$$P = \frac{k \; M_R}{b} \text{ N, þar sem}$$

k = 1,50 fyrir kjölseglbáta og
1,20 fyrir segljullur.

M_R = mesta réttandi vægi við allt að 30° halla, sjá 5.130.

b = lengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins mælt hornrétt. Sjá mynd í 5.311.

332. Vantur og stög skulu ekki hafa minna brotþol í N en:
U = 2 P
U minnst 3500 N
P reiknað skv. 5.331.

5.340. **Fyrirkomulag siglu og þverskurður.**

341. Þverskurður siglunnar skal ekki hafa minna tregðuvægi í mm^4 þverskips (um langskipsás), I_x, né langskips (um þverskipsás), I_y, en sem hér segir:

$I_x = k\ q\ h^2$, þó minnst 50000 mm^4
$I_y = 1{,}2\ I_x\ mm^4$
$k = 2{,}3\ 10^{-4}$ fyrir ál og $16{,}6\ 10^{-4}$ fyrir greni/furu.

$$q = P\ (1 + \frac{h\ tg\ \alpha}{j}) \quad \text{þó hámark } 1{,}2\ P$$

P = hámarks kraftur á reiðajárn í N, skv. 5.311.
h = lóðrétt lengd í metrum frá festingu siglunnar í þilfari/þóftu að festingu stagsins siglunni.
j = lárétt lengd í metrum frá festingu siglunnar í þilfari/þóftu að festingu stagsins við stefni.

5.400. **Reiði með stagaðan siglutopp.**

5.410. **Fyrirkomulag á vanti og stögum.**

5.411. Reiði með stagaðan siglutopp varðar tvær mismunandi gerðir vanta, gerð a og b, sem sýndar eru á myndinni hér fyrir neðan.





412. Reiðinn á að hafa fast afturstag í sömu hæð og forstagið.
413. Siglan á að hafa tvöfaldan undirvant eða einn afturvísandi undirvant ásamt föstu innra forstagi.
414. Ætlast er til að undirvantur myndi 5°—7° gleitt horn við sigluna langskips. Sama gildir varðandi innra forstag. Sjá ∝ á mynd hér að framan.
415. Vanturinn á ekki að mynda minna en 10° gleitt horn við sigluna þverskips. Sjá ß á mynd hér að framan.
416. Reiðajárn vegna toppvants á að staðsetja í sömu þverskipslínu og miðlína siglunnar í þilfari.

5.420. **Brotþol á vanti og stögum.**

421. Brotþol vantsins miðast við P , sem er hámarks kraftur á reiðajárn vegna hliðarátaks segla. P einsiglu báta skal ekki vera minna en:

$$P = \frac{k\ M_R}{b} \quad N, \text{ þar sem}$$

k = 1,50 fyrir kjölseglbáta og
1,35 fyrir segljullur

M_R = mesta réttandi vægi við allt að 30° halla, sjá, 5.140.

b = lengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins mælt hornrétt. Sjá mynd í 5.311.

422. Á bátum með ketch — eða yawlreiða, skal P fyrir messansigluna ákveðinn í hverju einstöku tilfelli.
423. Vantur bátsins skal ekki hafa minna brotþol, $U_{(n)}$ en:

$U_{(n)}$ = P k N, þar sem

k = leiðréttingarstuðull skv. töflu með tilliti til staðsetningar á vanti (n)

Staðsetning (n)	1 einfaldur	1 tvöfaldur	2	3	4	5	6
Fyrirkomulag							
a	1,4 k_t	1,3 k_t	1,15 k_t	1,15 k_t			1,3 k_t
b	1,3 k_t	1,25 k_t	1,5 k_t	0,8 k_t	1,15 k_t	1,15 k_t	1,25 k_t

$$k_l = \frac{\sin 5^o}{\sin \alpha} \qquad k_t = \frac{\sin 10^o}{\sin \beta}$$

k_l eða k_t skulu aldrei vera minni en 0,8 k
Sjá mynd í 5.411 fyrir α og ß

424. Hvert forstag með seglálag skal hafa brotþol sem er ekki minna en 1,2 P
Afturstag skal ekki hafa minna brotþol en 1,0 P .

5.430. **Fyrirkomulag siglu og þverskurður.**

431. Sigla skal ekki geta hrokkið upp úr siglufæti. Siglur sem ganga í gegnum þilfar, skulu hafa góðan stuðning í þilfarshæð.

432. Þverskurður siglunnar skal ekki hafa minna tregðuvægi í mm^4 þverskips (um langskipsás), I_x , né langskips (um þverskipsás), I_y, en sem hér segir:
$I_2 = k_1\ k_4\ P\ l^2\ mm^4$
$I_y = k_2\ k_3\ k_4\ P\ h^2\ mm^4$
k_1 = tilgreint í eftirfarandi töflu.
k_2 = tilgreint í eftirfarandi töflu.
k_3 = 1,35 fyrir siglu, sem staðsett er á þilfari eða reisn og
1,00 fyrir siglu, sem gengur í gegnum þilfar og hefur góðan stuðning í þilfarshæð.
k_4 = 1,00 fyrir ál og
7,25 fyrir greni/furu

Fyrir annað efni:

$$k_4 = \frac{70500}{E}$$

E = fjarstuðull viðkomandi efnis í MPa.
P = hámarks kraftur á reiðajárn í N
l = lengd í metrum á milli stagfestinga siglunnar.
h = hæð í metrum frá þilfari eða reisnarþaki að festingu á stagi, sem ber segl.
Fyrir reiða með laust forstag er h hæðin að efstu forstagsfestingu.

Fyrirkomulag vants	Stuðull siglu, k_1	
	neðsta lengd	aðrar lengdir
a	2,5 k_3	3,5
b	2,7 k_3	3,8

Stuðullinn k_2 skal valinn skv. hæstu niðurstöðu, sem fram kemur vegna fyrirkomulags á viðkomandi vanti og stögum:

Fyrirkomulag a



Einfaldan undirvant má aðeins nota, ef siglan er stöguð með innra forstagi.

Fyrirkomulag b



433. Við útreikning á I_x fyrir „aðrar lengdir" má minnka kröfur til P um 0,12 P k fyrir hvern millivant og undirvant, sem ekki veldur álagi. Fyrir tvöfaldan undirvant skv. staðsetningu 1, má ekki nota k sem er hærra en 1,4.

434. Ef reiði með vant skv. fyrirkomulagi a hefur aðeins einn undirvant, án annarrar langskipsfestingar í reiðaslárhæð, skal stuðullinn k_2 í líkingu vegna útreiknings á tregðuvægi þverskurðar siglunnar langskips, I_y, vera 2,25.

5.500. **Reiði með siglutopp, stagaðan að hluta.**

5.510. **Fyrirkomulag á vanti og stögum.**

511. Reiðagerð þessi er um ¾ — 9/10 allra reiða.



512. Reiðinn á að vera búinn afturstagi. Ef afturstagið er með talíu, skal vera öryggisstoppari. Yfirvanturinn á að vísa aftur um minnst 5°. Ef horn yfirvantsins er minna en 5°, skal siglan stöguð með aftur vísandi stögum, af sömu efnismálum og afturstagið.

513. Siglan skal hafa tvöfaldan undirvant eða einn aftur vísandi undirvant ásamt föstu innra forstagi. Innra forstagið á að mynda minnst 7,5° horn við sigluna. Einfaldan afturvísandi undirvant má samþykkja að því tilskildu, að reiðasláin vísi aftur. Í slíku tilfelli er minnsta leyfilegt afturvísandi horn á reiðasláinni 20° og mesta leyfilegt horn 32°.

514. Undirvanturinn á að mynda 5°—7° gleitt horn við sigluna langskips.

515. Reiðasláin á að vera það löng, að yfirvanturinn myndi 10°—12° gleitt horn við sigluna þverskips. Undirvanturinn á að mynda minnst 10° gleitt horn við sigluna þverskips.

516. Efri hluti reiðajárna á að hafa sömu stefnu og viðkomandi vantur eða stag.

5.520. **Brotþol á vanti og stögum.**

521. Brotþol vantsins miðast við P, sem er hámarks kraftur á reiðajárn vegna hliðarátaks segla. P einsiglu báta skal ekki vera minna en:

$$P = \frac{k \cdot M_R}{b} \text{ N, þar sem}$$

k = 1,50 fyrir kjölseglbáta og
1,35 fyrir segljullur.
M_R = mesta réttandi vægi við allt að 30° halla, sjá 5.140.
b = lengd í metrum frá reiðajárni vantsins að miðlínu bátsins mælt hornrétt. Sjá mynd í 5.311.

522. Vantur bátsins skal ekki hafa minna brotþol, $U_{(n)}$, en:
$U_{(n)}$ = P k N, þar sem
P = hámarks kraftur á reiðajárn vantsins skv. 5.521.
Leiðréttingarstuðull fyrir mismunandi staðsetningu á vantinum er skv. eftirgreindu:

Staðsetning vants	1	2	3	innra stag
Fyrirkomulag vants	1,4 kt	1,2 kt	1,2 kt	0,8 kl

$$kt = \frac{\sin 10°}{\sin \beta}$$

$$kl = \frac{\sin 7{,}5°}{\sin \alpha}$$

kt eða kl má aldrei vera minna en 0,8 k.

523. Hvert forstag með seglálag skal hafa brotþol, sem er ekki minna en:

$$U_f = \frac{15 \cdot M_R}{h} \text{ N}$$

Afturstag skal ekki hafa minna brotþol en:

$$U_a = \frac{12 \cdot M_R}{T} \text{ ef yfirvantur vísar ekki aftur.}$$

$$U_a = \frac{8 \cdot M_R}{T} \text{ ef yfirvantur vísar aftur.}$$

Sjá mynd: 5.511.

524. Reiðann má styðja með stoðum, en þrátt fyrir það má ekki minnka efnismál á vanti og stögum.

5.530. **Fyrirkomulag siglu og þverskurður.**

531. Siglu skal fest fullnægjandi í siglufót, bæði hvað varðar lárétt og lóðrétt átak. Siglufóturinn skal þola það álag, sem hann verður fyrir vegna siglunnar.

532. Þverskurður siglunnar skal ekki hafa minna tregðuvægi í mm þverskips (um langskipsás), I_x, né langskips (um þverskipsás), I_y, en sem hér segir:

$I_x = k_1\ k_4\ P\ l^2\ mm^4$

$I_y = k_2\ k_3\ k_4\ P\ h^2\ mm^4$

k_1 = tilgreint í eftirfarandi töflu.

k_2 = tilgreint í eftirfarandi töflu.

k_3 = 1,35 fyrir siglu, sem staðsett er á þilfari eða reisn og
0,9 fyrir siglu, sem gengur í gegnum þilfar og hefur góðan stuðning í þilfarshæð.

k_4 = 1,00 fyrir ál (sjá 5.123) og
7,25 fyrir greni/furu.

P = sjá 5.521

l = lengd í metrum á óstöguðum hluta siglunnar.

h = hæð í metrum frá þilfari eða reisnarþaki að festingu á stagi, sem ber segl.

Stuðull siglu, k_1		Stuðull staga k_2	
neðsta lengd	aðrar lengdir	afturvísandi reiðaslá	innra forstag
2,4 k_3	3,5	1,25	1,0

Ekki má minnka tregðuvægi siglunnar vegna hugsanlegra stoða.

533. Mótstöðuvægi siglunnar þverskips W_x við efri fesingu á vanti og langskips W_y við efri festingu á forstagi, skal ekki vera minna en sem hér segir:

$$W_x = \frac{0{,}008\ M_R\ W_x}{u}$$

$$W_y = (0{,}3\ U_a + 0{,}08\ M_R)\ \frac{W_y}{k}$$

w = óstöguð lengd siglunnar í metrum

U_a = brotþol á afturstagi

u = lengd á siglukanti stórsegls í metrum

k = $2{,}4\ 10^{-3}$ fyrir ál og
$16{,}6\ 10^{-3}$ fyrir greni/furu

Ofangreind gildi á mótstöðuvægi W_x og W_y, mega minnka línulega til toppsins niður í helming mótstöðuvægisins. Að undangenginni sérstakri athugun má minnka mótstöðuvægi W_x og W_y á þeim hluta siglunnar, sem er innan 25% lengdar næst neðan við efri vantfestinguna.



5.600 **Reiðabúnaður.**

5.610. **Stórseglsás.**

611. Þegar seglás er festur miðskips með skuttalíu, skal skuttalían vera í lóðréttri stefnu eða vísa lítið eitt aftur.

612. Fesing á seglási við siglu, skal þola jafnt láréttan sem lóðréttan kraft, frá seglum og talíum.
Við ákvörðun á efnismálum festingarinnar, skal nota þá niðurstöðu, sem hæst verður úr eftirfarandi líkingum:
Lóðréttur kraftur = 0,35 P sin
Láréttur kraftur = 0,35 P cos
Lágmark = 1000 N



613. Seglásar úr áli með festingu fyrir skuttalíu á endanum, skulu hafa mótstöðu-jafnvægi, sem er ekki minna en:

W_{bom} = 0,25 P e mm^3
P = sjá 5.421
e = lengd á segláskanti stórsegls í m
Mótstöðuvægið lárétt skal ekki vera minna en:

$$\frac{W_{bóm}}{2}$$

Ef seglásinn er ætlaður fyrir vindirifun, skal kröfu um mótstöðuvægið lárétt fullnægt í hverri stöðu, sem mögulegt er að festa seglás.

614. Ef bilið á seglásnum milli festinga fyrir stórsegl og skuttalíufestingar seglássins, er meira en 10% af lengd á segláskanti seglsins, skal meta styrk seglássins sérstaklega.
Festing fyrir stórsegl skal hafa brotþol í stefnu festingarinnar, sem er ekki minna en:
0,15 P, þó minnst 2000 N.

5.620. **Reiðaslá og fiðlublokk.**

621. Reiðaslá siglunnar skal þannig fyrir komið, að hún minnki um helming horn það, sem vanturinn myndar við reiðaslána.

622. Reiðaslána skal festa við sigluna og vantinn á þann veg, að reiðasláin renni ekki til.
Festing reiðaslárinnar í siglunni skal vera á þann veg, að siglan beyglist ekki.
Festing vantsins við siglu, reiðaslá og reiðajárn, skal vera í beinni línu.

624. Reiðaslá má ekki vísa fram fyrir þverskipsstefnu.

625. Reiðaslá skal hafa tregðujafnvægi, I, við ½, sem er ekki minna en:
I = l^2 $U_{(n)}$k mm^4
l = lengd á reiðaslá í mm.
$U_{(n)}$ = brotþol á viðkomandi vanti.
k = 0,4 10^{-4} fyrir reiðaslá úr áli og
0,6 10^{-4} fyrir reiðaslá úr greni/furu.
Tregðuvægi reiðaslárinnar má minnka línulega til endans, en skal þó ekki vera minna en ⅕.

626. Mótstöðujafnvægi reiðaslárinnar langskips við sigluna, skal ekki vera minna en:
W = k $U_{(n)}$ 1 mm^3, þar sem
k = 0,12 fyrir rétta reiðaslá úr áli og
0,25 fyrir afturvísandi reiðaslá úr áli.
$U_{(n)}$ = brotþol á viðkomandi vanti.
l = lengd á reiðaslá í mm.

627. Afturvísandi reiðaslá er almennt aðeins samþykkt í báta, sem ekki hafa stagaðan siglutopp.

628. Fiðlublokk skal þannig fyrir komið, að hún minnki um helming horn það, sem stagið myndar við fiðlublokkina. Fiðlublokk og fiðlustag eru metin sérstaklega til samþykktar.

5.630. Búnaður.

631. Búnaður í reiða, svo sem vantstrekkjarar o. þ. h., sem verður fyrir álagi frá vanti eða stögum, skal hafa efnismál vegna brots, sem miðast við 115% af því álagi, sem lagt er til grundvallar við útreikning brotþols á viðkomandi vanti eða stagi.

Brotþol á festingum vants og staga í siglunni, skal vera hið sama og brotþol á viðkomandi vanti eða stagi.

632. Fyrirtæki sem splæsa eða valsa endastykki o. þ. h., skulu sýna fram á fullnægjandi gæði með prófun á viðurkenndri rannsóknarstofu. Prófa skal hverja tegund á minnst þremur prófsýnum, og skal engin rannsóknarniðurstaða sýna minna brotþol en 90% af tilgreindu brotþoli vírsins. Framleiðsluna á að prófa tvisvar á ári.

633. Búnaði og úrtaki úr siglu fyrir búnaðinn skal þannig hagað, að þvermál siglunnar minnki sem minnst.
Aðeins er heimilt að skerða sigluna innan 25% lengdar frá stagfestingum á viðkomandi hluta siglunnar. Öll horn á úrtakinu skulu vera vel ávöl.

634. Við löng úrtök skal kanna brotþol siglunnar.
Minnkað tregðuvægi reiknast skv. eftirgreindu:
$I_m = b\ t\ r^2$
b = breiddin á úrtakinu
t = efnisþykkt siglunnar
r = fjarlægð frá úrtaki að þyngdarpunkti þverskurðar.

635. Ef grópað er úr siglu í röð eftir lengd siglunnar, skal bilið á milli grópa vera minnst tvisvar sinnum breiddin á stærstu grópinni.

636. Við festingar á siglu, sem verður fyrir vægi (t. d. þar sem siglan gengur í gegnum þilfar, við festingu á vanti á einfalt stagaðri siglu, við festingu á yfirvanti, sem er fjær toppi en 6% af lengd siglunnar og við festingu á yfirvanti siglu með óstagaðan siglutopp) má tregðuvægi þverskurðar minnka um 20% af tregðuvægi þeirrar stefnu, sem krafist er minnsta tregðuvægis.

637. Framleiðandi á siglum, skal sýna fram á með útreikningum eða prufuálagi, að samsetningar á siglunum hafi fullnægjandi styrk.

5.640. **Reiðajárn og vantstrekkjarar.**

641. Reiðajárn og annar fastur búnaður í bolnum, sem verður fyrir álagi frá vanti eða stögum, skal hafa efnismál vegna brots, sem miðast við 150% af því álagi, sem lagt er til grundvallar við útreikning brotþols á viðkomandi vanti eða stagi.

642. Efri hluti reiðajárna á að hafa sömu stefnu og viðkomandi vantur eða stag.

643. Vantstrekkjurum skal þannig fest við reiðajárn, að stefnubreytingar langskips og þverskips gangi fyrir sig án hindrunar.

644. Boltar, vantstrekkjarar og þess háttar, skal þannig fest, að það losni ekki, óviljandi.

6. BÁTAR ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

6.100. Almennt.
110. Gildissvið.
120. Skilgreiningar.
6.200. Framleiðsla og verklag.
210. Framleiðslusalur.
220. Geymsla.
230. Efni.
240. Verklag.
250. Handlagning.
260. Sprautun.

270. Samloka.
280. Innra framleiðslueftirlit.
6.300 Forsendur fyrir efnismálum.
310. Efniseiginleikar.
320. Þykkt og þyngd á glertrefjastyrkingu.
330. Leiðréttingar á efnismálum.
230. Efnismál samloku.
6.400 Botn og síður.
410. Þykkt á trefjaplasti.
420. Langbönd.
430. Þverbönd.
440. Aðrar styrkingar.
6.500 Kjölur, stefni og afturgafl.
510. Kjölur.
520. Stefni.
530. Afturgafl.
6.600 Þilfar og gólf.
610. Þykkt á tefjaplasti.
620. Þilfarsbitar.
6.700 Yfirbyggingar og reisnir.
710. Efnismál.
6.800 Styrkingar og samsetningar.
810. Styrkingar.
820. Vélarundirstaða.
830. Undirstöður siglu.
840. Hlasskjölur.
850. Festing búnaðar.
860. Samsetningar.

6. BÁTAR ÚR GLERTREFJASTYRKTU PÓLÝESTER.

6.100. **Almennt.**

6.110. **Gildissvið.**

111. Eftirfarandi kröfur um efnismál gilda um báta, sem smíðaðir eru með hefðbundnu lagi.

6.120. **Skilgreiningar.**

121. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa.
V = mesti hraði bátsins í hnútum.
t = þykkt á trefjaplasti í mm.
W = mótstöðuvvægi í mm^3.
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm.
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

6.200. **Framleiðsla og verklag.**

6.210. **Framleiðslusalur.**

211. Fyrirkomulag í framleiðslusal skal vera á þann veg, að salurinn uppfylli fyrirmæli hráefnisframleiðanda varðandi meðferð hráefnis og aðstæður við framleiðslu og herslu á trefjaplastinu.

212. Hiti í framleiðslusal skal aldrei vera lægri en + 18°C og hitamismunur aldrei meiri en ± 3°C meðan á framleiðslu stendur. Hiti má vera meiri þegar trefjaplastið er hert. Réttur hiti skal vera kominn á minnst sólarhringi áður en framleiðsla hefst.
213. Raki í framleiðslusal skal haldast stöðugur og má ekki vera meiri en 80%. Ef framleiðsla fer fram með sprautu, má raki í námunda við sprautuna ekki vera lægri en 40%. Raki í framleiðslusal skal geta haldist stöðugur án tillits til hita og raka utanhúss.
214. Hiti og raki í framleiðslusal skal skráður reglulega. Í stórum sal, skal hiti og raki skráður með sjálfrita og skal vera minnst einn sjálfriti í hverjum 1500 m^2 sal. Mælinum skal komið fyrir á stað, þar sem utanaðkomandi áhrifa gætir sem minnst.
215. Súgur um dyr, glugga o. s. frv. og beint skin sólar, skal ekki vera þar sem framleiðsla eða hersla á trefjaplasti fer fram.
216. Framleiðslusalur skal vera hreinn og ef mögulegt er laus við ryk, svo hráefni og mót óhreinkist ekki.
217. Loftræstibúnaði skal komið þannig fyrir að loftræstingin hafi ekki áhrif á herslu trefjaplastsins.

6.220. **Geymsla.**

221. Fyrirkomulag í geymslu fyrir hráefni skal vera á þann veg, að geymslan uppfylli fyrirmæli hráefnisframleiðanda varðandi meðferð og geymslu á hráefninu.
222. Geymsla fyrir glertrefjar skal vera hrein og ef mögulegt er laus við ryk, svo hráefnið óhreinkist ekki. Glertrefjar skulu varðar gegn raka.
223. Pólýester, slithúð o. þ. h. má ekki geyma við það háan hita, að efnisgæði minnki. Hráefni, sem er geymt við minni hita en 18°C, skal velgja upp í sama hita og er í framleiðslusal, áður en efnið er notað. Geymar fyrir pólýester, skulu vera þannig búnir, að auðvelt sé að hræra í pólýesternum.
224. Glertrefjar skal geyma við minni raka og minnst 2°C meiri hita en krafist er í framleiðslusal. Ef slík geymsla á glertrefjunum er ekki möguleg, skulu þær geymdar í minnst tvo sólarhringa við sama hita og raka og krafist er í framleiðslusal.

6.230. **Efni.**

231. Pólýester, slithúð, styrkingarefni og kjarnaefni í samlokur, skal viðurkennt skv. ákvæðum í kafla 12. Pólýester má vera í flokki 2, ef ekki eru gerðar sérstakar kröfur um annað. Slithúð á ekki að hafa minni brotlengingu en pólýesterinn, sem slithúðin er sett á.
232. Í þeim hluta bátsins sem er undir vatnslínu, skal glertrefjastyrkingin næst slithúðinni innihalda sem minnst af efnum, sem leysast upp í vatni og á helst að nota sprautuþráð eða duftbundna mottu.
233. Framleiðandi skal halda skrá yfir allt hráefni sem notað er og skal skráin vera till staðar á smíðastað til athugunar við eftirlit með framleiðslunni.
234. Geymslutími og hiti pólýestersins skal vera innan þeirra marka, sem framleiðandi pólýestersins mælir fyrir um.
235. Blöndun á herði og hraðli í pólýesterinn skal vera með tilliti til eiginleika pólýestersins og skv. leiðbeiningum framleiðanda hans. Varmamyndun við hörðnun skal vera innan hreppilegra marka.
236. Kjarni í styrkingar skal vera úr heppilegu efni. Nota skal sem allra minnst heilt tré í kjarna og alls ekki í þá hluta bolsins, sem verða fyrir álagi. Líming krossviðarins skal uppfylla kröfur um krossvið í flokki WBP skv. British Standard 1455—1972.

6.240. **Verklag.**

241. Þykkt á slithúð skal ekki vera minni en 0,3 mm og á ekki að vera meiri en 0,6 mm. Slithúð að utan á helst að sprauta. Slithúðin má ekki renna í tauma. Slithúðin á ekki að harðna lengur en í sólarhring áður en trefjaplastið er lagt yfir. Ekki þarf að húða trefjaplast að utan með slithúð, ef trefjaplastið er húðað með öðru sambærilegu efni.

242. Hlutir sem verða fyrir álagi skulu handlagðir eða sprautaðir. Aðrar aðferðir verður að viðurkenna sérstaklega.

243. Lagning á trefjaplasti í hluti sem verða fyrir álagi skal unnin af vönu starfsfólki, undir stjórn verkstjóra, sem hefur reynslu í að dæma vinnuaðferðir og gæði á fullgerðu trefjaplasti. Hann skal jafnframt sjá til þess að framleiðslan sé skv. reglum.

244. Stórir hlutar skulu studdir vel, er þeir hafa verið teknir úr mótinu.

245. Styrkingar, innréttingar og þess háttar, skal ef mögulegt er, tengja við bolinn áður en trefjaplast bolsins er fullharðnað. Ef tengja á við trefjaplast, sem hefur harðnað lengur en í sólarhring, skal hreinsa flötinn vel og fjarlægja af honum allt hugsanlegt vax og slípa flötinn inn að trefjum.

246. Innsíða á trefjaplasti, sem gæti orðið fyrir vatni skal húða til hlífðar, t. d. með slithúð. Sama gildir um styrkingar og innréttingar, sem verða fyrir vatni. Brúnir á trefjaplasti, sem verða fyrir vatni skulu varðar með minnst 0,3 mm þykkri slithúð eða öðru samsvarandi. Brúnir á samloku skulu varðar með trefjaplasti.

247. Að lokinni lagningu á trefjaplasti, skal það fá að harðna í minnst tvo sólarhringa við ekki minni hita en 18°C. Með sérstöku samþykki má herða trefjaplastið við meiri hita á styttri tíma.

6.250. **Handlagning.**

251. Glertrefjastyrking skal lögð í þeirri röð, sem viðurkennd er. Næst slithúðinni skal leggja mottu, sem vegur ekki meira en 450 g/m^2. Á fleti með aflíðandi beygju má nota mottu, sem vegur allt að 600 g/m^2.

252. Við samskeyti á styrkingarmottum, skulu motturnar skarast minnst 50 mm.

253. Pólýester skal borinn á milli hvers lags af styrkingarmottum. Innilokað loft skal einnig valsað út við lagningu hvers lags af styrkingarmottum. Ef unnið er með pólýester, sem vætir sérstaklega vel glertrefjarnar, má með sérstöku leyfi leggja tvær eða fleiri mottur, áður en innilokað loft er valsað út. Trefjaplastið skal valsað vandlega og varlega, sérstaklega við skarpar brúnir og horn.

254. Ekki skal líða lengur á milli lagningar styrkingarlaga, en samþykktar leiðbeiningar framleiðanda hráefnisins segja fyrir um. Við lagningu á þykku trefjaplasti skal gæta þess, að ekki sé lagt það þykkt trefjaplast í einu, að of mikill hiti myndist.

6.260. **Sprautun.**

261. Með sprautun á trefjaplasti er átt við, þegar sprautað er samtímis pólýester og glertrefjastyrkingu. Framleiðandi, sem sprautar trefjaplastinu, verður að fá til þess sérstakt leyfi.

262. Við samþykkt á húsnæði, þar sem unnið er með sprautu, skal athuga sérstaklega vel framleiðsluaðferð, loftræstingu, innra framleiðslueftirlit og annað það sem mikilvægt er til að tryggja framleiðslugæði.

263. Sprautun á bol, þilfari og öðrum hlutum, sem verða fyrir álagi, má aðeins vinna af mönnum, sem hafa fengið sérstaka viðurkenningu til þeirra verka.

264. Við sprautun skal nota búnað, sem gefur jafnt og gegnheilt trefjaplast með fullnægjandi glertrefjastyrkingu yfir allan flötinn. Blöndun viðbótarefna í pólýest-

erinn skal vera á þann veg, að efnin blandist í réttu hlutfalli. Trefjar skulu ekki vera styttri en 20 mm.

265. Trefjaplastinu skal sprautað jafnt yfir allan flötinn, og skal það valsað reglulega. Næst slithúðinni skal trefjaplastið valsað, er það hefur náð 1,5 mm þykkt, en síðan skal það valsað við hverja 2,5 mm, sem sprautaðir eru. Trefjaplastið skal valsað vel og nákvæmlega til að tryggja góða þjöppun og ná úr öllu innilokuðu lofti. Gæta skal sérstakrar varúðar við skarpar brúnir og horn.

6.270. **Samloka.**

271. Samlokur skulu unnar á þann hátt, að kjarninn sé lagður á vott trefjaplast eða trefjaplast lagt beggja megin á kjarnann. Líming á kjarna við hart trefjaplast, skal metin í hverju einstöku tilfelli.

272. Kjarni úr frauðplasti með þéttum smáopum á yfirborðinu, skal húðaður vel með pólýester áður en hann er lagður á vott trefjaplastið. Glertrefjastyrking í trefjaplastinu skal ekki vega minna en 450 g/m^2 á fleti sem er sléttur og ekki minna en 900 g/m^2, ef beygja er á fletinum.

273. Smíði og verklag skal vera á þann veg, að holrúm í kjarnanum sé fyllt með pólýester, límí eða sparsli.

274. Vota trefjaplastið, sem kjarninn er lagður í, skal fá að harðna nokkuð áður en trefjaplast er lagt yfir kjarnann.

6.280. **Innra framleiðslueftirlit.**

281. Framleiðendur skulu hafa fullnægjandi eftirlit með eigin framleiðslu, sem tryggir að bátarnir uppfylli kröfur í reglum.

282. Starfsmenn skulu hafa nákvæmar leiðbeiningar um verklag hvers smíðaáfanga, sem gera þeim mögulegt að vinna sitt verk í samræmi við samþykktar teikningar og smíðalýsingar.

283. Niðurstaða eftirlits með hverjum báti, skal skrásett og undirrituð og merkt smíðanúmeri viðkomandi báts.

284. Sá sem ábyrgur er fyrir eftirlitsskránni skal hafa kunnáttu til að geta metið verklag og gæði á trefjaplasti.

285. Eftirlit skal haft með eftirgreindum atriðum:
— hráefni
— geymslu- og framleiðsluaðstöðu
— verklagi við plastlögn og uppbyggingu kjarna
— að unnið sé í samræmi við samþykkta smíðalýsingu.

286. Þegar hlutir eru teknir úr móti, skal vigta þá og þykktarmæla að því marki, sem ákveðið er við samþykkt á viðkomandi hlut.

6.300. **Forsendur fyrir efnismálum.**

6.310. **Efniseiginleikar.**

311. Fullhart trefjaplast skal uppfylla eftirgreindar kröfur:
Togþol minnst ..... σ_s = 80 MPa
Beygjubrotþol minnst ..... σ_b = 130 MPa
Togfjarðurstuðull ..... E_s = 7000 MPa
Beygjufjarðurstuðull ..... E_b = 6000 MPa

312. Togþol og togfjaðurstuðul skal ákveða skv. ISO 3268—1978
Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

313. Beygjubrotþol og beygjufjarðurstuðul skal ákveða skv. ISO 178—1972
Mæla skal í tvær mismunandi stefnur.

314. Meðaltal ofangreindra mælinga skal uppfylla kröfur í 6.311. Engin einstök mæling má vera lakari en 80% af þeirri tölu, sem notuð er við útreikninga.
315. Glerinnihald trefjaplasts skal ekki vera minna en 27% af heildarþunga og ekki meira en 45%, mælt skv. ISO/R 1172—1975. Mismunur á glerinnihaldi prófsýna má ekki vera meiri en ± 4% af meðaltals niðurstöðum rannsókna. Niðurstaða hverrar rannsóknar skal uppfylla þessar kröfur.
316. Trefjaplast skal rannsaka á viðurkenndri rannsóknarstofu skv. ákvæðum þessara reglna.

6.320. **Þykkt og þyngd á glertrefjastyrkingu.**

321. Þykkt á trefjaplasti er tilgreind í mm og er þá átt við þykktina á trefjaplastinu án slithúðar að utan eða innan.
322. Eftirfarandi línurit sýnir hve þungar glertrefjar í g/m² þarf til að ná 1 mm þykku trefjaplasti, með hliðsjón af hlutfalli glertrefja í trefjaplastinu.



6.330. **Leiðréttingar á efnismálum.**

331. Ef framleiðandi getur sannað, að eiginleikar trefjaplastsins séu betri en krafist er skv. 6.311, má samþykkja minni efnismál en tilgreind eru í reglunum fyrir viðkomandi bát. Efnismál skulu þó ekki vera minni en niðurstöður, sem fengnar eru úr líkingum, þar sem ekki er reiknað með leiðréttingarstuðlinum f.
$f = f_1\ f_2\ f_3\ f_4$
f minnst 0,7.

332. Ef notað er trefjaplast, sem hefur meira beygjubrotþol en 130 MPa, má margfalda þykktina á trefjaplastinu, þar sem f er tekið með í reikninginn, með stuðlinu f_1:

$$f_1 = \sqrt{\frac{130}{\sigma_b}}$$

σ_b = beygjubrotþol á viðkomandi trefjaplasti.

333. Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda þykktina á trefjaplastinu, þar sem f er tekið með í reikninginn, með stuðlinum f_2:

$$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2 \frac{a}{b} .$$



334. Ef flötur á trefjaplasti er að ráði kúptur, má margfalda þykktina á trefjaplastinu, þar sem f er tekið með í reikninginn, með stuðlinum f_3:

$$f_3 = 1 - \frac{f}{s}$$

f_3 minnst 0,8



335. Ef kjarni bands, k, er breiðari en 0,1 s, má margfalda þykktina á trefjaplastinu, þar sem f er tekið með í reikninginn, með stuðlinum f_4:

$$f_4 = 1{,}1 - \frac{k}{s}$$

f_4 minnst 0,7



336. Ef togþol trefjaplastsins er meira en 80 MPa, má margfalda mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:

$$f = \frac{80}{\sigma_s} \text{ , þar sem}$$

σ_s = togþol viðkomandi trefjaplasts.

6.340. **Efnismál samloku.**

341. Eftirfarandi ákvæði gilda um samloku, sem verður fyrir álagi og er gerð úr kjarna með trefjaplasti beggja megin.

342. Við reikning á styrk samloku, er miðað við að álag vegna beygjuspennu reyni á trefjaplast samlokunnar, en skerspenna á kjarnann. Viðloðun trefjaplastsins við kjarnann skal prófa með sker- og togprófun hornrétt á samlokuna, og á kjarninn

að brotna áður en trefjaplastið flagnar frá kjarnanum. Samloku má einnig prófa með fjögurra- punkta beygjuprufu.

343. Samloka skal ekki hafa minni styrk en krafist er til samsvarandi hlutar úr einföldu trefjaplasti skv. líkingu, þar sem reiknað er með bandabilinu s. Samloka telst hafa fullnægjandi styrk, ef W/s samlokurnar uppfylla ákvæði í 6.422,6.423 og 6.621., þegar s er 1 mm og l er lengd styttri hliðar flatarins í mm.
Sjá mynd 6.5 varðandi mótstöðuvægi.

344. Ef hlutfall á milli lengri hliðar og styttri hliðar samloku er minna en 3,0, má margfalda mótstöðuvægi hennar, W/s, með stuðlinum f, skv. eftirfarandi línuriti.



345. Hlutfall á milli þykktar þynnsta og þykkasta hluta á trefjaplasti samloku á ekki að vera minna en 0,75.

346. Þykkt á ytri húð trefjaplasts í kili, stefnum, botni og síðum á ekki að vera minni en 65% af kröfum varðandi þykkt á einföldu trefjaplasti skv. líkingum, þar sem ekki er reiknað með millibili styrkinga, s. Í botni og síðum má samþykkja minni efnismál, ef fram kemur við prófun, að höggþolseiginleikar eru ekki lakari en á einföldu trefjaplasti með lágmarksefnismál fyrir viðkomandi bátsgerð.

347. Í þilfari skal ytri húð á trefjaplasti aldrei vera þynnri en:
$t = 2,0 + 0,1\ L_m$ mm

6.400. **Botn og síður.**

6.410. **Þykkt á trefjaplasti.**

411. Þykkt á trefjaplasti í botni, skal haldast í fullri þykkt upp í þá hæð, sem hærri er skv. eftirgreindu:
— upp að hleðsluvatnslínu.
— upp að kanti.

412. Efnisþykkt í botni skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_b = 0,056\ f\ s\ \sqrt{p} \quad \text{mm}$$

$t_b = 1,4 + 0,5\ L_m + 0,08\ V$ mm.

413. Á bátum með kjöl, skal mismunur á þykkt í botni og þykkt kjalar jafnast út á svæði, sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

414. Efnisþykkt síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_s = 0{,}040\ f\ s\ \sqrt{p} \quad \text{mm}$$

$t_s = 1{,}6 + 0{,}5\ L_m$ mm

415. Ef radius húfsins er minni en 20 sinnum botnþykktin, skal efnisþykkt kantsins/húfsins, t_k, á minnst 100 mm breiðri rönd beggja megin við kant eða húf, ekki vera minni en:
$t_k = 2{,}4 + 0{,}7\ L_m + 0{,}06\ V$ mm
þó ekki minni en þykkt í botni.

6.420. **Langbönd.**

421. Hraðgengir bátar eiga að hafa langbönd í botni.

422. Langbönd í botni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$$W = 5{,}5\ f\ s\ p\ \left(\frac{l}{100}\right)^2 \quad \text{mm}^3$$

Þrep og hlífðarlista, sem liggja langskips, má meta sem styrkingar.

423. Langbönd í síðu skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:

$$W = 3{,}5\ p\ s\ \left(\frac{l}{100}\right)^2 \quad \text{mm}^3$$

Þrep og hlífðarlista, sem liggja langskips, má meta sem styrkingar.

424. Langbönd eiga að hafa stuðning af þverskilrúmum eða þverböndum.

425. Þverstyrkingar, sem styðja við langbönd, skulu hafa sömu efnismál og þverbönd. Á bátum með kjöl skal lengdin, l, mæld frá miðlínu bátsins, en á flatbotna bátum mælist lengdin á milli síða.

426. Á planandi bátum án kjalar, skulu botnstokkar festast við síður og skal þverskurðarflatarmál festinganna ekki vera minna en:

$$A = 0{,}3\ p\ s_1 \left(\frac{b}{100}\right) \quad \text{mm}^2$$

$$s_1 = \frac{l_1 + l_2}{2} \quad \text{mm, þar sem}$$

l_1 og l_2 er lengd langbandsins fyrir framan og aftan þverstyrkinguna.
b = breidd á bol, sjá mynd.



6.430. **Þverbönd.**

431. Hæggenga báta má styrkja með þverböndum og kilinum, sem einu langskipsstyrkingunni.

432. Þverbönd skulu annað hvort vera heil yfir kjölinn eða festast við botnstokka. Efri endi bandanna skal festast við þilfarsbita, þilfar eða langbönd.

433. Þverbönd skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi upp fyrir húf en:

$$W = 4\ p\ s\ \left(\frac{l}{100}\right)^2\ mm^3$$

Varðandi 1, sjá mynd.



434. Mótstöðuvægi þverbanda efst í síðu, skal ekki vera minna en 40% af því mótstöðuvægi, sem krafist er í botni. Mótstöðuvægið skal minnka línulega upp frá húfnum.

6.440. **Aðrar styrkingar.**

441. Bekkir, gólf eða innréttingar mega koma í stað styrkinga, ef þeim er fest í allri sinni lengd á fullnægjandi hátt við súðina.

442. Gera má minni kröfur til styrkinga, ef lag bolsins er á þann veg, að það styrki bátinn.

443. Í hæggengum opnum bátum, má gera styrkingar í botni að öllu leyti eða hluta til með föstu gólfi. Breidd gólfsins, b, skal ekki vera minni en 0,25B. Millibilið a, frá gólfinu að kanti, skal ekki vera minna en 0,15 B.



444. Ef styrkingar eru gerðar úr frauðplasti, skal frauðplastið hafa fullnægjandi þrýsti- og skerþol til að tryggja heildarstyrk botnsins. Tegund og gæði frauðplastsins, ásamt frauðgerðinni, er metin til viðurkenningar í hverju einstöku tilfelli.

6.500 **Kjölur, stefni og afturgafl.**

6.510. **Kjölur.**

511. Efnismál kjalar skulu ákveðin með tilliti til notagildis hans, svo sem uppsetningu bátsins, festingum, hlasskili og þess háttar.

512. Breidd kjalar, b, mælt út frá miðlínu, skal ekki vera minni en:
b = 30 L_m mm.
L_m = mesta lengd bátsins í metrum.
b skal mælt eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



513. Á bátum með kjöl, skal efnisþykkt kjalar í undirkanti og hliðum beggja megin vera af breidd, b, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.



514. Efnisþykkt kjalar skal ekki vera minni en:
$t = 2{,}9 + 0{,}9\ L_m + 0{,}1V$ mm

515. Víkja má frá kröfum um efnisþykkt í kili, þar sem kjölurinn er hulinn af hlasskili, en þykktin skal þó ekki vera minni en þykkt á botni.

516. Ef bolur er framleiddur í hlutum, skal tengingin á milli hlutanna ekki vera þynnri en krafist er í kili og stefnum. Breidd tengingarinnar, hvorum megin við samskeytin, skal ekki vera minni en 20 sinnum þykkt trefjaplastsins.

6.520. **Stefni.**

521. Efnisþykkt í framstefni skal ekki vera minni en:
$t = 2{,}9 + 0{,}9L_m$ mm.

522. Breidd á stefni skal ekki vera minni en:
$b = 30\ L_m$ mm.
b þarf þó ekki að vera meiri en 200 mm.

6.530. **Afturgafl.**

531. Afturgafl, sem ekki verður fyrir álagi vegna vélar eða stýris, skal hafa sömu efnismál og síða.

532. Afturgafl, sem verður fyrir álagi frá utanborðsvél, á að byggjast sem samloka, með kjarna úr vatnsheldum krossviði eða samsvarandi efni.
Lágmarksþykkt á þeim hluta gaflsins, sem verður fyrir álagi frá vélinni, er gefin upp í eftirfarandi töflu:

Vélarafl kW	Hestöfl	Heildarþykkt mm
3	4	12
3— 7	4—10	15
7—18	10—25	25
18—30	25—40	30
30—60	40—80	35
60—95	80—130	40
Yfir 95	Yfir 130	Efnismál afturgafls metin í hverju einstöku tilfelli.

533. Afturgafl, sem verður fyrir álagi frá hálfutanborðsvél, skal byggður upp skv. ákvæðum í 6.532, en þó skal auka heildarþykktina um 5 mm frá því, sem þar er tilgreint í töflu.

534. Þykkt á trefjaplasti innan við kjarnann á ekki að vera minni en 0,7 sinnum þykkt síðu og þykkt á trefjaplasti utan við kjarnann ekki minni en 0,7 sinnum þykkt í botni.
Tefjaplast innan við kjarnann skal tengjast við síður og botn og þynnast út línulega.

6.600. **Þilfar og gólf.**

6.610. **Þykkt á trefjaplasti.**

611. Þykkt á þilfari og gólfi, sem verður fyrir álagi vegna umgangs, skal ekki vera minni en:

$$t_d = 0{,}045\ f\ s\ \sqrt{p}\ \text{ mm}$$

$$t_d = 1{,}6 + 0{,}4\ L_m\ \text{mm}$$

6.620. **Þilfarsbitar.**

621. Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$$W = 4{,}0\ f\ s\ p\ \left(\frac{l}{100}\right)^2\ \text{mm}^3$$

622. Víkja má frá kröfum um styrkingar á litlum þilförum, sem ekki geta orðið fyrir álagi.

6.700. **Yfirbyggingar og reisnir.**

711. Yfirbygging og reisn, sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa efnismál, sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

712. Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna, sem verður fyrir álagi vegna umgangs skulu ekki vera minni en tilgreint er í 6.600.

6.800. **Styrkingar og samsetningar.**

6.810. **Styrkingar.**

811. Hlutir úr trefjaplasti skulu ekki hafa skörp horn. Ef ekki er hægt að koma öðru við, skal styrkja hornin sérstaklega. Mót mega ekki vera of margbrotin og komast skal hjá byggingarlagi, sem torveldar eftirlit og viðgerðir.

812. Varast ber að byggja burðarhluti sem valda togálagi hornrétt á trefjaplastsflöt, þar sem slíkt getur valdið tvískinnungi í trefjaplastinu.

813. Styrkingar skulu festar með minnst sömu þykkt og krafist er í styrkingunni sjálfri, þó minnst 2 mm. Breidd tengiflatar skal vera með tilliti til þess álags, sem festingin verður fyrir, en skal þó ekki vera minni en 50 mm.
Styrkingar skulu ekki hafa snöggar breytingar á styrkleika. Styrkingar skulu þynnast út til endanna eða tengjast öðrum styrkingum.

814. Þykktarmismun á trefjaplasti skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en 20 sinnum þykktarmismunurinn. Á fleti, sem verður fyrir miklu álagi, skal jafna mismuninn út á svæði, sem er ekki minna en 40 sinnum þykktarmismunurinn.

815. Samlokufletir skulu byggðir upp með tilliti til eftirgreindra atriða:
— tefjaplastið utan á kjarnanum skal vera óskert við bönd og aðrar styrkingar og forðast skal snöggar breytingar á þykkt kjarnans;
— mismun þykktar á milli samloku og einfalds trefjaplasts, skal jafna út á svæði, sem er ekki minna en tvisvar sinnum þykkt kjarnans;
— þar sem þrýstingur leggst hornrétt á samloku, skal auka þykkt trefjaplastsins utan á kjarnanum eða setja viðbótarstyrkingu, sem dreifir álaginu á stærra svæði.

6.820. **Vélarundirstaða.**

821. Ef vél er fest beint á langband í botni, skal auka efnismál langbandsins og tengja það þverskipsstyrkingu. Vélarundirstaða skal vera byggð upp á þann veg, að hún gefi nægilegan stífleika á milli vélar og legu í stefnispípu.

822. Vélarundirstaðan skal vera byggð upp á þann veg, að hún dreifi krafti frá vél, gír, og skrúfubúnaði á fullnægjandi hátt á bolinn.

6.830. **Undirstöður siglu.**

831. Bol skal styrkja sérstaklega vegna álags, sem siglan veldur á siglufót og stagfestingar.

832. Siglufótur má ekki bogna meira niður við þrýstikraftinn 2P, þegar togkraftur á reiðajárn á hvorri síðu er P, en sem nemur 1% af millibili reiðajárna.

6.840. **Hlasskjölur.**

841. Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi, með hliðsjón af efni kjalar. Fjölda og gildleika boltanna, skal ákveða í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þyngdar og stærðar kjalar ásamt efnisstyrk boltanna. Fullnægjandi skífur skulu settar undir boltahausana að innan.

842. Þar sem hlasskjölur er festur við bolinn, skal auka þykkt trefjaplastsins og styrkja það á fullnægjandi hátt.

843. Í staðinn fyrir hlasskjöl, má byggja kjölfestuna inn í kjölinn í einu lagi með bolnum. Efnisþykkt kjalarins og tenging hans við bolinn skal metin með tilliti til þyngdar kjölfestunnar og þess álags, sem kjölurinn verður fyrir. Kjölfestuna verður að skorða þannig að hún geti ekki hreyfst. Kjölfestu úr steinsteypu má aðeins leggja á trefjaplast, sem hefur verið húðað með slithúð.

6.850. **Festing búnaðar.**

851. Þar sem búnaður er festur í bol og þilfar, skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði.

852. Viðbótarstyrkingar má gera með því að auka þykkt trefjaplastsins eða hafa styrkinguna úr samloku með krossviði, málmplötu eða þess háttar. Við smíði styrkinga, skal taka tillit til stefnu átaksins og þess álags, sem styrkingarnar verða fyrir. Trefjaplastið sem lagt er yfir kjarnann að innan, skal ná hæfilega langt út fyrir kjarnann og hver styrkingarmotta skal ná vel út fyrir næstu mottu á undan.

6.860. **Samsetningar.**

861. Samsetningar skulu vera einfaldar og aðgengilegar til eftirlits og unnar á þann veg, að ekki sé hætta á tvískinnungi í samsetningum.

862. Hnoðnaglar, boltar og undirlagsskífur skulu vera úr ryðfríu efni eða vera ryðvarðar.

863. Göt fyrir bolta og hnoðnagla skulu boruð og skal þvermálið vera það sama og þvermál bolta/hnoða. Fjarlægð miðju gatsins að brún á trefjaplastinu, skal ekki vera minni en 2,5 sinnum þvermál gatsins fyrir hnoð og 3 sinnum þvermál gatsins fyrir bolta.

864. Undir boltahausum og róm í samsetningum, sem verða fyrir álagi, skal vera skífa með ytra þvermál, sem er ekki minna en 2 sinnum þvermál gatsins og ekki þynnri en 0,1 sinni þvermál gatsins, þó aldrei þynnri en 0,5 mm. Ef haus eða ró uppfyllir þessa kröfu, þarf ekki skífu. Í samsetningum, sem verða fyrir miklu álagi, má gera kröfu um stærri skífur.

865. Við vatnsþéttar samsetningar, skal setja þéttiefni á bolta/hnoðnagla áður en þeir eru settir í og festa þá síðan tryggilega.

866. Nota má, með sérstöku samþykki í hverju einstöku tilfelli, skrúfur í samsetningar, sem ekki verða fyrir álagi. Skrúfur skulu vera sem allra næst hornrétt á flötinn. Trefjaplast, sem skrúfað er í, skal hafa nægilega þykkt (minnst 5 mm), en ef því verður ekki við komið, þá má koma fyrir stykki á bak við trefjaplastið til að skrúfa í.

MYND 6.1.

Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.





MYND 6.2.

Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.





MYND 6.3.

Mótstöðuvægi styrkinga, W, er byggt á þverskurðarflatarmáli toppsins, A_{fl}, hæð styrkingarinnar, H, og efnisþykkt, t_s.





MYND 6.4.

Mótstöðuvægi þrepa, W, er byggt á hæð þrepsins, H, og efnisþykkt, t.





MYND 6.5.

Mótstöðuvægi samloku, W/s, ef gert er ráð fyrir jafn þykku trefjaplasti beggja megin.





7. BÁTAR ÚR HITAMÝKJANDI PLASTI.

7.100. Almennt.
110. Húsnæði.
120. Merking á fullsmíðuðum bátum.
7.200. Hverfiframleiðsla á pólýetýlenbátum.
210. Framleiðsla.
220. Steyptir bátar.
230. Innra eftirlit.
7.300. Varmamótun á ABS plötum.
310. Mótun á plötum.
320. Innra eftirlit.
7.400. Bátasmíði.
410. Mótun.
420. Samsetningar.
430. Efnisþykkt.
440. Framleiðslueftirlit.
7.500. Pólýetýlen.
510. Framleiðsla.
520. Hráefni.
530. Efnismál.
540. Framleiðslueftirlit.
7.600. Akrýlnitrilbutadinstýren, ABS, og samsvarandi efni.
610. Framleiðsla.
620. Efniskröfur.
630. Efnismál.
640. Framleiðslueftirlit.

7. BÁTAR ÚR HITAMÝKJANDI PLASTI.

7.100. **Almennt.**

7.110. **Húsnæði.**

111. Húsnæði til framleiðslu á bátum úr hitamýkjandi plasti, skal vera heppilegt með tilliti til framleiðsluaðferðar.

112. Ekki má vera dragsúgur í námunda við framleiðsluvél eða í kæliklefa.

113. Framleiðsluhúsnæði og vélum skal komið þannig fyrir að ekki sé hætta á mengun vegna olíuúrgangs, ryks eða þess háttar.

7.120. **Merking á fullsmíðuðum bátum.**

121. Ef efni báta hefur mikilvæga eiginleika, sem eru frábrugðnir þeim staðli, sem krafist er varðandi báta úr glertrefjastyrktu pólýester, skal það tilgreint á viðurkenningarskírteini.

122. Á bol skal vera skilti eða merki, sem gefur til kynna úr hvaða efni báturinn er smíðaður.

123. Bátaframleiðandi skal sjá til þess, að hverjum báti fylgi leiðbeiningar um notkun á bátnum, viðhald og viðgerðir, ásamt upplýsingum um efni, sem eru skaðleg efni bátsins.

7.200. **Hverfiframleiðsla á pólýetýlenbátum.**

7.210. **Framleiðsla.**

211. Sleppiefni, sem notað er á mót, má ekki hafa neikvæð áhrif á efnið í bátnum, t. d. með því að valda sprungum.

212. Ekki má endurnota hráefni í bol hverfiframleiddra báta.

213. Allir bátar sömu bátsgerðar, skulu framleiddir skv. sömu hverfiaðferð.

214. Þyngd á dufti í hvern bát, skal aldrei vera minni en sem nemur 1% af því magni, sem krafist er í viðkomandi bát.

215. Hitastilling skal vera sjálfvirk og skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli. Á hitastillingunni skal koma fram sá hitamismunur, sem leyfilegur er vegna eiginleika hráefnisins. Hitamismunur á hverjum mælistað skal ekki vera meiri en ± 5°C við hvern bát sem steyptur er.

216. Efnahvarfstími hráefnisins úr dufti í fast form, skal ákveðinn með tilliti til efnisþykktar viðkomandi bátsgerðar með það fyrir augum að tryggja fullnægjandi dreifingu efnisins í mótinu. Framleiðslutími frá báti til báts skal ekki breytast meira en ±1 mínútu frá þeim tíma sem samþykktur er. Samansuða á ytra og innra móti skal skilgreind og samþykkt í hverju einstöku tilfelli.

217. Hver bátur viðkomandi bátsgerðar skal kældur með sömu aðferð og skal kæling ákveðin með tilliti til framleiðsluhita bátsgerðar og hráefnis með það fyrir augum, að efnið aflagist ekki við kælinguna.

218. Ef gerð er breyting á verklagi, skal það tilkynnt þeirri stofnun, sem hefur eftirlit með framleiðslunni og verður þá metið hvort sérstök rannsókn skuli fara fram til athugunar á efnisgæðum.

7.220. **Steyptir bátar.**

221. Efni í fullgerðum steyptum báti, skal vera án nokkurra sjáanlegra yfirborðsgalla, sem máli skipta við notkun á bátnum. Á yfirborði og í þverskurðum, skal ekki vera merki um ófullnægjandi umbreytingar á dufti né gallar vegna hita.

222. Göt eða loftbólur skulu ekki vera það margar né það stórar, að gæði efnisins minnki svo nokkru nemi. Fjöldi og stærð er ákveðin fyrir hverja einstaka efnistegund.

223. Efni í steyptum bátum skal uppfylla kröfur varðandi lágmarks styrk, sem gilda fyrir viðkomandi efni.

224. Fullgerðir bátar, skulu ekki vera aflagaðir á þann veg, að máli skipti og allar samsetningar skulu vera þéttar.

7.230. **Innra eftirlit.**

231. Bátaframleiðandi skal halda saman öllum upplýsingum varðandi hráefnið og geyma sýnishorn úr hverri sendingu af hráefni, sem hann fær.

232. Bátaframleiðandi skal skrásetja eftirgreindar upplýsingar varðandi hvern bát, sem hann framleiðir:
- — þyngd á dufti.
- — hitastig.
- — framleiðslutíma.
- — kælingartíma.

233. Hver bátur skal skoðaður með það fyrir augum, að kanna yfirborðsgalla og þéttleika á samsetningum.

234. Hver bátur skal merktur með framleiðslunúmeri, sem einnig gefur til kynna úr hvaða móti báturinn er steyptur. Merkingin skal vera varanleg.

235. Þykkt báta skal almennt athuga í viðurvist skoðunarmanns, með því að skera í sundur fullgerðan bát. Að meðaltali skal þykktarmæla einn bát af hverjum 200 bátum, sem framleiddir eru í hverju móti.

7.300. **Varmamótun á ABS-plötum.**

7.310. **Mótun á plötum.**

311. Plötur skulu mótaðar á þann veg, að gæði efnisins minnki ekki svo um muni við mótunina. Þykktin á plötunum skal ákveðin, þegar fyrir liggur, hver efnisþykktin verður á bátunum fullgerðum, sem framleiddir eru úr viðkomandi plötum.

312. Dreifing hitans á plöturnar, skal ávallt vera á sama veg við mótun hverrar plötu sömmu gerðar. Hitinn á plötunni og mótinu, skal vera innan þeirra marka, sem ákveðin er fyrir viðkomandi efni.

313. Flotmörk á mótuðum bol, mega ekki víkja meira en 20% frá flotmörkum plötunnar, við togprófun í sömu stefnu og efni plötunnar er sprautað. Miðað skal við meðaltalsniðurstöður fimm prófanna.

314. Bátshlutar, sem verða fyrir álagi, skulu vera án skarpra brúna. Radíus á kúpu skal ekki vera minni en 2 sinnum efnisþykktin, ef kúpan vísar að mótinu, en ef kúpan vísar frá mótinu, skal radíusinn ekki vera minni en 5 sinnum efnisþykktin. Skarpar brúnir má þó samþykkja, ef þær eru styrktar sérstaklega með viðbótarstyrkingum.

7.320. **Innra eftirlit.**

321. Bátaframleiðandi skal halda saman öllum upplýsingum frá plötuframleiðanda.

322. Hver bolur skal skoðaður með það fyrir augum, að kanna yfirborðsgalla.

323. Súðarþykkt skal mæld minnst einu sinni á sólarhring, þó minnst einn bolur af hverjum 50.

324. Niðurstöður þykktarmælinga skulu geymdar hjá bátaframleiðanda og vera aðgengilegar fyrir skoðunarmann.

7.400. **Bátasmíði.**

7.410. **Mótun.**

411. Báturinn skal vera heppilega lagaður með tilliti til framleiðsluaðferðar og þess hráefnis, sem notað er í bátinn.

412. Við mótun báta úr hitamýkjandi plasti, skal haft í huga, að efnið hefur breytilegan styrk eftir hita og álagi.

413. Forðast skal eins og mögulegt er allar snöggar breytingar á heildarstyrk bátanna. Styrkingar eiga að vera með jöfnu millibili yfir allan bolinn.

414. Bolurinn skal mótaður á þann veg, að hann verði nægilega stífur. Forðast skal stóra slétta fleti.

7.420. **Samsetningar.**

421. Hlutir, sem byggðir eru inn í bátinn, mega ekki vera úr efni, sem dregur úr gæðum annarra efna bátsins.

422. Skeljar í tvöfaldri uppbyggingu og í samlokum, skulu vera vatnsþéttar. Göt á þessum skeljum, vegna bolta eða annarra hluta, skulu vera vatnsþétt.

423. Samsetningar á milli innri og ytri skeljar, skulu vera þéttar.

7.430. **Efnisþykkt.**

431. Með regluþykkt er átt við þá þykkt, sem krafist er skv. reglunum.

432. Efnisþykkt skal metin fullnægjandi, ef meðaltal 20 mælinga sýnir meiri þykkt en krafist er skv. reglunum og ef engin einstök mælingarniðurstaða er minni, en sem nemur 85% þeirrar þykktar, sem krafist er skv. reglunum.
433. Viðbótarstyrkingar, sem soðnar eru eða límdar við bolinn, má að undangenginni sérstakri athugun reikna til efnisþykktar.

7.440. **Framleiðslueftirlit.**

441. Framleiðsla á bátsgerðarviðurkenndum bátum er háð skyndiskoðunum.
442. Fjöldi skyndiskoðanna miðast við áreiðanleika framleiðslunnar og þann framleiðslumáta, sem notaður er.

7.500. **Pólýetýlen.**

7.510. **Framleiðsla.**

511. Kröfur um framleiðslu, hitastig og kælingu, verður að ákveða fyrir hverja einstaka bátsgerð með hliðsjón af magni duftsins og snúningshraða og byggjast kröfurnar á framleiðslueftirlitinu.

7.520. **Hráefni.**

521. Hráefni skal vera viðurkennt skv. ákvæðum í kafla 12.
522. Ef bátaframleiðandi óskar að mala kornið sjálfur í duft, skal kvörnin og sigtið samþykkjast sérstaklega.
523. Litarefni í duftinu skal vera af viðurkenndri tegund og magn innan leyfilegra marka. Sjá 12.613.
Duftið skal við eða eftir mölun sigtað í sigti, sem hefur ekki stærri möskva en 0,8 mm.
524. Hráefnið skal uppfylla kröfur, sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Eiginleikar:	Eining.	P E L	P E M	Athugasemdir:
Eðlisþyngd	g/cm^3	Hámark 0,930	0,930 – 0,945	
Bræðsluvísitala	g/10 mín.	Vísitölustig framleiðanda ± 1,0, þó hámark 3,5		
Flotspenna við	MPa	minnst 7,5	minnst 13,0	við 20°C
togálag		minnst 4,5	minnst 8,0	við 65°C
Togfjaðurstuðull	MPa	minnst 180	minnst 350	við 20°C
Samdráttur	%	hámark 2,5	hámark 2,0	breyting eftir 100 klst.
	MPa	við álag 2,0	við álag 3,0	álag við 20°C
Harka	Shore D	Nafnharka framleiðanda ± 3		prófað við 20°C, lesið af eftir 15 sekundur.
Höggþol (fallprufa án skoru)	KJ/m^2	minnst 15		prófsýni fríliggjandi við 0°C.
Höggþol (pendúlprufa með skoru)		ekki brotgjarnt		aðeins krafist varðandi báta með einfaldan bol. 0°C.
Loftrýmd	% af þykkt	hámark 15		í álagshlutum
	% af þykkt	hámark 20		í öðrum hlutum
Togþol á öldruðu efni	J/cm^3	ekki brotgjarnt brotálag minnst 1,0		öldrun samsvarandi 4 ára eðlilegum aldri, prófað við 0°C, prufuhraði $2\text{-}10^{-5}$ %/mín.

7.530. **Efnismál.**

531. Eftirfarandi kröfur varðandi efnismál gilda með þeim skilyrðum, að hraði báta úr lágþyngdarpólýetýlen, PEL, fari ekki yfir 10 hnúta og hraði báta úr meðalþyngdarpólýetýlen, PEM, fari ekki yfir 15 hnúta.

532. Efnisþykkt á ytri skel má ekki vera minni en:

t_y = k s (14 + 3,6 L_m) mm.
k = 1,0 fyrir PEL
0,85 fyrir PEM.
s = millibil styrkinga í metrum.
L_m = mesta lengd bátsins í metrum.

533. Efnisþykkt á innri skel má ekki vera minni en:

t_i = 0,8 t_y mm.
t_y = þykkt á ytri skel.

534. Hverfiframleiddir bátar, skulu gerðir úr minnst k × 45 kg efnismagni. Báturinn skal vera styrktur á þann veg, að kjölur, botn og síður bátsins aflagist ekki það mikið við eðlilegt álag, að notagildi bátsins rýrni.

535. Afturgafl, sem ætlað er að þola álag vegna vélar, skal almennt styrktur í allri sinni breidd. Efnismál, sem byggð eru á raunhæfri prófun með tilbúnu vélarálagi, geta fengist samþykkt.

7.540. **Framleiðslueftirlit.**

541. Við skyndiskoðanir skal athuga framleiðslutíma og hitastig ásamt eðlisþyngd og bræðsluvísitölu hráefnisins.

542. Athuga skal hvort sjáanlegir gallar eru á innsíðu plastsins og samsetningum og mæla skal efnisþykkt á sundurskornum bátum, sjá 7.235.

7.600. **Akrýlnítrilbutadinstýren, ABS og samsvarandi efni.**

7.610. **Framleiðsla.**

611. Kröfur varðandi mótunarhita og plötuþykkt eru ákveðnar fyrir hverja einstaka bátsgerð að lokinni athugun á mótaðri skel.

7.620. **Efniskröfur.**

621. Hráefni skal vera viðurkennt skv. ákvæðum í kafla 12.

622. Efnaprófun skal gerð á plötum með litla innri spennu og litla beygjuhneigð. Við athugun á samdrætti plötunnar, skal prófsýnið hitað upp í 150°C.

623. Efnið skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar:	Kröfur:
Flotspennu við togálag	minnst 30 MPa við 20°C. minnst 18 MPa við 65°C.
Fjaðurstuðull	minnst 1600 MPa við 20°C.
Samdráttur	hámark 1% eftir 100 klst. við 20°C og 7 MPa álag.
Beygjuþreyta	við beygjusveifluna 1% tíðnina 0,5 Hz skal efnið þola 50,000 beygjusveiflur áður en prófsýnið brotnar.
Höggþol ..... (pendúlprufa með skoru)	ekki brotgjarnt við 0°C.
Höggþol ..... (pendúlprufa án skoru á öldruðu efni).	minnst 2,5 kJ/m² eftir öldrun, sem svarar til 4 ára eðlilegum aldri.

624. Ef frauðplast er notað til styrktar, skal það uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar:	Kröfur:
Prýstiþol	0,4 MPa
Skerþol	0,4 MPa.
Togþol samsetningar	límingin í samsetningunni á ekki að brotna.

7.630. **Efnismál.**

631. Eftirfarandi kröfur varðandi efnismál gilda fyrir báta, sem ganga allt að 10 hnútum.

632. Þykkt á ytri skel í botni skal ekki vera minni en:
$t_b = 1,5 + 0,4\ L_m + 0,06V$ mm.
t_b minnst 2,6 mm.

633. Þykkt á ytri skel í síðu skal ekki vera minni en:
$t_s = 1,5 + 0,4\ L_m$ mm.
t_s minnst 2,4 mm.

634. Þykkt á innri skel skal ekki vera minni en:
$t_i = 0,9\ t_s$ mm.
t_i minnst 2,2 mm.

635. Ef ganghraði bátsins er meiri en 10 hnútar, er efnisþykktin metin í hverju einstöku tilfelli, með hliðsjón af fyrirkomulagi styrkinga.

636. Bátar, sem framleiddir eru skv. þessum kröfum, skulu hafa góða langskipsstyrkingu í formi skúffukjalar eða samsvarandi, sem liggur í miðlínu bátsins. Kröfur varðandi frekari styrkingar skal meta í hverju einstöku tilfelli.

637. Afturgafl, sem ætlað er að þola álag vegna vélar, skal almennt styrktur í allri sinni breidd. Efnismál, sem byggð eru á raunhæfri prófun með tilbúnu vélarálagi, geta fengist samþykkt.

638. Styrkingar skulu vera þannig lagaðar, að spenna í efninu verði sem allra minnst.

7.640. **Framleiðslueftirlit.**

641. Við skyndiskoðanir skal athuga flotmörk efnisins bæði fyrir og eftir mótun.

642. Við skyndiskoðanir hjá framleiðanda hráefnisins, skal athuga plötuþykkt, samdrátt efnisins og höggþol með fallandi þunga.

8. ÁLBÁTAR.

8.100. Efni og verklag.
110. Efni.
120. Verklag.

8.200. Samsetningar.
210. Almennt.
220. Suða.
230. Hnoðun.
240. Líming.
250. Aðrar samsetningar.

8.300. Forsendur fyrir efnismálum.
310. Skilgreiningar.
320. Efniseiginleikar.
330. Leiðréttingar á efnismálum.

8.400. Efnismál.
410. Kjölur.
420. Botn.
430. Síða.
440. Þilfar.
450. Styrkingar.
460. Afturgafl.
470. Yfirbygging og reisn.

8.500. Vélarundirstaða og festartæki.
510. Vélarundirstaða.
520. Festing festartækja o. fl.

8. ÁLBÁTAR.

8.100. **Efni og verklag.**

8.110. **Efni.**
111. Efni af eftirgreindum tegundum má nota, en flokk 1 þó aðeins með sérstöku samþykki.

Flokkur 1 Hreinál	dæmi
Skal innihalda:	ISO A1 99,0
minnst 99,0% Ál.	ISO A1 99,5
hámark 0,1% Cu.	AA 1050
hámark 0,5% Fe.	AA 1200
	NS 17005
	NS 17010
	SIS 144007
	SIS 144010

Flokkur 2 Óherðanlegar málmblöndur	dæmi
Skal innihalda:	ISO A1 Mg 2,5
hámark 0,1% Cu.	ISO A1 Mg 4,5 Mn
hámark 0,5% Fe.	AA 5052
flokkur 2 a allt að 3,0% Mg.	AA 5083
flokkur 2 b 2,5 til 5% Mg.	AA 5086
	NS 17210
	NS 17215
	SIS 144120
	SIS 144140

Flokkur 3	Herðanlegar málmblöndur	dæmi
Skal innihalda:		ISO A1 Mg Si
hámark 0,1% Cu.		ISO A1-Si1 Mg
hámark 0,5% Fe.		AA 6005
		AA 6060
		AA 6351
		NS 17310
		NS 17305
		SIS 144104
		SIS 144212

Í töflu 8,1 eru tilgreindir eiginleikar nokkurra áltegunda.

TAFLA 8.1, HREINÁL **Flokkur 1.**

Málmblanda	Ástand	Flotmörk σ 0,2 MPa	Togþol MPa	Brotlenging 5%	Togþol suðu MPa
ISO **A1 99.0**			70	30	70
NS 17005	02	—	70	32	70
NV —					
AA 1200					
SIS 144010	02	25	80	35	80
ISO **A1 99,0**		—	108	5	70
NS 17005	14	92	103—132	5	70
NV —					
AA 1200					
SIS 144010	14	100	130	6	80
ISO **A1 99,0**					
NS 17005	18	128	142	3	70
NV —					
AA 1200					
SIS 144010	18	140	160	3	80
ISO **A1 99,5**		—	54	32	54
NS 17010	02	—	64—98	32	64
NV —					
AA 1050					
SIS 144007	02	30	80	40	70
ISO **A1 99,5**		—	98	4	54
NS 17010	14	88	103—132	5	64
NV —					
AA 1050					
SIS 144007					70
ISO **A1 99,5**					
NS 17010	18	128	142	3	64
NV —					
AA 1050					
SIS 144007	18	160	180	5	70

TAFLA 8.1, SJÓÞOLIÐ ÁL. **Flokkur 2.**

Málmblanda	Ástand	Flotmörk δ 0,2 MPa	Togþol MPa	Brotlenging 5%	Togþol suðu MPa
ISO **A1 Mg 2,5**		64	172	18	172
NS 17210	02	69	177	18	177
NV A1 Mg 2,5		70	175	10	175
AA 5052	0	65	170	19	170
SIS 144120	02	80	200	20	185
ISO **A1 Mg 2,5**		177	235	7	172
NS 17210	34	177	235	6	177
NV A1 Mg 2,5		180	235	5	175
AA 5052	H34	180	235	6	170
SIS 144120	14	180	250	8	185
ISO **A1 Mg 4,5 Mn**		123	275	16	275
SIS 17215	02	123	275	17	275
NV A1 Mg 4,5 Mn		125	280	10	280
AA 5083	0	125	275	16	275
SIS 144140	02	120	300	17	290
ISO A1 Mg 4,5 Mn		262	333	5	275
ISO 17215	32	235	304	10	175
NV A1 Mg 4,5 Mn		270	340	5	270
AA 5083	H323	235	310	10	275
ISO 144140	12	205	310	12	290
Flokkur 3.					
ISO A1 Mg Si					
NS 17310	54	69	128	15	128
NV —					
AA 6063					
SIS 144104	04	70	130	15	130
ISO A1 Mg Si					
NS 17310	56	157	216	12	128
NV					
AA 6063					
SIS 144104	06	170	210	12	130
ISO A1-Si1 Mg		118	191	15	191
NS 17305	54	118	191	15	191
NV A1 Mg Sil		115	200	10	200
AA 6351					
SIS 144212	04	115	205	15	185
ISO A1-Sil Mg		245	184	8	191
NS 17305	56	245	284	8	191
NV A1 Mg Sil		250	310	10	200
AA 6351					
SIS 144212	06	245	290	8	185

112. Ef nota á efni í flokki 1, skal meta sérstaklega tæringarvörn og efnismál.
113. Bátasmiður skal taka fram í leiðbeiningum, sem fylgja bátnum, að ál skemmist, ef það kemst í snertingu við alkalíefni og gróðurverjandi málningu, sem inniheldur blý, kvikasilfur eða kopar.
114. Fyrir suðu skal suðuefni (skv. DIN 1732 bl 1) valið á eftirgreindan hátt:

Flokkur 1	Al 99,5
	Al 99,5 með Ti
Flokkur 2	Al Mg 5
	Al Mg 4,5 Mn
Samsetning úr flokki 1 og 2	Al Mg 3
	Al Mg 5
	Al 99,5
	Al Mg 4,5 Mn
Flokkur 3	Al Mg 5
	Al Mg 4,5 Mn
	(Al Si 5)
Samsetning úr flokki 1 og 3	Al Mg 5
ásamt 2 og 3	Al Mg 4,5 Mn
	(Al Si 5)

115. Efni í hnoðum á að vera úr flokki 2 og má ekki harðna svo að hnoðhaustinn springi. Efnið skal ennfremur valið með tilliti til þess, að smíðaefnið og hnoðin hafi sem næst sömu efnisuppbyggingu.

8.120. **Verklag.**

121. Vinnuaðferðir skulu valdar með tilliti til þess, að vinnsla hafi ekki neikvæð áhrif á efnið og skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda efnisins.
122. Beygja á áli má ekki vera það kröpp, að radius á horni að innan verði minni en sem nemur niðurstöðu, ef beygjustuðull skv. töflu 8,2 er margfaldaður með plötuþykkt, stangarhæð, pípuþvermáli o. s. frv.
Við smíði, þar sem álið er unnið kalt, má nota mýkra efni en reglur segja fyrir um, en þó þannig að heildarstyrkur hlutarins, sem verið er að smíða, verði jafn.

TAFLA 8.2. BEYGJUSTUÐULL

Málmblanda	Ástand	fyrir band og plötu með þykkt í mm						fyrir pípur og stangir
		1,0	1,5	3,0	4,5	6,0	9,0	
Al 99,0	02	0	0	0	0	0	0	
	14	0	0	0	0—1	0—1	0—1	
	18	0,5—1,5	1—2	1,5—3	2—4	2—4	3—5	
Al 99,5	02	0	0	0	0	0	0	1—1,5
	14	0	0	0	0—1	0—1	0—1	2—2,5
	18	0,5—1,5	1—2	1,5—3	2—4	2—4	3—5	3—4
Al Mg 2,5	02	0	0	0	0—1	0—1	0,5—1,5	
	14	0	0—1	0,5—1,5	1—2	1,5—3	2—3	
	18	1—2	1,5—3	2—4	3—5	4—6	4—7	
Al Mg 4,5 Mn	02		0—0,5	0—1	0—1	0,5—1,5	1,5—2	
	32		0,5—1,5	1,5—3	2—3	2,5—3,5		
Al Mg Si	02							1,5—2
	54							2—2,5
	56							2,5—3
Al Si1 Mg	02	0	0	0	0—1	0—1	0,5—2	1,5—2
	54	0—1	0,5—1,5	1—2	1,5—3	2—4	2,5—4	2—2,5
	56	0,5—1,5	1—2	1,5—3	2—4	3—4	3,5—5,5	2,5—3

Varðandi pípur eða stangir gildir taflan fyrir efnisþykktina $\frac{DY}{20}$ eða $\frac{H}{20}$

DY = ytra þvermál á pípum.
H = hæð á stöngum.
Beygjuradíus: R = f t mm þar sem
f = beygjustuðull skv. töflu 8.2
t = efnisþykkt í mm

8.200. **Samsetningar.**

8.210. **Almennt.**

211. Efni og hlutir, sem snerta ál, mega ekki hafa eiginleika, sem tæra álið.

212. Í samsetningum á áli við ál í flokki 1 þar sem efnið skarast, skal hreinsa samsetningarfletina vel og verja gegn tæringu, að öðrum kosti skal samsetningin vera þétt.

213. Í samsetningum á áli við aðra málma, skulu efnin einangruð hvort frá öðru. Í samsetningum við ryðfrítt stál þarf ekki einangrun. Samsetningin skal vera þétt.

214. Í samsetningum á áli í flokki 1 við önnur efni, sem ekki leiða rafstraum, skal samsetningarflötur álsins vera varinn gegn tæringu, að öðrum kosti skal samsetningin vera þétt.

8.220. **Suða.**

221. Ál má sjóða með bæði MIG og TIG-suðu. Með MIG-aðferð á ekki að sjóða þynnra efni en 2 mm og með TIG-aðferð ekki þynnra en 0,7 mm.

222. Punktasuðu má aðeins nota að undangenginni sérstakri athugun á suðuaðferðinni og eftirliti viðkomandi skipasmíðastöðvar með punktasuðuaðferðinni.

223. Samsetningarfúgur skulu vera lagaðar skv. viðurkenndum staðli. Fúgurendurnar skulu ekki hafa ró. Rendur skulu slípaðar.

224. Fúgurendurnar skulu hreinsaðar vel af allri feiti og óhreindinum. Oxíðlagið á að fjarlægja með bursta eða sköfu, minnst 10 mm út fyrir suðufleti. Suðufletir skulu vera þurrir þegar soðið er.

225. Suðuefnið skal vera hreint og þurrt.

226. Suða á hlutum, sem verða fyrir álagi, skal unnin af eða undir stjórn suðumanns, sem hefur iðnréttindi til suðu á viðkomandi eða hliðstæðu efni og suðuaðferð. Suðupróf skv. viðeigandi hluta af ASME (American Society of Mechanical Engineers) eða samsvarandi próf, er tekið gilt.

227. Öll suða skal fara fram í þurru húsnæði við ekki lægri hita en +5°C. Ekki má vera dragsúgur þar sem soðið er.

8.230. **Hnoðun.**

231. Efnismál á hnoðum, millibil hnoða og fjarlægð þeirra frá rönd, skal vera skv. töflu 8.3. Í hnoðuðum samsetningum, sem eru með þrepum, má þó samþykkja önnur mál en tilgreind eru í töflunni.

TAFLA 8.3. HNOÐUN.

Þvermál hnoða	Einskorin samsetning	$t < 1$ mm: $d = 2t + 1$ mm $t > 1$ mm: $d = 3t$ mm	
	Tvískorin samsetning	$t < 3{,}3$ mm : $d = 1{,}2 + 1$ mm $t > 3{,}3$ mm : $d = 1{,}5\ t$ mm	
Millibil hnoða sem verða fyrir álagi	Einföld röð í átaksstefnu	$2{,}5\ d < e < 6\ d$	sjá mynd
	Tvöföld röð í átaksstefnu	$4\ d < e < 7\ d$ $3\ d < e_1 < 5\ d$	sjá mynd
Fjarlægð hnoða frá rönd	I og II í átaksstefnu	$e_2 > 2\ d$ $e_2 > 4\ t_{minnst}$	sjá mynd
Millibil festibolta		$e < 7\ d$ $e < 17\ t_{minnst}$	Minnsta millibil e ræður millibili festibolta

Við útreikning á þvermáli hnoða gildir:
$t = t_{minnst}$ við einskorna samsetningu og
$t = t_i$ eða $t = 2\ t_{y\ minnst}$ við tvískorna samsetningu



232. Vatnsþéttar samsetningar skulu hnoðaðar með minnst tvöfaldri röð hnoða. Millibil hnoða í vatnsþéttum samsetningum má ekki vera meira en 4 sinnum þvermál hnoðanna.
233. Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata fyrir hnoðin, má ekki vera meiri en tilgreint er í eftirfarandi línuriti. Fjarlægja skal alla ró við hnoðgötin.

Mismunur á þvermáli hnoða og þvermáli gata.



Þvermál hnoða í mm

234. Samsetningar skulu hnoðaðar þannig, að samsetningarfletir liggi þétt saman. Dæmi um festingu og röðun hnoða er sýnd á eftirfarandi mynd:



235. Blindhnoð má ekki nota í súð eða þar sem gera má ráð fyrir álagi á samsetninguna.

8.240. **Líming.**

241. Vegna límdra samsetninga, skal leggja fram gögn til staðfestingar á brotþoli, fjaðurþoli, ásamt rif- og höggþoli.

242. Lím skal hafa þá eiginleika, að styrkur samsetningarinnar minnki ekki vegna áhrifa frá hitabreytingum, vatni og öðrum efnum, sem samsetningin kemst í snertingu við.

243. Við límingu skal farið nákvæmlega eftir leiðbeiningum framleiðanda límsins. Sérstaklega skal þess gætt, að límfletirnir séu rétt unnir fyrir límingu.

8.250. **Aðrar samsetningar.**

251. Samsetningar með gegnumgangandi skrúfboltum, skulu hafa sömu mál og hnoðaðar samsetningar. Aðeins er heimilt að hafa skrúfur í samsetningum ofan vatnslínu, sem ekki verða fyrir álagi.

252. Boltar og rær í samsetningum undir vatnslínu, skulu vera úr áli eða sýruheldu stáli, en annars staðar má nota sinkvarið stál.

253. Undir vatnslínu skulu boltar og rær úr sýruheldu stáli einangraðar frá súðinni. Í skrúfuðum samsetningum ofan vatnslínu nægir að hafa þéttiefni á milli laga.

8.300. **Forsendur fyrir efnismálum.**

8.310. **Skilgreiningar.**

311. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

p = þrýstingur á bol í MPa.
t = þykkt á plötum í mm.
V = mesti hraði bátsins í hnútum.
W = mótstöðuvægi í mm^3.
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm.
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm.

8.320. **Efniseiginleikar.**

321. Efnismál báta úr áli eru byggð á eftirgreindum flotmörkum efnisins $\sigma_{0,2}$ = 170 MPa

322. Við ákvörðun á efnismálum bátshluta með soðnar samsetningar, skal nota $\sigma_{0,2}$ viðkomandi efnis í linu ástandi.
Efniseiginleikar tilgreindir í töflu 8.1 og 8.2.

323. Ef soðnar samsetningar eru staðsettar á stöðum sem verða fyrir miklu álagi, má óska eftir prófun á samsetningunni.

324. Í bátshlutum, sem verða fyrir álagi og eru með hnoðaðar samsetningar, skal bátasmiður leggja fram gögn, útreikninga eða prófun frá viðurkenndri rannsóknarstofu, sem staðfesta að styrkur samsetningarinnar sé jafn mikill og styrkur platna, sem krafist er í hlutinn.

8.330. **Leiðréttingar á efnismálum.**

331. Ef notað er ál með aðra eiginleika en tilgreindir eru í 8.321, skal leiðrétta plötuþykkt með stuðlinum f_1:

$$f_1 = \sqrt{\frac{170}{\sigma_{0,2}}}$$ þar sem

$\sigma_{0,2}$ = flotmörk viðkomandi áls, leiðrétt vegna hugsanlegrar suðu.

332. Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykktina með stuðlinum f_2:

$$f_2 = 0,6 + 0,2 \frac{a}{b}$$



333. Ef plata er kúpt, má margfalda þykkt hennar með stuðlinum f_3:

$$f_3 = 1 - 0,8 \frac{f}{s}$$

f_3 minnst 0,85



334. Ef breidd styrkinga, k, er breiðari en 0,1 s, má margfalda plötuþykkt með stuðlinum f_4:

$$f_4 = 1,1 - \frac{k}{s}$$

f_4 minnst 0,7



335. Leiðréttingarstuðullinn f í líkingum varðandi plötuþykktir er:
$f = f_1 f_2 f_3 f_4$
336. Samloka skal metin út frá sömu forsendum og tilgreindar eru í 6.270 og 6.340.
337. Ef notað er ál með aðra eiginleika en tilgreindir eru í 8.321, skal leiðrétta mótstöðujafnvægi með stuðlinum f:

$$f = \frac{170}{\sigma_{0,2}} \text{ þar sem}$$

$\sigma_{0,2}$ = flotmörk viðkomandi áls, leiðrétt vegna hugsanlegrar suðu.

8.400. **Efnismál.**

410. **Kjölur.**
411. Kjölur skal almennt vera stangarkjölur, en að öðrum kosti skal þykkt plötukjalar, af breidd sem er 10 L_m mm mælt út frá miðlínu vera minnst 1,5 sinnum þykktin á plötum í botni.
412. Kjölur, stefni, húfur og aðrir hlutar sem hætt er við sliti, skulu vera þannig lagaðir, að styrkur samsetninga minnki ekki að ráði vegna slits.
413. Kjölur seglbáta er metinn sérstaklega til samþykktar.

8.420. **Botn.**
421. Plötuþykktin skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_b = 0{,}03\ f\ s\ \sqrt{p} \text{ mm}$$

$$t_b = 1{,}0 + 0{,}2\ f_1\ L_m \text{ mm}$$

422. Styrkingar í botni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 1{,}2\ f\ s\ p\ (\frac{1}{100})^2 \text{ mm}^3$
Í mótstöðuvægi má reikna með hluta af botnplötunni að breidd sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

8.430. **Síða.**
431. Plötuþykktin skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_s = 0{,}022\ f\ s\ \sqrt{p} \text{ mm}$$

$$t_s = 0{,}8 + 0{,}2\ f_1\ L_m \text{ mm}$$

432. Styrkingar í síðu skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 1{,}0\ f\ s\ p(\frac{1}{100})^2 \text{ mm}^3$
433. Stefni skal styrkja með hliðsjón af efnismálum kjalar.

8.440. **Þilfar.**
441. Plötuþykktin skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_d = 0{,}024\ f\ s\ \sqrt{p} \text{ mm}$$

$$t_d = 0{,}8 + 0{,}2\ f_1\ L_m \text{ mm}$$

t_d minnst 1,5 mm

442. Styrkingar í þilfari skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 1{,}0\ f\ s\ p\ (\frac{1}{100})^2\ mm^3$

8.450. **Styrkingar.**

451. Hraðgengir bátar skulu bæði hafa langstyrkingar og þverstyrkingar í botni. Bátar, sem ryðja sjó, geta eftir sérstaka athugun fengist samþykktir með þverstyrkingum eingöngu.

452. Breytingar á mótstöðuvægi styrkinga mega ekki vera snöggar. Endar styrkinga skulu annað hvort eyðast út eða tengjast öðrum styrkingum, gafli eða jafngildu.

453. Ef plötuþykktin er meiri en krafist er vegna millibils styrkinga, má leiðrétta mótstöðuvægið skv. eftirfarandi mynd.
Þar sem styrking með mótstöðuvægi W_k er á milli styrkinga með mótstöðuvægi W, skal þykkt á plötu vera skv. líkingunni:



$t_k = t\ (k + 1)$

$k = \frac{t_k - t}{t}$, sjá línurit

t_k = leiðrétt þykkt á plötu.
t = plötuþykkt skv. reglunum.
W = mótstöðuvægi skv. reglunum.
W_k = lægra mótstöðuvægi vegna aukinnar þykktar á plötu.



8.460. **Afturgafl.**

461. Afturgafl, sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, skal vera þannig smíðaður, að álagið dreifist á styrkingar bátsins.

462. Plötuþykkt í afturgafli, sem verður fyrir álagi vegna utanborðs- eða hálfutanborðsvélar, er metin í hverju einstöku tilfelli, en má þó aldrei vera minni en þykkt á plötum í botni. Vegna stórra utanborðs- eða hálfutanborðsvéla, skal styrkja gaflinn með bitum, sem taka við álaginu frá vélinni. Vegna utanborðsvéla, sem eru kraftminni en 7 kW (10 hö) má styrkja afturgaflinn með krossviði.

463. Afturgafl, sem ekki verður fyrir álagi frá vél, skal hafa sömu efnismál og síða.

8.470. **Yfirbygging og reisn.**

471. Yfirbygging og reisn, sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa sömu efnismál og síða.

472. Efnismál á þaki yfirbygginga og reisna, sem verður fyrir álagi vegna umgangs, skulu ekki vera minni en efnismál á þilfari.

8.500. **Vélarundirstaða og festartæki.**

8.510. **Vélarundirstaða.**

511. Innanborðsvélar skulu staðsettar á langböndum, sem ná lengd vélarinnar, þó minnst 0,5 m, fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langböndin skulu hafa nægilegan styrk og tengjast þverstyrkingum.

512. Vélarundirstöður skulu samþykktar í hverju einstöku tilfelli.

8.520. **Festing festartækja o. fl.**

521. Þar sem festartæki eru fest í bol og þilfar, skal setja viðbótarstyrkingar, sem dreifa álaginu á nægilega stórt svæði. Búnað skal festa í viðbótarstyrkingar með gegnumgangandi boltum.

522. Varðandi festingar í hlasskili og undirstöðu siglu á seglbátum, skal farið eftir ákvæðum í 6.800.

9. STÁLBÁTAR

9.100. Vinnuaðstaða.
110. Geymsla.
120. Smíðastaður.
9.200. Efni og verklag.
210. Stál.
220. Skurður á plötum.
230. Rafsuða.
240. Efnismál rafsuða.
250. Smíði bols.
260. Ryðvörn.
9.300. Efnismál.
310. Almennt.
320. Leiðréttingarstuðlar.
330. Efnismál á kili og stefnum.
340. Plötur í botni.
350. Plötur í síðu.

360. Plötur í þilfari.
370. Styrkingar.
380. Afturgafl.
390. Yfirbyggingar, reisnir og viðbótarstyrkingar.

9. STÁLBÁTAR.

9.100. **Vinnuaðstaða.**

9.110. **Geymsla.**

111. Stál, sem nota á til bátasmíða, skal geymt við þannig aðstæður, að tæring verði sem minnst.
112. Rafsuðuþráður skal geymdur á þurrum og hreinum stað.

9.120. **Smíðastaður.**

121. Smíði á hlutum, sem eru mikilvægir fyrir styrk bátsins, skal fara fram á stað, þar sem hiti er ekki lægri en −5°C.
Við rafsuðu í kulda, skal hita suðufúguna áður en soðið er.
122. Við málningarvinnu skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda málningarinnar varðandi hita og raka á vinnustað.

9.200. **Efni og verklag.**

9.210. **Stál.**

211. Stáli, sem nota á í mikilvæga bátshluta, skulu fylgja upplýsingar um eiginleika efnisins frá framleiðanda.
212. Stál til skipasmíða skal ekki hafa lakari eiginleika en sem hér segir:
Flotmörk = σ_f 240 MPa (24 kp/mm^2)
Togþol = σ_s 410 MPa (41 kp/mm^2)
Brotlenging = 22%.

9.220. **Skurður á plötum.**

221. Plötur skulu skornar af þeirri nákvæmni, sem nauðsynleg er til að hægt sé að ná vandaðri rafsuðu.

9.230. **Rafsuða.**

231. Upplýsingar um rafsuðutæki og rafsuðuefni, skal leggja inn til samþykktar.
232. Rafsjóða skal á sem allra heppilegasta hátt og helst skal soðin lárétt suða.
233. Straumstyrkur og rafsuðuefni, skal vera skv. leiðbeiningum framleiðanda rafsuðuefnisins.
Rafsuðuefni skal vera viðurkennt.
234. Suðufleti skal hreinsa vel af allri málningu, ryði, feiti og óhreinindum, áður en rafsoðið er.
235. Ef suðufletir eru grunnmálaðir, skal málningin vera af tegund, sem ekki hefur áhrif á rafsuðuna.
236. Rafsoðið skal á þann veg, að sem allra minnst spenna verði í stálinu og rafsuðunni.
237. Rafsjóða skal innanhúss, ef soðið er með hlífðargasi.
238. Rafsuða skal unnin af eða undir stjórn suðumanns, sem hefur iðnréttindi til rafsuðu á viðkomandi efni eða hliðstæðu efni og suðuaðferð.

9.240. **Efnismál rafsuðu.**

241. Kverkhæð rafsuðu skv. mynd, skal vera sem hér segir:

Plötuþykkt t. mm	a_{minnst} mm
<4,0	2,0
4,0—6,5	2,5
6,5—8,0	3,0
>8,0	3,5



242. Rafsuða á hlutum, sem eru mikilvægir fyrir styrk bátsins, skal vera sem hér segir:

Bitahné, undirstöður o. þ. h	samfelld suða
Vatnsþétt og olíuþétt samskeyti	"
Botnstokkar	"
Undirstöður vélar og búnaðar	"
Kjölur og stefni	"
Kjalbak	keðjusuða
Styrkingar skilrúma	"
Bönd	"

243. Á öðrum samskeytum, en tilgreind eru í 9.242, þar sem ekki er krafist samfelldrar suðu, má keðjusjóða.

244. Við keðjusuðu ákvarðast lengd keðjusporsins og millibil spora, sem hér segir:

Plötuþykkt t mm	Sporlengd l. mm	Millibil e mm
3— 4,5	50	100
5— 6,5	65	130
7— 8,5	75	150
9—10,5	100	200



9.250. **Smíði bols.**

251. Bolur skal þannig smíðaður, að öll vinna við rafsuðu sé vel aðgengileg.

252. Bolur skal þannig hannaður, að vatn geti ekki legið þar sem það gæti valdið tæringu.

253. Styrkingar mega ekki enda þannig á plötufleti, að þær valdi snöggum breytingum á styrkleika.
254. Innsíða á stáli skal vera aðgengileg til skoðunar og umhirðu.

9.260. **Ryðvörn.**

261. Stál skal mála með heppilegri málningu, þannig að mismunandi málningarlög eigi saman og myndi góða ryðvörn.
262. Stál skal mála innan einnar klukkustundar frá því, að það var hreinsað.
263. Við val á efni í hluti, sem eru undir sjólínu, skal gæta þess að fyrirbyggja galvaniska tæringu. Hægt er að krefjast sinkvarnar.

9.300. **Efnismál.**

9.310. **Almennt.**

311. Þar sem hætta er á tæringu, má krefjast ryðvarnar.
312. Efnismál báta, sem eru minni en 5,5 m eru metin sérstaklega.
313. Efnismál báta, sem plana eða báta, sem ganga hraðar en 15 hnúta, eru metin sérstaklega.
314. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
t = plötuþykkt í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm.
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

9.320. **Leiðréttingarstuðlar.**

321. Ef notað er stál, sem hefur betri eiginleika en tilgreint er í 9.212, má minnka efnismál. Efnismál má leiðrétta skv. eftirgreindum leiðréttingarstuðlum, en efnismál mega þó aldrei vera minni en niðurstöður, sem fengnar eru úr líkingum þar sem ekki er reiknað með leiðréttingarstuðlinum f
$f = f_1 f_2 f_3$ fyrir plötur.
322. Ef notað er stál, sem hefur hærri flotmörk en 240 MPa, má margfalda plötuþykktina þar sem f er tekið með í reikninginn með stuðlinum f_1 :

$$f_1 = \sqrt{\frac{240}{\sigma_f}}$$ þar sem

σ_f = flotmörk á viðkomandi stáli.

323. Ef hlutfallið a/b á óstyrktum fleti, þar sem a er lengd lengri hliðar og b lengd styttri hliðar, er minna en 2, má margfalda plötuþykktina þar sem f er tekið með í reikninginn með stuðlinum f_2:

$f_2 = 0{,}6 + 0{,}2\ a/b$



324. Ef plata er kúpt má margfalda plötuþykktina þar sem f er tekið með í reikninginn með stuðlinum f_3:

$$f_3 = 1 - \frac{f}{s}$$

f_3 minnst 0,8



325. Ef notað er stál, sem hefur hærri flotmörk en 240 MPa, má margfalda mótstöðuvægi með eftirgreindum stuðli:

$$f = \frac{240}{\sigma_f}$$ þar sem

σ_f = flotmörk á viðkomandi stáli

9.330. **Efnismál á kili og stefnum.**

331. Mótstöðuvægi á stangarkili skal ekki vera minna en:
$W = 3500\ L_m - 12000\ mm^3$

332. Á bátum, sem ekki hafa stangarkjöl, skal þykkt plötukjalar vera:
$t_k = 1{,}5\ t_b$
t_b = þykkt á plötum í botni.
Breidd plötukjalar skal ekki vera minni en $10\ L_m$ mm. mælt út frá miðlínu bátsins.

333. Fram- og afturstefni skulu almennt hafa sömu efnismál og kjölur.

9.340. **Plötur í botni.**

341. Þykkt á plötum í botni skal haldast í fullri þykkt upp í þá hæð, sem hærri er skv. eftirgreindu:
— upp að húf.
— upp að hleðsluvatnslínu.

342. Þykkt á plötum í botni, skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_b = 0{,}025\ f\ s\ \sqrt{p}\ \ mm$$

$t_b = 1{,}5 + 0{,}2\ L_m$ mm
t_b minnst 3,0 mm

9.350. **Plötur í síðu.**

351. Þykkt á plötum í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_s = 0{,}018\ f\ s\sqrt{p}\ \ mm$$

$t_s = 1{,}0 + 0{,}2\ L_m$ mm
t_s minnst 2,5 mm

9.360. **Plötur í þilfari.**

361. Þykkt á plötum í þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_d = 0{,}020\ f\ s\sqrt{p}\ \ mm$$

$t_d = 1{,}0 + 0{,}2\ L_m$ mm
t_d minnst 2,5 mm.

9.370. **Styrkingar.**

371. Styrkingar í bátum skulu annað hvort vera þverbönd eða langbönd studd af rammaböndum.

372. Bandalaus uppbygging er metin sérstaklega.

373. Mótstöðuvægi banda í botni skal ekki vera minna en:

$$W = 0,9 \; f \; s \; p \; (\frac{l}{100})^2 \; mm^3$$

Í mótstöðuvægi má reikna með hluta af botnplötunni að breidd, sem nemur 20 sinnum plötuþykktinni.

374. Mótstöðuvægi banda í síðu skal ekki vera minna en:

$$W = 0,7 \; f \; s \; p \; (\frac{l}{100})^2 \; mm^3$$

375. Við útreikninga á mótstöðuvægi þverbanda, skal nota 1, sem fengið er skv. eftirgreindu:

$l = l_o - 3f + 0,3R$



376. Bitar skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi á miðri spennilengd en:

$$W = 0,7 \; f \; s \; p \; (\frac{l}{100})^2 \; mm^3$$

9.380. **Afturgafl.**

381. Afturgafl, sem ekki verður fyrir álagi frá vél, skal hafa sömu efnismál og síða.

382. Afturgafl, sem verður fyrir álagi frá utanborðsvél eða hálfutanborðsvél, skal vera þannig uppbyggður, að álagið dreifist á styrkingar bátsins.
Plötuþykkt gaflsins skal ekki vera minni en sú þykkt, sem krafist er í botni.

9.390. **Yfirbyggingar, reisnir og viðbótarstyrkingar.**

391. Yfirbyggingar og reisnir, sem verða fyrir álagi frá sjó, skulu hafa efnismál, sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

392. Við úrtök og op á bol, sem eru stærri en 250 mm, skal setja styrkingar.
393. Plötur undir festartækjum og þesshättar skulu styrktar.

Mótstöðuvægi styrkinga, sem soðnar eru á 4 — 6 mm þykkar plötur.



10. TRÉBÁTAR.

10.100. Almennt.
110. Gildissvið.
120. Skilgreiningar.
130. Smíðaverkstæði.
140. Efnisgeymsla.
10.200. Efni og verklag.
210. Viður.
220. Krossviður.
230. Líming.
240. Laglíming.
250. Seyming.
260. Loftræsting innviða og fúavörn.
10.300. Forsendur fyrir efnismálum.
310. Almennt.
320. Efnisgæði.
330. Leiðréttingar.
10.400. Kjölur og bönd.
410. Kjölur og stefni.
420. Tvöföld bönd.
430. Laglímd bönd.
440. Langbönd.
450. Þverbönd vegna langbanda.
460. Svigabönd.
470. Vélarundirstaða.
480. Stefnishné.
10.500. Súð.
510. Skarsúð.
520. Hampþéttuð súð.
530. Listasúð.
540. Krossviðarsúð.
550. Laglímd súð.
560. Afturgafl.
570. Bjálkasúð og húfsýja.
10.600. Þilfar og yfirbygging.
610. Þilfarsbitar.
620. Stafnband og skutband.
630. Þilfarsþiljur.
640. Krossviðarþilfar.
650. Yfirbygging og reisn.
660. Festing festartækja.

10. TRÉBÁTAR.

10.100. **Almennt.**

10.110. **Gildissvið.**

111. Eftirfarandi reglur gilda um trébáta, sem smíðaðir eru með hefðbundnu lagi.

10.120. **Skilgreiningar.**

121. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:

p = þrýstingur á bol í MPa.
V = mesti hraði bátsins í hnútum.
t = efnisþykkt í mm.
W = mótstöðuvægi í mm^3.
l = spennilengd á böndum, styrkingum og bitum í mm.
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

10.130. **Smíðaverkstæði.**

131. Trébátar skulu smíðaðir í vel loftræstu húsi, þar sem hægt er að halda nægum hita til að rakainnihald viðar aukist ekki meðan á smíði stendur.

132. Trébátar, sem hafa límdan bol, þilfar eða yfirbyggingu, skulu smíðaðir í húsi, þar sem hiti er ekki minni en 10°C meðan á smíði stendur.

10.140. **Efnisgeymsla.**

141. Allur viður til báta skal geymdur á þurrum vel loftræstum stað, þar sem hann er varinn fyrir sól og raka.

142. Viður skal geymdur laupaður, þannig að loft geti leikið um hvert einstakt stykki. Krossviður skal geymdur liggjandi á sléttum fleti.

143. Lím skal geyma skv. leiðbeiningum framleiðanda þess.

144. Rakainnihald viðar má meta út frá loftrakanum í efnisgeymslunni skv. eftirfarandi línurit:



10.200. **Efni og verklag.**

10.210. **Viður.**

211. Allur viður, sem notaður er til smíði báta, skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota.

212. Viður skal vera laus við merg, skordýraskemmdir, rifur, lausa kvisti, útvið, fúagróður o. þ. h., sem rýrir gæði viðarins.

213. Rakainnihald viðar skal ekki vera meira en 20%, þó ekki meira en 15% í viði, sem á að líma.

214. Viður, sem nota á í útsúð, þilfarsþiljur, laglímingu eða svigabönd, skal vera beinvaxinn og spegilskorinn.

10.220. **Krossviður.**

221. Krossviður, sem notaður er í bol báta, skal vera af tegund, sem viðurkennd er til báta skv. B.S. 1088—1966, B.S. 4079—1966 eða samsvarandi staðli.

222. Krossviður skal vera af hæsta gæðaflokki og vera heppilegur til sinna nota.
Þynnur utan á krossviði skulu hafa góða áferð og vera án sjáanlegra galla.

223. Í innréttingar og aðra hluti, sem ekki verða fyrir álagi, má nota krossvið af minni gæðum en tilgreint er í 10.221, en krossviðurinn skal þó vera límdur með veður- og suðuheldu lími, sem prófað er skv. B.S. 1203—1979 eða samsvarandi staðli.

224. Ef samskeyti á krossviðarplötum eru skásniðin, skal skörun samskeytanna ekki vera minni en átta sinnum plötuþykktin.
Ef krossviðurinn er skeyttur saman með laska, skal breidd laskans ekki vera minni en átján sinnum plötuþykktin.

10.230. **Líming.**

231. Lím, skal vera veður- og suðuhelt, skv. B.S. 1204—1979 WBP eða samsvarandi staðli.

232. Alla límfleti skal fella vel saman áður en límt er.
Límfletir skulu vera hreinir og lausir við ryk, feiti eða annað það, sem hefur áhrif á líminguna.

233. Við blöndun á herði í lím, skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda límsins.
Límið skal borið jafnt á, og skulu fletirnir lagðir saman innan þeira tímamarka, sem tilgreind eru í leiðbeiningum framleiðanda límsins.

234. Límdar samsetningar skulu einnig negldar, skrúfaðar eða boltaðar. Við festingu á krossviði skal bilið á milli nagla/skrúfa/bolta ekki vera meira en 10 sinnum þykktin á krossviðarplötunni.

10.240. **Laglíming.**

241. Aðeins er heimilt að laglíma á verkstæði, sem hefur til þess sérstakt samþykki. Verkstæðið skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum verkfærum, svo sem búnaði til að ná upp nægilegum þrýstingi við límingu, tæki til að mæla rakainnihald viðar, vél til blöndunar á lími ásamt öðrum búnaði, sem nauðsynlegur er við límingu.

242. Aðeins skal nota sambærilegar viðartegundir við laglímingu á hverju stykki. Ennfremur skulu allar þynnur, sem límdar eru saman í eitt stykki, hafa sem næst sama rakainnihald.

243. Laglímingarþynnur skulu aldrei vera þykkari en 30 mm.
Við laglímingu á bognum stykkjum, skal þykktin á hverri þynnu vera það mikil, að þynnurnar leggist eðlilega, þannig að góð líming náist.

244. Millibil samskeyta á laglímingarþynnum skal ekki vera minna en:
— 25 t, ef skeytin eru á samliggjandi þynnum.
— 20 t, ef ein þynna er á milli skeytanna.
— 12 t, ef tvær þynnur eru á milli skeytanna.
t = þykkt á laglímingarþynnum.

245. Þrýstingur við límingu skal aldrei vera minni en 0,6 MPa.
Við límingu á harðviði skal þrýstingurinn ekki vera minni en 1,2 MPa. Þrýstinginn skal athuga um það bil 15—30 mínútum eftir að honum er komið á, og hafi hann þá minnkað, skal leiðrétta þrýstinginn.

246. Gæði laglímingar skulu prófuð. Skulu prófsýnin tekin úr viðkomandi stykki, sem verða af þeim sökum að vera sem því nemur lengri. Prófsýni skulu unnin á sama veg og límhluturinn, það er límd við sama þrýsting, hert í jafn langan tíma o. s. frv..

10.250. **Seyming.**

251. Saumur, skrúfur og boltar skulu vera úr ryðfríu efni eða vera heitsinkhúðaðir.
Boltar, rær, skífur, hnoðsaumur og hnoðhringir, sem tengjast saman í festingum, skulu vera í sama gæðaflokki.

252. Undir boltahausum og róm í samsetningum, skal vera skífa með ytra þvermáli, sem er ekki minna en tvisvar sinnum þvermál boltans. Ef boltahaus uppfyllir þessa kröfu, þarf ekki skífu.

253. Við festingu á súð og þilfari, skal nota skrúfur eða nagla, sem eru ekki styttri en:
l = 2,5 t mm fyrir skrúfur
l = 10 + 3,0 t mm fyrir nagla
t = þykkt á súð/þilfari í mm.

254. Skrúfur skulu koma sem næst hornrétt í krossvið.
Krossviður skal boraður með hæfilegum bor fyrir boltum, skrúfum og nöglum til að fyrirbyggja tvískinnung.

10.260. **Loftræsting innviða og fúavörn.**

261. Bátar skulu hafa fullnægjandi loftrás til allra innviða. Sérstaklega skal þes gætt, að loftrás sé greið á bak við eldsneytisgeyma, innréttingar og undir gólfi.

262. Allur viður í lokuðu rými og stykki, sem liggja þétt saman, svo sem tvöföld bönd o. þ. h., skal fúavarið með viðurkenndu fúavarnarefni.

10.300. **Forsendur fyrir efnismálum.**

10.310. **Almennt.**

311. Efnismál báta með þverbönd eru miðuð við að ganghraði bátanna fari ekki yfir 15 hnúta.

312. Efnismál planandi báta eru miðuð við, að bátarnir hafi langbönd í botni.

313. Bátar með langs liggjandi súð, skulu hafa þverbönd.

10.320. **Efnisgæði.**

321. Kröfur um efnismál og mótstöðuvægi eru miðaðar við að eftirgreindir hlutir séu smíðaðir úr viðartegundum, sem ekki vega minna við 15% rakainnihald en sem hér segir:

Tvöföld bönd	
Svigabönd	
Vélarundirstöður	720 kg/m^3

Kjölur Kjalbak Innri kjölur Framstefni Afturstefni Öll hné	640 kg/m³
Súð, önnur en skarsúð Langbönd Laglímd bönd Bjálkasúð Húfsýja Þilfarsbitar Þröm Meginþilja	560 kg/m³
Skarsúð Þilfarsþiljur Þilfarshús	430 kg/m³

322. Báta, sem eru minni en 6 m L_m, má smíða úr viðartegundum, sem vega minna en tilgreint er í 10.321, að því tilskyldu, að viðurinn sé heppilegur til þeirra nota.

10.330. **Leiðréttingar.**

331. Ef rakainnihald viðar er ekki skv. því, sem tilgreint er í 10.321, skal leiðrétta efnismál í réttu hlutfalli:

$$f = \frac{v_r}{v_a}$$

f minnst 0,9
v_r = þyngd viðar skv. töflu í 10.321.
v_a = þyngd viðkomandi viðar.

332. Ef breidd banda er meiri en 0,1 s má margfalda súðarþykktina, þar sem f er tekið með í reikninginn, með eftirgreindum stuðli:
dæmi

$$f = 1{,}1 - \frac{b}{s}$$

f minnst 0,8
b = breidd á böndum
s = millibil banda



10.400. **Kjölur og bönd.**

410. **Kjölur og stefni.**

411. Kjölur og stefni skulu ekki hafa minna mótstöðuvægi en:
$W = 7000\ f\ L_m^2$ mm³ fyrir gegnheilt tré
$W = 5600\ L_m^2$ mm³ fyrir langlímt tré.

Hlutfallið hæð/breidd skal ekki vera minna en 2 og ekki meira en 3.
Ef botnris er mikið, má leiðrétta mótstöðuvægi kjalar með því að margfalda það með stuðlinum:
f = 1,5 − 0,025 ß
f minnst 0,5
mynd



412. Kjölur á helst að vera í einu stykki, en ef því verður ekki við komið, má skeyta kjölinn saman. Samskeytin skulu vera skásniðin og lengd skörunar ekki minni en 5 sinnum hæð kjalarins.
Samskeyti kjalar skal bolta saman með 6 boltum, þremur boltum hvorum megin við miðju kjalar.
Samskeyti kjalar má ekki staðsetja á sama stað og vélarundirstaða endar.



413. Bátar, sem ryðja sjó og eru lengri en 8 m L_m, skulu hafa kjalbak á 0,7 L_m miðskipa með efnismálum, sem hér segir:
b = 12 L_m mm að breidd
h = 10 L_m − 40 mm að hæð
414. Á bátum, sem eru lengri en 6 m L_m, skal festa hvert band við kjöl með skrúfboltum af gildleika, sem er ekki minni en
d = 1,0 L_m mm
Kjalboltar skulu ganga í gegnum kjalbak, botnstokka, innri kjöl og kjöl og skulu settir á víxl hver sínum megin við miðju kjalar.
415. Á bátum, sem eru ≤ 6 m L_m, má skrúfa kjölinn við böndin eða skrúfa böndin við kjölinn. Skrúfurnar skulu vera tvær í hverju bandi og þvermál þeirra ekki minna en 6 mm.
416. Hlasskjölur skal festur við bolinn á fullnægjandi hátt með boltum úr ryðfríu stáli eða öðru samsvarandi efni með hliðsjón af efni hlasskjalar. Fjöldi og gildleiki boltanna skal ákveðinn í hverju einstöku tilfelli með tilliti til þunga og stærðar á kilinum ásamt efnisgæðum festiboltanna.
417. Þykkt á innri kili og breidd hans út frá kilinum, skal ekki vera minni en 1,5 sinnum þykktin á súðinni.
418. Ekki má vera minna af óskertu efni utan við öxulgat í skrúfustefni, eftir að spónfarið hefur verið gert, en sem nemur 3 L_m mm.

10.420. **Tvöföld bönd.**

421. Með tvöföldum böndum er átt við, að tvö bönd séu boltuð saman með samskeytin á víxl.

Ef böndin fremst í bátnum eru það bein, að þau geti verið án samskeyta, mega böndin vera einföld.

422. Mótstöðuvægi hvors bandahluta í botni, skal ekki vera minna upp fyrir húf en:
$1 = e_0 - 3f + 0{,}3R$ mm., sjá mynd.



Hlutfall á milli hæðar og breiddar hvors bandahluta, h/b, skal ekki vera meira en 1,5.

423. Mótstöðuvægi banda í síðu, má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokk, niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægið í botninum.

424. Bandahlutarnir skulu liggja þétt hver við annan og vera festir saman með minnst þremur 10 mm stúfboltum hvorum megin við samskeytin, þó fleiri boltum, ef langt er á milli skeytanna.

425. Samskeyti banda skulu vel felld saman og mega ekki skarast minna en:
$1 = 100 + 100B$ mm.
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

426. Botnstokkar skulu vera af sömu breidd og böndin og hæð botnstokka á kilinum, h_1, ekki minni en:
$h_1 = 1{,}5h$ mm.
h = hæð á böndum í botni í mm.

427. Lengd á botnstokk út frá miðlínu bátsins, skal ekki vera minni en:
$1 = 100 + 100$ B mm.
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.



428. Þegar þverskurður banda fremst og aftast fer að verða mjög tígulmyndaður, þannig að hvassa hornið verður minna en 60°, skulu böndin skeytt á kilinum með botnstokk og snúið á þann veg, að þau komi sem næst hornrétt á súðina.

10.430. **Laglímd bönd.**

431. Mótstöðuvægi laglímdra banda í botni skal ekki vera minna upp fyrir húf en:

$$W = 40\ f s p\ (\frac{l}{100})^2\ mm^3$$

l = sjá 10.422.

432. Mótstöðuvægi bandanna í síðu, má minnka línulega frá húfi upp að þilfari eða borðstokk, niður í 0,5 sinnum mótstöðuvægi í botninum.

433. Hæð bandanna má ekki vera meiri en breiddin.

434. Á bátum þar sem böndin koma heil yfir kjölinn, skal hæð bandanna á kilinum ekki vera minni, en sem nemur hæð á botnstokkum.

435. Hæð botnstokka á kilinum og lengd þeirra út frá miðlínu, skal vera skv. ákvæðum um botnstokka við tvöföld bönd.

10.440. **Langbönd.**

441. Mótstöðuvægi langbanda skal ekki vera minna en:

$$W = 35\ f s p\ (\frac{l}{100})^2\ mm^3$$

442. Mótstöðuvægi langbanda við þröm skal ekki vera minna en 1,3 sinnum mótstöðuvægi skv. 10.441.
Langbönd við þröm skulu ná stafna á milli. Á bátum með lyftiþilfar skal langbandið við lægri þrömina ná stafna á milli.

443. Langbönd skulu hafa stuðning af skilrúmum eða þverböndum.

10.450. **Þverbönd vegna langbanda.**

451. Mótstöðuvægi þverbanda skal ekki vera minna en:

$$W = 30\ f s p\ (\frac{l}{100})^2\ mm^2,\ \text{þar sem}$$

$$s = \frac{l_1\ l_2}{2}\ mm,\ \text{þar sem}$$

l_1 og l_2 er lengd langbandanna fyrir framan og aftan þverbandið.

10.460. **Svigabönd.**

461. Mótstöðuvægi svigabanda skal ekki vera minna en:

$$W = 30\ f\ s\ p\ \left(\frac{l}{100}\right)^2\ mm^3$$

l = sjá 10.422.

462. Ekki má hafa fleiri en þrjú svigabönd á milli hverra mótaðra banda, tvöfaldra eða laglímdra, og skal ekki taka tillit til svigbandanna við ákvörðun á efnismálum mótuðu bandanna.

463. Ef svigabönd eru höfð á milli mótaðra banda má minnka súðarþykktina með því að margfalda hana með stuðlinum:

$$f = 1 - 0{,}5\ \frac{W_{svigar}}{W_{mótuð}} \qquad \text{þar sem}$$

W_{svigar} = summa af mótstöðuvægi svigbanda.
$W_{motuð}$ = mótstöðuvægi mótuðu bandanna.

464. Hæð botnstokka á kilinum og lengd þeirra út frá miðlínu, skal vera skv. ákvæðum um botnstokka við tvöföld bönd.
Ef svigabönd eru heil yfir kjölinn má fella botnstokkana undir böndin, en þá þarf hæð þeirra á kilinum ekki að vera meiri en 0,5 sinnum hæð bandanna í botni.

10.470. **Vélarundirstaða.**

471. Vélar skulu festar á langstykki, sem hvíla á botnstokkum. Efnismál langstykkjanna skulu metin með tillliti til millibils botnstokka og vélarafli viðkomandi vélar.

472. Vélarundirstaða skal tryggilega skorðuð þverskips.

473. Langstykki skulu fest við botnstokka eða gegnum botnstokka og útsúð með skrúfboltum. Boltarnir skulu ekki vera færri né grennri en festiboltar vélarinnar. Gæta skal þess, að hægt sé að herða á festiboltum vélarundirstöðunnar án þess að vél sé fjarlægð.

474. Langstykki skulu ná minnst 500 mm fram fyrir og aftur fyrir vélina.

10.480. **Stefnishné.**

481. Þykkt á hnjám við fram- og afturstefni skal ekki vera minni en þykktin á viðkomandi stefni og kili og lengd á örmum skal ekki vera minni en:
$l = 150 + 40\ L_m$ mm.

482. Stefnishné skal festa við kjöl og stefni með minnst tveimur skrúfboltum af sama gildleika og kjalboltarnir í hvorn arm hnésins.

10.500. **Súð**

10.510. **Skarsúð.**

511. Þykkt skarsúðar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}28\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 1{,}9\ L_m$ mm
t minnst 12 mm.

512. Þykkt rimarborðs á $0{,}5\ L_m$ svæði miðskipa, skal ekki vera minni en sem nemur 1,5 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl skal viðbótarþykktin ná aftur að gaflinum.

513. Súðarsýjur skulu ekki vera breiðari en 200 mm.

514. Súðarsýjur skulu ekki skarast minna en sem nemur 1,5 sinnum þykkt á viðkomandi súð. Þó skal ekki miða við þykkt á rimarborði miðskips.



515. Súðarsýjur skulu hnoðnegldar saman á skörum, og skal millibil hnoðnagla ekki vera meira en 110 mm.
Skarir skulu hnoðnegldar við hvert band, nema þar sem skrúfboltar ganga í gegn til festingar á bjálkasúð og húfsýju.

516. Samskeyti súðar skulu vera stúfsett og fest saman með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin, og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5t$ mm.
t = þykkt á viðkomandi súð.
Sýjuendar skulu hnoðnegldir við klampann. Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta.

10.520. **Hampþéttuð súð.**

521. Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}4\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}2\ L_m$ mm
t minnst 15 mm
Þykkt bjargsýju á $0{,}5\ L_m$ svæði miðskipa, skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl, skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

523. Súðarsýjur skal festa við bönd sem hér segir:
— Við tvöföld bönd og laglímd bönd:
2 naglar eða skrúfur í sýjur 150 mm breiðar eða mjórri.
3 naglar eða skrúfur í sýjur breiðari en 150 mm.
2 naglar eða skrúfur í sýjuenda.
— Við svigabönd:
2 hnoðnaglar.
Þar sem skrúfbolti kemur í bjálkasúð og húfsýju, má vera einum nagla/skrúfu/hnoðnagla minna, en tilgreint er hér að ofan.

524. Samskeyti súðar skulu skarast sem mest og aldrei minna en:
— $600 + 30\ L_m$ mm, ef skeytin eru á samliggjandi sýjum.
— $400 + 20\ L_m$ mm, ef ein sýja er á milli skeyta.
— $200 + 10\ L_m$ mm, ef tvær sýjur eru á milli skeyta.
— Í sama bandabili, ef þrjár sýjur eru á milli skeyta.



525. Samskeyti súðar skulu stúfsett saman, annað hvort á tvöföldu bandi eða með klampa að innan á milli banda. Klampinn skal ekki vera þynnri en súðin og lengdin ekki minni en:
$l = 30 + 5t$ mm.
t = þykkt á viðkomandi súð.
Klampinn skal ná minnst 50 mm upp á næstu sýju ofan við skeytin og jafn langt niður á næstu sýju fyrir neðan. Klampinn skal hnoðnegldur við sýjuendana og ennfremur við næstu sýjur ofan og neðan við skeytin.

10.530. **Listasúð.**

531. Þykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}28\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm.
$t = 2{,}0 + 1{,}9\ L_m$ mm.

532. Þykkt bjargsýju á $0{,}5\ L_m$ svæði miðskipa, skal ekki vera minni en sem nemur 1,2 sinnum þykkt súðar. Á bátum með afturgafl, skal viðbótarþykkt bjargsýju ná aftur að gaflinum.

533. Breidd súðarlistanna á að vera sem næst 1,3 sinnum þykkt súðar. Kjalsýja og bjargsýja mega vera breiðari en súðarlistar, en skulu þó ekki vera breiðari en 200 mm.

534. Kantar á súðarlistum mega vera, hvort heldur sem er, sléttir eða kúptir, en þess skal vandlega gætt, að kantar falli vel saman við límingu.
Sjá ákvæði um hampþéttaða súð varðandi skörun samskeyta og klampa á skeytunum.



10.540. **Krossviðarsúð.**

541. Þykkt krossviðarsúðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}15\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 0{,}8\ L_m$ mm
t minnst 6,0 mm

542. Þykkt krossviðarsúðar í síðu skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}15\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 0{,}8\ L_m$ mm
t minnst 4,0 mm

543. Krossviðarplötur í súð skulu vera eins stórar og mögulegt er.

10.550. **Laglímd súð.**

551. Heildarþykkt súðarinnar skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}15\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 1{,}2\ L_m$ mm
t minnst 4,0 mm

552. Hver súðarþynna skal ekki vera þykkari en 3,5 mm og ekki breiðari en 130 mm.

553. Súðarþynnurnar eiga að mynda um það bil 45° horn við kjölinn og leggjast þannig, að hvert lag komi sem næst hornrétt á næsta lag á undan.

10.560. **Afturgafl.**

561. Þykkt á afturgafli skal ekki vera minni en þykkt súðar.

562. Afturgafl skal tryggilega festur við botn og síður með bandi og hnjám.

563. Afturgafl, sem verður fyrir álagi frá vél, skal styrktur á þann veg, að álagið dreifist á styrkingar bolsins.

10.570. **Bjálkasúð og húfsýja.**

571. Bátar, sem eru lengri en 8 m L_m og eru ekki styrktir með langböndum, skulu hafa bjálkasúð, sem nær stafna á milli og húfsýju á 0,5 L_m miðskipa.
Á bátum með lyftiþilfar skal neðri bjálkasúðin ná stafna á milli.

572. Efnismál bjálkasúðar og húfsýju, skulu ekki vera minni en:
$b = 10 + 11\ L_m$ mm fyrir breidd og
$t = 0{,}3\ b$ mm fyrir þykkt, þar sem
b = breidd viðkomandi bjálkasúðar eða húfsýju.

573. Húfsýja skal staðsett um miðjan húfinn, eða þar sem bein lína frá neðri brún á kili snertir súðina utan á miðbandinu.
Bjálkasúð og húfsýju skal fest með minnst einum skrúfbolta af sama gildleika og kjalboltarnir í hvert band.

10.600. **Þilfar og yfirbygging.**

10.610. **Þilfarsbitar.**

611. Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$$W = 30\ f\ s\ p\ \left(\frac{l}{100}\right)^2 \quad mm^3 \text{ fyrir gegnheilt tré.}$$

$$W = 25\ f\ s\ p\ \left(\frac{l}{100}\right)^2 \quad mm^3 \text{ fyrir laglímt tré.}$$

612. Bitabugða skal ekki vera minni en sem nemur 22 mm fyrir hvern metra af breidd bátsins.

613. Hver þilfarsbiti skal almennt festur við þverband. Þó er heimilt að festa þilfarsbitum við þilfarshillu eða aðra langskipsstyrkingu á milli þverbanda.

614. Þilfarsbitar, sem verða fyrir álagi frá yfirbyggingu, siglu, vindu og þess háttar, skulu hafa stuðning af stoð eða skilrúmi.

615. Þykkt á bitahnjám skal ekki vera minni en 0,75 sinnum hæð þilfarsbitans og lengd armanna ekki minni en:
$l = 200 + 40B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

616. Bitahnéi skal fest við þilfarsbita og bönd með minnst tveimur skrúfboltum í hvorn arm hnésins.

10.620. **Stafnband og skutband.**

621. Allir bátar skulu hafa stafnband og skutband, sem felld eru á böndin.

622. Lengd arma á stafnbandi og skutbandi, skal ekki vera minni en:
$l = 300 + 20B$ mm
B = mesta breidd á bol bátsins í metrum.

623. Stafnbandi og skutbandi skal fest með minnst fimm skrúfboltum og skal miðboltinn ganga í gegnum stefnið, en hinir boltarnir út í gegnum bönd og súð. Á bátum með langbönd, má líma og skrúfa stafn- og skutbandið við þramarlangbandið.

10.630. **Þilfarsþiljur.**

631. Þykkt á þilfarsþiljum skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}25\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm.
$t = 2{,}0 + 2{,}0\ L_m$ mm
t minnst 12 mm, ef þiljurnar eru saman límdar, en:
$t = 0{,}0005\ f\ s^2\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}5\ L_m$ mm
t minnst 15 mm, ef þiljurnar eru ekki saman límdar.

632. Þilfarsþiljur skulu ekki vera breiðari en 130 mm. Ef þiljur eru límdar saman, skulu þær ekki vera breiðari en 80 mm.

633. Þilfarsþiljur skal festa í hvern þilfarsbita, sem hér segir:
— 1 nagla eða skrúfu í þiljur 80 mm breiðar eða mjórri.
— 2 nagla eða skrúfur í þiljur breiðari en 80 mm.
Þiljuendar skulu festir á sama veg.
Nagla- og skrúfuhausum skal hleypt niður um 0,3 sinnum þykkt þiljanna og tappað yfir.

634. Samskeyti á þilfari skulu skarast sem mest og aldrei minna en sem hér segir:
— Tvö bitabil, ef skeytin eru á samliggjandi þiljum.
— Eitt bitabil, ef ein þilja er á milli skeytanna.
— Á sama þilfarsbita, ef þrjár þiljur eru á milli skeyta.
Samskeyti skulu staðsett á þilfarsbita og vera stúfsett, ef því verður við komið.

635. Utan við þilfarsþiljur skal vera þröm, sem er ekki þynnri en þilfarsþiljurnar og minnst 160 mm á breidd.
Þröminni skal fest á sama veg og þilfarsþiljunum.

10.640. **Krossviðarþilfar.**

641. Þykkt á krossviðarþilfari skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:
$t = 0{,}25\ f\ s\ \sqrt{p}$ mm
$t = 2{,}0 + 2{,}0\ L_m$ mm
t minnst 12 mm

642. Krossviðarþilfar skal lagt í eins stórum plötum og mögulegt er.

643. Samskeyti á þilfarsplötum skulu ekki vera í beinu framhaldi af samskeytum á plötum í síðu, ekki á þilfarsbita, sem er við enda á opi í þilfarinu né undir vindu, siglu eða öðru, sem veldur álagi.

644. Ef krossviðarþilfar er húðað með trefjaplasti, skal aðeins líta á trefjaplastið sem hlíf, en ekki taka tillit til þess við ákvörðun á þykkt krossviðarins.
Öll vinna með trefjaplast skal fara fram skv. ákvæðum í kafla 6.

10.650. **Yfirbygging og reisn.**

651. Yfirbygging og reisn, sem verður fyrir álagi frá sjó, skal hafa efnismál, sem reiknuð eru skv. líkingu fyrir efnismál síðu.

652. Efnismál yfirbyggingar og reisnar skulu að öðru leyti metin með hliðsjón af lágmarks álagi.

653. Yfirbyggingar og reisnir skulu festar tryggilega við þilfarsbita eða bol bátsins með skrúfboltum eða límí og skrúfum.
Ennfremur skal þakbitum fest við styrkingar í hliðum með hnjám eða á annan fullnægjandi hátt.

654. Við op í þilfari skal setja strengbolta sem næst 800 mm frá endum opsins með hámark 800 mm millibili.

10.660. **Festing festartækja.**

661. Festartæki, vindur o. þ. h. skal festa í þilfarsbita með skrúfboltum.

MÓTSTÖÐUVÆGI W.

W = ⅙ bh², þar sem
b = breidd í mm og
h = hæð í mm



11. BÁTAR ÚR JÁRNBENTRI STEINSTEYPU.

11.100. Húsnæði, efni og verklag.
110. Aðstaða við smíði.
120. Efni.
130. Smíði.
140. Hersla.
11.200. Efnismál.
210. Almennt.
220. Útsúð og þilfar.
230. Bönd.
240. Aðrar styrkingar.
250. Styrkingar á þilfari.

11. BÁTAR ÚR JÁRNBENTRI STEINSTEYPU.

11.100. **Húsnæði, efni og verklag.**

11.110. **Aðstaða við smíði.**

111. Öll aðstaða við smíði báta og geymslu á hráefni, skal vera á þann veg, að smíði og hersla fari fram við fullnægjandi skilyrði.

112. Hráefni skal geymt á þurrum og hreinum stað.

113. Hiti á smíðastað skal vera á bilinu +10°C til +30°C. Raki má ekki vera minni en 50%.

114. Smíðastaður skal vera í skjóli fyrir vindi og sólskini.

11.120. **Efni.**

121. Sandur skal vera af gæðum og samansetningu, sem heppileg er til notkunar í steypu. Línurit yfir kornastærð skal leggja inn til samþykktar.

122. Sement skal vera eins ferskt og mögulegt er og uppfylla staðal fyrir portlandssement.

123. Vatn skal vera drykkjarhæft.

124. Hægt er að krefjast sérstakra viðbótarefna, ef það er talið nauðsynlegt, vegna smíðaaðferðar eða járnabindingar.

125. Steypustyrktarjárn og net má vera eftir eigin vali, að því tilskyldu, að styrkur steypunnar reynist fullnægjandi og steypustyrkingin sé nægilega stíf til að þola það álag, sem hún verður fyrir, þegar steypt er.

126. Þrýstiþol steypunnar, σt, skal ekki vera minna en 35 MPa. Umreikning á þrýstiþoli frá mælingu við teningsprufu, σtt, og sívalningsprufu, σts, má gera með líkingunni:
σt = 0,85 σts = 0,68 σtt.

127. Beygjubrotþol járnbentu steypunnar við 0,01—0,02 mm sprunguvídd, skal ekki vera minna en 20 MPa. Brotspenna skal ekki vera minni en 25 MPa. Steypuþykkt og mótstöðuvægi má leiðrétta með:

$$f_1 = \sqrt{\frac{20}{\sigma_{bspr}}}$$ vegna steypuþykktar og

$$f_2 = \frac{20}{\sigma_{bspr}}$$ vegna mótstöðuvægis,

þar sem σbspr er beygjubrotspenna við beygju fyrir viðkomandi steypuplötugerð.

11.130. **Smíði.**

131. Steypuaðferð og uppbygging styrkinga skal samþykkt í hverju einstöku tilfelli með tilliti til viðkomandi smíðaaðferðar. Sýna skal fram á að steypan sé gegnheil og án holrúma.

132. Styrkingin skal unnin á þann veg, að einstakir hlutar hennar færist ekki úr stað, þegar steypan er borin á. Ekki mega vera snöggar breytingar á styrkingunni, sem hafa áhrif á styrk bátsins. Styrkingin skal liggja langs í steypunni og má ekki hafa stefnufrávik, sem geta valdið sprungum hornrétt á steypuflötinni.

133. Þyngdarhlutfall á milli sements og sands ,c/s, skal vera á milli 0,4 og 0,6. Þyngdarhlutfall á milli vatns og sements, v/c, skal vera eins lítið og mögulegt er og aldrei meira en 0,4. Steypuna skal hræra þannig, að efni hennar blandist vel saman og skal hiti steypunnar vera á bilinu +10 til +30°C.

134. Lokið skal við að steypa innan 1½ klst. frá því að vatnið er sett saman við lögunina og skal þess gætt, að steypan sé vel þjöppuð saman. Almennt skal ekki nota víbrator.

135. Bátinn á að steypa upp að fullu í samfelldri vinnu. Ef bátar eru steyptir í hlutum, skal sýna fram á, að viðkomandi aðferð gefi fullnægjandi eiginleika.

136. Þegar bátur hefur verið steyptur skal vera 2 mm jafnþykk steypuhúð utan á styrkingunni. Ef húðin utan á styrkingunni er þynnri en 2 mm, skal bera á steypuna fullnægjandi ryðvörn.

11.140. **Hersla.**

141. Meðan steypan er að stirðna, skal raki í loftinu umhverfis steypuna vera eins mikill og mögulegt er, en ekki má bleyta steypuna beint með vatni. Smíðahluturinn skal vera í skjóli fyrir vindi og sólskini og ekki má færa hlutinn til meðan á herslu stendur.
Steypunni skal ekki ætlaður skemmri tími til að stirðna en:

Tegund af sementi	Vatnshersla klst.	Gufuhersla klst.
Hraðharðnandi	8	3
Venjulegt	12	5
Brennisteinsþolið	12	5

Hersla skal byrja um leið og stirðnun er lokið.

142. Vatnshersla má ekki taka skemmri tíma en:
— 28 sólarhringa fyrir venjulegt sement og brennisteinsþolið portlandssement.
— 14 sólarhringa fyrir hraðharðnandi portlandssement.
Meðan á herslu stendur skal halda smíðahlutum vel rökum, annað hvort með því að sprauta á þá vatni reglulega eða með stöðugri úðun. Vatnið skal ekki vera kaldara en 10°C.

143. Við gufuherslu skal smíðhluturinn vera allur undir plasttjaldi eða samsvarandi sem fyllt er rakri lágþrýstri gufu. Gæta skal þess, að aðstæður við hersluna séu hinar sömu við allan smíðahlutinn. Gufan skal vera sem næst jafn mikil allan herslutímann. Hitastig má ekki hækka eða lækka á skemmri tíma en:
$A = C = (t - t_0)/10$ klst,
t = hiti gufunnar við smíðahlutinn.
t_0 = hiti gufunnar við byrjun og lok herslu.
Hiti skal vera innan þeirra marka, sem tilgreind eru á myndinni.



Hersla við stöðugan hita á bilinu 65 til 75°C, skal ekki taka skemmri tíma en 6 klst. Ekki er heimilt að snögghita eða yfirhita einstaka hluta smíðahlutarins.

144. Smíðahlutinn má ekki flytja til, né heldur má hann verða fyrir álagi, fyrr en 12 klst. eftir að steypan er orðin hörð.

145. Ekki má byrja að slípa ójöfnur á steypunni fyrr en sjö sólarhringum eftir að vatnshersla hefst eða gufuherslu lýkur. Við slípingu skal þess gætt, að steypuhúðin utan á styrkingunni verði ekki þynnri en kröfur reglnanna segja fyrir um. Ef steyðuhúðin verður of þunn, skal hreinsa flötinn vel og bera á hann epoxi.

11.200. **Efnismál.**

11.210. **Almennt.**

211. Eftirgreindar kröfur varðandi efnismál gilda fyrir báta, sem smíðaðir eru með hefðbundinni steypustyrkingu og steypuaðferð. Efnismál á hlutum, sem smíðaðir eru úr trefjastyrktri steypu eða strengjasteypu, skulu metnir í hverju einstöku tilfelli. Nauðsynlegar upplýsingar, útreikninga og niðurstöður prófana skal leggja inn til samþykktar.

212. Þykkt útsúðar á kúptum fleti má leiðrétta með því að margfalda þykktina með stuðlinum:

$$f = \left(1 - \frac{f1 + f2}{2S_1}\right)\left(1 - \frac{f3 + f4}{2S_2}\right)$$

f minnst 0,7

S og f er mælt eins og sýnt er á myndinni



213. Þar sem ekki er annað tilgreint, gilda eftirgreind tákn:
p = þrýstingur á bol í MPa
t = þykkt steypunnar í mm
W = mótstöðuvægi í mm^3
l = spennilengd banda, styrkinga og bita í mm.
s = millibil banda, styrkinga og bita í mm, mælt miðju á miðju.

11.220. **Útsúð og þilfar.**

221. Þykkt á útsúð í botni, skal haldast í fullri þykkt upp í þá hæð, sem hærri er skv. eftirgreindu:
— upp að hleðsluvatnslínu
— upp að húf
Þykkt súðar í botni skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_b = 0,14\ f_1\ f\ s\ \sqrt{p} \quad mm$$

$$t_b\ 15 + 1,0\ f_1\ L_m \quad mm$$

f_1 = leiðréttingarstuðull skv. 11.127.
f = leiðréttingarstuðull skv. 11.212.

222. Efnisþykkt síðu skal, þegar tekið er tillit til leiðréttinga vegna kúpu, ekki vera minni en sú þykkt sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_s = 0,12\ f_1\ f\ s\ \sqrt{p} \quad mm$$

$$t_s = 12 + 0,8\ f_1\ L_m \quad mm$$

223. Þykkt á þilfari skal ekki vera minni en sú þykkt, sem ákvarðast hærri úr eftirfarandi líkingum:

$$t_d = 0,13\ f,\ f\ s\ \sqrt{p} \quad mm.$$

$$t_d = 14 + 0,8\ f_1\ L_m \quad mm$$

11.230. **Bönd.**

231. Steinsteyptir bátar skulu styrktir með þverböndum, ef járnabinding steypunnar í bolnum liggur að verulegu leyti langskips.

232. Í bátum með þverbönd, skal mótstöðuvægi bandanna upp fyrir húf ekki vera minna en:
$W = 18\ f_2\ s\ p\ (\frac{l}{100})^2\ mm^3$
f_2 = leiðréttingarstuðull skv. 11.127.
Ofan við húfinn má minnka mótstöðuvægi bandanna niður í 60% af kröfum um botnbönd.

11.240. **Aðrar styrkingar.**

241. Efnismál banda eru ákveðin með tilliti til þess, að kjölur bátsins sé stífur. Af þeim sökum skal báturinn annað hvort hafa stangarkjöl eða kjalbak, sem gerir kjölinn nægilega stífan. Þverbönd skulu tengd saman með botnstokkum.

242. Vélarundirstaða skal hafa nægan styrk með tilliti til vélarstærðar. Vélarundirstaðan skal skorðuð af bæði langskips og þverskips. Járnabinding og vélarfestiboltar, sem steyptir eru fastir í vélarundirstöðuna, skulu tengdir á fullnægjandi hátt við járnabindingu í nærliggjandi botnstokkum og langskipsstyrkingum.

11.250. **Styrkingar á þilfari.**

251. Bátar með þverbönd skulu hafa þverbita undir þilfari á hverju bandi.

252. Mótstöðuvægi þilfarsbita skal ekki vera minna en:

$W = 14\ f_2\ s\ p\ (\frac{l}{100})^2\ mm^3$

l = spennilengd bitans í mm, mælt frá útsúð að miðjum langbita eða á milli langbita, miðju á miðju.



253. Tenging þilfarsbita við band, skal vera vel aflíðandi bogin. Radíus tengingarinnar skal ekki vera minni en:

R = 1,5 h mm

h = sú hæð, sem hærri er af h_1 og h_2, sjá mynd í 11.252, mælt í mm.

12. HRÁEFNI TIL BÁTA.

12.100. Viðurkenningarmáti.
110. Almennt.
120. Upplýsingar.
130. Rannsóknir.
140. Skyndiskoðanir.
150. Afhending og merking.
12.200. Glertrefjar.
210. Efnasamsetning.
220. Eiginleikar.
12.300. Pólýester.
310. Pólýester í trefjaplast.
320. Slithúð.
12.400. Efni í kjarna.
410. Eiginleikar.
12.500. Bindiefni í samloku.
510. Eiginleikar.
12.600. Pólýetýlen og ABS.
610. Almennt.
620. Eiginleikar og upplýsingar.
630. Viðbótarkröfur varðandi plötur.

12. HRÁEFNI TIL BÁTA.

12.100. **Viðurkenningarmáti.**

12.110. **Almennt.**

111. Viðurkenning á hráefni til bátasmíða er veitt, þegar rannsóknir á efninu hafa sýnt, að það uppfyllir kröfur í reglum og þegar fyrirkomulag framleiðanda við gæðaeftirlitið hefur verið samþykkt.

112. Viðurkenning gildir í fimm ár. Að þeim tíma liðnum, getur framleiðandi sótt um endurnýjun á viðurkenningu. Almennt er slík umsókn afgreidd með skyndiskoðun.

113. Við samþykkt á gæðaeftirliti framleiðanda er fylgst nákvæmlega með framleiðslu á efnunum.

114. Ef framleiðandi gerir breytingar á framleiðslunni meðan á viðurkenningartímabilinu stendur, skal tilkynna slíkar breytingar þeim aðila, sem hefur eftirlit með framleiðslunni. Er þá hægt að krefjast nýrrar rannsóknar á efninu.

12.120. **Upplýsingar.**

121. Vegna umsóknar um samþykki, skal framleiðandi leggja inn upplýsingar varðandi framleiðsluna.

122. Í upplýsingum, skal vera skilgreining á þeim eiginleikum efnisins, sem reglur gera kröfur til. Auk þess skulu fylgja almennar upplýsingar, þar sem tilgreindir eru þeir efniseiginleikar, sem óskast samþykktir.

123. Leiðbeiningar varðandi gæðaeftirlit skulu lagðar inn til samþykktar. Í leiðbeiningum skulu tilgreindir allir þættir framleiðslunnar svo sem:
— eftirlit með hráefni.
— rannsóknartæki, rannsóknaraðferðir og tilvísun til staðla.
— merkingakerfi.

12.130. **Rannsóknir.**

131. Ef innsendar upplýsingar eru metnar fullnægjandi, er efni rannsakað. Mismunandi eiginleika hvers efnis geta fallið undir rannsóknina. Alla eiginleika skal skrásetja.

132. Rannsaka skal þá eiginleika efnisins, sem reglur gera kröfur til.

133. Með sérstöku samþykki má nota aðrar staðlaðar rannsóknaraðferðir, en þær sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi efni.

12.140. **Skyndiskoðanir.**

141. Skyndiskoðanir á gæðaeftirliti framleiðanda skal ákveða, þegar efnið er samþykkt, en almennt skal skoðað fjórum sinnum á ári.

142. Skýrslur vegna rannsókna á efninu skulu ætíð vera til staðar hjá framleiðanda til athugunar fyrir skoðunarmenn og skulu þar greinilega koma fram þær niðurstöður, sem fengist hafa við rannsóknir framleiðandans.

12.150. **Afhending og merking.**

151. Framleiðandi skal sjá til þess, að rannsókn fari fram á efni hverrar sendingar, sem frá honum fer. Við rannsóknirnar skal efnið uppfylla þær kröfur, sem merktar eru með x á lista varðandi viðkomandi efni. Skrásetja skal mæligildi og skulu þau vera aðgengileg við skyndiskoðun.

152. Hver sending skal merkt með tegundarmerki ásamt eftirgreindri áletrun:
Samþykkt skv. Norðurlandareglum af: ....
Viðurkenningarskírteini nr. ....

12.200. **Glertrefjar.**

12.210. **Efnasamsetning.**

211. Glertrefjaefni skal vera af E-gerð, þar sem samanlagt innihald af Na_2O og K_2O er minna en 1%. Lagt skal fram vottorð, sem staðfestir efnasamsetningu eða framkvæmd efnarannsókn, sem sýnir fram á, að kröfum til E-glers sé fullnægt (SiO_2 52—56%, CaO 16—25%, Al_2O_3 12—16%, $Na_2O + K_2O$ 0—1%, B_2O_3 6—12% og MgO 0—6%)

212. Glertrefjar með annarri efnasamsetningu en tilgreint er í 12.211 má samþykkja, að því tilskyldu, að styrkur trefjanna og vatnsþol sé jafn gott eða betra.

213. Bindiefni glertrefjanna má vera úr sílanblöndu eða samsettri krómblöndu.

12.220. **Eiginleikar.**

221. Glertrefjar skulu framleiddar í samfelldum trefjum og vera prófaðar í því formi, sem efnið fer frá framleiðanda.

222. Þráð, sem nota á til sprautunar, skal prófa í viðurvist skoðunarmanns til staðfestingar á því, að þráðurinn sé heppilegur til sprautunar.

223. Glertrefjar skulu uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar X Kröfur við afhendingu	
Rakainnihald	ISO 3344—1977	Hámark 0,2%	X
Glóðartap	ISO 1887—1980	Nafntap framleiðanda Hámarksþol er ákveðið í hverju einstöku tilfelli	
Þungi flatar- eða lengdareiningar	Þráður: ISO/R 1889—1975 Ofin motta: ISO 4605—1978 Óofin motta: ISO/DIS 3374	Nafnþungi framleiðanda +/−10%	X

12.300. **Pólýester.**

12.310. **Pólýester í trefjaplast.**

311. Samþykkt á pólýester er skipt í tvo gæðaflokka.
Flokkur 1: Mjög vatnsþolinn pólýester.
Flokkur 2: Minna vatnsþolinn pólýester.

312. Pólýesterinn skal bæði vera heppilegur til handlagningar og sprautunar. Hann skal væta glertrefjarnar vel og harðna nægilega við eðlilegan stofuhita. Pólýester til annarra framleiðsluaðferða má samþykkja að undangenginni sérstakri athugun.

313. Pólýester í fljótandi formi skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar X Kröfur við afhendingu
Eðlisþyngd	ISO 1675—1975	Nafnþungi framleiðanda
Seigja	1. Brookfield: ISO 2555—1974	Nafnseigja framleiðanda +/−20% X
	2. Kon og Plate: ISO 2884—1974	
Sýrumagn	ISO 2114—1974	Nafnmagn framleiðanda +/−10% X
Einliðuinnihald	ISO 3251—1974	Nafninnihald framleiðanda +/−5% X
Innihald ólífrænna efna	DIN 16945—1976 Blatt 1, 4.10	Hámark 5%. Meira innihald má samþykkja að undangenginni sérstakri athugun
Stirðnunartími	ISO 2535—1974 eða samsvarandi	Nafntími framleiðanda +/−20% X
Línulegur samdráttur við hörðnun	ASTM D 2566—79	Nafnsamdráttur framleiðanda

314. Harður pólýester skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar	
		Flokkur 1	Flokkur 2
Eðlisþyngd		Nafnþyngd framleiðanda	
Harka	ASTM D 2583—81	Minnst 35	Minnst 35
Mýkingarpunktur	ISO 75—1974 Aðferð A	Minnst 75°C	Minnst 62°C
Vatnsdrægni	ISO 62—1980 Prófsýni 50×50×4 mm (+1X1X0,2) Tilbúið saltvatn skv. DIN 50905 Á kafi í 28 sólarhringa	Hámark 80 mg	Hámark 100 mg
Togþol		Min. 45 MPa	Min 45 MPa
Fjaðurstuðull	ISO/R 527—1966	Min. 3000 MPa	Min. 3000 MPa
Brotlenging		Minnst 2,0%	Minnst 1,5%

Ef ekki er annað tekið fram, skal pólýesterinn hertur á eftirgreindan hátt:
— 1% MEKP í 50% upplausn.
— hert í 24 klst. við 20°C
— eftirhersla minnst 24 klst. við 50°C.

315. Pólýester, sem inniheldur vax eða önnur efni, sem valda því að pólýesterinn bindur sig ver við hart trefjaplast en ella, skal prófa á eftirgreindan hátt:

Undirbúningur:
Leggja skal þrjár 450 g/m^2 vökvabundnar mottur, húða þær vel með pólýester og láta harðna í 48 klst. við 20°C.
Leggja á prufuplötuna þrjár 450 g/m^2 mottur án þess að vinna flötinn nokkuð undir. Láta þetta harðna í minnst 7 sólarhringa við 20°C.

Prófun:
Togprófun skal framkvæma hornrétt á flöt trefjaplastsins skv. ASTMD C 297. Brotspennan skal ekki vera minni en 9 MPa. Í brotinu mega ekki vera sléttir fletir eða önnur merki um að viðloðun á milli laga hafi verið slæm.

12.320. **Slithúð.**

321. Slithúð skal framleidd úr pólýester, sem uppfyllir kröfur í 12.310. flokki 1.

322. Slithúð má ekki innihalda meira en 10% af litarefnum og öðrum fylliefnum og þekja nægilega með 0,5 mm þykkt.

12.400 **Efni í kjarna.**

12.410. **Eiginleikar.**

411. Viðurkenning á efni í kjarna er skipt í tvo flokka:
Flokkur 1: Gæðakröfur varðandi kjarna í bol.
Flokkur 2: Gæðakröfur varðandi kjarna í hluti, sem gera má minni kröfur til, en gerðar eru til bols.

412. Efni í kjarna skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar X Kröfur við afhendingu Flokkur 1	Flokkur 2	
Togþol	ASTM C 297—61 [1)][2)]	Minnst 0,8 MPa	Minnst 0,6 MPa	
Togfjaðurstuðull		Minnst 30 MPa	Minnst 20 MPa	
Þrýstiþol	ISO 844—1978 [1)][2)][4)] 23°C	Minnst 0,7 MPa	Minnst 0,4 MPa	X
Þrýstifjaðurstuðull		Minnst 30 MPa	Minnst 20 MPa	
Þrýstiþol	ISO 844—1978	Minnst 50% af niður-	Minnst 50% af niður-	
Þrýstifjaðurstuðull	[1)][2)][4)] 45°C	stöðu v/23°C	stöðu v/23°C	
Skerþol	ISO 1922—1981 [3)][4)]	Minnst 0,3 MPa	Minnst 0,2 MPa	
Skerstuðull		Minnst 12 MPa	Minnst 9 MPa	
Vatnsdrægni	ASTM C 272—532) v/40°C í 7 sólarhringa í salt- vatni skv. DIN 50905	Hámark 1,5 kg/m²	Hámark 1,5 kg/m²	
Vatnsmótstaða	Tog- og þrýstiþol eftir 28 sólarhringa í saltvatni skv. DIN 50905 við 40°C2)	Minnst 75%	Minnst 70%	
Eðlisþyngd kg/m³	ASTM C 271—61 stærð á prófsýni hámark 1000 × 1000 × þykkt	Nafnþyngd framleiðanda +15%—0%	Nafnþyngd framleiðanda +15%—0%	X
Sýruvísitala	ASTM D 2863	Skal tilgreina	Skal tilgreina	
Stýrenþol	ISO 175—1981	Þol	Þol	

1) Hámarks hraði breytinga í millimetrum á mínútu er 10% af upprunalega mældri þykkt.
2) Efnismál á prófsýni 50 × 50 × þykktin mm.
3) Kjarnaefnið prófast bæði með og án langs liggjandi samskeyta. Samskeyti skulu vera í miðju prófsýninu og liggja samsíða undirstöðum, jafn langt frá hvorri undirstöðu. Prófun á stykki án samskeyta er ekki nauðsynleg.
4) Prófun skal gerð með trefjaplasts- eða pólýestershúð sem styrkingu.

12.500. **Bindiefni í samloku.**

12.510. **Eiginleikar.**

511. Óhert efni skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferð	Kröfur vegna samþykktar X Kröfur við afhendingu	
Seigja	ASTM D 1084—81 aðferð B (fyrir frítt fljótandi bindiefni)	Nafnseigja framleiðanda	X
Línulegur samdráttur við hörðnun	ASTM D 2566—79	Nafnsamdráttur framleiðanda	

Kröfur varðandi samdrátt við hörðnun, gilda aðeins fyrir fúgufyllandi efni.

512. Hert efni í samskeyti skal uppfylla eftirgreindar kröfur:

Eiginleikar	Rannsóknaraðferðir	Kröfur vegna samþykktar Flokkur 1	Flokkur 2
Togþol	ASTM C 297—61 (prófun 50×50 mm, hraði 1 mm/mín.)		
	Við 20°C	Minnst 1,0 MPa	Minnst 0,8 MPa
	Við 50°C	Minnst 80% af niðurstöðu við 20°C	Minnst 80% af niðurstöðu við 20°C
Skerþol	ISO 1922—1981 (20°C)	Minnst 0,4 MPa	Minnst 0,3 MPa
Vatnsdrægni	28 sólarhringa niðursökkt í tilbúnu saltvatni skv. DIN 50905 við 40°C. Togþol skv. ASTM C 297—61 Prófun 50 × 50 mm hraði 1 mm/mín við 20°C	Minnst 80% af upprunalegri niðurstöðu	Minnst 80% af upprunalegri niðurstöðu

Prófsýni skulu hert skv. fyrirmælum framleiðanda.
Gefa skal nákvæma lýsingu á því, hvernig yfirborð prófsýna er unnið og á hvern veg bindiefnið er borið á flötinn.

12.600. **Pólýetýlen og ABS.**

12.610. **Almennt.**

611. Viðurkenning á hráefni er veitt þeim framleiðanda, sem vinnur efnið á síðasta stigi þess, áður en efnið fer til bátaframleiðanda. Fyrir efni sem nota á til hverfisteypu, er viðurkenning veitt korns-/duftsframleiðanda og varðandi plötur vegna varmamótunar er viðurkenningin veitt plötuframleiðanda.

612. Athugun á öldrunareiginleikum, skal gera á plötum úr viðkomandi efni með litarefnum o. þ. h., sem nota á í framleiðslunni.

613. Litarefni eiga ekki að vega meira en 4% af heildarþunga efnisins og skal litnum vera vel blandað saman við efnið. Gera skal grein fyrir neikvæðum áhrifum litarefna á plastefnið.

614. Höggþol efnisins við lágan hita, skal samþykkja með tilliti til eðlis brota við höggprufu á prófsýni, sem í hefur verið rispuð skora. Efni sem brotnar

auðveldlega við hita yfir 0°C er óheimilt að nota. Ef umskipti á milli seigra og stökkra brota eru við hita á milli 0 og −20°C, skal eftirgreind yfirlýsing rituð á viðurkenningarskírteini:
Efni bátsins verður brothætt við lágan hita. Bátinn á því ekki að nota í kulda.

615. Áhrif sólarhita á efnið eru metin út frá því, hve mikið efnið mýkist við hita á bilinu 20 til 65°C. Skerstuðull, sem minnkar meira en 80%, samþykkist ekki. Ef minnkunin er á milli 30 og 80%, skal eftirgreind yfirlýsing rituð á viðurkenningarskírteini:
Efni bátsins mýkist við háan hita og breytir lögun við langvarandi álag.

12.620. **Eiginleikar og upplýsingar.**

621. Eftirgreindar upplýsingar varðandi eiginleika plastefnanna skulu lagðar inn til samþykktar:

Eiginleikar	Rannsóknar-aðferð.	Kröfur vegna samþykktar og nauðsynlegar upplýsingar X Kröfur við afhendingu.	
Togprófun	ISO/R 527—1966 prófsýni af gerð 2, 5—50 mm/mín.	Kúrfa við 20°C og 65°C.	
Skerstuðull	ISO/R 537—1965 (snúningspendúll).	Kúrfa fyrir hita á bilinu − 20°C til 65°C.	
Samdráttur	ISO/R 899—1968 útfært við minnst þrjár mismunandi spennur og minnst tvö prófsýni á hverja spennu.	Spennu-toglínurit, sem ná yfir jafn langan tíma eða 1000, 100, 10, 1 og 0,1 klst. við 20°C og 65°C.	
Efnisbreytar	Prófun við stöðuga spennu eða álag.	Kúrfur fyrir efnisþreytu að minnst 100 000 álagsryðum við 20°C.	
Harka	ISO/R 868—1968 (shore D)	Harka eftir 15 sek. við 20°C.	
Höggþol (fallandi þungi)	ASTM D 3029-1972	Tilgreina skal fallþunga,	ABS
	(aðferð A) Slagflötur fallhamarsins skal hafa 12,5 mm radíus.	sem veldur sjáanlegri sprungu, sem talist getur brotsviðmiðun fyrir viðkomandi þykkt við 0°C og 20°C.	X
Höggþol (pendúll)	Með 45°V-laga skoru skv. ISO/R 180—1961. Fyrir sérstaklega sveigjanlegt efni má prófa með annarri aðferð. Prófun gerð við 0°C.	Höggþol og eðli brotsins skal tilgreina. höggprufa á stykki með skoru, skal aðeins gera á nýju og óöldruðu efni.	

Eiginleikar	Rannsóknar-aðferð.	Kröfur vegna samþykktar og nauðsynlegar upplýsingar X Kröfur við afhendingu.	
Öldrun	ISO/R 179—1961 án skoru. Eðlileg öldrun: DIN 53386 gr. 6.1. Tilbúin öldrun: DIN 53387	Kúrfa yfir brotþol fyrir aldrað efni, á móti lógaritmiskum tíma. Tíminn skal almennt vera 48 mánuðir fyrir eðlilega öldrun eða 5000 klst. fyrir tilbúna öldrun, þó má samþykkja styttri tíma, ef öldrun er lokið fyrr.	
Eldsneytisþol	Efnið undir álagi niðursökktu í viðkomandi eldsneyti.	Tilgreina skal, ef sprungur myndast á yfirborði.	
Efnaþol	ISO/R 175—81	Listi yfir efni, sem plastið þolir ekki.	
Bræðsluvísitala	ISO/R 292—1967 (aðferð A)	Skal tilgreina fyrir Pólýetýlenefni.	PE X
Eðlisþyngd	ISO/R 1183—1970 (aðferð D)	Skal tilgreina fyrir pólýetýlenefni	PE X
Ildisvísitala	ASTM D 2863-77	Skal tilgreina.	

622. Prófsýni skulu tekin úr viðkomandi framleiðslu og skal þess gætt, að gæði prófsýnanna hafi ekki minnkað vegna framleiðsluaðferðarinnar.
623. Tilgreint skal í viðurkenningunni fyrir hvaða framleiðsluaðferð efnið er samþykkt.

12.630. **Viðbótarkröfur varðandi plötur.**
631. Misþykkt á plötum skal ekki vera meiri en krafist er skv. eftirfarandi línuriti:



Þykktin skal mæld með jöfnu millibili á 20 stöðum þvert yfir plötuna.
Meðalþykkt plötunnar má ekki vera minni en sú þykkt, sem framleiðandi gefur upp á viðkomandi plötu.

632. Ekkert prófsýni má hafa meiri samdrátt við hita en krafist er skv. eftirfarandi línuriti:



Samdráttur efnisins skal mældur á minnst sex prófsýnum, sem hvert um sig er 300 × 300 mm að stærð og eru tekin með jöfnu millibili þvert yfir plötuna. Prófsýnin skulu þannig merkt, að fram komi hvernig sýnin eru tekin úr plötunni. Ennfremur skal strika á sýnin hring, sem er 100 mm í þvermál. Prófsýnin skulu höfð í talkúmi á milli tveggja málmplata í 30 mínútur við hita, sem ákveðinn er fyrir hvert einstakt efni. Málmplöturnar skulu vera 0,6—0,8 mm þykkar.

13. KANÚAR.

13.100. Fyrirkomulag.
110. Almennt.
13.200. Fríborð, stöðugleiki og flothæfni.
210. Fríborð.
220. Stöðugleiki.
230. Flothæfni.
240. Flotholt.
250. Handföng.
13.300. Smíði og efnismál.
310. Almennt.
320. Glertrefjastyrkt pólýester.
330. Ál.
340. Annað efni.

13. KANÚAR.

13.100. **Fyrirkomulag.**

13.110. **Almennt.**
111. Eftirfarandi reglur gilda um opna kanúa með lengd allt að 6,0 metrum, sem eru tvístöfnungar og án nokkurs búnaðar fyrir vél, árar eða segl.

112. Hámarks fjöldi manna skal ákveðinn með tilliti til stærðar kanúsins, og skal ekki vera meiri en skv. eftirgreindu:
2 menn ef $L_m \times B < 5$
3 menn ef $L_m \times B \geq 5$

13.200. **Fríborð, stöðugleiki og flothæfni.**

13.210. **Fríborð.**

211. Fríborð á kanú með hámarkshleðslu, sem dreift er jafnt niður í kanúinn, skal ekki vera minna en 150 mm.

212. Flothæfni í stefnum skal vera það mikil, að fríborð á kanúa, sem er hlaðinn 90 kg einum metra frá stefni, án annarrar hleðslu, sé ekki minna en tilgreint er á eftirfarandi línuriti.



13.220. **Stöðugleiki.**

221. Kanú skal vera það stöðugur, að vatn renni ekki inn í kanúinn né heldur að hann halli meira en 12°, þegar 75 kg eru staðsett á miðri þóftu og 10 kg á borðstokk við enda þóftunnar.

13.230. **Flothæfni.**

231. Með vatnsfylltum kanú er átt við kanú, sem ekki er hægt að fylla frekar með vatni án þess að það renni út úr honum aftur um lægsta hluta borðstokksins.

232. Vatnsfylltur kanú skal fljóta sem næst láréttur með hleðslu, sem dreift er jafnt niður á botninn og nemur 20% af hámarkshleðslu, þó ekki minna en 25 kg fyrir hvern mann, sem kanúinn er viðurkenndur fyrir.

233. Óhlaðinn vatnsfylltur kanú, skal hafa minnst 50 mm fríborð við $L_m/2$. Auk þess skal hann vera stöðugur með allt að 120° halla.

234. Lokuð rými, sem ekki reiknast sem flotholt, en eru tóm eða innihalda frauðplast að einhverju leyti, skulu vera opin við athugun á flothæfni.

13.240. **Flotholt.**
241. Flotholt skulu uppfylla kröfur um eiginleika og staðsetningu skv. 2.360.

13.250. **Handföng.**
251. Kanúar skulu vera þannig búnir eða lagaðir á þann veg, að mögulegt sé fyrir mann, sem er í sjónum að halda sér í kanúinn vatnsfylltan.

13.300. **Smíði og efnismál.**

13.310. **Almennt.**
311. Kanúar skulu smíðaðir úr efni, í húsnæði og með verklagi skv. kröfum í gildandi reglum fyrir viðkomandi efni.
312. Kanúa skal beygjuprufa með þunga, sem nemur 50% af leyfilegri hámarkshleðslu, þó minnst 150 kg, sem staðsett skal innan við 0,5 m frá $L_m/2$. Við beygjuprufu skulu settir búkkar undir báða enda kanúsins og skal millibil búkkanna vera 0,8 sinnum L_m. Með þessum þunga má kanúinn ekki bogna meira niður en sem nemur 1% af lengdinni á milli hvílipunktanna. Kanúinn skal snúa rétt við beygjuprufu.

13.320. **Glertrefjastyrkt pólýester.**
321. Trefjaplast skal ekki innihalda minni glertrefjastyrkingu en 1950 g/m^2 í kili, 1200 g/m^2 í botni og 900 g/m^2 í síðum.

13.330. **Ál.**
331. Þykkt á plötum skal ekki vera minni en 0,9 mm.
Ef engin styrking er í kili og stefnum, skal þykktin á þessum stöðum ekki vera minni en 2,5 mm.
332. Ekki þarf að uppfylla kröfur í reglum um smíði báta úr áli, varðandi tvöfalda röð hnoða í vatnsheldum samsetningum.

13.340. **Annað efni.**
341. Kanú, sem smíðaður er úr öðru efni, með öðru verklagi eða öðru smíðalagi en reglur þessar segja fyrir um, getur að undangenginni sérstakri athugun fengist samþykktur, ef hann telst uppfylla kröfur reglanna.

14. BOLUR.

14.100. Efnismál.
110. Leiðréttingar.
120. Efnisgæði.
130. Styrkingar.

14.200. Fríborð og stöðugleiki.
210. Fríborð þilfarsbáta.
220. Lúgur á súð.
230. Stöðugleiki þilfarsbáta.
240. Stöðugleiki opinna báta.
250. Kjölfesta.
260. Austurop þilfarsbáta.
270. Frárennsli af þilfari opinna báta.

14.300. Vatnsþétt hólf.
310. Skilrúm.
320. Vatnsþétt vélarúmsskilrúm.

14.400. Op á þilfari.
410. Lúgur á þilfarsbátum.
420. Dyr á þilfarsbátum.
430. Gluggar.
440. Loftháfar.
450. Loftrásir.

14.500. Öryggi á þilfari.
510. Skjólborð og handrið.
520. Hálkuvörn á þilfari.
530. Landgangur.

14. BOLUR

14.100. **Efnismál.**

14.110. **Leiðréttingar.**

111. Niðurstöður líkinga vegna þykktar og mótstöðuvægis, sem tilgreindar eru í hluta PI fyrir smíði báta, skal magrfalda með leiðréttingarstuðli samkvæmt eftirgreindri töflu:

Leiðréttingarstuðull vegna	Fiskibátar	Farþegabátar Aðrir vinnubátar
Kjölur og stefni	1,15	1,15
Botn og húfur	1,20	1,15
Síða og gafl	1,20	1,15
Þilfar	1,20	1,05
Yfirbygging	1,15	1,05

14.120. **Efnisgæði.**

121. Bolur vinnubáta úr glertrefjastyrktum pólýester skal smíðaður úr pólýester af flokki 1. Sjá gr. 12.311.

122. Vinnubátar úr áli skulu smíðaðir úr sjóþolnu áli, sem samsvarar flokki 2. Sjá gr. 8.111.

14.130. **Styrkingar.**

131. Bátar, sem almennt eru teknir upp í fjöru, skulu búnir slitkili.

132. Þeir hlutar báts, sem verða fyrir álagi vegna fiskveiðibúnaðar, skulu hafa efnismál með tilliti til mesta hugsanlegs álags. Plast og trébátar skulu auk þess styrktir gagnvart sliti.

14.200. **Fríborð og stöðugleiki.**

14.210. **Fríborð þilfarsbáta.**

211. Bátar, sem hafa minna meðalfríborð en krafist er skv. 2.321 (b) og hafa ekki fullnægjandi flotholt, skulu búnir sem þilfarsbátar.

212. Fríborð þilfarsbáta, frá vatnslínu að efri brún þilfars, skal ekki, við nokkurt hleðslutilvik, vera minna en 100 mm.
213. Þilfarsbátar skulu hafa lyftiþilfar eða skjólborðsklæðningu að framan, sem er ekki lægri en svo, að fríborð bátsins við framstefni sé minnst 0,12 L_m. Hæðin á lyftiþilfarinu eða skjólborðsklæðningunni, má minnka línulega niður í þilfarshæð á svæði, sem er ekki minna en 0,25 L_m frá framstefninu.
214. Fyrirkomulag þilfarsbáta má ekki vera á þann veg, að vatn á þilfari geti safnast fyrir undir hvalbak að framan eða við skjólborðsklæðningu.

14.220. **Lúgur á súð.**
221. Lúgur á bol opinna báta, skulu vera vatnsþéttar. Lúgur og karmar skulu ekki hafa minni styrk en bolurinn. Ekki má staðsetja lúgur á bol þilfarsbáta neðan við fríborðsþilfar.
222. Vegna þéttleika á lúgum, skulu þær búnar fullnægjandi þéttingum ásamt skálkbúnaði með innan við 300 mm millibili.
223. Niðurfellanlegar lúgur skulu hafa stoppara í neðstu stöðu lúgunnar.
224. Neðsta rönd lúgu á opnum bátum skal ekki vera neðar en 200 mm ofan við hleðsluvatnslínu.

14.230. **Stöðugleiki þilfarsbáta.**
231. Þilfarsbáta skal hallaprófa til að finna réttiarm þeirra, GZ, við eftirgreind þrjú hleðslutilvik:
   a) Við eiginþyngd bátsins með lágmarks birgðir af eldsneyti, vatni og búnaði, ásamt sem fæstum mönnum. Þungi um borð skal ekki vega meira en sem nemur 10% af hámarkshleðslu.
   b) Við sem næst leyfilega hámarks hleðslu í lest og á þilfari. Samanlögð þyngd hleðslu, búnaðar, manna, eldsneytis og vatns, má ekki vera minni en 90% af leyfilegri hámarkshleðslu.
   c) Með 10% af eldsneyti á geymum og leyfilega hámarks hleðslu á þilfari.
232. Stöðugleika þilfarsfiskibáta skal kanna með tilliti til fiskveiðibúnaðar og skal halli bátanna ekki fara yfir 10° við eðlilegt álag frá fiskveiðibúnaðinum í notkun.
233. Réttiarmur þilfarsbáta skal ekki vera minni við 30° halla bátsins en:
   $GZ_{30} = 0{,}20$ m
   og má GZ-bogalínan ekki vera hæst við minni halla en 25°, og skal vera jákvæð við allt að 70° halla á fiskibátum og 50° á öðrum vinnubátum.
234. Farþegabátar skulu ekki halla meira en 12° og hafa minnst 0,20 m fríborð, þegar allir farþegar eru eins nærri síðu bátsins og mögulegt er, ef gert er ráð fyrir 300 kg/m^2. Þyngdarpunktur hleðslunnar skal ekki staðsettur nær miðlínu bátsins en 0,2 B.
235. Bátar með lyftibúnaði skulu ekki halla meira en 10°, þegar lyft er hámarks leyfilegu hlassi í þeirri stöðu lyftibúnaðarins, sem veldur mestum halla bátsins.
236. Við samþykkt á stöðugleika fiskibáta með þilfari, skal taka tillit til álags frá fiskveiðibúnaði.
237. Þau hleðslutilvik, sem báturinn er samþykktur fyrir, skulu tilgreind á viðurkenningarskírteininu, bæði hleðsla á þilfari og hámarkshleðsla ásamt hámarks djúpristu, mældri frá neðri brún kjalar.
   Á bátnum skulu vera greinileg djúpristumerki við hverja 10 cm, þannig að sjá megi djúpristu bátsins.

14.240. **Stöðugleiki opinna báta.**

241. Báta á að hallaprófa til ákvörðunar á metasenterhæð þeirra, GM, við eiginþyngd bátanna. Metasenterhæðin á ekki að vera minni en:
GM = 0,35 m

242. Víkja má frá kröfum um hallaprófun, ef veltiprófun við versta stöðugleikatilvik bátsins sýnir, að veltitíminn í sekúndum frá síðu til sömu síðu, er ekki lengri en breidd bátsins í metrum.

243. Víkja má frá kröfum um metasenterhæð eða veltiprófun ef útreikningar sýna, að GZ-bogalína bátsins uppfyllir ákvæði varðandi þilfarsbáta með allt að 30° halla.

14.250. **Kjölfesta.**

251. Kjölfestu skal festa á þann veg, að hún hreyfist ekki við 90° halla bátsins.

252. Þar sem kjölfestan er steypt beint í plastbáta, skal trefjaplastið húðað með minnst tveimur lögum af slithúð undir steypunni. Neðst á steinsteypumóti kjölfestu, skal vera frárennsli fyrir umfram vatn í steypunni. Trefjaplast og slithúð skal lagt yfir kjölfestu úr steinsteypu.

14.260. **Austurop á þilfarsbátum.**

261. Austuropum skal deilt jafnt niður eftir lengd þilfarsins. Neðri brún opanna skal vera eins nærri þilfarinu og við verður komið.

262. Á bátum með skjólborðsklæðningu, hvalbak, reisn eða aðra opna byggingu, sem myndar brunn, skulu vera austurop á hvorri hlið bátsins, sem eru ekki minni en fram kemur á eftirfarandi línuriti:



Rúmmál brunnsins er reiknað út frá flatarmáli þilfarsins margfaldað með hæð skjólborðsklæðningar, en frá því dregst síðan rúmmál á lúgum, reisnum o. þ. h. upp í sömu hæð og hæð skjólborðsklæðningarinnar.

263. Heimilt er að hafa lúgur fyrir austuropum að því tilskildu, að þær minnki ekki flatarmál opanna. Lúgurnar skulu vera á lömum að ofan og vera vel rúmar í opinu, svo ekki sé hætta á, að þær sitji fastar. Lamirnar skulu vera úr ryðfríu efni. Lúgurnar mega ekki vera búnar læsingu.
264. Stór austurop skulu búin rimum með hámark 330 mm millibili, þó hámark 230 mm bili upp að neðstu rim.
265. Þar sem skilrúm eru á þilfari, skal þeim þannig fyrir komið, að þau hindri ekki rennsli að austuropum. Þess skal gætt, að frítt rými sé meðfram allri skjólborðsklæðningu, sem hefur austurop.

14.270. **Frárennsli af þilfari opinna báta.**

271. Þilfar í opnum bátum má ekki staðsetja það ofarlega, að stöðugleiki bátanna verði ófullnægjandi.
272. Á þilfari opinna báta skal vera frárennsli að austurdælu í báðum síðum.
273. Frárennslisopin skulu ekki vera minni en krafist er fyrir austurop þilfarsbáta.
274. Frárennslisvatn skal eiga greiða leið að austurlögnum frá dælu.
275. Til að fyrirbyggja að regnvatn renni niður í frárennslisrásina, má hafa 25 mm háan kant kringum frárennslisopið, eins og sýnt er á myndinni.



14.300. **Vatnsþétt hólf.**

14.310. **Skilrúm.**

311. Vélarúm skal vera vatnsþétt aðskilið frá öðru rými bátsins. Á opnum bátum skulu skilrúmin ná upp fyrir hleðsluvatnslínu.
312. Farþegabátar skulu þannig búnir, að leki undir hleðsluvatnslínu á:
— stefni;
— botni í framskipi á hraðgengum bátum;
— botni í afturskipi á bátum með stýri eða skrúfu niður úr botninum.
geti ekki valdið því, að aðliggjandi rými fyllist snögglega.
Þessi aðliggjandi rými skulu tengd austurkerfi, sem knúið er í vélarúmi.

14.320. **Vatnsþétt vélarúmsskilrúm.**

321. Lúgur og hurðir á vatnsþéttum vélarúmsskilrúmum, skulu búnar fullnægjandi lokunarbúnaði, og skulu þær hafa minnst sama styrk og viðkomandi skilrúm.

322. Frágangur á pípum og raflögnum gegnum vatnsþétt skilrúm, skal vera á þann veg, að skilrúmið haldist vatnsþétt.

14.400. **Op á þilfari.**

14.410. **Lúgur á þilfarsbátum.**

411. Hæð á lúgukarmi skal ekki vera minni en 380 mm frá þilfari.

412. Lúgur, sem opnaðar eru til sjós, skulu vera á lömum eða festar við karminn með keðju. Ennfremur skal vera hægt að festa lúgunni í opinni stöðu.

413. Til að lúgur geti talist veðurþéttar, skulu þær búnar:
— þéttingum, sem ekki geta pressast út fyrir þéttikantinn.
— skálkbúnaði með hámark 600 mm millibili.



414. Víkja má frá kröfum varðandi hæð á lúgukörmum, ef öllum eftirgreindum skilyrðum er fullnægt:
— lúgan sé búin nauðsynlegum þéttingum;
— skálkbúnaður lúgunnar sé með hámark 300 mm millibili, sem gerir mögulegt að loka lúgunni vatnsþétt;
— Lúgan sé ekki opnuð til sjós, að undanskildum lúgum minni en Ø 300 mm, sem nauðsynlegt getur verið að opna vegna notagildis bátsins.

14.420. **Dyr á þilfarsbátum.**

421. Op til rýmis undir þilfari, skulu varin með veðurþéttum hurðum, sem ekki opnast inn. Dyr skulu vera á þann veg, að styrkurinn sé ekki minni en styrkur á viðkomandi þili. Vegna þéttleika, skal hurðin búin þéttingum og spennibúnaði.

422. Hurðir skal vera mögulegt að opna og loka frá báðum hliðum skilrúmsins.

423. Þröskuldar á dyrum, sem liggja til rýmis undir þilfari, skulu ekki vera lægri en 380 mm.

424. Niðurfellanlega þröskulda skal vera hægt að festa í uppréttri stöðu.
Niðurfellanlegir þröskuldar skulu uppfylla sömu kröfur um styrk og hurðir. Hurðir mega ekki vera á þann veg, að þær hylji niðurfellanlegan þröskuld.

425. Niðurgang í vélarúm og lúkar, frá opnu þilfari, á að verja með skýli eða öðru samsvarandi.

14.430. **Gluggar.**

431. Við glugga á bátshlið, skulu vera lúgur á lömum, sem hægt er að loka vatnsþétt.

432. Gluggar til rýmis undir þilfari á þilfarsbátum, skulu vera í föstum ramma. Ekki má nota gúmmílista.

433. Framgluggar á stýrishúsi og yfirbyggingum þilfarsbáta, skulu ekki vera stærri en 500 × 710 mm.

14.440. **Loftháfar.**

441. Loftháfar mega ekki vera þannig lagaðir né settir á þann stað, sem getur valdið því að báturinn fyllist við ágjöf.

442. Op á loftháfum þilfarsbáta skal ekki fara undir vatnsyfirborð við 70% halla bátsins.

14.450. **Loftrásir.**

451. Loftrásir skulu staðsettar þar sem þær verða ekki fyrir áverkum vegna vinnu á þilfari.

452. Loftrásir skulu þannig lagaðar, t. d. með svanahálsi eða einstefnuloka, að vatn gangi ekki niður í geyma, rafhlöðurými o. þ. h.

453. Op á loftrásum eldsneytisgeyma, skal vera utan við bátinn á opnum bátum og yfir þilfari á þilfarsbátum.

454. Loftrásir skulu ná upp undir öldustokk, þó minnst 450 mm upp frá þilfari.

14.500. **Öryggi á þilfari.**

14.510. **Skjólborð og handrið.**

511. Um opin þilför, þar sem vænta má umgangs skipverja eða farþega, skal setja skjólborð eða handrið. Handriðið má vera losanlegt, ef nauðsyn krefur vegna notkunar bátsins.

512. Á farþegabátum skal hæð á skjólborðum og handriðum ekki vera minni en 1000 mm. Handrið skulu vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd.



513. Hæð á skjólborðum og handriðum annarra báta en farþegabáta, skal ekki vera minni en 750 mm. Bilið undir neðstu rim á handriði skal ekki vera meira en 230 mm. Bil á milli annarra rima skal ekki vera meira en 330 mm.

14.520. **Hálkuvörn á þilfari.**

521. Á opnu þilfari og öðrum þeim stöðum, sem vænta má umgangs, skal þilfarið hafa fullnægjandi hálkuvörn.

14.530. **Landgangur.**
531. Farþegabátar skulu búnir fullnægjandi landgangi til að örugglega megi komast um borð í bátinn og frá borði.

15. VÉLBÚNAÐUR

15.100. Stýrisbúnaður.
110. Stýri.
120. Neyðarstýri.
15.200. Vél, útblástur og skrúfa.
210. Almennt.
220. Stjórntæki og mælar.
230. Útblásturslagnir.
240. Vélaundirstöður.
250. Skrúfuás og skrúfa.
260. Legur og ásberi.
15.300. Eldsneytisbúnaður.
310. Eldsneytisgeymar.
320. Eldsneytislagnir.
15.400. Austur-, kælivatns- og hreinlætisbúnaður.
410. Austurbúnaður.
420. Kælivatnsbúnaður.
430. Drykkjarvatnsbúnaður.
440. Op á súð.
15.500. Eldvarnir.
510. Eldvörn í vélarúmi.
520. Viðvörun.
530. Fastur slökkvibúnaður.
540. Handslökkvitæki.
15.600. Loftrásir
610. Loftrás til vélarúms.
620. Loftrás til rafhlöðurýmis.
15.700. Öryggi í vélarúmi.
710. Gólf, hálkuvörn.
720. Hreyfanlegir hlutir í vélarúmi.

15. VÉLBÚNAÐUR

15.100. **Stýrisbúnaður**

15.110. **Stýri.**
111. Við útreikning á þvermáli stýrisáss, skv. líkingum í 3.130, skal öryggisstuðullinn k vera minnst 3.
112. Stýrisbúnaður skal þannig varinn, að hann geti ekki snert hluti, sem gerir stjórn bátsins erfiða eða ómögulega.

15.120. **Neyðarstýri.**

121. Hver vinnubátur skal búinn neyðarstýri.

122. Heimilt er að neyðarstýri sé undir þilfari, ef neyðarstýrið er aðgengilegt frá þilfari undir öllum kringumstæðum.

123. Á bátum með tvær skrúfur þarf ekki neyðarstýri, ef sýnt er með reynslusiglingu, að örugglega má stjórna bátnum með skrúfunum.

124. Á bátum með tvö aðskilin stjórnkerfi, sem hvort um sig má nota til að stjórn bátnum, þarf ekki neyðarstýri.

15.200. **Vél, útblástur og skrúfa.**

15.210. **Almennt.**

211. Óheimilt er að nota bensínvélar.

212. Aðalvél sem er kraftmeiri en 100 kW (136 hö), skal hafa tegundarviðurkenningu frá flokkunarfélagi, sem viðurkennt er af yfirvöldum siglingamála.
Ekki er nauðsyn á viðurkenningu á hverri einstakri vél.
Rafbúnaður vélar skal vera skv. 17.110.

213. Stjórntæki vélar skulu miðuð við ómannað vélarúm.

214. Slöngur í lögnum skulu ætíð vera sjáanlegar til eftirlits.

15.220. **Stjórntæki og mælar.**

221. Öll stjórn aðalvélar skal vera með einföldum hætti. Stöðvunarbúnaður skal vera við stýri.

222. Mælar og viðvörunarkerfi skal vera á þann veg, að við stýrið sé hægt að fylgjast með:
— snúningshraða aðalvélar,
— olíuþrýstingi aðalvélar,
— olíuþrýstingi á gír,
— hita á kælivatni,
— kælivatn útblásturslagnar, ef hún er búin sérstakri kælingu.
Á mælum skal vera merki, sem sýnir ef vél er notuð óeðlilega. Ennfremur skulu mælar vel lýstir.

223. Bátar með $L_m \geq 8$ m skulu auk þess búnir viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna, ef eldur kemur upp. Sjá 15.521.

15.230. **Útblásturslagnir.**

231. Útblásturslagnir skulu smíðaðar skv. samþykktum leiðbeiningum vélaframleiðanda.

232. Efni í sjókældum útblásturslögnum skal vera úr ryðfríu efni. Ekki má tengja saman ólíka málma, sem getur valdið tæringu.

233. Í bátum með fleiri en eina vél, skal vera sérstök útblásturslögn fyrir hverja vél.

15.240. **Vélaundirstöður.**

241. Undirstöður véla, skulu hafa nægan styrk til að standast þrýsting og tog frá skrúfu.

242. Langstykki undir vél skulu ekki hafa minni styrk en botnstokkar og ná vel fram fyrir og aftur fyrir vélina. Langstykkin skulu enda við þverband, skilrúm eða þess háttar. Vélarundirstaðan skal vera vel skorðuð þverskips með styrkingum sem eyðast út línulega við bolinn.

Ef vél er staðsett beint á botnstyrkingum bátsins, skal auka efnismál þeirra með tilliti til vélarstærðar.

243. Í vélarundirstöðu úr plasti, skal vera stálplata fyrir festingar vélarinnar.

244. Festing vélar skal vera skv. tilmælum vélaframleiðanda.

15.250. **Skrúfuás og skrúfa.**

251. Efni í skrúfuásum skal ekki hafa minna brotþol, σ_b, en 440 MPa (44 kp/mm^2).

252. Þvermál á skrúfuásum, d, skal uppfylla tilmæli vélaframleiðanda, en skal þó aldrei vera minna en:

$$d = 30 \sqrt[3]{\frac{p}{r}} \text{ mm}$$

p = hámarks vélarafl við stöðugt álag í kW.
r = snúningshraði skrúfu á sekúndu.
Ef efni í skrúfuás hefur meira brotþol, σ_b, en 440 MPa, má leiðrétta þvermálið með því að margfalda það með eftirgreindum stuðli f:

$$f = \sqrt[3]{\frac{600}{Rm + 160}}$$

253. Ef skrúfuásar ganga í gegnum vatnsþétt skilrúm, skal þess gætt, að styrkur og þéttleiki skilrúmsins haldist.

254. Skrúfubúnaði skal fylgja vottorð, um að skrúfuás sé smíðaður með fullnægjandi nákvæmni, og að skrúfa sé jafnvægisstillt.

255. Við vél, sem stendur á púðum, skal frí lengd á skrúfuás aftan við vélina, l, ekki vera minni en 40 sinnum þvermál skrúfuássins, ef skrúfuás er ekki tengdur við vél með sveigjutengi.

256. Sveigjutengi skal þannig upp byggt, að vélin geti knúið bátinn, þó sveigjutengið bili.

15.260. **Legur og ásberi.**

261. Legur skal vera hægt að smyrja fullnægjandi.

262. Millibil lega á ás, skal ekki vera meira en 50 sinnum þvermál ássins.

263. Lengd á legum í pípu, skal ekki vera minni en þrisvar sinnum þvermálið á viðkomandi ás.

264. Efni í ásbera skal ekki hafa minna brotþol, σ_b, en 440 MPa (44 kp/mm^2).
Við ákvörðun á efnismálum einarma ásbera, skal mótstöðuvægi við botninn, W, ekki vera minna en:

$$W = \frac{ld^2}{112\sigma_b}$$

l = lengd ásbera í mm.
d = þvermál á ás í mm.
Mótstöðuvægi berans við ásinn, skal ekki vera minna en 60% af mótstöðuvæginu við botn bátsins.

15.300. **Eldsneytisbúnaður.**

15.310. **Eldsneytisgeymar.**

311. Geymir, sem rúmar 50—150 l, skal hafa skoðunarlúgu, sem er minnst 150 mm í þvermál.
Geymir, sem rúmar meira en 150 l, skal hafa skoðunarlúgu, sem er minnst 450 × 450 mm.

312. Hver geymir skal búinn dýpilpípu eða hæðarmæli.
313. Við utanáliggjandi sjónglös, skal vera sjálflokandi loki.
314. Efnisþykkt geymanna skal ekki vera minni en sem hér segir, tilgreint í mm:

Stærð: 1	−50	50—100	100—200	200—1000	1000—
Stál	1,5	2,0	3,0	5,0	6,0
Ryðfrítt stál	1,0	1,0	2,0	3,0	4,0
Ál	2,0	3,0	4,0	5,0	6,0
Trefjaplast	4,0	4,0	4,0	5,0	6,0
Pólýetýlen	5,0	7,0	9,0	—	—

15.320. **Eldsneytislagnir.**
321. Ef áfyllingspípa er gerð fyrir fast tengda áfyllingu, skal loftpípan ekki hafa minna þvermál en áfyllingarpípan.
322. Á eldsneytislögnum skal vera loki, eins nálægt eldsneytisgeyminum og mögulegt er, sem er þannig búinn, að loka megi fyrir rennsli frá stað utan við geyma- eða vélarúm, og skal sá búnaður vera eldtraustur.

15.400. **Austur-, kælivatns- og hreinlætisbúnaður.**
15.410. **Austurbúnaður.**
411. Hver bátur skal búinn handdælu til austurs úr vélarúmi, sem staðsett er utan við vélarúmið.
Afköst dælunnar uppfylli ákvæði í 4.716.
412. Bátar með $L_m \geq 8$ m skulu búnir vél- eða rafknúinni austurdælu, sem afkastar minnst 120 l/mín, en í bátum með $L_m \geq 12$ m, skal dælan afkasta minnst 180 l/mín. Dælunni skal vera hægt að stjórna úr stýrishúsi.
413. Frá vél-/rafknúnu dælunni, skulu liggja soglagnir í vélarúm og aðliggjandi rými. Varðandi farþegabáta, sjá 14.212.
414. Austurlagnir skulu vera úr olíuheldu efni, sem ekki aflagast við sogkraft né leggst saman ef lögnin bognar. Slöngur skulu uppfylla ákvæði í 3.250.
Ef notaðar eru hosuklemmur til festingar á slöngum, skulu vera tvær klemmur á hverri tengingu og séu tilheyrandi stútar riffl aðir.
415. Austurbúnað má ekki nota til annars, en til austurs úr bátnum.

15.420. **Kælivatnsbúnaður.**
421. Kælivatnsbúnaður skal vera úr ryðfríu efni. Ekki má tengja saman ólíka málma, sem getur valdið tæringu.
422. Sjóinntak skal annað hvort búið sigti eða síu.
423. Ef á kælivatnsbúnaði er sía, skal þannig frá henni gengið, að síuna megi hreinsa, þó vélin sé í gangi, án þess að nota þurfi verkfæri.
424. Lagnir og sía í vélarúmi, skulu ekki vera úr hitamýkjandi plasti. Nota má stuttar hosur til tenginga á lögnum, að því tilskyldu, að hosurnar uppfylli ákvæði í 3.250 og sé fest með tveimur hosuklemmum úr sýruheldu efni á hverri tengingu.

15.430. **Drykkjarvatnsbúnaður.**
431. Drykkjarvatnsgeyma skal vera auðvelt að hreinsa.
432. Drykkjarvatnsgeymar skulu hafa skoðunarlúgu, sem er ekki minni en 150 mm í þvermál.

433. Drykkjarvatnsgeyma skal vera hægt að þurrausa, annað hvort með frárennsli á lægsta hluta botnsins eða soglögn. Soglögnin skal ná niður í skál á botni geymisins.

15.440. **Op á súð.**

441. Op á súð skv. 4.730 skulu takmörkuð við þann fjölda, sem nauðsynlegur er með tilliti til notkunar bátsins. Op á súð og lagnir að þeim, skulu vera á þann veg, að hætta á leka verði sem minnst.

442. Utanáliggjandi kælivatnslagnir, skulu vera á þann veg, að hætta á leka verði sem minnst, þó lagnirnar verði fyrir áverkum.

443. Lokum skal vera unnt að loka handvirkt, og séu þeir vel aðgengilegir. Handföng á lokum undir gólfi, skulu ná upp fyrir gólfið.

15.500. **Eldvarnir.**

15.510. **Eldvörn í vélarúmi.**

511. Skilrúm, útsíða og aðrir fletir, sem ekki eru úr stáli, en afmarka vélarúm farþegabáta, skulu klæddir eldvörn. Þó þarf ekki eldvörn á útsúð neðan sjólínu.

512. Eldvörnin skal vera á þann veg, að eldur eða reykur komist ekki í gegnum hana. Ennfremur skal eldvörnin varna því, að styrktargrind skilrúmsins hitni meira en 225°C, ef um stál- eða álgrind er að ræða en 80°C fyrir trefjaplast.
Eldvörnin skal prófuð skv. línuriti því, sem notað er við samþykkt á eldvörn í staðli B-15 skv. SOLAS.

15.520. **Viðvörun.**

521. Bátar með $L_m \geq 8$ m skulu búnir viðurkenndu viðvörunarkerfi við stýri, sem gefur til kynna, ef eldur kemur upp í geyma- og vélarúmi eða vistarverum.

522. Í vistarverum má samþykkja notkun viðurkenndra reykskynjara, sem eru sjálfstæðar einingar með sambyggðum aflgjafa.

15.530. **Fastur slökkvibúnaður.**

531. Bátar með $L_m \geq 8$ m skulu búnir föstum slökkvibúnaði í vélarúmi. Slökkvimiðillinn skal vera af tegundinni halon 1301. Þó er heimilt að víkja frá kröfum um halon 1301 í vélarúmi, sem er of lítið til að rúma mann og er auk þess loftþétt aðskilið frá íverustöðum.

532. Stjórnbúnaður til að opna fyrir slökkvimiðilinn, skal vera staðsettur miðsvæðis í bátnum, utan við rými fyrir vél eða eldsneytisgeyma. Stjórnbúnaðurinn skal vera úr ryðvörðu efni og þannig varinn, að ekki verði opnað fyrir slökkvimiðilinn í ógáti. Leiðbeiningar um notkun skulu vera við stjórnbúnaðinn.

533. Geymar fyrir slökkvimiðil séu hafðir á afviknum stað í bátnum, og skal þeim fest tryggilega.

15.540. **Handslökkvitæki.**

541. Vinnubátar skulu búnir viðurkenndum handslökkvitækjum, sem hér segir:
— Bátar með $L_m < 10$ m skulu hafa eitt ABE handslökkvitæki, sem inniheldur minnst 6 kg af slökkvimiðli.
— Bátar með $L_m \geq 10$ m, skulu hafa tvö ABE handslökkvitæki, sem innihalda minnst 6 kg af slökkvimiðli. Ef bátar eru búnir slökkvidælu sem afkastar minnst 60 l/mín. með þrýsting sem er ekki minni en 3 bar (3 kp/cm^2), nægir að bátarnir hafi aðeins annað af ofangreindum handslökkvitækjum. Allar slöngur eða hosur á slökkvilögnum skulu uppfylla ákvæði í 3.250.

542. Farþegabátar skulu búnir 6 kg ABE handslökkvitækjum, sem hér segir, auk þeirra tækja, sem tilgreind eru í 15.541:

Fjöldi farþega	⩽ 50	> 50
Fjöldi slökkvitækja	1	2

15.600. **Loftrásir.**

15.610. **Loftrás til vélarúms.**

611. Loftrásir fyrir eðlilegan súg, skulu lagðar með hliðsjón af nauðsynlegu loftstreymi til vélar skv. tilmælum vélaframleiðanda, en skulu þó ekki vera minni en 7 cm^2/kW (5,2 cm^2/hö).

612. Útstreymisrás frá vélarúmi, skal ekki vera minni en 2 cm^2/kW (1,5 cm^2/hö).

613. Loftrásir skulu búnar lokunarbúnaði, sem stjórna má utan við vélarúmið. Lokunarbúnaðurinn skal vera þannig, að festa megi lokið bæði í opinni og lokaðri stöðu.

15.620. **Loftrás til rafhlöðurýmis.**

621. Kassar fyrir rafhlöður skulu það vel loftræstir, að eldfimar lofttegundir geti ekki safnast fyrir. Kassana má ekki staðsetja í vistarverum.

622. Kassar fyrir rafhlöður með allt að 5 kWh rýmd, þurfa ekki aðra loftrás, en op við toppinn.

623. Rafhlöður með meiri samanlagða rýmd en 5 kWh, staðsettar neðan þilfars, skulu vera í sérstökum skáp, sem hefur loftrás frá efri hluta skápsins út undir bert loft. Í neðri hluta skápsins skal vera op fyrir innstreymi. Þverskurðarflatarmál loftrásanna, bæði inn- og útstreymisrásar, skal ekki vera minna en 20 cm^2 hvor rás.

624. Rafhlöðukassar, sem staðsettir eru á þilfari, skulu búnir loftrás með svanahálsi og neti á toppi kassans. Op fyrir innstreymi, skulu vera minnst tvö, eitt á hvorri gagnstæðri hlið kassans. Kassinn skal vera nægilega þéttur gagnvart regni og sjóágjöf.

15.700. **Öryggi í vélarúmi.**

15.710. **Gólf, hálkuvörn.**

711. Hugsanleg gólf í vélarúmi séu tryggilega föst, og skulu gólfplötur vera úr riffluðu efni, sem ekki drekkur í sig olíu.

15.720. **Hreyfanlegir hlutir í vélarúmi.**

721. Í vélarúmi, þar sem gera má ráð fyrir umgangi manna, skulu vera hlífar yfir öllum hreyfanlegum hlutum. Hlífarnar skulu vera á þann veg, að ekki sé hætta á ógætilegri snertingu, né að föt festist í hreyfanlega hluti.

16. VISTARVERUR

16.100. Almenn ákvæði.
110. Stýrirshús.
120. Vistarverur farþega.
130. Salerni.
140. Neyðarútgangur.
16.200. Loftrásir.
210. Almennt.
220. Loftrás í vistarverur.

16. VISTARVERUR.

16.100. **Almenn ákvæði.**

16.110. **Stýrishús.**
111. Útsýni frá stjórntækjum skal vera gott, bæði fram og aftur.
112. Fyrirkomulag í stýrishúsi skal vera með hliðsjón af eftirgreindu:
— Mælar, stjórntæki, viðvörunarljós o. þ. h., séu þannig staðsett, að stjórn bátsins verði sem auðveldust.
— Innréttingar við stjórntæki séu, ef þess er nokkur kostur, úr endurskinsfríu efni.
— Lofthæð sé ekki minni en 1,98 m.
113. Fyrirkomulag við stjórntæki, skal vera með hliðsjón af nauðsynlegri fjarlægð seguláttavita frá hlutum, sem hafa áhrif á áttavitann.
Í litlu stýrishúsi á áttaviti að vera á stýrishússþaki.
Lýsing áttavita skal vera nægjanleg, til að auðveldlega megi lesa á áttavitann, bæði í myrkri og björtu.
Í stálbátum skulu seguláttavitar staðsettir í miðlínu bátsins.

16.120. **Vistarverur farþega.**
121. Lofthæð í vistarverum farþega, skal ekki vera minni en 1,98 m.
122. Hámarks fjöldi sæta, skal miðaður við minnst 0,85 m^2 auðan gólfflöt fyrir hvern farþega.
Við mælingu á gólfi fyrir farþega, skal draga frá þann hluta, sem þarf til stjórnar bátsins ásamt gólfi sem erfitt er að standa á eða gerir setu í sæti óþægilega.
Hvert rými skal ekki ætlað fleiri mönnum en þeim fjölda, sem hefur minnst 0,5 m breitt sæti.
123. Hámarks fjöldi farþega á þilfari, skal miðaður við minnst 0,55 m^2 auðan þilfarsflöt fyrir hvern farþega.
124. Breidd á göngum, sem liggja að vistarverum svo og göngum á milli sæta, á ekki að vera minni en 900 mm.
Breidd á dyrum skal ekki vera minni en 750 mm.
Breidd á hugsanlegum tröppum við dyr skal ekki vera minni en breiddin á dyrunum.

16.130. **Salerni.**
131. Bátar, sem eru 8 m. L_m og lengri, skulu búnir einu salerni.
132. Farþegabátar skulu búnir minnst einu salerni fyrir hverja 50 farþega auk þess sem krafist er í 16.131.

133. Salernum skal vera lokað með læsanlegri hurð. Salerni skulu vel lýst og loftræst og á hverju salerni skal vera handlaug með rennandi vatni og frárennsli.

16.140. **Neyðarútgangur.**

141. Úr vistarverum eiga almennt að vera tveir útgangar. Minni rými mega þó, að undangenginni sérstakri athugun, vera með einn útgang, ef víst er að ekki sé hætta á að útgangurinn lokist vegna elds í vélarúmi, eldhúsi eða af öðrum sökum.

142. Útgangar skulu staðsettir eins langt hvor frá öðrum og mögulegt er og vera þannig lagaðir, að þá megi nota í neyðartilfellum.

143. Annar af útgöngum úr vistarverum má vera neyðarútgangur um lúgu/dyr eða kýrauga/glugga, sem uppfyllir eftirgreindar kröfur:
   a. Farþegabátar skulu hafa lúgu/dyr eða kýrauga/glugga út á opið þilfar, sem er ekki minni en 600 × 600 mm.
      Neyðarútgangurinn skal greinilega merktur.
   b. Á öðrum bátum en farþegabátum má neyðarútgangur vera 450 × 450 mm eða kýrauga, sem er 450 mm í þvermál.

144. Neyðarútgangur skal vera auðopnanlegur innan frá, án þess að nota þurfi lykil eða verkfæri.
   Neyðarútgangur skal einnig vera opnanlegur utan frá, en heimila má að opna þurfi með lausu handfangi, brunaöxi eða öðru auðlosanlegu stykki, sem staðsett er á heppilegum stað, t. d. í stýrishúsi.
   Neyðarútgangi má ekki loka með lás.

145. Ef ganga þarf um dyr að neyðarútgangi, má hurð dyranna ekki vera læsanleg, nema í henni séu spjöld, sem sparka má úr hurðinni í neyðartilfellum í útgönguátt.

146. Við neyðarútgang skulu vera nauðsynlegir stigar og handföng til að auðvelda útgang.

16.200. **Loftrásir.**

16.210. **Almennt.**

211. Vistarverur skulu loftræstar á þann veg, að nægilegt innstreymi og útstreymi geti átt sér stað, þegar hurðir, kýraugu, gluggar o. þ. h. eru lokuð.

212. Loftrásir skulu þannig staðsettar, að viðkomandi rými sé vel loftræst.

213. Lofthæfa má ekki staðsetja þar sem hætta er á, að skaðlegar lofttegundir geti sogast inn í bátinn.
   Loftrásir fyrir eðlilegan súg, skulu vera eins stuttar og mögulegt er og sem minnst bognar.

214. Loftrásir fyrir rými, sem ætlað er fyrir eldfim hættuleg eða illa lyktandi efni, skulu aðskildar öðrum loftrásum.

16.220. **Loftrás í vistarverur.**

221. Hvert rými sem ætlað er til vistar áhafnar eða farþega skal búið bæði innstreymis- og útstreymisloftrás.

222. Loftrásir fyrir eðlilegan súg, skulu hvor um sig, þ. e. bæði innstreymisrás og útstreymisrás, hafa minnst 7,5 cm^2 þverskurðarflatarmál fyrir hvert sæti í viðkomandi rými.

223. Í stað loftrásar með eðlilegum súg, má loftræsa með blásara, sem endurnýjar loftið í rýminu minnst 6 sinnum á klst.
   Vélknúin loftræsting skal vera stillanleg.
   Inn- og útstreymisrásir skulu vera nægilega stórar, til að hraði á loftinu í rásunum verði ekki meiri en 6 m/sek.

224. Ofan við eldavél, skal vera loftrás með hatti eða öðrum búnaði, sem myndar súg frá eldavélinni.
225. Salerni skulu loftræst sérstaklega.

17. RAFBÚNAÐUR.

17.100. **Almennt.**
17.110. Rafbúnaður vinnubáta skal vera skv. hluta G um raforku og raflagnir. Sjá þó gr. 3.511. varðandi frávik.

18. ANNAR BÚNAÐUR.

18.100. Legufæri og festar.
110. Festartæki og festarleiðarar.
120. Spil og rúllur.
130. Akkerisbúnaður.
140. Dráttartóg.

18.200. Lyftibúnaður.
210. Prófun.

18. ANNAR BÚNAÐUR.

18.100. **Legufæri og festar.**

18.110. **Festartæki og festarleiðarar.**
111. Hver bátur skal búinn festartækjum og festarleiðurum að því marki, sem nauðsynlegt er, til að örugglega megi draga bátinn.
112. Fjölda festartækja verður að ákveða fyrir hvern einstakan bát, en þau skulu þó ekki vera færri en tvö að framan og tvö að aftan.
113. Hæð á festipollum skal ekki vera minni en svo, að hægt sé að koma fyrir á þeim minnst fjórum vafningum af gildasta tógi, sem ætla má að notað verði á viðkomandi bát, annað hvort undir þverpinna á pollanum eða kant, sem er ekki mjórri en þvermál tógsins.
114. Festarleiðarar skulu staðsettir með tilliti til festartækja á þann veg, að stefnubreyting festarinnar verði sem minnst.

18.120. **Vindur og rúllur.**
121. Vindukoppur, sem notaður er til að draga bátinn, skal hafa kant á endum, sem er ekki mjórri en gildasta dráttartóg fyrir viðkomandi bát.
122. Vindukoppur skal vera það langur, að hægt sé að koma fyrir á honum minnst sex vafningum af gildasta dráttartógi fyrir viðkomandi bát.
123. Frítt rými við vindukopp skal vera það mikið, að vinna við vinduna sé hættulaus.
124. Hver bátur skal hafa öryggisbúnað við línuvindu til netaveiða, sem stöðvar vinduna samstundis, ef maður dregst inn að vindukoppnum með veiðafærunum.

125. Vírarúllur skulu hafa þannig búnað, að víraendar geti ekki slegist upp og valdið slysum á mönnum.

18.130. **Akkerisbúnaður.**

131. Bátar skulu hafa akkerisbúnað, sem gerir mögulegt að varpa akkeri á öruggan hátt í skyndi.

Hver bátur skal hafa akkerisbúnað, sem hér segir:

— Eitt akkeri að þyngd samkvæmt línuriti. Bátar, sem eru ⩾ 8 m L_m skulu auk þess búnir varpakkeri, sem vegur minnst ⅓ af þeirri þyngd, sem tilgreind er í línuritinu fyrir viðkomandi bát.

— Á bátum með óvenju stórt vindfang, skal auka þyngd akkera og styrk akkerisfesta, frá því sem annars á að vera skv. línuriti.

— Akkerisfesti skal hafa styrk og lengd skv. línuriti og vera minnst sem fyrir eitt akkeri.

— Akkeriskeðja skal hafa styrk og lengd skv. línuriti.

18.140. **Dráttartóg.**

141. Bátar skulu búnir minnst þremur dráttarlínum, sem hver um sig hefur styrk og lengd skv. línuriti.



B 128*

18.200. **Lyftibúnaður.**

18.210. **Prófun.**

211. Lyftibúnað skal prófa með álagi, sem nemur 25% umfram leyfilegt álag. Leyfilegt hámarks álag skal tilgreint á lyftibúnaðinum og má ekki vera meira en stöðugleiki leyfir skv. ákvæðum í gr. 14.232.

212. Lyftibúnað skal prófa með hangandi hlassi, sem hreyft er snögglega á þann veg, sem ætla má að gert verði við notkun.
Fjöðurvog eða samsvarandi mælitæki má nota með sérstöku samþykki.

213. Að prófun lokinni skal lyftibúnaðurinn og festing hans skoðuð nákvæmlega, til að ganga úr skugga um, hvort nokkur merki sjáist um skemmdir.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI K_1

Viðauki við reglur um eldvarnir í fiskiskipum.

EFNISYFIRLIT.

1. Eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnaður í fiskiskipum með mestu lengd 15 metrar eða meiri.
2. Fastur slökkvibúnaður vélarúms.
3. Reykköfunartæki.

1. Eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnaður í fiskiskipum með mestu lengd 15 metrar eða meiri.

1.1. Allur eldviðvörunar- og eldskynjunarbúnaður í fiskiskipum, hvort heldur sjálfvirkur eða handvirkur, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins.

1.2. Sjálfvirkum búnaði, sem skynjar og gerir viðvart um óeðlilegt reykmagn eða lofthitastig, skal komið fyrir í:

1.2.1. öllum vélarúmum búnum brennsluolíubúnaði eða öðrum búnaði, sem eldhætta stafar af.

1.2.2. vistarverum áhafnar í samræmi við ákvæði gr. 1.4.

1.2.3. geymslurýmum, vinnurýmum og stjórnrýmum, þar sem slíkt, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins er talið nauðsynlegt.

Í sérhverju þessara rýma skal a. m. k. einn skynjari vera reykskynjari. Þó skal í eldhúsi og eldhúskrók koma fyrir hitaskynjara í stað reykskynjara. Búnaðurinn skal þannig gerður, að bilunar í honum verði umsvifalaust vart.

1.3. Gerð og staðsetning skynjara og viðvörunarhljóðgjafa er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins. Skal senda stofnuninni teikningu í 3 eintökum, er sýni staðsetningu skynjara, stjórnstöðvar, viðvörunarhljóðgjafa og handboða. Teikningin skal m. a. greina frá tegund stjórnstöðvar og skynjara, gerð rafstrengja og tengingu búnaðarins við rafbúnað skipsins.

1.4. Í vistarverum skal búnaði skv. gr. 1.2. komið fyrir í öllum svefnklefum, á göngum, í stigaopum, í eldhúsum og rýmum, þar sem rafhitöld eða olíukynditæki eru staðsett.

1.5. Skynjara í vélarúmi skal staðsetja þannig, að umsvifalaust verði vart við eldsupptök án tillits til þess, hvar eða við hvaða aðstæður eldsupptökin verða.

1.6. Skynjurum skal komið fyrir í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og þannig, að eldsupptaka verði sem fyrst vart. Varast ber að staðsetja skynjara nálægt loftræstiopum, og þar sem hætta er á að þeir verði fyrir skemmdum. Skynjari, sem staðsettur er undir lofti, skal aldrei vera nærri þili en 0,5 metra, ef því verður við komið.

1.7. Mesta fjarlægð milli einstakra skynjara skal vera sem hér segir:

Tegund:	Mesta gólfflatarmál fyrir hvern skynjara	Mesta beina fjarlægð milli skynjara
Hitaskynjarar	37 m²	9 m
Reykskynjarar ...	74 m²	11 m

Siglingamálastofnunin getur gert kröfu um minni fjarlægð milli skynjara í rýmum, þar sem loftskipti eru ör, á göngum þar sem loftstrauma gætir og í rýmum með sterkum loftútblæstri (undirþrýstingi).

1.8. Á sérhverju afmörkuðu svæði skipsins, þ. e. vistarverum, vinnusvæðum eða vélarrúmi, og á hverju þilfari skal koma fyrir a. m. k. einum viðvörunarrofa, þ. e. handboða, sem setur eldviðvörunarbúnað skipsins af stað. Aldrei skulu vera meira en 15 metrar milli rofa.

1.9. Viðvörun um eld eða reyk skal gefin með hljóðgjöfum sem eru þannig staðsettir, að hljóðmerkja frá þeim verði umsvifalaust vart alls staðar í vistarverum skipsins, í brú, vinnurýmum og vélarúmum. Minnst einn viðvörunarhljóðgjafi skal vera á hverju afmörkuðu svæði skipsins og a. m. k. einn á hverju þilfari. Aldrei skulu vera meira en 15 metrar milli viðvörunarhljóðgjafa í vistarverum og vinnurýmum.

1.10. Viðvörunarhljóðgjafinn skal vera bjalla, flauta eða sírena, sem gefur skær stutt hljóðmerki. Hljóðmerkin skulu vera auðgreinanleg frá öðrum viðvörunarhljóðmerkjum skipsins.

1.11. Handboðar og skynjarar skulu tengjast öllum viðvörunargjöfum. Í skipum 100 brl. og stærri, skal eldskynjunar- og eldviðvörunarbúnaður fyrir vélarúm vera á straumás, sem er aðskilin frá öðrum eldskynjunarbúnaði og eldviðvörunarbúnaði skipsins. Í skipum 300 brl. og stærri, og í skipum afbrigðilegrar gerðar, getur Siglingamálastofnunin gert kröfu um aðgreindan skynjunarbúnað fyrir einstaka eða aðskilda hluta skipsins á þann hátt, að við stjórnstöð sé samstundis unnt að greina, hvaðan viðvörunin er gefin.

1.12. Skynjarar og viðvörunarhljóðgjafar skulu tengjast aðalrafbúnaði skipsins og geymum fyrir neyðarlýsingu, þannig að búnaðurinn tengist sjálfvirkt neyðarljósageymum, verði aðalrafbúnaður skipsins óvirkur. Hafi búnaðurinn sjálfstæða rafgeyma til notkunar í neyðartilvikum, skulu rafgeymarnir tengdir hleðslutæki, sem tryggir að geymarnir hafi ávallt fulla hleðslu.

1.13. Leiðbeiningum um búnaðinn, prófun hans og viðhald, skal komið fyrir á heppilegum stað í skipinu.

1.14. Viðvörunarbúnaðurinn skal prófaður árlega, um leið og búnaðarskoðun skipsins fer fram. Siglingamálastofnunin getur falið aðilum, sem til þess hafa fengið sérstaka viðurkenningu stofnunarinnar, að annast prófun og eftirlit með búnaðinum.

1.15. Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessara reglna, ef annar búnaður eða annað fyrirkomulag telst jafngildi þess, að reglum þessum sé fullnægt.

1.16. Reglur þessar ná til allra fiskiskipa með mestu lengd meiri en 15 metrar, sem smíði er hafin á eftir 1. sept. 1984. Öll fiskiskip 500 brl. og stærri, skulu fullnægja ákvæðum þessara reglna við fyrstu búnaðarskoðun, sem gerð er eftir 1. janúar 1985. Fiskiskip 150—500 brl. skulu fullnægja ákvæðum þessara reglna við fyrstu búnaðarskoðun, sem gerð er eftir 1. janúar 1986. Fiskiskip undir 150 brl. en með

mestu lengd meiri en 15 metrar, skulu fullngægja ákvæðum þessa reglna við fyrstu búnaðarskoðun eftir 1. janúar 1987.

2. **Fastur slökkvibúnaður vélarúms.**

2.1. Almenn ákvæði.

2.1.1. Vélarúm fiskiskipa, sem búin eru aðalvélum, hjálparvélum eða hvers kyns búnaði fyrir brennsluolíu, skulu búin gasslökkvibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 2.2. eða öðrum hliðstæðum föstum slökkvibúnaði vélarúms, sem viðurkenndur hefur verið af Siglingamálastofnun ríkisins.

2.1.2. Siglingamálastofnun getur veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum þessara reglna, ef umrædd ákvæði, að mati Siglingamálastofnunar, teljast óeðlileg og ónauðsynleg og öryggi skipsins telst ekki lakara en ella.

2.1.3. Búnaðinn skal yfirfara og prófa eftir því sem mögulegt er, og a. m. k. árlega. Siglingamálastofnunin getur falið aðilum, sem til þess hafa fengið sérstaka viðurkenningu stofnunarinnar að annast prófun og eftirlit með búnaðinum.

2.1.4. Fiskiskip, sem búin eru föstum slökkvibúnaði í véla- og ketilrúmi í samræi við ákvæði 6. greinar núgildandi reglna um eldvarnir í fiskiskipum, skulu álitin fullnægja ákvæðum þessara reglna.

2.1.5. Reglur þessar gilda um öll fiskiskip 500 brl. og stærri, og um þau vélarými annarra fiskiskipa, sem þegar eru búin föstum slökkvibúnaði. Reglurnar gilda einnig um fiskiskip með mestu lengd 15 metrar eða meiri, sem smíði er hafin á eftir gildistöku þessarra reglna. Þá skulu önnur fiskiskip, 100 brl. og stærri, þar sem aðalvél er endurnýjuð, fullnægja ákvæðum þessarra reglna við fyrstu vélbúnaðarskoðun, sem fram fer að því verki loknu.

2.2. Gasslökkvibúnaður.

2.2.1. Almenn ákvæði.

2.2.1.1. Gasslökkvibúnaður, sem komið er fyrir í skipum, skal vera viðurkenndur af Siglingamálastofnun ríkisins. Gasslökkvibúnaðinn má aðeins nota í vélarúmum skipa.

2.2.1.2. Lagnir gasslökkvimiðils frá geymsluhylki að dreifistútum skulu búnar stjórnloka. Lokinn skal vera handstýrður, annaðhvort beint eða með fjarstýringu. Sjálfvirk stjórnun stjórnlokans er óheimil. Ganga skal þannig frá lokanum og öðrum hlutum búnaðarins, að gasslökkvimiðill geti ekki vegna mistaka komist úr geymsluhylkjunum.

Sé stjórnlokinn búinn fjarstýribúnaði, skal fjarstýribúnaðurinn þannig gerður, að hann sé nothæfur, þó mikill eldur sé í vélarúmi. Sé fjarstýribúnaðurinn rafdrifinn, skal hann tengjast neyðarraforkugjafa skipsins, nema að búnaðinum tilheyri sérstök rafhlaða til notkunar í neyðartilvikum.

2.2.1.3. Fyrirkomulag lagna og stúta skal vera þannig, að dreifing gassins um vélarúmið verði sem jöfnust og áhrifamest.

2.2.1.4. Öll op að vélarúminu skulu búin tryggum og handhægum lokunarbúnaði. Lokunarbúnaðurinn skal vera fjarstýrður, ef lokunin, að mati Siglingamálastofnunarinnar, að öðrum kosti, er of seinvirk.

2.2.1.5. Stjórnbúnaður gasslökkvibúnaðarins, þ. e. handfang eða rofi, skal staðsettur á aðgengilegum stað utan vélarúms og utan þess

svæðis, sem lokast getur af, ef eldsvoða ber að höndum. Handfangið eða rofinn skal greinilega merktur því rými sem við á. Að jafnaði skal leitast við að staðsetja stjórnbúnað gasslökkvibúnaðarins við útgöngudyr að opnu þilfari. Staðsetning og fyrirkomulag búnaðarins er háð samþykki Siglingamálastofnunarinnar.

2.2.1.6. Stjórnbúnaðurinn skal greinilega merktur. Hann skal vera einfaldur og öruggur í notkun. Skal við stjórnbúnaðirnn setja upp leiðbeiningar um notkun búnaðarins.

2.2.1.7. Sé gasslökkvimiðill ætlaður til notkunar í meira en einu rými, þarf heildarmagn gasslökkvimiðils ekki að vera meira en svo, að fullnægjandi sé fyrir það rými, sem stærst er.

2.2.1.8. Geymsluhylkjum skal komið fyrir í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

2.2.1.9. Geymsluhylkin skulu smíðuð undir eftirliti viðurkenndra aðila og bera áletrun þeirra. Hylki skal auðkenna með nafni framleiðanda og framleiðslunúmeri.

2.2.1.10. Eftir að uppsetningu búnaðarins er lokið, skal hann prófaður í viðurvist eftirlitsmanns Siglingamálastofnunarinnar að svo miklu leyti sem hægt er.

2.2.2. HALON 1301 — slökkvibúnaður (Total flooding).

2.2.2.1. HALON 1301 — slökkvibúnað er því aðeins heimilt að nota í fiskiskipum, að búnaðurinn fullnægi ákvæðum greina 2.2.1 og 2.2.2.

2.2.2.2. Rými þau, sem búin eru HALON 1301 slökkvibúnaði, skulu búin aðvörunarsírenu, nema að viðkomandi rými séu varanlega lokuð og ómönnuð. Aðvörunarsírenan skal gefa viðvörun áður en unnt er að opna stjórnlokann.

2.2.2.3. Hljómur aðvörunarsírenu skal vera bæði auðgreinanlegur og auðheyranlegur hvar sem er í vélarúminu, þó svo allur vélbúnaður þess sé í gangi samtímis. Sé sírenan rafknúin, skal hún tengd neyðarraforkugjafa skipsins.

2.2.2.4. Aðalvélar, hjálpavélar og loftblásarar viðkomandi vélarúms skulu þannig útbúin, að eldsneytis- eða afltilfærsla til þeirra stöðvist sjálfkrafa áður en unnt er að opna fyrir stjórnlokann.

2.2.2.5. Magn HALON 1301 — slökkvimiðils skal við eðlilegan loftþrýsting og lofthitastig vera minnst 4,25% og mest 7% af heildarrúmtaki vélarrúmsins. Við útreikning á rúmtaki þess skal taka með rúmtak reisna, loftstokka, ganga og annarra hluta rýmisins, sem ekki eru aðskildir frá vélarúminu með loftþéttum lokunarbúnaði. Jafnframt skal taka tillit til lofts á loftkútum véla og tækja. Við rúmmálsútreikninga skal miða við að rúmstuðull HALON 1301 sé 0,16 m^3/kg.

2.2.2.6. Hæfilegur fjöldi stúta skal vera undir gólfi vélarúms.

2.2.2.7. Fyrirkomulagið skal vera þannig, að tilskilið magn slökkvimiðils geti fyllt vélarúmið á minna en 20 sek.

2.2.2.8. Geymsluhylki fyrir HALON 1301 skal geyma í sérstöku rými utan vélarúms, á öruggum og aðgengilegum stað. Rýmið skal

vera vel einangrað og loftræst. Öll op að slíku rúmi skulu vera frá opnu þilfari. Öll þil og þilför rýmisins, sem liggja að vistarverum, vinnurýmum, lestarrýmum og vélarúmum, skulu vera fullkomlega loftþétt. Þó er unnt að fallast á að geymsluhylkin séu staðsett í vélarúmi, ef eftirfarandi ákvæðum er fullnægt:

— Hylkjunum skal komið fyrir á öruggum stað, þar sem hvorki þau né stjórnlokinn verður fyrir hnjaski eða skemmdum. Setja skal sérstaka hlíf utan um hylkin og stjórnlokann, sé þess talin þörf.

— Hylkin skulu búin þrýstimæli og öryggisventli, sem opnar fyrir slökkvimiðilinn, ef þrýstingur í hylkinu verður óeðlilega hár. Jafnframt skal hylkið búið viðvörunarbúnaði, sem gerir viðvart ef slökkvimiðill lekur út af hylkinu.

— Eldur í vélarúminu skal ekki koma í veg fyrir, að búnaðurinn sé áfram í nothæfu ástandi og að eftir sem áður sé unnt að opna fyrir stjórnlokann.

2.2.3. CO_2 — slökkvibúnaður (Total flooding).

2.2.3.1. CO_2 — slökkvibúnað er því aðeins heimilt að nota í fiskiskipum, að hann fullnægi ákvæðum greina 2.2.1. og 2.2.3.

2.2.3.2. Rými þau, sem búin eru CO_2 — slökkvibúnaði, skulu búin aðvörunarsírenu, nema að viðkomandi rými séu varanlega lokuð og ómönnuð. Aðvörunarsírenan skal gefa viðvörun í nokkurn tíma, minnst eina mínútu, áður en unnt er að opna stjórnlokann.

2.2.3.3. Hljómur sírenunnar skal vera bæði auðgreinanlegur og auðheyranlegur, hvar sem er í vélarúminu, þó svo allur vélbúnaður þess sé í gangi samtímis. Sé sírenan rafknúin, skal hún tengd neyðarraforkugjafa skipsins.

2.2.3.4. Aðalvélar, hjálparvélar og loftblásarar viðkomandi vélarúms skulu þannig útbúin, að eldsneytis- og afltilfærsla til þeirra stöðvist sjálfkrafa, áður en unnt er að opna fyrir stjórnlokann.

2.2.3.5. Magn CO_2 — slökkvimiðils í vélarúmi skal við eðlilegan loftþrýsting og lofthitastig aldrei vera minna en 35% af heildarrúmtaki vélarúmsins. Við útreikning á rúmtaki þess skal taka með rúmtak reisna, loftstokka, ganga og annarra hluta rýmisins, sem ekki eru aðskildir frá vélarúminu með loftþéttum lokunarbúnaði. Jafnframt skal taka tillit til lofts á loftkútum véla og tækja. Við rúmmálsútreikninga skal miða við að rúmstuðull CO_2 sé 0,56 m^3/kg.

2.2.3.6. Fyrirkomulag búnaðarins skal vera þannig, að tilskilið magn CO_2 geti fyllt vélarúmið á skemmri tíma en 2 mínútum.

2.2.3.7. Lagnir fyrir CO_2 — slökkvimiðil skulu vera úr stáli eða öðru sambærilegu efni. Efnismál þeirra skulu ekki vera minni en sýnt er í töflunum hér að neðan.

Þvermál lagna fyrir CO_2.	
Magn (kg).	Þvermál (mm).
45	13
100	19
135	25
275	32
450	38
1100	50
2000	76

Efnisþykkt lagna fyrir CO_2.		
Ytra þvermál D (mm)	Lagnir frá CO_2 hylkjum að stjórnloka.	Lagnir frá stjórnloka að stútum.
21,3—26,9	3,2	2,6
30,0—48,3	4,0	3,2
51,0—60,3	4,5	3,6
63,5—76,1	5,0	3,6

2.2.3.8. Lagnir skal leggja þannig, að þær verði ekki fyrir hnjaski. Skulu þær vera úr heildregnu viðurkenndu efni og ryðvarðar. Þegar uppsetningu búnaðarins er lokið, skulu lagnirnar þrýstiprófaðar. Skal sá hluti lagnarinnar, sem stöðugur þrýstingur er á, prófast við 13 N/mm² þrýsting og hinn hluti lagnanna við 2,5 N/mm².

2.2.3.9. Hæfilegur fjöldi stúta skal vera undir gólfi vélarúms.

2.2.3.10. Geymsluhylki fyrir CO_2 — slökkvimiðil skal geyma í sérstöku rými utan vélarúms á öruggum og aðgengilegum stað. Rýmið skal vera vel einangrað og loftræst. Öll op að slíku rými skulu vera frá opnu þilfari. Öll þil og þilför rýmisins, sem liggja að vistarverum, vinnurýmum, lestarrýmum og vélarúmum, skulu vera fullkomlega loftþétt.

2.2.3.11. Einstefnuloki skal vera við hvert hylki, þannig að unnt sé að aftengja þau, án þess að búnaðurinn verði við það óstarfhæfur eða CO_2 leki út.

2.2.3.12. Unnt skal vera að prófa búnaðinn með lofti, án þess að CO_2 leki út úr lögnum eða hylkjum.

3. **Reykköfunartæki.**

3.1. Öll fiskiskip 300 brl. og stærri, skulu búin tvennum reykköfunartækjum af viðurkenndri gerð.

3.2. Öll fiskiskip 100 brl. og stærri, en minni en 300 brl., sem búin eru lokuðu hlífðarþilfari, skulu búin reykköfunartæki af viðurkenndri gerð.

3.3. Hverju reykköfunartæki skal fylgja líflína úr hitaþolnu efni, ekki styttri en 20 metrar. Hverju tæki skulu einnig fylgja nægar loftbirgðir í samræmi við ákvæði greinar 3.4.

3.4. Í skipum undir 500 brl. skulu loftbirgðir hvers reykköfunartækis duga til a. m. k. einnar klukkustundar notkunar miðað við 30 lítra loftnotkun á mínútu. Í skipum

500 brl. og stærri, skulu loftbirgðir hvers tækis duga til a. m. k. tveggja klukkustunda notkunar.

3.5. Reykköfnunartæki skal færa til skoðunar annað hvert ár. Siglingamálastofnunin getur falið aðilum, sem til þess hafa fengið sérstaka viðurkenningu stofnunarinnar, að annast prófun og eftirlit með tækjunum.

3.6. Fiskiskip, sem reglur þessar ná til, skulu fullnægja ákvæðum þessara reglna við fyrstu búnaðarskoðun, sem gerð er eftir 1. apríl 1985.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 52, 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði 6., 9. og 21. greina reglna um eldvarnir í fiskiskipum, nr. 260, 1969. Einnig falla úr gildi ákvæði liðs A. 5., 8. greinar og liðs A. 5., 20. greinar sömu reglna.

Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 57, nr. 521—522. Útgáfudagur 30. apríl 1985.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 — 1984

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1984.

1. ÍSLENDINGAR

1. janúar:

Albert Guðmundsson, ráðherra, Reykjavík, stórriddarakross.
Finnbogi G. Lárusson, bóndi, Laugarbrekku, Snæfellsnesi, riddarakross.
Friede Briem, Reykjavík, riddarakross.
Guðmundur Ingi Kristjánsson, bóndi, Kirkjubóli í Önundarfirði, riddarakross.
Konráð Gíslason, sjómaður, Bíldudal, riddarakross.
Magnea Þorkelsdóttir, biskupsfrú, Reykjavík, riddarakross.
Margeir Jónsson, útgerðarmaður, Keflavík, riddarakross.
Rósa Ingólfsdóttir, fv. utanríkisráðherrafrú, Reykjavík, riddarakross.
Sr. Sigurður Guðmundsson, vígslubiskup, Grenjaðarstað, riddarakross.
Sigurður Helgason, forstjóri, Reykjavík, stórriddarakross.
Sigurður Óli Ólafsson, fv. alþingismaður, Selfossi, riddarakross.
Sigurkarl Stefánsson, fv. kennari, Reykjavík, riddarakross.
Jón Gunnarsson, fv. skrifstofustjóri, Reykjavík, riddarakross.

17. júní:

Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn, Reykjavík, riddarakross.
Bjarni Rafnar, yfirlæknir, Akureyri, riddarakross.
Björn Bjarnason, magister, Reykjavík, riddarakross.
Guðjón Ingimundarson, kennari, Sauðárkróki, riddarakross.
Guðmundur Kjærnested, fv. skipherra, Reykjavík, stórriddarakross.
Hannes Þ. Hafstein, framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Haukur Guðlaugsson, söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, Akranesi, riddarakross.
Ingibjörg Jóhannsdóttir, Blesastöðum, Skeiðum, riddarakross.
Jón Sveinsson, rafvirkjameistari, Reykjavík, riddarakross.
Kristinn Olsen, flugstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Ólafur Björnsson, prófessor, Reykjavík, stjarna stórriddara.
Sigurbjörn Þorbjörnsson, ríkisskattstjóri, Reykjavík, stórriddarakross.
Soffía E. Jónsdóttir, Kópavogi, riddarakross.
Stefán Jasonarson, bóndi, Vorsabæ, Flóa, riddarakross.
Dr. Sverrir Magnússon, lyfsali, Garðabæ, riddarakross.
Þórarinn Kristjánsson, bóndi, Holti, Þistilfirði, riddarakross.
Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, Reykjavík, stjarna stórriddara.
Dr. Þórir Kr. Þórðarson, prófessor, Reykjavík, riddarakross.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

1. janúar:

Robert Eduard van Erven Dorens, ræðismaður, Amsterdam, riddarakross.

11. janúar:

Povl Assens, framkvæmdastjóri, Kaupmannahöfn, riddarakross.
Folke Rasmussen, rektor, Kaupmannahöfn, riddarakross.
Dr. Egill Snorrason, læknir, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.
Jón Magnússon, bókavörður, Seattle, riddarakross.

3. febrúar:

Paul A. N. Björnli, vararæðismaður, Drammen, riddarakross.

22. mars:

Suk Shin Choi, sendiherra, Suður-Kóreu á Íslandi, stjarna stórriddara.

28. mars:

Peter Foote, prófessor, Oxford, stjarna stórriddara.

11. apríl:

Erkki Pystynen, forseti finnska þjóðþingsins, Helsinki, stórkross.
Paavo Väyrynen, utanríkisráðherra Finnlands, Helsinki, stórkross.
John Vikström, erkibiskup Finnlands, Turku, stórkross.
Jaakko Kalela, skrifstofustjóri forseta Finnlands, Helsinki, stjarna stórriddara.
Veikko Vesterinen, ofursti, Helsinki, stjarna stórriddara.
Martti Manninen, ráðgjafi, Helsinki, stórriddarakross.
Juhani Kaskeala, kapteinn, Helsinki, stórriddarakross.
Markku Koivu, fulltrúi, Helsinki, riddarakross.
Fr. Kaija Kuisma, deildarritari, Helsinki, riddarakross.
Jaakko Lassila, forstjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
Fr. Irmeli Niemi, prófessor, Helsinki, stórriddarakross.
Keijo Tuominen generalmajór, Helsinki, stjarna stórriddara.
Bjarne Ahlqvist, majór, Helsinki, stórriddarakross.
Fr. Ulla Isaksson, sendiherrafrú, Reykjavík, stórriddarakross.
Fr. Eeva-Kristiina Forsman, sendiherra, Helsinki, stjarna stórriddara.
Carolus Lassila, sendiherra, Helsinki, stórkross.
Jyrki Aimonen, sendiherra, Helsinki, stjarna stórriddara.
Mikael Tikanvaara, sendiráðunautur, stórriddarakross.
Fr. Irma Räsänen, vara-ræðismaður, Helsinki, riddarakross.
Hans Ottelin, sendiráðsritari, Helsinki, riddarakross.
Åke Wihtol, ríkisritari, Helsinki, stórkross.
Leif Blomqvist, yfir-deildarstjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
Jan Groop, sendiherra, Helsinki, stjarna stórriddara.
Fr. Marita Eerikaeinen, deildarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.
Jukka Leino, sendiráðsritari, Helsinki, riddarakross.
Arto Vainiomäki, deildarritari, Helsinki, riddarakross.
Olli Rekola, ofursti, Helsinki, stjarna stórriddara.
Tapio Skog, majór, Helsinki, stórriddarakross.
Esko Juuri, majór, Helsinki, stórriddarakross.
Olli Urponen, yfirlögreglustjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
Seppo Tiitinen, lögreglustjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
Tapani Elomaa, lögreglufulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.

Knut Ås, lögreglufulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.
Johan Rinne, lögreglufulltrúi, Helsinki, stjarna stórriddara.
Henrik Gustafsson, landshöfðingi, stjarna stórriddarakross.
Sune Carlsson, forseti þings Álandseyja, stjarna stórriddara.
Folke Woivalin, landsritari, Álandseyjum, stjarna stórriddara.
Harri Holkeri, forseti borgarstjórnar Helsinki, stjarna stórriddara.
Raimo Ilaskivi, yfirborgarstjóri, Helsinki, stjarna stórriddara.
Carl Öhman, forstjóri Finlandia hússins, Helsinki, stórriddarakross.
Simo Somiska, ritari, Helsinki, riddarakross.
Heikki Löyttyniemi, forseti borgarstjórnar Turku, stórriddarakross.
Armas Lahoniitty, borgarstjóri, Turku, stórriddarakross.
Klas Eklund, forseti borgarstjórnar Mariehamn, stórriddarakross.
Pauli Vuola, sóknarprestur, Helsinki, riddarakross.
Osmo Vuoristo, safnstjóri, Helsinki, riddarakross.
Okko Kamu, hljómsveitarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.
Jarno Peltonen, safnstjóri, Helsinki, riddarakross.
Stig Dreyer, safnstjóri, Helsinki, riddarakross.
Göte Sundberg, safnstjóri, Helsinki, riddarakross.
Olli Varis, hótelstjóri, Helsinki, riddarakross.
Kurt Juuranto, aðalræðismaður, Helsinki, stjarna stjórriddara.
Kai Juuranto, ræðismaður, Helsinki, stjarna stórriddara.
Fr. Leena Juuranto, aðalræðismannsfrú, Helsinki, stórriddarakross.
Veikko Sievanen, flugstjóri, Helsinki, riddarakross.
Kari Ojarmies, foringi heiðursvarðarins, riddarakross.

16. apríl:
Dr. Gösta Holm, prófessor, Lundi, stórriddarakross.
Erik Philip Sörensen, ræðismaður, Malmö, riddarakross.

5. júní:
Elisabeth Luns, Amsterdam, stórriddarakross.

2. júlí:
Per Saugman, forstjóri hjá Blackwell, Oxford, riddarakross.

4. júlí:
Hans Christoph von Beschwitz, attache, Bonn, riddarakross.
Phyllis Lamphere, formaður, Scandinavia Today, Seattle, riddarakross.
Sven Viig, bankastjóri, Osló, stórriddarakross.

10. ágúst:
Göran Bergendal, tónlistarfræðingur, Stokkhólmi, riddarakross.

19. nóvember:
Svend Kragh Petersen, forstjóri, Kaupmannahöfn, riddarakross.

21. desember:
Jonkheer Emile van Lennep, fv. aðalframkvæmdastjóri O.E.C.D., Hollandi, stórkross.
Jacques Vermer, fv. sendiherra Belgíu á Íslandi, stórkross.
Erik Bidsted, balletmeistari, Kaupmannahöfn, riddarakross.

EMBÆTTI, SÝSLANIR

1983:

13. des. var Vigfúsi Guðmundssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Húsavíkurumdæmis (Húsavíkur Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

19. des. var cand. odont. Guðrúnu Haraldsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

1984:

5. jan. voru Ragnhildur Hjaltadóttir, löglærður fulltrúi, og Guðbjörg Ársælsdóttir, fulltrúi, skipaðar deildarstjórar í samgönguráðuneytinu frá 1. janúar 1984.

9. jan. var Ólafi Pálmasyni, mag. art., veitt lausn úr stöðu deildarstjóra í þjóðdeild Landsbókasafns Íslands að eigin ósk frá 1. janúar 1984 að telja.

10. jan. var cand. med. et chir. Sigurði Boga Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

11. jan. var Sir Athelstan Caröe veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Liverpool.

S. d. var James Anthony Brown skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Liverpool.

12. jan. var Gylfi Haraldsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir í Laugarási, Biskupstungum, frá og með 1. júlí 1984 að telja.

13. jan. var Frank W. C. Pitt veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Bristol. Ræðisskrifstofunni hefur jafnframt verið lokað.

19. jan. var Helga I. Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Guðjóni Erling Friðrikssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Guðgeiri Ingólfi Friðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. jan. var Stefáni Melsted, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. jan. var Magnúsi Jónssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Grindavíkurumdæmis frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Sigurbergi Guðjónssyni, héraðsdómara við embætti bæjarfógetans í Kópavogi, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1984 að telja.

S. d. var Sigurði Rafni Bjarnasyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Norðfjarðarumdæmis (Nes Apótek, Neskaupstað), frá og með 1. júlí 1994 að telja.

1. febr. var Soffía Magnúsdóttir, fulltrúi, skipuð til þess að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. febrúar 1984 að telja.

7. febr. var cand. med. et chir. Sigurgeiri M. Jenssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Atla G. Steingrímssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Stefáni Yngvasyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

8. febr. var cand. med. et chir. Baldvini Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

9. febr. var cand. med. et chir. Sveini Rúnari Haukssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. afhenti Sigurður Bjarnason herra Giani Zail Singh, forseta Indlands, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Indlandi með aðsetur í Reykjavík.

10. febr. var Ásmundi Magnússyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis í Vestmannaeyjum frá og með 1. mars 1984 að telja.

S. d. var Shreekrishna Datye, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Jóni Gunnlaugi Jónassyni, cand. mag. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Magnúsi Ólasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í orkulækningum hér á landi.

S. d. var Einari Steingrímssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geislagreiningu hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Birni P. Flygenring veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

13. febr. var Bergi Sigurði Oliverssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Gísla Einarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Jóhannesi Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

14. febr. var Pertti Lindqvist skipaður til að vera varakjörræðismaður í Lahti, Finnlandi.

16. febr. var aðalræðismaðurinn í Montevideo, Walter Koltonski, skipaður til þess að vera einnig aðalræðismaður Íslands í Buenos Aires.

S. d. var Antonio Ruiz Ochoa skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Puerto Rico.

S. d. var Graham G. Hayward skipaður kjörræðismaður Íslands í Kuala Lumpur.

20. febr. var Eiríki Tómassyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

22. febr. var cand. med. et chir. Helga Jóhannesi Ísakssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Sveini Guðmundssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. febr. var cand. med. et chir. Jónasi Ingimarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

27. febr. var cand. odont. Friðgerði Samúelsdóttur veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var Önnu Inger Eydal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp hér á landi.

S. d. var Klemenz Eggertssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. febr. var Andrési Sigvaldasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í lungnalækningum sem hliðargrein við almennar lyflækningar hér á landi.

S. d. var Pétri Thorsteinssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Kristínu Gísladóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

29. febr. var Friðrik Vagn Guðjónsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir við heilsugæslustöð á Siglufirði frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

2. mars var cand. med. et chir. Jan Philip Junker Eikeland veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Þorsteinn Sigfússon skipaður til að gegna starfi forstöðumanns Gunnarsholtshælis, Rangárvallasýslu, frá og með 1. apríl 1984.

6. mars var Jóni Kr. Sólnes, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

13. mars var Þórarinn E. Sveinsson skipaður yfirlæknir í krabbameinslækningum við Landspítalann frá og með 15. mars 1984.

14. mars var Kristjáni Erlendssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum með ofnæmis- og ónæmisfræði sem undirgrein, hér á landi.

S. d. var Helga J. Ísakssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í líffærameinafræði hér á landi.

S. d. var Torfa Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

15. mars var Böðvari Helga Sigurðssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Gunnar Aðalsteinsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. apríl 1984 að telja.

S d. var Valgarður Sigurðsson, lögfræðingur, skipaður fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 1. apríl 1984 að telja.

16. mars var Ásbirni Ólafi Sveinssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Ísafjarðarumdæmis (Ísafjarðar Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Guðmundi Sigurðssyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum héraðslæknis í Austur-Egilsstaðahéraði frá og með 1. september 1984 að telja.

19. mars var skipað í eftirtaldar hlutastöður dósenta í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja: Bjarki Magnússon dósent í líffærameinafræði, Tómas Á. Jónasson dósent í meltingarsjúkdómum og Þröstur Laxdal dósent í barnasjúkdómafræði.

28. mars var cand. med. et chir. Sigurði Kristjánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

29. mars var cand. med. et chir. Björgu Kristjánsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

30. mars var cand. med. et chir. Sólveigu Óskarsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. apríl var gefin út löggilding handa Auðunni Finnssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og af norsku.

S. d. var Hallgrími Magnússyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis á Patreksfirði frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var gefin út löggilding handa Lúðvík Emil Kaaber til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi í og úr ensku.

S. d. var gefin út löggilding handa Boga Arnari Finnbogasyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi í og úr ensku.

4. apríl var cand. med. et chir. Birni Einarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. apríl var gefin út löggilding handa Má Magnússyni, til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og af þýsku.

6. apríl var Þórður Örn Sigurðsson skipaður lektor í rómönskum málum, með sérstöku tilliti til spænsku, í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

13. apríl var Stefán P. Þórarinsson, stjórnarráðsfulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. maí 1984 að telja.

S. d. var Kjartan S. Júlíusson, fulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu frá 1. maí 1984 að telja.

16. apríl var Sjöfn Sigurbjörnsdóttir skipuð kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1984 að telja.

17. apríl afhenti Pétur Thorsteinsson, Sir Ninian Stephen, landstjóra Ástralíu, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Ástralíu með aðsetur í Reykjavík.

18. apríl var cand. med. et chir. Rolf Åke Christian Lindell veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

26. apríl var Daníel Gunnarssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

27. apríl var Baldur Sigfússon skipaður í stöðu dósents í geislalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja.

30. apríl var Sigurði G. Jónssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs Apóteks Austurbæjar í Reykjavík frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Guðmundi Steinssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar í Breiðholtshverfi III í Reykjavík. Skyldi reksturinn hefjast svo fljótt sem verða mætti.

S. d. var Gylfi Kristinsson, stjórnmálafræðingur, skipaður deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu frá 1. maí 1984.

2. maí var Þorsteini Sigurðssyni, lækni, að eigin ósk, veitt lausn frá störfum héraðslæknis í Norður-Egilsstaðahéraði, fyrir aldurs sakir frá og með 1. júlí 1984 að telja.

4. maí var cand. med. et chir. Sigurði Júlíussyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Benedikt Jónsson skipaður til að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 6. maí 1984 að telja.

8. maí var Dino Eminente veitt lausn frá störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Napoli.

S. d. var Roberto Eminente skipaður kjörræðismaður Íslands í Nepoli.

S. d. var Svölu Thorlacius, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Almari Grímssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs Hafnarfjarðar Apóteks, Hafnarfirði, frá og með 1. janúar 1985 að telja.

10. maí var Magnúsi Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

11. maí var dr. med. Ólafi Bjarnasyni veitt lausn frá prófessorsembætti í réttarlæknisfræði í læknadeild Háskóla Íslands fyrir aldurs sakir frá 31. desember 1984 að telja.

14. maí var Eiríki Benjamínssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S. d. var gefið út leyfisbréf handa cand. med. et chir. Bárði Sigurgeirssyni til þess að mega stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Einari Ólafi Arnbjörnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnaskurðlækningum, sem hliðargrein við almennar skurðlækningar, en leyfi til þeirra fékk hann 16. mars 1981.

S. d. var Ara Ó. Halldórssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

15. maí var cand. med. et chir. Marianne Ósk Brandsson-Nielsen veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Sigurjóni Guðjónssyni, lyfsala, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Garðabæjarumdæmis frá og með 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var Erni Ævari Markússyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs Garðs Apóteks í Reykjavík frá og með 1. janúar 1985 að telja.

17. maí var eftirtöldum veitt leyfi til þess að mega kalla sig og starfa sem sjóntækjafræðingar hér á landi, sbr. lög nr. 17/1984 um sjóntækjafræðinga: Benedikt Ólafsson, Bergsteinn

Stefánsson, Egill Ingólfsson, Einar Pálsson, Elín Bjarnadóttir, Gunnar Þór Benjamínsson, Haraldur Stefánsson, Karl Kreidler, Kristín Gunnarsdóttir, Walter Lenz, Árni P. Björgvinsson, E. Pétur Christiansen, Gunnar Guðjónsson, Gunnar Klingbeil, Harald Kristófersson, Hilmar Herbertsson, Jóhann Sofusson, Karl Davíðsson, Kjartan Kristjánsson.

22. maí var Arnmundi Backman, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

25. maí var Guðmundur Kristjánsson, settur forstjóri ríkisprentsmiðjunnar, skipaður til þess að vera forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg.

S. d. var Magnús R. Jónasson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöðina í Fossvogi frá og með 1. júní 1984 að telja.

28. maí var Ludvig Guðmundsson, læknir, skipaður til þess að vera læknir við Heilsugæslustöðina Seltjarnarnesi frá og með 1. júní 1984 að telja.

30. maí lést Harry Ingolf Hansen varakjörræðismaður Íslands í Svendborg.

4. júní var Óttari Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Sigurði Sveinssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Haraldi Óskari Tómassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

5. júní var Thorsten Adolf Magnus Thörnblad skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Kungshamn.

S. d. var Kjell Elis Hansson skipaður kjörræðismaður með vararæðisstigi í Lysekil.

6. júní var Þórunni Guðmundsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Magnúsi M. Norðdahl, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. júní var Sigurður V. Sigurjónsson skipaður lektor í líffærafræði í læknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Brynjólfi Ingólfssyni, ráðuneytisstjóra, veitt lausn frá embætti, vegna veikinda frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Jón Þ. Hallgrímsson skipaður dósent í fæðingar- og kvensjúkdómafræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 til 30. júní 1989.

8. júní var séra Stefáni Snævarr, Dalvík, vegna aldurs, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Dalvíkurprestakalli og prófasts í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 15. september 1984 að telja.

S. d. var Leifur A. Símonarson, lic. scient., skipaður dósent í steingervingafræði í jarðfræðiskor verkfræði- og raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. júlí 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá sérfræðingsstöðu í jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá fyrrgreindum tíma að telja.

14. júní var Gunnsteinn Stefánsson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Egilsstöðum frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Jóhann Tómasson, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Reykjalundi, Mosfellssveit, frá og með 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Þórey Kolbeins, settur yfirkennari, skipuð til þess að vera yfirkennari við Þroskaþjálfaskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Tryggva Gunnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

15. júní var Sigríður Á. Snævarr skipuð til að vera sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júní 1984 að telja.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Flóka Kristinssyni fyrir Hólmavíkurprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

S. d. var gefið út veitingarbréf handa síra Sigurði Árna Þórðarsyni fyrir Ásaprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi.

S. d. var Jóni Þórðarsyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Patreksfjarðarumdæmis (Patreks Apótek) frá og með 1. júlí 1984 að telja.

18. júní var Ólafi Siemsen veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Klemensi Tryggvasyni, hagstofustjóra, veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir, frá 1. janúar 1985 að telja.

19. júní var Pétri Lúðvíkssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnataugalækningum hér á landi.

20. júní var Lýður Björnsson skipaður dósent í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. júní 1984 að telja.

21. júní var Ólafi Grími Björnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meinefnafræði og meinalífeðlisfræði hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Ásgeiri Böðvarssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Arnaldi Valgarðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingum og deyfingum hér á landi.

S. d. var Hlédísi Guðmundsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum hér á landi.

22. júní var séra Kristni Ágústi Friðfinnssyni, sóknarpresti á Suðureyri, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi.

25. júní var Áslaug Brynjólfsdóttir skipuð fræðslustjóri í Reykjavík frá 1. júlí 1984 að telja, sbr. lög nr. 63/1974, um grunnskóla. Jafnframt var henni veitt lausn frá starfi yfirkennara við Fossvogsskóla í Reykjavík frá sama tíma.

27. júní var Bjarni Vilhjálmsson leystur frá því að gegna embætti þjóðskjalavarðar frá 1. desember 1984 að telja.

28. júní var Haraldur Briem skipaður dósent í lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1984 að telja.

S. d. var Þórhildur Ólafsdóttir skipuð lektor í frönsku í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. lést Hugo Brammer kjörræðismaður Íslands í Helsingör.

5. júlí var Knud Teisen skipaður til þess að vera kjörræðismaður Íslands í Birmingham.

S. d. voru Axel Nikolaison og Sigrún Magnúsdóttir skipuð kennarar við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.

9. júlí voru Ástþór Gíslason og Guðjón Ó. Magnússon skipaðir kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti frá 1. ágúst 1984 að telja.

11. júlí var Hilmar Jón Bragason skipaður kennari við Menntaskólann að Laugarvatni frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. voru Daniéle Fernandez og Fanný Ingvarsdóttir skipaðar kennarar við Menntaskólann við Sund frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Þór Vigfússon skipaður skólameistari Fjölbrautaskólans á Selfossi frá 1. ágúst 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá stöðu kennara við Menntaskólann við Sund frá sama tíma.

S. d. voru Björn Gunnlaugsson og Snorri Baldursson skipaðir kennarar við Ármúlaskólann í Reykjavík frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Ólafur S. Magnússon skipaður kennari við Ármúlaskólann í Reykjavík frá 1. september 1984 að telja. Jafnframt var honum veitt lausn frá kennarastöðu við grunnskóla Reykjavíkur frá sama tíma.

12. júlí voru Ásdís Kristjánsdóttir og Guðrún S. Helgadóttir skipaðar kennarar við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Elísabet S. Hannesdóttir skipuð kennari við Menntaskólann í Kópavogi frá 1. september 1984 að telja. Jafnframt var henni veitt lausn frá starfi kennara við grunnskóla Kópavogs frá sama tíma.

13. júlí var Halldóri Ásgrímssyni sjávarútvegsráðherra falið að gegna störfum forsætisráðherra um stundarsakir vegna utanfarar Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra.

16. júlí voru skipaðir eftirtaldir kennarar við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja: Anna Sigurðardóttir, Ásgerður Magnúsdóttir, Erna Árnadóttir, Jón Guðmundsson og Kristín Björk Gunnarsdóttir. Helga Þórðardóttir var skipuð félagsráðgjafi við skólann frá sama tíma.

17. júlí var Margrét Baldvinsdóttir skipuð kennari við Menntaskólann á Akureyri frá 1. ágúst 1984 að telja.

19. júlí voru Lárus H. Bjarnason og Þórunn Klemenzdóttir skipuð kennarar við Menntaskólann við Hamrahlíð frá 1. ágúst 1984 að telja.

20. júlí var Helgi Jónsson skipaður kennari við Tækniskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Birni Gunnlaugssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

24. júlí var Sigurður M. Magnússon, eðlisfræðingur, skipaður til þess að vera forstöðumaður geislavarna Hollustuverndar ríkisins frá og með 1. júlí 1984 að telja.

30. júlí var Ólafi Steinari Valdimarssyni, settum ráðuneytisstjóra, veitt embætti ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu frá 1. sama mánaðar.

S. d. var Halldóri S. Kristjánssyni, settum skrifstofustjóra, veitt embætti skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu frá 1. sama mánaðar.

S. d. var Sigurjóni Jónssyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjabúðar Vestmannaeyjaumdæmis (Apótek Vestmannaeyja) frá og með 1. janúar 1985 að telja.

1. ágúst var gefið út takmarkað og tímabundið leyfi samkvæmt 25. gr. laga nr. 50/1978, um vátryggingastarfsemi, handa Peter J. Constable, enskum ríkisborgara, til þess að starfa sem tryggingastærðfræðingur fyrir Alþjóðalíftryggingafélagið hf., til tveggja ára frá og með 1. ágúst 1984 að telja.

3. ágúst var Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur, skipaður í embætti hagstofustjóra, frá 1. janúar 1984 að telja.

7. ágúst var cand. odont. Árna Þórðarsyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

S. d. var cand. odont. Agli R. Guðjohnsen veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

9. ágúst var Ólöf Pétursdóttir, deildarstjóri, skipuð í embætti héraðsdómara við embætti bæjarfógetans í Kópavogi frá 15. september 1984 að telja.

13. ágúst var Baldri Möller veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir aldurs sakir frá 1. desember 1984 að telja.

S. d. var Benedikt Ásgeirsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Gunnar Snorri Gunnarsson skipaður sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Sigríður Berglind Ásgeirsdóttir skipuð sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. var Erni Sigurðssyni veitt lausn frá embætti deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, að eigin ósk, frá 1. september 1984 að telja.

14. ágúst var Stefáni Eggertssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum hér á landi.

15. ágúst var Steini Jónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Sigurjón H. Ólafsson skipaður lektor í munnskurðlækningum í tannlæknadeild Háskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja.

S. d. voru eftirtalin skipuð lektorar í tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. september 1984 að telja: Einar Ragnarsson, lektor í gervitannagerð, Sigurjón Arnlaugsson, lektor í tannvegsfræði, Karl Örn Karlsson, lektor í bitfræði og formfræði, Guðrún Gísladóttir, lektor (50% hlutastaða) í tannvegsfræði.

15. ágúst kom Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra heim úr för sinni til útlanda og tók við störfum forsætisráðherra, sem falin höfðu verið Halldóri Ásgrímssyni vegna fjarveru hans.

23. ágúst var Sigurjóni Jónssyni, að hans ósk, veitt lausn frá störfum forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins frá og með 1. janúar 1984 að telja.

24. ágúst var Davíð Erlingsson skipaður lektor í íslenskum bókmenntum í heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1984 að telja.

S. d. var Margréti Oddsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Grétari Ottó Róbertssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. ágúst var Alfreð Ómari Ísakssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

30. ágúst var Andrés Magnússon, læknir, skipaður til þess að vera heilsugæslulæknir á Patreksfirði frá og með 1. nóvember 1984 að telja.

31. ágúst var cand. odont. Hauki F. Valtýssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

1. sept. tók Haukur Ólafsson við starfi sem sendiráðsritari við sendiráð Íslands í Bonn.

S. d. tók Hjálmar W. Hannesson við starfi sem sendiráðunautur í alþjóðadeild utanríkisráðuneytisins.

S. d. tók Hörður H. Bjarnason við starfi sem sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Washington.

S. d. tók Benedikt Jónsson við starfi sem sendiráðsritari í Moskvu.

3. sept. var dr. Bragi Jósepsson skipaður dósent í uppeldisfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. september 1984 að telja.

5. sept. var Ólafi R. Ingimarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S. d. var Stefán Þórarinsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir í Austurlandshéraði, sbr. 6. gr. 2. tl. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, frá og með 1. september til og með 30. júní 1986.

12. sept. var gefið út veitingarbréf handa séra Jóni Helga Þórarinssyni fyrir Dalvíkurprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var Tryggva Agnarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Friðjóni Erni Friðjónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Hjálmari R. Bárðarsyni, siglingamálastjóra, veitt lausn frá embætti, að eigin ósk, frá 1. desember 1984.

20. sept. var cand. med. et chir. Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Ármanni Snævarr, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. nóvember 1984 að telja.

S. d. var Jóni Brynjólfssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var cand. med. et chir. Halldóri Kolbeinssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. sept. var Guðmundi M. Jóhannessyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í blóðsjúkdómum hér á landi.

S. d. var Stefáni Niclas Stefánssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Einari Ólafssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

1. okt. var Trausta Péturssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S. d. var Árna Vésteinssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

5. okt. var Ólafur Ásgeirsson skipaður þjóðskjalavörður frá 1. desember 1984 að telja.

21. okt. afhenti Hannes Hafstein herra Hosni Mubarak forseta Egyptalands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Egyptalandi með aðsetur í Genf.

30. okt. var Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri, skipaður ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. janúar 1985 að telja.

31. okt. var Guðmundur Skaftason, hæstaréttarlögmaður, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. nóvember 1984 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Ágústu Andrésdóttur veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. nóv. var Markús Örn Antonsson skipaður útvarpsstjóri frá 1. janúar 1985 að telja.

6. nóv. var Guðmundur Björnsson, fulltrúi, skipaður til að vera deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1984 að telja.

8. nóv. var cand. med. et chir. Valþóri Stefánssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

9. nóv. var Ugga Þ. Agnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Andra Árnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S. d. var Magnúsi Böðvarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

S. d. var Jóhann Heiðar Jóhannsson skipaður dósent í meinafræði munns og kjálka í tannlæknadeild Háskóla Íslands til þriggja ára frá 1. september 1984 að telja.

12. nóv. var cand. med. et chir. Hannesi Stephensen veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. nóv. afhenti Tómas Á. Tómasson, Baudouin Belgíukonungi, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Islands í Belgíu.

16. nóv. var cand. med. et chir. Jóni Jóhannesi Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. nóv. var Aage Vestergaard skipaður varakjörræðismaður Íslands í Kolding.

S. d. var Elinor Brammer skipuð kjörræðismaður Íslands í Helsingör.

23. nóv. afhenti Tómas Á. Tómasson, Gaston Thorn formanni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og hinn 26. nóvember Jim O'Keefe staðgengli formanns Evrópubandalaganna trúnaðarbréf sín sem sendiherra Íslands hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.

27. nóv. var Theodor G. Sigurðssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. des. var sr. Kristjáni Róbertssyni, að eigin ósk, veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hálsprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá 31. desember 1984 að telja.

S. d. var Garðari Garðarssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

S. d. var Jóni Halldórssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings við Hæstarétt.

5. des. var Þráni Rósmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnaskurðlækningum hér á landi.

S. d. var Friðriki Vagni Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

10. des. var Sigrún Klara Hannesdóttir skipuð dósent í bókasafnsfræði í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. desember 1984 að telja.

11. des. var Jóni Böðvarssyni veitt lausn frá stöðu skólameistara við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík, frá 1. janúar 1985 að telja, samkvæmt hans eigin ósk.

12. des. var Þorsteinn Halldórsson, Dipl. Phys., skipaður prófessor í tilraunaeðlisfræði við eðlisfræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

14. des. var Helga Júlíusi Óskarssyni cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Maríu Sigurðardóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S. d. var Kára Stefánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugalækningum hér á landi.

S. d. var Ásgeiri Haraldssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. des. var eftirtöldum dýralæknum veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi: Cand. med. vet. Alfreð Schiöth, cand. med. vet. Katrínu Andrésdóttur og cand. med. vet. Þorvaldi Hlíðdal Þórðarsyni.

S. d. var Sveinn Helgi Guðmundsson skipaður til að vera héraðsdýralæknir í Norð-Austurlandsumdæmi.

20. des. var Hjörleifi Þórarinssyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

23. des. var Jónínu Bjartmarz, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. des. var Magnús Þ. Torfason kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1985 til ársloka 1986. Sigurgeir Jónsson hæstaréttardómari var kjörinn varaforseti til sama tíma.

S. d. var Tómas Árnason, fyrrverandi ráðherra, skipaður bankastjóri við Seðlabanka Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var cand. med. et chir. Einfríði Árnadóttur veitt almennt lækningaleyfi.

28. des. var Ellert Ágústi Magnússyni veitt leyfi til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

31. des. var Kornelíus J. Sigmundsson skipaður til að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1985 að telja.

S. d. var Jóni A. Sigurpálssyni, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, veitt lausn frá embætti að eigin ósk frá og með 1. janúar 1985.

S. d. var Húnbogi Þorsteinsson skipaður til þess að vera deildarstjóri í félagsmálaráðuneytingu frá 1. janúar 1985 að telja.

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Sendiherrar:

14. febrúar afhenti Anthony Frederick Dingle forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Ástralíu á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

S.d. afhenti Jehudith Huebner forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ísrael á Íslandi með aðsetur í Osló.

27. mars var Hans Andreas Djurhuus veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Danmerkur á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

15. maí afhenti Keisuke Ochi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Japan á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti Gerhard Waschewski forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra þýska alþýðulýðveldisins á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Mesud Besniku forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Júgóslavíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

17. maí var Andrés Armburú-Menchaca veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Perú á Íslandi með aðsetur í London.

30. maí afhenti Károly Szigeti forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ungverjalands á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. afhenti Tomas Ortega Bertrand forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Mexíkó á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Samih Essawi Zayed forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Egyptalands á Íslandi með aðsetur í Osló.

13. júní afhenti Arnold Hugentobler forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sviss á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Kyoo Hyun Lee forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kóreulýðveldisins á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Sathit Sathirathaya trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Thailands á Íslandi með aðsetur í Osló.

4. júlí var dr. Fernando Baez Duarte veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Venezúela á Íslandi með aðsetur í Osló.

19. júlí var John Maurice Harrington veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Kanada á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. var Paul Denis veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Belgíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

31. júlí var Harold McDonald Forde veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Barbados á Íslandi með aðsetur í London.

15. ágúst var Mariano Fontecilla de Santiago Concha veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Chile á Íslandi með aðsetur í Osló.

28. ágúst afhenti Ishwari Raj Pandey forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Nepal á Íslandi með aðsetur í London.

S.d. afhenti Kamal Nain Bakshi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetur í Osló.

S.d. afhenti Joseph Kaibe Mollo forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Lesóthó á Íslandi aðsetur í Kaupmannahöfn.

2. október afhenti Evgeniy A. Kosarev forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi.

4. október var John Muzhar veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Indónesíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

6. nóvember afhenti Chen Luzhi forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kína á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

S.d. afhenti Salihu Suleiman forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Nígeríu á Íslandi með aðsetur í Dublin.

S.d. afhenti Sefik Fenmen forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tyrklands á Íslandi með aðsetur í Osló.

8. nóvember var Abdelaziz Kara veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Alsír á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S.d. var dr. Jorge Javier Jenkins-Molieri veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Nicaragua á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

27. nóvember afhenti Ernest Cheruiyot arap Lang'at forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kenýa á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

Ræðismenn:

18. apríl var Páli Hjaltdal Zophoníassyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Svíþjóðar í Vestmannaeyjum.

26. mars var Donald H. Leavitt veitt viðurkenning sem ræðismanni Kanada á Íslandi. Ræðismaðurinn starfar jafnframt sem sendiráðunautur í sendiráði Kanada gagnvart Íslandi í Osló.

13. júní var Jóni Páli Halldórssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Svíþjóðar á Ísafirði.

16. nóvember var Einari Val Bjarnasyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands í Vestmannaeyjum.

19. nóvember var Richard Michael Gorman veitt viðurkenning sem ræðismanni Ástralíu á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

Nr. 526

SKRÁ

um hlutafélagatilkynningar sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaði 1984.

A. B. C. hf. umboðs- og heildverslun 50
Aðallögn hf. 50
Afdrep hf. 30
Álíming hf. 59
Almenna Kerfisfræðistofan hf. 89
Alpan hf. 63
Alprent hf. 50
Antaris hf. 30
Árbakkabúið hf. 30
Árblik hf. 93
Arkarfilm hf. 106
Arnarvör hf. 88
Árver hf. 72
Ásel hf. 93
Austfar hf. 72
Avco hf. 63
Barkers hf. 21
Básfell hf. 50
Bifreiðastöð Akraness hf. 93
Bílaleiga Suðurnesja hf. 93
Bílasalan Braut hf. 106
Bjálkinn hf. 89
Blátindur hf. 58
Blazer hf. 72
Blikkás hf. 27
Blær hf. 83
Bókaútgáfan hf. 59
Bókiðn hf. 30
Borðinn hf. 71
Borgarnúpur hf. 93
Borgarsprautun hf. 30
Brauðgerð Ólafsvíkur hf. 83

Brimill hf. 7
Bræðraco hf. 59
Byggingar og Ráðgjöf hf. (B. O. R. hf.) 7
Byggingarfélagið Höfði hf. 30
Byggingaval hf. 19
Bækur og hugbúnaður hf. 8

Cosmos á Íslandi hf. 63

Drangey hf. 101
Dyn hf. 19
Dögun hf. 19
Dömugarðurinn hf. 59

E. G. hf. 50
E. G. G. hf. 100
E. G. Innréttinga- og byggingaþjónusta hf. 59
EP — Járnsmíði hf. 25
Efnamiðstöðin hf. 83
Eik hf. 72
Eldberg hf. 59
Elri hf. 50
Engihjalli 8 hf. 72
Entek á Íslandi hf. 10
Eskó hf. 25

Farsæll hf. 30
Fasteignasalan Fjárfesting hf. 27
Ferdinand Róbert Eiríksson hf. 94
Ferðaskrifstofa Vestmannaeyja hf. ... 59
Ferðaskrifstofan Terra hf. 59
Ferðaskrifstofan Ævintýraferðir hf. .. 63
Fiskeldi Grindavíkur hf. 93
Fiskeldisstöðin Sjávargull hf. 106
Fiskirækt hf. — fjárfestingarfélag um fiskirækt hf. 106
Fiskverkun Drafnar hf. 59
Fit hf. 4
Fjarðarnet hf. 106
Fjárfestingar hf. 7
Fjölritun hf. 30
Flugskólinn hf. 83
Fóðurstöð Suðurlands hf. 83
Fontur hf. 30
Fossnes hf. 6
Fyrirmynd hf. 100

G. Á. húsgögn hf. 19
G. J. Húsgögn hf. 59
G. S. Halldórsson hf. 83
G. Steindórsson hf. 21
G. Þorsteinsson & Johnson hf. 7
Galleri Borg hf. 59
Gallery Lækjartorg hf. 27
Glerverksmiðjan Esja hf. 88
Gófer hf. 88
Goggur hf. 26
Grandaver hf. 106
Gróðrarstöðin Valsgarður hf. 93
Gullfoss hf. 21

H-Tak hf. 59
Hafbeit hf. 8
Hafnarstræti 87—89 hf. 72
Hafnir hf. — Fiskverkun 27
Haforka hf. 4
Hagræðing hf. 89
Hagskipti hf. 89
Hagtorg hf. 50
Handlæknastöðin hf. 6
Happy-húsgögn hf. 8
Haraldur hf. 106
Heildverslun J. V. Guðmundsson hf. 50
Heildverslunin Rún hf. 30
Hersir hf. 59
Hesco hf. 89
Hlutir hf. 4
Hof hf. 99
Hornagarður hf. 71
Hótel Búðir hf. 59
Hraunhamar hf. 7
Hreint hf. 27
Hringás hf. 29
Hringrás hf. 25
Hringrás hf. 59
Hringsjá hf. 59
Hugbúnaður hf. 63
Hvítserkur hf. 83
Hvoll hf. 100
Hænco hf. 58

Iðnþróunarfélag Austur-Húnvetninga hf. 6
Impex hf. 59
Innréttingamiðstöðin hf. 50
Innréttingar hf. 83
Ípex hf. 83
Ísaco hf. 4
Ísak hf. 99
Ísco hf. 50
Ísey hf. 106
Ísfilm hf. 63
Ís-Hrím hf. 83
Ísleir hf. 89
Íslenska kvikmyndasamsteypan hf. ... 88
Íslenski Jólasveininn á Norðurpólnum hf. 50

Íslenskir Eðalvagnar hf. 59
Íslenskir víkingar hf. 63
Íslenskt sjávargull hf. 83
Íslenskur húsbúnaður hf. 88
Ísmynd hf. 59
Ísoft hf. 50
Ísval hf. 59

J. R. Júlíusson hf. 30
Járntækni hf. 30
Jóhann Briem Ráðgjafaþjónusta hf. .. 5

Kaktus hf. 50
Kaldsólun hf. 93
Kauptún hf. 63
Kinnaberg hf. 83
Kjóll og hvítt hf. 59
Kjötbær hf. 50
Kóaxkerfi hf. 25
Kolsstaðir hf. 100
Kópavör hf. 7
Krafla, malarnám hf. 59
Kraftdælan hf. 93
Kraftverk hf. 27
Kristinn S. Kristinsson hf. 63
Krit hf. 100
Kvikmyndaþýðingar hf. 93
Kvörðun hf. 63
Könnunarstofan hf. 7

Laugarás hf. 72
Leðurkaup hf. 101
Líf í tuskunum hf. 72
Lífbátaþjónustan hf. 83
Línuljós hf. 59
Lista — Kiljan hf. 94
Listamiðstöðin hf. 59
Ljósbrá hf. 58
Ljósver hf. 83
Lækjartún hf. 93

Magnús Hannibalsson hf. 8
Malarrif hf. 59
Malbik hf. 93
Mánafell hf. 72
Már hf. 7
Marex hf. 58
Matvælaiðjan Mar hf. 7
Meka hf. 59
Melrakki hf. 8
Menja hf. 26
Midas auglýsingaþjónusta hf. 7
Molinn hf. 83
Múlasel hf. 90
Myndbandaleigan Snældan hf. 7
Myndbær hf. 5
Myndval hf. 83

N. P. Varahlutir hf. 83
Neslax hf. 58
Nesport hf. 26
Norðurslóð hf. 93
Norræn-íslensk viðskipti, Skanis hf. .. 90
Nútíminn hf. 59
Nýbyggingar hf. 50
Nýhús hf. 50
Nýmynd hf. 83
Nýsport hf. 89

Ofnasmiðja Njarðvíkur hf. 59
Ólafur Laufdal hf. 30
Ortco hf. 59
Óseyri hf. 63

P. Guðmundsson hf. 25
Páll Pálsson hf. 59
Pedromyndir hf. 83
Pétur Ingólfsson hf. 100
Pípulagningaverkstæði Suðurnesja hf. 30
Pípulagnir og verktakar hf. 27
Plan hf. 21
Plast-X hf. 59
Plasthönnun hf. 7
Plastmótun hf. 58
Póstverslunin Heimaval hf. 30

Rafberg hf. 106
Raflyftarar hf. 27
Rafreiknir hf. 4
Rafteikning hf. 19
Raförn hf. 50
Ragnar Sverrisson hf. 30
Réttingamiðstöðin hf. 26
Ríó hf. 59
Rós hf. 99
Rotax hf. 72
Ryðvarnarstöðin hf. 26
Ryðvörn hf. 30
Rými hf. 83
Rækjan hf. 63

S. S. Lagnir hf. 50
S. Magnússon hf. 72
Samco hf. 7
Samver hf. 88
Sandur hf. 106
Saumasporið hf. 99

Securitas — tækni hf. 30
Selfell hf. 93
Sigló hf. 27
Siroco hf. 71
Sjúkraþjálfun hf. 83
Skagasel hf. 58
Skarðsstöð hf. 93
Skínandi hf. 93
Skipaafgreiðsla Húsavíkur hf. 89
Skipanaust hf. 27
Skósel hf. 71
Smiðsás hf. 30
Smiðsverk hf. 30
Snóker hf. 83
Sólarland hf. 58
Sólarplast hf. 45
Sólarprent hf. 27
Staður hf. 27
Staka hf. 59
Stál hf. 93
Stekkur hf. 30
Stig hf. 94
Stjörnu-Grill hf. 83
Stólpar hf. 59
Styrkur hf. 30
Stöðull hf. 89
Súkkulaði hf. 93
Svanur hf. 50
Sýn hf. 59
Sæplast hf. 58

Tankskip hf. 30
Texas Snack Bar hf. 72
Timburland hf. 99
Tollvörugeymslan í Hafnarfirði hf. ... 50
Tónbönd hf. 25
Tónika hf. 50
Toppur hf. 106
Trésmíðaverkstæði Bjarna hf. 30
Trésmiðjan Smiður hf. 4
Tröll hf. 6
Tunga hf. 50
Tölvuendurskoðun hf. 27

Uggar hf. 50
Umboðs- og heildverslunin Akkur hf. 89
Útgáfufélagið Eystrahorn hf. 58
Útgáfufélagið Sjón og Saga hf. 72
Útgerðarfélagið Fengur hf. 7
Útgerðarfélagið Grímnir hf. 27
Útgerðarfélagið Selnes hf. 59
Útgerðarfélagið Þórðarhöfði hf. 59

Varmás hf. 27
Varp hf. 50
Vatnseyri hf. 7
Veiðarfæragerðin hf. 59
Veiðarfæri hf. 50
Veisla hf. 4
Veislu- og fundaþjónustan hf. 5
Veitingabílar hf. 58
Veitingahúsið Tryggvagötu 26 hf. 59
Veitingakjallarinn hf. 89
Veitingaver hf. 88
Vélaleiga Njáls Harðarsonar hf. 25
Vélaverkstæðið Egill hf. 50
Vélorka hf. 71
Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar hf. 19
Vernd hf. 26
Vesturport hf. 99
Video Árbær hf. 63
Video-Björninn hf. 72
Videoheimurinn hf. 59
Video-Innkaup hf. 83
Viðgerðir og varahlutir hf. 8
Viðskiptaþjónusta Austurlands hf. ... 71
Víkurraf hf. 63
Vinnslustöðin Hafsteinn hf. 26
Vistfang hf. 50
Vitta hf. 25
Vog hf. 4
Vogun hf. 63
Vökvavélar hf. 26
Vörulistaumboðið hf. 30
Vöruloftið hf. 58
Vöruvernd hf. 59

Æfingastöðin hf. 88

Ölunn hf. 63
Örtölvutækni hf. 83
Öryggisþjónustan Gæslan hf. 89

SKRÁ

Nr. 527

um samvinnufélagstilkynningar sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaði 1984.

Fóðurstöðin Dalvík 60
Framleiðslusamvinnufélagið Stapi, Arnarstapa 54
Kaupfélag Eyfirðinga 58
Kaupfélag Hvammsfjarðar 91, 97
Kaupfélag Ólafsvíkur 29, 37
Kaupfélag Reykjavíkur 82
Kaupfélag Stöðfirðinga 79

Nr. 528

SKRÁ

um firmatilkynningar sem birtar hafa verið í Lögbirtingablaði 1984.

Reykjavík:

A. N. P. R. O. fasteignasala og viðskiptaráðgjöf 96
A. Sigurðsson sf. 86
Abal sf. vélamiðlun 82
Aðalfell sf. 82
Aðalvagninn sf. 25
Afsláttarkort sf. 10
Akron hf. 27
Aladdin 82
Alkaup 37
Alltverk 53
Almenna umboðssalan 33
Almenna Verkfræðistofan hf. 58
Almennar Líftryggingar hf. 27,94
Alþjóða líftryggingafélagið hf. 7
Anddyrið, barnafataverslun 61
Árbót sf. 82
Arctic trading company 96
Arður 33
Ármót hf. 27
Arnar-Video 79
Asco sf. 86
Assa tískuverslun 53
Atlantic Trading co. sf. 53
Atvik sf 61
Augað 37
Augljós sf. auglýsingastofa 14
Auglýsingapósturinn 61
Auglýsingar og hönnun 82
Auglýsingastofa og prentþjónusta Martins sf. 14
Auglýsingastofan Deigla sf. 4
Auglýsingastofan List 53
Auglýsingastofan Octavo sf. 10
Austurgarður hf. 6
Austurstræti 14 hf. 92
B. J. Verktakar sf 53
B. Júlíusson sf. umboðs- og heildverslun 53
Bakaramiðstöðin 82
Bananasalan sf. 25, 82
Bandag-hjólbarðasólunin hf. 94
Barnafataverslunin Bimbó 37
Bátanaust hf. 33
Bergás sf. 10
Bergverk sf. 10
Beyki sf. 23
Bifreiða-miðstöðin sf. 96
Bifreiðastöð Steindórs sf. 47
Bifreiðaverkstæðið Fetill sf. 61
Bifreiðaverkstæðið Róin sf. 61
Bikarbox hf. 53
Bílaábyrgð hf. 21
Bílaleiga Ástríks sf. 23
Bílaleiga Reykjavíkur 14
Bílaleigan Gustur sf. 53
Bílanaust hf. 21
Bílasala Eggerts Þórs 53
Bílasprautun Guðbrandar Rögnvalds 61
Bílatorg 23
Bílaverkstæði Gísla og Einars sf. 4
Bílaviðgerðir, Oddur Ragnarsson 14
Bílaviðgerðir, Valur Ragnarsson 14
Bílgarður sf. 96
Bílrúðan hf. 53
Bílvangur sf. 61
Bílver sf. 4

Birta sf. ... 86
Bjarg sf. ... 95
Bjarni Þ.. Halldórsson umboðs- og heildverslun ... 86
Bjarni Stefánsson hf. ... 50
Björkjallarinn ... 53
Björstofan ... 47
Björgun hf. ... 83
Björn og Birgir sf. ... 25
Björn og Halldór hf. ... 106
Björn Ólafsson hf. ... 21
Blað hf. ... 53
Blaðaútgáfan Bangsi ... 4
Bláskel ... 33
Blátt áfram sf. ... 79
Bleiki fíllinn ... 37
Blómaverslunin Dögg ... 53
Bogi hf. ... 64
Bókabúð Breiðholts sf. ... 4
Bókabúð Máls og menningar ... 33
Bókhald sf. ... 23
Bókhalds- og endurskoðunartölvan ... 86
Bókmenntafélagið Mál og menning ... 33
Boltís sf. ... 47
Bonny sf. ... 3
Borgarey hf. ... 53
Borgarhella hf. ... 92
Bortækni sf. ... 47
Brá ... 37
Brauð hf. ... 58
Breiðablik ... 4
Breiðablik hf. ... 6
Breiðholtsblóm ... 61
Brimrás sf. ... 25
Búkur og útlimir sf. ... 86
Búrými ... 61
Búsáhaldaverslun B. V. sf. ... 37
Bústaðabúðin ... 37
Bústaður sf. ... 96
Búvélar sf. ... 79
Búverk ... 61
Byggðaás sf. ... 4
Byggingafélagið Eining hf. ... 27
Byggingafélagið Höfði sf. ... 25, 106
Byggingafélagið Ós hf. ... 76
Byggingafélagið Stoð hf. ... 74
Byggingaverktak ... 23
Byggingavöruverslunin Dreki hf. ... 92

Cosmos hf. ... 106
Cresco hf. ... 6

Dalsel sf. ... 25
Dalsfoss sf. ... 10
Dalver sf. ... 53
Dansbandið ... 96
Dansnýjung ... 53
Deigla, auglýsingastofa ... 86
Deko umboðs- og heildverslun ... 4
Demantar, Perlur, Silfur, Gull ... 4
Dofri ... 37
Drangafell hf. ... 74, 94
Drangur hf. ... 64
Dráttarvélar hf. ... 101
Dögun sf. byggingafélag ... 61
Dömugarðurinn hf. ... 58

E. G. Innréttinga- og byggingaþjónustan hf. ... 101
E. G. bílaleiga ... 61
E. Thorsteinsson hf. ... 7
Efnalaugin Nóatún 17 ... 95
Egill Vilhjálmsson hf. ... 101
Eignabankinn hf. ... 94
Eimskipafélag Íslands hf. ... 7, 58
Einar Sigurðsson hf. ... 7, 21
Einn—tveir, einn—tveir sf. ... 53
Eiríkur Jónsson sf. ... 82
Endurhæfingarstöð Kolbrúnar ... 86
Endurprent ... 23
Endurprent sf. ... 23
Endurskoðendaþjónustan sf. ... 25
Endurtryggingafélag Samvinnutrygginga hf. ... 30, 33
Englabörnin ... 95
Ergo sf. ... 61
Eros hf. ... 21
Eskó hf. ... 101
Estella sf. ... 14
Evrópuferðir ... 25
Evrópuviðskipti hf. ... 58
Exel ... 96

Fagverk sf. ... 33, 82
Fálkinn hf. ... 64
Farmantyr st. ... 53
Fasteignahöllin sf. ... 37
Fasteignamarkaður Fjárfestingarfélagsins hf. ... 27
Fasteignasala/leigumiðlun sf. ... 53
Fasteignasalan A. N. P. R. O. ... 95
Fasteignasalan Garður ... 82
Fasteignasalan Húsafell sf. ... 25
Fasteignasalan Laufás sf. ... 33
Fasteignasalan Séreign ... 4
Fatafólk sf. ... 82
Fatagerðin Fasa ... 4
Fatagerðin Jenný sf. ... 79
Fataval hf. ... 18

Félagsprentsmiðjan hf. 21
Fellagrill 96
Ferðaskrifstofan Miðnætursól 79
Ferðaskrifstofan Saga hf. 50
Ferðaskrifstofan Úrval hf. 6, 74
Filmusmiðjan hf. 21
Finnsbúð sf. 37
Fjárfestingarfélag Íslands hf. 27, 58
Fjarhitun hf. 58
Fjárhönnun 61
Fjarkinn sf. 23
Fjármögnun sf. 82
Fjölnir hf. — útgáfufélag 21, 106
Fjölvangur 86
Fjölver hf. 58
Fjörvi hf. 50
Flugbarinn 53
Flugfar sf. 37
Flugfélag Íslands hf. 58
Flugfélagið Arctic sf. 96
Flugleiðir hf. 6, 7, 58
Flugskólinn hf. 92
Flutningaþjónustan 14
Fóðurblandan hf. 101
Fold sf. 61
Forkur sf. 23
Forlagið 86
Form-Bólstrun sf. 25
Forma 79
Forseti 47
Foss 23
Fossar hf. 74
Fótoval 96
Framköllun sf. 53, 61
Framköllun á stundinni sf. 53
Framrás sf. 10
Fransís sf. 61
Frétta- og kynningarþjónustan sf. 61
Friðrik Bertelsen hf. 74
Frjálst framtak hf. 30
Frost hf. 21, 33
Frum hf. 64, 76
Frumrekstrarsjóður sf. 4, 82
Frystivélaverkstæði Sveins Jónssonar hf. 64, 106
Fræðslustofan sf. 37
Fyrirtækjaþjónustan 61

G. K. matvæli sf. 47
G. M. G. sf. 23, 82
G. S. Júlíusson hf. 58
G. Hansson 79
G. Magnússon og Sandholt sf. 37
G. Ólafsson hf. 6
G. Þorsteinsson & Johnson hf. 6
Garðverk 79
Garri hf. 106
Gasol 4
Gát hf. 27
Getraunablaðið 61
Gistiheimili 79
Gjafavöruverslunin þú og ég 4
Gjafablóm 96
Glanni umboðs- og heildverslun 3
Glasa- og diskaleigan sf. 33
Glerull sf. 79
Gljáinn hf. 33
Glóbus hf. 83
Gluggakappar sf. 23
Gluggaþvottamiðstöðin 53
Goldie—búðin sf. 82
Gosi sf. 61
Grafísk hönnun 53
Greind sf. 82
Grensásbær sf. 53
Grensáskjör hf. 92
Grillhúsið Kairo sf. 61
Grímnir hf. 27, 92
Gróðrarstöðin Bjarmaland sf. 53
Guðmundur og Teitur sf. 4
Guðni Jónsson — ráðgjöf og ráðningarþjónusta 95
Guðrún og Helga sf. 23
Gull og Demantar 82
Gullborg hf. 6
Gúmmívinnustofan hf. 74, 94
Gunnar og Guðmundur sf. 53
Gústaf Ágústsson hf. 6

H. Benediktsson hf. 21
H. G. umboðs- og heildverslun 95
H. L. Björnsson & Co 86
H. P. á Íslandi 96
H. Hallgríms og Co hf. 58
H. Hjartarson tölvuþjónusta 96
Hafís 25
Hafskip hf. 58, 101
Hagprent hf. 101
Hagtala hf. 76, 92
Hagtrygging hf. 106
Hagval sf. 95
Hagþróun sf. 14
Hamar hf. 58
Hamborgarinn 96
Hampiðjan hf. 58, 76
Handbók húsbyggjandans sf. 48
Handlist 25, 79

Handprjón 61
Hannyrðaverslun Þuríðar Sigurjónsdóttur 86
Harald St. Björnsson sf. 23
Hárgreiðslustofan Aida sf. 61
Hárhöll S. H. S. 95
Hárið, söluturn 37
Hárlínan 47
Hársnyrtistofa Dóra 96
Hársýn sf. 61
Hárþing sf. 37
Haust sf. 61
Héðinsvélar hf. 21
Heildverslun M. Ragnarssonar 33
Heildverslun M. Þorleifs 4
Heildverslunin Akró 47
Heildverslunin Dan sf. 82
Heildverslunin Otur sf. 53
Heilsubrunnurinn sf. 37
Heilsuræktin Appollo sf. 37
Heilsuvörur sf. 4
Heimilistæki hf. 64
Hekla hf. 33
Hellirinn 53
Hellusteypan Stétt sf. 14
Hema sf. 96
Herrahúsið hf. 33
Hestakaup 82
Hestamaðurinn sf. 48
Hið íslenska kvikmyndafélag (H. Í. K.) 37, 45
Hitaver hf. 64
Hitt og þetta 25
Hitt og þetta sf. 25
Hjá Veigu sf. 37
Hjalti sf. 61
Hjólbarðastöðin sf. 4
Hjólbarðinn hf. 106
Hljóðfæraverkstæði Leifs Magnússonar 95
Hljómsveitin Kaktus sf. 37
Hnit hf. 64, 106
Holta-Grill 82
Hraðboðaþjónustan sf. 82
Hraðfrystihúsið í Innri-Njarðvík sf. .. 4
Hraðfrystistöðin í Reykjavík hf. 7
Hraðlestrarskólinn 96
Hreinsunar- og flutningaþjónustan ... 61
Hreint og klárt 96
Húðflúrstofa Hilmars 25
Hugbær sf. 25
Hugtak sf. 53
Hugvél 37
Hurðir hf. 58
Húsafell hf. 92
Húsafl sf. 61
Húsakaup 82
Húsasmiðjan hf. 21
Húsbjörg sf., verktaka og byggingafyrirtæki 96
Húsbyggingar sf. 96
Húseignin Hátún 6 hf. 101
Húsfélagið Ásbrú sf. 61
Húsgagnabólstrun Kaj Pind hf. 83
Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar hf. 27
Hverfisgata 89, hf. 26
Höfðaleigan 4
Hönnun sf. 4

I. B. M. World Trade Corporation .. 74
I. Brynjólfsson & Co. sf. 86
I. Guðmundsson & Co. hf. 106
Íbúð, fasteignasala 86
Iða 82
Iðnhús hf. 30, 106
Iðnráðgjöf sf. 61
Ingólfsbrunnur sf. 10
Innheimtustofan sf. 37
Innheimtuþjónustan 95
Innheimtuþjónustan sf. 95
Innsýn 23
Interco sf. 95
Ísaga hf. 6, 92
Ísbjörg sf. 10
Ísborg 96
Ísfell hf. 7
Ísfix 48
Ísis sf. 61
Ískaup hf. 64
Ísleifur Jónsson hf. 6
Ísleir 61
Íslensk Endurtrygging 82
Íslensk forritaþróun 10
Íslensk forritaþróun sf. 10
Íslensk-skandinaviska verslunarfélagið sf. 10, 96
Íslenska einkaleyfa- og vörumerkjastofan sf. 53
Íslenska umboðssalan hf. 33, 50
Íslenska verkþjónustan sf. 96
Íslenskur hugbúnaður sf. 96
Íslenskur ís 37
Íslenskur Jetminkur hf. 33
Íslenskur nýfiskur sf. 14
Ísmynd sf. 61
Ísrann hf. 53
Ís-skort sf. 48
Ístékk hf. 83

J. Magnússon sf. 25
J. Þorláksson & Norðmann hf. 6, 21
J. K. póstverslun 61
J. K. verslunin Ingrid 61
J. S. Video 47
Jaðar sf. 86
Jarðvélar sf. 61
Jasmín hf. 21, 94
Jóhann Ingólfsson hf. 27
Jón Loftsson hf. 74
Jónsbúð hf. 53
Júmbó matvælaiðja hf. 7

K. Albertsson hf. 64
K. Einarsson sf. 23
K. M. Húsgögn hf. 92
K. Steindórsson sf. 86
Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber hf. 64
Kaffibætisverksmiðja O. Johnson & Kaaber hf. 64
Kalco sf. 61
Karl H. Cooper & Co. sf. 86, 92
Karlsson og Kristjánsson hf. 53
Katla hf. 6
Kápubúðin hf. 53
Kaupþing hf. 21
Keilir hf. 92
Kemis 95
Keramikhúsið hf. 83
Kerfi hf. 58
Kínverska eldhúsið sf. 53
Kirkjusandur hf. 53
Kistill sf. 23
Kjarnakorn sf. 37
Kjarni sf. 37
Kjartan Ólafsson hf. 6
Kjörbúð Hraunbæjar 95
Kjöt og fiskur hf. 106
Kjötbúð Suðurvers hf. 27
Kjötbúr Péturs sf. 33
Kjötbær 37
Klapparstígur 27, hf. 30
Koreu-Hús sf. 4
Kornhlaðan hf. 21
Kórund hf. 94
Kotra-fatagerð sf. 96
Kraftur hf. 6
Kramhúsið sf. 4
Kreator sf. 47
Kringlubakaríið 37
Krisco 96
Kristinn Guðnason hf. 33
Kuldi sf. 33
Kveldúlfur hf. 92
Kvint sf. 95
Kvísl sf. 37
Kynning hf. 21, 106
Kynningarþjónustan sf. 10
Kýraugað 53

Lampar sf. 96
Land hf. 2
Land sf. 37
Landsþjónustan sf. 82
Langholtsval 14
Laufás sf. 33
Laugarneskjör 10
Laugarnes-video sf. 53
Leður og rúskinn sf. 82
Leðurblakan sf. 95
Leðurverslun Jóns Brynjólfssonar hf. 6
Leiðsögn sf. 96
Leifur hf. 94, 106
Leiguþjónustan 61
Leirsmiðjan 79
Lena hf. 58
Líftryggingamiðstöðin hf. 21
Líftryggingarfélag Sjóvá hf. 27, 101
Líkams- og heilsuræktin hf. 50, 64, 76
Líkamsræktin hf. 76
Límmerki 25
Lín sf., umboðs- og heildverslun 23
Lindá 79
Línuhönnun hf. 50
Litaland sf. 10
Litfass 23
Litligarður sf. 37
Litsel 10
Ljósbrot 61
Ljósrit hf. 6, 101
Ljósvakinn sf. 33
Loftleiðir hf. 58
Lyftara- og vélaþjónustan sf. 95
Lykill sf. 86
Lögfræðistofan Höfðabakka 9, sf. 23
Lögsókn sf. 95

Magnús sf. 61
Magnús Th. S. Blöndal hf. 30
Magnús Þorgeirsson hf. 106
Málarinn hf. 7, 64
Málmhúðun sf. 4
Mannamyndir 61
Marel hf. 106
Marella sf. 79
Marex hf. 58
Markaðshöllin sf. 37

Markaðsþjónustan 37
Marz hf. 106
Matborðið 47
Matborðið sf. 47
Matkaup hf. 6
Matur og menning 96
Matvælabúðin 82
Meitill sf. 82
Midas hf. 58
Miðborg 79
Miðfell hf. 74
Mífa tónbönd sf. 61
Milko-Silkiprentarar sf. 61
Minjagripaþjónustan 96
Minjagripaþjónustan sf. 96
Mirra 61
Mótás sf. 95
Mungát 37
Myndberg sf. 61
Myndbandaleigan Þór 37, 53
Mysla sf. 53
Mælitækni 23

N. P.-varahlutir 79
Nesskip hf. 30
Nói—Síríus hf. 21
Nón hf. 76
Nordic sf. 61
Nútíð sf. 37
Nútíminn 53, 61
Ný menning sf. 82
Nýbygging sf. 25
Nýja bílaþjónustan 61
Nýja næturgrillið 96
Nýja Videoleigan sf. 14
Nýkaup sf. 96
Nýmynd hf. 106
Nýsmíði 61
Næturgrillið 79
Næturgrillið sf. 96
Nökkvaplast sf. 4, 61

O. Johnson & Kaaber hf. 64
Ofnasmiðjan hf. 21
Ólafur Þorsteinsson & Co. hf. 76
Óli-Jói sf. 4
Olíufélagið hf. 92
Olíufélagið Skeljungur hf. 58, 106
Olíuverslun Íslands hf. 76
Orkubankinn 82

PAP umbúðir 61
P. Árnason sf. 53
P. Árnason og Proppé sf. 11
P. Jónsson og Co. sf. 37
Páll Pétursson 33
Papýrus sf. 79
Paris sf. 95
Pétur Ingólfsson sf. 25
Pfaff hf. 106
Pharmaco hf. 6
Pítan 47
Ping Pong umboðið sf. 61
Plastpokablaðið 4
Plasttækni sf. 96
Prentgarður sf. 61
Prentsmiðjan Oddi hf. 106
Prjón sf. 82
Prjónastofan Dröfn 47
Prófíll sf. 95
Pylsu- og hamborgaravagninn 82
Pysluvagninn við Austurberg 61
Pökkun og flutningar sf. 11

R. C. R. bílaleigan sf. 61
RPM byggingavörur 79
Radíó sf. 82
Ráðtækni 95
Rafbíll 37
Rafeind sf. 14, 37
Rafeindaver 96
Rafeindaþjónustan Ísmar hf. 58
Rafgeymaverksmiðjan Pólar hf. 94
Rafkraft hf. 6
Rafmagn hf. 64
Rafteiknarinn 61
Rafteikning hf. 21
Raftækjaverslunin Rafmagn 61
Rafvagninn sf. 25
Rafvar sf. 14
Rafvirkjaþjónustan hf. 51
Ramco sf. 53
Rati sf. 96
Reyr sf. 82
Ritarinn sf. 96
Roði sf. 95
Rokkhátíð 53
Rótin sf. 61
Rúbín 96
Rúbín sf. 96
Rún sf. 33
Rýnir sf. 53
Ræsir hf. 21, 94

S. B. S. Innréttingar 37
S. K. Fjeldsted 96
S. M. auglýsingaþjónusta — markaðsráðgjöf 4

S. S. innréttingar sf. 4
S. S. lagnir sf. 47, 53
Safi sf. 96
Salat-gæði 96
Sálfræðiþjónustan Laufásvegi 17, sf. . 96
Samskip 4
Samtök ísl. myndbandaleiga 61
Samvinnusjóður Íslands hf. 58
Securitas II sf. 25
Seglagerðin Ægir hf. 27
Segull hf. 21
Seifur hf. 21, 27
Selás sf. 47
Selverk sf. 61
Síðumúli 9, hf. 106
Sigurplast hf. 21
Sigurver sf. 25
Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf. .. 58
Simco hf. 50
Sindra-Stál hf. 6, 83
Sjávarvörur hf. 83
Sjófang hf. 26
Sjónmál 96
Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. 27, 101
Skantré 95
Skattstoð sf. 10
Skemmtigarðurinn 95
Skermaprent sf. 47
Skífan hf. 92
Skin sf. 53
Skinnastofan Feldur sf. 25
Skinnfeldur sf. 37
Skip og fasteignir 61
Skiparafmagn sf. 96
Skipholt 29, hf. 106
Skóarinn 61
Skóbúð Austurbæjar 95
Skóbær 61
Skóhúsið 14
Skókaup 95
Skosk Íslenska sf. 79
Skóval 95
Skóval sf. 95
Skreytingaþjónustan sf. 61
Skúlagata 30, hf. 94
Skúlaskeið hf. 101
Skæði 86
Smáprent sf. 96
Smári Sigurðsson rekstrarráðgjafaþjónusta 61
Smjörlíki hf. 27
Smyrill hf. 74
Snyrti- og sólbaðsstofan Afró 82
Snyrtistofa Önnu Bergmann 96
Snyrtistofan Dóris 23
Snyrtistofan Mersí 95
Snyrtivörubúin sf. 53
Snæbjörn Jónsson & Co. hf. 6
Snæland Grímsson hf. 21
Snævars video 96
Sól og sæla sf. 23
Sól Salon sólbaðsstofa 61
Sólarorka sf. 61
Sólbaðsstofan Áróra sf. 79
Sólbaðsstofan Dóra 96
Sólbaðsstofan Kolbrún sf. 82
Sólbaðsstofan Laugavegi 82
Sólbaðsstofan Seljasól 53
Sólbaðsstofan Sólargeislinn sf. 61
Sólbaðsstofan Sólbær sf. 14
Sólbaðsstofan Sælan sf. 23
Sóló sf. 53, 95
Sólskríkjan 53
Sonic hf. 92
Spóki sf. 4
Sporður sf. 61
Sportblaðið sf. 95
Sportveiðiblaðið 14
Sportver hf. 33
Stakfell sf. 79
Stálhúsgagnagerð Steinars hf. 51
Stálsleginn sf. 82
Stáltak 37
Stefán Thorarensen hf. 27
Steinar hf. 83
Steinprýði hf. 74, 92
Stétt 14
Stigagerðin Þrepið 53
Stígandi hf. 21
Stilling hf. 21
Stimplagerðin Roði 95
Stjörnuskóbúðin hf. 106
Stjörnuspekimiðstöðin sf. 47
Stjörnusteinn sf. 82
Stjörnuvideo 61
Stofnun Jóns Þorlákssonar 14
Ströndin heilsurækt sf. 61
Studio Langholtskirkju sf. 96
Studio Vík sf. 82
Stýri & vélar hf. 75
Stýritækni sf. 33
Súlur hf. 106
Sundaval 96
Sundaval sf. 96
Svanur hf. 21
Svavar Kristjónsson sf. 14
Sveðanuddstofan 61
Sýn hf. 83

Sýrland sf. 79
Söðlasmíðaverkstæði Þorvaldar og Jóhanns 25
Sögusnældan 86
Sölusamtökin hf. 58
Söluturn Sigga og Valda sf. 4
Söluturninn Arnarbakka 4—6 sf. 86
Söluturninn Grímsbæ 37
Söluturninn Hafnarstræti 5 sf. 37
Söluturninn Hleri 53
Söluturninn Hringbraut 49 sf. 33
Söluturninn Laugavegi 168 96
Söluturninn Leifsgötu 4, sf. 33
Söluturninn Rofabæ sf. 37
Söluturninn Síðumúla 17, sf. 61
Söluturninn Skipasundi 51 61
Söluturninn Sólvellir 61
Söluturninn Örk 61
Sælgætisverslunin Gosi 61
Sæmundur hf. 92
Sæplast hf. 53

T. Á. J. — Timbur 14
Th. Magnússon 14
T. H. byggingavörur 33
Tandur sf. 10
Tandur hf. 53
Tannsmíðaverkstæði Hafsteins og Óskars sf. 61
Te og Kaffi 53
Te og Kaffi sf. 96
Teigakjör 95
Teiknistofa Guðmundar og Tryggva hf. 50
Teiknistofa Laugavegi 96 sf. 61
Teppahreinsunin sf. 37
Texas söluturn sf. 61
Tindafell hf. 7
Tískudeildin Gullfoss 10
Tískuhúsið Kristín 79
Tjúllur sf. 86
Tollvörugeymslan hf. 6
Tommahamborgarar hf. 101
Toppurinn 23
Traust hf. 92
Trésmiðjan Víðir hf. 50, 58
Trévirki hf. 83
Trillan 79
Trygging hf. 58, 83
Turn Turn kvikmyndafélag sf. 96
Tækniverk 4
Tölver hf. 101
Tölvís sf. 53
Tölvubúðin 86
Tölvufræðslan sf. 4
Tölvumennt sf. 95
Tölvuþekking 61

Últíma hf. 6
Umbúðamiðstöðin hf. 76
Undra sf. 61
Unna sf. 95
Uppbygging hf. 6
Útboðsþjónustan sf. 79
Útgáfu- og auglýsingaþjónustan Fídus 33
Útgáfuþjónustan 95
Útgáfuþjónustan E. B. Ó. 86
Útflutningsþjónustan Norðurljós 96

V. K. ljósrit 53
Vaggan hf. 58
Varma-Gler sf. 53, 79
Vatnaskil hf. 53
Vatnsstígur 11 23
Veiðifélagið Goggur sf. 10
Veitingahúsið Álfabakka 8, hf. 6
Veitingahúsið Drekinn 61
Veitingahúsið Hrafninn sf. 96
Vélabókhaldið hf. 21
Vélaleiga G. K. sf. 79
Vélaleigan Vilberg sf. 33
Vélaleigan Þórshamar hf. 58
Vélar og Plast hf. 6
Vélasalan hf. 83
Vélsmiðja Orms og Víglundar sf. 95
Vélsmiðjan Héðinn hf. 21
Véltak hf. 27, 83
Veltan — verðbréfamarkaður sf. 96
Verðbréfa- og hlutabréfamarkaðurinn 37
Verðbréfaþjónustan 61
Verk hf. 27
Verk- og kerfisfræðistofan sf. 37
Verkafl sf. 61
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. 7, 27
Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar hf. 27
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 6, 76
Verkfræðistofan Múli sf. 96
Verksmiðjan Dúkur hf. 92
Verksmiðjan Vífilfell hf. 30
Verktakafélagið Hreint hf. 6
Verkval sf. 25
Verkver sf. 61
Veróna hárgreiðslu- og sólbaðsstofa .. 96
Verslun O. Ellingsen hf. 106
Verslunarfélagið Blanda 61
Verslunin Blanda 61
Verslunin Grettisgötu 26, sf. 33

Verslunin Hof hf. ... 94
Verslunin Lúllabúð sf. ... 33
Verslunin Sólver ... 53
Verslunin Vela ... 95
Vestrið ... 95
Vesturendi Video sf. ... 95
Video — Breiðholts ... 51
Video — sport Eddufelli sf. ... 25
Videobankinn ... 96
Videobankinn sf. ... 96
Videoheimurinn ... 95
Videoland ... 96
Videospólan sf. ... 96
Videospólan Holtsgötu ... 96
Videospólan Höfðatúni ... 96
Viðey — offset ... 37
Vík sf. fasteigna- og skipasala ... 95
Vilberg sf. ... 14
Viney sf. snyrti- og sólbaðsstofa ... 95, 96
Vinnustofa arkitekta ... 6
Virgo sf. ... 61
Virkir hf. ... 83
Vista ... 61
Vistfang ... 25
Vitabar hf. ... 86
Voga video ... 53
Vogue hf. ... 94
Völuskrín ... 37
Völuflutningamiðstöðin hf. ... 21
Völulistaumboðið hf. ... 92
Völulistinn sf. ... 47
Völumiðar ... 61
Vöxtur sf. ... 47

Z-Gardínubrautir hf. ... 92

Þjálfi hf. ... 83
Þol ... 25
Þórður Sveinsson & Co. hf. ... 33
Þórir Kristinsson vélaverkstæði ... 61
Þórshöll hf. ... 7
Þrek ... 61
Þungavinnuvélar hf. ... 58
Þýðingarþjónustan sf. ... 96
Þýzk-íslenska verslunarfélagið hf. ... 101

Ævintýraferðir ... 4

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. ... 106
Ölver ... 61
Örtölvutækni sf. ... 82
Öskjuhlíð sf. ... 37
Öskjur og prent sf. ... 47

Akranes:

Dýralíf ... 82
Fiskiðjan Arctic hf. ... 6
Fiskiver hf. ... 21
Hárstofan ... 2
Helgi og Björgvin sf. ... 82
Krossvík hf. ... 106
Lindin sf. ... 47
Nesver ... 11
Nýja Línan sf. ... 53
Sérleyfisbílar Akraness ... 71
Sigurður hf. ... 83
Skaga-Radio ... 71
Skaga-Video sf. ... 97
Skallagrímur hf. ... 106
Skertækni ... 97
Stjörnukaffi ... 4
Söluskálinn Skútan ... 11
Traðarbakki sf. ... 56
Tréverk á Akranesi sf. ... 71
Verslunin Búbót sf. ... 53
Þjóðbraut sf. ... 61

Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður:

A. B. H. sf. verkfæra- og tækjaleiga ... 33
Akur hf. ... 83
Anna María ... 97
Ás, heildverslun ... 82
Auglit sf. auglýsingastofa ... 71
Br. Þorvaldsson ... 4
Bílaleigan Geysir sf. ... 65
Bílasala Norðurlands ... 88
Bílaver ... 39
Bílaverkstæði Þorsteins Jónssonar sf. ... 25
Billiardstofan sf. ... 96
Bit sf. ... 4
Byggingamiðstöð Norðurlands sf. ... 78
Dens sf. ... 4
Draupnisgata 3 sf. ... 33
Drift sf. ... 56
Fatagerðin ERA ... 63
Fjölriti sf. ... 97
Fjölverk sf. ... 96
Flóin ... 63
Gatsby sf. ... 33
Gler & speglar sf. ... 11
Glomus ... 56
HD — bílaleiga sf. ... 56
Hafnarbúðin hf. ... 21
Hannyrðaverslunin María ... 2
Hjólbarðar ... 24
Hlíðarsport sf. ... 65

Hornið 24
Hornið sf. 24
Hrímnir sf. 97
Húsprýði sf. 24
Iðnþróunarfélag Eyjafjarðarbyggða hf. 7
Íslendingur hf. 58
Kaffibrennsla Akureyrar hf. 76
„Kastor" sf. 97
Keramikstofan 56
Kjörviður sf. 4
Leikfangaland 11
Leikfangaland sf. 11
Litróf sf. 25
Ljósgjafinn hf. 27
Lofthreinsun og útsogskerfi 63
N. T. Umboðið hf. 86
Njörður hf. 6, 92
Nýi pylsuvagninn 93
Nætursalan sf. 96
Óseyri 6 sf. 53
Parið sf. 24
Pétur og Valdimar hf. 6
Prentþjónustan Pictor 78
Rafbúðin sf. 65
Raflagnaverkstæði Tómasar 37
Samkaup sf. 97
Sara 78
Sérleyfisbílar sf. 33
Sigurbjörn sf. 4
Sindrafell hf. 101
Sjónvörp 86
Skáli sf. 20
Skótískan 56
Slippstöðin hf. 92
Sólbaðsstofan Flatasíða sf. 78
Sólbaðsstofan Hawaii 97
Sólin sf. 63
Stíll sf. 11
Súlur hf. 83, 106
Sæplast hf. 83
Tess sf. 47
Tískuverslunin Sif 97
Trésmiðjan Rútsstöðum sf. 60
Tölvangur hf. 101
Tölvubúnaður sf. 65, 78
Útgerðarfélag Akureyringa hf. 21, 101
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf. 92
Útgerðarfélag K. E. A. hf. 92
Valprent hf. 83, 97
Verslun Kristbjargar 2
Verslunin Ida 97
Viðgerðarþjónusta Jóns Hlíðberg 97
Ævar og Bóas sf. 36
Ögn sf. 2

Árnessýsla og Selfoss:

A. B. skálinn sf. 82
Árnesingur sf. 25
Bakki sf. 25
Baldur sf. 66
Bifreiðastöð Selfoss hf. 6, 83
Boði hf. 7
Byggingafélagið Stoð sf. 86
Einarshöfn hf. 50
Entek á Íslandi hf. 21
Eyrarrós 97
Fossnesti 82
Fossverk sf. 53
Frísir sf. 12
Gámaflutningar sf. 61
Gistihúsið Sólbakki 71
Gistiþjónustan Selfossi 25
Gósen sf. 79
Guðlaugur og Kristófer sf. 11
Hafnarnes hf. 21
Inghóll 100
Íslenska hestaleigan sf. 11
Ísno hf. 94
Ísönd sf. 82
Kjörís hf. 50, 101
Laugarlax hf. 58
Mát hf. 50, 58
Opticus 36
Paradís 97
Perlusandur sf. 63
Rás sf. 86
Rósakot hf. 21
SACO 97
Samtak hf. húseiningar 27
Saumastofan Astra hf. 94
Skilti sf. 63
Skjólborg hf. 30
Smárahlíð, svínabú sf. 25
Snyrtihúsið 58
Sólhúsið sf. 56
Steinverk 14
Stjörnuplast 97
Vélsmiðja Þorlákshafnar sf. 97
Vélsmiðjan Ylfoss sf. 58
Video-Ver sf. 53, 86
Vörðufell hf. 33

Barðastrandarsýsla
Patreksfjörður:

Dröfn hf. 7
Fjarðarskip hf. 33, 50
Fjölritunarstofan Barð 82
Gláma West-Iceland Import sf. 11
Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf. 101

Íshaf sf. ... 78
Orlofsbyggðin Flókalundur ... 61, 96
Patrekur hf. ... 27
Rafsmiðjan sf. ... 96
Rimi hf. ... 92
Silfurbakki sf. ... 53
Trésmiðjan Eik sf. ... 25
Verslun Ó. Jóhannesson hf. ... 103
Vesturröst hf. ... 64
Þórsberg hf. ... 64
Þörungavinnslan hf. ... 94

Dalasýsla:

Dalalax sf. ... 4
Karitas hf. ... 50

Húnavatnssýsla:

Hellan sf. ... 24
Hólanes hf. ... 51, 76
Krafttak sf. ... 97
Laufskógar sf. ... 33
Mark sf. ... 33
Muggur sf. ... 33
Pólarprjón hf. ... 106
Saumastofan Viola hf. ... 30
Tækjaþjónustan sf. ... 4
Vélamiðstöðin hf. ... 83, 92
Vélsmiðja Húnvetninga ... 33

Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:

Alda ... 4
Alda hf. ... 27
B. R. Videó sf. ... 28, 53
Baðstofan sf. ... 37
Baldur hf. ... 95
Brauðval sf. ... 25
Einar Guðfinnsson hf. ... 95
Eir hf. ... 21
Fiskiðjan Freyja hf. ... 27, 58, 106
Fiskvinnslan á Bíldudal hf. ... 6
G. Þorvaldsson hf. ... 33
Gosi sf. ... 23
Gullfaxi hf. ... 27
Gunnvör hf. ... 94
Gummibátaþjónustan sf. ... 53
H-Mynd ... 33
H. Samúelsson sf. ... 37
Hjálmur hf. ... 21
Hlaðsvík hf. ... 27, 58, 106
Irpa sf. ... 53
Íshúsfélag Bolungarvíkur hf. ... 95
Íshúsfélag Ísfirðinga hf. ... 21, 83
Íslax hf. ... 92
Ísverk hf. ... 27
Jón og Magnús sf. ... 78
Klöpp sf. ... 2
Krisma sf. ... 65
M. Bernharðsson, skipasmíðastöð hf. ... 27
Nökkvi sf. ... 56
O. N. Olsen hf. ... 92
Oddi hf. ... 6
Rofi sf. ... 97
Rörverk hf. ... 6
Sandblástur og Sinkhúðun sf. ... 4
Skemman ... 33
Skor sf. ... 98
Straumur hf. ... 27
Trésmiðja Gunnars Sigurðssonar hf. ... 26
Útgerð Hafþórs sf. ... 33
Útgerðarfélag Flateyrar hf. ... 21
Vélsmiðja Bolungarvíkur hf. ... 6
Vestri hf. ... 58
Vík, bílaleiga sf. ... 4
Völusteinn hf. ... 94
Vörudreifing sf. ... 4
Vöruval ... 2

Keflavík, Njarðvík, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður:

Arason & Co. hf. ... 106
Arnarstál sf. ... 96
Auðbjörg sf. ... 11
Bílaleiga Grindavíkur sf. ... 11
Bílaleiga Suðurnesja hf. ... 83
Bílaleigan Reykjanes ... 63
Bílasalan Bílanes sf. ... 63
„Bo. Bo." sf. ... 63
Bolabás sf. ... 96
Fasteignaþjónusta Suðurnesja ... 96
Festi hf. ... 58
Fitjar sf. ... 96
Gólfslípun sf. ... 63
Gröfuþjónustan ... 11
Gullþór sf. ... 29
H. G. Trésmíði sf. ... 63
H. Hafsteinsson ... 96
Hafsteinn & Hörður sf. ... 63
Hárgreiðslustofan Lilja Braga ... 63
Heimir hf. ... 92
Hildiberg hf. ... 106
Hjartarbaninn sf. ... 96
Hraðfrystihús Þórkötlustaða hf. ... 7
Hraðfrystihúsið Innri-Njarðvík sf. ... 33
Jagúar ... 33
K. Ragnarsson ... 63
Kanínumiðstöðin í Njarðvík ... 96

Karmur hf. 56
Kobra sf. 29
Lagmetisiðjan Garði hf. 6
Lísa sf. 96
Ljósvellir 96
Lyngholt G. R. 33
Málningarþjónustan sf. 11
Myndbandaleigan Sunna 96
Náttúrubót sf. 11
Nepal sf. 29
Nesbók 96
Nesverk sf. 96
Njarðtak sf. 96
Norðurslóð sf. 2, 11
Norðurslóð hf. 106
Núr sf. 96
Phoenix — Video 29
Pípulagningaþjónustan Varmi sf. 96
Rafn hf. 27, 58, 64
Raf-Rás 96
Raftækjavinnustofan Geisli hf. 6
Rafvirkjadeildin hf. 27
Rafþjónusta Þorsteins 29
Sjónvík 96
Skiphóll 11
Skúli S. Ásgeirsson 63
Sólbaðsstofan Sóley 96
Staðafell sf. 63
Strandir hf. 76
Suðurnesjaverktakar hf. 27
Teiknistofan Artik 63
Trésmiðja Njarðvíkur sf. 33
Umbót sf. 63
Útey hf. 56
Útgerðarfélagið Útgarður hf. 58
Véla- og viðgerðarþjónusta Skúla R. Þórarinssonar 96
Verkfræðistofa Suðurnesja hf. 6, 76
Verslunin Rósný sf. 11
Víkurplast 63
Víkurvideo sf. 63

Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Garðakaupstaður:

Aestas sf. 78
Akra hf. 58
Álafoss hf. 51, 64
Albert og Ægir sf. 11
Alfa hf. 21
Álfaskeið 115 sf. 11
Ármann og Ólafur sf. 11
Augnlækningastofa Jens Þórissonar sf. 23
Barði sf. 53
Barki 23
Berg sf. 65
Bifreiða- og vélaverkstæði Óla Jóhanns sf. 4
Bílamálun Hafnarfjarðar sf. 23
Bílaþjónusta Hafnarfjarðar 11, 78, 96
Björn og Gylfi sf. 33
Blárefur hf. 50
Blikksmiðja Hafnarfjarðar hf. 6
Brauðstofa Ingu 96
Breki hf. 27
Búbót sf. Sultugerð 47
Byggingafélagið Verkval 33
BYKO — byggingavörur 61
Danis 47
Demantshúsið sf. 47
E. K. Gler 78
Fanney Valgarðsdóttir auglýsingagerð 53
Fiskaklettur hf. 21
Fiskveiðahlutafélagið Venus 50
Fjarðarbólstrun sf. 4
Fjarðarkaffi sf. 61, 78
Fóbó 25
Fortuna hf. 58
Garða-Héðinn hf. 21
Garðakaup 61
Glitur bílasprautun 33
Gnoð hf. 21
Gormur sf. 11
Gosi sf. 61
Grafá 4
Granit sf. 65
H. Helgason & J. P. Baldvinsson sf. .. 61
Hannyrðabúðin sf. 25
Heildverslunin Myndform sf. 61
Hornið Þverholti sf. 21
Hrauntak 47
Húsiðjan 21
Hverfisgata 61 hf. 6
Hvönn hf. 53
Hyggir hf. 11
Illugi hf. 21
Ís- og sælgætissala 61
Ísaco hf. 101
Ískó sf. 78
Íslenska Álfélagið hf. 6
Jarðverk hf. 21, 82
Járnbending sf. 61
Jógi hf. 58
Jón Gíslason sf. 11
K. M. Húsgögn hf. 27
Kjörbúð Garðabæjar 47
Langeyri hf. 50
Ljósmyndastofan Mynd 23

Lyng sf. ... 53
Marko-merki ... 11
Matvælaiðjan Mar hf. ... 83
Myndbandaleigan Reykjavíkurvegi 62 ... 23
Myndbandið ... 47
Myndbandið sf. ... 47
Nes-Video ... 61
Norðurstjarnan hf. ... 64
Ný dagskrá ... 33
Ólafur Snæbjörnsson ... 61
Olíustöðin í Hafnarfirði hf. ... 92
Rafboði hf. ... 50
Reginn hf. ... 92
Sigurður Njálsson hf. ... 7
Sjúkraþjálfarinn sf. ... 96
Sól Studio ... 61
Sólhúsið sf. ... 61
Springdýnur ... 61
Stálfélagið hf. ... 7
Stálsveipur ... 21
Stansar & Plastmót ... 4
Stólpi hf. ... 6
Sultur sf. ... 47
Sæljómi hf. ... 27
Söluturninn Melabraut 57 sf. ... 23
Söluturninn Miðvangi 41 ... 23
Söluturninn Miðvangi 41 sf. ... 23
Söluturninn Sjónarhóll ... 47
Trefjar hf. ... 21, 64
Tæki og tækni sf. ... 61
Tölvuráðgjöf Sigurðar J. Grímssonar ... 21
Varmás sf. ... 33
Vela ... 96
Vélaval sf. ... 61
Vélsmiðjan Kári hf. ... 21, 75
Vélsmiðjan Klettur hf. ... 27
Véltækni hf. ... 26
Verslun Einars Þorgilssonar hf. ... 94
Verslunin fyrir þig sf. ... 61
Video Leó sf. ... 11
Vörumiðlun ... 4
Ýtutækni hf. ... 21
Zaxon sf. ... 53
Zener sf. ... 4
Þol sf. vélaverkstæði ... 11
Þú og ég ... 4
Þakpappaverksmiðjan hf. ... 51
Örn sf. ... 96

Kópavogur:

Álfhólsvegur 5 hf. ... 21, 51
Bergfell hf. ... 92
Bifreiðaverkstæðið Dvergur sf. ... 11, 96
Bifreiðaþjónustan Auðbrekku 23 sf. ... 53
Bílamálunin Geisli sf. ... 23
Blikksmiðja Einars sf. ... 61
Bókun sf. ... 21
Ból sf. ... 71
Bortækni sf. ... 53
Bræðraborg sf. ... 19
Búgarður ... 11
Dósagerðin hf. ... 53
Dyrasímaþjónustan ... 56
Freyja ... 96
Gófer sf. ... 82
Hafalda hf. ... 58
Hagrún sf. ... 71
Hártískan sf. ... 96
Hedd hf. ... 26
Heim sf. ... 82
Hlaðbær hf. ... 51, 94
Húsgagnaverslun Axels Eyjólfssonar hf. ... 53
Ison ... 11
Kjörbýli ... 47
Kjöt og Álegg ... 11
Kopía ljósmyndaþjónusta sf. ... 11
Kópurinn ... 82
Lakkskemman ... 96
Leikborg ... 11
Maranatha ... 79
Markland hf. ... 6, 95
Matstofan Rita ... 11
Móðurást ... 79
Móðurmálsskólinn sf. ... 96
Nordic sf. ... 56
Nuna ... 11
Ný Val sf. ... 53
Pallar hf. ... 26
Panelofnar hf. ... 94
Plastverk ... 96
Rafstýritækni ... 82
Rakarastofan Neðstutröð sf. ... 61
Reiðver ... 33
Rok sf. ... 65
Rörsteypan hf. ... 76
S. Magnússon hf. ... 101
Sandafl ... 11
Sjóvélar hf. ... 21
Skóskemman sf. ... 16
Skrúðgarðamiðstöðin sf. ... 47
Smiðjukaffi ... 11
Snakk & Videohornið sf. ... 82
Stálvélar ... 53
Steinvirki sf. ... 79
Söluskálinn Auðbrekka sf. ... 61
Tinna hf. ... 7, 50, 74
Trésmiðjan Viðir hf. ... 101

Trolli sf. 47
Tölvubúnaður sf. 61
Tölvumennt sf. 11
Umboð og sala sf. 56
Úrbót sf. 11
Vélaþjónustan Ás sf. 11
Vélvangur hf. 56
Verktakafyrirtækið Stoð 56
Verslunin Nano 37
Verslunin Rut 79
Vogin sf. 96
Vörumiðlun B. Jóhannesson 96
Þinghólsver hf. 50
Þorleifur Finnsson rafmagnstæknifræðingur 71
Ægingastöðin 23

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður:

Ásbræður sf. 25
Brimberg hf. 92
Eyrar hf. 92
Félagsbúið Refstaður 4
Fiskverkunarstöð Snorra og Andrésar 4
Gullsteinn hf. 92
Hrönn hf. 92
Snæfell sf. 25
Strengur sf. 71
Vélsmiðjan Stál sf. 25
Tangi hf. 76
Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf. 27

Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Eskifjörður:

Álfur sf. 24
Ásinn 97
Birkitré sf. 24
Bláfeldur sf. 51, 53
Byggingafélagið Brúnás hf. 58
Dallas sf. 81
Eljan hf. 101
Ferðamiðstöð Austurlands hf. 76
Flugfélag Austurlands hf. 51
Hannyrðaverslunin sf. 82
Heildverslun Héðins Kjartanssonar .. 4
Hljómur sf. 53
Hólmi hf. 50
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. 58
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf. 76
Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf. 106
Kennslutækni sf. 53
Lars og Sævar sf. 53
Plútó sf. 24
Pólarsíld hf. 27
Síldarvinnslan hf. 92, 106
Sláturfélag Suðurfjarða 82
Tinna 36
Töllvörugeymsla Austurlands hf. 26
Vélaverkstæði Eskifjarðar hf. 56
Véltækni hf. 27
Verslunin Agla 82

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:

Borgarverk hf. 51
Breiðverk hf. 7, 106
Glitnir 33
Hjólbarðaþjónustan sf. 37
Hótel Borgarnes hf. 58
Hvalur hf. 21, 27
Mist sf. 63
Neskjör hf. 2
Olíustöðin í Hvalfirði hf. 92
Rafstofan 86
Ræktunarfélag Borgarfjarðar sf. 71
Skóbúðin sf. 4
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf. 33
Tískuverslunin Júnó sf. 4, 18
Vélaþjónusta Einars Magnússonar ... 2
Vélbær hf. 50
Videóborg sf. 97
Þróttur hf. 101

Ólafsfjörður:

Anna hf. 7
Diana 2
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf. 27
Söluskálinn sf. 2
Videoleiga Ólafsfjarðar sf. 97

Rangárvallasýsla:

Félagsbúið Varmadal 78
Fjallafóður 63
Framtak hf. 76
Glerverksmiðjan Samverk hf. 101
Hagvirki hf. 92
Hekluhestar 97
Hellir-inn sf. 78, 97
Hraunvirki hf. 21
Loðdýrabúið Kálfholti sf. 25
Nýja þvottahúsið 53
Vallarþökur 63
Ýmir sf. 11

Siglufjörður:

Siglfirðingur hf. 53
Verslunin Elín sf. 2
Þormóður rammi hf. 27

Skaftafellssýsla:

Dekkja- og Smurþjónustan sf. 97
Fatahreinsun Hornafjarðar 4
Feldur hf. 83
Gullfaxi sf. 97
Heinaberg hf. 94
Jöklaferðir sf. 53
Katla hf. 27
Rafrás hf. 64
Smur- og dekkjaþjónusta Olís 97
Sólbrá 97
Videoleigan Títill 2
Vinnuvélar sf. 4
Þinganes hf. 106

Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur:

Bíla- og búvélaverkstæðið sf. 4
Bílaleiga SRA sf. 59
Blóma- og gjafabúðin 94
Dögun hf. 101
Fiskiðja Sauðárkróks hf. 83
Íslenskt Lindarvatn 33
Orðhákur 97
Stuðlaberg hf. 94
Vegamót sf. 4
Videobær 97
Vinnuvélar sf. 4

Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Ason sf. 96
Bifreiðastöð Stykkishólms hf. 2
Búðir hf. 30
Búrfell hf. 6
Eik hf. 6
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf. 94
Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf. 27
Hristingur sf. 53
Myndbandaleiga Hafsteins 96
Myndbandaleigan Rocky III 86
Pöntunarfélag Gufuskála 53
Rifsnes sf. 3
Rocky II 3
Skipasmíðastöðin Skipavík hf. 106
Sólborg sf. 97
Steypustöð Grundarfjarðar 53
Sæfang hf. 76
Sæfiskur sf. 110
Verslunin Garður 96
Verslunin Garður sf. 96
Videoleiga Stykkishólms 82
Videoleiga Önnu 86
Þórsnes hf. 92

Strandasýsla:

Höttur sf. 59
Sandblástursþjónusta Jóns H. Halldórssonar 71

Vestmannaeyjar:

Apex 97
Baldur hf. 27
Bergur hf. 30
Bifreiðaverkstæði Bjarna 25
Bifreiðaverkstæði Kristjáns og Bjarna 25
Bifreiðaverkstæði Muggs og Darra sf. 86
Bjössabar sf. 53
Eijó sf. 2
Félagsútgerð Sigurbjargar sf. 47
Geithals hf. 7
Hraðfrystihús Vestmannaeyja hf. 7
Hressingarskálinn 61
Ísfélag Vestmannaeyja hf. 83
Kjötvinnslan sf. 36
Klakkur hf. 58
Kostakjör 2
Magnúsarbakarí hf. 27
Mexikaninn 2
Músik og myndir sf. 53
Netagerðin Ingólfur hf. 21
Ninja snyrtistofa 65
Oddurinn sf. 79
Samtog sf. 92
Siguról 23
Skutlan 71
Snyrtistofa Kristínar Hrannar 4
Snyrtistofan Afrodita 97
Snyrtivöruverslunin Ninja 65
Stöðull hf. 106
Trillufiskur sf. 23
Turninn 42
Verslunin Búrið 97
Video-val sf. 56

Þingeyjarsýsla og Húsavík:

Askja hf. 74
Bifreiðastöð Húsavíkur hf. 64
Farkaup 18
Ferðaskrifstofa Norðurlands 53
G. Dan 78
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. .. 27
Hafliði Jónsson hf. 7
Hlað sf. 65
Hópferða- og sendibílaþjónustan 4
Hótel Húsavík hf. 6
Höfði hf. 76
Jökull hf. 6, 83
Kranaþjónustan sf. 97

Langanes hf. 92
Már sf. 97
Mýflug 53
Norðurborg hf. 7
Norðurlax hf. 21, 76
Regnbogaferðir 53
Samplast 97
Samtak sf. 53
Sniðill hf. 30
Sæblik hf. 58
Trésmiðjan Borg hf. 18
Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. 33, 106
Vargur sf. 97
Vélaverkstæðið Foss hf. 21
Verslunin Búrfell 97
Víkurblaðið sf. 2

Stjórnartíðindi B 58, nr. 523—528. Útgáfudagur 30. september 1985.